Lagafrumvarp fellt.

Lækkun byggingarkostnaðar.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði [52. mál] (þmfrv., A. 54).

Á 9. og 10. fundi í Nd., 24. og 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 54, flyt ég ásamt hv. 4. þm. Reykn. (JSk). Efni frv. er það, að lagt er til, að ríkissjóður greiði árlega nokkurt fé til byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, er nota skal í því skyni að leitast við að finna leiðir til lækkunar á byggingarkostnaði.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur að undanförnu starfað hér erlendur sérfræðingur á vegum byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans. Hefur hann ásamt ýmsum innlendum sérfræðingum unnið að því að leggja grundvöll að rannsóknum til lækkunar á byggingarkostnaði, og hafa niðurstöður athugananna fram til þessa verið birtar á prenti í ritinu „Lækkun húsnæðiskostnaðar", sem útbýtt hefur verið hér í hv. Nd.

Í riti þessu er að finna margar athyglisverðar staðreyndir, sem mönnum hafa að vísu ekki verið alveg ókunnar áður, en fást hér, að ég hygg, óumdeilanlega staðfestar í fyrsta sinn, og sýna, að við Íslendingar erum í byggingarlegu tilliti allmiklu verr á vegi staddir en ýmsar af nágrannaþjóðum okkar, sem meiri rækt hafa lagt við þessa hlið mála en við. T. d. segir í riti þessu, að við Íslendingar verjum u. þ. b. 12% af þjóðarframleiðslu okkar til íbúðabygginga, og er það rúmlega helmingi meira en flestar aðrar þjóðir gera. Þrátt fyrir þetta fáum við færri íbúðir fyrir hverja þúsund íbúa heldur en t. d. Vestur-Þjóðverjar, sem verja þó nálega helmingi minni hluta af þjóðarframleiðslu sinni í þessu skyni. Enn fremur sýnir ritið, að íbúðir eru hér miklu dýrari en gerist hjá nágrannaþjóðum okkar, og mun meðalíbúð hér á landi kosta fimmföld meðalárslaun, en annars staðar á Norðurlöndum þarf aðeins þreföld meðalárslaun til að eignast íbúð.

Ýmsar fleiri athyglisverðar staðreyndir hefur fyrrgreint rit að geyma, en ekki skal það frekar rakið hér. Vísast hér um til grg. og fyrrgreinds rits.

M. a. með hliðsjón af framansögðu teljum við flm. þessa frv., að ekki megi dragast lengur að gera ákveðnar ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði. Að vísu skal það viðurkennt, að verulegur hluti hins háa byggingarkostnaðar hér á landi stafar af háum vaxtakostnaði, óhagstæðum lánum, skorti á fjármagni, háum opinberum gjöldum og ýmislegu þess háttar. En þó verður ekki komizt hjá að álíta, að mjög megi bæta ástand þessara mála með bættu skipulagi íbúða og bættum verkfræðilegum atriðum og kynningar- og fræðslustarfsemi, því að staðreynd mun vera, að nýting íbúða er hér stórum lakari en annars staðar gerist. Er því nauðsynlegt að notfæra sér betri tækni í miklu ríkara mæli en nú er gert og auka verkfræðilegan undirbúning og koma á þann hátt fram lagfæringum. Til þess að svo megi verða, er óhjákvæmilegt, að til sé í landinu einhver sá aðili, sem húsbyggjendur geta leitað til um aðstoð og úrskurð ýmissa tæknilegra vandamála, sem að höndum ber.

Meðan slík stofnun er ekki til, er hætt við, að hér verði um kyrrstöðu í byggingariðnaði að ræða og að ýmsar nýjungar verði ekki teknar upp hér, sem til úrbóta gætu leitt, því að þess er tæpast að vænta, að einstakir húsbyggjendur séu fúsir til að kosta tilraunir með nýjar byggingaraðferðir í húsum sínum, ef hvergi er hægt að fá nokkra ábyrga umsögn um það, hvaða líkur séu til, að þær reynist til bóta. Svo hefur líka reyndin orðið hér, að allt of mikillar deyfðar hefur gætt að þessu leyti.

Ekki þarf að efa, að verkefnin eru næg, því að hartnær óteljandi eru þau tæknilegu og verkfræðilegu atriði, sem upp geta komið við bygginguna, þótt ekki sé nema eins einasta íbúðarhúss. Má þar t. d. nefna hagkvæma uppdrætti, úrskurði um notagildi ýmislegra einangrunarefna, blöndun steinsteypu og rannsókn á nothæfni sands og malar í því sambandi, járnbindingu á steinsteypu og styrkleika, m. a. með hliðsjón af jarðskjálftahættu, svo að fátt eitt sé talið.

Um nauðsyn þess, að til sé slík stofnun, verður tæpast deilt, enda hefur hið háa Alþingi þegar sýnt skilning sinn á því, m. a. með samþykkt laga um húsnæðismálastofnun o. fl., en í 2. gr. þeirra laga er ákveðið, að húsnæðismálastofnun ríkisins skuli vinna að umbótum í byggingarmálum og

lækkun á byggingarkostnaði, og eru talin upp margvísleg atriði, sem til greina geti komið í því sambandi, svo sem að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu á nýjungum í byggingariðnaði. Ekki hefur þó verið talin ástæða til þess fyrir þá stofnun að byggja sérstakar rannsóknarstofur í þessu skyni, enda má segja, að kjarni að slíkri starfsemi sé til í landinu, þar sem eru byggingarefnarannsóknir iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, sem þegar hafa byrjað nokkurn undirbúning í framangreinda átt, eins og útgáfa fyrrgreinds bæklings um lækkun húsnæðiskostnaðar raunar ber ljósastan vottinn.

Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur líka réttilega komizt að þeirri niðurstöðu, að óskynsamlegt og óhagkvæmt sé að dreifa kröftunum, sem að þessu starfa, og hefur hún sýnt þann skilning í verki með því að ákveða að veita 200 þús. kr. á ári til rannsókna hjá atvinnudeildinni. Ber vissulega að þakka þennan stuðning. En því miður er þetta fjármagn afar langt frá því að duga til þess að vinna málinu nokkurt verulegt gagn, og er alveg óhjákvæmilegt að bæta þar duglega við, ef nokkur von á að verða um árangur.

Þegar þess er gætt, hversu gífurlegu fjármagni er varið árlega til húsbygginga hér á landi og hversu möguleikarnir eru stórkostlegir til þess að spara þjóðarbúinu verulegar fjárhæðir á þessu sviði, er augljóst, að þjóðin hefur hreinlega ekki efni á að skera fjárveitingu til þessara rannsókna svo við nögl, að nánast sé útilokað, að nokkur árangur náist. Þegar enn fremur er hugleitt, að hver sérfræðingur, sem að slíkum málum starfar, mun kosta með öllu og öllu: launum, húsnæði og aðstoð — um 300 þús. kr. á ári, sést bezt, hversu sorglega skammt þessar 200 þús. kr. hrökkva.

Flutningsmönnum þessa frv. er líka fullljóst, að jafnvel okkar till., sem þó gerir ráð fyrir allmikilli viðbót, verður ekki heldur alls staðar skoðuð sérstaklega rausnarleg og að ýmsir eru þeir aðilar í landinu, sem telja, að ekki veitti af því, að upphæðin væri a. m. k. helmingi hærri, og hafa þeir óneitanlega mikið til síns máls. Við höfum þó að athuguðu máli komizt að þeirri niðurstöðu, að með þeim fjárhæðum, sem þegar eru fyrir hendi, og að þessu viðbættu væri hægt að koma á fót allmyndarlegum vísi að rannsóknarstofnun í þágu byggingariðnaðarins, og vonum, að mjór geti orðið mikils vísir, þegar fram í sækir og starfsemin hefur sannað nytsemi sína áþreifanlega.

Ég vona og tel raunar alveg víst, að frv. þetta fái góðar móttökur hér á hv. Alþingi, a. m. k. ætti að vera óhætt að gera ráð fyrir velvilja til þeirra rannsóknarstarfa, sem hér er ætlunin að styrkja og efla. Nægir þar raunar að vísa til áðurgreindra ákvæða laga um húsnæðismálastofnun o. fl., er ég vék að áðan, en því til viðbótar mætti vísa til ritstjórnargreinar eins af stjórnarblöðunum frá 20. sept. s. l., en þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Byggingarsérfræðingur á vegum tæknihjálpar Sameinuðu þjóðanna hefur dvalizt hér að undanförnu, og hefur hann þegar bent á margt, sem betur mætti fara í byggingarmálum. Allmiklu fjármagni verður að veita til rannsókna á nýjum byggingaraðferðum, enda ætti það að geta skilað sér margfalt aftur til þjóðarbúsins.“

Undir þessi orð viljum við taka með flutningi þessa frv., í fullu trausti um stuðning allra þeirra, sem áður hafa lýst sig málinu svo fýsandi, sem nefnd lagasetning og hin tilvitnuðu ummæli bera vott um. Sé því gengið út frá öruggum velvilja til efnishliðar málsins, eins og gildar ástæður virðast til, er aðeins eftir að velja leiðina til fjáröflunar, en það skal fúslega viðurkennt, að fleira gæti þar til greina komið en aðferð sú, sem hér er bent á.

Víða erlendis tíðkast sú fjáröflunarleið í þessu skyni að leggja gjald á innflutning byggingarvara. Þessi leið getur ekki talizt æskileg hér á landi, þar sem byggingarvörur eru nú þegar skattlagðar mjög hátt, og mundi þetta álag færast að öllu leyti á byggjandann. Það er skoðun okkar hv. 4. þm. Reykn., að erfiðleikar þeirra, sem brotizt hafa í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið, séu nú á síðustu tímum alveg nægilega miklir, þótt þeir séu ekki auknir með nýjum álögum, hversu smávægilegar sem þær kunna að vera, til viðbótar við allar þær stórkostlegu hækkanir, sem þeim hafa verið á herðar lagðar nú að undanförnu bæði í einu og öðru formi. Þess vegna kemur þessi leið alls ekki til greina að okkar dómi.

Fleiri leiðir mætti hugsa sér í þessu skyni, en við nánari athugun kemur þó í ljós sameiginlegur ágalli þeirra flestra, að þær leiða til aukinna útgjalda þeirra, sem í byggingarframkvæmdunum standa. Því höfum við valið þá leið að leggja þá skyldu á ríkissjóð að greiða til byggingarrannsókna upphæð, er jafngildi 1% af þeim fjárhæðum, sem byggingarsjóður lánar til íbúðabygginga á vegum húsnæðismálastofnunar ríkisins eða á annan hátt. Það verður þá einnig að telja, að með því fyrirkomulagi sé hvors tveggja gætt, annars vegar að leggja byrðarnar á þann aðilann, sem breiðast hefur bakið til að bera þær, og hins vegar, að sá aðilinn greiði kostnaðinn, sem í raun og veru hefur hér mestra hagsmuna að gæta, því að augljós þjóðarnauðsyn hlýtur það að vera að lækka byggingarkostnaðinn í landinu. Með því er unnt að lækka þann hluta þjóðarteknanna, sem að undanförnu hefur þurft að verja til húsbygginga, en flestir eru nú sammála um, að sá hluti sé óeðlilega hár og þurfi nauðsynlega að lækka.

Þess vil ég geta í þessu sambandi, að enda þótt hér hafi aðallega verið rætt um íbúðarhúsabyggingar og fjáröflunin sé miðuð við lánafjárhæðir til þeirra, er vitanlega alveg ótvírætt, að allar tegundir bygginga koma til með að njóta góðs af þeim rannsóknum, sem hér er um að ræða, og er það auðvitað til þess fallið að auka þýðingu þeirra enn að miklum mun og gera framkvæmd málsins enn nauðsynlegri. Um það, hve mikið fé það muni vera, sem samkv. fjáröflunarleið þessari komi til ráðstöfunar, er vitanlega erfitt að spá. Það fer eftir því, hve miklu verður ráðstafað til lána til íbúðabygginga, hve rausnarlega verður að þessum miklu hagsmunamálum almennings í landinu búið. Ætla verður, að þær fjárútvegan-

ir verði látnar miðast við það, hve mikið er af húsum og íbúðum í smíðum, og þannig ætti að fást trygging fyrir því, að rannsóknir í þágu bygginga verði þá mestar, þegar þeirra er mest þörf, þ. e. þegar flestar íbúðir eru í byggingu, og sýnist það vera rétt þróun. Síðan lög um byggingarsjóð kaupstaða og kauptúna frá 1957 voru sett, hafa lán verið veitt úr sjóðnum sem hér segir, þ. e. lán greidd af veðdeild Landsbankans: Árið 1957 45 millj. 670 þús., árið 1958 48 millj. 769 þús., árið 1959 34 millj. 490 þús., árið 1960, þ. e. það sem af er þessu ári, um 43 millj. kr.

Af þessu sést, hvert fjármagn hefði fallið til byggingarrannsóknanna, miðað við, að regla þessa frv. hefði gilt. Það hefði þá orðið 1957 456 þús., 1958 487 þús., 1959 345 þús., 1960 430 þús. Ef þessar fjárhæðir hefðu á undanförnum árum verið notaðar til rannsókna, mundi ýmislegt óefað vera með öðrum hætti í byggingarmálum okkar en nú er.

Ekki kemur annað til mála en óhjákvæmilegt verði að veita nú alveg á næstunni miklu meira fé en gert hefur verið að undanförnu til byggingarlána. Veldur því ástand það, sem nú ríkir í þessum málum og að miklu leyti stafar af gífurlegri hækkun byggingarkostnaðar að undanförnu og öðrum auknum útgjöldum, sem á húsbyggjendur hafa lagzt. Við flm. frv. þessa álítum, að þessum örlitla hluta af framlagi og fjárútvegun ríkisins verði ekki betur varið með öðru móti en að leggja kapp á rannsóknarstörfin. Þau munu áreiðanlega launa margfaldlega það fé, sem þeim verður trúað fyrir.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 51., 52., 54., 55. og 56. fundi í Nd., 27. og 30. jan., 2., 3. og 6. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 7. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 54, n. 286 og 300).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n., Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Guðlaugur Gíslason, leggur til, að frv. verði felllt, en minni hl., Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, gefur út nál. á þskj. 300 og leggur til, að frv. verði samþ. Ég skal þá, auk þess sem tekið er fram í nál., gera hér nokkuð frekari grein fyrir því, að rétt þyki að leggja til, að frv. það, sem hér um ræðir, verði felllt.

Frv. þetta er aðeins í tveimur greinum og fyrri greinin einungis tvær mgr., sem hvor fyrir sig kveður svo á um tvö mismunandi atriði.

Fyrri málsgreinin kveður svo á um, að ríkissjóður skuli árlega greiða til byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar Háskóla Íslands fjárhæð, er jafngildir 1% af þeim fjárhæðum, sem byggingarsjóður lánar til íbúðabygginga á vegum húsnæðismálastofnunar ríkisins eða á annan hátt. Þessi ákvæði óbreytt eru því ekkert annað en viðmiðun, er fjárveitingavaldinu ber samkvæmt frv., ef að lögum verður, að fara eftir, þegar fjárveiting til þessara mála er tekin upp á fjárlög á hverju ári. Um annað eða meira ákveður ekki þessi grein og segir ekkert frekar um það atriði, og verður ekki skilið á greininni, að hér sé um að ræða viðbótarframlag úr ríkissjóði frá því, sem nú er lagt til þessara mála úr ríkissjóði. Þessi viðmiðun gæti því orðið hvort tveggja lægri upphæð eða hærri upphæð, eftir því sem lánað er á hverjum tíma. Miklu fremur má telja víst, að eftir að ákveðið hefur verið með lögum, við hvað skuli miða framlag ríkissjóðs til þessara mála, verði ekki auðvelt að fá frekari framlög tekin upp í fjárlög, jafnvel þó að tekjustofninn rýrnaði allverulega, sem vel gæti komið fyrir, eins og skal sýnt hér fram á síðar. Hitt er augljóst, að það getur ekki verið æskilegt, hvorki fyrir greiðanda né viðtakanda, að vita ekkert um það frá ári til árs, hvaða upphæð er um að ræða, sem leggja skal fram til þessara mála. Mundi það ekki einasta skapa að einhverju leyti erfiðleika um afgreiðslu fjárlaga þau ár, sem miklar fjárhæðir væru lánaðar úr byggingarsjóðnum, heldur og valda miklum erfiðleikum fyrir iðnaðardeildina þau árin, sem lánsfjárupphæðirnar lækkuðu verulega, og gætu vissulega kollvarpað fyrir fram gerðum áætlunum um framkvæmdir. Það viðhorf gæti og vel skapazt, að ríkisstj. hefði minni áhuga á því að afla fjár til byggingarsjóðsins, þegar vitað er, að aukin lán skapa ríkissjóði aukna útgjaldabyrði.

Meiri hl. n. lítur því svo á, að viðmiðun sú, sem ætlazt er til að lögfest verði, skapi báðum aðilum óvissu, sem kynni að valda og mundi valda margvíslegum erfiðleikum.

Í þessu sambandi þykir rétt að gera nokkurn samanburð á þeim upphæðum, sem nú er varið til þessara mála úr ríkissjóði, og því fé, sem deildin hefði fengið undanfarin 6 ár, ef viðmiðun sú, sem ákveðin er í frv., hefði verið í lögum á þessu tímabili.

Samkvæmt áætlun um rannsóknir til endurbóta á byggingarháttum og lækkun á byggingarkostnaði, bls. 10, eru tryggð framlög talin til byggingarefnarannsókna 700 þús. kr. Af þessu greiðir ríkið og ríkisstofnanir 600 þús., en einstaklingarnir 100 þús. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að það er misritun í nál. frá meiri hlutanum á þingskjali 286, þar sem sagt er, að ríkisstofnanir greiði 700 þús. kr. í ár til þessara mála, og leiðréttist þetta hér með. Sú upphæð skiptist þannig, eins og ég hef tekið fram, að 600 þús. kr. af því er greitt af því opinbera, en áætlað, að 100 þús. kr. komi frá einkaaðilum, — og bið ég velvirðingar á þeim mistökum, sem hafa orðið í sambandi við þetta atriði. Af þessu greiðir ríkið og ríkisstofnanir, eins og ég sagði áðan, 600 þús. kr. og einstaklingar 100 þús. Ef framlag ríkissjóðs hefði átt í ár að miða við ákvæði frv., hefði það átt að vera 718 þús. kr., eða 118 þús. kr. hærra en það er nú. Hins vegar hefði framlagið verið miklu lægra öll önnur ár og það svo, að meðalframlag hefði að-

eins orðið tæpar 600 þús. kr. á ári og aðeins 340 þús. kr. árið 1959. Sýnir þetta bezt, hversu miklum sveiflum framlagið er háð, ef það á að miðast við upphæðir, svo sem ákveðið er í frv. Ég held, að það séu nægileg rök fyrir því, að það á ekki að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir óbreytt.

Þegar þetta er athugað, sýnist nær, að ekki einasta hv. deild geti fallizt á, að ekki sé rétt að lögfesta þessa málsgrein óbreytta, heldur að hv. flm. ættu einnig að leggja til, að frv. yrði ekki samþykkt óbreytt, þar sem engin trygging fengist fyrir því, að árlegt framlag mundi verulega hækka með því að samþykkja greinina óbreytta, en svo hefur þó væntanlega verið tilgangur hv. flm. með flutningi frv.

2. málsgr. 1. gr. kveður hins vegar svo á, að fé þetta skuli notað í því skyni að leitast við að finna leiðir til lækkunar á byggingarkostnaði.

Ekkert annað er í þessu frv. en þetta tvennt: annars vegar viðmiðunin um, hvað skuli greitt árlega til þessara mála, og hins vegar fyrirskipun um, að það skuli leitast við að finna leiðir til lækkunar á byggingarkostnaði fyrir það fé, sem hér er lagt til að veitt verði. Nú er það vitanlegt, að það eru til ýmsar aðrar leiðir til þess að lækka byggingarkostnað en byggingarefnarannsóknir, sem tvímælalaust kæmu til að verka fljótar og betur en vísindalegar tilraunir, sem ávallt gefa mismunandi árangur, margar hverjar mjög góðan árangur, aðrar mjög lítinn eða engan og kosta þó ef til vill margfalt meira fé. Er það öllum kunnugt, sem eitthvað þekkja til þeirra mála, enda væri engin þörf á að eyða miklu fé til tilraunarannsókna, á hvaða sviði sem væri, ef menn væru fyrir fram hárvissir um árangurinn.

Samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. væri ekki heimilt að nota fé til annars en til byggingarefnarannsókna til lækkunar á byggingarkostnaði. En samkvæmt 2. gr. væri skylt að nota féð í því skyni að leitast við að finna leiðir til lækkunar á byggingarkostnaði almennt, hvort sem um væri að ræða byggingarefnarannsóknir eða eitthvað allt annað, sem geti lækkað kostnað við bygginguna. Er sýnilegt, að þetta ósamræmi yrði að laga, ef gera á frv. að lögum.

Í áætlun rannsóknaráðs, sem ég minntist á hér áðan, er talað um, að tekjuþörfin til byggingarefnarannsókna sé nú í ár 1.3 millj. kr., eða 600 þús. kr. meira en það fé, sem fram er lagt samkvæmt fjárlögum og frá einstaklingum, en eftir fimm ár verði tekjuþörfin orðin 3.3 millj. kr. til þessara mála. Ekkert er um það sagt, hvort hér sé um hámarksþörf að ræða. En sé það svo, að þessi starfsemi ein þurfi á næstu fimm árum þær upphæðir, sem fram eru settar í áætluninni, til þess að koma að verulegu gagni, þarf nauðsynlega að hugsa henni fyrir allt öðrum og tryggari tekjustofni en gert er ráð fyrir í frv., sem hér er til umræðu, því að þar er, eins og ég hef sagt, aðeins gert ráð fyrir, að heildartekjurnar með sömu útlánaupphæðum og nú eru mundu verða um 700 þús. kr., enda er beinlínis lögð áherzla á það í áætluninni og bent þar á allt aðrar leiðir til fjáröflunar. Þegar málinu hefur verið komið á þetta stig, en það er áætlað að verði árið 1965, þá er talið nauðsynlegt, að við þetta verkefni eitt starfi 11 sérfræðingar og 9 skrifstofumenn sem lágmark, eftir því sem kemur fram í áætlun rannsóknaráðs. Sé það ætlun hv. flm. þessa frv., að samþykkt þess verði spor í áttina til að koma hér upp slíku embættisbákni fyrir þessa grein eina, þá skilst mér, að það þurfi einnig nánari athugunar við.

Í skýrslum þeim, sem rannsóknaráð sendi nefndinni, kemur fram, að spara mætti allt að 20% í byggingarkostnaði, ef nægilegt fé yrði veitt árlega til byggingarefnarannsókna. Skilst mér, að hv. minni hluti byggi einnig á þessari áætlun, telji, eftir því sem fram kemur í nál., að hún sé allraunhæf. Í þessu sambandi er þó bent á, að væntanlega megi steypa loft sér, lyfta þeim síðan upp, einnig mætti steypa sér veggi og þil liggjandi, reisa þau síðan lóðrétt og koma þeim þannig fyrir á rétta staði. Þá mætti einnig spara mjög í þykkt steypu með því að nota rétt byggingarefni. Þetta eru þær hugmyndir, sem rannsóknaráð veltir fyrir sér, og á þeim er byggður þessi útreikningur, að spara megi um 20%. Einangrun megi bæta og einkum megi bæta svo alla gerð húsa, að viðhald yrði margfalt minna. Þá megi og skipa á annan og betri hátt öllu rými í húsunum og auka stórkostlega notagildi þeirra þannig. Á þessum umbótum öllum og ýmsum öðrum er útreikningurinn um 20% lækkun byggingarkostnaðarins gerður. Að vísu fylgir sá böggull skammrifi, að nauðsynlegt er talið að byggja eitt eða fleiri tilraunahús til sönnunar eða afsönnunar þessum áætlunum, eins og almennt gerist í tilraunastarfsemi yfirleitt.

Ég ætla mér ekki þá dul að gagnrýna á einn eða annan hátt þá tæknilegu útreikninga, sem hér eru gerðir af sérfræðingum, og áætlunina, sem byggt er á, en ég fullyrði, að hér hefur láðst að taka með í þann reikning mannlegt eðli, sem verður ekki einfaldlega útilokað, hversu mikil vinna sem lögð er í það af stofnunum að sýna fram á eða sanna gildi tilraunanna. Það má því áreiðanlega gera ráð fyrir því, að áætlunin um sparnað í byggingum og tæknilegri þróun fái ekki staðizt. Til sönnunar þessum ummælum þykir mér rétt að benda á, að á undanförnum árum hefur orðið allvíðtæk tækniþróun hér á landi í byggingariðnaði og það svo, að það er iðnaðarstéttinni og verkfræðingum til mikils sóma. En hefur sú þróun öll orðið til þess að lækka byggingarkostnaðinn? Það verða — hygg ég — fáir, sem treysta sér til þess að halda því fram, og þó er margt af því þess eðlis, að það hefði átt að koma þeim, sem byggðu, í vil og þeim mönnum, sem stóðu að því að koma upp yfir sig húsaskjóli og oft af mjög veikri fjárhagslegri getu. Skal hér aðeins bent á tvö dæmi máli mínu til stuðnings.

Þegar tekin var upp sú aðferð hér að mála hús með rúllum í stað bursta og enn fremur að nota plastmálningu í stað olíumálningar, komust menn að raun um, að þessi aðferð var bæði margfalt fljótlegri og margfalt ódýrari. En ætti að kaupa þetta verk af faglærðum málurum, mun ágóðinn ekki hafa runnið í vasa verkkaupanda. Þá var mældur upp flöturinn, sem málaður hafði verið, og reiknað á mælistokk, hvað fyrir það skyldi greitt, og það alveg eins, þótt tækniumbæturnar

færðu verksala margfaldan gróða. Og yfirleitt hefur það sama átt sér stað í sambandi við skriðmót og aðra steinsteypu- og múraravinnu. Er þá notaður reiknistokkur til að tryggja verksala allan ágóða af tækniumbótunum í iðnaðinum og það svo gegndarlaust, að verkkaupandi kemur hér engri vörn við. Teldi ég, að ef ætti að tryggja það, að ríkissjóður legði fram árlega svo og svo mikla upphæð til tæknirannsókna eða tilrauna, þá þyrfti einnig að setja í þetta frv. skýr ákvæði um, að það kæmi ekki aðeins verksala til góða og í hans vasa, heldur einnig verkkaupanda, en um það er ekkert orð í þessu frv.

Hér þykir og rétt að benda á, að svo lengi sem byggingarleyfi og lóðaúthlutun hefur verið í höftum, hafa þeir menn, sem komizt hafa yfir þau hnoss, fengið drjúgan gróða af því að hálfbyggja hús og framselja þau síðan til annarra, sem óskuðu að geta sjálfir ráðið yfir verkinu frá upphafi, en var meinað það af framangreindum ástæðum. Er talið, að slíku álagi á meðalíbúð hafi verið stillt í hóf, þó að það hafi farið yfir 100 þús. kr. á hverja íbúð. Ég geri ráð fyrir, að eins og frv. er nú óbreytt, gefi það enga vörn þessum mönnum í því atriði, sem ég hef hér minnzt á, og veit ég þó, að þessi atriði mundu tvímælalaust verka fyrr og betur, ef hægt væri að ráða bót þar á, heldur en þótt væri aukið um helming fé til byggingarefnatilrauna, og vil ég þó ekkert segja á móti slíkum ágætisrannsóknum.

Þá eru þau dæmi ekki heldur óþekkt, að menn hafi orðið að sæta okurkjörum á lánum til bygginga og það svo, að sá kostnaður mun oft hafa numið allt að þeirri upphæð, sem vonazt er til að sparist við byggingarefnarannsóknirnar.

Þá er það vitað, að menn, sem hafa haft gnægð fjár og listrænan hugsunarhátt, hafa lagt mikið fé í það að gera hús sín sérkennileg og skrautleg ásýndum. Hefur þá verið meira hugsað um þá hlið málsins en þá hagnýtu, svo sem oft kemur fram í skýrslum rannsóknaráðs. Ég geri mér ekki miklar vonir um það, að iðnaðardeildinni takist allt í einu að breyta þeim hugsunarhætti, einkum þegar hið opinbera ýtir undir það að viðhalda honum með því að verðlauna þá, sem lengst ganga inn á þá braut að byggja sérstæð hús og í langmestu ósamræmi við íslenzka náttúru, íslenzka veðráttu og íslenzka staðhætti, eins og dæmi eru til, m. a. hér í þessari ágætu borg. Máltækið segir, að ekki þurfi nema einn gikk í hverri veiðistöð, og margir vilja keppa í fótspor þeirra, sem verðlaun hafa fengið fyrir það, en kostað þó allmiklar fórnir, bæði fyrir mennina sjálfa og fyrir þjóðfélagið.

Ég hef látið þessi ummæli falla til þess að sýna fram á, að í áætlun rannsóknaráðs er sannarlega ekki gert ráð fyrir öllum afföllum. Það gengur enginn þess dulinn, að byggingarkostnaður á Íslandi er nú og hefur lengi verið svo hár, að maður undrast yfir því, að menn fái almennt undir honum risið. Sá sparnaður, sem fengist við byggingarefnarannsóknir einar, er aðeins lítið brot af því, sem til þess þarf að koma þessum málum í viðunandi horf. Önnur atriði eru þar miklu áhrifameiri og nærtækari, ef menn vilja raunhæfar og skjótar umbætur. En það er allt svo miklu víðtækara mál en svo, að unnt sé að fella inn í það frv., sem hér liggur fyrir. Þeir hv. alþm., sem greiða atkv. með samþykkt frv., telja sjálfsagt, að það verði öruggasta leiðin til lækkunar á byggingarkostnaði að stuðla að því að koma upp 20 manna skrifstofubákni til að vinna að byggingarefnarannsóknum með allt að hálfrar fjórðu millj. kr. útgjöldum á ári frá ríkissjóði. Hinir, sem eru þeirrar skoðunar, að leita beri eftir öðrum úrræðum í þessu vandamáli, greiða atkv. gegn því. Meiri hl. væntir þess, að hv. deild fallist á till. hans og þau rök, sem hann færir hér fram fyrir máli sínu, og greiði atkv. gegn frv. á þessu stigi. Ég skal hins vegar taka það fram, að málið er svo alvarlegt, að það þarf að rannsaka það miklu nánar, enda er málið nú meðal annars í rannsókn hjá húsnæðismálastjórn, eins og kemur fram í hennar umsögn.

Ég legg svo til fyrir hönd meiri hlutans, að málið verði fellt.

Frsm. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Frv. þetta, sem við hv. 7. þm. Reykv. (EÁ) flytjum um fjáröflun til rannsókna og tilraunastarfsemi, er leiði til lækkunar á byggingarkostnaði, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður skal árlega greiða til byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans fjárhæð, er jafngildi 1% af þeim fjárhæðum, sem byggingarsjóður lánar til íbúðabygginga á vegum húsnæðismálastofnunar ríkisins eða á annan hátt. Fé þetta skal nota í því skyni að leitast við að finna leiðir til lækkunar á byggingarkostnaði."

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar, sem fjallað hefur um mál þetta, hefur klofnað í afstöðu sinni til málsins. Leggur meiri hl. til í áliti á þskj. 286, að frv. verði fellt, en minni hl., við hv. 4. landsk. þm. (HV), leggjum til í okkar nál. á þskj. 300, að frv. verði samþykkt.

Eins og kunnugt er, er byggingarkostnaður hér á landi langtum hærri en almennt gerist á meðal nálægra menningarþjóða. Til þess liggja að sjálfsögðu margar ástæður, en ekki hvað sízt mun hér um valda sú staðreynd, að byggingarannsóknir og tilraunir eru svo til óþekktar hér á landi. Kunnugir menn í þessum málum telja, að með því að efla slíka starfsemi í landinu og kynna jafnframt almenningi niðurstöður þeirra megi með því einu lækka byggingarkostnaðinn mjög verulega. Nefna sumir í þessu sambandi allt að því 20%, og er hér ekki um litla fjárhæð að ræða, ef tillit er tekið til þess, að hér mun fest í húsbyggingum fé árlega, sem nemur a. m. k. 1 milljarð króna.

Í grg. með frv. þessu höfum við flm. borið saman þróunina í byggingarkostnaði hér á landi og þróun þá, sem orðið hefur á meðal Vestur-Þjóðverja og Svía. Ég fer ekki út í það nú í þessari ræðu minni að rekja þær niðurstöður, en vísa um þær til grg., er fylgir frv., en ég staðhæfi, að þær niðurstöður eru okkur Íslendingum mjög óhagkvæmar. Úr þessu þarf að bæta, og er tilgangurinn með flutningi þessa frv. sá, að hér sé um einn lið að ræða í víðtækari ráðstöfunum, er miði að því að lækka byggingarkostnað hér á landi, eins og mjög víða annars staðar

hefur verið gert, og þá ekki síst vegna þess, að öflug rannsóknar- og tilraunastarfsemi hefur verið rekin í viðkomandi löndum, sem síðar hefur gert almenningi mögulegt að færa sér í nyt þær vísindalegu niðurstöður, er slík starfsemi hefur leitt til.

Ef frv. fengist samþykkt, mundi það þýða, að til byggingarrannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans yrði ríkissjóður að greiða árlega auk þess fjár, sem veitt er í fjárlögum, um 1% álag á það fé, sem hið opinbera lánar til húsabygginga árlega á vegum húsnæðismálastofnunarinnar eða á annan hátt. Hér yrði að vísu ekki um háa fjárhæð að ræða á hverju ári, miðað við þau útlán, sem verið hafa á undanförnum árum úr byggingarsjóðnum, en ég fullyrði þó, að tekjur þessar mundu leysa mjög verulega vandann hjá byggingarefnarannsóknum háskólans.

Af umsögnum þeirra aðila, sem frv. þetta fengu til umsagnar, er ljóst, að þeir telja allir eðlilegast, að einn og sami aðilinn fari með og hafi yfirstjórn þessarar rannsóknarstarfsemi. Sömuleiðis telja allir umsagnaraðilarnir eðlilegast, að byggingarefnarannsóknir iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans gegni þessu hlutverki, eins og við leggjum líka til í okkar frv. Um hitt er hins vegar ágreiningur hjá umsagnaraðilum og einnig ágreiningur um það í hv. heilbr.- og félmn. þessarar deildar, hvort rétt sé að leggja þessi útgjöld eingöngu á ríkissjóð, en skipta þeim ekki t. d. á milli byggjenda annars vegar og ríkissjóðs hins vegar. Um þetta má að sjálfsögðu deila og færa rök fyrir hvoru sjónarmiðinu sem er, með og móti. Við í minni hl. teljum hins vegar, að sanngjarnt og eðlilegt sé að leggja útgjöld þessi á ríkissjóð, m. a. vegna þess, að byggingarkostnaður mun nú hér á landi vera um a. m. k. 20—25% hærri en hann ella væri vegna beinna álaga hins opinbera á byggingarefni og byggingarvinnu. Auk þessa eru augljósir þeir margvíslegu hagsmunir þjóðfélagsins og hagsmunir ríkissjóðs af því, að takast megi að lækka húsnæðiskostnaðinn hér á landi, og tel ég óþarft að fara að rökstyðja það nokkru nánar, það ætti að liggja svo ljóslega í augum uppi fyrir hverjum sem er.

Því er hreyft í áliti meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. á þskj. 286, að eðlilegt sé að fella frv. þetta, þar sem nú liggja fyrir hjá hæstv. ríkisstjórn till. meiri hl. atvinnumálanefndar ríkisins um tekjuöflun til rannsóknastarfsemi í landinu almennt. Ég get ekki tekið undir þessi rök. Bæði er allsendis óvíst um undirtektir hæstv. ríkisstj. undir þær till. um tekjuöflun til rannsókna, sem meiri hluti atvinnumálanefndar ríkisins hefur samþykkt og sent ríkisstjórninni, og þó að till. atvmn. yrðu ef til vill einhvern tíma að lögum, verður vafalaust við þá lagasetningu tekið tillit til þeirra tekjustofna, sem til eru í landinu og miða að því að tryggja rannsóknarstarfseminni tekjur. Ég get því ekki talið, að þessi rök út af fyrir sig segi mikið.

Hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) flutti hér áðan mjög svo einkennilega ræðu, að ekki sé meira sagt. Grunntónninn í hans ræðu bar greinilega vott um litla trú á gagnsemi rannsókna og tilrauna til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Hann um það, hvaða trú hann hefur á því. En ég er hér á annarri skoðun.

Það eru nokkur atriði, sem komu fram í ræðu hv. þm., sem ég tel að rétt sé að svara með nokkrum orðum, þó að ég skuli ekki lengja mjög fundinn með því.

Hv. þm. vildi halda því fram, að þar sem ekki væri beint fram tekið um það í frv., hvort hér væri um viðbótarframlag að ræða við þær tekjur, sem rannsóknarstarfseminni eru tryggðar á fjárlögum frá ári til árs, þá gæti þetta jafnvel þýtt lækkun á fjárframlögum til rannsóknarstarfseminnar. Ég get að vísu viðurkennt, að það er hvergi beinum orðum fram tekið í frv. sjálfu, að hér skuli vera um viðbótarframlag að ræða, en ég hygg þó, að öllum, sem lesið hafa frv. og grg. og álit minni hl. í þessu máli, sé það ljóst, að til þess hefur verið ætlazt. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að svo miklir þjóðfélagshagsmunir eru bundnir við það, ef takast mætti að lækka byggingarkostnaðinn, að það sé ekki einasta réttlætanlegt, heldur einnig sjálfsagt, að ríkissjóður leggi verulegt fjármagn fram til þess að gera þetta mögulegt.

Í öðru lagi fór hv. 1. þm. Vestf. mörgum orðum um það, að hér væri mjög erfitt eða raunar ófært að miða tekjurnar við nokkuð og gæti jafnvel komið þannig fyrir, að hvorki byggjendur né byggingarefnarannsóknirnar hefðu nokkurt gagn af samþykkt þessa frv., þar sem það gæti skapað slíka óvissu fyrir þessa aðila. Þetta eru ekki veigamikil rök. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er það kunnugt, að í löggjöfinni um byggingarsjóð ríkisins eru honum ákveðnir með lögum ákveðnir tekjustofnar, og aðaltekjur byggingarsjóðsins skv. þessum lögum eru tekjur vegna skatts á stóreignir og tekjur af skyldusparnaði. Það var í eina tíð, að húsnæðismálastjórn reiknaði út, hve mikið þessir föstu tekjustofnar mundu gefa byggingarsjóðnum í árlegar tekjur, og sú áætlun er til. Ég held ég fari rétt með, að húsnæðismálastjórn hafi reiknað með því á þeim tíma, þegar þessi áætlun var gerð, að þeir tekjustofnar, sem löggjöfin um byggingarsjóð ríkisins tryggði húsnæðismálastofnuninni, mundu gefa árlega um 40 millj. kr. Hitt er svo aftur annað mál, að þeir útreikningar hafa síðar brugðizt að mjög verulegu leyti, aðallega vegna þess, að skatturinn á stóreignirnar hefur nú í dag lækkað um nálægt því helming frá því, sem hann var upphaflega, og þar af leiðandi hafa þær tekjur, sem byggingarsjóður ríkisins hefur haft af þessum tekjustofni, lækkað fast að því um helming. En það breytir ekki hinu, og það er jafnrétt fyrir það, að hér er áætlun til um tekjur byggingarsjóðsins.

Þá vék hv. þm. Vestf. að því og að því er mér skildist vildi reyna að gera það hlægilegt eða tortryggilegt, að hér væri eitthvert óskaplegt ósamræmi á milli efnisins í 1. mgr. 1. gr. frv. og 2. mgr. Hann sagði, að í 1. mgr. væri ákvæði um það, að tekjur þessar mættu einungis ganga til byggingarefnarannsókna og það út af fyrir sig gæti ekki lækkað byggingarkostnaðinn mjög verulega. Svo sagði hann, að í 2. mgr. væri ætlazt til þess, að tekjurnar rynnu almennt til

rannsókna til lækkunar á byggingarkostnaði. Mér er óskiljanlegt, hvernig hv. þm. getur fundið út úr þessu misræmi, ekki sízt ef það er tekið með í reikninginn, að honum er fullkunnugt um, bæði af þeim umsögnum, sem heilbr.- og félmn. bárust út af þessu frv., og eins vegna þeirra umræðna, sem urðu í hv. nefnd, sem þetta mál var hjá til umsagnar, að þá var það upplýst, að byggingarefnarannsóknir iðnaðardeildar háskólans framkvæma rannsóknir langt út fyrir það eitt að rannsaka byggingarefni. Þetta kemur ljóslega fram í umsögn, sem rannsóknaráð ríkisins sendi hv. nefnd og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér lítillega upp úr. Þar segir:

„Rannsóknaráði virðist, að nokkur misskilningur felist í þessari spurningu.“ — Það er spurning, sem hv. þm. hefur orðað sjálfur og sent rannsóknaráði með frv., — spurningar, sem hann aldrei bar t. d. undir mig og ég vissi ekki, hvernig voru orðaðar, og veit raunar ekki enn þá, hvernig voru orðaðar. En svarið er þannig m. a.: „Rannsóknaráði virðist, að nokkur misskilningur felist í þessari spurningu. Svokallaðar byggingarefnarannsóknir iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans takmarkast alls ekki eingöngu við rannsóknir byggingarefna, þó að það hafi verið meginþáttur starfseminnar til þessa. Það hefur ávallt verið ætlunin að byggja þar upp sjálfstæða rannsóknastarfsemi og upplýsingaþjónustu til þess að vinna að bættu skipulagi og aukinni tækniþróun við húsbyggingar. Þetta kemur aftur greinilega fram í meðfylgjandi áætlun. Við teljum því sjálfsagt, að þessu fjármagni sé beint til byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans vegna þeirra rannsókna til endurbóta á byggingarháttum og lækkunar á byggingarkostnaði, sem hljóta að teljast sjálfsagðar við þá stofnun. Aðrar stofnanir koma ekki til greina, enda óeðlilegt að byggja upp fleiri stofnanir á sama sviði.“

Hv. þm. hefði því átt að vita betur, og hann hefði getað sparað sér þau mörgu orð, sem hann hafði um þetta ósamræmi, sem í raunveruleikanum er hvergi til, en hefur á einhvern óskiljanlegan hátt myndazt í hans eigin hugmyndaheimi.

Að síðustu vék hv. 1. þm. Vestf. að því, að inn í frv. þetta vantaði ákvæði um það, að verksalar einir skyldu ekki græða á lækkun byggingarkostnaðar, eins og hann vildi telja að reynslan hafi verið í sumum tilfellum áður. Mér kom þessi yfirlýsing hv. þm. dálítið einkennilega fyrir. Ég held, að flestir hv. þm. geti verið því sammála, að slíkt ákvæði ætti að sjálfsögðu lítið heima í lögum eða frv. eins og því, sem við erum hér að ræða nú. Auk þess veit ég ekki betur en samningsrétturinn um kaupgjald sé viðurkenndur í þessu landi. Ég veit ekki til þess, að það sé farið að skipa með lögum hér frá hv. Alþ. því, hvað einstakar stéttir eigi að taka í kaup og kjör. Ég þekki það ekki.

Ég held, að ég hafi nú svarað því flestu, sem ég á annað borð tel að hafi þurft að svara og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Vestf.

Ég vil svo að endingu aðeins undirstrika meginkjarnann í því máli, sem við hér erum að ræða. Hann er þessi: Það liggur fyrir, að byggingarkostnaður á Íslandi er langtum hærri en hann gerist nokkurs staðar meðal menningarþjóða í kringum okkur. Það liggur einnig fyrir, að ein allra öruggasta leiðin til þess að lækka þennan byggingarkostnað sé sú að stórauka rannsóknarstarfsemi og tilraunastarfsemi í byggingariðnaðinum og gera almenningi kunnar þær niðurstöður, sem kunna að fást við slíkar rannsóknir. Það liggur í þriðja stað fyrir, að þá stofnun í landinu, sem farið hefur með þessar rannsóknir, skortir algerlega fé til þess að geta framkvæmt þær, svo að nokkru verulegu gagni geti komið. Frv. er flutt til þess að koma til móts við þær óskir, sem hafa komið fram frá þessari stofnun um aukið fjárframlag. Ég er ekki að segja það, þó að þetta frv. verði samþykkt, að málið sé þar með leyst eða það sé endilega leyst á þann hátt, sem réttast er og hagkvæmast. En ég fullyrði, að þetta mundi vera verulegt spor til þess að höggva á þann hnút, sem er í þessum málum. Ég vil því treysta því, þangað til annað reynist réttara, að hv. þm. fáist til þess að samþykkja þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vil aðeins svara hér nokkrum athugasemdum, sem hv. frsm. minni hlutans gerði. Hann viðurkenndi í sinni ræðu, sem er raunverulega meginatriði þessa máls, að frv. ber það ekki með sér, að það fé, sem hér er ætlazt til að lagt sé fram til byggingarrannsókna, eigi að vera viðbót við það fé, sem lagt er fram á fjárlögum árlega, enda kemur það skýrt fram í 1. gr. frv., að það er ekkert ákveðið um það og enginn vafi á því, að ef frv. verður samþykkt óbreytt, þá mundi fjárveitingarvald, m. a. fjvn., líta svo á, að það væri séð fyrir fé til þessara efnarannsókna með þeim tekjustofni, sem hér er löggiltur, og þyrfti ekki frekar um það að hugsa. Þess vegna er það alveg nauðsynlegt, ef á að hafa þetta sem viðbótarfé, að þá sé frv. breytt, og ég vil undirstrika það, eins og ég tók fram í minni ræðu, að ég tel það meginástæðuna fyrir því, að ekki eigi að samþ. frv., enda er það svo illa undirbúið á öllum sviðum, að það nær ekki þeim tilgangi, sem til er ætlazt.

Það er einnig mjög mikill ágreiningur meðal þeirra aðila, sem frv. var sent til umsagnar. M. a. leggur húsnæðismálastjórn beinlínis til, að frv. verði fellt, af því að málið sé ekki nægilega vel undirbúið.

En aðallega stóð ég nú upp til þess að leiðrétta þann misskilning hjá hv. frsm., að mín framsöguræða skyldi skoðast þannig, að ég væri andvígur rannsóknum, því að það er ég alls ekki, síður en svo. Ég viðurkenni, að rannsóknir í þessu máli mundu geta bætt verulega úr. En ég viðurkenni ekki, að það sé einhlítt. Það er ýmislegt fleira, sem þarf að gera í málinu, en aðeins rannsóknirnar, og þar eru atriði, þar sem hægt er að ná betri og fljótari árangri en með rannsóknum, þó að þetta fé sé veitt til þeirra. Það var vegna þessara ummæla, sem ég vildi aftur taka til máls og mótmæla því, sem hv. frsm. sagði um þetta atriði.

Ég skal svo ekki eyða tíma í að karpa um auka-

atriði, en vil enn benda á, að flestir þeir aðilar, sem um málið fjölluðu og sendu umsögn til deildarinnar, voru á þeirri skoðun, að málið þyrfti betri undirbúning.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Í þeirri ræðu, sem hv. 1. þm. Vestf. lauk núna, sagði hann, að annar sá aðili, sem ekki mælti með frv., en hafði fengið það til umsagnar, húsnæðismálastofnun ríkisins, hafi mælt gegn því, af því að hún teldi málið svo illa undirbúið. Það vill nú svo til, að rökstuðningur húsnæðismálastofnunarinnar fyrir því, að hún mæli ekki með samþykkt þessa frv., er engan veginn þessi, heldur, eins og hér er sagt í nefndaráliti, „að hún leggi ekki með samþykkt þess nú, þar sem mál þetta sé nú í athugun hjá atvinnumálanefnd ríkisins." Það er allt annað. Þegar svona er gengið á snið við sannleikann, þá er hægt að mistúlka málið rækilega í löngu máli, og áframhaldið var eftir þessu hjá hv. þm. Hann sagði, að langflestir þeirra aðila, sem hefðu fengið málið til umsagnar, hefðu mælt gegn því, af því að það væri svo illa undirbúið. Það liggur þó hér fyrir svart á hvítu, og það veit formaður hv. heilbr.- og félmn. vel, að Verkfræðingafélagið mælti með því, að Arkitektafélag Íslands mælti með því, að iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans mælti með því og að rannsóknaráð ríkisins mælti með því, en tveir aðilar hins vegar töldu ekki, af þeim ástæðum, að málið væri annars staðar í athugun, ástæðu til þess að mæla með samþykkt frv. nú. Þetta er sannleikur málsins.

Málið er ekkert umfangsmikið. Það er eingöngu um það að verja tiltölulega lágri upphæð til eins aðila, sem annast rannsóknarstarfsemi í þjónustu byggingarmálanna í landinu, hefur til þess knappt fé og þyrfti sannarlega að fá þessa upphæð og hærri til þess að geta starfað. Það er trú margra manna, að rannsóknarstarfsemi í þjónustu byggingarmálanna mundi geta að einhverju leyti dregið úr óhóflegum kostnaði bygginga hér á landi. Þess vegna leggjum við til, að þetta litla frv. um það að verja nokkrum hundruðum þús. kr. til þessarar rannsóknarstarfsemi í þjónustu byggingarmála sé samþykkt, og þætti engin ofrausn. Allir aðilarnir játa, að það þyrfti í raun og veru miklu meira fé til þessarar starfsemi. Bæði húsnæðismálastofnun ríkisins og Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem þó mæltu ekki með frv., viðurkenna, að þörfin fyrir fé til þessarar þjónustu og starfsemi sé mikil. Og það vitum við ósköp vel, sem mælum með þessu frv., að það hefði verið ástæða til að ætla til þess meira fé en nú er á fjárlögum og þetta frv. ætlast til að lagt sé til þessara mála í viðbót.

Hitt er svo bara af ásettu ráði til þess að drepa málinu á dreif, þegar hv. 1. þm. Vestf. fer að tala um, að það hefði átt að vera í þessu frv. mýmargt annað, sem haft geti áhrif á byggingarkostnað í landinu og dregið úr óhóflegum kostnaði við byggingarstarfsemi, eins og t. d. lóðaokrið í Reykjavík og eins og t. d. það, að það sé hnoss, sem nokkrum útvöldum falli í skaut, að fá lóð hér í Reykjavík. Þetta er alveg satt hjá honum. En hvaða erindi átti það inn í frv. um litla fjárveitingu til rannsókna á byggingarstarfsemi? Ég skyldi vera flutningsmaður með honum um það, ef hægt væri að lögbinda það, að það að fá lóð hér í Reykjavík væri ekki hnoss handa einhverjum gæðingum bæjarstjórnarinnar og þeirra fjölskyldna, sem að henni standa, og svo séu þessar lóðir seldar fyrir tugi þúsunda, marga tugi þúsunda, þeim sem þurfa á lóðum að halda, þegar er búið að veita sama gæðingnum kannske lóð ár eftir ár. Það er alveg rétt, þetta er ófögnuður, sem þyrfti að ráða bót á, en átti ekkert erindi inn í þetta frv., og þess vegna alger útúrdúr og krókaleið, langt frá efni þessa frv., þegar hann fór að tala um það langt mál.

Tæknin t. d., að skriðmót skuli ekki lækka byggingarkostnað, það er rétt, það er ófremdarástand. En það er allt annað mál en lítils háttar styrktarstarfsemi við rannsóknarþjónustu á vegum háskólans. Þetta fylgir einkarekstrinum, einkaframtakinu, einkabraskinu, að maður, sem hefur haft fjármagn til þess að eignast fyrir nokkra tugi þús. eða hundruð þúsunda kannske tæki, sem heitir skriðmót, sem gerir það ódýrara að steypa upp hús, hann hefur aðstöðu til þess og hefur víst alveg fullan rétt til þess að okra á því, ef aðrir hafa ekki aðstöðu til þess að keppa við hann um þetta og lækka þannig hans álagningu á þessa þjónustu. Þetta hefur gerzt hér, það er alveg rétt, að sú nýja tækni, sem kallast skriðmót, hefur ekki orðið til þess að draga úr byggingarkostnaði, því miður. En ekki skyldi standa á mér, ég hygg ekki heldur á hv. 4. þm. Reykn., að vera meðflutningsmenn að frv. um það að koma í veg fyrir okurstarfsemi og einkagróðabrall í landinu í sambandi við byggingarmál. En það er önnur saga.

Frsm. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ræða hv. 1. þm. Vestf. hér áðan gefur ekki tilefni til mikilla andsvara. En það virtist eins og hann væri nú horfinn frá því flestu, sem hann hélt fram í fyrri ræðu sinni, og er ekki nema allt gott um slíkt að segja.

Það eru tvö atriði, sem ég vildi aðeins víkja að og hann vék að í seinni ræðu sinni, þó að hv. 4. landsk. hafi að vísu að nokkru leyti tekið af mér ómakið að því er annað atriðið varðar.

Hv. þm. vildi enn þá halda því fram, að það væri ekki hægt að samþykkja frv. okkar, sem hér er til umr., vegna þess að það væru ekki ljós ákvæði í því um, að hér ætti að vera um viðbótarfé að ræða auk þess fjármagns, sem veitt er á fjárlögum til þessarar starfsemi á hverju ári. Ég sagði, að það væri rétt, að það stæði ekki beinum orðum í lagagreinum frv., en ég teldi, að öllum, sem læsu frv. og grg. þess og álit okkar í minni hl., væri þetta ljóst. Auk þess held ég, að eftir þær umr., sem hér hafa orðið um þetta frv., geti ekki verið nokkur vafi á því, að til þess sé ætlazt. Það er ein af algengustu lagaskýringarleiðum, að ef lög þykja ekki kveða nógu ákveðið á um einhver ákveðin atriði, þá er leitað í umr. á þingi, hvort ekki finnist upplýsingar þar um tilgang löggjafans. Í þessu tilfelli hefur verið á þetta atriði minnzt af hv. þm., og ég sem annar flm. frv. hef tekið það skýrt fram, að til þess er ætlazt, að þetta sé viðbótarfé við það

fjármagn, sem hefur á undanförnum árum runnið til byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar háskólans. Vegna þessa atriðis eins getur hv. þm. því ekki staðið á móti frv.

Þá er það hitt atriðið, sem ég ætla að fara um örfáum orðum. Hv. 1. þm. Vestf. *er um vinnubrögð hér á þingi á margan hátt til fyrirmyndar*, hann hlustar mjög gjarnan á umr. og virðist stundum óhræddur við að segja sínar skoðanir á málum og mönnum. Því verð ég að segja, að mér fannst það ákaflega sárt að heyra hann hér í þessum ræðustól blákalt og að því er ég tel *vísvitandi fara með eintómt skrök. Hann hélt* því fram, að þeir umsagnaraðilar, sem við sendum frv. þetta til umsagnar og eru, eftir því sem ég man bezt, sjö, hefðu allir tekið fram, að ótímabært væri að samþykkja frv., vegna þess að það væri svo illa undirbúið. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að ekki einn einasti af þessum sjö umsagnaraðilum víkur að þessu einu orði. Það er alger uppspuni frá rótum hjá hv. þm., að þessir umsagnaraðilar haldi þessu fram. Hitt er svo annað mál, sem hv. 4. landsk. þm. kom inn á, að tveir af þessum sjö umsagnaraðilum leggja til, að samþykkt frv. verði frestað, og þeir gera það á þeirri forsendu, að málið sé í athugun annars staðar. Þeir taka það fram, að meiri hl. atvinnumálanefndar ríkisins hafi gert ákveðnar tillögur um fjáröflun til rannsóknarstarfsemi almennt í landinu og sent þessar tillögur til ríkisstj. og þar séu þær nú í athugun. Þessar einar eru ástæðurnar fyrir því, að þessir tveir aðilar telja sig ekki geta mælt með samþykkt frv., *eins og hinir aðilarnir allir gera.*

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þessar umræður meira en orðið er. En ég hygg, að eftir þau orðaskipti, sem hér hafa orðið út af þessu máli, megi öllum hv. þm. vera það ljóst, að þær mótbárur, sem hv. 1. þm. Vestf. og þeir í meiri hl. heilbr.- og félmn. hafa uppi gegn því, að frv. verði samþykkt, eru allar mjög veigalitlar, sumar algerlega órökstuddar, og það sem verra er, sumar af þeim eru hreinn tilbúningur.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta því ómótmælt, að hv. frsm. minni hl. beri það á mig, að ég fari með rangt mál og lygar hér í sambandi við þetta mál, eins og hann sagði hér áðan. Sannleikurinn er sá, að hann notfærir sér það, hv. þm., að fskj. hafa ekki verið birt vegna þess, hversu þetta var langt mál. En ef hann vill leggja tíma í það að lesa þessi skjöl, mun hann sjá, að það er enginn af þeim, sem leggur til, að frv. sé samþykkt. Menn benda á, að það sé þörf á tekjunum, tveir af þeim vilja ekki, að frv. sé samþykkt, en hinir benda á, að það sé hægt að fara allt aðrar leiðir, m. a. að leggja nokkuð af kostnaði á byggjendur. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að vera að koma *hér og bera skrök á mig um þessi mál.* Hann ætti bara að setjast niður og lesa umsagnirnar, svo að hann geti séð, hvað þessir aðilar hafa sagt um málið.

Ég vil ekki vera að eyða tíma hv. Alþingis hér til þess að vera að þjarka um svona atriði, en þessi ungi maður ætti að venja sig á í framtíðinni að lesa betur þau skjöl, sem hann ætlar að leggja út af, til þess að vera ekki að fara með svona fleipur eins og hann gerði hér áðan.

Frsm. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 1. þm. Vestf. vill enn halda í af þrákelkni, að ég fari rangt með, þegar ég vitna í umsagnir þeirra aðila, sem við sendum þetta frv. til umsagnar.

Ég vil ekki misnota það tækfæri, sem ég hef hér til þess að segja örfá orð út af seinustu ræðu hans, til þess að lesa upp allar þær umsagnir, sem hafa borizt, enda tekur hv. þm. það sjálfur fram í áliti sínu, meirihlutaáliti heilbr.- og félmn., að þær séu allt of langt mál, til þess að hægt sé að birta þær með nál. þeirra meirihlutamanna. Ég staðhæfi, að fjórir aðilar af þeim sex eða sjö, sem við sendum frv. til umsagnar, taka ákveðna, jákvæða afstöðu með því, að frv. verði samþykkt. Ég tek það fram í grg. minni, að þá greini á um það suma hverja, hvort eðlilegt sé að leggja þetta gjald allt á ríkissjóð eða eigi að skipta því á milli byggjenda og ríkissjóðs. Um það er ágreiningur, og ég tek það fram í nál. mínu. Hitt stendur óhaggað, að fjórir af sex eða sjö aðilum, sem fengu þetta frv. til umsagnar, mæla með því, sumir alveg óbreyttu, aðrir telja, að heldur hefði átt að skipta útgjöldum þessum á byggjendur og ríkissjóð. Þeir hv. þm., sem vildu kynna sér, hvor okkar fer hér með rétt mál, hafa að sjálfsögðu tækifæri til þess með því að lesa þessar umsagnir, — ég er með þær hér í höndunum og legg þær fram á lestrarsal hér á eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 58. fundi í Nd., 9. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. felld með 15:12 atkv.
Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Lántaka til hafnarframkvæmda.

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda [45. mál] (þmfrv., A. 45).

Á 8., 10. og 11. fundi í Nd., 21., 25. og 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. sama efnis og það, sem hér liggur fyrir á þskj. 45, var flutt á síðasta Alþingi, en var þá ekki útrætt. Í frv. er gert ráð fyrir, að endurlánaðar verði til hafnarframkvæmda samtals um 106 millj. kr. af erlendu láni, sem ríkisstj. hefur tekið, og láni, sem henni yrði heimilt að taka skv. 2. gr. þessa frv., ef það verður að lögum.

Eins og kunnugt er, var ríkisstj. í fjárl. árið 1959 veitt heimild til að taka 6 millj. dollara að láni erlendis. Um leið og heimildin var samþykkt, ráðstafaði Alþingi 98 millj. kr. af lánsupphæðinni eða tæplega ⅔ hlutum lánsins, en andvirði þess í íslenzkum krónum hefði á þeim tíma verið nálægt 150 millj., að viðbættum þeim yfirfærslubótum, sem þá voru í gildi.

Af þeim 98 millj. kr., sem Alþingi ráðstafaði með fjárlagaákvæðinu 1959, áttu 28 millj. að fara til hafnarframkvæmda sem lán, og var þessum 28 millj. skipt milli 19 hafna sumarið 1959, að frádregnum 500 þús. kr., sem vitamálaskrifstofan fékk til áhaldakaupa.

Við afgreiðslu fjárl. vorið 1959 og síðar á sumarþingi það ár var af hálfu Framsfl. lagt til, að 50 millj. yrðu lánaðar til hafnarframkvæmda í stað 28 millj. og öllu láninu, að viðbættum yfirfærslubótum, ráðstafað af Alþingi. Mismunurinn var hér, að því er hafnarframkvæmdir varðaði, 22 millj. á till. Framsfl. og því, sem samþ. var. Þessar 22 millj. tókum við flm. svo upp í það frv., sem flutt var á síðasta þingi. Nú hefur þetta farið svo, að mikill hluti lánsins samkvæmt fjárlagaheimildinni frá 1959 var ekki tekinn fyrr en eftir gengisbreytinguna, og er andvirði þess hluta í íslenzkum krónum því meira en það hefði áður orðið að viðbættu yfirfærslugjaldi. Með tilliti til þessa leggjum við til, að 30 millj. gangi til hafnarframkvæmda í stað 22 millj., sem við gerðum ráð fyrir í fyrra. Þessi hækkun er líka eðlileg vegna þess, að kostnaður við hafnarframkvæmdir hefur hækkað mjög á þessu ári og hækkar trúlega einnig á næsta ári.

Til viðbótar þessum 30 millj. kr. af láninu, sem búið er að taka, leggjum við svo til, að ríkisstj. verði heimilað að taka nýtt erlent lán, að upphæð 2 millj. dollara, og endurlána það til hafnarframkvæmda. Það samsvarar 76 millj. íslenzkra króna. Samtals er því um að ræða, eins og ég sagði áðan, 106 millj. kr., sem hægt væri að endurlána til hafnarframkvæmda, ef þetta frv. verður að lögum og ef viðbótarlánið samkvæmt 2. gr., 2 millj. dollara, yrði tekið erlendis. Þar við bætist svo, eins og tekið er fram í grg. frv., fjárlagaheimild þessa árs um lántöku vegna Þorlákshafnar.

Við Íslendingar búum á eylandi, og þar sem allt miðbik landsins er óbyggt, þá er hér öll byggð í nánum tengslum við strönd landsins. Bæir og þorp eru nær eingöngu við sjó. Öll verzlunarvara að og frá landinu er flutt á sjó, nema það lítilræði, sem nú síðustu árin er flutt í lofti. Innanlands hefur sjórinn líka lengst af verið aðalflutningaleiðin og mun verða áfram að verulegu leyti. Af miðunum flytur þjóðin björg í bú. Það leiðir af staðháttum, að hafnir þurfa að vera mjög víða, ef vel á að vera, vegna vöruflutninga til og frá hinum einstöku byggðarlögum, og ekki síður vegna þess, að alls staðar út frá ströndum landsins eru fiskimið, sem þarf að nýta og bezt verða nýtt af þeim, sem næstir eru. Landið er að undantekinni suðurströndinni vogskorið og hafnarskilyrði víða góð frá náttúrunnar hendi. En samt er það svo, að alls staðar þurfa að vera einhver hafnarmannvirki, til þess að skip og bátar geti athafnað sig eins og nú tíðkast og fengið viðunandi afgreiðslu á því vörumagni og aflamagni, sem nú er orðið um að ræða. Hinar gömlu aðferðir, sem til skamms tíma voru notaðar við uppskipun og útskipun eða flutning afla í land víða á landinu, mega nú heita úr sögunni víðast hvar, sem betur fer. En uppbygging hafnanna, eins og hún þarf að verða, er þó enn ekki langt á veg komin.

Samkvæmt lögum frá 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og síðari viðbótum við þau lög, ber ríkinu að veita óafturkræft framlag og ríkisábyrgð vegna hafnar- og lendingarbótamannvirkja á 113 stöðum, sem nafngreindir eru

í lögunum. Þar er um að ræða 35 svonefndar hafnargerðir og 78 svonefndar lendingarbætur. Til hafnargerða veitir ríkið styrk, sem nemur ⅔ hlutum kostnaðar, og ríkisábyrgð fyrir láni allt að ⅔ hlutum kostnaðar. Til lendingarbóta er veittur styrkur, sem nemur helmingi kostnaðar, og ábyrgð fyrir allt að helmingi.

Það liggur ekki fyrir nú, hversu miklu fé hefur verið varið til hafnargerða og lendingarbóta samtals hér á landi, en ríkisábyrgð mun hafa verið tekin á lánum, sem nema samtals rúmlega 110 millj. kr., samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið nú nýlega. Þá er þess að gæta, að mikið af þessu fé er fengið að láni, þegar verðgildi krónunnar var meira en það er nú. Meiri hluti þessa fjár er fenginn að láni innanlands hjá ýmsum sjóðum, sem ávaxta fé sitt að einhverju leyti í ríkistryggðum skuldabréfum. Erlent lán var þó tekið til Akraneshafnar nýlega, og í fyrra fengu, eins og ég hef áður sagt, 19 hafnir hluta úr erlendu láni, en fyrir það fé var unnið á árinu 1959 og á þessu ári.

Við flm. þessa frv. erum þeirrar skoðunar, að það sé nú bæði nauðsynlegt og rétt að reyna að fá inn í landið erlent fjármagn til hafnarframkvæmda og að meira eigi að gera að því en gert hefur verið til þessa. Nú er svo komið, að mjög víða er búið að gera á vegum vitamálaskrifstofunnar og í samráði við sveitarstjórnir og hafnarstjórnir áætlanir um hafnarmannvirki, og vöxtur og viðgangur atvinnulífs í þeim byggðarlögum, sem þarna er um að ræða, er mjög undir því kominn, að hægt sé að framkvæma þær áætlanir, sem hér er um að ræða, áður en langt líður.

Ég vil t. d. nefna verstöðvarnar á Reykjanesi og við Faxaflóa, eins og Grindavík, Sandgerði og Keflavík, og Snæfellsneshafnirnar Rif, Ólafsvík og Grundarfjörð, svo að nokkuð sé nefnt í þeim landshluta. Patreksfjarðarhöfn er enn ólokið. Í sumar er unnið að hafnargerð á Suðureyri og Bolungarvík og mikið verk fyrir hendi á báðum þeim stöðum. Á Hólmavík er hafnarbryggjan að verða ónýt, og þarf að endurbyggja hana. Bygging Skagastrandarhafnar var hafin fyrir rúmlega tuttugu árum, og enn hefur ekki tekizt að ljúka henni. Sauðárkrókshöfn er alltaf í hættu vegna sandburðar, á meðan ekki tekst að ráða þar bót á. Á Hofsósi eyðilagðist mannvirki í smíðum, og þar við sat í mörg ár, þangað til í sumar, að unnið mun hafa verið að því að bæta þetta upp. Á austanverðu Norðurlandi hefur undanfarið verið unnið að hafnarmannvirkjum í Ólafsfirði, Dalvík, Húsavík og Þórshöfn og raunar víðar, en sumar þessar hafnir, sem ég nefndi, standa ófullgerðar. Á Akureyri þarf að byggja dráttarbraut fyrir togara, en slík mannvirki teljast til hafnargerða. Ég vil nefna síldarbæina Raufarhöfn og Siglufjörð, án þess að fara fleiri orðum um það efni. Í Neskaupstað þarf að byggja bátakví og mannvirki vegna útgerðar á Reyðarfirði. Á Vopnafirði er uppbygging hafnar skammt á veg komin. Vestmannaeyjahöfn þarf að stækka og Þorlákshöfn varla hálfgerð.

Ég hef hér aðeins nefnt nokkur dæmi um sum stærstu og brýnustu verkefnin, sem nauðsyn ber til að sinna. Þó eru ótalin mörg önnur verkefni og á öðrum stöðum, sem í sjálfu sér geta verið eins nauðsynleg og jafnaðkallandi. Hv. þm. þekkja þetta hver og einn í þeim landshluta, þar sem hann er kunnugastur.

Því hefur verið haldið fram, að erlend lán ætti helzt ekki að taka til annarra framkvæmda en þeirra, sem eru til þess fallnar að auka gjaldeyrisöflun landsmanna a. m. k. óbeint. Sú kenning hefur vissulega mikið til síns máls. En við flm. lítum svo á, að hafnargerðir séu í þessum flokki framkvæmda. Til þess að sjávarútvegur geti þrifizt og aukizt, þarf ekki aðeins skip og vinnslustöðvar. Það þarf líka hafnarmannvirki til þess að veita skipum skjól og til þess að hægt sé að koma aflanum á land og flytja markaðsvöruna út. Þar sem góð höfn er, er líka víðast hægt að stunda sjávarútveg, því að alls staðar eru fiskimiðin úti fyrir ströndum þessa lands, þótt þau séu að vísu misjafnlega nærri. Eitt höfuðskilyrði þess, að hægt sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að lífvænleg byggðarlög dragist saman eða fari í eyði, er, að hafnarskilyrði komist sem víðast í viðunandi horf. En hafnarmannvirki eru dýr. Hver og ein af þeim höfnum, sem ég nefndi áðan, kostar milljónir, sumar milljónatugi. Já, hafnarmannvirki eru dýr og stundum dýrari en þau þyrftu að vera. Því veldur að verulegu leyti fjárskortur og skortur á þeim vélum og áhöldum, sem þar þyrftu að vera að verki, ef vel væri. Reynt er að vinna á mörgum stöðum samtímis, sums staðar með of litilli forsjá og með of lélegum tækjum. Vegna fjárskortsins verður stundum að hætta verki, þegar sízt skyldi, og flytja burt vélar og áhöld með ærnum kostnaði, flytja þær svo aftur á staðinn, þegar fé er fyrir hendi á næsta ári eða einhvern tíma síðar. Þetta er dýrt fyrir hlutaðeigandi byggðarlög og dýrt fyrir þjóðina og seinkar því, að verkið komi að notum.

Við erum þeirrar skoðunar, flm., að það borgi sig fyrir þjóðina, þó að hún verði að neita sér um eitthvað nú á næstunni til þess að geta borgað af útlendum lánum til hafnargerða. Það getur verið hættulegt að safna skuldum erlendis vegna daglegrar eyðslu, til þess að veita sér munað um efni fram, að breyta gjaldeyrinum í forgengileg verðmæti, sem framtíðin nýtur einskis góðs af. En það hefur hingað til yfirleitt orðið til góðs að taka lán til uppbyggingar atvinnuveganna fyrir framtíðina, til þess að koma fótum undir þá, sem eiga að erfa landið. Ef aldrei hefðu verið tekin erlend lán af þessu tagi, væri áreiðanlega eitthvað öðruvísi um að litast hér á landi en nú er í dag. Og ég held líka, að það sé óhætt að segja, að fjármagn beri ekki annars staðar betri eða hollari ávöxt en á Íslandi, ef það er notað hér á réttan hátt. Við hér á þessu eylandi erum svo lánsöm, vil ég segja, að framleiða til útflutnings svo að segja eingöngu þær vörur, sem mannkyninu eru nauðsynlegastar, þ. e. a. s. matvæli, og það má mikið vera, ef sá tími á ekki eftir að renna upp, að hlutverk þeirra, sem framleiða matvælin í heiminum, verði fyllilega metið að verðleikum.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en þegar lokið er þessari umr., þá vænti ég, að málinu verði vísað til 2. umr., og mundi helzt kjósa, að því væri vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21:1 atkv.

Á 54. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 301 og 306).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. á þskj. 145, um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hennar, þ. e. a. s. Pétur Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen og ég, leggur til, að málinu verði vísað frá með rökst. dagskrá, en minni hl., þeir Gísli Guðmundsson og Lúðvík Jósefsson, leggur til, að frv. verði samþ. með breytingum.

Í nál. okkar, sem meiri hl. skipum, er gerð grein fyrir ástæðum þess, að við teljum ekki fært að mæla með samþykkt frv., en frv. felur í sér tvennt: í fyrsta lagi, að ráðstafað skuli 30 millj. til viðbótar af lánsfé, sem heimilað var að taka samkv. fjárlögum 1959 til hafnarframkvæmda, og í öðru lagi, að teknar skuli 2 milljónir dollara að láni í sama skyni. Um fyrra atriðið er það að segja, að upplýst hefur verið hér á Alþingi, að því lánsfé, sem þar er um rætt, hefur öllu verið ráðstafað nú þegar, og það er því um tómt mál að tala, að það fé verði hægt að nota í því skyni, sem frv. gerir ráð fyrir. Um síðara atriðið, 2 millj. dollara lántöku, er það að segja, að ef gera á myndarlegt átak í hafnarmálum, — sem við í meiri hl. n. vissulega viðurkennum að sé full þörf fyrir, — þá er fullvíst, að sú upphæð mundi vera allsendis ófullnægjandi. Með tilliti til þess og svo hins, að upplýst hefur verið, að hæstv. ríkisstj. vinni nú að því að fá lán til ýmissa mikilvægra framkvæmda, þ. á m. til hafnargerða, leggjum við til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að hraðað verði endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð og samningu tíu ára áætlunar um hafnarframkvæmdir, og í trausti þess, að bráðlega fáist úr því skorið, hver árangur verður af tilraunum ríkisstjórnarinnar til útvegunar lánsfjár til hafnarframkvæmda, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Í þessari dagskrártillögu er minnzt á endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð og samningu tíu ára áætlunar um hafnarframkvæmdir, en á Alþingi 1958 var samþ. svo hljóðandi þáltill. um þau mál, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra gera tíu ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu og sé fyrst og fremst við það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði laga um hafnargerðir, er ástæða þykir til að breyta með hliðsjón af fenginni reynslu og til samræmis við aðrar niðurstöður athugunar þessarar.

Jafnframt verði endurskoðuð lögin um hafnarbótasjóð og athugað, hvort ekki sé tiltækilegt að efla starfsemi hans, svo að hann geti m. a. veitt hagkvæm lán til langs tíma til nýrra hafnarframkvæmda."

Eitt atriðið, sem er í endurskoðun samkv. þessari þáltill., er um hluta ríkissjóðs og sveitarsjóða í hafnarmannvirkjum, og meðan ekki liggur fyrir, hver niðurstaða verður af þeirri athugun, er ekki fyllilega hægt að gera sér grein fyrir, hvernig ætti að skipta því lánsfé, sem tekið yrði til hafnarframkvæmda, milli þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og m. a. af þeirri ástæðu verður það að teljast eðlilegt, að beðið sé eftir því, að þessari endurskoðun ljúki, áður en endanlega er ákveðið um meiri háttar lántöku til hanfarframkvæmda, sem þó er nú unnið að, eins og hér hefur verið upplýst á Alþingi af hæstv. forsrh.

Undanfarin ár hafa verið tekin ýmis meiri háttar lán til alls konar fjárfestingarframkvæmda í landinu, og það er vissulega svo, að í mörg horn er að líta hjá okkur í því tilliti og ekki hægt að sinna öllu í einu. En það hefur farið þannig með hafnarframkvæmdirnar, þegar þessum stóru lánum hefur verið úthlutað, að ekki hefur verið ætlað til þeirra neitt af þessu lánsfé fyrr en 1959, þegar það var gert með þeirri skiptingu í fjárlögum, sem minnzt er á í frv., og síðan hefur, eins og tekið er fram í nál. meiri hl. sjútvn., hæstv. ríkisstj., sú sem nú situr, ráðstafað 15 millj. kr. af erlendu lánsfé í þessu skyni. Síðastliðið ár og árið 1959 mun hafa verið unnið fyrir um 80 millj. kr. í höfnunum samkv. upplýsingum vitamálastjóra. Það mætti vissulega auka það fé mikið, ef vel ætti að vera í þessu tilliti, því að hafnirnar eru að sjálfsögðu undirstaða þess, að við getum gert út og eflt fiskiðnað okkar. Og ég vil leyfa mér að vænta þess, að þó að við, sem skipum meiri hl. sjútvn., teljum okkur ekki fært að taka undir það frv., sem hér liggur fyrir, þá líði ekki á löngu, þangað til hæstv. ríkisstj. gerir ráðstafanir í þessum efnum, sem geti orðið til þess að lyfta undir hafnarframkvæmdir í landinu frekar en verið hefur að undanförnu.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og þegar er fram komið og fyrir liggur í þingskjölum, hafa sjávarútvegsnefndarmenn ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hl. n., en í honum erum við hv. 4. þm. Austf., leggur til, að frv. verði samþ., og er álit minni hl. birt á þskj. 306. En meiri hl. vill vísa frv. frá með rökst. dagskrá, sem birt er með nál. þess nefndarhluta á þskj. 301. Hv. frsm. meiri hl. hefur þegar gert grein fyrir því nál.

Í frv. um lántökuheimild og ráðstöfun lánsfjár til hafnarframkvæmda, eins og það liggur

fyrir á þskj. 45, eru tvö meginatriði. Samkv. 1. gr. frv. er ríkisstj. heimilað að endurlána 30 millj. kr. til hafnarframkvæmda af 6 millj. dollara láni, sem tekið var erlendis samkv. fjárlagaheimild 1959, til viðbótar því, sem áður hefur verið endurlánað til slíkra framkvæmda. En í 2. gr. frv. er ríkisstj. heimilað að taka lán erlendis, allt að 2 millj. dollara eða jafngildi þeirra í annarri erlendri mynt, og endurlána einnig þetta fé til hafnarframkvæmda.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 45, var, eins og þingskjalsnúmerið ber með sér, flutt mjög snemma á þessu þingi, en hefur ekki hlotið afgreiðslu í nefnd fyrr en nú nýlega. Þegar þetta frv. var flutt, var það ekki kunnugt, að ríkisstj. hefði ráðstafað neinu fé af umræddu 6 milljón dollara láni umfram það, sem Alþingi ákvað ráðstöfun á 1959. Þá var ekki annað kunnugt en að þarna væri óráðstafað í kringum 100 millj. kr., og flm. lögðu til, að af þessum 100 millj. kr. yrðu 30 millj. endurlánaðar til hafnarframkvæmda. Alþ. hafði ekki gert neina ályktun um ráðstöfun á þessum eftirstöðvum lánsins og hæstv. ríkisstj. ekki óskað eftir neinni heimild til ráðstöfunar. Nú hefur það hins vegar gerzt alveg nýlega hér á Alþingi, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir því, að hún hafi ráðstafað þessu fé, og þess vegna er það, að minni hl. sjútvn. hefur lagt til, að þeirra 30 millj., sem gert var ráð fyrir í 1. gr. að lána til hafnarframkvæmda af þessu fé, verði aflað á annan hátt. Samkv. till. minni hl. er gert ráð fyrir, að þessar 30 millj. verði teknar af því fé, sem mun verða fyrir hendi eða vera fyrir hendi af óafturkræfu framlagi, sem samið hefur verið um til Íslands, og af vörukaupaláni, sem mun fást erlendis, hefur að sumu leyti verið tekið á árinu sem leið og fæst að sumu leyti væntanlega á þessu ári. Við í minni hl. höfum auðvitað gert okkur það fyllilega ljóst, að nú er ekki lengur hægt að ákveða ráðstöfun á því fé, sem ríkisstj. hefur þegar ráðstafað, þó að það væri hægt um það leyti, sem frv. var borið fram. Við leggjum þess vegna til, að þessar 30 millj. komi til útlána á þann hátt, sem ég hef nú gert grein fyrir. Að þessu lýtur fyrri brtt., sem við í minni hl. berum fram á þskj. 306.

Ég veit ekki, hvort það tekur því að ræða það, sem fram kemur í áliti meiri hl. á þskj. 301 og beint er að framsóknarmönnum í sambandi við þetta mál, að þeir hafi verið með yfirboð hér á Alþingi 1959 í sambandi við þetta mál. Ég held, að þessi ummæli stafi af því, að allir þeir hv. þm., sem eru í meiri hl. n., eru nýlega komnir á þing, hafa ekki átt sæti á Alþingi fyrr en nú alveg nýlega og áttu ekki sæti á þingi, þegar fjallað var um heimildina til 6 millj. kr. lántöku vorið 1959. Það mál bar þannig að, að jafnframt því sem heimildin var samþykkt, voru uppi tillögur um að ráðstafa þessu fé, jafnvirði 6 millj. dollara, sem samkvæmt gengisskráningunni þáverandi var um 100 millj. kr. tæpar, eða um 98 millj. kr., n með yfirfærslubótum, sem þá voru í gildi, var þetta fé, sem inn átti að koma af þessari lántöku, kringum 150 millj. kr. Af hálfu Framsfl. var þá lagt til, að Alþ. ráðstafaði öllu þessu fé, sem inn kæmi, þ. e. 150 millj., en af einhverjum ástæðum, sem ég ekki þekki, vildu hæstv. þáv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar á Alþingi ekki ráðstafa nema 98 millj. Hér var því aðeins um það að ræða, að við vildum ráðstafa öllu fénu, sem ríkisstj. var heimilað að taka að láni, og af því leiddi m. a., að við lögðum til, að til hafnarframkvæmda yrðu lánaðar 50 millj. kr., en ekki 28, eins og samþykkt var í þinginu. Og við höfum haldið áfram að leggja þetta til. Þetta var lagt til á sumarþinginu 1959, að þeim 22 millj., sem á vantaði till. okkar um hafnirnar, yrði þá ráðstafað á þennan veg, og einnig í frv. því, sem flutt var í fyrra um þetta mál. Sömuleiðis var svo till. í raun og veru endurtekin í því frv., sem hér liggur fyrir, þó þannig, að upphæðin var hækkuð nokkuð, með því að búið var að breyta gengisskráningunni og því um hærri afgangsupphæð að ræða í íslenzkum krónum. Að öðru leyti skal ég vísa til nál. um þetta atriði.

Minni hl. n. telur enga ástæðu til þess að fresta samþykkt þessa frv., eins og gert mundi verða með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir, ef hún yrði samþ.

Þess er getið í áliti meiri hl., að mér skilst, að hæstv. ríkisstj. hafi nú þegar ráðstafað 15 millj. kr. sem láni til hafnargerða. Þetta eru vissulega góðar fréttir, það sem það nær, en um þetta hefur þingmönnum verið ókunnugt, að ég ætla, þangað til þessar upplýsingar birtust í áliti hv. meiri hl. Ég minnist þess ekki, að hæstv. ríkisstj. hafi gefið neinar upplýsingar um það hér á Alþingi, að þessum 15 millj. kr. hafi verið ráðstafað til hafnargerða, og því var ekki þess að vænta, að minni hl. væri það kunnugt. Ég minnist þess ekki heldur, að upplýsingar um þessar 15 millj. hafi komið fram í sjútvn., þannig að þetta hlýtur að hafa gerzt nú alveg nýlega, og það liggja ekki heldur upplýsingar fyrir um það, hvaðan þessar 15 millj. séu, hvernig þær séu til komnar eða fengnar. En ég dreg það ekki í efa, að það sé rétt, sem í nál. meiri hl. stendur, að þessar 15 millj. muni fást til hafnargerðalána. En hins vegar stendur að vísu ekkert um það í álitinu, hvenær þessi lán muni fást, hvort þau muni fást á þessu ári að einhverju eða öllu leyti. En jafnvel þó að þessar 15 millj. fengjust að láni til hafnargerða á þessu ári, þá er þar um lítið fé að ræða miðað við þá miklu þörf, sem hér er fyrir hendi.

Það var sumarið 1959, sem úthlutað var 28 milljónunum af fyrrnefndu láni til hafnargerða. Eitthvað af þessu fé var notað á árinu 1959, en nokkuð mikið af því mun hafa geymzt til ársins 1960, og á því hafa hafnargerðirnar margar byggzt á s. l. ári. Nú mun þetta fé vera þrotið að mestu eða sennilega algerlega þrotið nema upphæðin, sem geymd er vegna dráttarbrautarinnar á Akureyri, sem ekki hefur verið byrjað á enn þá. Þess vegna verður ekki séð í raun og veru, hvernig farið verður að því að koma hafnarframkvæmdum áfram næsta sumar, jafnvel þó að þessar 15 millj. kunni nú að verða fyrir hendi, sem um er rætt í áliti meiri hlutans. Það er alkunna, að kostnaður við hafnargerðir hefur hækkað stórlega, eins og annar framkvæmdakostnaður í landinu.

Við minnihlutamenn í sjútvn. fáum ekki séð, að það sé nein sérstök ástæða til þess að fresta því að gera ráðstafanir til þess að útvega hafnarsjóðum lánsmöguleika, þó að nú sé verið að vinna að tíu ára áætlun um hafnargerðir eða endurskoðun hafnarlaga. Það verður eiginlega ekki séð, að það sé beint samband þarna á milli. Það er áreiðanlegt, þó að ég geti ekkert um það fullyrt af neinni nákvæmni, að þegar tíu ára áætlunin liggur fyrir, hvenær sem það verður, þá mun þar verða um miklu hærri áætlunarupphæð í heild að ræða en hér er fjallað um í þessu frv., þannig að sú upphæð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., kemur sjálfsagt ekki til með að geta talizt nema brot af þeirri upphæð, sem tíu ára hafnaráætlunin mun fela í sér, og þess vegna getur ekkert verið á móti því, þó að gerðar séu ráðstafanir til þess að útvega þessa upphæð. Jafnframt er það svo, að þó að ekki sé búið að gera tíu ára áætlunina um allar hafnargerðir á landinu, þá er það alkunna, að fyrir liggja frá vitamálaskrifstofunni áætlanir um fjölda framkvæmda í höfnum, sem liggja fyrir á þann hátt, að eftir þeim er hægt að vinna og verður að sjálfsögðu unnið, ef fjármagn er fyrir hendi, þannig að skortur á áætlanagerð er á engan hátt því til fyrirstöðu, að hægt sé að gera ráðstafanir til þess að útvega hafnarsjóðum lánsfé, enda mun það sýna sig á þessu sumri, að ef fé verður fyrir hendi, þá mun ekki verða beðið eftir tíu ára áætluninni með að framkvæma þau mannvirki, sem menn geta útvegað fé til.

Sama er að segja um það, þó að eftir að lokið er endurskoðun hafnarlaga kunni að vera breytt greiðsluhlutföllum á milli ríkissjóðs og hafnarsjóða, þá mun ekki heldur verða beðið með framkvæmdir á næsta sumri eftir því, að það hlutfall verði ákveðið.

Þetta frv. er flutt vegna þess, að flm. telja, að brýn þörf sé á því að útvega þetta fé, og af sömu ástæðu mælir minni hl. sjútvn. með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem ég hér hef gert grein fyrir. Og eins og ég hef sagt, þá hef ég ekki, hvorki við að lesa nál. meiri hl. né eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. frsm., getað komið auga á það, að nein sérstök ástæða sé til þess að fresta þessu máli, ef menn telja, að framkvæmdir í höfnum hér á landi séu eins aðkallandi og þeir, sem að þessu frv. standa og að áliti minni hl., telja að þær séu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal aðeins taka örfáar mínútur. — Ef dagskrá sú verður samþykkt, sem hér er lagt til að samþykkt verði af meiri hl. n., vildi ég mega beina því til hæstv. ríkisstj. og þeirra aðila, sem fá þetta mál til afgreiðslu og væntanlega láta endurskoða lögin, hvort ekki sé rétt að taka upp í væntanlegt frv. ákvæði um, að útgerðin sjálf leggi nokkurt fé til þessara mála. Ég tel, að það sé alveg óhjákvæmilegt, ef á að koma hafnarmálunum í nokkurt viturlegt horf á næstunni, að þá eigi að taka beinan skatt af hverju nýju skipi, sem byggt er, hvort heldur það kemur til landsins eða er byggt hér innanlands. Ef það hefði verið tekinn t. d. 2% skattur af nýbyggingu undanfarið ár, mundu um 10 millj. kr. hafa bætzt hafnarsjóði þannig á s. l. ári, og það er lágmark, sem á að krefjast, að útvegurinn leggi til þessara mála. Þetta lágmark mundi útvegurinn fá aftur mjög fljótlega í lægri iðgjöldum og minni viðgerðum og miklu minna viðhaldi á skipunum, þar sem verið er með þessu fé að skapa skjól fyrir flotann, þar sem honum er óhætt að vera án þess að skemmast stórkostlega, sem útgerðarmenn verða að greiða fyrir í einhverri mynd. Ég tel einnig, að helmingurinn af slíku fé ætti að fara til að byggja þurrkví hér í Reykjavík, svo að við verðum sjálfir megnugir að taka upp og gera við okkar skip. En það er nú komið svo, að við getum staðið fullkomlega á sporði útlendingum með alla vélavinnu hér heima, en verðum að láta enn fara í stórum stíl til útlanda alla bolvinnu, vegna þess að við höfum ekki haft manndóm til þess að koma upp hjá okkur skipakví, sem getur tekið flota okkar til viðgerðar. — Þetta vildi ég láta koma fram þegar á þessu stigi málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 3. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 301 samþ. með 15:9 atkv.

2. Sveitarstjórnarkosningar (frv. heilbr.- og félmn. Ed.).

Á 61. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar [194. mál] (þmfrv., A. 373).

Á 62. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Í frv. til sveitarstjórnarlaga, sem nú er hér fyrir hv. d., er gert ráð fyrir, að felldur verði úr gildi kafli úr lögunum um sveitarstjórnarkosningar, þ. á m. 34. gr. þeirra laga, en í þeirri grein eru ákvæði samhljóða því lagafrv., sem nú er á dagskrá, um að kæra megi kosningu sýslunefndarmanns skriflega innan fjórtán daga og skeri sýslunefnd úr. Nauðsynlegt þykir, að ákvæðið haldist í lögum, og er frv. þetta því flutt að beiðni ráðh., þar sem gert er ráð fyrir, að ákvæðið verði fellt inn í 29. gr. l. um sveitarstjórnarkosningar, en sú grein fjallar um kosningakærur. Þetta er því eins konar fylgifrv. með frv. til sveitarstjórnarlaga.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Ég geri ekki till. um, að því verði vísað til n., þar sem það er flutt af nefnd.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta litla frv., sem hér er til umr., gefur ekki tilefni til andmæla eða langra umræðna. En af því að hér

er um að ræða frv. um breyt. á l. nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar, þá vil ég nota þetta tilefni til þess að vekja athygli hv. dm. á því, að brýna nauðsyn ber til að mínum dómi að endurskoða þau lög, sem þetta frv. er breyt. á, einkum eftir að það stóra frv. til sveitarstjórnarlaga hefur fengið afgreiðslu, sem hér er nú til meðferðar. Lögin um sveitarstjórnarkosningar, þau sem enn eru í gildi, eru alls 39 gr., en með frv. um sveitarstjórnarlög eða setningu nýrra sveitarstjórnarlaga á að nema úr gildi samtals 16 greinar af þeim 39, sem lögin eru nú, og þessar 16 greinar eru á þrem stöðum á víð og dreif í lögunum sjálfum, þannig að þegar þær hafa verið felldar úr gildi, meira en þriðjungur laganna, þá verður í raun og veru eftir slitur eitt og kaflar, sem ekki hafa eðlilegt upphaf sem heilsteypt lög, o. s. frv. Og mér sýnist, ef við svo búið á að sitja framvegis, þá verði mjög óaðgengilegt og torvelt fyrir menn, sem óvanir eru að lesa saman lagabókstafi, að glöggva sig á því, hvað er í gildi af þessum lögum og hvað ekki. Og hér kemur fleira til. Sumt af því, sem á að halda gildi í löggjöfinni, eftir að hinar 16 greinar hafa verið felldar úr gildi, fær að mínum dómi tæplega staðizt. Ég skal nefna dæmi þessu til stuðnings.

Í 11. gr., sem mér skilst að eigi að halda gildi, þótt hin nýju lög um sveitarstjórnir hafi fengið afgreiðslu, eru þessi ákvæði: „Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúarmánuði ár hvert, samtímis því sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar.“ Nú er með nýju lögunum um kosningar til Alþingis, sem sett voru á þingi 1959 samhliða stjórnarskrárbreytingunni, þessum ákvæðum um samningu kjörskráa breytt, þannig að þær þarf ekki að semja í febrúar, heldur aðeins þannig, að þær séu tilbúnar tveim mánuðum fyrir kjördag, þegar ber að leggja þær fram. Þetta ákvæði um að semja kjörskrár í febrúar og samtímis því sem kjörskrár til Alþingis eru samdar er því ekki lengur í samræmi við hin nýju kosningalög til Alþingis.

Enn fremur segir hér í 11. gr.: „Kjörskrár í kaupstöðum og hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár, eftir að þær eru samdar, til 23. janúar næsta ár þar á eftir.“ Þetta er miðað við hin gömlu ákvæði um kjördag við sveitarstjórnarkosningar í kaupstöðum, en á að taka og þarf að taka eðlilegum breytingum í samræmi við breytt ákvæði um kjördaginn.

Í 12. gr. laganna, sem mér skilst að eigi einnig að halda gildi, segir svo: „Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka: 1) Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. gr. þessara laga.“ Nú er 6. gr. þessara laga felld úr gildi með stóra frv., og þá stendur það eftir, að hér verður vitnað í grein, sem er ekki lengur til.

Nú er kjörtímabil til sveitarstjórnarkosninga þannig, að sveitarstjórnarkosningar fóru fram um allt land á árinu 1958, að ég ætla, og eiga að fara fram næst á árinu 1962. Í sjálfu sér er eðlilegt og nauðsynlegt að hafa í lögum þetta efnisákvæði, sem fjallað er um í þessu litla frv. En þó er á það að líta, að það eru ekki líkur til, að það kæmi að sök, þó að það stæði ekki í lögum til næsta hausts eða svo, vegna þess að sýslunefndarmenn hafa þegar verið kosnir, aðalmenn og varamenn, og það eru ekki líkur fyrir því, að sýslunefndarkosningar þurfi að fara fram, — alls ekki almennt og litlar líkur til þess, að það þurfi að fara fram aukakosningar á næsta sumri. Þess vegna vildi ég vekja eftirtekt á því í þessari hv. d., að mér sýnist full ástæða til, að frá d. komi áskorun til hæstv. ríkisstj. um að hlutast til um, að lögin um sveitarstjórnarkosningar verði endurskoðuð í heild, þ. e. a. s. þeir kaflar, sem eftir standa í þeim, og að frv. um það efni verði lagt fyrir næsta þing. Þá gefst tími til að afgreiða það mál á næsta þingi, og yrði þá til ný og heilsteypt löggjöf um það, áður en hinar almennu sveitarstjórnarkosningar fara fram sumarið 1962.

Ég vek eftirtekt á þessu og vænti þess, að n., sem þetta frv. flytur, taki þetta til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls benti ég á, að með frv. til sveitarstjórnarlaga ætti að fella úr gildi margar greinar í lögum nr. 81 1936, um sveitarstjórnarkosningar, og eftir að þær greinar hafa verið felldar úr gildi, vantaði mikið á, að sú löggjöf yrði nægilega heilsteypt og augljós. Í annan stað benti ég á, að samræmi þyrfti að vera á milli laga um sveitarstjórnarkosningar annars vegar og hins vegar milli sveitarstjórnarlaga og laga um kosningar til Alþingis. Í framhaldi af þessu leyfi ég mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., Karli Kristjánssyni, að flytja við þetta frv. tillögu til rökstuddrar dagskrár, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem nauðsyn ber til að breyta lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, til samræmis við sveitarstjórnarlög og lög um kosningar til Alþingis, og í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða í heild lög nr. 81 1936, um sveitarstjórnarkosningar, og leggi frv. um það efni fyrir næsta reglulegt Alþingi, þá telur deildin ekki ástæðu til að lögfesta þetta frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta, en vísa til þess, sem ég sagði um málið við 1. umr. þess. Það hefur ekki unnizt tími til að láta prenta þessa till. til rökstuddrar dagskrár, og verður því að afhenda hæstv. forseta hana skriflega, og vænti ég þess, að hann taki hana til meðferðar.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Út af fram kominni dagskrártill. um þetta mál vildi ég einungis láta þess getið, að ég fæ ekki séð, að það skipti neinu máli til eða frá, hvort þetta frv., sem er á dagskrá, verður lögfest

eða ekki, vegna þess að ætla má, að það fari ekki fram kosningar sýslunefnda nú í allra næstu framtíð eða þar til ný og endurskoðuð löggjöf um sveitarstjórnarkosningar hefur verið lögfest.

Ég mun því ekki andmæla dagskrártill. og væntanlega greiða henni atkvæði, því að það má segja, að það fari bezt á því að gera einróið að því að endurbæta lögin um sveitarstjórnarkosningar. Ég vil aðeins geta þess, að mér er kunnugt um það, að þessi endurskoðun er þegar hafin á vegum félmrn., þannig að gera má ráð fyrir, að frv. til nýrra laga um sveitarstjórnarkosningar verði lagt fyrir næsta Alþingi.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 393 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. Síldarútvegsnefnd o. fl.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. [190. mál] (þmfrv., A. 367).

Á 62. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., sem hér er til umr., hef ég, ásamt hv. 3. þm. Vestf. og hv. 10. þm. Reykv., leyft mér að flytja á þskj. 367.

Við hv. 3. þm. Vestf. fluttum á síðasta Alþingi frv. til laga um breyting á lögum um síldarútvegsnefnd o. fl. frá 1934. Var þar um að ræða nokkru minni breyt. á nefndum lögum en fram kemur í frv. þessu, en þó má segja, að ekki sé um neina verulega efnisbreytingu að ræða.

Núgildandi lög um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. voru sett í desember 1934 og hafa staðið óbreytt síðan. Það gefur auga leið, að á þessu sviði sjávarútflutningsframleiðslunnar sem og öðrum hafa átt sér stað margvíslegar breytingar á undanförnum árum, og er því eðlilegt, að lögin séu sniðin eftir því, sem við á í dag.

Þegar lögin í fyrstu voru sett, mun það aðallega hafa vakað fyrir löggjafanum, að komið yrði á traustu skipulagi, sem tryggði framleiðendum lágmarksverð fyrir saltsíldina, er staðið gæti undir framleiðslukostnaði, og enn fremur, að komið yrði í veg fyrir offramleiðslu, sem oft áður hafði leitt til þess, að mikið verðhrun átti sér stað. Gekk það stundum svo langt, að það reið síldarframleiðendum að fullu.

Þegar síldarútvegsnefnd var stofnuð, mun ætlunin hafa verið sú, að nefndin löggilti síldarútflytjendur, ákvæði tölu þeirra og löggildingartíma, svo sem í lögunum segir, en hefði ekki sjálf á hendi einkasölu á saltsíldinni, þó að lögin geri einnig ráð fyrir þeim möguleika. Svo sem kunnugt er, hefur þróunin verið sú um alllangan tíma, að síldarútvegsnefndin hefur sjálf haft með söluframkvæmdina að gera, en aftur á móti löggilt söltunarstöðvar og síldarsaltendur.

Þá er í frv. þessu, svo sem í gildandi lögum, heimild til handa síldarútvegsnefnd að veita sölusamlagi saltsíldarframleiðenda eða samvinnufélagi, sem hefur yfir að ráða 75% saltsíldarframleiðslu landsmanna eða sama hundraðshluta af saltsíld, sem er verkuð með sérstakri verkunaraðferð, leyfi til sölumeðferðar og útflutnings á öllu því magni eða meira, sem það hefur til umráða.

Nú er það svo, eins og fram kemur í grg., sem frv. fylgir, að nú þegar eru starfandi sölusamlög framleiðenda í flestum aðalgreinum sjávarútvegsframleiðslunar, að saltsíldarframleiðslunni undanskilinni og enn fremur síldar- og fiskimjölsframleiðslunni. Félög síldarsaltenda eru hins vegar tvö starfandi í landinu: Félag saltsíldarframleiðenda á Suðvesturlandi og Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi. Í þess um tveim félögum eru allir saltsíldarframleiðendur, og með því að hvort félagið um sig eignist sinn fulltrúa í nefndinni, skapast þeim betri aðstaða til þess að fylgjast með og koma á framfæri tillögum og sjónarmiðum framleiðenda sjálfra, sem bezt ættu að tryggja farsæla lausn þessara mála hverju sinni.

Sú breyting, sem gerð er á 1. gr. gildandi laga, er sú ein, að nefndarmönnum fjölgar um tvo, verða nú 7 í stað 5 áður, og í stað þess að einn nefndarmanna er nú kosinn af síldarútvegsmönnum eftir reglum, sem atvmrh. setur, er nú lagt til, að sá fulltrúi verði tilnefndur af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Að sá háttur var ekki á hafður þegar frá upphafi, á sama hátt og fulltrúi sjómanna var tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, stafar einvörðungu af því, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna er yngra en löggjöfin og því ekki hægt að taka tillit til þess, þegar lögin voru samin.

2. gr. er að mestu óbreytt. Þó er fellt niður ákvæði um, að það sé á valdi síldarútvegsnefndar að úthluta skipum leyfi til að mega veiða síld til verkunar. Í þeim efnum er viðhorfið í dag gerbreytt frá því, sem áður var, og síldin verkuð og unnin á margvíslegan hátt, sem var ekki þekkt, þegar lögin voru samþykkt. T. d. er hraðfryst síld til útflutnings nú verulega stór hluti af síldaraflanum suðvestanlands.

Nokkur breyting er gerð á 3. gr. Þar er t. d. fellt niður að miða við þá síld, sem veidd er í íslenzkri landhelgi. Slíkt ákvæði verður að teljast óþarft, enda oft miklu meira af síldaraflanum veitt utan landhelgi en innan.

Þá er ákvæði um, að enginn megi bjóða síld til sölu, hvernig sem hún er verkuð, að ísaðri síld undanskilinni, nema með leyfi nefndarinnar. Þetta ákvæði er nú of þröngt, og er því bætt við, að ákvæði þessarar greinar nái þó eigi til ísaðrar, frystrar og niðursoðinnar síldar og ekki heldur til síldar, sem lögð er niður í dósir eða önnur ílát, sem innihalda allt að 5 kg af síld.

4., 5. og 6. gr. eru að mestu óbreyttar. Þó er fellt niður að heimila síldarútvegsnefnd að ákveða hámarkssöltun af hverju skipi. Slíkt ákvæði er

óþarft nú, þó að það hafi getað verið jafnnauðsynlegt, þegar lögin voru upphaflega sett, með tilliti til þess, hve möguleikarnir voru þá takmarkaðir um hagnýtingu síldarinnar.

7. gr. er óbreytt að því undanskildu, að fellt er niður, að banna megi veiði, sem byggt er á sömu forsendum, því að sjálfsagt væri það mjög óeðlilegt, að síldarútvegsnefndin hefði heimild til þess að banna skipum að veiða síld, þar sem, eins og ég sagði áðan, er hægt að hagnýta síldina á ýmsan annan hátt nú en áður var.

8. gr. er á sama hátt nokkuð breytt frá því, sem nú er. Sumt er fellt niður, en að öðru leyti fært til þess vegar, sem við á.

9.—12. gr. eru óbreyttar frá því, sem nú er, en ákvæði til bráðabirgða er talið eftir ástæðum eðlilegt, þar sem kjörtímabili núv. nefndarmanna lýkur hvort sem er á yfirstandandi ári.

Ég vil svo leyfa mér að vænta þess, að hv. alþm. taki máli þessu vel og greiði fyrir framgangi þess á þinginu, og tel að öðru leyti óþarft að orðlengja frekar um málið að sinni, en geri það að tillögu minni, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 78. og 80. fundi í Ed., 21. og 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Ed., 23. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 367, n. 541 og 555).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér um ræðir. N. leitaði umsagnar nokkurra aðila um málið, en hafði aðeins fengið svör frá tveimur, þegar nál. voru gefin út, þ. e. frá báðum saltendafélögunum. Leggja þau bæði til, að frv. verði samþ., en Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi leggur þó til, að nokkrar smávægilegar breyt. verði gerðar á frv.

Nú hafa enn fremur bætzt við umsagnir tveggja aðila til viðbótar, þ. e. Alþýðusambands Íslands, sem leggur til, að frv. verði fellt, og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem mælir hins vegar með samþykkt frv.

N. gat eigi orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill samþykkja það með tveimur smábreytingum á 3. gr. frv. og hefur leyft sér að bera fram till. um það á þskj. 541. Kemur þar fyrst til, að við leggjum til, að reykt síld verði undanskilin ákvörðun n. á sama hátt og ísuð, fryst og niðursoðin síld.

Þá leggjum við til, að í staðinn fyrir 5 kg komi 10 kg. Er sú breyting miðuð við ákvæðið í tollalöggjöf þeirra landa, sem hugsað er, að þannig verkuð síld verði helzt seld til. En þar er skv. þeim upplýsingum, sem við fengum, miðað við umræddan hámarksþunga hverrar pakkningar, að síldin sé undanþegin innflutningstolli.

Í sambandi við frv. þetta að öðru leyti vil ég vísa til þess, er ég sagði í framsögu um málið, og tel, að ekkert nýtt hafi fram komið í málinu sem rök fyrir því, að ekki sé rétt og tímabært, að málið nái nú fram að ganga.

Ég vil því vona, að hv. d. sjái sér fært að greiða fyrir afgreiðslu þess og samþ. það með þeirri breyt., sem fram kemur í nál. meiri hl. hæstv. sjútvn. á þskj. 541.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hefur skýrt frá, varð ekki samkomulag í n. um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n., en það eru flm. frv. allir þrír, vill samþ. frv. með smávægilegum breyt., en minni hl., sem ég skipa ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e., leggur til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá.

Eins og hv. þm. er ljóst, er hér ekki á ferðinni frv. til breyt. á l., heldur ný löggjöf, sem á að koma í staðinn fyrir gamla. Að vísu er hún í verulegum atriðum eins og hin fyrri, en hún er líka í verulegum atriðum á annan veg.

Lög um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. eru búin að standa óbreytt í 27 ár eða frá 1934, þegar fyrst voru sett lög um þessi mál. Þetta atriði eitt sýnir, að löggjöfin hefur gefizt vel, það hafi verið vel til hennar vandað, þar sem engar breyt. hafa verið á henni gerðar svo langan tíma, og hitt mun varla fara á milli mála, að setning þessarar löggjafar á sínum tíma hafi verið mikið nauðsynjamál. Þeir muna það, sem nú eru orðnir fullorðnir menn, hvernig ástandið var í þessum málum á þeim tímum og að þetta var ein hin þarfasta löggjöf, sem sett var í atvinnumálum þjóðarinnar. Með þessu er ég ekki að segja það, að ekki sé þörf á að breyta þessum lögum, sem svo lengi hafa staðið, eftir ýtarlega athugun. Það er fjarri mér, að ég vilji halda í lög óbreytt, af því að þau séu orðin gömul. En ég segi það, að það út af fyrir sig bendir í þá átt, að vel hafi verið til þessara laga vandað, að þeim skuli ekki enn hafa verið breytt eftir allan þennan tíma.

Þær breytingar, sem felast í þessu frv. frá eldri lögum, eru aðallega tvenns konar: dregið er mjög mikið úr verksviði síldarútvegsnefndar og skipun n. á að verða á nokkuð annan veg en hún hefur verið.

Aðalbreytingin á verksviði síldarútvegsnefndar er sú, að afnema á með öllu afskipti síldarútvegsnefndar af síldveiðum, þ. e. að öll veiðileyfi eiga nú að falla niður.

Hin breytingin er þó meiri, að hér eftir á síldarútvegsnefnd ekki að hafa nein afskipti af sölu og útflutningi annarrar síldar en saltsíldar. Síld, sem verkuð er með öðrum hætti og seld úr landi, á að vera síldarútvegsnefnd óviðkomandi. Ég bendi á, að í 3. gr. frv. er ekki alls kostar rétt orðalag á greiminni, þar sem þetta er þó eitt af aðalatriðum frv., en þar segir: „Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt.“ En í niðurlagi gr. segir, að undir þessi ákvæði komi ekki ísuð síld, fryst, niðursoðin eða niðurlögð, og samkvæmt brtt. meiri hl. n. á að bæta við: „reykt síld“. Ég held, að þetta séu flest eða jafnvel alveg öll verkunarstig síldar önnur en söltun, svo að það er varla hægt að afgreiða frv. með þessu orðalagi í 3. gr. eins og það er, ef þetta á að standa í niðurlagi sömu

gr. Þetta stríðir algerlega hvort á móti öðru. Það er ekki hægt að tala um það í byrjun gr., að enginn megi bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, en tína svo upp í niðurlagi gr. öll verkunarstigin nema söltun.

Nú vil ég alls ekki segja neitt um það á þessu stigi, hvort þær breyt., sem í þessu frv. felast frá eldri lögum, eru aðkallandi eða nauðsynlegar. Til þess skortir mig kunnugleika, og ég hygg, að allmarga hv. þm. skorti nægilegan kunnugleika til að dæma um þetta. Ég býst við, að ýmsar af þessum breyt., sem farið er fram á í þessu frv., kunni að vera réttmætar. Þó efast ég um, að það séu nema sumar þeirra. En við í minni hl. n. leggjum áherzlu á það, að ekki sé flaustrað af löggjöf um þetta efni og það á allra síðustu dögum þingsins, heldur fari endurskoðun fram á þessum lögum, endurskoðun þeirra manna, sem eru kunnugastir málunum, hafa mesta reynslu um þetta og mestra hagsmuna hafa að gæta. Það eitt felst í raun og veru í okkar rökst. dagskrá, að svo sé gert.

Tveir af flm. þessa frv. fluttu á síðasta þingi frv. um þetta sama efni, en þó var það frv. nokkuð á annan veg en þetta. M. ö. o.: flm. hafa skipt nokkuð um skoðun í þessum málum síðan í fyrra. Bendir þetta ekki í þá átt, að hér þurfi rækilegri athugun á þessum málum en orðið er? Ég held, að það sé varla hægt að mótmæla því með rökum, að hér þurfi að endurskoða lögin rækilega, og það leggjum við til, sem í minni hl. n. erum, með okkar rökst. dagskrá.

Hitt aðalefnisatriði þessa frv. eða breyt., sem felst í því frá eldri lögum um þetta efni, er skipun síldarútvegsnefndar. Hún er þannig skipuð nú, að þrír eru kosnir af Alþingi, einn er tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og einn er kosinn af síldarútvegsmönnum, beinni kosningu af útvegsmönnum sjálfum. Samkv. þessu frv. er lagt til, að fjölgað verði í síldarútvegsnefnd um tvo, úr 5 upp í 7. Þrír verði áfram kosnir af Alþingi, einn verði enn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn verði tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, í staðinn fyrir að hann hefur verið áður kosinn beinni kosningu af síldarútvegsmönnum, og loks komi tveir frá félögum síldarsaltenda, sem eru tvö, annað fyrir Norður- og Austurland, hitt fyrir Suðvesturland.

Ég vil benda á það, án þess að leggja dóm á, hvort það sé réttmætt eða ekki, að mér sýnist, að áhrif síldarsaltendanna eigi að verða þarna mestu ráðandi, langsamlega mestu ráðandi í þessari nefnd. Ég skal ekki dæma um það, hvort það er réttmætt eða ekki réttmætt, en ég bendi á þetta. Tveir fulltrúar eiga að vera beint kosnir af félögum síldarsaltenda. Eins og nú standa sakir munu vera tveir af hinum þingkjörnu mönnum síldarsaltendur. Þarna eru komnir fjórir, ef slíkt verður áfram. Og við vitum ekkert um hina, nema þeir kunni einhverjir að vera síldarsaltendur líka.

Ég verð að segja það, að mér virðist, að það mætti gæta meir áhrifa frá sjálfum útvegsmönnum og sjómönnum. Það má segja, að tilnefning Alþýðusambands Íslands sé á þeirra vegum, og hún á að haldast, það er engin breyting. En hins vegar á, um leið og fjölgað er um tvo í n., að fella niður kosningu eins mannsins í n., sem nú er kosinn beinni kosningu af útvegsmönnum, en í staðinn á Landssamband ísl. útvegsmanna að nefna mann í n., en það er félagsskapur miklu fleiri útvegsmanna en síldarútvegsmanna. Ég ætla, að það séu ekki nema nokkuð á þriðja hundrað skip, sem stunda síldveiðar oftast nær árlega, en fiskiskip í landinu munu vera á milli sex og sjö hundruð, svo að viðhorf sjómanna og útgerðarmanna eru auðvitað miklu víðtækari en hvað snertir aðeins síldarútgerð. Það má að vísu ætla, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna nefni í þessa n. mann, sem er síldarútvegsmaður, en ekkert ákvæði er um það í frv.

Þá held ég, að það sé mjög óvenjulegt, að Alþingi kjósi í stjórn opinberrar stofnunar minni hl. stjórnarinnar, kjósi þrjá menn af sjö. Ég man ekki eftir neinu hliðstæðu dæmi, það kann að vera til, en ég man ekki eftir neinu slíku, þar sem stjórn opinberrar stofnunar er kosin að nokkrum hluta af Alþingi, en að nokkrum hluta af öðrum aðilum, að þá skuli hinir þingkjörnu vera í minni hl. Mér finnst, að það komi þá alveg eins til mála, að Alþingi hætti með öllu að kjósa menn í þessa n. og að öll síldarútvegsnefnd sé tilnefnd af öðrum aðilum, en að Alþingi kjósi minni hluta í slíka n., það tel ég a. m. k. óvenjulegt.

Hv. frsm. meiri hl. skýrði frá því, að það hafi aðeins svarað n. tveir aðilar af sex, sem hún óskaði eftir umsögnum frá. Það er rétt. Svo var það, þegar nál. voru gefin út. En hann skýrði frá því hér áðan og skýrði mér frá því í dag, að nú hefðu tvær umsagnir borizt í viðbót. Ég hef hvoruga þeirra séð, en hann hefur sagt mér frá þeim. Önnur umsögnin er meðmæli með þessu frv., en hin umsögnin er mótmæli gegn því. Það eru mótmæli frá Alþýðusambandi Íslands, en meðmæli frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Með öðrum orðum: af þeim sex aðilum, sem málið var sent til umsagnar, hafa þá fjórir svarað, og af þessum fjórum eru þrír meðmæltir frv., m. ö. o. allir aðilarnir, sem eiga að nefna menn fyrst nú í þessa n. Það eru saltendafélögin bæði, og það er Landssamband íslenzkra útvegsmanna, sem eiga nú að tilnefna menn í síldarútvegsnefnd samkvæmt þessu frv., en höfðu ekki þann rétt áður, svo að það er ekki beint að undra, þó að þeir mæli með frv.

En þó að síldarsaltendur eigi nú að fá svo aukin áhrif í þessari n., eins og hér er gert ráð fyrir og ég vil ekki dæma um, hvort réttmætt sé eða ekki, þá hefur nú samt málið komið til umr. hjá síldarsaltendum norðanlands, og er skammt þess að minnast, að síldarsaltendur í stærstu síldveiðistöð landsins, Siglufirði, hafa mótmælt frv.

Það er því sitt af hverju, sem mælir með því, að dagskrártill. okkar í minni hl. verði samþ., þar sem í henni felst ekkert annað en það að láta endurskoða þessi l. fyrir næsta þing, að hæstv. ríkisstj. hlutist til um, að þau verði endurskoðuð og þannig betur undirbúnar till. í þessu máli af þeim aðilum í landinu, sem bezt skilyrði hafa til þess, kunnugastir eru, mesta hafa reynsluna og mestra hafa hagsmunanna að gæta. Það

sýnist því ekki til of mikils mælzt, þegar á hitt er þá litið líka, að mér sýnist geta brugðið til beggja vona um, að þetta frv. nái fram að ganga, þegar svo mjög er komið að þingslitum eins og nú er, og færi nú svo, að málið strandaði hér í þinginu, yrði ekki útrætt, þá er verr farið fyrir sjálfa áhugamenn þessa frv. heldur en að fallast á okkar rökst. dagskrá, því að þá er ekki við því að búast, að neinn undirbúningur eða endurskoðun á þessum l. fari fram á milli þinga, sem maður verður að gera ráð fyrir að yrði, ef okkar rökst. dagskrá á þskj. 555 yrði samþykkt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Langsamlega mikilvægasta verkefni síldarútvegsnefndar er að annast eða hafa yfirumsjón með sölu íslenzkra sjávarafurða á erlendum mörkuðum og jafnframt eftirlit með framleiðslunni í því sambandi. Þetta hlutverk, hver sem fer með það eða á að gegna því, er sérstaklega mikilvægt og jafnvel mikilvægara í þessari framleiðslugrein en öðrum vegna þess, hve framleiðsla okkar þjóðar er tiltölulega mikil í þessari grein, og það, hvernig henni er stjórnað af okkar hálfu, getur haft áhrif jafnvel á heimsmarkaðsverð viðkomandi vörutegundar.

Það hefur þess vegna lengi, eða nú um aldarfjórðungsskeið a. m. k., verið óumdeilt, að nauðsynlegt væri að hafa sölu síldarafurðanna með einhverjum hætti sem mest á einni hendi, m. a. til þess að forðast offramleiðslu, hugsanleg undirboð og annað, sem að slíku gæti stuðlað. Mér virðist a. m. k. við fljóta yfirsýn, að til greina komi aðallega þrjár leiðir til að ná þeim markmiðum, sem allir eru sammála um að stefna beri að í þessum efnum, þ. e. a. s. því markmiði, að við framleiðum sem mest magn af góðri vöru og getum selt hana við sem hagkvæmustu verði fyrir okkur. Og þessar leiðir eru í fyrsta lagi sú, að ríkisvaldið skipi þessari útflutningsgrein forstöðu með einhverjum hætti, forstöðu, sem hafi einkaleyfi á sölu og eftirlit með framleiðslunni, þ. e. a. s. að starfandi sé eins konar ríkiseinkasala á þessari útflutningsframleiðslu, og þetta er í rauninni sú leið, sem hefur verið farin síðastliðinn aldarfjórðung hjá okkur eða allt frá þeim tíma, að óheft einkaframtak í þessum efnum hafði — ásamt kannske öðrum atvikum — nær hrint þessari mikilsverðu framleiðslugrein okkar í algert öngþveiti. Í öðru lagi gæti að sjálfsögðu komið til greina, að sá aðili, sem síðastur er talinn eigandi þessarar framleiðslu hér innanlands, þ. e. a. s. síldarsaltendur aðallega og eigendur niðursuðuverksmiðja, mynduðu með sér félagsskap, sem þá hlyti löggildingu sem einkaútflytjandi í þessari framleiðslu. Og í þriðja lagi kynni svo að vera hugsanlegt, að allir framleiðendur væru, að vissu marki að minnsta kosti, frjálsir að því að selja sína framleiðslu á erlendum markaði, hver fyrir sig eða sameiginlega eftir atvikum, og yrðu þá einungis að sæta eftirliti, svipað og önnur útflutningsframleiðsla, hvað verðlaginu við kæmi Það væri svipað eftirlit með sölu á þessari útflutningsframleiðslu okkar og nú er gildandi um aðra sjávarútvegsvöru.

Það er vafalaust, að allar þessar leiðir, hver þeirra sem farin yrði, hafa eitthvað til síns ágætis, og ég ætla ekki hér að meta það, hver þessara meginleiða, sem til greina koma, sé æskilegust. En aftur á móti hlýtur hitt að liggja nokkurn veginn í augum uppi, að skipun á yfirstjórn þessara mála verður að vera í einhverju samræmi við það, hvaða leið er valin hvað skipulagið á þessum málum snertir. Það held ég að menn hljóti að vera sammála um, þó að þá að öðru leyti kunni að greina á um, hvaða leiðir sé heppilegast að fara. Ég held t. d., að engum mundi koma til hugar að setja það í lög, að t. d. stjórn ríkiseinkasölu á ákveðinni vörutegund, — við getum hugsað okkur áfengi eða tóbak, þar sem við höfum slíkar einkasölur, — að stjórn slíkra ríkisstofnana væri skipuð að meira eða minna leyti af heildsölum. Ef ekki væri slík einkasala starfandi í þessari grein innflutningsins, en heildsalar t. d. hefðu með sér samband um kaup og dreifingu á þessum vörutegundum, væri auðvitað langeðlilegast, að þeir stjórnuðu þeirri starfsemi sjálfir og hefðu allan veg og vanda af þeirri stjórn, eða þá að þeir önnuðust þetta hver í sínu lagi og þyrftu ekki að sæta neinni yfirstjórn af opinberri hálfu, annarri en þá ákvæðum verðlagseftirlits eða því um líku. Mér finnst, að í höfuðatriðum hljóti alveg sama að gilda um útflutningsgreinarnar.

Ef litið er svo á, að útflutningurinn eigi að vera í höndum ríkisins, eins og hann hefur í reyndinni verið síðustu 26 ár, þá er vitanlega langeðlilegast og raunar það eina, sem til greina getur komið, að stjórn þeirrar ríkisstofnunar sé í höndum Alþingis eða ríkisstj. og hún beri þá alla ábyrgð gagnvart öllum aðilum. Ef aftur á móti er litið svo á, að þessi útflutningsstarfsemi sé bezt komin í höndum þeirra, sem sjá um síðasta stig framleiðslunnar og virðast vera haldnir þeirri trú, að þeir séu raunverulega þeir einu, sem eigi þar einhverju um það að ráða, hvernig með hana fer, eftir að hún hefur farið í gegnum þeirra hendur, þá leiðir vitanlega af því, að þeir eiga að hafa allan veg og vanda af því, hvernig þessum málum er stjórnað að öllu leyti. Það kemur líka fram, ef maður athugar gildandi lög um þessi mál, þ. e. síldareinkasölulögin, að þar er gert ráð fyrir þessum möguleika á þann hátt, að framleiðendum er heimilað að mynda sjálfir með sér sölusamlag á þessum vörutegundum, ef viss hluti af þeim kemur sér saman um að gera það. Það er því langt frá því, að eftir gildandi lögum sé komið í veg fyrir, að þessi önnur leið, sem ég nefndi, sé farin.

Þetta frv., sem hér er til umr., getur að mínu viti ekki skoðazt sem nein endurskoðun á meginskipulagi síldarsölumálanna, og þó að nokkrar breytingar séu gerðar á lögunum um þetta efni, þá eru þær allar harla lítilfjörlegar og skipta í raunínni engu máli um sjálfa framkvæmdina. Þó að niður séu felld nokkur ákvæði, sem eru orðin úrelt og hafa ekki verið framkvæmd árum saman eða jafnvel ekki frá byrjun, breytir það í raun og veru ekki nokkrum hlut. Eina breytingin á skipan þessara mála, sem skiptir einhverju máli, er um sjálfa stjórn síldarútvegsnefndar. Þó að frv. sé alllangt og þannig í allmiklum umbúðum, þá eru þær umbúðir eingöngu umbúðir um þetta eina atriði. Þannig er ætlun flm. að breyta stjórninni á yfirstjórn síldarsölumálanna án þess að gera

nokkra breytingu á sjálfu skipulaginu, sem þó hlýtur að vera algerlega ákvarðandi um það, hvernig stjórnin er saman sett. Og breytingin, sem hér er lagt til að sé gerð, er sú, eins og kom greinilega fram hjá hv. frsm. minni hl. sjútvn., 4. þm. Vestf., að það er lagt til, að stjórn þessarar ríkisstofnunar eigi hér eftir að vera þannig skipuð, að fulltrúar ríkisvaldsins, sem eiga að bera ábyrgðina og reka þessa stofnun, eigi að hafa þrjá fulltrúa af sjö, þeir eiga að vera í minni hluta í nefndinni. Um þetta er frv. og raunverulega ekki neitt annað. Og það er fljótsagt, að ég tel ekki vera heila brú í slíkri hugmynd. Annaðhvort á þessi stofnun að vera í höndum ríkisins og stjórn hennar að vera skipuð samkvæmt því eða þá að hún á að vera í höndum framleiðenda, sem þá veita henni forstöðu og hafa af henni allan veg og vanda. Það breytir ekki þessu máli, þó að sá háttur hafi verið á hafður á undanförnum árum að heimila tveimur aðilum að skipa minni hl. í þessari nefnd. Eftir sem áður hefur stjórn nefndarinnar verið að meiri hluta í höndum fulltrúa Alþingis, sem þannig hafa haft úrslitavaldið í málefnum stofnunarinnar.

Rökin fyrir því að gera þessa hálegu breytingu eiga að vera þau fyrst og fremst, að það hljóti að vera til mikilla hagsbóta fyrir alla, sem að síldarframleiðslunni vinna. Ég hygg, að hv. flm. hljóti að hafa þar fleira í huga en bara síldarsaltendur, því að vitanlega eru þeir ekki nema lítill hluti af þeim mikla fjölda manna, sem hefur hagsmuni í þessu sambandi, að það hljóti að vera til mikilla hagsbóta, að síldarsaltendur ráði meira um afurðasöluna en þeir hafa gert hingað til. Nú vil ég alls ekki draga það í efa, að störf síldarútvegsnefndar megi gagnrýna og það jafnvel á margvíslegan hátt, og ég get verið flm. sammála um það, að henni hafi á ýmsan hátt verið mislagðar hendur, og mætti nefna um það mörg dæmi. En hvers vegna í ósköpunum nota þá ekki síldarsaltendur, sem hér eru svo mjög bornir fyrir brjósti, heimild sína, sem þeir hafa samkv. gildandi lögum, til þess að mynda sitt eigið sölusamband og fá þar með afurðasöluna, ef þeir telja það allra meina bót, og krefjast þess þá, að síldarútvegsnefnd með því hlutverki, sem hún á nú að gegna, sé hreinlega lögð niður? Ég held aftur á móti, að það sé sannast mála, að það hafi ekki sérstaklega bagað síldarútveginn, að fáir eigendur síldarsöltunarstöðva hafi ekki haft nógu mikil áhrif á störf síldarútvegsnefndar, því að það er vissulega rétt, sem fram hefur komið, að síldarútvegsnefnd hefur um árabil og áreiðanlega mjög lengi verið skipuð að meiri hluta af síldarsaltendum. En það er að vísu rétt, að þeir hafa ekki verið þar sem kjörnir fulltrúar síldarsaltenda og kannske ekki borið sérstaklega ábyrgð gagnvart þeim. En ég hygg líka, að skoðanir manna séu mjög skiptar um það og jafnvel síldarsaltenda, hvort þeir fulltrúar, sem nú yrðu kosnir af svokölluðum söltunarfélögum síldarsaltenda hér syðra og á Norðurlandi, mundu verða nokkuð betri fulltrúar síldarsaltenda en þeir, sem nú skipa meiri hluta í síldarútvegsnefnd, og ég tel það beri a. m. k. vott um, að grunsemdir um það séu nokkuð miklar uppi, að í stærsta síldarsöltunarbæ landsins hafa eigendur söltunarstöðva einróma mótmælt þessu frv., þ. e. a. s. síldarsaltendur á Siglufirði, og ég held þess vegna, að sú staðreynd styðji það mjög mikið, að þetta mál sé athugað betur. Og það er eins og ég sagði áður, að það liggur alveg ljóst fyrir, að ef síldarsaltendur væru einhuga um að stíga spor í þá átt, sem hér er lagt til, mundu þeir vilja, að sporið yrði stigið til fulls, og mundu nota heimild gildandi laga til þess að mynda sín eigin sölusambönd. Og þeir eru áreiðanlega margir, síldarsaltendurnir, ekki síst norðanlands og kannske sunnan líka, sem gera sér vel ljósa annmarkana á þeirri skipan, sem hér er lögð til, og þó kannske enn þá ljósara, að sú grautargerð, sem hér er á ferðinni, er ekki til neinna bóta, hvorki fyrir þá né aðra. Hitt þykist ég svo vera viss um, að þeir, sem hafa mestra hagsmuna að gæta í sambandi við síldarútveginn, og þar eru, eins og ég áður sagði, síldarsaltendur langt frá því að vera þeir einu, sem koma til greina sem réttmætir áhrifaaðilar, að þeir hafa áhuga fyrir því, að þessi mál öll séu tekin til rækilegrar athugunar og endurskoðunar, en till. okkar í minni hl. sjútvn. styður einmitt að því, að það verði gert.

Ég sakna nú hv. frsm., ég ætlaði að ræða svolítið sérstaklega við hann, en ég vonast til, að því verði þá komið til hans, sem ég segi um það, að í sambandi við það hafa borizt umsagnir seint og um síðir frá fjórum aðilum af sex, sem hefur verið leitað til, að ég hygg, að formaður n. eigi verulega sök á, að þessar umsagnir hafa ekki legið fyrir, m. a. vegna þess, að mér er kunnugt um það, að hann hefur tjáð a. m. k. einum aðila, sem þarna kom til greina, að það væri ekki svo áríðandi að skila neinni umsögn um þetta, því að þetta frv. ætti ekki að ganga fram á þessu þingi. Ég hygg, að svona vinnubrögð hjá formanni nefndar hér í hv. deild séu — ég vil ekki segja einsdæmi, en þau eru áreiðanlega stórkostlega vítaverð, þegar formaður notar aðstöðu sína til þess að hindra það, að mál upplýsist eins og efni standa til, og ég fyrir mitt leyti vil víta þá framkomu, sem í því lýsir sér.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Ed., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Í framhaldi af þeim umr., sem hér fóru fram í gær um þetta frv., vildi ég segja þetta í fyrsta lagi í sambandi við ræðu hv. 4 þm. Vestf. (SE):

Í upphafi máls síns talaði hann um það, að lög þessi hefðu staðið óbreytt í 27 ár, og það sýnir, að löggjöfin hefur gefizt vel. Það er rétt, að lög þessi hafa staðið óbreytt þennan árafjölda. En það er jafnalkunnugt, að mörg atriði löggjafarinnar eru löngu úrelt og hafa ekki verið framkvæmd. Enda þótt lögunum hafi ekki verið breytt, þá er það vitað, og öllum, sem hafa fylgzt með þessu máli, er það ljóst, að mörg ákvæði laganna eru löngu úr gildi fallin að því leyti, að þau eru úrelt og hafa þess vegna ekki komið til framkvæmda.

Þá sagði hv. þm., að með þessu frv. sé dregið verulega úr starfssviði nefndarinnar, t. d. falli niður veiðileyfi. Það er einmitt eitt af þeim at-

riðum, sem eru úrelt fyrir löngu, það eru veiðileyfin. Áður fyrr var það svo, að síldin varð ekki nýtt nema á mjög einhæfan hátt, en eftir að nýtingin varð fjölbreyttari, t. d. eftir að síldin var flutt ísuð til útlanda og eftir að farið var að frysta síld í stórum stíl til útflutnings, þá kom þetta ákvæði vitanlega ekki til greina, því enda þótt ekki væri hægt að salta síldina eða nægir markaðir fyrir þannig verkaða síld, þá var ástæðulaust að banna veiði fyrir þær sakir. Er þetta eitt af mörgum atriðum í nefndum lögum, sem er fyrir löngu úrelt og hefði átt að vera fellt niður úr lögunum, þótt fyrr hefði verið.

Þá var minnzt á það, að nú ætti nefndin eftir þessu nýja frv. einungis að hafa með höndum sölu á saltsíldinni, því að aðrar verkunartegundir væru taldar upp, sem ættu ekki að heyra undir nefndina. Áður var það aðeins ísuð síld, sem féll undan, og það var vitaskuld bara vegna þess, að þá var ekki komið til greina með hinar verkunaraðferðirnar, t. d. með niðursuðu síldar eða frysta síld, sem nú er framleidd í mjög stórum stíl. Það ákvæði, sem kom til viðbótar í brtt. nefndarinnar um að undanskilja enn fremur reykta síld, er vitanlega gert í sama tilgangi, enda aldrei ætlazt til annars en þess, að það væri fyrst og fremst saltsíldin, sem heyrði undir síldarútvegsnefndina, og það er sú verkun, sem síldarútvegsnefnd á að hafa með höndum eftirlit í sambandi við framleiðslu á og sölu saltsíldarinnar.

Í dagskrártill. eru rökin fyrir því, að það sé nauðsynlegt að endurskoða lögin betur en gert er með þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, að nauðsynlegt sé að fá til þess menn, sem bezt til þekkja um þessi mál, áður en sú breyting eigi sér stað, sem hér er lagt til í þessu frv. Í þessu sambandi vil ég benda á, að bæði í fyrra og eins nú hefur frv. þetta verið sent til síldarútvegsnefndar og til félags saltenda og enn fremur fleiri aðila. Ég tel, að þeir, sem þekkja bezt til með sölu síldarinnar, séu einmitt þessir menn, það séu síldarsaltendur og síldarútvegsnefnd. Við vitum það, að eftir að þeir hafa keypt síldina og eru orðnir eigendur að henni, þá er það enginn, sem setur sig betur inn í þau atriði, sem varða sölu síldarinnar, heldur en einmitt síldarsaltendurnir sjálfir og þá jafnframt síldarútvegsnefndin, sem hefur á undanförnum árum haft með sölu síldarinnar að gera. Það segir sig því sjálft, að með því að fá umsögn þessara manna, sem mæla með því, að frv. verði samþykkt, er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að þeir hafi gert það að óathuguðu máli, þegar þeir telja, að hér sé stefnt í rétta átt.

Þá benti hv. þm. á það, að nú ætti Landssamband ísl. útvegsmanna að tilnefna mann í nefndina, í staðinn fyrir að samkv. núgildandi lögum eru það síldarútvegsmenn um land allt, sem gera það með sérstakri atkvæðagreiðslu. Það vita nú held ég flestir, sem fylgjast eitthvað með þessum málum, að ástæðan fyrir því, að Landssamband ísl. útvegsmanna varð ekki aðili, þegar lögin voru stofnsett í fyrstu, er engin önnur en sú, að landssambandið var ekki til. Vitanlega hefði það á sama hátt gerzt aðili að því að tilnefna mann í þessa nefnd eins og Alþýðusamband Íslands. Hv. þm. benti á það sérstaklega í þessu sambandi, að það væru ýmsir aðrir aðilar í landssambandinu en síldarútvegsmenn. Það er mikið rétt, að það eru fleiri aðilar en gera út á síld hverju sinni. Þó var það nú svo um tíma, að bæði togarar og bátar voru gerðir út jöfnum höndum á síldveiðar fyrir Norðurlandi, þó að það hafi verið minna um það nú á síðari árum, að togararnir tækju þátt í þeim veiðum. En ég vil þá spyrja í þessu sambandi hv. þm.: Hvers vegna vaknaði ekki athyglin hjá honum í sambandi við Alþýðusamband Íslands? Eru það eingöngu menn, sem vinna að síldveiðum, sem eru í þeim samtökum og þess vegna engin ástæða til þess að gera athugasemd við það, að Alþýðusambandið tilnefni mann í nefndina? Eða er ástæða til þess að vekja athygli varðandi Landssamband ísl. útvegsmanna á því, að það séu ekki allir, sem í þeim samtökum séu, síldarútvegsmenn? Alþýðusamband Íslands er saman sett af ýmsum stéttasamböndum, eins og alkunnugt er, hvers vegna á það að hafa sérstöðu til þess að tilnefna mann í nefndina, án þess að það séu þá sjómannasamtökin sérstaklega innan Alþýðusambandsins, sem tilnefna þennan mann? Nú er það svo í lögunum, að það er ekki tilskilið, en það er Alþýðusambandið eða stjórn þess, sem tilnefnir fulltrúa í nefndina. Og ég veit, að það byggist ekki á neinu öðru, að Landssamband ísl. útvegsmanna var ekki beinn aðili, þegar lögin voru sett á sínum tíma, en því, að landssambandið var þá ekki til. Að sjálfsögðu hefði það verið aðili á sama hátt og Alþýðusamband Íslands, eins og frumv. þetta gerir ráð fyrir.

Þetta var í aðalatriðum það, sem fram kom til athugasemda frá hv. 4. þm. Vestf. út af þessu frv.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) hafði haft einhver orð um það, að ég hefði sagt í viðtölum við ýmsa menn í þinginu, að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga á þessu þingi og þess vegna væri engin ástæða til þess að vera að flýta sér neitt með afgreiðslu á málinu. Ég veit ekki, hvort ég hef þetta alveg rétt eftir honum, því að ég var því miður ekki viðstaddur í d., þegar hann lét þessi orð falla, en ég skal þá leiðrétta, ef það er ekki rétt haft eftir. Ég get ekkert um það sagt, hvort málið nær fram að ganga eða ekki. Það er meining okkar, sem flytjum málið, að ef þess er nokkur kostur, þá nái það fram að ganga á þessu þingi. En það er hvorki ég né aðrir, sem geta fullyrt um, hvort það tekst eða ekki.

En í sambandi við það, sem hann sagði, að einkaframtakið hefði hér um bil verið búið að sigla þessari framleiðslu í strand, þegar síldarútvegsnefnd tók við málunum, þá er það mesti misskilningur, því að það var síldareinkasalan, en ekki einkaframtakið, sem var búin að sigla þessu máli algerlega í strand, þegar síldarútvegsnefnd tók við á sínum tíma. Það minnast þess allir, sem fylgzt hafa með þessum málum, að ástandið var orðið þannig, þegar síldarútvegsnefnd tók við af síldareinkasölunni, að síldartunnan var komin niður í það lágt verð, að heil tunna af síld dugði ekki fyrir aðgöngumiða á bíó, svo lágt var verðið á síldinni í höndum síld-

areinkasölunnar á þeim tíma, og það var ekki fyrir afskipti einkaframtaksins á þeim tíma, að svo illa var komið þessum málum, þegar síldarútvegsnefnd var stofnsett.

Umr. frestað.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. frsm. meiri hl. sjútvn. í dag. — Ég hafði bent á það í ræðu minni áður, að lögin um síldarútvegsnefnd væru búin að standa í 27 ár án nokkurra breytinga og þetta benti til þess, að lögin hefðu verið vel undirbúin og það hefði verið vel við þau unað. Hann gat þess aftur á móti, að ýmis ákvæði þessara laga væru orðin úrelt, og ég vil ekki neita, að svo kunni að vera um einhver ákvæði laganna. En þótt einhver þeirra séu úrelt, þá hefur það ekki komið að sök, að ég ætla. Ég hygg, að hann eigi við það, að það hefur verið óþarflega heft frelsi manna til sölu og útflutnings á vissum tegundum síldar og hafi þess vegna sífellt þurft að leita útflutningsleyfa til síldarútvegsnefndar vegna þessa. Það er rétt, að þetta mun hafa þurft að gera, en það hefur ekki komið að neinni sök, því að þessi leyfi munu yfirleitt hafa verið veitt. Hins vegar ætla ég alls ekki að neita því, að þetta sé rétt hjá honum, að slík ákvæði sum, sem nú eru í lögunum, mættu gjarnan hverfa.

Hann ræddi nokkuð um Landssamband ísl. útvegsmanna, að ástæðan til þess, að einn fulltrúi síldarútvegsmanna hefði verið kosinn beinni kosningu fram að þessu, væri sú, að Landssamband ísl. útvegsmanna hefði ekki verið til, þegar lögin voru sett. Þetta er að vísu rétt líka, en landssambandið er orðið æði gamalt núna, og aldrei hefur komið mér vitanlega nein ósk um það frá því að breyta þessu ákvæði. Ég held, að það samband hafi unað því vel, að síldarútvegsmenn sjálfir kysu beinni kosningu sinn fulltrúa. Hann vill ekki gera neinn mun á þessu og þeirri skipan, sem er lögð til í þessu frv. Ég geri nokkurn mun á því, því að það er ekkert, sem tryggir, að það verði útvegsmaður, þ. e. a. s. síldarútvegsmaður eða sjómaður, sem kemur sem fulltrúi landssambandsins, eftir að þetta frv. væri orðið að lögum. Það getur hreinlega orðið síldarsaltandi. Um þetta getur maður ekki vitað. En það er einmitt höfuðtilgangur þessa frv., að mér skilst, að síldarsaltendur verði allsráðandi í síldarútvegsnefnd, og ég býst ekki við, að hv. frsm. meiri hl. neiti þessu. Þetta er aðaltilgangurinn með frv., að fjölga upp í 7, þannig að félög síldarsaltenda fái þarna tvo auk þeirra saltenda, sem reynslan hefur sýnt, að jafnan eru kosnir í nefndina. Þeir eru tveir fyrir af þeim fulltrúum, sem Alþingi kýs, svo að þar er kominn meiri hl. Þeir geta auðveldlega orðið 4—5 eða kannske allir saltendur. En mjög ólíklegt er, að þeir verði nokkurn tíma í minni hluta, eftir að þessi skipan er komin á.

Ef þetta á að verða þannig, að síldarsaltendur hafi svona mikil áhrif í síldarútvegsnefnd, þá held ég, að önnur skipan væri miklu skynsamlegri, og hún er sú að leggja síldarútvegsnefnd niður, svo að félög síldarsaltenda hafi þarna öll ráð. Ég ætla ekki að neita því, að þetta getur komið til greina, en ég vil ekki sætta mig við það, að Alþingi sé að kjósa 3 menn af 7, minni hluta í nefnd, ef þetta er tilgangurinn og hlýtur að verða í framkvæmdinni, að síldarsaltendur ráði þarna yfirleitt öllu, sem þeir vilja ráða.

Ég hef aftur á móti litið svo á, að útgerðarmenn og sjómenn, sem stunda síldveiðar, eigi að hafa hliðstæðan rétt til áhrifa í þessari nefnd eins og síldarsaltendur, því að það sjá allir, að enginn saltar síld, nema hún sé veidd. Og ég get ekki séð, að saltendurnir eigi að vera svona miklu rétthærri en hinir, sem vinna að veiðunum. En séu menn þessarar skoðunar, að síldarsaltendur eigi að hafa svona mikil ítök þarna, þá er réttara að mínum dómi að gefa þetta alveg frjálst, svo að félagsskapur þeirra hafi þarna öll ráð. Hins vegar er tillaga okkar minnihlutamanna sjávarútvegsnefndar langt frá því að vera neitt óvinsamleg í garð þessa máls, því að hin rökstudda dagskrá, sem við flytjum, fer aðeins fram á það, að þetta mál verði undirbúið og lögin endurskoðuð fyrir næsta þing, hæstv. ríkisstjórn hafi um það forgöngu, svo að sjónarmið allra, sem eru nákunnugir, hafa reynsluna og hafa hagsmunanna að gæta, geti komið sínum sjónarmiðum þarna að, enda hef ég bent á, að jafnvel meðal saltendanna er ekki ánægja með þetta frv., þar sem það á sér stað, að félag síldarsaltenda í stærsta síldarútvegsbæ landsins lýsir andstöðu sinni við þetta frv. Þess vegna held ég, að það sé fyrir alla aðila skynsamlegra að samþykkja þá dagskrá, sem við flytjum.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 555 felld með 8:5 atkv.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 541 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
4.—13. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 8:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 84. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 672).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 672, n. 689).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem borið var fram í Ed. á þskj. 367, frv. til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning síldar, hagnýtingu markaða o. fl., var komið til þessarar hv. d. og var vísað til sjútvn. Sjútvn. tók málið fyrir, og eins og fram kemur í nál. á þskj. 689, varð ekki samstaða í n. um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði afgr. óbreytt, eins og það kom frá Ed.

Meginbreytingar í þessu frv. eru þær, eins og fram kemur í 1. gr., að það er fjölgað mönnum í síldarútvegsnefnd, þannig að í staðinn fyrir, að þetta hefur verið hingað til 5 manna nefnd, þá er þetta gert að 7 manna nefnd og fulltrúar Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi fá aðild að n. og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þá er og einnig gert ráð fyrir því, að í stað þess að í n. hefur verið kosinn samkv. reglugerð atvmrn. einn aðili úr hópi útvegsmanna, verði einn nm. tilnefndur af L. Í. Ú.

Ég held, að ekki sé ástæða til að rekja aðrar þær breytingar, sem á þessum lögum eru gerðar, því að flestar þeirra og ég held allar eru þess eðlis, sem segja megi, að tíminn og sú reynsla, sem fengizt hefur af framkvæmd þeirra laga, sem gilt hafa um síldarútvegsnefnd frá 29. des. 1934, hafi kennt mönnum.

Aðrir nm. tjáðu sig ekki reiðubúna til að afgr. málið og munu að sjálfsögðu skila nál. þar um.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, en eins og fram kemur í nál. á þskj. 689, leggur meiri hl. sjútvn. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Frv., sem fyrir liggur á þskj. 672, er flutt í hv. Ed. af þrem þm. þar, og mér er tjáð, að því hafi verið útbýtt í þeirri d. 15. febr. s. l. Deildin hefur því haft það alllengi til meðferðar, hv. Ed., og mestan hluta þess tíma mun það hafa legið í nefnd. Mér skildist á hv. Ed.-mönnum, þegar ég ræddi við þá fyrir nokkrum dögum, að ekki mundi vera gert ráð fyrir, að þetta mál yrði afgreitt á þessu þingi, og þegar ég af tilviljun var staddur við umr. í Ed. núna rétt fyrir helgina, heyrði ég, að því var haldið fram í þingræðu, að hv. formaður sjútvn. Ed., sem er jafnframt einn af flm. þessa máls, hefði skýrt síldarútvegsnefnd svo frá, að þetta mál mundi að öllum líkindum ekki verða afgreitt á þessu þingi. Ég veit ekki, á hvaða heimildum sú staðhæfing hefur verið byggð, en þetta heyrði ég, að sagt var í ræðu í hv. Ed. Undir lok síðustu viku, þegar komið var að þingslitum, var þetta mál svo skyndilega tekið til meðferðar í hv. Ed. og afgreitt þar.

Til Nd. kom frv. ekki fyrr en í gær, á mánudegi. Það mun hafa verið afgreitt í Ed. á laugardag, svo að þess var varla að vænta, að það kæmi til Nd. fyrr en á mánudegi, en á þeim sama degi var það tekið til 1. umr. hér í hv. d. og afgreitt til n., til hv. sjútvn., sem ég á sæti í. Þá strax á eftir var boðað til fundar í n. og síðan til annars fundar stuttu síðar, en samanlagt stóðu þessir fundir ekki nema stutta stund, og þar var enginn tími til þess að ræða þetta frv. ýtarlega eða bera saman við gildandi lög. Ég taldi mér þess vegna ekki fært að taka þátt í afgreiðslu málsins í n. á því stigi, og sama sagði annar nm., hv. 4. þm. Austf. (LJós), eftir því sem mér skildist. Hann taldi sér ekki heldur fært að taka þátt í afgreiðslu málsins þá á stundinni, enda málið, eins og ég sagði áðan, aðeins komið til n. fyrir stuttri stundu og í raun og veru engar umr. farið fram um það eða það athugað í n. Við hv. 4. þm. Austf. höfum ekki rætt um þetta mál síðan. Það hefur ekki verið tækifæri til þess, enda eru annir miklar nú í þingi, og ég veit ekki, hvort afstaða okkar til efnisatriða málsins er sú sama. Ég veit það ekki, a. m. k. ekki með neinni vissu. En ég hafði hugsað mér, ef tími ynnist til, þótt skammur tími sé liðinn, að gefa út nál. um málið eða a. m. k. gera till. um afgreiðslu. Mér hefur ekki enn þá unnizt tími til þess að gera það, en ég vildi mega vænta þess, að hæstv. forseti gæfi a. m. k., áður en umr. er slitið, ráðrúm til þess, að ég gæti orðað afgreiðslutillögu, þó að ég ekki kæmi því í verk að gefa út nál., gæti a. m. k. komið á framfæri till. um afgreiðslu á málinu, og það yrði þá veitt stutt hlé til þess, ef til kæmi, að umr. yrði slitið.

Ég skal ekki verða mjög langorður um þetta mál, enda er það svo, að ég hef ekki athugað það til þeirrar hlítar, sem æskilegt væri, ef ég ætti að ræða það nákvæmlega. Frv. kom ekki til d. fyrr en í gær, eins og ég sagði, og ég og fleiri voru þeirrar skoðunar fyrir nokkru, að það mundi ekki vera áhugi fyrir því að afgreiða þetta mál, og þar af leiðandi hefur minna verið að því gert að kynna sér það, meðan það var í annarri deild. En ég sé það við lauslega athugun á málinu, að í frv. er lagt til, að gerðar verði breytingar á mörgum greinum þeirra laga, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. laga nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. Það kann að vera, að sumar breytingarnar skipti ekki miklu máli efnislega séð, en þó virðist mér, að hér sé um talsverðar efnisbreytingar að ræða. Ég skal koma að því í fáum orðum á eftir. En það er galli á grg. þessa frv., eins og hún liggur fyrir frá hendi hv. flm., sem eru eins og ég sagði áðan, 3 þm. í Ed., að þessi grg. er tiltölulega mjög ónákvæm. Það er gerð grein fyrir einu eða tveimur efnisatriðum í almennri grg., en síðan er ekki gerð grein fyrir þeim breytingum, sem ætlazt er til að verði gerðar á einstökum gr. laganna. Hér er þó um að ræða alllangan lagabálk í mörgum greinum, og flutningsmenn hafa haft þann hátt á að semja nýtt frv., ekki að gera tillögur um breytingar á einstökum gr. l., heldur semja nýtt frv., og þegar nýtt frv. er samið, þá er það auðvitað til mikils hægðarauka fyrir þm. og er ævinlega gert, þegar stjórnarfrv. eru flutt, að hver grein er tekin út af fyrir sig og gerð grein fyrir þeim breytingum, sem ætlazt er til að gerðar séu á þeirri grein laganna, hvort sem um er að ræða efnisbreytingu eða orðabreytingu. Það gerir þm. og nefndinni miklu auðveldara að setja sig inn í málið. Þetta hefur ekki verið gert að þessu sinni, þannig að auðvelt sé að átta sig á því, eins og menn geta séð, ef menn vilja kynna sér þskj.

367 frá Ed. Þar er grg. aðeins um 20 línur, mest almenns efnis, og sagt, að frv. feli í sér nokkrar breytingar á skipun síldarútvegsnefndar. Það er eins og það séu ekki aðrar breytingar í frv. en þessi breyt. á skipun síldarútvegsnefndar, en það er ekki rétt. Það kemur í ljós strax við lauslega athugun, að það eru fleiri breytingar í frv. Þegar þannig var að máli staðið, að gert var ráð fyrir nokkrum breytingum, þá hefði auðvitað verið rétt að segja frá því í grg. og gera grein fyrir því í sambandi við einstakar greinar.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, því að það sýnir, að ekki hefur verið vandað til meðferðar málsins í hv. Ed., því miður, að þó að málið sé búið að ganga gegnum hv. Ed. og komið gegnum 1. umr. í Nd. og frá nefnd eða nefndarhluta hér í Nd., þá liggur ekki enn fyrir umsögn síldarútvegsnefndar um málið, svo að mér sé kunnugt, og hv. sjútn. Ed. virðist ekki hafa gert sér far um það eða komið því í framkvæmd að ræða við nefndina um málið. Síldarútvegsnefnd er sá aðili, sem hefur haft með framkvæmd þessara laga að gera í 26 eða 27 ár og auðvitað hlýtur að þekkja flestum öðrum betur til þessara mála. Maður skyldi því ætla, að þegar verið er að afgreiða breytingar á þessum lögum, þá yrði það fyrsta verk þeirra, sem með þau mál hafa að gera í þinginu, að ræða um það við síldarútvegsnefnd. Það hefur enn ekki verið gert, og ég verð að telja það stóran galla á meðferð málsins, að mönnum skuli ekki vera kunnugt um álit síldarútvegsnefndar á þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Eins og ég sagði áðan, hafa þessi lög, sem hér er gert ráð fyrir að breyta, þessi lög varðandi útflutning og sölu síldarafurða, verið í gildi um rúmlega aldarfjórðung, eða síðan 1934, 1934 eru þau samþykkt á Alþingi. Þau hafa staðið óbreytt allan þennan tíma, og þess vegna má ætla, að allvel hafi til tekizt við setningu þeirra í öndverðu, enda held ég að það sé sammæli flestra, sem til þekkja, þó að dómar kunni að vera misjafnir um einstakar framkvæmdir samkvæmt lögunum, að þau hafi gert mikið gagn þennan tíma. Hitt er svo auðvitað ekki nema eðlilegt, að nú kunni að vera að því komið eftir allan þennan tíma, að æskilegt sé að gera einhverjar breytingar á þessari 25 eða 26 ára gömlu löggjöf, enda ástæður í ýmsu breyttar frá þeim tíma, þegar lögin voru sett, og að sjálfsögðu leiðir reynsla í ljós ýmislegt, sem kann að hafa verið óljóst í þessum efnum.

Þó að ég hafi ekki tekið um það endanlega ákvörðun, þá hlýt ég að hallast mjög að því, sem fram kom hjá hv. minni hl. sjútvn. í Ed., að breytingar á þessari löggjöf ætti helzt ekki að gera nema að mjög vandlega athuguðu máli. — Í samræmi við það lagði sá minni hl. til, að frv. yrði að þessu sinni afgreitt með rökstuddri dagskrá, í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða lögin um síldarútvegsnefnd o. fl. og að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við ýmsa aðila, sem hafa góða þekkingu á þessum málum og einkum eiga hagsmuna að gæta, og voru í dagskrártillögu þessa nefndarhluta í Ed. tilnefndir nokkrir aðilar: síldarútvegsnefnd, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda. Mér finnst þetta nokkuð eðlileg afstaða, og mér virðist hún ekki sízt eðlileg fyrir okkur hér í hv. Nd. nú á næstsíðasta degi þingsins varðandi þetta mál, sem ekki kom til deildarinnar fyrr en í gær. Mér virðist nokkuð eðlilegt, að málinu yrði frestað og að fram kæmi ósk um það, að endurskoðun færi fram á lögunum. Það er mjög algengt, ef uppi eru raddir um það að breyta slíkri löggjöf sem þessari, mikilsverðri löggjöf, sem staðið hefur lengi, að þá er sett á stað endurskoðun á lögunum, stundum með því að skipa nefnd, en yfirleitt þannig, að haft er um endurskoðunina samráð við sérfróða aðila í því máli, sem um er að ræða. Þetta er alþekkt aðferð í löggjöf, og ég hygg, að hún sé yfirleitt talin gefast vel.

Ég vil leyfa mér að benda á það, að mér þykir ekki ólíklegt, ef á annað borð væri tekið til við slíka endurskoðun á lögunum um síldarútvegsnefnd o. fl., að þá kynnu að koma í ljós fleiri eða önnur atriði, sem aðilum þætti kannske alveg eins ástæða til að breyta eins og þeim atriðum, sem í þessu frv. er lagt til að breyta. Mér þykir það ekki ólíklegt, að svo kynni að fara, og er það auðvitað illa farið, ef farið væri að breyta þessum lögum nú, eftir að þau eru búin að standa óbreytt í 26 ár, eftir tillögu nokkurra manna.

Á þessu stigi málsins vil ég ekki taka neina afstöðu til efnisatriða frv. Það má vel vera, að þær breytingar séu fullkomlega réttmætar, sem þar er um að ræða. En setjum svo, að slíkar breytingar væru nú samþykktar og svo kæmu eftir eitt eða tvö ár fram tillögur um aðrar breytingar á löggjöfinni. Það tel ég illa farið. Ég teldi það miklu heppilegra, að nú væri dregið að gera breytinguna á lögunum og aðilum gefinn kostur á að taka þátt í endurskoðun og gera þá till. um aðrar breytingar, sem menn kunna að hafa hug á að gera.

Ég vil leyfa mér að benda á það einnig í sambandi við þetta mál, að ég tel, að ef horfið er að því að breyta þessum lögum, og líklegt má telja, að það verði gert fyrr en síðar, þó að það verði ekki gert nú, þá eigi helzt að velja til þess heppilegan tíma á árinu. Það er alkunna, eða a. m. k. kunnugt þeim, sem til þekkja, að snemma á hverju ári hefst sá undirbúningur, sem fram fer á vegum síldarútvegsnefndar og þarf að fara fram jafnan í sambandi við samninga um sölu á síld, og þeir menn, sem eru í nefndinni á hverjum tíma og á þeim tíma, þegar sá undirbúningur hefst, verða að taka ýmsar ákvarðanir í sambandi við þennan undirbúning. Það er æskilegt, að þeir menn, sem þær ákvarðanir taka, fylgist áfram með samningaviðræðum og taki þær ákvarðanir, sem teknar verða síðar á árinu. Ég teldi þess vegna æskilegt, ef að því kemur, að breytingar verði gerðar á lögunum — og alveg sérstaklega ef breytingar yrðu gerðar á sjálfri síldarútvegsnefndinni og skipan hennar, að þá verði það gert í lok árs eða áður en þessi undirbúningur hefst. Ef frv. yrði ekki samþykkt nú, þá vil ég skjóta því hér fram, að mér finnst, að það kæmi vel til mála að láta slíka endurskoðun fara fram á næstu mánuðum, og niðurstaða hennar gæti þá legið fyrir, þegar þing kemur saman í október í haust, og breytingar á

lögunum þá afgreiddar fyrir áramót á þessu ári. Þetta teldi ég eðlilega málsmeðferð. En ég get varla sagt, að ég telji þá aðferð fyllilega eðlilega, ef frv. væri nú afgreitt sem lög frá þessari hv. deild eftir þá mjög svo lauslegu meðferð, sem það hefur fengið, sérstaklega hér í þessari hv. deild og raunar að því er mér virðist einnig í hv. Ed.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir hafður nokkuð undarlegur háttur á við afgreiðslu þessa máls og satt að segja háttur, sem er alveg óvenjulegur hér á Alþingi og gefur þess vegna ástæðu til þess, að þetta mál sé að öllu leyti athugað og rannsakað betur, vegna þess að slíkur háttur gefur tilefni til vissra grunsemda í sambandi við tilgang um að keyra mál í gegn á þann hátt, sem nú virðist eiga að gera með þetta mál.

Ég vil segja það við hæstv. ríkisstj., ef einhver af ráðherrunum léti svo lítið að vera hér við, þegar verið er að ræða svona mál, að þeir þurfa ekki yfir því að kvarta, að stjórnarandstaðan hafi gert þeim erfitt um almenna, þinglega meðferð á þeim málum, sem hér hafa legið fyrir frá hálfu ríkisstj. eða stjórnarliða. Nú seinast í gærdag, þegar þetta mál lá hér fyrir, var því vísað svo að segja umræðulaust til nefndar. Það var þá álit mitt og ég býst við margra annarra, að sú væri meiningin með þetta mál, að því væri sýnd sú kurteisi að fara hér til sjútvn., þar sem það kæmi til þessarar hv. deildar á næstsíðasta degi þingsins, til þess að það fengi að sofna þar í friði, eins og ýmis fleiri mál okkar þm. hafa fengið að gera í ýmsum nefndum þessa þings og þessarar hv. deildar. Okkur datt ekki í hug, að mál, sem svo að segja er tekið upp á allra síðustu dögum þingsins nú í Ed., það væri meiningin með slíkt mál, að það ætti að fara að reyna að gera tilraun til þess að umbylta ástandi, sem verið hefur í síldarútvegsmálum landsins, afskiptum Alþingis af síldarútvegsnefnd, á þessum síðustu dögum. Okkur datt það satt að segja alls ekki í hug, að hæstv. ríkisstj. vildi fylgja þessu máli eftir með slíku offorsi, að það væri ekki hægt að láta svona mál fá neina meðferð í þeirri nefnd, sem því er vísað til í aðaldeild þingsins. Enn sem komið er hefur ekki unnizt nokkur tími til þess að athuga þetta mál í nefnd. (**Gripið fram í:** Það má ekki segja, að þetta sé aðaldeild þingsins.) Þetta er aðaldeild þingsins. Það eru ⅔ allra þingmanna í þessari hv. deild. Og ég býst við einmitt, að þegar hæstv. dómsmrh. flutti sig úr Ed. í Nd. og sýndi okkur þann heiður að sitja síðan hér á bekk með okkur, þá hafi hann einmitt gert það vegna þess, að hann hefur fundið til þess, að þessi deild væri aðaldeild þingsins, og þar vildi hann vera. Og ég vonast til þess, að hann hafi kunnað sæmilega vel við sig, síðan hann kom hingað til okkar í Nd. Um það er því ekki neinum blöðum að fletta, að þessi deild sé aðaldeild þingsins og það sé öllum ljóst, ekki sízt forustumönnum stjórnmálaflokkanna á þinginu. — Þess vegna er það engum efa bundið, að þegar þetta mál lá fyrir þessari deild í gær, þá var, eins og ég vil nú endurtaka, fyrst hæstv. dómsmrh. er kominn, — þá var það meining mín og margra annarra, að það ætti aðeins að sýna þessu máli þá kurteisi að lofa því að komast svo langt, að það færi til nefndar í þessari aðaldeild þingsins og fengi svo að sofna þar eins og ýmis góð mál. Mér datt satt að segja ekki í hug, að það gæti verið í alvöru meint um mál, sem er raunverulega tekið upp í Ed. núna til afgreiðslu þar alveg á síðustu dögum, að það ætti að fara að reyna að setja slíkt mál í gegnum þingið. Og ég vil alvarlega mælast til þess, bæði við hæstv. forseta og hæstv. ríkisstj., ef hún hefur mikinn áhuga á þessu máli, að það sé horfið frá öllum slíkum fyrirætlunum.

Ég held það sé alveg óhætt að segja, að stjórnarandstaðan hafi viðvíkjandi þeim málum, sem hafa gengið í gegnum þingið á sinn eðlilega máta, sízt sýnt nokkra tilhneigingu til þess að vilja koma í veg fyrir, að þau mál, sem með eðlilegum hætti kæmu hér, næðu fram að ganga. En um þetta mál gegnir allt öðru máli. Þessu máli er vísað til sjútvn. í gær, og minni hl. í sjútvn. hefur ekki einu sinni enn þá fengið tækifæri til þess að semja neitt nál. um þetta mál. Meira að segja fulltrúi Alþb. í þeirri nefnd, sem er fyrrv. sjútvmrh. og viðskmrh., hefur ekki fengið neina aðstöðu til þess að móta sína afstöðu viðvíkjandi þessu máli, koma fram með brtt. viðvíkjandi þessu máli né á annan hátt að láta þetta mál til sín taka sem fyrrv. yfirmaður þessara mála.

Það mikil festa hefur venjulega verið yfir afgreiðslu mála hér hjá okkur á Alþingi, að þegar t. d. fyrirkomulag eins og síldarútvegsnefnd er búið að vera jafnvel tvo til þrjá áratugi í tiltölulega föstum skorðum, þá hefur ekki þótt eðlilegt að fara að breyta slíku, nema það væri vandlega athugað, vel rætt í nefndum, menn fengju að bera saman lögin við gömlu lögin og menn fengju að leita jafnvel álits um þetta, þannig að það væri ekki farið að hreyfa þannig allt í einu við allgömlu fyrirkomulagi, án þess að það fengist þrautrætt. Og hæstv. ríkisstj., sem á vissum sviðum hefur breytt til um stefnu, við skulum t. d. segja í sambandi við innflutningsog gjaldeyrismálin, hún hefur einmitt haft þann hátt á, að hún lætur af sinni hálfu undirbúa tiltölulega mjög vendilega ákveðin frv. af hennar hálfu viðvíkjandi þeim málum. Hún leggur þau mál fyrir þingið sjálf sem stjórnarfrv., þar sem hún er búin að gerhugsa málin, og segir síðan við Alþingi: Nú vil ég taka upp alveg breytta hætti um þetta mál. — Síðan gefst okkur þm. í þeim nefndum, sem slík mál fara til, tækifæri til þess að athuga þau mjög ýtarlega, gefa út um þau okkar nál. og ræða þessi mál mjög ýtarlega hér í þinginu, og ég hef aldrei fengið neina kvörtun frá hæstv. ríkisstj. um, að það hafi verið neinn óhóflegur dráttur í sambandi við nein slík mál. Þetta er eðlilegur háttur, þegar verið er að breyta gömlu og grónu skipulagi í þessum efnum.

Á ýmsum öðrum sviðum hefur það verið haft þannig jafnvel, þegar menn hafa viljað fara að breyta slíku, ef um dálítið flókið mál hefur verið að ræða, að frv. hefur verið lagt fyrir Alþingi, stundum máske síðla á þingi, eins og þetta mál var lagt fram, og þm. hafa fengið tækifæri til þess að athuga það, en menn hafa um leið og jafnvel hæstv. dómsmrh. hefur hvað

eftir annað fylgt stórum lagabálkum úr garði, þegar hann hefur lagt þá hér fyrir Alþingi, bæði í sinni núv. stjórnartíð og fyrr, með þeim orðum, að hann ætlaðist ekki til þess, að svona stór lagabálkur væri afgreiddur í einni svipan, heldur væri þetta athugað núna og yrði tekið upp aftur á næsta þingi. Og ég held, að þess háttar meðferð á málum, sem annaðhvort eru orðin allhefðbundin í þjóðfélaginu eða mjög mikilvæg og snerta hagsmuni margra eða réttarafstöðu margra, slíkur háttur á málunum sé réttur. Þess vegna uggði ég ekki fyrir mitt leyti að mér í gær. Mér datt ekki annað í hug en það væri sjálfsögð kurteisi að lofa þessu máli að fara til nefndar á næstsíðasta degi þingsins og það gæti ekki neitt annað búið þar á bak við. Svo framarlega sem það hefði verið meiningin og ég hefði haft nokkra hugmynd um, að það ætti að reyna að fara að knýja þetta mál í gegnum þingið, þá hefði ég fyrir mitt leyti farið að ræða þetta mál þá undireins.

Ég vil þess vegna, fyrst einn hæstv. ráðh. nú er viðstaddur, skjóta því til hans, um leið og ég beini því til hæstv. forseta, að það sé ekki reynt nú á síðustu dögum þingsins að gera þann óvinafagnað að fara að reyna að knýja mál eins og þetta í gegn á þessum allra síðustu dögum, eða svo að segja næstsíðasta og síðasta degi.

Þá er viðvíkjandi þessu máli um að ræða, á hvern hátt skuli stjórna síldarútvegsmálum landsins og hvers konar fyrirkomulag skuli hafa um söluna á einni af þeirri höfuðafurð, sem flutt er út úr landinu, á síldarútflutningnum. Nú hefði ég satt að segja kosið, þegar verið er að ræða slíkt mál, að hér hefði hæstv. viðskmrh. verið viðstaddur. Ég veit ekki, hvort hann er hér á landi nú eða hvernig er með hann. Ég hefði satt að segja haft persónulega alveg sérstaklega þörf fyrir það og ánægju af því að tala við hann í sambandi við þessi síldarsölumál. (Gripið fram í: Hann er með okkur í anda.) Já, en það gæti verið, að hann snerist frá ykkur í anda, ef hann hlýddi á mál manna hér, og svo mikið er víst, að hann hefur fundið ástæðu til þess að leita jafnvel persónulega til mín í sambandi við þessi síldarsölumál, þegar núv. ríkisstjórnarsamsteypa hefur verið í miklum vandræðum með þessi mál, og ég hefði satt að segja viljað gera þá kröfu til hans, að hann hefði sýnt þá háttvísi í sambandi við svona mál að ætla ekki að taka þátt í því að fara að reyna að þvinga fram aðgerðir í þessum málum, sem ég álít að geti verið til stórtjóns.

Við skulum gera okkur það ljóst, að ástandið í sambandi við síldarsölumálin á Íslandi er engan veginn gott. Það er ákaflega fjarri því, að það líti mjög vel út með okkar síldarsölu og að stjórnin á þeim málum sé að öllu leyti óaðfinnanleg. Það álít, sem ég hef þessa stundina af því að sjá, hvernig búið er að þjóðinni í þessum málum, er, að þarna sé stórhætta á ferðum, hætta á því, að þeir markaðir, sem við höfum á undanförnum árum og áratugum ýmist unnið okkur eða verið að reyna að halda í, séu að glatast okkur, séu að glatast fyrir ranga viðskiptapólitík. Og ég er hræddur um, að það sé komið svo, að sá aðilinn, sem við höfum jafnvel átt hvað mest viðskipti við í þessum efnum, sé orðinn mjög gramur yfir þeim viðskiptum, vegna þess að það sé staðið svo illa við þá samninga, sem gerðir séu, þannig að í þessum málum sé beinlínis hætta á ferðum, að við getum misst úr okkar höndum þá markaði, sem okkur hafa verið dýrmætastir og við höfum jafnvel áratugum saman verið að berjast fyrir að reyna að vinna. Og ég álít, að það, sem eigi alveg sérstaka sök á þessu, sé röng viðskiptapólitík, sem eðlilega hæstv. viðskmrh. fyrst og fremst hlýtur að bera ábyrgðina á.

Það er engum blöðum um það að fletta, hvað er í húfi, svo framarlega sem þarna er farið rangt að. Við vitum, að síldin er raunverulega einhver allra dýrmætasta vara, sem við fáum hér á land, og það má með réttum aðferðum gera úr henni meiri auðæfi en úr nokkurri annarri vöru. Þó hefur ástandið í þessum síldarmálum langa lengi verið slíkt, að framfarir hafa verið hverfandi litlar um að vinna að því með skipulögðum ráðum að fullvinna þessa vöru. Ef eðlilegt hefði verið um okkur Íslendinga, þá hefðum við verið búnir að koma okkar síldarmálum í það horf fyrir löngu, að svo að segja mestöll sú vara, sem verulega góð væri af Norðurlandssíldinni, væri lögð niður, við legðum hana í dósir í íslenzkum niðurlagningarverksmiðjum. Við höfum í íslenzku síldinni svo að segja einokun á vöru í heiminum, sem á engan sinn líka, svo framarlega sem hún er meðhöndluð þannig, að hún sé lögð niður í dósir og seld sem „gaffalbitar“ og annað slíkt. Þá er þetta eitthvert mesta lostæti, sem sézt getur og fundizt á borðum. Hefði verið veruleg framtakssemi í þessu máli, þá hefði fyrir löngu verið tekið að vinna að því að koma hér upp niðurlagningarverksmiðju. Erfiðleikarnir í þessum málum hafa verið þeir, að áhrif erlendu kaupendanna og þá fyrst og fremst þeirra sænsku á íslenzka síldarsaltendur og sérstaklega síldarsaltendur norðanlands hafa í marga áratugi verið meinsemd í íslenzku verzlunarlífi. Áhrif sænsku síldarkaupendanna á síldarsaltendur norðanlands hafa svo valdið því, að það ófremdarástand hefur haldizt, að við höfum fyrst og fremst selt meginið af allri þessari síld sem nokkurs konar hráefni úr landi. Þetta er ástand, sem fyrir löngu hefði þurft að vera farið að ráða bót á. En tengslin á milli saltendanna og síldarkaupendanna sænsku hafa verið slík, alveg frá því að Siglufjörður var eins og sænsk nýlenda, að við höfum aldrei getað losnað almennilega úr þeim viðjum. Við þyrftum að koma þessu meir og meir í það horf, að kaupendurnir í Svíþjóð yrðu meira eða minna knúðir til þess, jafnvel kannske í samstarfi við okkur Íslendinga, að láta verka síldina þannig, að hér væri gengið frá henni í þær niðurlagningardósir, sem hún er vinsælust í, bæði í Svíþjóð og Bandaríkjunum og víðar.

Ef við eigum þess vegna að fara að taka síldarútvegsnefnd og fyrirkomulagið í henni til endurskoðunar, þá þurfum við hér á Alþingi að ræða þessi mál alveg ofan í kjölinn. Við þurfum að athuga, hvað það er, sem hefur verið að í þessum málum, og hvað það er, sem við viljum láta breyta, á hvern hátt við viljum láta reka okkar

verzlunarpólitík í þessum efnum, hvert það er, sem við viljum stefna. Og ég veit, að ef við sjálfir tökum ekki upp á að gera þetta, þá fer illa fyrir okkar mörkuðum. Ég veit, að það er sama ástandið að vissu leyti í Sovétríkjunum, sem hafa verið stór markaður hjá okkur. Þar eins og annars staðar gengur þróunin hjá neytendunum í þá átt, að menn hætta meir og meir að kaupa síld upp úr tunnum hjá kaupmönnum. Ekki sízt ungu húsmæðurnar vilja fá sína síld eins og ýmislegt fleira, sem þær borða, niðurlagt í dósir, sem þær geta skrúfað lokið af með þægilegu móti og matreitt á kvöldborðið með lítilli fyrirhöfn, í staðinn fyrir að þurfa að vera að flaka síld og annað slíkt. Þess vegna er gefið, að við þurfum að vinna að því að gerbreyta í þessum málum. En það þýðir, að við þurfum að skapa þá aðstöðu í síldarsöltunarmálunum, að það sé enginn aðili hér á Íslandi, sem geti komið í veg fyrir þessa hluti, og það sem væri þó enn betra, að þær stofnanir, sem hefðu að einhverju leyti með þetta að gera, reyndu að ýta undir þessa þróun og hjálpa til við hana, en ekki standa í vegi fyrir henni, eins og oft hefur verið undanfarið.

Ég veit, að það er ekki aðeins hvað snertir Norðurlandssíldina, sem þarna er hætta á ferðum. Það er líka hætta á ferðum viðvíkjandi Suðurlandssíldinni, þó að þar séu nokkuð aðrar aðstæður og þó að sú síld vegna þess, hve hún er annarrar tegundar og annars eðlis, þurfi allt aðra meðferð. Ég sé ekki betur en þar vofi yfir jafnvel enn þá meiri voði en Norðurlandssíldinni. Ég sé ekki betur en sú viðskiptapólitík, sem nú hefur verið tekin upp, sé að stórspilla síldarsöltunarmöguleikunum, og ekki aðeins síldarsöltunarmöguleikunum, heldur líka möguleikunum á að flytja síldina út í ýmsu öðru formi, flytja hana út frysta og annað slíkt.

Ég er hræddur um, ef hæstv. viðskmrh. væri hér viðstaddur, að það væri fróðlegt að fá hjá honum dálitla lýsingu á því, hvernig t. d. einn sá markaður, sem okkur hefur verið sérstaklega dýrmætur í sambandi við sunnanlandssíldina, markaðurinn í Austur-Þýzkalandi, muni vera að þróast núna. Ég vil minna á, að síld hefur löngum verið beinlínis gullkista fyrir Ísland. Og það er ákaflega hart, ef við eigum nú að fara að horfa upp á það, að markaðir, sem við með ærinni fyrirhöfn höfum aflað og höfum oft orðið að reyna að hjálpast að allir að reyna að halda, séu brotnir niður fyrir ranga viðskiptapólitík í þessum efnum.

Það eru miklir hlutir, sem þurfa endurskoðunar við í sambandi við síldarútvegsmálin. Og nú kemur hér fram nýtt frv. um þessi mál, frv. um að breyta þarna til, og þá verður mér satt að segja fyrst af öllu fyrir að spyrja: Hvernig stendur á því, þegar þm. úr hv. stjórnarliði flytja nú frv. um breyt. á síldarútvegsmálum og sölumálunum þar, að þeir fara ekki inn á að leggja til, að þeirra stefna sé framkvæmd í þessu máli? Mér hefur verið tjáð hvað eftir annað, að það sé yfirlýst stefna núv. hæstv. ríkisstj. að koma á frelsi, koma á verzlunarfrelsi í viðskiptamálum, stefnan sé sú, að almenningur í landinu eigi að fá að vera frjáls um að nota íslenzkar auðlindir *og vinna úr jafnt íslenzkum fiski sem* öðrum þeim auðlindum, sem hér eru til, frjálsir eigum við að mega flytja þessar vörur út, frjálsir eigum við að mega selja þær á erlendum mörkuðum, frjálsir eigum við að mega berjast fyrir því að vinna erlenda markaði fyrir íslenzkar vörur, m. ö. o.: þarna eigi að ríkja frelsi, það eigi að vera frelsi einstaklingsins, frelsi þeirra samtaka, sem þarna eru, frelsi peninganna og frelsi vinnunnar. Og má ég nú spyrja, svo framarlega sem þeir menn, sem þetta frv. fluttu í Ed., kynnu að eiga einhverja málsvara hér í Nd., hvernig stendur á því, þegar núv. hv. stjórnarlið tekur upp á því að ætla að fara að endurskoða fyrirkomulagið á síldarútvegsnefnd, að þeir skuli ekki leggja til að koma á sinu margþráða frelsi í þessum efnum? Hvernig stendur á því? Frelsið ætti að þýða það, að leyfilegt væri að vinna hér úr síldinni á allan mögulegan hátt, salta hana, reykja hana og annað slíkt, og berjast fyrir því á öllum mögulegum mörkuðum að reyna að koma henni inn. Hvernig stendur á því, að okkur almennum borgurum í landinu er ekki boðið að fá að njóta þessa frelsis? Hvaða hagsmunir eru hér að verki, sem vilja meina þeim almenna íslenzka borgara, þeim manni, sem veiðir síld eða vill salta síld, að selja sína síld til útlanda og reyna að vinna henni markað eða mynda alls konar samtök um það, ef menn vilja það heldur? Hvað er það, sem er á móti slíku? Mig langar til þess að fá fram frá hálfu hv. þm. stjórnarliðsins hér í Nd., að fá að heyra, hvað það er, sem þeir hafa á móti viðskiptafrelsinu. Ég hef hingað til heyrt þá lofsyngja þetta, og mig langar til þess að vita, hvað það er, sem þeir hafa á móti því. Það ætti þó víst að vera óhætt að segja það.

Það hefur verið svo undanfarið, þegar við höfum verið að ræða hér ýmis mál, við skulum segja í sambandi við t. d. útflutning á fiski, að það hefur stundum verið á það bent, hvort það væri ekki rétt að fara að innleiða meira frelsi á þeim sviðum en verið hefur. Ríkisstj. hefur þar allt í sínum höndum sjálf, að veita öll leyfi, sem þyrfti til útflutnings á hraðfrystum fiski eða söltuðum fiski eða skreið, og hún hefur notað þetta vald til þess að veita þeim samtökum, sem þarna hafa starfað að, einum eða tvennum, einkaaðstöðu til útflutningsins. Nú nýlega var rætt allmikið um þetta mál hér í þessari hv. d. í sambandi við till., sem ég flutti um vissa rannsókn, sem ég óskaði eftir á einum slíkum samtökum, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Og það komu fram ýmsar upplýsingar viðvíkjandi ráðstöfunum, sem gerðar höfðu verið af hálfu þeirra, sem stjórna þeim samtökum. En það kom mjög greinilega fram í því sambandi, að menn kærðu sig ekkert um frelsi á því sviði. Ég upplýsti það þá, að t. d. amerískir innflytjendur hefðu óskað eftir að kaupa freðfisk frá Íslandi, en þeir hefðu ekki getað fengið að kaupa freðfisk frá Íslandi. Það var ekki hægt að fá hann keyptan. Það var enginn annar aðili, sem gat fengið hann keyptan, heldur en það samband, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafði mynd-

að þar vestanhafs. Þannig kom mjög greinilega í ljós, að menn vildu viðhalda mjög harðvítugri einokun á þessu sviði.

Nú komum við að ástandinu í síldarútvegsmálunum, hvernig fara skuli með söluna á íslenzku síldinni, og þá koma þrír þm. úr hópi frelsisins, því að frelsissinnar eru þeir, og leggja fram frv. um að fara að gerbreyta öllu skipulagi útflutnings síldarútvegsnefndar. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt, að hæstv. forsrh. er nú kominn í salinn. Ég var að lýsa eftir því í ræðu minni hér áðan, hvernig á því stæði, að þrír frelsissinnar úr liði hæstv. ríkisstj. fara að flytja frv. í Ed. um endurskoðun á síldarútvegsmálunum og sérstaklega um útflutninginn á síld, — hvernig á því stæði, að þessir menn legðu ekki til að taka nú upp frelsi um útflutning á síld frá Íslandi. Við höfum heyrt þess getið, þm. stjórnarandstöðunnar, að hæstv. núv. ríkisstj. væri ákaflega hlynnt frelsi í viðskiptum og hún vildi, að landsmenn hefðu sem allra mest frelsi til þess að mega flytja út sína vöru, framleiða sína vöru, selja sína vöru og vinna markaði fyrir íslenzka vöru. Svo þegar þrír þm. stjórnarliðsins taka sig saman um að flytja frv. til þess að fara nú að kollvarpa gömlu fyrirkomulagi, sem þarna hefði verið um síldarútflutning, þá bregður allt í einu svo við, að þeir leggja ekki til að gefa þetta frjálst. Þeir leggja til að viðhalda þarna einokun, breyta þeirri einokun og jafnvel gera þá einokun enn sterkari. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hvernig stendur á þessu? Trúir hæstv. ríkisstj. ekki sjálf á frelsið í þessu? Trúir hún ekki á einstaklingsframtakið? Trúir hún ekki á verzlunarfrelsið? Eða er þetta vegna þess, að þessir þrír þm. hafa tekið fram fyrir hendurnar á hæstv. ríkisstj. og hún hafi orðið að beygja sig á eftir fyrir þeim? (**Forsrh.**: Það skyldi nú ekki vera, að þeir hefðu skoðanafrelsi í Sjálfstfl.?) Nú, kannske að það sé þannig. En er þá allur Sjálfstfl., þegar hann einu sinni fékk að hugsa frjálst, er hann þá allur kominn á þá skoðun, að einokun sé betri en frelsi? Þetta er sem sé mjög mikilvæg upplýsing, sem hæstv. forsrh. nú gefur, og hún gefur alveg sérstakt tilefni til umþenkinga. Hæstv. forsrh. upplýsir okkur um það, að í Sjálfstfl. ríki skoðanafrelsi í síldarútvegsmálum, skoðanafrelsi í síldarútvegsmálum hafi leitt til þess, að ákveðnir þm. hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að frelsi um verzlun í sambandi við síld sé alveg ófært fyrirbrigði. Þegar hæstv. forsrh. sleppti taumnum af þessum þm. sínum og leyfði þeim allt í einu að fara að hugsa, þá komust þeir að þeirri niðurstöðu, þegar þeir voru búnir að hugsa alveg fram til 15. febr., að frelsi væri eitt af því skaðlegasta, sem orðið gæti í sambandi við síldarútveg eða eitthvað annað slíkt, þarna yrði að sjá um að viðhalda einokun. Má ég spyrja hæstv. forsrh.: Er meiningin að gefa skoðanafrelsi á fleiri sviðum í Sjálfstfl., og við hverju megum við eiginlega búast, þegar þessir þm. ætla allt í einu að fara að taka upp á þessum fjanda að hugsa og það meira að segja sjálfstætt?

Hæstv. ríkisstj. byrjaði sína veru á því að boða frelsi, tilkynna þjóðinni, að nú eigi að innleiða frelsi, nú eigi að koma á hinu langþráða verzlunarfrelsi og afnema þau óskaplegu höft, sem verið hafa í ein 30 ár, loksins sé röðull frelsisins upp runninn yfir íslenzka þjóð. Og svo gerist þessi skrambi, að þegar stjórnin er búin að sitja hálft annað ár, þá tekur hæstv. forsrh. upp á því að gefa Sjálfstfl. skoðanafrelsi í síldarútvegsmálum. Og hvað kemur svo út úr þessu? Það kemur út úr þessu, að allt, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að hugsa um frelsi og boða um frelsi frá upphafi vega, þetta hefur reynzt tóm helvítis vitleysa. Og nú kemur afleiðingin af skoðanafrelsinu í Sjálfstfl.

Ef þessar upplýsingar hefðu verið komnar fram í Ed., þegar þetta mál var rætt þar, þá hefði verið ástæða til að ræða málið af meiri alvöru en það var rætt þar. Hefðu menn vitað, að þetta var það eina ódúkt, sem sézt hefur í þinginu af skoðanafrelsi þm. Sjálfstfl., þá hefðu menn sýnt þessu frv. í Ed. miklu meiri virðingu. Menn hefðu rætt þetta og grandskoðað þetta á allan mögulegan hátt, því að slíkan grip hafa menn ekki séð hér áður. Hingað til hefur það verið hæstv. ríkisstj., sem hefur komið fram með hin og þessi mál og sagt við sína þm.: Heyrið þið, nú verðið þið að gera svo vel og beygja ykkur, það er alveg sama, hvaða skoðun þið hafið á þessum málum. — Stundum tekur það kannske eina viku, stundum tekur það einn mánuð, stundum tekur það lengri tíma, en að lokum eru þingmennirnir komnir á skoðun ríkisstj. En hér aftur á móti fengu þeir allt í einu skoðanafrelsi, hv. þm. Sjálfstfl. Ég er hræddur um, að þetta mál hefði verið rannsakað öllu betur í Ed., ef menn hefðu vitað slíkt.

En nú verður mér aftur að spyrja: Er ekki ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að fara að athuga sinn gang í málinu, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að þegar hún leyfir sínum þingmönnum skoðanafrelsi, þá komist þeir að þeirri niðurstöðu, að frelsið, sem hún boðar, sé til bölvunar. Hvernig væri, að þm. Sjálfstfl. færu nú að athuga alvarlega út frá skoðanafrelsi allt það, sem ríkisstj. hefur verið að gera fram að þessu, allar hennar ráðstafanir í sambandi við verzlunarmálin, í sambandi við innflutninginn og í sambandi við útflutninginn? Ég er nefnilega hræddur um, fyrst það hafa verið stjórnarfrumvörp, sem voru flutt um innflutninginn og útflutninginn hér á undanförnum þingum, þá hafi sem sé ekkert skoðanafrelsi í Sjálfstfl. komizt þar að. Og ef hæstv. forsrh. tæki upp á því núna að gefa sínum þm. skoðanafrelsi í þeim málum, þá er ekki gott að vita, að hvaða niðurstöðu þeir kæmust. Ég er sem sé hræddur um, að þegar hæstv. ríkisstj. stendur nú frammi fyrir því, að hennar þm. fara að hugsa frjálst og komast að þeirri niðurstöðu, að verzlunarfrelsið sé svona lítils virði, þá verði hún að fara að endurskoða alla sína pólitík, og ég held satt að segja, að það sé full ástæða til þess.

Ég var að minnast á það áðan í minni ræðu, áður en henni var frestað, — hæstv. forsrh. var ekki við þá, — að ástandið í síldarsölumálunum væri satt að segja þannig, að það væri full ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að fara að endurskoða þessi mál, og ég gat þess, að það mundi vera komið þannig ástand í síldarútvegs-

málunum, að þeir markaðir, sem við á undanförnum árum og áratugum höfum verið að reyna að vinna, væru í hættu, þessir markaðir væru að brotna niður, þeir væru að eyðileggjast, og það væri þess vegna full ástæða til þess að taka þetta mál miklu rækilegri tökum en hér er gert og taka þetta mál til verulegrar umræðu í þinginu út frá þeim þjóðarvoða, sem yfir vofir í þessum málum. Ég býst við, að hæstv. forsrh. sé það jafnvel enn kunnugra en mér, hvernig ástandið hæði viðvíkjandi Norðurlandssíldinni og viðvíkjandi Suðurlandssíldinni er í þeim málum og hvernig útlitið er þar viðvíkjandi okkar mörkuðum. Þessir hlutir og þetta ástand allt saman þarf þess vegna algerrar endurskoðunar við. Það hefði þess vegna verið eðlilegur og sjálfsagður hlutur, svo framarlega sem hafa ætti eðlilegan hátt á umr. um mál eins og þetta, að þetta hefði verið athugað verulega í sameiningu. Í nefndum þingsins er tækifæri til þess. Hæstv. ríkisstj. hefur a. m. k. stundum álitið, að það væri heppilegt að hafa stjórnarandstöðuna með í ráðum um svona mál. Og þegar er verið að gera stórar ráðstafanir í svona málum, þá hefur það hingað til tíðkazt og það líka hjá núv. hæstv. ríkisstj., að stjórnarandstaðan fengi sína möguleika á því að athuga málin, koma fram með sínar hugmyndir um þau, gera sínar breytingartillögur við þau og ræða þau jafnvel alveg bróðurlega við ríkisstj. Hér hefur ekki verið hafður sá háttur á. Hér er eins og hlaupið hafi eitthvert írafár í þetta mál og allt í einu hafi verið stokkið til og sagt, að þetta mál eigi nú að ná fram að ganga.

Hvað er það þá raunverulega, sem lagt er til að gera í sambandi við þetta. Ef menn hafa með því að fara að hugsa nú frjálst um þessi mál komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki bæri að hörfa til frelsisins, heldur styrkja raunverulega þá opinberu íhlutun í mál, þá var náttúrlega hægt að hafa ýmiss konar hátt á því. En sá háttur, sem hér virðist valinn, er sá að fara sérstaklega að gefa saltendum — sérstökum félögum saltenda — aðstöðu til þess að ráða þarna allmiklu með. Það má lengi um það deila, hverjir ættu að ráða, ef maður ætlaði að fara að gefa ýmsum hópum þarna rétt til þess að ráða. Ef til vill eiga sjómenn og útvegsmenn ekki öllu minna undir þessu en saltendurnir. Ef til vill mundi sjómaðurinn og útvegsmaðurinn, sem kemur að landi með sinn afla, vilja segja: Ég vil fá að vera frjáls, og ef ég fæ ekki að vera frjáls, þá vil ég fá að ráða allmiklu um það, hvort mín síld fæst söltuð eða ekki. — Ég er hræddur um, að sjómönnum og útvegsmönnum, sem kæmu að landi með góðan afla og góða síld, þætti það anzi hart, ef allt í einu kæmu einhverjir saltendur og segðu við þá og hefðu vald og afl til þess að geta gert það: Þú færð ekki að salta þessa ágætu síld, af því að ég ræð því, hverjir fá að salta. — Ég er hræddur um, að mönnum fyndist, jafnvel þó að það væri skoðanafrelsi í Sjálfstfl., fara nokkuð lítið fyrir atvinnufrelsinu í síldarsöltuninni, sjómönnunum og útgerðarmönnunum, þegar þannig væri komið. Það er þess vegna engin sérstök ástæða til þess, að saltendur eða þeirra samtök hefðu þarna nein afgerandi áhrif á, hve mikið fengist saltað í landinu. Ég þekki það til í þessum málum, að ég veit ósköp vel, hverjar tilhneigingar saltendanna eru í þessu efni. Tilhneigingar saltendanna eru alltaf þær að salta sem minnst og reyna að fá sem hæst verð fyrir hverja tunnu. Saltendurnir eru út af gamalli reynslu fyrst og fremst verulega hræddir við eitt, og það er of mikil söltun. Það er það, sem þeir eru hræddastir við af öllu, enda hefur það oft reynzt þeim þungt í skauti. En að láta hagsmuni þeirra eina ráða þarna og með þeirri breytingu, sem hér er lagt til, að gefa þeim á vissan hátt kannske úrslitavald þarna, það nær bókstaflega ekki nokkurri átt. Þar að auki er vitanlegt, að því fer fjarri, að saltendur séu sammála um þetta. Saltendur og þeirra félög hafa þarna mjög mismunandi skoðun. Saltendur eru alveg klofnir í þessum málum. Það er ekki einu sinni sameiginleg ósk allra saltenda, sem þarna er á bak við. Þess vegna, ef ætti að fara að endurskoða þetta mál og skapa þarna nýtt skipulag, þá er ákaflega margt annað, sem þarna kæmi til greina, og hagsmunir saltendanna eru sannarlega ekki hagsmunir, sem mega, þótt sjálfsagt sé að taka tillit til þeirra, vera einhlítir í þessu efni, og þeir mundu ekki vera það, svo framarlega sem þetta er frjálst, svo framarlega sem mönnum væri leyfilegt að salta og selja eins og hver út af fyrir sig treystir sér til og hefðu ekki annað aðhald en það, sem mikið var talað um fyrir tveim árum, þegar frelsið var innleitt í voru landi, að menn færu þá á hausinn, ef þeir stæðu sig ekki með það að selja sína vöru. Þess vegna eru þessar tillögur mjög varhugaverðar í þessu sambandi, og ég er meira að segja hræddur um, að þær upplýsingar, sem fyrir liggja í þessum málum, í grg. þessa frv., séu alls ekki réttar.

Ég vil þess vegna alvarlega beina því til hæstv. ríkisstj. að vera ekki að taka upp á því nú á síðasta degi þingsins, sem átti að vera, að reyna að knýja svona þingmannafrumvörp í gegn. Stjórnarandstaðan hefur sýnt þeim málum, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið með, alveg fulla tilhliðrunarsemi, og ég sé ekki, að ríkisstj. hafi haft þar yfir neinu að kvarta. Í þeirri trú, að það væri meiningin, að þetta mál yrði, eins og kallað er, saltað í nefnd, var það látið fara til 2. umr. Og ég fæ satt að segja alls ekki skilið, hvað það er, sem gæti allt í einu valdið því, að það væri svona mikil nauðsyn á að knýja þetta mál fram, eða hvers konar offors það er, sem það er sótt með. Ég vil vekja athygli á því, að eðlilega meðferðin á máli eins og þessu væri, að það væri bara lokið um það 1. umr. og það látið daga uppi, en ef menn vildu fara eitthvað alvarlegt að gera í þessum málum, þá væri annaðhvort af hálfu hæstv. ríkisstj. sett nefnd til þess að athuga um fyrirkomulagið í þessum málum eða þá jafnvel sett milliþinganefnd í það. Það er í hæsta máta óviðkunnanlegt að ætla að bylta á nokkrum dögum í þinginu fyrirkomulagi, sem búið er að standa í 20—30 ár í þessum efnum. Ég vil þess vegna leyfa mér, eins og ég gerði í upphafi míns máls, að beina því til hæstv. ríkisstj., að hún sé ekki að sækja þetta mál með neinu offorsi, og beina því til hæstv. forseta, að um þetta mál verði hafður sá háttur á, sem eðlilegt er um

þingmannafrv., sem lítið hefur verið rætt og enga athugun hefur fengið í nefnd, að það verði látið rólega daga uppi nú á þinginu, en ekki verði freistað að gera þann óvinafagnað í lok þingsins að reyna að fara að beita einhverjum óvenjulegum aðferðum til þess að knýja svona mál fram að óhugsuðu máli.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég get tekið undir þær skoðanir tveggja síðustu ræðumanna, sem hér hafa komið fram, að mjög sé óviðeigandi sá háttur, sem hafður hefur verið á afgreiðslu máls þessa hér á hv. Alþ. Því hefur verið lýst, að frv. þetta kom til meðferðar hv. d. fyrst í gær, og mér skilst, að það sé ákvörðun ríkisstj. að knýja það í gegn fyrir þinglok.

Ég þarf ekki að rekja eða fara mörgum orðum um, hversu nauðsynlegt væri að endurskoða ekki einungis löggjöfina um síldarútvegsnefnd, heldur taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar lagaákvæði öll varðandi sölu síldar til útlanda og meðferð hennar hér innanlands. Ég er dálítið kunnugur þessum atvinnuvegi, hef alizt upp við hann á Siglufirði og þekki hann því dálítið af eigin raun. Mér hefur oft blöskrað, þegar ég hef hugsað um þessi mál, hversu lítil framför hefur orðið á þessum mikilvæga þætti athafnamála okkar Íslendinga. Eins og löggjöf um síldarútvegsnefnd er nú háttað, þá á hún m. a. að hafa forustu um markaðsöflun og markaðsleit, finna nýjar síldarverkunaraðferðir o. fl. Ég held, að síldarútvegsnefnd hafi mjög brugðizt þessu hlutverki sínu.

Íslendingar hafa, frá því að ég man fyrst eftir, verkað saltsíldina á mjög svipaðan hátt. Það hefur verið um mikla fábreytni að ræða, og mér hefur oft fundizt það skrýtið, að Íslendingar á árinu 1960 skyldu enn viðhafa þann frumbýlingsháttt í þessari atvinnugrein að taka síldina og setja hana afhausaða niður í 100 kg tunnur og flytja þannig til útlendinga til þess að sjóða niður í dósir og verka á annan hátt, — verkefni, sem við sjálfir gætum auðveldlega annazt og gert þannig síldina miklu verðmætari þjóðarbúinu en hún er núna.

Ég átti þess einu sinni kost að koma í sænska niðursuðuverksmiðju, sem var að verka Íslandssíld, Norðurlandssíld. Síldin var tekin upp úr tunnunum og lögð niður í dósir. Framkvæmdin var ákaflega einföld, og ég er sannfærður um, að við gætum auðveldlega gert þetta sjálfir. Ég fór að grennslast um verðlag á síldinni, þegar búið var að vinna hana þannig, og ég gat ekki betur séð en það væri a. m. k. áttfalt á við það, sem útlendingarnir keyptu hana af okkur, þannig að ég tel, að hér sé geysilega mikið verkefni að vinna og mikilvægt þjóðarbúinu. Forustan í þessum málum þarf að vera meir vakandi en hún hefur verið til þessa, og raunverulega getur hv. Alþingi ekki sýnt sama sinnuleysið í þessum síldarverkunarmálum og verið hefur á mörgum undanförnum þingum.

Mér er kunnugt um, að á mörgum þingum hafa verið flutt frv. eða þáltill. um að stofnsetja niðursuðuverksmiðju á Siglufirði og víðar, en þau frumvörp hafa aldrei fengizt afgreidd á hv. Alþingi og dagað þar uppi.

Það er einkennilegt, að við sölu saltsíldar á Íslandi er hátturinn sá, að útlendingarnir hafa keypt hana, eins og ég hef áður sagt, í heiltunnum með um 100 kg í hverri tunnu. Þegar útlendingarnir yfirtaka þessa síld okkar, er hátturinn sá, að þeir taka úrtak úr síldinni, láta vigta það, og hver einasta tunna verður að ná þessari lágmarksvigt. Ef hún nær henni ekki, þá er viðkomandi „parti“ fellt, og fara verður yfir það aftur. Þó að hins vegar 9 tunnur af hverjum 10, sem eru í þessu úrtaki, skili kannske 5 eða 6 kg umfram lágmarksþungann, er ekkert tillit tekið til þess. Þannig taka kaupendurnir árlega svo og svo mikið af saltsíld út úr landinu, sem þeir borga ekki eina einustu krónu fyrir.

Í annan stað vil ég til upplýsingar fyrir hv. þm. geta þess, að sá háttur er líka kominn á hjá þessum erlendu kaupendum, að þegar þeir eru að vigta þessar úrtakstunnur, hafa þeir venjulega dregið frá vigtinni 2 kg, sem þeir áætla fyrir pækil, er kynni að loða við síldina, þegar hún er vigtuð. Á þennan hátt hafa kaupendurnir að minu viti náð verulega miklu magni saltsíldar út úr landinu án þess að greiða einn einasta eyri fyrir, og það má einkennilegt teljast, ef ekki er hægt að fá breytingu í þessu efni.

Þær breytingar, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir á gildandi lögum um síldarútvegsnefnd, eru ekki margar og í sjálfu sér ekki mjög stórvægilegar. Mér sýnist, að aðalatriðið í sambandi við frv. þetta sé að fjölga í n. úr 5 mönnum í 7. Til viðbótar þeim 5 mönnum, sem hafa verið í n., á nú að kjósa 2 fulltrúa til viðbótar eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norðausturlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Ég get fallizt á, að eðlilegt sé, að framleiðendasjónarmiðin ráði miklu í síldarútvegsnefnd, og spurning er, hvort það væri ekki heppilegasta skipulag þessara mála, að um frjáls samtök framleiðendanna væri að ræða og þeir kysu sínar stjórnir. En ég sé ekki, að fjölgun í n., eins og lögin eru nú, sé til nokkurra bóta. Ég held, að hér af leiði aðeins aukinn kostnað fyrir þá, sem standa í þessum atvinnuvegi, en sá kostnaður er meira en nógur fyrir.

Eitt af verkefnum síldarútvegsnefndar er m. a. að ákveða fersksíldarverðið til sjómanna og útvegsmanna á hverju ári. Það væri því ekki óeðlilegt, fyrst Alþingi á annað borð er að kjósa þessa nefnd að meira eða minna leyti, að það gætti þá nokkurs jafnvægis um sjónarmið síldarsaltenda eða síldarkaupenda annars vegar og síldarseljendanna hins vegar, það er að segja sjómannanna og útvegsmannanna. En svo er ekki. Nú á að bæta við í n. tveimur fulltrúum, sem á að skipa úr hópi síldarkaupenda. Fyrir var í n., eins og hún var skipuð, a. m. k. einn úr þeirra hópi, sem Alþ. hefur kosið, og raunar tveir, því að annar hefur það samband við ákveðna síldarsöltunarstöð, að telja má, að hann hafi verulegra hagsmuna þar að gæta. Þá hefur viljað þannig til, að sá fulltrúi, sem hefur verið kosinn úr hópi útvegsmanna, hefur verið síldarsaltandi. Ef þessir menn halda áfram að starfa í n., þá má segja, að með viðbót þessara tveggja fulltrúa, sem félög síldarsaltenda eiga að leggja til, hafi síldarsaltendurnir eða síldarkaupendurnir meiri hluta í

n. og þeir hafi aðstöðu til þess í sambandi við verðlagsákvarðanir á fersksíldinni til sjómanna og útvegsmanna að bera fyrir borð hagsmuni þeirra. Þetta tel ég fyrir neðan allar hellur, ef Alþingi er á annað borð að skipta sér af kosningu þessarar nefndar.

Það hefur gætt verulegrar gagnrýni á störfum síldarútvegsnefndar á undanförnum árum. M. a. hefur veruleg óánægja verið með það bæði hjá sjómönnum og eins síldarsaltendum, hversu oft hefur dregizt, að n. leyfði að byrja söltun á hverju sumri. Oft hefur þetta orsakað það, að þegar loksins leyfi var gefið til þess að byrja söltun, var bezti síldartíminn liðinn og ekki var hægt að salta nema hluta af því, sem var búið að selja fyrir fram. Ég skal viðurkenna, að það er dálítið erfitt fyrir þá, sem eiga að ákveða, hvenær megi byrja söltun, að haga svo störfum sínum, að þeir verði ekki fyrir gagnrýni. En það er víst, að gagnrýnin á verkum síldarútvegsnefndar að þessu leyti er orðin svo almenn, að nauðsynlegt er, að það sé rannsakað, hvort sú gagnrýni er byggð á einhverjum rökum.

Ég held, að það væri ástæða til þess, eins og ég gat um í upphafi, að hv. Alþ. kæmi sér saman um að fresta afgreiðslu þessa máls í þetta skipti. Það hefur engan veginn hlotið þann undirbúning, sem ástæða er til að það fái. Grg með frv. er ákaflega ófullkomin, og allar skýringar vantar í grg. um það, hvaða breytingar eigi hér á að gera frá eldri löggjöf. Þar sem hér er um veigamikið mál að ræða, sjálfa meðferðina á saltsíldinni og hvernig við eigum að vinna að markaðsöflun fyrir hana og haga verkun hennar, þá held ég, að það sé fyllilega ástæða fyrir ríkisstj. að fallast nú á þær óskir, sem stjórnarandstaðan hefur sett fram um, að mál þetta verði ekki afgreitt nú með offorsi á þessu þingi, heldur frestað fram á næsta þing og látin fara fram nákvæm athugun á því og svo raunar síldarmálunum öllum í heild.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Mér skilst, að aðalákvæði þessa frv. séu þau að fjölga í síldarútvegsnefnd úr 5 manns, eins og nú er ákveðið í l. frá 29. des. 1934, í 7 manns. Ég fæ ekki séð við fljóta yfirsýn, að þessi breyting á lögum um síldarútvegsnefnd geti talizt til neinna bóta. Aðrar breytingar á þessum lögum kem ég ekki auga á, sem máli skipti. Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að niður skuli falla orðin „löggiltir útflytjendur", en í staðinn kemur svo aftur, að „löggilda skuli söltunarstöðvar." Ég sé ekki sérstaklega mikinn eðlismun á þessari breytingu. En það skal samt tekið fram, að ég hef ekki borið frv. saman við lögin, og það getur verið, að þar séu einhverjar smáorðalagsbreytingar aðrar. Ég taldi víst, að þetta frv. mundi ekki koma hér fyrir hv. d., og hef þess vegna ekki kynnt mér það, eins og ég hefði annars gert, ef ég hefði gert ráð fyrir því, að það kæmi hingað. En um engar verulegar efnisbreytingar mun vera að ræða frá eldri lögum.

Frv. hefur verið til umsagnar nokkurra aðila, þ. á m. hjá síldarútvegsnefnd. Á fundi nú fyrir nokkru gerði ég fsp. um það til formanns n., hvort sjútvn. Ed., sem málið var hjá, hefði ekki boðað hana á fund n. til að ræða um fram komið frv. Formaðurinn sagði, að við sig hefði ekkert verið rætt um þetta frv. Ég spurðist þá fyrir um það, hvort n. ætlaði ekki að taka afstöðu til málsins á annan hvorn veg. Mér var svarað því til, að það væri nokkurn veginn fullvíst, að frv. mundi ekki fara í gegn á þessu þingi og því sæi n. ekki sérstaka ástæðu til þess að taka afstöðu til málsins á þessu stigi, sérstaklega þó vegna þess, að hv. sjútvn. Ed. hefði ekki óskað eftir viðræðum við neinn úr n. og þá ekki við formann heldur. Ég verð nú að láta í ljós undrun mína yfir því, að þegar um er að ræða allmikla breytingu á lögum eins og þarna, þá skuli ekki formaður viðkomandi nefndar hafa verið boðaður á fund og rætt við hann og leitað eftir áliti hans á þessu máli. Menn hljóta að velta því fyrir sér, hvort það sé til bóta að fjölga úr 5 í 7. Mitt álit er, að það sé sízt af öllu til bóta. Ég álít, að það sé verra á margan hátt.

Rökin, sem færð eru fram fyrir því að fjölga í n., eru þau, eins og segir í grg., — grg. er mjög stutt, ég held, að ég verði að ræna tíma Alþingis með því að lesa þá grg. upp, með leyfi hæstv. forseta, — grg. hljóðar svo:

„Frumvarp þetta, sem felur í sér nokkrar breytingar á skipun síldarútvegsnefndar, miðar m. a. að því að tryggja síldarsaltendum aðild að nefndinni, en það hafa þeir ekki, eins og lögin kveða á um skipan nefndarinnar nú. — Þá er í frv. þessu um nokkrar aðrar breytingar að ræða, sem telja verður rétt að gerðar séu, en þær eru um atriði í lögum, sem löngu eru úrelt og samrýmast ekki framkvæmd þeirra." Það hefði mátt gera þá kröfu til hv. flm., að þeir hefðu bent á, í hvaða greinum þessar breytingar eru. En það er ekki gert hér.

„Svo sem kunnugt er, eru nú starfandi sölusamtök framleiðenda um sölu í flestum greinum sjávarútflutningsframleiðslunnar nema um sölu saltsíldar, en sá vöruflokkur hefur um alllangan tíma verið í höndum síldarútvegsnefndar. Með því fyrirkomulagi, sem nú er um skipan nefndarinnar, er það hending ein, sem ræður því, hvort nokkur síldarsaltandi á sæti í n. Það verður að teljast óeðlilegt, að framleiðendur, sem eiga mest e. t. v. undir framkvæmd nefndarinnar komið, hafi ekki aðstöðu til þess að taka virkan þátt í sölumeðferðinni og gæta hagsmuna sinna."

Ég vil benda á það í sambandi við þessa grg., að hún gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á skipan nefndarinnar nema bara að fjölga um tvo. Eftir sem áður á síldarútvegsnefnd að sjá um alla sölu. Það er ekki lagt til að breyta meðferð á sölu síldar á líkan hátt og er með aðrar fiskafurðir. Ef sú breyting hefði legið fyrir, hefði verið hægt að ræða málið á víðara grundvelli. Svo segir hér:

„Félög síldarsaltenda eru nú tvö starfandi í landinu: Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Bæði félögin ásamt Fiskifélagi Íslands hafa einróma samþykkt að óska eftir því, að sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld o. fl., komi sem fyrst til framkvæmda."

Styttri gat nú grg., að mér finnst, ekki verið, úr því að farið var að gefa út sérstakt frv. í 13

greinum, heldur en þetta og varla ónákvæmari heldur eða minni upplýsingar.

En nú er bezt að athuga, hve mikið er satt í því, sem segir í þessari grg. um það, að síldarsaltendur hafi ekkert með að gera það, sem gerist í nefndinni. Það er jú satt, að þeir eru ekki beinir aðilar. Söltunarfélögin tvö eru ekki löglegir beinir aðilar. Það er sannleikur. En allur sannleikur málsins er ekki þar með sagður. Ég skal upplýsa nákvæmlega um það, hvernig síldarútvegsnefnd, aðalmenn og varamenn, er samsett, hvaða starf nm. hafa. Í n. eiga sæti 5 menn. Formaður n. er Erlendur Þorsteinsson. Hann er forstjóri söltunarfélagsins Sunnu á Siglufirði og er því síldarsaltandi, og hann er búinn að vera í n. milli 20 og 30 ár. Hann hefur alveg tvímælalaust mikilla hagsmuna að gæta sem einn allra stærsti síldarsaltandi á Siglufirði fyrir hönd söltunarfélagsins Sunnu. Varaformaður n. er Jón Þórðarson framkvæmdastjóri Pólstjörnunnar h/f, Siglufirði, einn með stærstu síldarsaltendum á Siglufirði, annar eða þriðji í röðinni, stundum hefur hann verið hæstur. Hann hefur verið í n. í fjöldamörg ár, ýmist formaður eða varaformaður. Þriðji meðlimur n. er Guðmundur Jörundsson skipstjóri. Hann er síldarsaltandi, bæði í Hrísey og Þórshöfn. Þarna er kominn helmingur n. og meira, 3 af 5. Þetta eru allt síldarsaltendur. Fjórði maður n. er Björn Kristjánsson fyrrv. kaupfélagsstjóri á Kópaskeri. Kaupfélagið á Kópaskeri hafði þar til, ég held, í fyrra eða fyrir einu ári útibú á Raufarhöfn. Þetta útibú á Raufarhöfn rak síldarsöltun. Mér er sagt, að það sé búið að skipta þessum félögum í tvennt núna, að það sé orðið sérstakt kaupfélag, kaupfélagið á Raufarhöfn. Björn Kristjánsson hefur því haft hagsmuna að gæta í sambandi við síldarsöltun sem meðlimur í kaupfélaginu á Kópaskeri, þar sem hans félag hefur rekið síldarsöltun. Fimmti maður n. er Hannibal Valdimarsson, kosinn af A. S. Í. Hann er eini maðurinn, sem hefur ekki beint eða óbeint hagsmuna að gæta sem síldarsaltandi, vel að merkja sem síldarsaltandi. Vitanlega hefur hann hagsmuna að gæta sem fulltrúi sjómanna og verkamanna í n., en hann hefur engra hagsmuna að gæta sem síldarsaltandi.

En nú skulum við athuga varamennina, hvernig þeir eru, hvort þeir hafa ekki einhverra hagsmuna að gæta líka sem síldarsaltendur. Varamaður í n. fyrir Erlend Þorsteinsson er Birgir Finnsson, síldarsaltandi fyrir Samvinnufélag Ísfirðinga. Það félag hefur rekið söltun á Siglufirði í fjöldamörg ár. Fyrir Jón Þórðarson er varamaður Guðfinnur Einarsson frá Bolungavík. Hann er síldarsaltandi á Siglufirði, hefur saltað síld í félagi við Skafta Stefánsson. Auk þess er hann og faðir hans síldarsaltendur í Bolungavík. Varamaður Björns Kristjánssonar er Jakob Frímannsson kaupfélagsstjóri á Akureyri. Kaupfélag Eyfirðinga stofnaði á sínum tíma hlutafélag um síldarsöltun á Siglufirði, sem heitir h/f Njörður. Það félag hefur í mörg ár rekið umfangsmikla síldarsöltun á Siglufirði. Ég held, að það hafi líka haft síldarsöltun á Akureyri um tíma. Jakob Frímannsson er því alveg beinn aðili að síldarsöltun. Svo kemur varamaður fyrir Guðmund Jörundsson. Hann heitir Margeir Jónsson, er útgerðarmaður í Keflavík. Margeir er stór síldarsaltandi í Keflavík. Hann er í langflestum tilfellum boðaður á fund í n., þegar þeir eru haldnir hér í Reykjavík og um er að ræða sölu eða söltun á Faxasíld. Ég fullyrði, að það hefur aldrei verið tekin nein ákvörðun í n. um sölu á síld veiddri á Suðurlandi, án þess að Margeir Jónsson hafi verið tilkvaddur og haft í hverju einasta tilfelli fullt samkomulag og samráð við hann um allar gerðir þeim málum viðkomandi. Auk þess hefur svo Margeir mætt norður á Siglufirði í forföllum Guðmundar Jörundssonar. Fimmti maðurinn, varamaður fyrir Hannibal Valdimarsson, er ég og hef starfað í n. að mestu undanfarin ár, og það vita allir, hve mikla síldarsöltun ég rek, þannig að við erum þarna tveir, við Hannibal, sem ekki er hægt að segja um að höfum neina hagsmuni sem síldarsaltendur.

Þá þykist ég hafa sýnt fram á það, að 4 af 5 í n. eru ýmist beint síldarsaltendur eða umboðsmenn fyrir félög, sem reka síldarsöltun. Svo segja þessir hv. menn hér í grg., að aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. sé að veita síldarsaltendum beina aðild að síldarsöltun. Hafið þið heyrt aðra eins vitleysu! Hvað vilja þessir hv. alþm.? Vilja þeir meiri og betri aðstöðu en þeir hafa nú þegar? Ég veit það ekki. Eða telja þeir, að sínu máli sé ekki sæmilega vel komið í höndum á manni eins og Jóni Þórðarsyni? Hefur hann eitthvað troðið þeirra rétt niður? Ég held, að það verði ekki sagt um Jón Þórðarson, að hann standi ekki vel á verði fyrir síldarsaltendur, og ég dreg það í stórvafa, jafnvel þótt þeir, sem frv. flytja, fari inn í síldarútvegsnefnd, að þeir stæðu betur á verði fyrir síldarsaltendur en Jón Þórðarson hefur gert fram á þennan dag.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, að það er mesta fjarstæða að halda því fram, að síldarsaltendum sé ekki tryggð fullkomin aðild að síldarútvegsnefnd, eins og hún er núna skipuð. Það eru ekki miklar líkur á því, að á því yrði breyting, þótt ekki væri fjölgað upp í sjö. Ég geri ráð fyrir, að þingflokkarnir ráði því, hvaða menn þetta eru, og síldarsaltendur hér í þingflokkunum eru sjálfsagt svo vel á verði um sín hagsmunamál, að þeir mundu ekki setja einhvern og einhvern inn í slíka nefnd. Þeir mundu auðvitað setja þann mann, sem þeir tryðu bezt fyrir sínum málum, eins og þeir hafa gert hingað til. Þá hef ég ekki mikla trú á því, að Alþfl. fari að sparka sínum ágæta fulltrúa, Erlendi Þorsteinssyni. Hann er búinn að vera þarna að ég held ein 25 eða 30 ár. Og ég býst ekki við því, að hann óski eftir því sérstaklega að losna úr því starfi, og það er ekki mikil hætta á því, að á því verði breyting, eins og er. Nei, þvert á móti, það er alveg öruggt, að það eru a. m. k. þrír eða fjórir af aðalnefndarmönnum, sem hafa beinna hagsmuna að gæta. Eins og ég tók fram áðan, get ég ekki skilið, hvað vakir fyrir hv. flm. með flutningi þessa frv. Það hlýtur að vera eitthvað sérstakt. Þær ástæður, sem fram eru færðar í grg. fyrir frv., fá engan veginn staðizt. Það hljóta að vera einhverjar miklu stærri og þýðingarmeiri ástæður, sem liggja á bak við það, að frv. er flutt, heldur en þær, sem hér hafa verið til færðar.

Ég tók það fram áðan, að mér finnst grg. ákaflega óaðgengileg, engar upplýsingar í henni fyrir þá, sem þekkja ekki til þessara mála, eins og vanalegt er, þegar frumvörp eru flutt, sérstaklega þegar um stærri mál er að ræða. Þá er látin fylgja þeim greinargóð greinargerð og upplýsingar um málið. En það er ekki hægt að segja, að slíku sé hér til að dreifa. Engin frambærileg rök eru færð fyrir breytingunum og ekkert komið inn á sjálft málið.

Það má sjálfsagt margt segja og finna að störfum síldarútvegsnefndar. Það er enginn alger og ekki heldur síldarútvegsnefnd. Og sízt af öllu dettur mér í hug að halda því fram, að síldarútvegsnefnd hafi ekki gert margar vitleysur. En það er ekki nokkur trygging fyrir því, þótt settir væru einhverjir tveir svokallaðir fulltrúar síldarsaltenda inn í n., að sömu vitleysurnar endurtaki sig ekki jafnt fyrir það, þótt þeir yrðu 7 í staðinn fyrir 5. Ég álít meira að segja, að það væri meiri hætta á því. Vitanlegt er, að n. hefur gert ýmislegt það, sem orkar tvímælis, og seinast s. l. vor gerði nefndin að mínum dómi mjög skakkt, þegar hún leyfði ekki söltun fyrr en hún gerði, og það er alveg óumdeilanlegt, að það, að söltunin var svona seint leyfð, orsakaði það, að það var saltað svo að skipti kannske tugum þúsunda minna af síld norður á Siglufirði. En ég er ekki alveg viss um það, þó að væri bætt við einum manni úr söltunarfélagi Norðausturlands, að það yrði til þess að tryggja, að fyrr yrði hafizt handa með söltun á síld á vesturssvæðinu en gert hefur verið áður. Ég er ekki alveg viss um það. Það má alltaf deila um það út af fyrir sig, hvenær á að byrja að salta síld og hvenær ekki. Þetta er algert matsatriði, og liggja margar ástæður fyrir því. Það má benda á í þessu sambandi, að í fyrravor voru allar fréttir, sem frá rannsóknarskipunum bárust, á einn veg. Útlitið er mjög sæmilegt og útlit fyrir sæmilega veiði. En þessar síldarspár bara rættust ekki, því miður, og það sýnir okkur hvað við erum komnir sorglega skammt einmitt í því að þekkja göngu og eðli síldarinnar. Mér finnst, að við stöndum svo að segja alveg í sama stað og þegar við byrjuðum fyrst að rannsaka þessi mál. Og ég held, ef maður athugar þetta nánar, að þær þjóðir, sem lengst hafa haft með síldarrannsóknir að gera, telji sig meira að segja vera mjög skammt á veg komnar. Hins vegar stendur þetta allt til bóta, og vonandi kemur ekki það fyrir aftur, sem kom fyrir s. l. vor, að söltunin verði of seint hafin. Menn eru náttúrlega alltaf ákaflega klókir eftir á og sjá það, að betra hefði verið að gera þetta en gera það ekki o. s. frv. En sem sagt, ég mun ekki ræða um störf síldarútvegsnefndar frekar, nema til þess gefist alveg sérstakt tækifæri.

Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, er óhætt að fullyrða, að um það eru mjög skiptar skoðanir. Það má benda á, að stjórn deildar síldarsaltenda á Siglufirði, en á Siglufirði munu vera um 20 saltendur, hefur mótmælt frv. Mótmæli frá Vinnuveitendafélagi Siglufjarðar eða deild þess eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða í félagi voru 17. þ. m.:

Fundur síldarsaltenda, haldinn 17. febr. 1961, lýsir sig andvígan frumvarpi til laga um síldarútvegsnefnd o. fl., mál 190, þskj. 367. Telur fundurinn að breyting sú, sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, sé sízt til bóta og muni auk þess tefja fyrir því, að ákjósanlegasta lausnin á þessu máli nái fram, en það er, að við taki frjáls sölusamtök síldarsaltenda.

Virðingarfyllst. Stjórn félagsins,
Ólafur Ragnars,
Daníel Þórhallsson,
Björn Stefánsson.“

Þá liggja fyrir ýmsar aðrar umsagnir, t. d. frá söltunarfélögunum báðum, bæði á Norðausturlandi og Suðvesturlandi, sem mæla með, að frv. verði samþykkt. Ég skal ekki segja um, hvort stjórn saltendafélags Norðausturlands hefur komið saman á fund hér í Reykjavík. Ég veit það ekki. En mér er ekki alveg grunlaust um það, að sömu menn, sem eru í stjórn saltendafélags Norðausturlands og eru í saltendafélagi Siglufjarðar, hafi mætt á báðum fundunum. Ég er ekki alveg fullviss um það. En það kemur fram í mótmælunum hér, að þar stendur, að „eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða í félagi voru 17. þ. m.“ Þetta skiptir náttúrlega ekki miklu máli, þó að mennirnir hafi mætt á báðum fundunum. Það getur vel verið, að þeir hafi setið hjá. Og eitt er víst, að annar stjórnarmeðlimurinn, sem á heima á Siglufirði, mun ekki hafa mætt á þessum fundi. Það hefur þá bara verið haft við hann sjálfsagt símasamband. Þetta breytir ekki sérstaklega miklu. En ég vil þó benda á það, að báðir þessir stjórnarmeðlimir í söltunarfélagi Norðausturlands eru líka meðlimir í söltunarfélagi Siglufjarðar. Þeir hafa kannske ekki verið búnir að átta sig á málinu, ekki búnir að taka afstöðu, þegar þeir mættu á fundinum, gert það þá eftir að formaður félagsins hafði hóað í þá og skýrt fyrir þeim málin.

Mér er sömuleiðis vel kunnugt um það, að margir aðrir síldarsaltendur eru á móti þeirri breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég gæti talið hér upp menn, ef ég kærði mig um, sem beinlínis hafa talað um það við mig, að þeir teldu, að þessi breyting væri hrein vitleysa. Sumir hafa sagt við mig hreint og beint: Þetta er gert til þess að koma ákveðnum mönnum inn í n., — tilnefnt ákveðna menn. Ég ætla ekki að fara að segja frá því, hvaða menn það hafa verið, sem þeir hafa tilnefnt, en svona tala menn um þetta. Og aðrir gera bara grín að þessu, segja, að það sé dálítið merkilegt, að menn skuli láta hafa sig til þess að flytja sérstök frumvörp til þess að koma ákveðnum mönnum í ákveðnar stöður. Ég er ekki að segja, að þetta sé satt. En svona er talað um hlutina manna á meðal. Það er ekki alltaf farandi eftir því, sem sagt er, þegar verið er að ræða um einstök mál.

Sjálfur er ég þess fullviss, að breytingin muni á engan hátt bæta úr því ástandi, sem nú er í þessum málum, alveg þveröfugt. Ég er alveg viss um það, að breyting á okkar síldarmálum yfirleitt fæst ekki með því, þó að hér yrði fjölgað í n. upp í sjö, síður en svo.

Það skal fyllilega viðurkennt, að að mínum dómi hefur n. alls ekki sýnt nógu mikinn áhuga oft og tíðum fyrir því að auka markaði. Til þess

liggja í sjálfu sér vissar ástæður, m. a. það, hve mikil óvissa er alltaf ríkjandi um það fyrir hverja síldarvertíð, hve mikið kann að veiðast af síld. Og það er í sjálfu sér líka alvarlegt, þegar n. er búin að gera mikla fyrirframsamninga, upp á kannske 200—300 þús. tunnur, að standa svo frammi fyrir því, þegar haust er komið, að ekki hefur verið saltað nema í 120—125 þús. tunnur, eins og var s. l. ár. Þegar þannig er, hvort sem það er nú síldarútvegsnefnd að kenna eða af öðrum ástæðum, er vitanlega alltaf hætta á því, að kaupendurnir, sem hafa gert fyrirframsamninga, kippist heldur illa við og séu ekki áfjáðir í að gera samninga við aðila, sem geta ekki staðið við þá ár eftir ár. En það hefur því miður oft verið þannig í okkar málum, sérstaklega nú upp á síðkastið, að það hafa verið gerðir svo og svo miklir fyrirframsamningar, sem hefur ekki verið hægt að standa við. Ég skal taka það fram, að oftast nær hafa legið fyrir því eðlilegar orsakir, og það er, að síldin hefur gersamlega brugðizt mörg ár frá því, sem áður var.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta. Ég vil þó minnast á það, að mér finnst ákaflega merkileg þessi afgreiðsla hjá hv. sjútvn. Ég fór að lesa fundargerð sjútvn. Þar sé ég, að málið hefur verið tekið fyrir og rætt, en engin ákvörðun tekin. Önnur fundargerð er ekki bókuð í fundabók n. Ég fór svo og ræddi við formann n. Hann tjáði mér, að n. hefði reyndar talað saman og þá hefði komið í ljós, að það hefði ekki verið samstaða um málið, og þá fundargerð ætti eftir að bóka. Þetta er heldur óvanalegt, en getur kannske gengið í endalok þingsins. Hins vegar hefði ég nú talið, að þar sem alveg er komið að síðasta degi þingsins, þá ætti ekki að vera að setja neitt sérstakt kapp í að koma þessu máli í gegn. Minni hl. virðist ekki hafa veitzt tími til að gefa út sérstakt nál., og ég verð að telja, að það sé bæði óvanalegt og slæmt að fá ekki nál. frá honum. Ég vil nú skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann telji þetta mál svo þýðingarmikið, að það sé vert að vera að stofna til t. d. næturfundar um málið. Það má vel vera, að hæstv. forseti ætli sér að berja þetta mál í gegn núna á þessu þingi, og þá má vel vera, að hæstv. forseti verði að boða til sérstaks næturfundar til að koma málinu í gegn. Ég segi fyrir mig, ég tel mig vera trúnaðarmann þeirra manna, sem eru á móti málinu í mínu héraði, og ég er ekki alveg viss um, að ég láti málið fara í gegn án þess að taka til máls þá við 3. umr. og þá lengur en núna.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég get fyrir mitt leyti vel fallizt á, að það hefði verið æskilegt, að þessi hv. d. hefði fengið þetta mál fyrr til meðferðar frá Ed. og betri tími hefði gefizt til að athuga það. Samt sem áður tel ég ekki, að hér sé um svo róttæka eða stóra breytingu að ræða á l. um síldarútvegsnefnd, að ekki sé hægt að átta sig á henni í fljótu bragði, og þess vegna hef ég tekið þá afstöðu í sjútvn. að fylgja frv., eins og það kom frá Ed.

Breyt., sem gera á á l. samkv. frv., eru aðallega þær, að úr gömlu lögunum eru felld ýmis ákvæði, sem voru orðin úrelt, og hygg ég, að ekki þurfi að vera neinn ágreiningur um, að þau hafi mátt fella niður að skaðlausu, og í öðru lagi er sú aðalbreyting, að það á að gefa saltendafélögunum norðanlands og austan og saltendafélaginu á Suður- og Suðvesturlandi kost á að tilnefna tvo menn í nefndina. Að öðru leyti er ekki um neina róttæka breytingu á l. að ræða.

Það verður að segjast, að þessi lög, sem munu hafa verið sett 1934, hafa staðizt vel tímans tönn og náð vel tilgangi sínum. Ég hygg, að þegar litið er yfir árin, hljóti dómur allra sanngjarnra manna að verða sá, að síldarútvegsnefnd hafi staðið vel í stöðu sinni. Þannig var það, þegar uppbætur voru greiddar á allar útflutningsafurðir landsmanna, að saltsíldin íslenzka stóðst lengst án þess að fá uppbætur greiddar og fékk síðan minnstar uppbætur af öllum útflutningsafurðum. Síldarútvegsnefnd hefur á hverju ári tekizt að selja allt það magn, sem framleitt hefur verið af saltsíld í landinu, og oftast nær við mjög viðunanlegu verði. Reynslan hefur oft orðið sú, að ekki hefur tekizt að afla upp í þá samninga, sem síldarútvegsnefnd hefur tekizt að gera.

Samkvæmt lögum, eins og þau eru, hafa síldarsaltendur heimild til þess að stofna með sér sölusamlög. Þetta hefur verið gert einu sinni. Mig minnir, að það væri snemma á stríðsárunum. Þá stofnuðu síldarsaltendur á Norðurlandi sölusamlag, en ég held, að það hafi ekki starfað nema í eitt eða tvö ár. Upp frá því hafa saltendur alltaf talið hag sínum bezt borgið með því að láta síldarútvegsnefnd annast sölu síldarinnar.

Því ákvæði l., að saltendur geti hvenær sem er stofnað sölusamlag, er ekki breytt með þessu frv. Það er enn þá, að mig minnir, í 11. gr. frv. ákvæði um það, að saltendur geti stofnað sölusamlag, ef þeim þykir það henta.

Eins og gefur að skilja, getur oft við framkvæmd mála eins og sölumeðferðar á síld og í öllu, sem því fylgir, ýmislegt komið fyrir í daglegu starfi, sem veldur árekstrum eða óánægju. Eitthvað mun hafa verið um slíkt gagnvart síldarútvegsnefnd, en ég held, að það sé ekki neitt alvarlegt, og hefur a. m. k. ekki komið til svo mikilla árekstra, að saltendur hafi viljað notfæra sér heimild l. til að stofna sérstök sölusamlög.

Eftir að síldarsöltun við Faxaflóa fór að aukast, hefur síldarútvegsnefnd þurft að hafa hluta af starfsemi sinni hér syðra, og saltendur sunnanlands hafa líka stofnað sérstakt saltendafélag. Ef út í það hefði verið farið að taka einkasöluumboðið af síldarútvegsnefnd, — en það hefur hún fengið frá ári til árs með löggildingu ráðh., — þá má búast við því, að stofnuð hefðu verið tvö sölusamlög, annað fyrir Norður- og Austurland og hitt fyrir Suðurland. Afleiðingin af því hefði sennilega orðið sú, að sölukostnaður á síldinni hefði orðið meiri en hann hefur reynzt í meðferð síldarútvegsnefndar. Þetta hafa saltendur séð, og ég hygg, að það sé einmitt ástæðan fyrir því, að þeir hafi ekki stofnað sölusamlög.

Af kynnum mínum af þessum málum tel ég mjög nauðsynlegt, að einmitt saltendurnir, — en á þeim hvílir hitinn og þunginn af því að

koma síldinni í söluhæft ástand og koma henni á markaðina, — hafi sem bezta aðstöðu til að fylgjast með markaðshorfum á hverjum tíma og til að vera í sem nánustum tengslum við kaupendur til þess að geta kynnzt kröfum þeirra og átt hægara með að uppfylla óskir þeirra. Breytingin, sem nú er lagt til að gerð verði á l. um síldarútvegsnefnd, miðar eingöngu að því að gera saltendum betur fært en verið hefur að hafa samband við kaupendur síldarinnar.

Það hefur verið á það minnzt í þessum umræðum, að síldarútvegsnefnd hafi ekki sinnt því hlutverki sínu að leita nýrra markaða og hafa forgöngu um breyttar verkunaraðferðir á síldinni, og annað þess háttar. Það má vel vera, að eitthvað sé til í þessu. En ástæðan er sú, að jafnan hefur tekizt að selja saltsíldina í heilum og hálfum tunnum við svo góðu verði, að naumast hefur verið ástæða til að hafa annan hátt á verkuninni. Hins vegar hefur síldarútvegsnefnd ekki alls fyrir löngu byrjað athuganir á þessum málum og farið af stað með tilraunir til nýrra verkunaraðferða á síldinni einmitt hér sunnanlands, og ég hygg, að það sé rétt, að sunnanlandssíldin henti betur en norðurlandssíldin til þess að leggja hana niður í dósir eða glös eða gera hana á annan hátt að sem verðmestri útflutningsvöru.

Kynni mín af störfum síldarútvegsnefndar og þeirra manna, sem þar hafa haft forustu sem formenn og framkvæmdastjórar, eru öll á þann veg, að þar hafi valizt góðir menn til starfa, sem hafi verið færir í sínu starfi og fyrst og fremst haft áhuga á því að láta gott af sér leiða, enda hafa ekki á seinni árum verið miklar deilur um síldarútvegsnefnd, þótt oft stæði styr um hana fyrr á árum, meðan verið var að koma á því skipulagi, sem verið hefur í gildi á þriðja áratug.

Hv. 3. þm. Reykv. veit einmitt ósköp vel, hvernig ástand þessara mála var um og fyrir 1930, nokkrum árum áður en síldarútvegsnefnd var sett á laggirnar. Mér skildist á hv. 3. þm. Reykv. áðan, að hann vildi innleiða eitthvað svipað frelsi í þessum málum og þá ríkti, og mætti þá segja, að verið væri að stíga spor aftur á bak. (EOl: Ég var að spyrja, hvers vegna ríkisstj. innleiddi það ekki, úr því að það var svona fyrrum.) Nú, var það ekki ósk þm. sjálfs? Jæja, þá skulum við bara sleppa því, — En sem sé, ég álít, að breyt., sem gerð er á l. með frv., sé ekki svo margbrotin eða umfangsmikil, að ekki sé hægt að átta sig á henni í fljótu bragði, og þess vegna styð ég frv. Hitt er svo annað mál, að það gæti e. t. v. verið ástæða til að endurskoða og endurbæta þessa bráðum 30 ára gömlu löggjöf meira en gert er með frv., og það mætti þá taka til við þá endurskoðun aftur seinna við annað tækifæri.

Jón Kjartansson forstjóri: Herra forseti. Frv. það til laga, sem hér er til umr. og birt er á þskj. 367, er flutt í Ed. af þremur þm., þeim hv. 4. þm. Vesturl., Jóni Árnasyni, hv. 3. þm. Vestf., Kjartani Jóhannssyni, og hv. 10. þm. Reykv., Eggert G. Þorsteinssyni. Þetta frv. sá fyrst dagsins ljós 15. f. m. og fór til sjútvn. þann 17. s. m. Einhverra hluta vegna svaf þetta frv. værum svefni í sjútvn. deildarinnar í rúman mánuð.

Það þóttu nokkur tíðindi, þegar þetta frv. var lagt fram, og þegar rætt var um efni þess manna á milli innan þings og utan, var gefið í skyn og því spáð af kunnugum, að þessu frv. væri ekki ætlað að verða að lögum á þessu þingi, til þess væri of skammur tími, frá því að það var lagt fram og til þingslita, það krefðist umþenkingar og þyrfti nána athugun. Þessi spá rættist þó ekki. Fjörkippur nokkur færðist í alla málsmeðferð í Ed. í kringum 20. þ. m., eftir að þetta frv. hafði verið í rúman mánuð hér í þinginu, en í þeim umr., sem hafa farið fram hér í þessari hv. deild, hefur ekkert sérstakt komið fram um það, hvað valdið hafi þessum fjörkipp.

Sjútvn. Ed. skilaði áliti, tveimur frekar en einu, og lagði meiri hl. n. til, að frv. yrði samþykkt, en minni hl., að afgreiðsla þess yrði sú, að því yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og var hún svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 74 frá 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði gerð í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Í áliti minni hl. sjútvn. segir enn fremur m. a.:

„Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði allmiklar efnisbreytingar á lögum nr. 74 frá 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Það má telja eðlilegt, að endurskoðun fari fram á þessum lögum eftir svo langan tíma sem þau hafa verið í gildi. En hitt er einnig nauðsynlegt, að sú endurskoðun sé ýtarleg og gerð í samráði við þá aðila í landinu, sem kunnugastir eru þessum málum og þar hafa mestra hagsmuna að gæta.

Sjútvn. hefur athugað frv. þetta, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., en það eru flutningsmenn frv., leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hl. n. telur, að hér þurfi að koma til ýtarleg endurskoðun á lögunum. Frv. var sent til umsagnar 6 aðilum, er fjalla um síldarútvegsmál, en aðeins tveir þeirra hafa sent n. umsagnir sínar um málið.“

Síðan bættust fleiri aðilar við, sem sendu umsögn um þetta mál, Félag síldarsaltenda á Suðurlandi, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Alþýðusambandið og Landssamband ísl. útvegsmanna, en frá tveim aðilum hefur enn ekki borizt nein umsögn, og í umr. hér hefur ekkert verið upplýst um það, hvort eftir umsögnum þessara aðila hefur verið rekið eða ekki.

Það er eftirtektarvert, að þetta frv. var látið liggja í skúffum þm. án afgreiðslu í margar vikur, en til hv. Nd. kom frv. fyrst í gær, 27. marz, og þá var það afgr. við 1. umr. til sjútvn. Fundur var haldinn í sjútvn. Nd. í gær, aðeins stutta stund, og ég vil leyfa mér að segja, að þegar tillit er tekið til þess, hvað hér er stórt mál á ferðinni, þá er málsmeðferðin í sjútvn. þessarar hv. deildar með eindæmum, því að enginn tími var hafður til að ræða þetta mál og athuga ýmis gögn varðandi afgreiðslu þess.

Þess í stað lét meiri hl. n. sig hafa það að senda frv. til hv. Nd. umhugsunarlítið og mælti með því, að frv. yrði samþykkt og gert að lögum.

Í sambandi við afgreiðslu sjútvn. þessarar hv. deildar leyfi ég mér að spyrja þá hv. alþm., sem mynduðu meiri hl. í þessari n. og mæla með frv., hvernig stóð á því, að þeim fannst ekki ástæða til að kalla fyrir sig forstöðumenn þeirrar stofnunar, sem er búin að hafa með þessi mál að gera í rúman aldarfjórðung. Hvað er það, sem veldur því, að stjórnarmeðlimir eða nefndarmenn síldarútvegsnefndar, sem verður að telja þá aðila, sem bezt þekkja þessi mál eftir langan starfsdag, eru ekki aðspurðir varðandi þetta frumvarp? Hvers vegna er ekki rætt við þá, þegar lögum um síldarsölu, sem hafa verið í gildi í landinu, á að breyta eftir tæp 30 ár? Ég vil enn fremur spyrja: Fannst þeim engin ástæða til þess að taka tillit til eða láta a. m. k. koma í grg. frá sinni hálfu mótmæli 20 stærstu síldarsaltenda í landinu gegn frumvarpinu? Ég veit ekki betur en allir síldarsaltendur á Siglufirði, að undanteknum einum, sem virðist skrifa undir álit stjórnarinnar í Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, mótmæli, að þetta frv. verði á þessu stigi málsins gert að lögum. Og ég verð að segja, að ég harma það, að þegar frsm. meiri hl. sjútvn. þessarar deildar ræddi þetta mál í upphafi, þá minntist hann ekki einu orði á þessa staðreynd.

Í grg. fyrir frv., eins og það er lagt fram í Ed., er ekki minnzt á, eins og venja er, ýmsar þær breytingar, sem verða á lögunum um síldarútvegsnefnd, ef þetta frv. verður samþykkt, heldur er þar látið skína í það, að þetta breyti sáralitlu, og ekki nákvæmlega farið út í breytingarnar, eins og er gert í flestum frv., sem lögð eru fram til breytingar á lögum.

Ég tek hér til máls m. a. vegna þess, að 99% af saltendum á stærstu söltunarstöð á landinu hafa mótmælt þessu frv. Og ég vil lýsa því hér yfir fyrir hönd þingmanna Framsfl., að við mótmælum svona vinnubrögðum og áteljum það, að hér er boðað til næturfundar um þetta mál, þegar það er búið að liggja óafgreitt í margar vikur í annarri deild og svo virðist, að ekki hafi átt að afgreiða það á þessu þingi, heldur er það látið bíða til síðustu sólarhringanna eða sólarhringsins til að troða því þá í gegn. Menn, sem eru mjög kunnugir þessum málum, hafa sagt í einkasamtölum við mig, að það væri alls ekki ætlunin, að þetta frumvarp yrði að lögum á þessu þingi, og það mun fleiri þingmönnum hafa verið sagt af þeim, sem voru þessum hnútum kunnugastir. Og ég vil leyfa mér að beina fyrirspurn til þeirra stuðningsmanna hv. þm., sem flytja þetta frv. í Ed.: Hvaða rök eru fyrir því að knýja þetta í gegn á tólftu stundu gegn vilja stjórnarandstæðinga? Það er ekki þar með sagt, að ekki sé þörf á að endurskoða þessi lög. Lögin voru sett 1934, og ég vil ekki fullyrða, að þau þurfi ekki endurskoðunar við. Ég vil ekki fullyrða hér, að það eigi endilega að vera fimm menn, sem stjórna síldarsölunni í landinu. En ég vil mótmæla því, að þetta mál sé afgreitt í því flaustri, sem virðist eiga að afgreiða það.

Ég vil þá með nokkrum orðum víkja að efni frv. og þá fyrst að þeim lögum, sem því er ætlað að breyta.

Þegar lögin um síldarútvegsnefnd voru sett í des. 1934, gekk það ekki hljóðalaust. Það hefur þótt vera þó nokkur hávaði hér í þinginu undanfarna daga. En það var ekki hávaðaminna hér, þegar sú stjórn, sem sat þá að völdum á Íslandi, var að koma fram ýmsum umbótamálum, og það væri freistandi nú eftir rúm 25 ár að lesa upp ýmsar fullyrðingar þáv. hv. þm. um þessi lög og frv. um síldarútvegsnefnd, sem þá var til afgreiðslu, en ég ætla ekki að tefja hv. þm. á því. En ég vil leyfa mér að fullyrða það, að þegar þessi lög voru sett, var brotið blað í síldarsögu Íslands.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) var í ræðu sinni hér í dag að minna á frelsi í þessu sambandi. Okkur, sem vorum aldir upp við frelsi fyrir 1934 í þessum málum, langar nú ekki alveg sérstaklega í sams konar frelsi á ný. Þeir, sem sölturðu síldina, réðu öllu um það, hvenær þeir seldu síld og hvenær ekki. Maður man eftir tilfellum, þegar síldarsaltandinn gat fengið 99 kr. fyrir tunnuna, en hann vildi bíða eftir því að fá 100 kr., — honum fannst talan skemmtilegri í munni og á blaði, — en svo fékk hann ekki neitt. Síldin fór í gúanó, og það voru verkamenn og sjómenn, sem töpuðu á þessum misheppnuðu spekúlasjónum síldarsaltendanna. Það var háð duttlungum þeirra, hvort verkamannabörnin á þeim stöðum, þar sem atvinnurekstur þeirra var, héldu jól sómasamlega eða ekki, áður en þessi löggjöf var sett, sem Framsfl. beitti sér fyrir og Alþfl. 1934. Það er því ekkert undarlegt, þó að þeim, sem eitthvað hugsa um þessi mál, þyki vænt um þessa löggjöf og sé ekki alveg sama um, hvort henni sé umturnað á einni nóttu hér í löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Eftir að lögin um síldarútvegsnefnd voru sett, gerbreyttist afstaða bankanna til þeirra manna, sem ráku síldarsöltun. Áður fyrr töldu hvorki bankarnir né stærri sparisjóðir síld veðhæfa, og í mörgum tilfellum þurfti síldarsaltandinn að taka lán erlendis, sem var þá háð hættunni um gengisbreytingu og háð ýmsum öðrum skilyrðum, m. a. sölu, en þetta breyttist eftir tilkomu laganna.

Síldarútvegsnefnd hefur að mínum dómi reynt að gera á hverjum tíma það bezta, sem hún taldi, fyrir saltendur og síldarútveginn og landið í heild. Hins vegar er með verk þessarar n. eins og verk annarra, að þau eru oft misheppnuð, og það verður að segjast hér, að stundum hafa ráðstafanir síldarútvegsnefndar verkað öfugt við það, sem hún ætlaðist til. En sjálfsagt hefur hún sínar málsbætur.

Þeir, sem styðja þetta frv., segja, að það breyti engu, nema það fjölgi um tvo í síldarútvegsnefnd. Það er rétt, það fjölgar um tvo. En hvort það breytir einhverju öðru, hvort það eru fleiri breytingar, það get ég ekki sagt, þetta kom fyrst í gær hingað til d., og ég efast um, að þm. þessarar hv. d. hafi haft tíma til þess að bera hverja gr. saman við þau lög, sem á að breyta. Það var auðvitað starf sjútvn. þessarar deildar að gera það. Hún átti að fara yfir frv., og hún átti að bera það saman við þau lög, sem á að breyta, og gefa

sína skýrslu til hv. deildarmanna. En þetta var ekki gert, af því að það var ekki tími til þess, og það var nánast, að þessi nefndarfundur væri haldinn á hlaupum. Það er t. d. eitt ákvæðið hér um það, að söltunarfélögin á Norðurlandi og Austurlandi eigi að kjósa einn í síldarútvegsnefnd og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi einn. Ég vil ekki segja á þessu stigi málsins, að þetta sé ósanngjarnt. Ég vil ekki segja, að saltendur eigi ekki að hafa nein ítök í rekstri síldarútvegsnefndar. En það kom réttilega fram hér hjá hv. 11. landsk. þm. (GJóh), að um langan aldur hafa saltendur haft áhrif á gang mála í síldarútvegsnefnd. Hann benti á, og ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að endurtaka það hér, því að það voru orðnir svo fáir þm. hér í húsinu, er hann talaði, að af 10 aðalmönnum og varamönnum síldarútvegsnefndar, eins og hún er nú skipuð, hafa hvorki fleiri né færri en 8 menn af þessum 10 afskipti af síldarsöltun norðan-, austan- og sunnanlands. Frá því að síldarútvegsnefnd var kjörin fyrst 1935, hafa alltaf verið í nefndinni menn, sem hafa gætt hagsmuna síldarsaltenda.

Þá vil ég einnig benda á og spyrja stuðningsmenn þessa frv. um það: Hvernig hugsa þeir sér framkvæmd þessara laga, ef það skyldi nú koma fyrir, sem maður hefur heyrt minnzt á að gæti komið fyrir, að saltendur á Austurlandi stofnuðu sérstakt félag síldarsaltenda þar og yrðu ekki lengur í félagi með Norðlendingum? Á þá enn að breyta lögunum um síldarútvegsnefnd? Nei, ég held, að það rétta í þessu sé það, að endurskoðun á lögum um síldarútvegsnefnd fari fram. En það má ekki vera neitt flaustursverk, eins og ég óttast að verði. Því má ekki samþ. nú það frv., sem fyrir liggur. Það, sem þarf að ske, er það, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því nú á milli þinga, að þessi mál verði endurskoðuð og fyrir hinu nýja þingi, sem kemur saman í haust, liggi frv. um þetta mál, byggt á nákvæmum athugunum og samstarfi fulltrúa frá síldarútvegsnefnd, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusambandinu og síldarsaltendafélögunum.

Ég lýk svo máli mínu í trausti þess, að sá endir verði á þessu máli hér í deildinni, að till. efnislega á þá leið, sem ég hef hér lýst, verði samþ. að lokum.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef í þetta sinn kvatt mér hljóðs til þess að gera grein fyrir nál. á þskj. 704 frá minni hl. sjútvn., hv. 4. þm. Austf. og mér, sem lagt hefur verið fram, síðan ég tók til máls á fundi í dag um þetta mál, en þegar ég talaði þá, hafði minni hl. n. ekki lagt fram nál. Ég gerði satt að segja ráð fyrir því, þegar ég talaði í dag, að ekki mundi þurfa til þess að koma, að minni hl. þyrfti að gefa út þetta nál., á það mundi verða fallizt að taka þetta mál til nánari athugunar á milli þinga, og mig furðar nokkuð á því, að slík áherzla skuli vera lögð á þetta mál — og nú, að því er helzt virðist, af hæstv. ríkisstj., sem raunar stóð ekki að flutningi þessa frv., svo að vitað væri, — að nú skuli vera haldið áfram fundi í deildinni um hánótt að loknum útvarpsumr. til þess að ræða þetta mál. Mér virðist hér gæta meira kapps í málafylgju af hálfu þeirra, er að þessu frv. standa, heldur en málsefni virðast gefa tilefni til.

Eins og ég gat um í dag og raunar hefur verið lýst af öðrum, bar þetta mál þannig að, að það var flutt af nokkrum þingmönnum í hv. Ed. um miðjan febrúarmánuð. Ég ætla, að frumvarpinu hafi verið útbýtt í Ed. 15. febrúar. Tveim dögum síðar var því vísað til hv. sjútvn. þeirrar d. Síðan liggur frv. hjá nefndinni í meira en mánuð. Og af því bárust þær fréttir, að bæði ég og aðrir höfðu fulla ástæðu til að ætla, að ekki væri áhugi fyrir því að afgreiða málið á þessu þingi. Svo gerist það fyrir örfáum dögum, að meiri hl. nefndarinnar í Ed., sem er raunar flutningsmenn málsins, tekur sig til og afgreiðir meirihlutaálit um málið, og minni hl. gaf þá einnig út sitt álit. Nú rétt fyrir helgina var svo málið afgreitt frá hv. Ed. En mörgum að óvörum er þetta mál svo tekið til meðferðar hér í hv. Nd. í gær, og þá loks virtist það komið fram, að a. m. k. verulegur áhugi væri fyrir því að afgreiða málið, er aðeins tveir dagar voru til ráðgerðra þingslita.

Ég hef áður skýrt frá meðferð málsins í hv. sjútvn. þessarar deildar, sem var í rauninni engin önnur en sú, að málið var tekið til meðferðar og um það rætt aðeins stutta stund, ekki lesnar umsagnir þær, sem hv. sjútvn. Ed. höfðu borizt um málið, frv. ekki borið saman við gildandi lög. En það kom fram, að hv. meiri hl. vildi afgreiða málið. Við, sem að áliti minni hl. stöndum, tókum það þá fram, að við værum ekki reiðubúnir til þess að afgreiða málið að svo stöddu. En þegar sýnt þótti síðari hluta dags í dag, að umr. ætti að halda áfram a. m. k., og líklegt sýndist, að stefnt væri að því að afgreiða málið a. m. k. í bili, þá ákváðum við að gefa út þetta minnihlutanál.

Í grg. frv., eins og það var flutt í Ed., segir, að frv. feli í sér nokkrar breytingar á skipun síldarútvegsnefndar og enn fremur séu í frv. nokkrar aðrar breytingar. Um þessar breytingar segir í grg., að telja verði rétt að gera þær og að þær séu um þau atriði í lögunum, sem séu löngu úrelt og samrýmist ekki framkvæmd þeirra. Einn af ræðumönnum hér í dag las þessa grg. í heilu lagi, og tók það ekki langan tíma, því að hún er mjög stutt. Í henni er engin grein gerð fyrir breytingum á einstökum gr. laganna og ekki rökstudd þau ummæli, sem höfð eru um þau atriði í lögunum, sem talin er ástæða til að breyta.

Ég vil leyfa mér að benda á, að þó að það hafi verið látið í veðri vaka af sumum, að ákvæðið um að fjölga mönnum í síldarútvegsnefnd um tvo væri í raun og veru eina breytingin á lögunum, þá er hér um fleiri breytingar að ræða, enda beinlínis fram tekið í grg., og að sjálfsögðu er skylt að upplýsa þetta. Ég vil nefna það t. d., að samkv. gildandi lögum hafa síldarútvegsmenn rétt til að tilnefna einn mann í síldarútvegsnefnd. Þetta ákvæði hefur verið framkvæmt þannig, að atvmrn. hefur látið gera skrá um þá aðila, sem gert hafa út skip á síld, og sú skrá hefur verið notuð sem kjörskrá við kosningu á þessum fulltrúa síldarútvegsmanna. Þannig hefur þetta gengið um langan tíma, — ég ætla allan

þann tíma, sem lögin hafa verið í gildi, því að allan þann tíma hefur þetta ákvæði verið í lögunum, — og ég veit ekki annað en þessi framkvæmd hafi gengið sæmilega greiðlega. Nú er gert ráð fyrir því í frv., að þessi fulltrúi, sem hér er um að ræða, verði eftirleiðis tilnefndur af stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Vera má, að full rök séu fyrir því að breyta þessu á þennan hátt. En hér er þó a. m. k. um breytingu að ræða, sem ástæða er til þess að vekja athygli á, og það vil ég nú segja, að það er ekki alveg sama, hvort fulltrúi í n. er tilnefndur af þeim mönnum eingöngu, sem gera út skip á síld, eða hann er tilnefndur af L. Í. Ú. Í L. Í. Ú. er fjöldi útvegsmanna og annarra útgerðaraðila, sem gera ekki út skip á síld. Ég ætla, að tala þeirra skipa, sem gerð hafa verið út á síld undanfarin ár, hafi verið í kringum hálft þriðja hundrað, stundum nokkru færri, stundum heldur fleiri. En fiskiskipatalan er miklu hærri, eins og allir vita, sem kunnugir eru þessum málum, þannig að í L. Í. Ú. eru mjög margir, sem gera ekki út skip á síld að sjálfsögðu. Og mér er ekki kunnugt um, að innan L. Í. Ú. sé nein sérstök síldveiðideild. Innan sambandsins er sérstök deild fyrir togaraútgerð og önnur fyrir almenna bátaútgerð, en það er engin sérstök síldveiðimannadeild í landssambandinu, þannig að landssambandið hefur ekki aðstöðu til þess að leita til slíkrar deildar varðandi útnefninguna. Hér er sem sé um breytingu að ræða, sem hefur ekki verið mikið rætt um, en ég tel rétt að skýra frá og skýra nokkuð, hvað í henni felst.

Ég get líka nefnt það, að sú breyt. er í þessu frv., að í stað þess að í lögunum er gert ráð fyrir, að störf síldarútvegsnefndar taki til allrar útflutningssíldar, hvernig sem hún er verkuð, þá er í þessu frv. aðeins gert ráð fyrir, að síldarútvegsnefnd hafi afskipti af saltsíldinni og saltsíldarútflutningnum. Hér er líka um breytingu að ræða frá því, sem er ákveðið í lögunum.

Enn fremur er sú breyting gerð á lögunum með þessu frv., að þar er eiginlega afnumin sú aðstaða, sem síldarútvegsnefnd er fengin í lögunum til þess að hafa eftirlit með sjálfum síldveiðunum og yfirlit um það, hve mörg skip séu á síldveiðum. Það má vel vera, að þetta ákvæði teljist ekki lengur nauðsynlegt og kannske eitt af því, sem flutningsmenn telja úrelt. En eigi að síður er hér um breyt. að ræða, og í fljótu bragði virðist manni ekki óeðlilegt, að síldarútvegsnefnd hafi a. m. k. yfirlit og nákvæma skýrslu um það á hverjum tíma, hvað mikill hluti af fiskiflotanum er á síldveiðum, hvort sem er á sumarsíldveiðum fyrir norðan og austan land eða síldveiðum hér syðra.

Ég drep á þessar breytingar, sem gert er ráð fyrir í frv., til þess að gera það skiljanlegt, að þetta frv. fjallar um ýmis atriði til breytinga, en ekki aðeins um eitt atriði, eins og stundum hefur mátt skilja á mönnum, sem um þetta ræða.

Við, sem stöndum að áliti minni hl., teljum það eðlilegasta meðferð þessa máls, að stofnað verði nú til endurskoðunar á lögunum um síldarútvegsnefnd. Við teljum það miklu vænlegra til góðs árangurs og líklegra til þess að skapa heppilegar og varanlegar umbætur á lögunum, að slík endurskoðun fari fram, auðvitað að tilhlutun ríkisstj. og í samráði við þá aðila, sem hér eiga einkum hlut að máli, heldur en að nú sé hrapað að því hér á næturfundi í hv. d. eftir mjög litla athugun að afgreiða sem lög þetta frv., sem flutt er af nokkrum þm. í hv. Ed. og ekki var í öndverðu gleggri grein gerð fyrir af þeirra hálfu en ég hef lýst. Sú grg., sem frv. fylgdi, ber sannarlega ekki vott um það, að nein endurskoðun hafi farið fram í þessu máli, enda þess raunar ekki að vænta, þar sem enginn opinber aðili hefur að þessu frv. staðið eða flutningi þess. Og ég verð að segja það, að mér finnst það beinlínis hlálegt, ef hv. þm. hugsa sér það að afgreiða nú slíkar breytingar á þessum lögum án þess svo mikið sem að ræða við þann aðila, sem hefur haft með framkvæmd laganna að gera í 26 ár. Ég held, að slíkt megi telja fádæmi í þingsögunni, að farið sé með mál á þennan hátt, ef verið er að breyta löggjöf, sem búin er að vera í gildi í marga áratugi og hefur verið undir umsjá einhverrar sérstakrar stofnunar allan tímann, að það sé ekki einu sinni rætt við þessa stofnun um fyrirhugaðar breytingar. Það mun að vísu vera svo, að síldarútvegsnefnd hafi á sínum tíma verið sent frv. til umsagnar frá sjútvn. Ed. ásamt ýmsum fleiri aðilum. Mér hefur verið tjáð það. En jafnframt hefur mér verið tjáð það, — og það hefur reyndar komið fram í ræðum manna, — að síldarútvegsnefnd hafi verið látin skilja það, henni hafi verið tjáð það beinlínis og það af sjálfum formanni sjútvn. Ed., — það hefur verið sagt ómótmælt, að ég ætla, hér í báðum deildum, — að það væri ekki líklegt, að þetta mál yrði afgreitt, og þá er það vitanlega mjög svo skiljanlegt, þó að síldarútvegsnefnd, sem er skipuð mönnum, sem sennilega eiga ekki allir heima á sama stað, hafi ekki gert sér mjög mikið ómak til þess eða fyrirhöfn að afgreiða þessa umsögn. Það mun líka vera svo, að þegar sjútvn. Ed. tók málið til afgreiðslu, höfðu ekki nema einir tveir af fimm eða sex aðilum, sem sent var frv. til umsagnar, svarað umsagnarbeiðnunum, og sýnir þetta raunar ásamt fleiru, að almennt var ekki gert ráð fyrir því, að málið yrði afgreitt.

Ég hef ekki í þessari ræðu eða í ræðu minni í dag gert að umræðuefni réttmæti þeirra breytinga, sem frv. fer fram á að gerðar verði, og mín orð ber ekki að skilja svo, að ég sé að lýsa yfir því, að ég mundi vera öllum þessum breytingum mótfallinn, þegar þær væru búnar að fá hæfilega meðferð. En ég álít og við minnihlutamenn í nefndinni, að meðferð málsins sé óheppileg og að það leiði ekki til neins góðs að ætla sér að breyta þýðingarmikilli löggjöf, sem staðið hefur um langan tíma, á þennan hátt, og það að knýja fram afgreiðslu nú undir þessum kringumstæðum, í stað þess að fallast á endurskoðun, sé að sækja mál meira af kappi en forsjá. En með tilliti til þess, sem ég nú hef sagt, og með tilvísun til nál. á þskj. 704 leggur minni hl. til, að málið sé nú afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða lög nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og

að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að því nokkrum orðum, að mér finnst, að afgreiðsla þessa máls fari hér fram með nokkuð sérstæðum hætti. Hér er um það að ræða að breyta löggjöf, sem orðin er æði gömul, líklega um 26 ára gömul, — löggjöf, sem óneitanlega er býsna þýðingarmikil. Þannig er að málinu staðið, að flutt er um þessa löggjöf frv. hér af þremur hv. þm. í Ed. Hér er ekki um ríkisstjórnarmál að ræða. Málið hefur því ekki verið undirbúið af ríkisstj., eftir því sem bezt verður séð.

En þrátt fyrir það, þó að málið beri svona að, að hér sé um þingmannafrv. að ræða og það um breyt. á svona gamalli og merkilegri löggjöf, eins og þetta er, þá fá þingnefndir ekki eðlilegan tíma til þess að athuga þær breyt., sem frv. raunverulega felur í sér á gildandi lögum. Mér er kunnugt um það, hvernig nefndarstörfum var háttað hér í þessari hv. d. Sjútvn. hafði rétt aðeins komið saman að nafninu til, en enginn tími fékkst til þess að athuga raunverulega um efni frv. Það kom fljótt í ljós, að sú stofnun, sem hefur haft með framkvæmd á þessari löggjöf að gera, síldarútvegsnefnd, sem raunverulega hefur verið opinber stofnun, ríkisstofnun, hefur ekki lagt fram neina umsögn um efni þessa frv., og nm. gátu því ekki af leiðbeiningum þaðan áttað sig neitt á því, hvaða breytingar raunverulega er um að ræða á þessari löggjöf.

Flm. frv. geta þess í grg., eins og hér hefur komið fram í umr., að ýmsar breytingar felist í þessu frv. á gildandi lögum fleiri en aðalbreytingin, sem er varðandi skipun síldarútvegsnefndar. Ég hygg, að það hafi ekki heldur verið gerð nein grein fyrir því hér af þeim, sem annars vilja afgreiða þetta mál nú, hvaða breytingar er raunverulega um að ræða aðrar en skipun á n. Þingmönnum er því raunverulega gert það að standa hér frammi fyrir því að greiða atkv. um frv., sem þeir hafa ekki fengið neinar upplýsingar að ráði um, hvað raunverulega felur í sér. Þetta eru auðvitað alveg óvenjuleg vinnubrögð, ásamt svo með því að boða hér til fundar um þetta mál, næturfund, að nýafstöðnum útvarpsumræðum. Ég hygg, að það sé nærri því einsdæmi, að boðað sé til fundar undir slíkum kringumstæðum.

Ég hlýt fyrir mitt leyti að mótmæla þessum vinnubrögðum sem alveg óvenjulegum og óeðlilegum í mesta máta. Ég hefði líka talið fulla ástæðu til þess, að hæstv. forseti tæki hér tillit til umkvartana þingmanna í þessum efnum og sæi til þess, að hægt væri að afgreiða þetta mál með eðlilegum og þinglegum hætti, þannig að allar upplýsingjar fengju að koma fram á venjulegan hátt í þingnefnd, sem á raunverulega skyldu sinni samkvæmt að kynna sér allar þær breytingar, sem felast raunverulega í frv. En til þess hefur sem sagt ekki gefizt neinn tími, og með þessum vinnubrögðum hér á Alþ., að halda næturfund nú um málið, sýnist mér, að engin aðstaða sé til þess fyrir þdm. að kynna sér svo efni frv. sem þeir ættu raunverulega að gera.

En ég skal nú, af því að það virðist vera ætlunin að reyna að halda hér áfram þingfundi í nótt um þetta mál, víkja að ýmsum efnisatriðum í þessu frv., sem mér eru þegar ljós, þó að ég játi, að ég hef ekki gert mér fyllilega grein fyrir öllum þeim breytingum, sem kunna að felast í þessu frv. frá gildandi lögum. Ég hef alls ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér það.

Það er tekið fram í grg. frv., að aðalbreytingin sé fólgin í því að breyta um skipun síldarútvegsnefndar. Nú vitum við það, að síldarútvegsnefnd hefur verið þannig skipuð um langan tíma, að það hafa verið 5 fulltrúar í nefndinni, 3 þeirra hafa verið kosnir af Alþingi, en einn hefur verið tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og einn tilnefndur eða kosinn af síldarútvegsmönnum þeim, sem gert hafa út á síld það ár, sem kosning hefur farið fram. Það er því alveg ljóst, að skipun n. hefur verið þannig, að Alþingi hefur kosið meiri hl. n., enda hefur n. haft mjög víðtækt vald varðandi sölu á síld, varðandi síldarsöltun í landinu og annað það, sem þar til heyrir. Hún hefur raunverulega starfað sem hver önnur ríkisstofnun. Hún hefur haft ákveðinn tekjustofn, og nokkrar eignir hafa myndazt í sambandi við starfsemi nefndarinnar. Nefndin hefur haft æðsta vald í þessum málum, og eins og ég segi, hún hefur raunverulega starfað eins og einkasölustofnun í öllum aðalatriðum, því að valdið hefur hún haft til þess, og hún hefur raunverulega annazt svo að segja alla sölu á síld nú um margra ára skeið. En nú er lagt til, að skipun nefndarinnar verði breytt þannig, að í nefndinni verði 7 menn í staðinn fyrir 5. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að Alþingi kjósi áfram aðeins 3 eða minni hluta nefndarinnar, en hefur hingað til kosið meiri hluta nefndarinnar, en fjórir verði tilnefndir af þar til greindum stofnunum, einn af Alþýðusambandi Íslands eins og áður og einn af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, sem er nýr aðili og á sýnilega að koma inn fyrir starfandi síldarútvegsmenn, og síðan er lagt til, að síldarsaltendafélag á Norður- og Norðausturlandi tilnefni einn og síldarsaltendafélag á Suðvesturlandi tilnefni einn mann. Með þessari skipan væri sú grundvallarbreyting gerð á þessari nefnd, að Alþingi kysi aðeins 3 menn í nefndina eða minni hluta, en stofnanir utan þingsins tilnefndu meiri hluta nefndarinnar. Hér er raunverulega um grundvallarskipulagsbreytingu að ræða, þar sem þessi nefnd hefur jafnvíðtækt vald og frumvarp þetta ber með sér að henni er ætlað að hafa. Hún á raunverulega, eins og gamla síldarútvegsnefndin hefur enn, að hafa hér fullkomna einkasöluaðstöðu og ákveðinn tekjustofn, sem er visst hundraðsgjald af allri útfluttri síld frá landinu.

Ég tel, að hér sé gerð sú breyting á skipun síldarútvegsnefndar, sem raunverulega fái ekki staðizt, miðað við alla uppbyggingu nefndarinnar. Ég álít, að menn verði að velja á milli tvenns konar skipulags í þessum efnum. Annaðhvort er um það að ræða, að síldarsaltendur hafi með sér sölusamtök, byggð upp t. d. á svipuðum grundvelli og frysihúsaframleiðendur hafa með sér

sölusamtök nú. Þá gætu þeir að sjálfsögðu ráðið þessum málum innan þeirra marka, sem ríkið vill heimila þeim það, og þá yrðu framleiðendur að hafa allan veg og vanda af rekstri þeirra samtaka, taka á sig auðvitað allan kostnaðinn við að leita markaða, gera viðskiptasamninga og stjórna síldarsöltunar- og síldarsölumálum sinna meðlima. Slík samtök, byggð upp af framleiðendum sjálfum, koma að mínum dómi fyllilega til greina, en þó þannig, að ríkið hefði að sjálfsögðu sitt almenna eftirlit með framkvæmd þessara mála, eins og ríkið hefur nú áskilið sér rétt gagnvart ýmsum öðrum framleiðendum í landinu. Gildandi lög um síldarútvegsnefnd gera raunverulega ráð fyrir þessari skipan, ef síldarsaltendur sjálfir koma sér saman um þetta skipulag. Ef ¾ af síldarsaltendum í landinu óska eftir því að mynda með sér slík samtök sem þessi, er raunverulega hægt að veita þeim aðstöðu til þess að reka sitt sölusamlag í meginatriðum á þeim grundvelli, sem lögin gera annars ráð fyrir um síldarútvegsnefnd. En reynslan hefur hins vegar sýnt það, að síldarsaltendur hafa ekki óskað eða viljað taka á sig þann vanda, sem þessu fylgir, þeir hafa ekki komið sér saman um þetta skipulag, þeir hafa ekki farið þessa leið. Hin leiðin er sú, að gildandi sé svipað fyrirkomulag og verið hefur á þessum málum hjá okkur nú um 26 ára tímabil, þ. e. a. s. að þessi mál hafa verið í öllum aðalatriðum í höndum ríkisvaldsins. Alþingi hefur kosið meiri hl. nefndarinnar, og nefndin hefur eðli málsins samkvæmt starfað mjög náið í samráði við atvmrn. eða sjútvmrn. nú síðari árin. Hins vegar hefur síldveiðisjómönnum verið gefinn nokkur kostur á þátttöku í nefndinni, þar sem A. S. Í. mátti tilnefna einn mann, og var þá sýnilega ætlazt til þess, að þar væri í n. fulltrúi frá hálfu sjómanna, þeirra sem síldveiðar stunda, en þeir eru auðvitað stórir aðilar að þessum málum, síldveiðisjómenn, og í öðru lagi var starfandi síldarútvegsmönnum, þ. e. a. s. þeim útvegsmönnum, sem báta gera út á síld, gefinn kostur á því að kjósa einn fulltrúa af sinni hálfu í nefndina. Þannig var síldarframleiðendum gefinn kostur á því að fylgjast með, en Alþingi áskildi sér rétt til þess að kjósa nefndina að meiri hluta til, vegna þess að hún fékk vald sem í rauninni hrein ríkisstofnun.

En það er rétt, að það hefur borið á því oft á undanförnum árum, að síldarsaltendur, sem hér eiga auðvitað mikilla hagsmuna að gæta, hafa mjög viljað koma sér inn í síldarútvegsnefnd, og því er ekki að leyna, að einstakir síldarsaltendur hafa lagt á þetta mikla áherzlu og alveg greinilega beint hagsmuna sinna vegna. En það hefur talsvert verið um það rætt, að það væri jafnvel eðlilegt undir þeim kringumstæðum, sem nefndin hefur verið rekin, að í nefndinni væri enginn beinn síldarsaltandi, og það er aðeins vegna þess, að það er eflaust erfitt að forðast það, ef einstakir síldarsaltendur eru í slíkri ríkisstofnun eins og þessi nefnd er, með öllu því valdi, sem hún hefur, að þá fái síldarsaltendur nokkra sérstöðu, nokkra sérhagsmuni fram yfir aðra síldarsaltendur, sem standa utan nefndarinnar, í sambandi við alla vitneskju nefndarinnar og ákvarðanir af nefndarinnar hálfu. Þetta hefur iðulega komið fram í framkvæmdinni, að síldarsaltendur af þessum ástæðum legðu allmikið kapp á það að pota sér hver fyrir sig inn í nefndina. Að sjálfsögðu hafa hinir ýmsu saltendur knúið á flokkana, sem hafa aðstöðu til þess að fá menn kjörna í síldarútvegsnefnd gegnum Alþingi, og á þann hátt hafa nokkrir síldarsaltendur komizt inn í nefndina, með þeim afleiðingum, að allmargir aðrir saltendur, sem hafa auðvitað orðið að standa utan nefndarinnar, hafa ekki talið sig hafa fyllilega sömu aðstöðu í samkeppninni og þeir, sem í nefndinni voru.

Mér er alveg ljóst af kunnugleika mínum í þessum efnum, að það, sem er fyrst og fremst á ferðinni í sambandi við þessa tillögu, sem hér liggur fyrir um breytingar á skipun nefndarinnar, er einmitt þessi gamla ásókn. Hér eru tilteknir síldarsaltendur, sem oftsinnis hafa gert tilraun til þess að komast með einhverjum hætti í nefndina, hér eru þeir að brjótast inn eftir þessum sérleiðum. Mér er líka ljóst, að þetta innbrot þeirra í nefndina er síður en svo samkvæmt ósk meiri hluta síldarsaltenda í landinu. Og það er einmitt af þessum sömu ástæðum, sem það kom fram, að mikill meiri hluti síldarsaltenda á þýðingarmesta og stærsta söltunarstað á landinu, á Siglufirði, samþykkti að mótmæla þessu frv., því að þeir vissu mætavel, hvað var raunverulega að gerast í þessum efnum, að það voru tilteknir menn að reyna að brjótast inn í nefndina eftir þessum krókaleiðum. Ég undirstrika það, að ég hef ekkert á móti því, að þau samtök, sem síldarsaltendur hafa með sér, fái aðstöðu til þess að taka að sér þessi mál að fullu og öllu. En þá eiga þau líka að koma fram með samþykktir, sem studdar eru af ¾ starfandi síldarsaltenda í landinu, og óska eftir slíku skipulagi og starfa að þessum málum á almennum félagslegum grundvelli, þar sem þeir mynduðu sitt sölusamlag. Þar gætu síldarsaltendur sjálfir kosið sér sína stjórn árlega og gert upp sín þrætumál, eins og gerist í félögum, skipt um stjórn og borið allan veg og vanda af rekstri þessarar stofnunar innan þeirra marka, sem ríkið að öðru leyti leyfir framleiðendum að hafa í sambandi við framleiðslu- og sölumál. En það ber einmitt að benda á það í þessum efnum, að þetta hefur ekki gerzt nú í hópi síldarsaltenda í landinu. Þeir hafa ekki komið sér saman um það sjálfir að taka upp þetta skipulag, heldur virðist leiðin vera sú, að nokkrir síldarsaltendur, — mér skilst helzt þeir, sem eru í stjórnum þessara tveggja söltunarfélaga á Norður- og Norðausturlandi og Suðvesturlandi, — þeir fáu menn, sem þar eru í stjórn, vilji fá aðstöðu til þess að komast eða senda fulltrúa inn í síldarútvegsnefnd, sem áfram á þó að vera raunveruleg ríkisstofnun, sem áfram á að hafa þá sérstöðu, miðað við önnur sölufélög í landinu, að hafa aðstöðu til þess að skattleggja alla síldarsaltendur í landinu í gegnum útflutning, en slíkt hafa önnur sölusamtök ekki yfirleitt.

Ég er því á þeirri skoðun, að hér eigi síldarsaltendur að gera upp við sig í sínum eigin samtökum þessi mál og að Alþingi eigi líka að marka sína afstöðu í þessum efnum skýrt. Framleiðendur geta valið á milli þess að taka að sér þessi

mál sjálfir og hafa veg og vanda af þeim, ef þeir koma sér saman um það. En ef þeir koma sér ekki saman um það og þetta á raunverulega að vera ríkisstofnun með öllum þeim skyldum og réttindum, sem því tilheyra, þá verður líka Alþingi að kjósa áfram meiri hluta nefndarinnar.

Það eru ýmis fleiri atriði varðandi skipun nefndarinnar, sem gert er ráð fyrir breytingum á í þessu frv. og mjög orka tvímælis. Eins og ég sagði, hefur sá háttur verið hafður á, að starfandi síldarútgerðarmenn hafa haft rétt til þess að kjósa einn mann í nefndina. Nú er gert ráð fyrir að fella þetta ákvæði niður, en setja annað í staðinn um það, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna hafi rétt til þess að tilnefna einn mann í nefndina. Það er mér alveg ljóst, að þetta þýðir í framkvæmdinni að heimila stjórn L. Í. Ú. að tilnefna þennan fulltrúa. Nú er stjórn L. Í. Ú. þannig skipuð og í rauninni samtökin líka, að togaraeigendur eiga þar hálfan rétt á við bátaeigendur í landinu. Þeir hafa jafnmarga fulltrúa í stjórn samtakanna og bátamenn hafa. Hér er því verið að gefa togaramönnum stóraukinn rétt til þess að tilnefna mann í þessa nefnd. Eins og stjórn landssambandsins er skipuð nú og hefur raunar verið skipuð um nokkurra ára skeið, þá þýðir þetta raunverulega, að það verða togaraeigendur, sem tilnefna þennan mann. En slík breyting frá því, sem verið hefur, er auðvitað í mesta máta óeðlileg. Auk þess er svo það, að auðvitað eru í L. Í. Ú. miklu fleiri aðilar en þeir, sem gera út á síld hverju sinni. Það fyrirkomulag, sem áður gilti í þessum efnum, var því miklu réttlátara, að allir þeir, sem gerðu út skip á síldveiðar, hefðu almennan rétt til þess, allir með jöfnum atkvæðisrétti, að velja þennan fulltrúa. Ég tel því, að þessi breyting sé mjög stórvægileg, hún í raun og veru breyti þessu í grundvallaratriðum, og ég álít, að þessi breyting sé til hins verra, hún sé í eðli sínu ósanngjörn og þetta ákvæði ætti því ekki að vera svona.

Ég veitti því athygli, að flm. frv. leggja á það sérstaka áherzlu í grg. fyrir frv., að eins og ákvæðin eru nú í lögum um skipun síldarútvegsnefndar ráði því hending ein, hvort í n. er nokkur síldarsaltandi eða ekki. Og þeir telja svo mikla nauðsyn á því að tryggja, að fulltrúar séu frá síldarsaltendum sem slíkum, að það sé þörf á því að breyta ákvæðum laganna vegna þess. Ég segi aftur á móti fyrir mitt leyti, eins og ég hef lýst hér nokkuð áður, að ég er á því, að það færi að mörgu leyti langbezt á því, eins og n. hefur verið rekin, að í nefndinni væri enginn starfandi síldarsaltandi, vegna þess að n. hefur í þessum efnum starfað fullkomlega sem ríkisstofnun. Ég fyrir mitt leyti hefði t. d. ekki talið það á neinn hátt til bóta að hafa þau ákvæði í lögum um skipun innflutnings- og gjaldeyrisnefndar, á meðan hún var starfandi, eða innflutningsskrifstofu, að samtök heildsala og samtök Sambands ísl. samvinnufélaga eða annarra innflytjenda ættu rétt á því að skipa beinlínis fulltrúa í þessa nefnd, svo lengi sem nefndin er raunverulega starfandi sem ríkisstofnun og rekin á ábyrgð og kostnað ríkisins, eins og gert var. Hitt skipulagið er svo auðvitað til, eins og talað hefur verið um að gera nú og gert að nafninu til, að leggja innflutningsskrifstofuna niður, hafa enga sérstaka opinbera stofnun, sem fer með þetta vald, en heimila innflytjendum að ráðska með þessi mál sjálfum. En þá verða þeir vitanlega líka að hafa þarna allan veg og vanda af.

Ég tel því, að þessi röksemd, sem fram kemur í grg. með frv., að það þurfi nú að rífa upp þessa gömlu löggjöf af þessum ástæðum, sé raunverulega afar léttvæg og hæpin, enda hefur það þegar komið fram, að mikill meiri hluti síldarsaltenda óskar alls ekki eftir þessu. Þeir eru ekkert ánægðir með það að gera þessa breytingu út af fyrir sig.

Ég skal svo taka það fram, að ég hef verið á þeirri skoðun, að það væri full ástæða til þess að endurskoða þessi lög og þar með að taka til nýrrar athugunar, hvernig heppilegast væri, að n. væri skipuð. Ég vil ekki halda því fram á neinn hátt, að þau ákvæði, sem um þetta gilda nú, séu hin heppilegustu að öllu leyti. En ég held, að sú breyting, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sé alls ekki til bóta, og ég er næstum viss um það, að verði hún samþykkt hér og n. taki að starfa eftir þessum ákvæðum, verður þess ekki langt að bíða, að það verði að rífa þessa löggjöf upp aftur vegna óánægju síldarsaltenda um þetta form og vegna þess að menn munu komast að raun um, að þetta er í mesta máta óeðlilegt, að nefndin sé rekin á þennan hátt sem opinber stofnun, en þó kosið í hana að minni hluta til af Alþingi.

Það eru eflaust mörg önnur ákvæði í lögunum um síldarútvegsnefnd, sem þörf er að taka til endurskoðunar. Það er rétt, að það eru þó nokkuð breytt viðhorf í þessum málum öllum frá því, sem var, þegar lögin upphaflega voru sett. Það er líka vafasamt, að rétt sé að gera þá breytingu, sem gerð er með þessu frv. í þá átt að taka undan valdsviði nefndarinnar ýmsar aðrar verkunaraðferðir á síld, en halda einvörðungu eftir saltsíldinni. Þó er það svo, að framkvæmdin mun hafa verið þannig í öllum aðalatriðum, að nefndin hefur lítið sem ekkert skipt sér af hinum öðrum verkunaraðferðum á síld, sem hér hafa þó átt sér stað. En því er þó ekki að neita, að það er svo margt, sem kemur hér saman einmitt varðandi starfssvið nefndarinnar, varðandi reglur um veiði og oft og tíðum um sameiginlega verkun á hinum ýmsu stöðvum, sem með síldarverkunina hafa að gera, að það er nokkur vafi á því, hvort á að skilja svo á milli sem gert er í þessu frv. Enn fremur verð ég að segja það, að það er líka vafasamt að innheimta í sjóð síldarútvegsnefndar 2% gjald af öllu útflutningsverðmæti síldar og þá einnig af þeirri síld, sem getur farið í allt aðra verkun en þá, sem síldarútvegsnefnd lætur sig skipta.

En í sambandi við þetta mál og skipun nefndarinnar þarf að hafa í huga, að verkefni síldarútvegsnefndar hefur verið býsna margþætt. Það hefur verið meira en aðeins um það að ræða að annast síldarsöluna eina saman. Nefndin hefur haft vald til þess að löggilda söltunarstöðvar og hefur átt að hafa eftirlit í þeim efnum. Í þessum efnum hefur æði oft komið upp ágreiningur. Það er t. d. augljóst í þessum efnum, að það er afar hæpið að ætla að láta meiri

hluta nefndarinnar vera tilkominn eftir tilnefningu utanþingsstofnana, en fá þó það vald að geta ráðið því, hverjir mega koma inn í síldarsöltunina hverju sinni. Það hefur æði oft komið fyrir, að síldarútvegsnefnd hefur synjað aðilum um leyfi til þess að komast inn í síldarsöltunina. Á meðan meiri hl. n. er kosinn af Alþingi og n. starfar þannig sem opinber stofnun, er ekkert við því að segja, þó að hún hafi svona víðtækt vald. En ég teldi afar hæpið að láta hana hafa slíkt vald, eftir að skipun hennar væri orðin eins og í þessu frv. er gert ráð fyrir.

Þá hefur síldarútvegsnefnd einnig haft samkv. lögunum það verkefni að annast markaðsleit. Það hefur í nokkrum tilfellum, þó að betur hefði í rauninni mátt standa að þeim málum, verið um það að ræða, að síldarútvegsnefnd hefur sent menn til útlanda til þess að leita þar að nýjum mörkuðum og kynna sér möguleika á sölu þar til nýrra aðila. Hér er auðvitað líka um mjög víðtækt og mikið verksvið að ræða, sem að mínum dómi hefur engan veginn verið unnið nægilega vel að af síldarútvegsnefnd á undanförnum árum. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að gera miklu meira í þeim efnum en gert hefur verið að kynna saltsíldina okkar í markaðslöndunum og leita þar uppi nýja möguleika til viðbótar við þá, sem við þekkjum. Komið hefur það fyrir í einstaka tilfellum, að síldarútvegsnefnd hefur heimilað einstökum síldarsaltendum að selja smærri sendingar bæði í tilraunaskyni og á annan hátt, en oft hefur líka staðið hörð deila um það á milli síldarútvegsnefndar og einstakra framleiðenda, hve langt ætti að gagna í þeim efnum. Að þessu leyti hefur síldarútvegsnefnd mjög víðtækt og mikið vald og nokkuð óvenjulegt. A. m. k. yrði það að teljast mjög óvenjulegt, að hún hefði slíkt vald, ef hún væri að meiri hluta til kosin af aðilum utan Alþingis, því að ég hugsa, að mönnum þætti það allhart, ef síldarútvegsnefnd þannig skipuð utanþingsaðilum, neitaði einstökum saltendum um rétt til þess að selja þá síld úr landi, sem n. tæki ekki að sér sjálf eða treysti sér ekki til að selja. En slíkt hefur komið fyrir í sambandi við þessa ríkisstofnun, sem síldarútvegsnefndin hefur verið. Og menn verða vitanlega að sætta sig við allt annað í þeim efnum, þar sem um opinberar stofnanir er að ræða, heldur en um stofnanir, sem fá slíkt vald af löggjafans hálfu, en eru þó í rauninni ekki lengur opinberar stofnanir.

Þá hefur síldarútvegsnefnd einnig haft það verkefni samkvæmt lögunum að hafa með höndum tilraunir með nýjar veiðiaðferðir. N. hefur ekki gert ýkjamikið í þessum efnum. Þó hefur hún átt hér nokkurn hlut að máli. En í þessum efnum hefur þörfin auðvitað verið gífurlega mikil. Það er enginn vafi á því, að það hefði átt að gera í þessum efnum miklu meira en n. hefur gert. Ég óttast mjög, verði skipun n. breytt, eins og gert er ráð fyrir í frv., að þá mundu flest þessi verkefni verða skilin eftir að meira eða minna leyti. Og því er ekki að neita, að það er á margan hátt eðlilegra, að opinber stofnun, ríkisstofnun, hafi með verk eins og þessi að gera, heldur en slík stofnun sem ráðgert er raunverulega að koma upp samkvæmt þessu frv.

Þá er þess einnig að gæta í sambandi við það, að nú er lagt til, að tvö síldarsaltendafélög fái rétt til þess að skipa mann í nefndina, síldarsaltendafélag á Norður- og Norðausturlandi og síldarsaltendafélag á Suðvesturlandi, að þessi félagasamtök munu hafa verið mjög laus í böndunum og ekki haft ýkjamikla starfsemi fram til þessa, og það er rétt, sem hér kom fram í umr. í kvöld, að það hefur allmikið verið rætt um það meðal síldarsaltenda á Austurlandi að stofna sérstakt félag með sér. Þeir hafa verið á margan hátt mjög óánægðir með mörg þau málefni, sem þessi síldarsaltendafélög hafa haft með að gera. Þau hafa talið sinn hlut liggja þar eftir, og mér þætti ekki ósennilegt, að til þess kæmi nú, þegar síldarsaltendum á Austurlandi fjölgar, eins og augljóst er, að þeir myndu með sér sérstakt saltendafélag og færu þá að sjálfsögðu fram á að mega tilnefna mann í nefndina. Ég sé þá ekki, hvaða rök gætu verið fyrir því að neita þeim um að fá fulltrúa í nefndina, eftir að gengið hefði verið inn á þessa braut, sem lagt er til í þessu frv.

Þessi atriði öll sýna það auðvitað augljóslega, að hér er verið að vinna að breytingum á síldarútvegsnefnd alveg á röngum grundvelli. Þetta er alveg óeðlileg aðferð, og ég held, að það hefði verið miklu farsælla fyrir alla aðila í þessum efnum að fallast á þá leið, sem við höfum bent á í minni hl. sjútvn. þessarar deildar, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá að þessu sinni, í fullu trausti þess, að ríkisstj. láti fara fram ýtarlega endurskoðun á þessari löggjöf, og þá yrði að sjálfsögðu hægt að athuga um það, hvaða breytingar þætti tiltækilegt að gera á skipun síldarútvegsnefndar og hvort hægt væri þá með einhverjum skaplegum hætti að mæta óskum síldarsaltenda að einhverju leyti í áttina við það, sem þarna er verið að leita að. Ég teldi t. d., að það hefði verið allmikill munur á því, ef horfið hefði verið inn á þá braut að fjölga í nefndinni ekki aðeins upp í 7 úr 5, heldur upp í 9, þannig að það hefði líka verið bætt við tveimur fulltrúum til viðbótar frá hálfu Alþingis, þannig að Alþingi hefði haldið áfram að kjósa meiri hl. n., ef áfram á að halda því meginskipulagi nefndarinnar, að þetta sé ríkisstofnun með fullkomnu valdi, eins og ríkisstofanir hafa. Þá hefðu auðvitað þessi söltunarfélög fengið óskum sínum fullnægt í þessum efnum. Þau hefðu fengið aðstöðu til þess að tilnefna tvo fulltrúa í n., en hins vegar hefði grundvallarskipulagi n. ekki verið breytt, þannig að Alþingi hefði haldið áfram að ráða skipun meiri hl. n. Ég er fyrir mitt leyti ekki að mæla beint með slíku skipulagi. Ég hefði fyrir mitt leyti miklu fremur hallazt að þeirri breytingu á skipan nefndarinnar að gefa síldarsaltendum kost á því að mynda með sér sölusamtök, sem náð hefðu yfir allt landið, og allir síldarsaltendur í landinu hefðu haft aðstöðu til þess að vera í þeim samtökum á almennum félagslegum grundvelli og þeim sölusamtökum, sem þannig hefðu lýðræðislega verið upp byggð, hefði verið gefinn kostur á því að taka að sér framkvæmd þessara mála, en þó auðvitað undir eðlilegu eftirliti ríkisvaldsins. Ég fyrir mitt leyti hefði miklu fremur aðhyllzt að breyta þessu í það form og held satt að segja, að sölumál

framleiðenda muni a. m. k. á einhverju tímabili einna frekast verða leyst á þeim grundvelli, þannig að hinir ýmsu framleiðendur eigi kost á því að mynda með sér sölusamlög, en ríkisvaldið hins vegar geti haft eftirlit með starfsemi þessara samlaga, sem ríkið telur nauðsynlegt til þess að tryggja, að hagsmunir þjóðarheildarinnar sitji jafnan í fyrirrúmi í sambandi við framkvæmd þessara mála. En sé ekki tekið upp slíkt skipulag, tel ég, að annar möguleikinn sé raunverulega sá, að ríkið hafi aðalábyrgðina á framkvæmd málanna og eigi, til dæmis í gegnum þingkjörna nefnd eða stjórnskipaða nefnd, að hafa með framkvæmd þessara mála að gera. Og það hefur auðvitað verið meginskipulagið á uppbyggingu síldarútvegsnefndar.

Ég hefði mjög gjarnan viljað fá upplýsingar um það í þessum umr. hjá þeim, sem mæla með samþykkt frv., hvort einhverjar samþykktir eru til staðar frá þessum söltunarfélögum um það, að lögunum verði breytt í þessa átt, sem hér er lagt til, eða hvort hér er aðeins um að ræða stjórnarsamþykktir í þessum félögum, þar sem stjórnendurnir eru að fara fram á þessa breyt. Ég hef nefnilega nokkra ástæðu til þess að halda, að óskirnar í þessum efnum séu ekki komnar frá síldarsaltendum almennt, heldur séu þær fyrst og fremst komnar frá stjórnum þessara samtaka. En það vitanlega breytir þessu máli mjög mikið, ef það er þannig. Þá sjá menn, að hér er tiltölulega fámennur hópur manna, sem er að reyna að koma frá sér fulltrúum inn í nefndina, en ekki um óskir frá síldarsaltendum almennt í landinu að ræða.

Þá er einnig þess að geta í þessum efnum, að samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því, að við gildistöku þessara laga, en lögin eiga þegar að öðlast gildi, skuli falla niður umboð þeirra manna, sem nú skipa síldarútvegsnefnd. Ég hygg, að framkvæmdin mundi samkv. þessu verða sú, að nú í aprílmánuði eða svo mundu verða mannaskipti í síldarútvegsnefnd. Ég hygg, að slíkt mundi verða heldur óþægilegt í framkvæmd. Núverandi nefnd er eðlilega búin að gera ýmiss konar ráðstafanir varðandi síldarsöltunarmálefni, og ég veit, að hún hefur hagað störfum sínum þannig, að segja má, að hún sé í miðjum þýðingarmiklum verkefnum. Ég held, að miklu hefði verið eðlilegra að hafa það ákvæði í frv., þó að breyting yrði nú gerð á þessu þingi, að umboð þeirrar stjórnar, sem nú fer með valdsvið síldarútvegsnefndar, skyldi þó vera út þetta ár og hin nýja nefnd tæki ekki við fyrr en um næstu áramót. Slíkt hefði ég talið miklu eðlilegra og vandræðaminna á allan hátt. Mér sýnist alveg augljóst, að afleiðingarnar af samþykkt þessa frv. mundu verða þær, að það kæmi strax fram nýr meiri hl. í síldarútvegsnefnd, og auðvitað er hætt við, að sá nýi meiri hluti kynni að breyta í þýðingarmiklum efnum reglum og störfum nefndarinnar. Ég varð líka var við það, að hv. formaður sjútvn., sem þó mælir með samþykkt þessa frv., virtist einmitt vera á þessari skoðun, það litla sem hægt var að ræða í n. um málið, að það væri á ýmsan hátt miklu eðlilegra að breyta þessu ákvæði frv. og láta núverandi nefnd starfa út þetta ár, en hina nýskipuðu stjórn ekki taka við fyrr en um næstu áramót.

Nú hefði ég gjarnan viljað fá upplýsingar um það í þessum umr., hvort ekki væri hugsanlegt að fá fram þá breyt. á frv. a. m. k., að þessi breyting yrði gerð og skipti á stjórnum ekki framkvæmd fyrr en þá um næstu áramót. En það er nú svo, að þó að maður vilji spyrja hér um einstök atriði eða óska eftir upplýsingum, þá er nánast þannig, að maður sé að tala hér við sjálfan sig, því að ekki sést hér á neinn hátt formaður sjútvn., sem mun vera frsm. meiri hl. n. og mælir hér með frv. Mér hefði samt fundizt vera full ástæða til þess, að hann væri hér á þingfundi og vildi taka þátt í umr. með öðrum þm. og a. m. k. veita þær upplýsingar, sem hann gæti hér veitt í sambandi við þær breytingar, sem stefnt er að með þessu frv.

Þá hefði ég líka viljað fá upplýsingar um það hjá þeim, sem standa að samþykkt frv., hvort gerð hafi verið nokkur tilraun til þess meðal síldarsaltenda í landinu að leita álits þeirra um það, hvort þeir vildu hverfa að því skipulagi, sem ég hef hér nokkuð rætt, sem sagt að mynda með sér sérstakt sölusamlag síldarframleiðenda á þeim samvinnufélagsgrundvelli, sem gert er ráð fyrir í 4. gr. frv. Það hefði verið ákaflega fróðlegt að fá að vita það, hvort slík tilraun hafi verið gerð eða hvort leitað hafi verið eftir slíku meðal síldarsaltenda í landinu og hver þeirra raunverulega skoðun er í þessum efnum. Ef það er raunverulega vilji síldarsaltenda í landinu, eins og látið er í skína í grg. frv., að þeir fái meiri rétt til þátttöku í þessum málum, þá hlýtur auðvitað að vera eðlilegt að spyrja um það, hvort þeir hafi ekki leitað eftir því að notfæra sér heimild í lögum til þess að taka þessi mál algerlega í sínar hendur. Hefur slíkt verið gert, eða hefur það ekki verið gert? Hin leiðin, að aðeins örfáir aðilar fái aðstöðu til þess að komast inn í þessa ríkisstofnun, sem síldarútvegsnefnd er, það er breyting, sem ég tel síður en svo til bóta, miðað við þá kynningu, sem ég hef fengið við framkvæmd þessara mála. Það gefur líka alveg auga leið, að það er nokkur sérstaða, sem þeir síldarsaltendur fá, sem eru í slíkri nefnd, jafnvaldamikilli nefnd og síldarútvegsnefnd er, sem fjallar um slík deilumál meðal síldarsaltenda eins og menn vita að síldarútvegsnefnd gerir. Það er nokkur sérstaða, sem þeir síldarsaltendur fá meðal annarra síldarsaltenda, að sitja í n. og geta haft áhrif á samþykktir nefndarinnar og allar ákvarðanir, enda er margyfirlýst meðal síldarsaltenda, að þeir eru síður en svo ánægðir með þá sérstöðu, sem þeir síldarsaltendur hafa fengið, sem í nefndinni hafa verið.

Hitt er svo auðvitað alveg augljóslega fyrirsláttur, að segja, að það sé verið að flytja þessa breyt. við þessa löggjöf til að tryggja það, að síldarsaltendur séu jafnan í n., svo að þar geti komið fram sjónarmið saltenda. Þetta hefðu menn getað sagt, ef n. hefði einhvern tíma verið þannig skipuð, að þar hefðu engir síldarsaltendur verið. Hins vegar mun reynslan hafa verið sú, að allan tímann hafa verið starfandi í n.

síldarsaltendur, og mestu deilurnar um störf nefndarinnar hafa einmitt verið tengdar við það, að í nefndinni voru ákveðnir síldarsaltendur. Það er sannleikur málsins. Ef nefndin hefði hins vegar verið þannig skipuð nú um langan tíma eða einhvern tíma, að þar hefðu verið einvörðungu þeir, sem höfðu ekki neitt með síldarsöltun beinlínis hagsmunalega að gera, þá hefðu menn auðvitað getað fitjað upp á slíkum röksemdum eins og þessum. En þegar hitt liggur fyrir, að t. d. nú í 5 manna nefnd eru a. m. k. 3, sem verða að teljast að meira eða minna leyti síldarsaltendur, og ef varamenn eru taldir með, þá eru 8 menn af 10, sem taka meiri eða minni þátt í störfum nefndarinnar, beinir síldarsaltendur, þá sjá menn, að hér er raunverulega um tylliástæður að ræða.

Hið rétta er það, sem ég hef nokkuð drepið á, að hér er áframhald af þessari gömlu baráttu á meðal ýmissa síldarsaltenda í landinu, að þeir vilja reyna að pota sínum fæti þarna inn fyrir, tilteknir stórir saltendur, og fá þarna enn bætta aðstöðu fyrir sjálfa sig og sín fyrirtæki, en þetta er ekki samkv. ósk síldarsaltenda almennt í landinu. Óski síldarsaltendur raunverulega eftir því, sem í grg. frumvarpsins segir, að þeir fái að taka sem saltendur virkari þátt í sölumeðferðinni og gæta þannig hagsmuna sinna, þá gera núgildandi lög fyllilega ráð fyrir því, að þeir geti tekið sér þetta vald, og af því hlýtur maður að spyrja: Hefur verið eftir þessu gengið, hefur verið eftir þessu leitað, eða hefur engin athugun farið fram í þessum efnum?

Nú vildi ég óska eftir því við hæstv. forseta, að hann gerði annað tveggja í sambandi við afgreiðslu þessa máls að fresta umr. hér og halda ekki lengur fram næturfundi um afgreiðslu þessa máls eða þá, ef ekki er hægt að verða við því, að framsögumaður meiri hluta sjávarútvegsnefndar deildarinnar verði hér viðstaddur þessar umr. og taki þátt í að upplýsa sem einn af þeim, sem vilja samþykkja frv., það, sem hér er um spurt í þessum efnum. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti geri ráðstafanir til þess, annaðhvort að umr. verði nú frestað eða þá að frsm. meiri hl. n. komi hér á þingfund og svari fyrirspurnum þingmanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hefði verið æskilegt, ef einhverjir af hæstv. ráðherrum væru í húsinu, að þeir væru viðstaddir, því að það er nauðsynlegt, hvernig sem um þetta mál fer, að þeir fylgist ofur lítið með því, sem er að gerast í sambandi við þetta mál.

Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, var tekið til 2. umr. í Ed. á föstudag. Það var afgreitt þar umræðulaust við 3. umr. á laugardag. Það var tekið fyrir hér á mánudag til 1. umr. og fór umræðulaust til nefndar. Og nú, þegar komin er miðvikudagsnótt, þá sitjum við hér enn þá yfir 2. umr. þessa máls. Það er sjaldan, nema um allra þýðingarmestu stjórnarfrumvörp sé að ræða, að svona hraði er hafður á máli. Og ég verð að segja það, að mér sýnist hv. flm. þessa máls, hv. 4. þm. Vesturl., Jón Árnason, vera orðinn furðu voldugur maður hér í þingi, ef hann getur farið að knýja hér fram mál, en jafnvel sjálfur hæstv. fjmrh. varð að gefast upp við að knýja í gegn fyrir jólin í vetur mál, sem hann vildi knýja fram í gegnum þessa deild, samþykkt á ríkisreikningnum.

Hvað er það raunverulega, sem þarna er um að ræða, að þetta skuli vera sótt af svona ofurkappi? Áðan var notað það orð af einum hv. þm., að hér væri um eins konar innbrot í síldarútvegsnefnd að ræða, — og stundum höfum við verið að tala um innbrot í bankana í sambandi við aðrar aðferðir, — og mér sýnist næstum því það vera eitthvað af því taginu, sem hérna sé að gerast. Og ég held, að aðferðirnar, sem hafi verið notaðar til þess að fá þingmenn stjórnarliðsins inn á þetta mál, séu þannig, að þær beinlínis þurfi nokkurrar rannsóknar við. Hæstv. forsrh. var hér á fundinum áðan, og ég hefði gjarnan viljað, að hann hefði verið hér aftur nú. Hann upplýsti það nefnilega, að þetta mál byggðist á skoðanafrelsi innan Sjálfstfl. Ég hef satt að segja rannsakað þetta nokkuð, síðan hæstv. forsrh. gaf þessar yfirlýsingar, og vildi nú gjarnan, að einhver þm. eða starfsmanna þingsins kæmi þeim boðum til ráðh., að það væri mjög vel séð, að þeir litu hér inn. Ég er búinn ofurlítið að athuga þetta mál, og ég sé, að það er mjög fjarri lagi, að þetta sé rétt hjá hæstv. forsrh., þótt hann ætti nú að þekkja til í Sjálfstfl., þar sem hann er formaður. Ég hef þvert á móti orðið var við, að meðal þm. Sjálfstfl. og það í þessari deild eru þingmenn, sem eru á móti þessu frv., þannig að það byggist alls ekki á skoðanafrelsi í Sjálfstfl., heldur á skoðanakúgun í Sjálfstfl., að verið er að reyna að setja þetta mál í gegn. Og ég hef líka verið ofur lítið að reyna að grafast fyrir um, hvað það sé, sem þarna býr á bak við og hvernig standi á því, að menn, sem eru á móti þessu máli, skuli jafnvel láta hafa sig til þess að greiða atkv. með því, og mér sýnist það vera það, að úr þeim hópi síldarsaltenda í landinu, sem samkv. 4. gr. núgildandi laga mundu hafa rétt til þess, ef þeir hefðu yfirráð yfir 75% af síldarframleiðslunni, að mynda sérstakt félag, sem fengi umráð yfir þeim útflutningi, hafi verið hafðar uppi hótanir um myndun slíkra samtaka. Hins vegar held ég, að slíkar hótanir hafi ekkert raunverulegt vald á bak við sig. Ég held, að það séu ekki til neinir 75% síldarframleiðenda á landinu, sem mundu standa saman um slíkt. En ég hef orðið var við það hjá öðrum þm. en Sjálfstfl.-þm., að einhverjar slíkar hótanir virðast hafa áhrif á þá. Ég held þess vegna, að það sé fjarri lagi, að hér sé eitthvert skoðanafrelsi stjórnarflokkanna á ferðinni, hér sé þvert á móti á ferðinni skoðanakúgun innan stjórnarflokkanna og hótanir, sem þó ekki hafi við neitt raunverulegt vald að styðjast, þannig að það sé beinlínis verið að beygja þm., sem ýmist eru á móti þessu máli eða hafa engan áhuga fyrir því, til þess að fallast á þetta.

Svo eru gefnar rangar upplýsingar í sambandi við þetta mál. Því hefur verið haldið hér fram, að saltendur í landinu væru með þessu máli. Það er nú upplýst og liggur þegar fyrir og lá fyrir í Ed., að það er algerlega rangt. Enn fremur stendur í grg. þessa frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður að teljast óeðlilegt, að framleiðendur, sem eiga ef til vill mest undir framkvæmd nefndarinnar komið, hafi ekki aðstöðu til þess að taka virkan þátt í sölumeðferðinni og gæta hagsmuna sinna.“ Og enn fremur er sagt rétt á undan: „Með því fyrirkomulagi, sem nú er um skipun nefndarmanna, er það hending ein, sem ræður því, hvort nokkur síldarsaltandi á sæti í nefndinni.“

Nú er búið að upplýsa það í þessum umr. einmitt af manni, sem sjálfur situr sem varamaður og starfar sem varamaður í síldarútvegsnefnd, að það er hvorki meira né minna en yfirgnæfandi meiri hluti af öllum þeim, sem í síldarútvegsnefnd sitja, sem eru saltendur, þannig að sjálf rökin, sem færð eru fram í grg., sem lögð er fram í Ed., fyrir þessu máli, reynast alveg röng. Það er talað um, að það ráði því tilviljun ein, hvort það sé nokkur síldarsaltandi í nefndinni. En tilviljunin er bókstaflega sú, að það eru raunverulega 3 eða 4 af aðalmönnunum saltendur og 4 af varamönnunum, þannig að allt, sem flutt er fram sem aðalatriði í grg., reynist vera algerlega rangt. Það er satt að segja með ósvífnasta móti að leggja fram þingmannafrumvarp með greinargerð, sem síðan sýnir sig að styðjast við algerlega rangar upplýsingar. Ég verð að segja, að þegar þetta upplýsist nú við 2. umr. í þessari deild, að málin standi svona, þá ætti sannarlega að vera ástæða fyrir stjórnarliðið til þess að endurskoða sína afstöðu.

Í þessari sömu grg. er enn fremur látið á því bera, að þetta sé gert fyrst og fremst til þess að tryggja síldarsaltendum aðild að nefndinni. Það er ekki minnzt á, að það sé nein önnur breyting, sem þarna er. Hins vegar kemur það strax í ljós, að í 1. og 2. gr. er önnur breyting, sem er gerð frá núverandi lögum. Það er sú breyting, að nú á að vera einn maður kosinn af síldarútvegsmönnum eftir reglum, sem atvmrh. setur. Það eru sem sé síldveiðendurnir, sem hafa rétt til þess að kjósa einn mann. Þessi réttur er tekinn af þeim með þessu lagafrumvarpi, sem hér liggur fyrir, og yfirfærður til L. Í. Ú. Hvernig stendur nú á því, að þetta skuli gert? L. Í. Ú. er atvinnurekendasamband í landinu, samband manna, sem bæði eru síldveiðendur og almennir þorskveiðendur, og það eru engar ákvarðanir þarna um, hvort eigi að kjósa með sérstakri atkvæðagreiðslu t. d. þeirra, sem hafa með síldveiði að gera, eða hvort jafnvel bara stjórnin eigi að útnefna þennan mann.

Og hvernig stendur nú á því, að hv. 4. þm. Vesturl., Jón Árnason, skuli alveg sérstaklega bera þetta fram og beita sér fyrir þessu? Ég er hræddur um, að hann og þm. Sjálfstfl. þykist hafa þarna alveg sérstakra hagsmuna að gæta, með almennum kosningum séu þeir engan veginn öruggir um að ráða þeim manni, sem þarna sé kosinn. Með því að LÍÚ-klíkan aftur á móti stjórni þessu, þá þykjast þeir náttúrlega geta ráðið þessu. Ég held þess vegna, að þarna sé um að ræða tilraun til þess að sölsa úr höndum síldarútvegsmanna vald, sem þeir hafa haft frá byrjun, og færa það í hendur stjórnar L. Í. Ú.

Ég vil vekja athygli á því, hvers konar breytingar á með þessu móti að gera á þessu máli. Þegar þetta mál var upphaflega lagt fyrir á Alþingi 1934, var það lagt fyrir þannig, að það voru síldveiðendur, sem áttu að kjósa svo að segja alla mennina, það voru fyrst og fremst síldveiðendur, sem áttu að fá þennan rétt. Þessu var breytt nokkuð í meðferðinni. En sá aðili, sem átti ekki að fá nein áhrif þar, það voru síldarsaltendur. Það átti sem sé að setja þetta einmitt með tilliti til hagsmuna síldarútvegsmanna og til hagsmuna síldarsjómanna. Sá maður, sem alveg sérstaklega barðist þá fyrir þessu máli hér á Alþingi, var Finnur heitinn Jónsson, og af hálfu Alþýðuflokks- og Framsóknarflokksstjórnarinnar, stjórnar þeirra vinnandi stétta, eins og hún þá var kölluð, sem þá sat að völdum, var það hann fyrst og fremst, sem háði baráttuna fyrir þessu máli. Allt íhaldið á Alþingi stóð á móti þessu máli þá. Þess vegna var ég nú í dag að inna svo mjög eftir frelsissöngnum frá hálfu Sjálfstfl. og vildi fá hann hérna fram, að það sýndi sig, að frelsið í þessum málum hafði farið algerlega um koll á þriðja áratug aldarinnar, ekki aðeins í síldinni, heldur líka á öllum öðrum sviðum, einkaframtakið svokallaða varð gjaldþrota og fékk svo rothöggið í kreppunni 1930. Þess vegna var ég að lýsa eftir því í dag, einmitt sérstaklega við hæstv. forsrh., hvernig stæði nú á því, þegar þeir væru hér með brtt. við þetta gamla frv. og ætluðu að fara að umbylta því, að þeir kæmu ekki með allt sitt frelsi inn í þetta.

Einkaauðvaldið í þessu varð gjaldþrota á áratugnum 1920—30, eins og einkaauðvald á fleiri sviðum, og síldarútvegsnefnd var sköpuð til þess að reyna að bjarga þjóðinni út úr þeim vandræðum, sem þá voru.

En hver er þróunin, sem nú er að gerast í þessu sambandi? Ríkisvaldið var þá notað sem það tæki, sem væri í höndum fólksins, til þess að ná þessu valdi og drepa þetta brask einkaatvinnurekendanna og tryggja, að þetta væri rekið í þjóðarþágu. Það var tilgangurinn með síldarútvegsnefnd, þegar hún var sett. Fyrir því var barizt, og fyrir því barðist Alþfl. hér á þingi þá líka, einmitt faðir núverandi formanns sjútvn. þessarar deildar, 5. þm. Vestf.

Hvað er aftur á móti það, sem nú er að gerast yfirleitt með þeim till., sem nú liggja fyrir til breytingar á þessu? Það, sem er að gerast, er það, að einkaauðvaldið vill fá að taka þetta ríkisvald í sínar hendur til þess að beita því í sína þágu. Því ríkisvaldi, sem alþýðan vildi beita fyrir tæpum 30 árum til þess að ná þessum völdum úr höndum einkabraskaranna og reka þetta að einhverju leyti fyrir almenning, á nú að beita til þess að gefa lítilli einokunarklíku valdið yfir ríkinu og valdið yfir ríkisvaldinu. Þetta er hættan, sem þarna er á ferð.

Hvað þýðir þetta meðal annars? Þetta þýðir það, að þegar saltendurnir eru komnir þarna inn í, þá eru það þeir samkv. 4. gr. laganna, sem eiga að löggilda sjálfa sig. Það eru þeir, sem eiga að löggilda síldarútflytjendurna og ákveða þeirra sölu. Og þegar saltendurnir væru orðnir 6 af 7 í þessari síldarútvegsnefnd, þá sér maður, hvern-

ig er komið með misnotkun ríkisvaldsins, eða að minnsta kosti 5 af 7 í síldarútvegsnefnd. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði þar komið minni ræðu, þar sem ég sýndi fram á, að með þeirri breytingu, sem gerð er á 1. gr. frv., svo framarlega sem fulltrúum saltendanna er hleypt þarna inn í til viðbótar við þá 3—4, sem fyrir eru, þá verða það saltendurnir, sem eiga að löggilda sjálfa sig og ráða því sjálfir, hve margir séu saltendur á landinu, og hafði sýnt fram á, hvílík misnotkun þetta yrði á ríkisvaldinu, þegar búið væri að flytja svo að segja þetta ríkisvald í hendur saltendanna, fulltrúar ríkisvaldsins sjálfs, Alþingis, væru orðnir í minni hluta í þessari stjórn, en saltendurnir bókstaflega í yfirgnæfandi meiri hluta, og hvernig þetta væri algerlega í mótsetningu við allt það, sem var meiningin, þegar síldarútvegsnefnd upphaflega var sett.

Ég hafði furðað mig á því, hvernig aðalflm. þessa frv., hv. 4. þm. Vesturl., hafði haft aðstöðu til þess að knýja þetta mál svona fram. Ég hef áður deilt nokkuð á hann í sambandi við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þar sem hann mun vera líka í stjórn, og ég er ekki laus við grunsemdir um, að það, sem fyrir honum vakir með baráttunni fyrir þessu frv., sé að komast sjálfur að sem einn saltandinn í viðbót í stjórn síldarútvegsnefndar frá því saltendafélagi, sem yrði hér sunnanlands, og mér sýnist satt að segja alveg óþarfi, að vald ríkisins færist í hendur á einstökum bröskurum, ekki sízt þegar þetta eru kannske þar að auki menn, sem eru meira eða minna gjaldþrota. Og þá er það farið að verða nokkuð hættulegt vald, sem ríkið er farið að leggja í hendurnar á slíkum mönnum, þegar farið er að gera svona ráðstafanir eins og nú eru gerðar og lagt er til með þessu frv. Það var upplýst við umr. um þetta mál í Ed., að þessi sami hv. þm., 4. þm. Vesturl., sem er formaður sjútvn. Ed., hafi sagt við Gunnar Flóvenz skrifstofustjóra síldarútvegsnefndar í votta viðurvist, að hann áliti, að málið mundi ekki ná fram að ganga. Þeir höfðu verið að tala saman viðvíkjandi því, að málið hafði verið sent til umsagnar síldarútvegsnefndar, og hefði verið rætt um, hvort síldarútvegsnefnd mundi senda nokkra umsögn um málið. Það var borið á þennan þm. einmitt við umr. í Ed., að hann hefði sagt þetta, og hann reyndi ekki að bera það af sér. Ég segi þetta til þess, að það sé alveg ljóst, að við stjórnarandstæðingar, sem höfum barizt á móti þessu frv., vorum í góðri trú, þegar við álitum, að þetta frv. ætti ekki að ná fram að ganga á þessu þingi, það væri alls ekki meiningin. Við vorum þess vegna í góðri trú, þegar við meira að segja hleyptum því í gegn umræðulaust hér við 1. umr. þessa máls. Og ég verð að segja, að þegar svona aðferðir eru við hafðar, þá hlýtur maður að spyrja: Hvað er þarna á seyði, hvaða ráð er þarna verið að brugga?

Ég spurði svo nokkuð að því í dag, hvernig stæði um þá samninga, sem síldarútvegsnefnd hefði gert, hvernig stæði með samningana við Sovétríkin, hve miklu þeim hefði verið raunverulega heitið, hvort það hefðu komið fram kvartanir frá fulltrúum sovétstjórnarinnar hér í þessu sambandi og hvernig liti út með samningana, sem ætti að gera. Ég kom fram með þessar kröfur vegna þess, að ég hef orðið var við það, að það er mjög harðvítugur áróður fyrir að brjóta niður þessi viðskipti nú, ekki sízt í Morgunblaðinu, og ég álít, að það sé ekki nema eðlilegt, að við okkur, jafnt úr stjórnarandstöðunni sem aðra, sem höfum tekið þátt í því að reyna að byggja þessi viðskipti upp, sé rætt alvarlega, áður en ráðstafanir eru gerðar, sem breyta m. a. einmitt stjórninni á þeim fyrirtækjum ríkisins, eins og síldarútvegsnefnd, sem hafa höfuðábyrgðina í þessu máli. Þess vegna álít ég, að það hafi verið ákaflega mikil ógæfa, að þetta mál hefur verið sótt með því ofurkappi, sem gert hefur verið. Ég mun hins vegar ekki lengja mál mitt frekar um þetta mál. Ég hef sagt í ræðu, sem ég hélt í dag og aftur nú, höfuðatriðin í því, sem ég vildi vara við. En það vil ég vona, hvernig sem þessu máli reiðir af nú, að hæstv. ríkisstj. sýni það, að hún vilji hafa nokkru meira samstarf við stjórnarandstöðuna, þegar svona mál eru afgr., heldur en nú hefur verið gert.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að taka þátt í þeim efnislegu umr., sem hér hafa átt sér stað. Þessar umræður hafa nokkuð dregizt á langinn, og þar sem vitað er, að fyrirhugað er, að Alþingi ljúki á morgun, þá ætla ég að leyfa mér að bera fram hér brtt. við þá till., sem hv. minni hl. sjútvn. hefur borið fram á þskj. 704 um rökstudda dagskrá, þannig að á eftir orðunum „félög síldarsaltenda“ í næstsíðustu línu komi inn þessi viðbót: enda geri ríkisstj. ráðstafanir til þess að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er örugglega til fyrir.

Rökstudda dagskráin yrði þá á þessa leið: „Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða lög nr. 74 29. marz 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og að sú endurskoðun verði framkvæmd í samráði við síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands og félög síldarsaltenda, enda geri ríkisstjórnin ráðstafanir til að koma sem fyrst á þeim endurbótum, sem þingmeirihluti er örugglega til fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá“. Till. er flutt skriflega og verður afhent forseta.

ATKVGR.

Brtt. 705 samþ. með 19:13 atkv.

Rökstudd dagskrá á þskj. 704, svo breytt, samþ. með 19:7 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Loðdýrarækt.

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt [38 mál] (þmfrv., A. 38).

Á 5. fundi í Nd., 17. okt., var frv tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Sigurðsson): Hæstv. forseti. Þetta frv., sem var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt, hefur nú verið lagt fram á ný og felur í sér þá breytingu á lögum um loðdýrarækt, að niður falli úr lögum þær málsgreinar í 1. gr. 1. lið, sem banna minkaeldi.

Margar þjóðir hafa, sem kunnugt er, miklar tekjur af loðdýrarækt og ekki síst af minkaeldi. Minkaskinn þykja einhver fallegustu skinn, sem eru á markaðnum. Það hefur verið bannað hér um nokkurra ára skeið að hafa minka í eldi, þrátt fyrir það að hér eru góð skilyrði til minkaeldis. Loftslag er hér gott og nægilegt af fóðri fyrir dýrin, bæði úrgangur úr fiski og eins úrgangur úr sláturhúsum. Nágrannaþjóðir okkar, sem hafa mjög mikið af minkum, verða að kaupa sitt fóður miklu dýrara verði en við þyrftum. Þær kaupa t. d. dýrafóður af okkur, bæði fiskúrgang og eins úrgang úr sláturhúsunum. Er þetta vitaskuld miklu kostnaðarsamara en að hagnýta fóðrið hér, þar sem það er á staðnum. Mjög mikill vöxtur hefur verið í minkaskinnaframleiðslu alls staðar í heiminum nú undanfarið, og virðist ekki vera neitt lát á eftirspurn eftir minkaskinnum. Á Norðurlöndum hefur verið margföldu tala dýra, sem eru á fóðrum, núna á mjög fáum árum. Það er svo að segja sama, hvar gripið er niður, sérstaklega hjá fiskveiðiþjóðum, alls staðar hefur verið mjög mikill vöxtur í þessum atvinnurekstri. Japanir t. d. eru nú að fara út í minkarækt í stórum stíl. Rússar hafa mjög mikla loðdýraframleiðslu og Kanada- og Bandaríkjamenn, og svo mætti lengi telja. Íslendingar hafa ekki efni á því að sinna ekki þessum mikilvæga atvinnurekstri og láta þær tekjur, sem af honum gætu verið, fara fyrir ofan garð og neðan hjá sér. Það má ekki láta hleypidóma ráða hér gerðum manna, — hleypidóma, sem hafa skapazt af því, að illa tókst til með minkaeldi hér, þegar það var reynt, vegna vanþekkingar.

Það er einnig önnur hlið á þessu máli, sem er ekki síður mikilvæg og snýr að sjávarútveginum. Sjávarútvegurinn mundi fá góðan markað fyrir sinn fiskúrgang, einmitt með því að láta minkinn éta hann. Nokkuð hefur verið flutt út af minkafóðri og fengizt fyrir það miklu hærra verð en með því að framleiða úr því mjöl, en eins og kunnugt er, er úrgangurinn úr fiskinum, sem unninn er t. d. í frystihúsunum, um ⅔ hlutar af fiskinum. Það mundi vissulega mjög létta undir með sjávarútveginum, ef hann gæti losnað við sinn fiskúrgang fyrir svo gott verð sem þeir virðast geta greitt, sem hafa slíka minkarækt með höndum. En eins og kunnugt er, er einmitt verðfallið á fiskimjölinu mesta vandamál íslenzks sjávarútvegs nú, en það er vegna hins mikla framboðs á mjöli frá Perú. Markið er kannske ekki sett of hátt, þó að Íslendingar hugsi sér á næstu árum að hafa jafnmarga minka í eldi og nágrannaþjóðir þeirra hér á Norðurlöndum, Danir, Svíar og Norðmenn, en þeir hafa allir svipaða framleiðslu af minnkaskinnum og þó líklega Danir einna mest. Þeir framleiða sjálfsagt minkaskinn árlega fyrir sem svarar 500—750 millj. íslenzkra króna. Það mundi að sjálfsögðu taka nokkurn tíma fyrir Íslendinga að ná því marki.

Það er stundum talað um, að nauðsynlegt sé að fá til landsins erlent fjármagn. Vafasamt er, að hægt væri að benda á nokkra atvinnugrein, sem útlendingar væru fúsari til að leggja í fé nú, eins og ástatt er, frekar en minkarækt. Það má deila um, hversu æskilegt það er að fá erlent fjármagn inn í landið. Ýmsar raddir eru uppi um, að það eigi að gera, og aðrar aftur, að það eigi ekki að gera. Það er náttúrlega ýmislegt, sem þar þarf að taka tillit til, t. d. eins og vinnuaflsins í landinu, hvort það er nóg til þess að fara í þann atvinnurekstur, sem um væri þá að ræða að útlendingar legðu fé í. En það er svo með minkarækt, að hún krefst ekki mikils vinnuafls. Einn maður getur t. d. gætt 500 dýra, en þau mundu gefa af sér um 1500—2000 skinn árlega, eða verðmæti fyrir 1—1½ millj. kr. Þegar við berum þetta saman t. d. við vélbát, tiltölulega lítinn vélbát, þá mundi hann ekki skila öllu meira aflaverðmæti en þessi eini maður gæti skilað með minkarækt. Og ég geri ráð fyrir, að það sé mun minni stofnkostnaður við 500 minka nú en við byggingu tiltölulega lítils vélbáts, en mér er ekki kunnugt, hvað slík bú kosta. Ef þessi dýr

væru hins vegar seld til undaneldis eða sem lífdýr, mundi verð þeirra vera um helmingi meira.

Mér er líka kunnugt um af viðræðum við Norðmann, sem var hér í sumar og er einn af fremstu mönnum í loðdýrarækt Norðmanna, að hann væri fús til þess að koma hér á fót a. m. k. þremur búum með 500 dýrum hverju og leggja til þar sína reynslu og þekkingu og annað, sem væri hægt að byggja á fyrir þá, sem hefðu ekki farið í slíkan atvinnurekstur áður. En það er enginn vafi á því, að margir Íslendingar væru reiðubúnir til þess að leggja út í þennan atvinnurekstur. Ég hef orðið var við, eftir að ég flutti þetta mál á síðasta þingi, mikinn áhuga hjá mönnum einmitt á þessu. En þegar ráðizt væri í slíkt, ætti það að vera gert af myndarskap, og þá þarf að byggja á sérfræðilegri kunnáttu og reynslu þeirra þjóða, sem eru komnar lengst í þessu. Ég býst við, að Íslendingar gætu í þessum efnum svo að segja byggt sín bú alveg eftir fyrirmynd Dana, því að þeir hafa komizt mjög langt í minkaeldi.

Það væri mjög mikilvægt, ef unnt væri og vilji þingmanna væri fyrir, að þetta mál næði fram að ganga, að það væri afgreitt fljótt, til þess að hægt væri að koma á fót nokkrum minkabúum í haust. Það mundi gera það að verkum, að þau mundu geta látið í té lífdýr næsta haust. Við skulum t. d. segja, að þótt ekki væri komið upp nema þremur slíkum búum, þá fengjust um 5—6 þús. lífdýr næsta haust. Það sparaði allmikinn gjaldeyri, þó að það væri náttúrlega engan veginn nóg, því að bú eru mörg hér á Norðurlöndum með 8—10 þúsund dýrum, og minkarækt er rekin þar á visindalegan hátt. En markmiðið þyrfti að vera, að Íslendingar hefðu ekki færri en 50 þús. lífdýr haustið 1962. Það mundi gefa af sér um 150—200 þús. skinn, að verðmæti um 100—150 millj. kr. í útflutningi, ef til vill 200 millj., því að ekki er óalgengt, að beztu minkaskinn seljist fyrir allt að 1000 kr. hvert og jafnvel meira.

Það er sama, hvernig á þetta mál er litið, hvort það er frá sjónarmiði þess, að þarna er um mikilvægan atvinnurekstur að ræða fyrir þá, sem í hann legðu, eða sem lyftistöng fyrir sjávarútveginn. Það er tvímælalaust rétt að fara út í minkaeldi hér og feta sömu slóðir og grannþjóðir okkar, sem hafa ábatazt prýðilega á þessari atvinnugrein. Það mundi stuðla að fjölbreytni í atvinnuháttum og þó nokkurri atvinnu, og það mundi gefa miklar gjaldeyristekjur.

Það veltur að sjálfsögðu mikið á afstöðu þess opinbera, þegar um það er að ræða að leggja í slíkan atvinnurekstur, sem byggja þarf frá rótum. Ég vil benda á það hér, að mjög mikilvægt væri, að hið opinbera beitti sér fyrir því, að völ yrði á tæknilegri aðstoð fyrir þá, sem vildu fara út í þennan atvinnurekstur, og enn fremur, að nokkur aðgangur yrði að fé, því að þetta kostar allmikið, ef það á að gera í stórum stíl.

Villiminkurinn er þyrnir í augum margra. Auðvitað er nauðsynlegt að halda honum í skefjum, eftir því sem hægt er, en sjálfsagt verður ekki unnt að útrýma honum. En það má ekki verða til þess, að menn þori ekki að leggja í minkarækt, þó að Íslendingar hafi haft vonda reynslu. Það þarf hins vegar að ganga örugglega frá búrunum, svo að minkarnir geti ekki sloppið út, enda mun það vera mjög fátítt, að slíkt komi fyrir, í nágrannalöndum okkar. Má t. d. segja frá því hér, að þessi búr eru nú byggð þannig, að það er tvöföld girðing og um eins metra bil á milli girðinganna, og þar er látinn hlaupa í svokallaður minkahundur til þess að sálga eða hirða, ef það kynni að koma fyrir að eitthvert dýr slyppi. Þannig er á allan hátt reynt að tryggja, að slíkt geti ekki komið fyrir, enda eru menn að sjálfsögðu ekki að ala mink til þess að sleppa honum.

Ég vona, að hv. þingmenn bregðist vel við þessu máli og afgreiði það sem fyrst sem lög, svo að þeir, sem hafa áhuga á minkaeldi, geti komið fyrir sig fótunum þegar í haust, en þurfi ekki að bíða til næsta hausts, ef frv. ætti á annað borð að ná fram að ganga. Það væri þess vegna mjög mikilvægt, ef frv. gæti orðið samþykkt í þessum eða næsta mánuði.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál mikið við þessa umr., en vegna reynslu undanfarinna ára af minkaeldi þykir mér rétt, að málið sé athugað nokkru nánar, jafnvel við 1. umr. málsins.

Hv. flm. heldur því fram, að þjóðhagslega sé mjög mikill hagnaður að því að leyfa minkarækt á ný á Íslandi. Um það skal ég ekki deila á þessu stigi málsins, en vildi skjóta því til hv. landbn., sem fær þetta mál til meðferðar eftir þessa umr., hvort hún mundi geta upplýst Alþingi um það, hver væri hinn raunverulegi kostnaður orðinn af því tjóni, sem minkaeldi hefur valdið hér á Íslandi. Það gæti a. m. k. haft áhrif á mitt atkv., þegar endanlega verða greidd atkv. um málið, hvort þær upphæðir eru lágar eða háar. Ég sé í grg., að hv. flm. telur, að þessi kostnaður sé orðinn nú þegar á fjórðu milljón króna, en hvort hann reiknar þar með beint tjón við útrýmingu minkanna eða einnig það tjón, sem orðið hefur á landinu vegna minkanna yfirleitt, þ. e. a. s. það tjón, sem bændur og aðrir hafa orðið fyrir, sést ekki í grg. En það væri ágætt, ef hv. nefnd vildi upplýsa það.

Ég sé einnig hér í grg., að hv. flm. telur, að það sé hægt að fyrirbyggja svo að segja að fullu, að minkar sleppi út úr búrum. En það þarf náttúrlega ekki nema eitt karldýr og eitt kvendýr til þess að gera hér usla síðar meir, ef út sleppa, eins og kunnugt er, svo að ég hefði nú haldið, að hann mundi taka enn dýpra í árinni og segja, að það væri hægt að fyrirbyggja það að fullu og öllu.

En í tilefni af þessu vildi ég mega spyrja, hvort hann mundi vilja sætta sig við sem flm., ef frv. yrði samþykkt, að inn í það yrði sett, að tekinn skyldi sérstakur tollur af minkaeldi, sem þannig yrði leyft, til þess að bera allan þann kostnað, sem væntanlega kynni af þessu að hljótast, og jafnframt taka á sig allan þann kostnað, sem við það yrði að útrýma villimink-

unum. — Þetta vildi ég gjarnan biðja hv. flm. að athuga og einnig n. að athuga, hvort slíkt ákvæði þætti eðlilegt að setja í lögin. Og ef hv. flm. vildi fella sig við það og n. að öðru leyti þætti ástæða til þess að samþykkja frv., þá gæti það vel snúið mínum huga í þessu máli, en eins og sakir standa, er ég ekki ginnkeyptur fyrir því að fá þetta samþykkt svona fyrirvaralaust.

Þetta vildi ég láta koma fram hér við 1. umr.

Ég sat lengi í fjvn., og mér var það vel kunnugt, hversu óskaplegt fé það var, sem ríkissjóður og þjóðin varð að greiða fyrir mistök á innflutningnum á karkúlfé á sínum tíma, og er ekki séð fyrir endann á því enn. Mér er líka nokkuð kunnugt um, hvaða blóðtaka hefur verið hjá þjóðinni það tjón, sem minkurinn hefur valdið hér á undanförnum árum, og mér var líka kunnugt um það, að á meðan minkabúin voru hér og leyft var að ala upp minka, þá munu þeir hvergi hafa gefið nokkurn arð, nema þegar hægt var að selja minka til lífsuppeldis. Undireins og þrengdist um þann markað, gátu þessi bú engan arð gefið, nema síður sé. Og ef það er raunverulegt enn, að það sé aðeins von á að búin geti gefið arð með því að selja minkana lifandi til annarra búa, eins og var hér áður, en arðurinn takmarkist eða jafnvel hverfi, þegar þarf að fara að ala minkana upp bara til þess að selja skinnin, þá er því síður ástæða til þess að leyfa þetta aftur og hleypa þjóðinni í þá hættu, sem því fylgir.

Ég skil ákaflega vel hv. flm., að hann vilji með þessu reyna að bæta úr því áfalli, sem útvegurinn hefur fengið við það, að verðfall hefur orðið á fiskimjöli og fiskúrgangi. En ég vildi mega beina þeirri spurningu til hans, hvort það hefur verið athugað gaumgæfilega og til fulls, hvort ekki mætti notfæra sér þennan úrgang á þann hátt að setja hér upp fiskrækt frekar en minkaeldi. Það er áreiðanlegt, að þó að við misstum nokkra silunga út úr tjörnunum, þá mundu þeir ekki gera neinn usla hér í landinu, og það er líka alveg áreiðanlegt, að nágrannaþjóðirnar, m. a. Danir, sem vitnað hefur verið í hér, hafa ekki minni útflutning af regnbogasilungsrækt en af minkarækt. Þar hefur verið komið upp í svo stórum stíl regnbogasilungsrækt, að þar mun nema mörgum tugum milljóna útflutningur á ári á þeirri vöru. Og mér sýndist, að það lægi nær útvegsmönnum, ef þeir eru að hugsa um sína hlið á málinu, að athuga, hvort þeir geti ekki komið fiskúrgangi í hærra verð með því að stuðla að því að koma slíku í framkvæmd, en hugsa minna um minkaræktina.

Sem sagt, ég mun fylgja þessu máli til hv. landbn. og til 2. umr. Ég er sammála hv. flm. um, að það eigi að athuga málið fljótt og gaumgæfilega, og þegar þær athuganir liggja fyrir, þá kemur það sjálfsagt aftur hingað til d. til athugunar, og hefur þá skýrzt fyrir mönnum, hvaða afstöðu þeir taka til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 38, n. 355).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til 2. umr., fjallar um breyt. á núgildandi lögum um loðdýrarækt, og er sú breyting fólgin í því að nema úr lögunum þau ákvæði, sem banna minkaeldi. Landbn. leggur einróma til og þá einnig hv. flm., sem átti sæti í nefndinni, þegar hún afgreiddi málið, að þessu máli verði vísað til hæstv. ríkisstj. í trausti þess, að hún láti endurskoða lögin um loðdýrarækt og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga um loðdýrarækt, þar sem svo sé ráð fyrir gert, að innflutningur minka og minkaeldi verði leyft hér á landi.

Áður en n. afgreiddi málið, höfðu henni borizt umsagnir frá fjórum aðilum. Samband ísl. samvinnufélaga og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mæltu með því, að frv. yrði samþykkt. Stjórn Búnaðarfélags Íslands mælti hvorki með frv. né á móti því, en óskaði eindregið eftir því, að málið yrði ekki afgreitt héðan úr þinginu, fyrr en búnaðarþing hefði fjallað um það. Ef till. n. um það, að málinu verði nú vísað til hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar og undirbúnings, verður samþ., þá getur að sjálfsögðu búnaðarþingið, sem kemur hér saman innan tíðar, tekið það til athugunar og rætt þá spurningu, hvort leyfa eigi eða ekki minkaeldi hér á landi. Í umsögn Sveins Einarssonar veiðistjóra kemur fram, að hann er ekki mótfallinn því, að minkarækt verði leyfð, ef tryggilega er frá öllu gengið að því er varðar vörzlu dýranna og um allt eftirlit með rekstri búanna, svo að hér megi verða um gagnsaman atvinnuveg að ræða, en ekki hitt, að minkaeldi, ef það yrði leyft hér á ný, leiddi til þess að auka það tjón, sem villiminkurinn hefur unnið í landi okkar. Og þetta er það sjónarmið, sem þegar kom fram í landbn., er hún tók að ræða þetta mál. N. var þegar ljóst, að fara þurfti að öllu með gát og undirbúa, svo sem kostur er á, minkaræktunina, ef hún yrði leyfð aftur. Því er það, að n. leggur nú til, að málið verði afgreitt á þennan hátt, að því verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar og undirbúnings.

Ég geri ráð fyrir því, að ýmsir telji eðlilegt, þegar rætt er um það, hvort leyfa skuli innflutning minka og minkaeldi hér á landi, og telji sig þurfa að rifja upp ýmis atriði úr sögu loðdýraræktarinnar, meðan hún var stunduð hér á landi sem atvinnugrein. Ég ætla mér ekki að rifja upp þessa sögu, því að hún er um flest fremur óskemmtileg. Í þeirri sögu má finna mörg dæmi um mistök, um fákunnáttu í starfi og raunar dæmi um vítaverðan trassaskap. Ég vil þó taka fram, um leið og ég tek svo stór orð mér í munn, að þessi orð eiga vissulega ekki við um alla þá, sem þennan atvinnuveg stunduðu. Það voru líka til menn, sem ráku loðdýrarækt af myndarskap og sér til hagsbóta. En mistökin voru mörg, og því minni ég á þau, að vítin eru til varnaðar. Ég tel það engan greiða fyrir minkaeldi, þegar það kemur nú aftur á dagskrá, að reyna að blekkja

sig eða dylja fyrir sér það tjón, sem minkurinn hefur valdið hér á landi. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa úr umsögn veiðistjóra nokkuð um þetta tjón, ekki síst fyrir þá sök, að þegar þetta mál var til 1. umr. hér í hv. d., þá kom fram ósk um það, að landbn. aflaði sér upplýsinga um, hversu þetta tjón er orðið mikið. Ég býst nú raunar við, að það sé ekki á neins manns færi að telja það tjón fram, svo að rétt sé, en ég vil, eins og ég sagði, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp, hvað veiðistjóri, Sveinn Einarsson, segir um þetta:

„Tjón það, sem minkar hafa valdið hér á landi, verður ekki metið í beinum tölum. En víst er, að það er mjög mikið og snertir ýmsar mikilvægar atvinnugreinar landsmanna, eins og t. d. hænsnarækt, æðarvörp, silungs- og laxaveiði. Minkur hefur einnig gereytt svartfugli, öndum og öðrum nytjafugli á stórum svæðum. Segja má, að öllu fuglalífi landsins sé hætta búin af honum. Tjón á sauðfé af völdum minks er að vísu ekki mikið, en vitað um, að hann á auðvelt með að drepa unglömb, og í því sambandi stafar mikil hætta af villtum minkum. Það er staðreynd, að minkar gera margfalt meiri skaða hér á landi heldur en í öðrum löndum, þar sem þeir hafa mun fleira um að velja til átu. Á Norðurlöndum t. d. lifir villtur minkur mikið á ýmsum skordýrum, krabbafiski og froskum, ásamt mörgum tugum af misjafnlega gagnsömum fisktegundum í ám og vötnum og sjó."

Og enn fremur segir í umsögn veiðistjórans, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem hér hefur verið sagt um skaðsemi minksins, sannar, að það er ekki að ástæðulausu, að nokkurs uggs gæti hjá mönnum vegna hins nýja frv., því að öllum er kunnugt, hve hörmulega til tókst með minkaeldi hér áður, og eðlilegt, að menn óttist, að hið sama endurtaki sig nú. Höfuðskilyrði fyrir því, að svo verði ekki, er, að sett verði ströng ákvæði um vörzlu dýranna og þeim ákvæðum framfylgt. Útbúnaður á minkabúrum mun nú víða orðinn það vandaður, að ekki ætti að vera mikil hætta á, að dýrin sleppi úr haldi. Þó tel ég vissara að gera ráð fyrir, að það kunni að koma fyrir, og er því ekki ráðlegt að leyfa minkaeldi í þeim landshlutum, sem enn eru lausir við villta minka. Væri að mínum dómi meira öryggi í því að hefja minkaeldið í stórum stíl á fáum stöðum heldur en gera það frjálst öllum, sem vilja, hvar sem er á landinu. Við þau skilyrði yrði bæði erfitt og kostnaðarsamt að framfylgja því eftirliti, sem nauðsyn er á."

Þetta segir veiðistjórinn, Sveinn Einarsson, í umsögn sinni. Og nú spyrja menn ef til vill: Hvernig getur nokkur maður mælt með því, að minkaeldi sé aftur leyft, eftir að hann hefur hlýtt á skýrslu sem þessa og veit, að hún er sönn? Því einu er til að svara, að villiminkurinn er til í landinu. Honum verður ekki útrýmt með neinum þeim ráðum, sem við kunnum enn, — og hvaða ástæða er þá til þess að banna mink í búrum? Mér finnst þetta eðlilegt sjónarmið. Og sem betur fer, hefur okkur tekizt á síðustu árum, eftir að verðlaun fyrir veiddan mink voru hækkuð og eftir að tekið var að nota minkahunda, að halda villiminknum allvel í skefjum. Við, sem búum úti í sveitunum og sjáum þess gleðilegan vott, að fuglalíf glæðist á ný, þar sem það var áður nær horfið vegna minkaplágunnar, vitum, að þessu er þannig farið.

Ég vil einnig í þessu sambandi skýra frá því samkvæmt þeim upplýsingum, sem veiðistjórinn lét n. í té, að kostnaður við minkaeyðingu hefur verið á undanförnum árum um 900 þús. kr. á hverju ári, og þar af hefur ríkissjóður greitt ⅔ hluta eða um 600 þús. kr. Á eyðingu villiminksins má að sjálfsögðu ekki slaka, enda þótt hún kosti mikið fé, en ef til vill er ekki óhugsandi, ef vel tekst til um minkaeldið, að það geti að einhverju leyti a. m. k. borið uppi þann kostnað, sem eyðing villiminksins hefur í för með sér.

Um minkaeldið sem framleiðslugrein er í raun inni ekki mitt að ræða. Á því hef ég að sjálfsögðu mjög takmarkaða þekkingu. En ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á skýrslu þá, sem fylgir nál. okkar, skýrslu Árna G. Eylands um minkaeldi í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Noregi og í Svíþjóð. Þar er okkur sagt, eins og við raunar vissum áður, að í öllum þessum þremur löndum er þetta mikilsverð atvinnugrein, — atvinnugrein, sem gefur af sér miklar tekjur og það tekjur í dýrmætum gjaldeyri. Hver um sig flutti þessi þjóð út minkaskinn á árinu 1959 — og raunar hafa þær gert það á undanförnum árum — fyrir upphæðir, sem nema mörgum hundruðum milljóna króna í okkar gjaldeyri. Að þessar þjóðir hafa náð svo glæsilegum árangri í þessum atvinnuvegi, virðist mér af skýrslu Árna G. Eylands vera fyrst og fremst því að þakka, að unnið hefur verið að minkaræktinni með samstilltum samtökum og skipulagi og þar hefur ekkert handahóf verið látið ráða, heldur þekking og kunnátta. Í skýrslu Árna G. Eylands segir m. a. frá því, að einmitt nú sé verið að vinna að því að efla minkaræktina í Norður-Noregi, og þar sem mér sýnist, ef til minkaræktunar kemur hér, að þá geti það orðið lærdómsríkt fyrir okkur að fylgjast með því, hvernig frændur okkar, Norðmenn, vinna að þessum málum þar heima hjá sér, þá vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. þm. enn nánar á þessu með því að lesa upp — með leyfi hæstv. forseta — nokkrar málsgreinar úr skýrslu Árna G. Eylands, en þar segir svo, þar sem ræðir um þessi mál í Norður-Noregi:

„Nefnd manna hefur verið skipuð þar á norðurslóðum til þess að leggja á ráðin um, hvernig sé hægt að efna til og skipuleggja minkarækt með góðum árangri. Það, sem talið er að hái minkarækt í nyrztu fylkjum Noregs mest, er vöntun á samvinnu um öflun og nýtingu fóðurs. Er mjög athyglisvert það, sem sagt er um þá hluti. Stór minkabú, þar sem eru í eldi yfir þúsund dýr eða meira, geta við réttar aðstæður staðið á eigin fótum við fóðurkaup og geymslu. Þau hafa ráð á því að hafa frystigeymslur og afla fóðurs með stórum tökum og tryggja þannig reglubundna og jafna fóðrun, sem er mjög áríðandi. Smærri minkabú, einstök, eiga oft við mikla erfiðleika að etja um fóðuröflun og geymslu. Betur hentar, að slík bú séu fleiri og nokkuð mörg á takmörkuðu svæði í sama byggð-

arlagi og hafi með sér full samtök um fóðuröflun og frystigeymslu eða hafi sameiginlegt samband við frystihús. Þannig telja þeir, er að þessum málum vinna í Norður-Noregi, mjög áríðandi, að ekki sé látið skeika að sköpuðu með það, hvar og hvernig efnt er til minkaeldis. Hér þarf samtök og skipulag til þess að tryggja örugga og góða framleiðslu án óþarfa kostnaðar.

Annað atriði, sem mikið er rætt, er þekking og kunnátta. Norðlendingar eða réttara sagt forráðamenn þeirra í þessum málum gera sér ljóst, að án kunnáttu, mikillar kunnáttu og starfsþekkingar, er voði að efna til minkaeldis í verulegum mæli. Minkaeldið krefst nákvæmni og þekkingar, þar má ekkert reka á reiðanum. Í þessu sambandi er þess að geta, að mjög er um það rætt að efna til loðdýraeldis með kennslusniði við bændaskóla Finnmerkur í Tana, til þess að þar sé hægt að efna til námskeiða og halda uppi kennslu í öllu, er varðar þessa atvinnugrein.

Ef allt fer að líkum, mun minkaeldi sem atvinnuvegur þróast þannig í beinu og óbeinu sambandi við fiskveiðar og fiskiðju í Norður-Noregi á næstu árum, að annars vegar rísa upp stór minkabú í beinu sambandi við fiskiðjuna og í nágrenni fiskiðjuveranna og hins vegar smærri minkabú, víðast nokkuð í hverfum, nálægt fiskiþorpum og fiskiðjuverum, hafandi með sér félagssamtök um fóðurkaup og öflun. Kemur þar jafnvel til „félagsleg matargerð“ fyrir minkabúin, eins konar minkaeldhús. Slíkur háttur hefur verið tekinn upp á nokkrum stöðum í Noregi, þar sem þéttbýlt er að minkabúum, og þykir gefast vel.

Mér virðist ljóst vera, að um tvennt megum vér á Íslandi líta til þess sama og gert er í Norður-Noregi varðandi væntanlega minkarækt: að staðsetja búin skynsamlega með tilliti til fóðuröflunar og gera oss það fullljóst, að það þarf kunnáttu til þess að fást við minkaeldi. Hennar þarf að afla þegar í upphafi. Það getur orðið dýrt að læra eingöngu af eigin reynslu.“

Þetta var úr þessari skýrslu Árna G. Eylands, sem ég raunar þurfti ekki að vera að lesa upp, því að hún er prentuð hér sem fylgiskjal, en mér sýnist hún vera eftirtektarvert innlegg í þessu máli. Og það er augljóst af þessu, sem hér segir, að Norðmenn leggja áherzlu á þetta: Búin þurfa að vera stór. Með því geta þau verið sjálfum sér nóg um fóðuröflun og frystigeymslur. Ef um minni bú er að ræða, þá verða þau að vera staðsett á takmörkuðu svæði, til þess að þau geti haft samtök sín á milli um fóðurkaup og frystigeymslur, verkun skinnanna og fleira, sem þessu við kemur. Og Norðmenn leggja höfuðáherzlu á, að því er minkaræktunina snertir, að það þurfi að viðhafa samtök og skipulag og þekkingu. Ég tel því mjög athugandi þá hugmynd, sem fram kemur einmitt í skýrslu Árna G. Eylands, að komið verið upp litlu minkabúi, einhvers konar kennslubúi, við bændaskólana, t. d. á Hvanneyri, þar sem kennd verði meðferð dýranna og annað það, er þessum atvinnuvegi við kemur. Við Íslendingar eigum í landi okkar mikið af góðu minkafóðri, sem er fiskúrgangurinn frá hraðfrystihúsunum og innmaturinn, sem fellur til í sláturhúsunum. Að þessu leyti stöndum við vel að vígi að taka upp minkarækt aftur hér á landi sem atvinnuveg. En okkur skortir ýmislegt annað, sem ég hef nú þegar bent á, — annað, sem verður að vera fyrir hendi, ef þessi framleiðslugrein verður aftur upp tekin. Því er það, að við nm. í landbn. teljum ekki tímabært að samþykkja þetta frv., og við væntum þess, að hv. þd. geti fallizt á það sjónarmið okkar, að réttast sé að vísa því til hæstv. ríkisstj. til frekari undirbúnings. Ég vil svo geta þess að lokum, að landbn. hefur aflað sér ýmissa gagna um þessi mál frá hinum Norðurlöndunum, t. d. laga og reglugerða og ýmislegs annars, og ætti það að greiða fyrir því, að þessi athugun geti farið fram sem fyrst.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er sammála hv. frsm. landbn. um það, að ekki sé tímabært að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á lögunum um loðdýrarækt. Og ég get einnig verið því samþykkur eftir atvikum, að málinu verði vísað til ríkisstj., og greitt atkvæði með því. En ég vil taka það fram a. m. k. fyrir mitt leyti, og geri ég raunar ráð fyrir, að það liggi í augum uppi, að í atkvgr. um það að vísa þessu máli til ríkisstj. felst engin atkvgr. um hugleiðingar hv. landbn. í nál. á þskj. 355 og engin afstaða til þeirra hugleiðinga, sem þar koma fram.

Það er nú ekki mjög langt síðan mjög var rætt um minkarækt hér í hinu háa Alþ., og ég býst við, að ýmsum, sem hér eiga nú sæti, séu þær umr. í fersku minni, sem þá fóru fram. Niðurstaða þeirra umr. varð sú, að minkarækt hér á landi var bönnuð með lögum og hefur verið síðan. Og það þarf ekki að rekja þær ástæður, sem færðar voru fyrir þessu lagaboði. Það var svo mikið rætt og ritað um minkinn hér á landi á þeim tíma, að það þarf ekki að skýra þær ástæður. Nú er hins vegar komið það viðhorf hjá ýmsum hér í landinu, að rétt sé að aflétta þessu banni á minkarækt og minkainnflutningi, og svo er komið, að frv. um það efni liggur nú hér fyrir í þessari hv. deild, og mundi ýmsum hafa þótt saga til næsta bæjar á þeim tíma, þegar verið var að samþykkja hér bannið gegn minkarækt. Ég geri ráð fyrir því og þykist skilja, að ástæðan til þess, að slíkum tillögum er nú hreyft, sé verðfallið, sem orðið hefur á fiskmjöli og er mjög tilfinnanlegt fyrir sjávarútveginn, eins og sakir standa, og svo sögur, sem mönnum hafa verið sagðar frá öðrum löndum um mikla hagnaðarvon af þessum búpeningi, eins og nú er farið að kalla minkinn í ræðu og riti. Og það er ekki nema eðlilegt, þegar slík áföll koma fyrir, eins og verðfallið á fiskmjöli, að þá leiti menn úrræða.

Að svo komnu máli ætla ég ekki að fara langt út í þetta mál, enda ekki ástæða til þess, þar sem hér liggur fyrir sú till. frá nefndinni, sem ég nefndi áðan. En mig langar til þess, áður en þessari umr. lýkur, að spyrja hv. frsm. landbn. örfárra spurninga til upplýsingar þessu vandamáli. Ég vil þó, áður en ég geri það, geta þess, að ég tók svo eftir hjá hv. frsm., að frv. hafi verið sent Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar og að Búnaðarfélag Íslands hefði farið þess á

leit, að umsögn þess mætti dragast, þangað til það hefði getað ráðgazt við búnaðarþing, sem á að koma saman nú í febrúarmánuði. Ég vona, að ég hafi skilið þetta rétt, að frsm. segði svo frá. Ég verð að segja það, að ef ég hef skilið þetta rétt, og sérstaklega þar sem um hv. landbn. er að ræða, þá þykir mér það bera vott um nokkra óþolinmæði hjá nefndinni, að hún skyldi ekki doka við þennan tíma, sem ekki er mjög langur, þangað til búnaðarþing kemur saman, til þess að fá álit búnaðarþings á þessu máli, því að hingað til hefur verið litið á það sem landbúnaðarmál og virðist vera litið enn, fyrst og fremst, þar sem því var í þessari hv. deild vísað til landbn. Og ég vildi þá spyrja um það, hvernig á því standi, að nefndin skuli ekki hafa séð sér fært að bíða eftir áliti búnaðarþings, úr því að hún hafði í huga till. um afgreiðslu, sem ætti ekki að þurfa að taka langan tíma hér á Alþ.?

Í öðru lagi vildi ég spyrja um það, hvort leitað hafi verið umsagnar náttúrufræðinga um þetta mál. Ég held, að það hafi verið gert hér áður, þegar málið var á döfinni, a. m. k. hafa þeir látið þetta mál töluvert til sín taka, sem eðlilegt er, því að koma minksins hingað virðist hafa haft töluverð áhrif á það dýralíf, sem fyrir var í landinu og hefur verið. Ég vildi spyrja um þetta, hvort leitað hafi verið álits íslenzkra náttúrufræðinga og þá sérstaklega þeirra náttúrufræðinga, sem venjulega eru beðnir að segja álit sitt um slík mál.

Enn fremur vildi ég spyrja um það, hvort það sé álit veiðistjóra, sem nefndin virðist hafa haft viðræður við og fengið umsögn hjá, að ekki sé hægt að útrýma villiminknum úr landinu, — hvort hann hafi látið það álit í ljós við nefndina og hvaða rök hann hafi fært fyrir því, að það sé ekki hægt.

Ég sé, að þessu nál. fylgir ýtarleg grg. eða skýrsla frá íslenzkum manni búsettum í Noregi um minkarækt í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þetta er allýtarleg grg. og sagt þar frá mörgu. Þetta virðist vera mjög fróðlegt, og fylgja því talnatöflur, sem þessi höfundur virðist hafa tekið saman. Þarna sé ég upplýsingar um félagsskap minkaeigenda í þessum löndum, um útflutning og útflutningsverðmæti, um tölu þessa búpenings í löndunum o. s. frv. Það er tekið fram hér í nál. á 1 bls., að Svíar hafi árið 1959 flutt út minkaskinn fyrir 79 millj. sænskra króna, Danir fyrir 75,5 millj. d. kr. og Norðmenn fyrir 72,2 millj. n. kr., og nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að þetta séu háar upphæðir og sýni, eins og það er orðað í nál., að hér sé um að ræða gagnsama atvinnugrein fyrir þessar þjóðir. Síðan segir nefndin, að þessi atvinnugrein muni að vísu vera háð tízkufyrirbrigðum og verðsveiflum og geti af þeim sökum orðið áhættusöm, en sama megi segja um ýmsar aðrar atvinnugreinar og oft mundi litið aflast, ef á ekkert væri hætt.

Rétt er það, að útflutningsframleiðsla okkar Íslendinga er háð verðsveiflum, en ég held, að framleiðsla okkar, sem yfirleitt er matvælaframleiðsla, sé ekki sérstaklega háð tízkufyrirbrigðum. En þessi fyrirhugaða framleiðsla á skinnum er óneitanlega að flestra dómi háð tízkufyrirbrigðum. Og ég vildi spyrja nefndina um það, hvort hún eða þeir, sem hún hefur ráðgazt við, telji ekki, að það geti verið, að tízkan breytizt, og jafnvel þó að tízkan breytist ekki í sjálfu sér og minkaskinn verði góð og gild, hvort það kunni þá ekki að vera hætta á offramleiðslu á þessari vöru. Þeir virðast, frændur okkar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, leggja mikla alúð við þessa búgrein og fjölgun þessa búpenings. Þeir virðast nú orðið kunna gott lag á því, eftir því sem segir í álitsgerðinni, að framleiða góða vöru. Og þar af leiðandi hafa þeir áhuga á að fjölga þessum búpeningi sínum. En telja ekki þeir menn, sem hv. landbn. hefur rætt við, hættu á því, ef við Íslendingar bætumst nú í hópinn og þessar eldri loðdýraræktunarþjóðir halda áfram að fjölga sínum búpeningi, að þá verði um offramleiðslu að ræða á þessari tízkuvöru, jafnvel þó að ekki verði hætt að nota minkaskinn? Annars er mörgum það í fersku minni, hvernig farið hefur með íslenzk refaskinn. Ég man eftir því fyrir 40 árum, að þá var hægt að selja falleg skinn af móraúðum refum, villirefum, sem unnir voru á víðavangi, fyrir 3—4 hundruð krónur, ef ég man rétt, og af hvítum refum fyrir 100—150 kr. Þetta svarar til nokkuð hárrar upphæðar nú. En nú mun varla vera hægt að selja þessi skinn, alveg sams konar skinn, fyrir hærri upphæð í krónum en hægt var að selja þau fyrir í krónum fyrir 40 árum, þrátt fyrir breytingu á verðgildi krónunnar. Svona hefur farið um þetta tízkufyrirbrigði.

Þetta var það, sem mig langaði til að fá upplýsingar um, ef það er á valdi nefndarinnar að veita þær. En sé það ekki og telji nefndin ekki þörf á því nú, þegar málinu verður vísað til ríkisstj., að veita svör við slíkum spurningum, má skoða þetta sem ábendingar um atriði, sem ég tel a. m. k. að þörf sé á að íhuga gaumgæfilega, áður en farið verður að nema úr gildi þær ráðstafanir, sem gerðar voru fyrir nokkrum árum hér á hv. Alþ.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að fara að ræða þetta mál á almennum grundvelli eða almennt um efni þessa frv., heldur aðeins víkja örfáum orðum að afgreiðslu hv. landbn. á þessu máli.

Megintill. n. er um það, að frv. verði ekki samþ. að þessu sinni, heldur verði því vísað til ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti get verið samþykkur því. En það kemur fram í afgreiðslu n. og er tekið fram mjög skýrt, að n. leggur til, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. til þess, að hún undirbúi frv. um málið og leggi það fyrir Alþingi með tilliti til þess, að innflutningur minka og minkaeldi verði leyft hér á landi, eins og stendur í grg. Ég óttast það nokkuð líka vegna þess, hvernig orð féllu hér hjá frsm. landbn., að það kunni ef til vill að vera ætlun þeirra, sem mikinn áhuga hafa á að fá frv. lögfest, að slá því föstu, að hér hafi verið tekin afstaða á Alþingi um það, hvort menn vilji láta lögfesta efni frv. um að leyfa minkaeldi í landinu eða ekki, og að frv. hafi fengið þá afgreiðslu hér á Alþingi, að því hafi verið vísað til ríkisstj. með fyrirmælum um það, að ríkisstj. legði fyrir Alþingi frv. um að heimila minkaeldi,

og ættu þm. eftir að standa frammi fyrir því nokkru síðar, að þeir hafi sjálfir tekið afstöðu til þess á Alþingi að óska eftir því, að lög yrðu sett um það, að minkaeldi yrði leyft hér.

Ég vil fyrir mitt leyti taka það fram, að ég þykist vita, að það sé það mikill ágreiningur meðal alþingismanna enn eins og reyndar áður um það, hvort rétt sé að leyfa hér minkaeldi eða ekki, og ég tel með öllu óviðeigandi, að tekin sé efnisafstaða um slíkt mál sem þetta á þennan hátt, ef það er ætlun einhvers með því orðalagi, sem þarna kemur fram í ályktunarorðum hv. landbn.

Ég mun fyrir mitt leyti greiða atkv. með því að vísa þessu máli til ríkisstj., en vil undirstrika það um leið, að þar með hef ég ekki á nokkurn hátt tekið afstöðu til þess, hvort rétt sé að lögfesta minkaeldi eða ekki, og ég vil líta svo á, að samþykkt þess að vísa þessu máli til ríkisstj. feli ekki í sér neina yfirlýsingu frá Alþingi um afstöðu til efnis málsins. Það er mín skoðun á þessari atkvgr.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Mér fannst gæta nokkurs uggs í huga hv. 3. þm. Norðurl. e., ef leyfa ætti minkaeldi aftur hér á landi. Ég skil mætavel sjónarmið hv. þm., og ég álasa honum alls ekkert fyrir það, því að sannleikurinn var sá, að þessa sama uggs gætti mjög í landbn. Þess vegna er það, að við leggjum til, að farið sé með gát í þessu máli.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. bar fram 2—3 fyrirspurnir. Sú fyrsta var út af umsögn Búnaðarfélagsstjórnarinnar. Það var með þessa umsögn, eins og ég skýrði frá áðan, að Búnaðarfélagsstjórnin svaraði þannig, að hún óskaði eftir, að málið yrði lagt fyrir búnaðarþing, en sagði hins vegar ekkert um það, hvort hún væri með eða móti þessu frv. En eins og ég gat um áðan, þá sýnist mér opin leið fyrir búnaðarþing að fjalla um þetta mál, ef það fær þá afgreiðslu, sem nefndin leggur til. Vitaskuld getur búnaðarþingið tekið þetta mál til athugunar á næsta þingi og sagt þar um það sitt orð. Ég vil því álíta, að það hafi ekki verið um neina óþolinmæði að ræða hjá landbn. og enn síður ókurteisi við Búnaðarfélagsstjórn og búnaðarþing.

Þessi hv. þm. spurði um, hvort landbn. hefði sent málið til umsagnar náttúrufræðinga. Þetta gerðum við ekki. Það kom aðeins til tals í n., þá er við tókum málið fyrst til meðferðar og ræddum um, hverjum við ættum að senda það til umsagnar, en samkomulag varð um að senda málið þeim fjórum aðilum, sem ég skýrði frá áðan. Það var Sambandið, Sölumiðstöðin, Búnaðarfélagið og svo veiðistjórinn. Þá spurði hv. þm., hvert væri álit veiðistjóra um það, hvort hægt væri að útrýma þessu dýri úr landi okkar eða ekki. Það kemur ekkert fram um þetta í umsögn veiðistjórans. En mér er nær að halda og mig minnir fastlega, að það hafi komið fram í viðtali, sem ég átti við hann, að hann væri sömu skoðunar og ég um það, að minknum yrði ekki útrýmt úr landinu, meðan við þekktum engin önnur tæki til þess en við þekkjum nú. En eins og ég sagði, þá er nú svo málum komið, að við getum haldið minknum allvel í skefjum. Það sé ég glögglega, þegar ég lít heim til míns héraðs. Fuglalíf var nær þorrið af eylendi Skagafjarðar fyrir 3—4 árum, en eftir að menn fóru að veiða minkinn með hundum og eftir að verðlaun voru hækkuð, þá hefur svo brugðið við, að minkurinn er mikið til horfinn úr þessu héraði og fuglalíf orðið mikið í Skagafirði, og ég vænti þess, að sama verði reynslan víðast í landinu. Að vísu mun vera mjög miklu hægara að veiða þessi dýr í Skagafirði en í hraunlendum, eins og t. d. í Mývatnssveit og hér á Reykjanesskaga. En það er eins og ég sagði áðan, ég fæ ekki skilið það, úr því að við höfum þennan djöful að draga, hvers vegna við þurfum þá endilega að vera að banna að ala mink í búrum.

Það var eitthvað fleira, sem hv. þm. minntist á. Já, hann minntist á offramleiðsluna. Vitaskuld getur orðið offramleiðsla í þessari atvinnugrein eins og í svo mörgum öðrum atvinnugreinum. Þess er skemmst að minnast, að offramleiðsla á vörutegund hefur mjög komið við okkur Íslendinga. Þar á ég við fiskmjölið. Þannig getur þetta vitaskuld orðið í ótalmörgum framleiðslugreinum, að við eigum við að glíma offramleiðslu. Ég vil leyfa mér út af þessum orðum hv. þm. að benda honum á orð á 5. bls. í skýrslu Árna G. Eylands, þar sem hann einmitt minnist á offramleiðsluna. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði samkeppni og framleiðsla svo mikil, að verð lækki, verður það tvennt, sem mestu ræður um afkomu loðdýraræktarinnar í hinum ýmsu löndum. Annað er fóðrið, hvaða lönd standa bezt að vígi með gnótt af góðu og ódýru fóðri. Á því sviði ætti hlutur íslenzkra loðdýraræktarmanna að geta verið flestum betri. Hitt atriðið er þekking og kunnátta."

Hér er okkur bent á, að ef til þessarar atvinnugreinar kemur í þessu landi, þá stöndum við alveg sérstaklega vel að vígi með annað höfuðatriðið, hvað snertir einmitt offramleiðsluna, en það er það, hvað við eigum mikið af ódýru og góðu fóðri. Hitt er svo annað, sem við þurfum að afla okkur, og einmitt af þeim sökum er afgreiðsla hjá okkur í landbn. á málinu slík, — við þurfum að afla okkur þekkingar og kunnáttu.

Hv. þm. minntist eitthvað á tízkuna. Vitaskuld vitum við það eins vel og hann, að tízkan breytist. Hún er alltaf að breytast. Við það fáum við aldrei ráðið. En mín hyggja er sú, að a. m. k. í okkar norðlæga heimi og það í kringum allan hnöttinn verði grávara ætíð mikið notuð og í miklu verði.

Ég var hálfhissa á orðum hv. 4. þm. Austf. Það, sem nefndin leggur til, er, að ríkisstj. láti undirbúa frv. og leggja fyrir næsta þing. Það frv. kemur vitaskuld fyrir þingið, og þá greiða menn um það atkv. Mér virðist, að ef ætti að fara eftir skoðun hans, þá þyrfti ekkert að leggja það frv. fyrir þingið, ef þessi till. okkar yrði nú samþ. En vitaskuld verður það frv. lagt fyrir þingið, og þá hafa auðvitað þm. alveg óbundnar hendur, hvort þeir samþykkja það frv. eða ekki.

Skúli Guðmundsson: Hæstv. forseti. Af því nál., sem hér liggur fyrir á þskj. 355, virðist mér al-

veg ljóst, að þeir, sem sæti eiga í hv. landbn. nú, séu ekki í neinum vafa í þessu máli. Það kemur ótvírætt fram í niðurlagsorðum þeirra í nál., að þeir telja það alveg sjálfsagt, að hér verði stofnað til minkaeldis, svo fljótt sem unnt er. Þeir tala um, að það megi ekki hraða málinu svo, að ekki gefist tóm til þess að undirbúa innflutninginn og framkvæmd minkaræktarinnar svo vandlega sem kostur er á og af þeirri kunnáttu, sem til þarf. Það er aðeins þetta, sem stendur á. Þeir telja ekki hægt að samþykkja frv. á þessu þingi, vegna þess að enn skortir þennan undirbúning. En þeir eru ekki í nokkrum minnsta vafa um það, ef maður virðir fyrir sér orðanna hljóðan, að þetta sé það, sem koma skuli, að leyfa innflutning á minkum og taka hér upp minkaeldi. Þeir leggja til, að frv. sé vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún láti endurskoða lög um loðdýrarækt, svo og lög um innflutning búfjár, og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga um þetta efni með tilliti til þess, að innflutningur minka og minkaeldi verði leyft hér á landi. Það er glöggt, hvað þessir menn vilja. Ég er ekkert að ásaka þá fyrir það, þótt þeir láti sitt álit og sína skoðun koma fram hreinlega á málinu. Það er virðingarvert. En ég lít svo á, að það sé ekki hægt fyrir aðra að greiða atkv. með þessari till. n. en þá, sem eru jafnsannfærðir og nm. um það, að það eigi að taka upp minkarækt hér á landi. Það er ekki hægt fyrir aðra en þá að greiða atkv. með því að leggja fyrir ríkisstj. að undirbúa frv. um minkaeldi.

Hv. frsm. sagði, að það hefði gætt uggs hjá n. og hún hefði viljað fara gætilega. En uggurinn hefur þó ekki verið meiri en þetta, að þeir eru reiðubúnir til að slá því föstu nú þegar, að þetta skuli gert, að hefja hér minkaeldi.

Nú kom það fram í ræðu hv. frsm., hv. 2. þm. Norðurl. v., að einn af þeim aðilum, sem nefndin hefði leitað eftir umsögn hjá um málið, væri Búnaðarfélag Íslands. Þetta sést að vísu ekki í þeirra nál., — ég held, að þeir láti þess ekki getið þar, — en hv. frsm. segir, að Búnaðarfélagsstjórnin hafi lagt áherzlu á það, að búnaðarþing fengi að fjalla um málið, áður en ákvörðun væri tekin. Og mér skildist á hv. frsm., að hann teldi eðlilegt, að búnaðarþing fengi málið til athugunar. En er þá ekki óviðfelldið af Alþingi að samþykkja það, örfáum dögum áður en búnaðarþing kemur saman, að ríkisstj. skuli undirbúa fyrir næsta Alþingi frv., sem feli það í sér að leyfa hér minkainnflutning og minkaeldi? Ég tel, að það væri eðlilegra, ef menn annars meina það, að þeir vilji, að búnaðarþing fjalli um málið, og ætla að líta eitthvað á það, sem kann að koma fram á búnaðarþingi, að það væri ekki, áður en þeirra álit liggur fyrir, tekin hér raunveruleg ákvörðun um, að það skuli stefna að því eða a. m. k. undirbúa það, að lög verði sett á næsta þingi um innflutning minka og minkaeldi.

Ég hefði vel getað fallizt á það að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj., en aðeins með því móti, að óskað væri eftir, að ríkisstj. léti athuga málið nánar, án þess að segja nokkuð um það, hvaða stefnu hún skyldi taka í málinu. Það finnst mér ekkert óeðlilegt, og þá gæti hæstv. stjórn m. a. fengið umsögn búnaðarþings og fleiri aðila, ef henni sýndist. Ég vildi því skjóta því til hv. frsm. landbn. og n., hvort hún vildi nú ekki taka málið til nánari athugunar, hvort hún gæti t. d. ekki hugsað sér að breyta þessu á þann veg að leggja til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem fæli aðeins í sér það að óska eftir, að ríkisstj. léti athuga málið og m. a. leitaði um það umsagnar búnaðarþings, en því væri á engan hátt slegið föstu, hvaða stefnu ríkisstj. ætti að taka í málinu, eins og óneitanlega er gert í nál. hv. n. Ég vildi beina því til hv. frsm., hvort hann gæti ekki á það fallizt, að n. tæki þetta til nánari athugunar einmitt á þessum grundvelli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Landbn. hefur nú skilað sameiginlegu áliti um það frv., sem flutt var hér í byrjun þings um að nema úr lögum bann við minkaeldi. Landbn. hefur viljað afla sér upplýsinga um þetta mál, eftir því sem hún hefur getað, og Árni Eylands, sem var falið af landbrn. að kynna sér minkarækt á Norðurlöndum, hefur sent hér allmikla greinargerð, sem vissulega er mikill fróðleikur í.

Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni, sem talaði hér áðan, að það er eðlilegt, að búnaðarþing fái að segja sitt álit á þessu máli, og það ætlast hv. landbn. líka til með þessari afgreiðslu. Ég er sannfærður um það, að búnaðarþing vill láta fara fram athugun á þessu máli til hlítar, án þess að hafa nú gert sér fulla grein fyrir því, á meðan ekki liggja fyllri upplýsingar fyrir, hvort sjálfsagt er að taka minkaeldi upp hér á landi. Og mér dettur ekki í hug að halda, að nokkur hv. þm. vilji ekki, að þetta mál sé rannsakað til hlítar. Ég trúi því ekki, að nokkur hv. þm. sé fyrir fram ákveðinn í því að vera á móti þessu máli, hvaða rök sem fram kynnu að koma við athugun málsins, sem mæla með því.

Ég get sagt fyrir mitt leyti, að mér finnst það dálítið freistandi, þegar maður sér þessar háu tölur, sem Danir, Norðmenn og Svíar fá fyrir útflutt minkaskinn, fyrir okkur Íslendinga að taka þennan atvinnuveg upp. Hins vegar er ljóst, að það ber að fara að öllu með gát hvað þetta snertir, og ég tel, að þeir, sem vilja fara með fyllstu varúð í þessu máli, geti með góðri samvizku verið samþykkir þeirri afgreiðslu, sem hv. landbn. leggur til, því að það, sem hv. landbn. leggur til, er það, að ríkisstj. láti endurskoða tvenn lög varðandi þetta mál og afli sér allra þeirra gagna og upplýsinga, sem nauðsynleg eru til þess að geta myndað sér rétta skoðun á málinu. Og hv. landbn. leggur til, að að þessari athugun lokinni verði lagt fram frv. á Alþingi. En það er vitanlega undir því frv. komið og þeim upplýsingum, sem því fylgja, hver afstaða hv. þm. verður til málsins. Það er þess vegna hreinn misskilningur, ef einhver hv. þm. heldur því fram, að hann væri bundinn í málinu með því að greiða atkvæði með hv. landbn. Vissulega ekki. Afstaða hv. þm. til málsins á næsta Alþingi, þegar frv. verður lagt fram með fyllri upplýsingum en nú eru fyrir hendi, hlýtur að markast ekki aðeins af því, hvernig frv. er, heldur og miklu fremur af þeim gögnum, sem frv. fylgja,

og því, hvort hv. þm. telja, að mögulegt sé að búa þannig um hnútana, að minkaeldi hér á landi verði ekki í annað sinn bölvaldur í landinu.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að við erum komnir nokkuð áleiðis í því að útrýma villiminknum. Það hefur verið sótt á í því efni. Villiminknum hefur fækkað. En það má ekki slaka á þeirri sókn, og það má ekki taka upp minkaeldi hér í landi til þess, að minkunum verði aftur hleypt út úr búrunum. En það er villiminkur í Noregi, og það er villiminkur í Svíþjóð og ég hygg líka í Danmörku. En þessir frændur okkar, sem eru duglegir á mörgum sviðum að færa sér í nyt þau gæði, sem boðið er upp á, hafa ekki látið sér detta í hug að hætta við minkaeldi, þrátt fyrir það þótt villiminkur sé í landinu. En þeir hafa lært af reynslunni og búið þannig um hnútana, að það mun vera einsdæmi, að minkur hafi sloppið út hin síðari ár hjá þeim, eftir að hert var á eftirliti og öðru slíku.

Spurningin er, hvort við Íslendingar getum lært af þeirri reynslu, sem fengin er í þessu efni og hvort okkur er trúandi til þess að fara með þeirri gætni og varúð, sem aðrir hafa fært sér í nyt. Ég lít svo á, að ef afgreiðsla hv. landbn. verður samþ., þá beri ríkisstj. að láta fara fram enn víðtækari athugun á þessu máli og að semja frv., sem lagt verði helzt fyrir næsta Alþingi, í þessu efni, og að því frv. fylgi glögg grg. og rökstudd athugun á þessum málum, svo að það verði enn ljósara þá en nú og hægara fyrir hv. alþm. að gera sér glögga grein fyrir því, hvort rétt sé að gera tilraun með að hefja þessa atvinnugrein hér að nýju. Ég lít ekki svo á, þótt hv. þm. greiði atkv. með þessu nál. hér, að þeir séu bundnir við að fylgja því frv., sem kynni að verða lagt fram á næsta þingi. Afstaða þingmanna hlýtur á næsta þingi og við nýtt frv. að markast af því, hvað hefur upplýstst í málinu. — Hvað hefur upplýstst í málinu? Hafa verið fengnar upplýsingar málinu til styrktar? Eða hafa nýjar upplýsingar leitt til þess að minnka trú manna á þessu?

Ég vil ekki að svo stöddu fullyrða neitt í þessu efni. En þegar ég les þá töflu, sem fylgir grg. Árna Eylands, þá vil ég segja: Það er talsverð freisting að taka þennan atvinnuveg upp hér, ef nákvæm athugun leiðir ekki í ljós, að það muni vera áhættusamt fyrir okkur með tilliti til allra aðstæðna hér.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir það nál, sem hún hefur lagt hér fram á þskj. 355. Mér finnst nál. vera ýtarlegt, og ég tel, að hv. landbn. hafi tekið rétta stefnu að sýna mikla varúð, að minkaeldi verði ekki leyft, nema gerðar séu öruggar ráðstafanir í sambandi við vörzlu dýranna.

Hv. alþm., sem hér hafa talað gegn samþykkt nál. af ótta við það, að þeir bindi þar með afstöðu sína til frv., sem væntanlega verður lagt fyrir hið háa Alþingi á næsta þingi, — ég tel þau andmæli byggð á röngum forsendum. Þegar þess er gætt, að nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, Danir, Svíar og Norðmenn, flytja út minkaskinn fyrir 1300 millj. íslenzkra króna á árinu 1959, og þegar við höfum það í huga, að minkabúaeigendur í þessum löndum verða að flytja svo og svo mikið af fóðri til sinna búa frá öðrum löndum, þá má það einstakt heita, að það skuli koma andmæli hér á landi gegn því, að minkaeldi verði leyft. Ég er kunnugur því, að héðan frá Íslandi eru fluttir út tugir þúsunda tonna af fiskúrgangi til Norðurlanda sem minkafóður. Ég er einnig kunnugur því, að minkabúaeigendur á Norðurlöndum eru fúsir til þess að leggja fram stórfé í minkabú hér á landi, af því að þeir telja, að aðstaða hér sé svo miklu betri en hjá þeim, bæði hvað snertir öflun fóðurs og að tíðarfar hér á landi sé hagstæðara fyrir feld dýranna en í Danmörku sérstaklega og Suður-Svíþjóð.

Þrátt fyrir þessa góðu aðstöðu finnast þó menn hér á hinu háa Alþingi, sem telja alveg fráleitt, að minkaeldi sé leyft. Ég veit, að það er enginn hv. þm., sem vill meiða Búnaðarfélag Íslands eða búnaðarþing. En það undrar mig, að það hefur komið hér fram í umr. gagnrýni á því, að hv. landbn. hafi ekki beðið eftir umsögn búnaðarþings. En á meðan ekki er lengra farið en raun er á, þá tel ég engu þar um spillt, og ég er þess fullviss, að búnaðarþing, sem kemur senn saman, mun fá tækifæri til að segja álit sitt um þetta frv., sem hér liggur fyrir til meðferðar og væntanlega fær afgreiðslu samkv. nál. því, sem hér liggur fyrir.

Ég vil þó sérstaklega benda á það, að hv. landbn. hefur sent frv. til umsagnar Sambandi ísl. samvinnufélaga og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og báðir aðilar hafa mælt með, að minkaeldi yrði leyft hér á landi. Ég verð að segja, að ég tel, með allri virðingu fyrir Búnaðarfélagi Íslands, þá komi þetta í raun og veru enn þá meira til kasta Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem hafa mjög ríkra hagsmuna að gæta í sambandi við það, hvort minkaeldi verði leyft hér á landi eða ekki.

Einn hv. þm. ræddi um það, að það gæti orðið hætta á því, að það yrði offramleiðsla á minkaskinnum. Ég hef töluverða þekkingu á þessum málum, þ. e. a. s. ég hef mikið verið viðriðinn bæði minkaeldi og refaeldi hér á landi, og það er óhætt að fullyrða, að síðustu þrjátíu árin hafa engin loðskinn haldið jafnvel velli í harðri samkeppni eins og minkaskinn. Við vitum það, að silfurrefaskinn, blá- og hvítrefaskinn hafa fallið mjög á heimsmarkaðinum á undanförnum árum. En þrátt fyrir stórkostlega aukningu í framleiðslu minkaskinna hafa minkaskinn farið hækkandi ár frá ári, þar til nú á uppboðinu, sem var í desember og janúar, þá heyri ég, að þau muni hafa fallið um allt að 10%, sem er mjög lítið verðfall, þegar þess er gætt, hvað þessi skinn eru í óeðlilega háu verði, eins og kemur fram í skýrslu Árna G. Eylands, sem hv. landbn. hefur látið prenta með nál.

Ég endurtek þakklæti mitt til hv. landbn. fyrir nál., og ég vona, að hv. Alþingi beri gæfu til þess að samþykkja till. nefndarinnar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki ræða neitt hér um það, sem er stórt deilumál

sjálfsagt almennt um landið, eins og það er deilumál hér á Alþingi, hvort skuli leyfa minkaeldi eða ekki. En ég kvaddi mér hljóðs til þess að segja örfá orð um afgreiðslu málsins.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að það gætu ekki greitt atkv. með þessari till. aðrir en þeir, sem væru með því að leyfa minkaeldi. Þessu vil ég mótmæla. Þegar lagt er til að vísu einu máli til ríkisstj., þá er greitt atkv. um það og það eitt, og það er alveg hárrétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, að þó að menn samþykki það að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, þá greiða þeir ekki atkv. um hugleiðingar landbn. N. ber ábyrgð á þeim. En ef við vísum máli til ríkisstj., þá greiðum við atkv. um það og það eitt. Og ég segi fyrir mig, að ég tel mig, þó að ég geti greitt atkv. með þessari till. að vísa málinu til ríkisstj., algerlega óbundinn af því, hvort ég er með þeim hugleiðingum, sem hv. landbn leggur fram í sínu nál.

Nú er það svo, að samhljóða frv. og þetta lá fyrir síðasta þingi og það lá fyrir landbn. þessarar hv. d., sem ég var þá í, og við fengum það eftir að búnaðarþing hafði setið. Við vorum búnir að fá tvær umsagnir aðsendar um þetta frv.: Aðra frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem mælti ákveðið með þessu og taldi það mikils virði til þess að fá markað fyrir vöru. Hin var frá stjórn Búnaðarfélags Íslands, og það voru harðvítug mótmæli, eindregin. Ég tel því, að hvaða skoðun sem hv. dm. hafa á því, hvað eigi að gera í þessu máli og hvað þurfi að koma fram, þá getum við allir sameinazt um það að greiða atkv. með því að vísa því til ríkisstj., því að með því erum við allir alveg óbundnir af því, hvernig með málið verður farið framvegis. Það veltur á því, eins og hæstv. landbrh. tók fram, hvaða upplýsingar koma fram, o. s. frv. Annars er reynslan hér á þingi og reynslan í landinu þannig, að hún er engan veginn hvetjandi til þess að innleiða þetta dýr hér í stærri stíl en enn er orðið.

Ágúst Þorvaldsson: Hæstv. forseti. Eins og þingmönnum mun vera kunnugt, var þetta mál hér einnig til meðferðar á Alþingi í fyrra. Þá var borið fram frv. hér á Alþ. um að stofna til minkaeldis í landinu. Landbn. þessarar hv. d. fékk það frv. þá til meðferðar, en málið dagaði uppi á Alþingi, og nál. minnir mig að væri ekki gefið út. Nú kom málið fyrir aftur, og þar sem hér er um í raun og veru stórt mál að ræða, þá taldi ég ekki og ég held enginn af nm. í landbn. sæmandi að láta málið ekki fá afgreiðslu, því að hvort sem við erum andstæðingar minksins eða við erum það ekki, þá verðum við að viðurkenna, að það er staðreynd, sem fyrir liggur, að aðrar þjóðir, sérstaklega frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, hafa geysimiklar tekjur af eldi þessa dýrs. Og þar sem við Íslendingar vorum í fornöld allmiklir grávöruframleiðendur, á meðan veiðiskapur var stundaður hér, og útflytjendur þeirrar vöru þá, þá verð ég að segja fyrir mitt leyti, að mér finnst það ekki óeðlilegt, þó að ýmsir Íslendingar nú á dögum hinna miklu framkvæmda og framfara hugsi sér gott til glóðarinnar að gerast grávöruútflytjendur að nýju. Mér þykir þess vegna alleinkennileg sú afstaða, sem hefur komið hér fram hjá vissum hv. þingmönnum um það, að þeir vilji ekki einu sinni leyfa, að málið sé athugað, að ríkisstj. sé falið að afla allra þeirra gagna, sem hugsazt geta um þetta mál, og að hún undirbúi og leggi fram frv., þar sem gert sé ráð fyrir innflutningi eða eldi þessa dýrs í landinu.

Ég segi fyrir mig, að þegar ég skrifaði undir þetta nál., þá gerði ég það af því, að ég vil fá úr þessu skorið, hvort það sé hugsanlegur möguleiki á því, að við getum stofnað til minkaeldis í landinu án þess að skaða okkur á öðrum sviðum umfram það, sem við megum við gera, og það er engin afstaða frá mér um það með undirskrift minni undir þetta nál., hvort ég er með minkainnflutningi og minkaeldi eða ég er mótfallinn því. Það kemur í ljós á sínum tíma, ef ég á sæti hér á Alþingi, þegar frumvarp um slíkt efni væri komið fram, — frv., sem væri samið að undangenginni vísindalegri og nákvæmri athugun á málinu. Ég tel það ekki sæmandi af okkur Íslendingum að láta ekki slíka athugun fara fram. Og í trausti þess, að það verði gert, hef ég undirritað þetta nál. með meðnm. mínum í landbn.

Það getur vel verið, að það megi toga og teygja orðalag í þessu nál. sitt á hvað. Það er svo um flest málefni, að við getum togazt á um orðalag óendanlega, og ég get vel viðurkennt, að það megi einnig gera það í þessu nál. En ég álít, að það eigi ekki að vera því til fyrirstöðu, að álitið sé samþykkt og málinu vísað til ríkisstj. á þeim grundvelli, sem hér er lagt til. Ég álít, að allir þm., sem það samþykkja, séu eftir sem áður algerlega óbundnir um afstöðu til þess, hvort hér verði komið upp minkaeldi ellegar ekki.

Þetta vildi ég segja í sambandi við málið, en ætla ekki að lengja umr. um það að öðru leyti.

Skúli Guðmundsson: Ég get ekki stillt mig um að segja hér örfá orð út af því, sem fram hefur komið í ræðum manna.

Hæstv. landbrh. sagði nokkur orð um frv. Hann sagði, að það væri till. landbn. að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til að athuga það vandlega og semja frv. — Það er ekkert um það í áliti landbn., að það sé óskað eftir því, að ríkisstj. athugi málið, hvorki vandlega né á annan hátt. Það er bara lagt til í nál., að henni sé falið, það sé lagt fyrir hana að semja frv. í ákveðna stefnu og leggja það fyrir þingið. Nú heyrði ég það á hæstv. ráðh., að hann vill láta athuga málið nánar, og ég skil það vel. En þykir honum þá betra að fá hér samþykkta ályktun um að vísa málinu til stjórnarinnar, þar sem honum sé sagt fyrir fram, hvernig frv. hann eigi að semja, hvað sem athuganir hans leiða í ljós? Ég er dálítið hissa á þessu.

Hv. 2. þm. Vesturl. hefur mikla trú á minkarækt og vill, að hér verði tekið upp minkaeldi. Það er hans skoðun á málinu, að þetta muni verða til farsældar. En hann sagði, að það væri furðulegt, að andmæli skuli koma fram, og furðulegt að heyra menn hér á Alþingi telja það fráleitt að hefja minkaeldi. Hvaða andmæli hafa

komið fram gegn málinu? Ég hef ekki heyrt þau. Ég hef hlýtt á þessar umr. hér í dag, og ég hef ekki heyrt, að neinn héldi því fram, að það væri fráleitt að hefja minkaeldi. Það hefur verið talað um, að það væri ástæða til að athuga málið nánar, áður en ákvörðun væri um það tekin. Og það er allt annað en að mæla á móti því.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. segir, að hér greiði menn atkv. um það eitt að vísa málinu til ríkisstj. Þetta er ekki rétt hjá honum. Það eru fyrirmæli um það, sem fylgja frá landbn., hvað ríkisstj. eigi að gera án frekari athugunar. Sé þetta samþ., eins og það kemur frá hv. nefnd, þá er verið að segja ríkisstj., hvað hún eigi að gera. Hún á að útbúa frv. um innflutning og eldi minka, hvað sem aðrir kynnu um þetta að segja hér eftir, eins og til dæmis búnaðarþing.

Og svo kom síðast hv. 2. þm. Sunnl. og segir, að menn vilji ekki leyfa, að málið sé athugað. Hverjir eru það, sem hafa andmælt því, að málið væri athugað? Ekki hef ég gert það og ekki aðrir, svo að ég hafi heyrt. Við erum einmitt að tala um það, að málið eigi að fá nánari athugun, áður en Alþingi markar nokkra ákveðna stefnu í því.

Ég beindi þeirri fyrirspurn í fyrri ræðu minni til hv. frsm., sem mun vera formaður hv. landbn., hvort hann gæti ekki á það fallizt, til þess að samkomulag yrði um afgreiðslu málsins hér frá deildinni, að nefndin gerði till. um rökstudda dagskrá, sem væri alveg hlutlaus, þ. e. a. s., þar væri hæstv. ríkisstj. falið að láta fara fram nánari athugun á málinu, m. a. fá umsögn búnaðarþings, og í trausti þess, að þessi nánari athugun á málinu færi fram, væri því vísað til ríkisstj. Þetta finnst mér ósköp eðlileg afgreiðsla á málinu, og ég vil nú enn beina því til hv. formanns og frsm. nefndarinnar, hvort hann vilji ekki taka þetta til athugunar. Ef hins vegar hv. nefnd vill ekkert athuga þessa málsmeðferð, þá vil ég fara fram á það við hæstv. forseta, að umræðunni verði ekki slitið núna á þessum fundi, heldur málinu frestað, þannig að mönnum gæfist þá kostur á að athuga um það að flytja till. í málinu. Ég vænti þess, að hæstv. forseti geti orðið við þeim tilmælum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það gætir dálítils misskilnings hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., þar sem hann heldur því fram, að hv. landbn. fari ekki fram á það, að þetta mál verði frekar athugað. Ég hygg, að allir hv. þm. hafi þskj. fyrir framan sig, en ég vil eigi að síður — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér síðustu mgr. í nál. Þar segir:

„Þegar rætt er um að leyfa á ný innflutning minka og minkaeldi, leggur nefndin höfuðáherzlu á, að því máli verði ekki hraðað svo, að ekki gefist tóm til að undirbúa innflutninginn og framkvæmd minkaræktarinnar svo vandlega sem kostur er á og af þeirri kunnáttu, sem til þarf."

Hvað felst í þessu? Skyldi það ekki vera athugun? Skyldi það ekki vera rannsókn á því, hvað þarf að gera, til þess að það sé hættulaust fyrir þjóðina að taka upp aftur þennan atvinnuveg? Er hægt að skilja þetta öðruvísi? Ég veit, að hv. 1. þm. Norðurl. v. skilur það ekki öðruvísi. En hvers vegna þá, þótt hann hafi tekið þessa afstöðu í fyrstu ræðu sinni, að vera að berja hér í brestina? Ég get haldið áfram — með leyfi hæstv. forseta: „Mistökin þarf að forðast og tjónið, sem af því leiðir," segir hv. nefnd. Hvernig er hægt að forðast mistökin og tjónið nema gera sér fulla grein fyrir því, hvað þarf að gera til þess að koma í veg fyrir það? Verður það gert nema með athugun? Ætli nokkur hv. þm. sé með því að framkvæma þetta, án þess að því fylgi athugun? Ég held ekki, nema ef það væri hv. 1. þm. Norðurl. v.

Ég get haldið áfram, með leyfi hæstv. forseta, enda þótt ljósið sé dauft og ég þyrfti nú að fara að fá mér gleraugu. Hv. n. segir, að það sé nauðsynlegt að athuga lög nr. 38 8. marz 1951, um loðdýrarækt, svo og lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár. Það þarf að athuga lögin. Það þarf að athuga, hverju þarf að breyta, til þess að þau verði alveg pottheld og komið verði í veg fyrir þau mistök, sem áður hafa átt sér stað. Er nú hægt að kveða fastar að orði með athugun og undirbúning á þessu máli en hv. landbn. gerir? Ég undrast það, að hv. 1. þm. Norðurl. v. telur, að það sé ekki í þessari mgr. talað um athugun og rannsókn frá hendi hv. landbn., og ég undrast enn fremur, að hv. 3. þm. Norðurl. e. kveður sér hljóðs enn á ný til þess, að ég hygg, að taka í sama streng og hv. 1. þm. Norðurl. v.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um, að það væri verið að leggja fyrir ríkisstj., hvernig frv. hún ætti að semja. Það er alveg þveröfugt. Það er það, sem hv. landbn. einmitt segir, að athuga skuli og rannsaka málið til hlítar, áður en frv. er samið, og frv. verður svo byggt á rannsókninni og athuguninni.

Þá talar hv. þm. um, að það sé nauðsynlegt, að búnaðarþing fái málið til meðferðar. Það er einmitt það, sem það mun fá, og áður en frv. verður samið, þá vitanlega liggur fyrir álit búnaðarþings, sem kemur saman nú í lok þessa mánaðar.

Það er ástæðulaust að vera að fjölyrða meira um þetta á þessu stigi. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að það, sem nefndin leggur til, er það, að málið sé athugað nákvæmlega, að ríkisstj. láti fara fram nákvæma athugun á þessu máli til þess að koma í veg fyrir þau mistök, sem hafa átt sér stað áður, þegar minkaeldi var hér, til þess að þessi atvinnuvegur, ef hann verður tekinn upp, geti orðið okkar þjóðarbúi til framdráttar, eins og á Norðurlöndunum, og við megum ekki leggja út í þennan atvinnuveg, nema við höfum áður girt fyrir allar hættur í þessu efni. Og ég undrast það, ef það þarf að vera ágreiningur um afgreiðslu málsins á þessum grundvelli. Vissulega ættum við að hafa annað við tímann að gera í hv. Alþ. en að vera að búa til deilur um aukaatriði.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég kvaddi mér nú aðeins hljóðs til þess að sýna fram á það betur en ég gerði í gær, að till. hv. landbn. gefur ekk-

ert tilefni til þess að fara að þræta hér um minka og minkarækt, og það, sem hv. samþingismaður minn, 1. þm. Norðurl. v., sagði hér í gær, sýndi það, að hann veður í því efni í villu og svíma, og er þó undarlegt með svo þingvanan mann. Hann talaði um hugleiðingar landbn., eins og það væri tillaga. Till. hennar er ekkert annað en það að vísa málinu til ríkisstj., og ef hv. 1. þm. Norðurl. v. og aðrir, sem eru svipaðs sinnis, vilja tryggja sig gegn því, að þeir verði ekki bendlaðir við það, sem landbn. er að mæla með, minkaeldi, þá er það ákaflega auðveldur leikur, sem sé sá að biðja um nafnakall og lýsa því yfir, að þeir greiði því atkv. að vísa málinu til ríkisstj. í því trausti, að stjórnin geri ekki neitt í því. Þess vegna er það svo, að ég tel, að við þurfum ekki að vera að þræta hér um minkaeldi, og geti bæði þeir, sem eru á móti því og með, greitt því atkv. að vísa þessu máli til ríkisstj., því að það er engin önnur till. frá hv. nefnd.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mér þóttu allathyglisverðar umr. í gær um þetta mál og þá ekki síst, hvað hæstv. landbrh. mælti ákaft með því, að till. hv. landbn. um að vísa málinu til ríkisstj. yrði samþykkt með þeim umbúðum eða ályktunarorðum, sem fram koma í niðurlagi nál. Hæstv. ráðh. las upp úr nál. ýmsar hugleiðingar, sem honum virtust svo vel sagðar, að hann notaði þær sem texta og lagði út af þeim. En hann komst aldrei svo langt í upplestrinum að lesa upp niðurlag nál., einmitt þann hluta þess, sem hafði verið fundið að og mótmælt hafði verið að mætti fylgja til ríkisstj. sem ályktunarorð deildarinnar. En sem sagt, hæstv. ráðh. las ekki upp þessar umdeildu fyrirskipanir til ríkisstj. og bar fyrir sig gleraugnaleysi og illa upplýstan ræðustól. Ég vil nú telja þessar tvær ástæður mikla málsbót fyrir hæstv. ráðh. og get sett mig í fótspor hans undir slíkum kringumstæðum. En hitt fæ ég ekki alveg útilokað úr huga mínum, þá grunsemd, að hæstv. ráðh. hefði reynt að stauta sig fram úr niðurlagi nál. eins og öðru því, sem hann las upp, ef hann hefði talið það sínum málflutningi til stuðnings.

En þetta umrædda niðurlag nál., sem hæstv. ráðh. komst ekki fram úr, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur því ekki rétt að samþykkja frv. á þskj. 38 á þessu þingi, en leggur til, að ríkisstjórninni sé falið að láta endurskoða lög nr. 38 8. marz 1951, um loðdýrarækt, svo og lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um þessi efni með tilliti til þess, að innflutningur minka og minkaeldi verði leyft hér á landi. — Í trausti þess, að þetta verði gert, leggur nefndin til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Hér virðist því ótvírætt vera að finna niðurstöðu n. Hún vill, að hv. þd. ákveði að fresta minkamálinu, sbr. frv. á þskj. 38, á þeim grundvelli, að hæstv. ríkisstj. athugi málið nánar. Og um þetta hafa ekki komið fram neinar skiptar skoðanir og ekki raunar heldur um það, að ríkisstj. sé falið að láta endurskoða lögin um loðdýrarækt og innflutning búfjár. N. leggur svo til, að frv. um þessi efni verði lagt fyrir næsta Alþ., og virðist því mega skilja það svo, að n. ætlist til, að lög um loðdýrarækt og innflutning búfjár verði skeytt saman í einn lagabálk, og geta e. t. v. orðið skiptar skoðanir um, hvort slíkt sé rétt. Vera má, að þetta sé ekki meining n., þó að svona sé til orða tekið, og að hún leggi ekki neina sérstaka áherzlu á að hraða endurskoðun laga um innflutning búfjár, heldur aðeins að ríkisstj. hraði jákvæðri afgreiðslu minkamálsins. Virðist það því vera efni till. hv. landbn. í aðalatriðinu, að n. leggur til, að hv. þd. samþykki að vísa málinu til frekari athugunar til ríkisstj. í trausti þess, að ríkisstj. leggi fyrir næsta þing frv., þar sem lagt verði til, að innflutningur minka og minkaeldi verði leyft.

Eins og fram hefur komið, eru ekki allir hv. þdm. reiðubúnir að samþykkja slíka till. sem þessa, þótt þeir hafi ekki á móti því að vísa málinu til ríkisstj. til nánari athugunar og þar á meðal þá til þess að gefa búnaðarþingi kost á að segja álit sitt um málið. Ég er einn í hópi þeirra, sem vilja, að málinu sé nú á þá lund vísað til ríkisstj. Hitt er svo ekki að furða, þótt hv. 2. þm. Vesturl. lofi hástöfum afgreiðslu hv. landbn. Þessi hv. þm. er gamalþekktur refa- og minkaeldismaður og er enn sami áhugamaður í því efni. Hann finnur réttilega þau fyrirmæli og þá viljayfirlýsingu, sem kemur fram í tillögu hv. landbn., og gleðst yfir því, ef hv. þd. samþykkir þessa afgreiðslu málsins, eins og hv. landbn. leggur áherzlu á.

Um málið sjálft sé ég ekki ástæðu til að ræða nú, þar sem það á ekki að hljóta lokaafgreiðslu á þessu þingi. En ég vil ekki binda mig í þessu máli í ákveðna afstöðu fyrir fram, eins og hv. landbn. fer fram á í raun og veru á talsvert lævíslegan hátt.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. beindi þeirri fsp. til mín við umr. í gær, hvort ég vildi kynna mér, hvort landbn. gæti fallizt á nokkra aðra afgreiðslu þessa máls, t. d. að afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Landbn. var á fundi í morgun að ræða allt önnur mál, en ég bar þetta undir hv. meðnm. mína, og við komumst að þeirri niðurstöðu, að við teldum enga þörf á því, að n. breytti afstöðu sinni til afgreiðslu málsins.

Það urðu hér í gær nokkrar umr. um þetta mál. Að vísu voru menn, að því er mér virtist, samdóma um þá till. landbn., að þessu máli verði vísað til ríkisstj. Það var aðeins að mönnum sýndist sitt hvað um orðalag nál. Ég get náttúrlega vel fallizt á, að það hefði mátt orða nál. með öðrum hætti. Íslenzk tunga er svo orðfrjó, að það má orða sömu hugsun á margvíslegan hátt. En aðalatriðið er þetta, sem fyrir okkur vakir, að vísa málinu til ríkisstj. í trausti þess, að málið verði rækilega athugað og að ríkisstj. geri svo það, sem henni þykir skynsamlegast í málinu. Ég býst ekki við, að það sé hægt að krefjast meira af henni, og það gerum við ekki heldur.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. neitt sem heitir, en ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er

fyrst og fremst sú, að ályktunarorð hv. landbn., eins og þau koma fram í lok nál., skil ég svo, að í þeim felist nokkur viljayfirlýsing. Það eru þau fyrst og fremst, sem ég vil gera að umtalsefni. En áður en ég vík að því, vil ég taka undir það, sem hæstv. landbrh. sagði hér í gær, að það hefur orðið verulegur árangur í sambandi við framkvæmd l. frá 1957 um útrýmingu minka og refa. Ég legg á það áherzlu, að áfram verði haldið á þeirri braut að útrýma þessum meindýrum á þann hátt, sem þar er lagt fyrir að gert verði og gert hefur verið síðan. Og jafnvel þó að sú skoðun væri uppi, að okkur tækist ekki að útrýma þessum meindýrum, eins og kemur fram í áliti veiðistjórans, þá er ég sannfærður um það, að við erum nú þegar að ná tökum á því að gera meindýrin til muna óskaðlegri en áður hefur verið og megum í engu slaka á í þeim efnum.

Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, þó að hér væru skiptar skoðanir, ef menn stæðu frammi fyrir því, hvort leyfa ætti minkaeldi eða ekki. Reynsla sú, sem við höfum í sambandi við minkaeldi hér, meðan það var leyft, var slæm, og ber því að hafa fulla varúð við, ef inn á þessa braut yrði farið að nýju. Þá er um minkana að segja, að hér er tízkuvara á ferðinni, svo að verðsveiflur eru tíðar, og getum við í því sambandi vitnað í reynsluna af refaeldinu, þar sem silfurrefur og platínurefur voru um tíma mjög verðmæt vara, en hafa nú þokað fyrir minknum og eru ekki lengur taldir verðmæt vara. Þetta allt ber að hafa í huga, þegar málið í heild er athugað.

Þrátt fyrir þá vankanta, sem á þessu máli eru, er ég þeirrar skoðunar, að þetta mál eigi, eins og önnur mál, að athugast vel og ekki að fullyrða í upphafi, hvort hér sé skynsamlega stefnt eða ekki. Þess vegna vil ég láta athuga málið mjög ýtarlega, en gera það hleypidómalaust og án þess, að fyrir fram sé ákveðið um stefnuna. Ég lít svo á, að sú yfirlýsing, sem hæstv. landbrh. gaf hér í gær, hafi verið á þá leið, að hans skilningur á afgreiðslu málsins hér á hv. Alþ. væri sá, að það ætti að athuga málið alveg hleypidómalaust, án þess að hafa fyrir fram ákveðna stefnu, og að þeirri athugun lokinni ætti að taka um það ákvörðun, hvort rétt væri að afgreiða málið hér á hv. Alþ. á þann hátt, sem nefndin virðist stefna að, eða ekki. Ég hef hugsað mér að greiða atkv. með því að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj. með tilliti til þessa skilnings míns. En ég tek það líka fram, að það er ekki skilningur minn, að með því að vísa málinu til ríkisstj. eigi ekkert að aðhafast, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að gæti orðið niðurstaðan, heldur eigi að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. í trausti þess, að málið verði grandskoðað, án þess að hafa fyrir fram ákveðna stefnu um niðurstöðuna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði orð á því hér í gær, að ég vildi taka til athugunar, hvort ekki væri ástæða til að flytja till. til rökstuddrar dagskrár í málinu, vegna þess að ég var óánægður með orðalag á niðurlagi nál. frá hv. landbn., þar sem hún vill leggja það fyrir ríkisstj. að semja frv. í ákveðna stefnu í þessu máli. En eftir það, sem síðan hefur fram komið, sé ég ekki ástæðu til þess að flytja sérstaka till. um málið. Hv. formaður og frsm. landbn. hefur látið það uppi nú í ræðu, að það væri hans skoðun og mér skilst reyndar n. allrar, að ríkisstj. eigi, ef hún fær málið, að athuga það í heild gaumgæfilega. Ég skildi hann þannig, að hann teldi, að stjórnin ætti að athuga málið í heild og þá fyrst og fremst höfuðatriði málsins, hvort eigi að leyfa innflutning á minkum og minkaeldi hér eða ekki, — þetta er aðalatriði í málinu, — og síðan mundi ríkisstj. skila áliti og tillögum til Alþingis í samræmi við þær niðurstöður, sem hún kæmist að eftir athugun á málinu og aðalatriði þess. Þetta get ég vel fellt mig við, þegar þessi skilningur er fram kominn. Þetta kom í raun og veru líka fram í ræðu hæstv. landbrh. í gær, að hann var með nál. í höndunum og sagðist skilja það þannig, að til þess væri ætlazt, að ríkisstj. athugaði málið gaumgæfilega í heild og þá að sjálfsögðu þetta aðalatriði þess, sem ég nefndi. Hann sagðist að vísu vera gleraugnalaus, og við sáum, að hann var það, og ég held líka, að það sé eina skýringin, sem hægt er að gefa á þessari túlkun hæstv. ráðh. á álitinu. En ég vil vænta þess samt, að hann haldi við þennan skilning sinn og breyti samkv. því, og ef hann fer að lesa nál. einhvern tíma aftur yfir, þá vona ég, að hann verði þá einnig gleraugnalaus, til þess að hann skipti ekki um skoðun á þessu. En það kom fram nú í dag, að það hafa fleiri gleymt þessum nauðsynlegu tækjum heima hjá sér en ráðh., því að hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur líka gert það.

Sem sagt, ég tel, að það sé komið fram hér, bæði frá hæstv. ráðh. og ýmsum fleiri, þ. á m. nefndarmönnum, að til þess sé ætlazt af stjórninni, ef hún fær málið, að þá athugi hún það allt gaumgæfilega og þá auðvitað fyrst og fremst aðalatriði málsins, hvort eigi að leyfa þetta eða ekki, og skili svo tillögum í samræmi við þær niðurstöður, sem hún kemst að. Þess vegna get ég, að fengnum þessum skýringum öllum, greitt atkv. með því að vísa frv. til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. frá landbn. á þskj. 355 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Á 5. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum [49. mál] (þmfrv., A. 49).

Á 9. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég hef ásamt 3 öðrum hv. alþm. leyft mér að bera

fram frv. þetta, sem hér er nú til 1. umr., á þskj. 49. Við þessir sömu flm. fluttum snemma á síðasta þingi frv. sama efnis, sem varð þá ekki útrætt.

Á undanförnum árum hefur samkv. lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir verið varið allmiklu fé á fjárlögum til styrktar vélakaupum ræktunarsambanda, nú hin síðari ár 2 millj. á ári, þar til 2 s. l. ár, að engin fjárveiting hefur fengizt í þessu skyni. Frv. þetta fjallar um, að áfram verði haldið að styrkja ræktunarsambönd til nauðsynlegra vélakaupa. Upphaflega var til þess ætlazt, að vélar ræktunarsambandanna yrðu endurnýjaðar með hinum lögboðnu fyrningarsjóðum þeirra. En vegna hinnar öru verðbólguþróunar eru nú þessir fyrningarsjóðir orðnir eins og tituprjónn í ámukjafti.

Í grg. með frv. er birt yfirlit um verðbreytingar þær, sem orðið hafa, síðan lögin gengu í gildi 1945. Verð á vélunum, sem birt er, er miðað við beltavél eða jarðýtu af miðlungsstærð, og það sést vel af þessu yfirliti, hvernig verðbreytingarnar hafa orðið. En á þesum árum hefur sökum síaukinnar verðbólgu verð slíkrar vélar af miðlungsstærð rúmlega fjórtánfaldazt. Það hljóta allir að sjá, hversu fráleitt það er, að fyrningarsjóðirnir geti staðið undir endurnýjun vélanna, og þá ekki síður, þegar einnig er tekið tillit til þess, að nú eru gerðar allt aðrar kröfur en upphaflega um stærð véla. Nú er yfirleitt sótzt eftir að fá afkastameiri og stærri vélar en í upphafi, sem þá eðlilega eru mun dýrari. Jarðýta af stærstu gerð kostar núna eitthvað nálægt 1 millj. kr., og þar að auki þarf að kaupa með henni jarðvinnslutæki ýmiss konar, sem einnig kosta verulegt fé.

Það er ekki langur tími síðan hér á landi hófst það, sem kalla má ræktunarbúskap. Landbúnaður Íslendinga byggðist fram á okkar daga, sem nú lifum, að mestu leyti á rányrkju. Nú eru íslenzkir bændur yfirleitt að skilja við þá búskaparháttu og hafa tekið upp nýja siði. Framleiðsluafköstin hafa líka aukizt með ævintýralegum hraða, og er það véltækni og vísindum nútímans að mestu leyti að þakka. En við getum ekki gert okkur ánægða með þann árangur, sem þegar hefur náðst. Við hljótum að sækja fram til nýrra sigra á ræktunarsviðinu, enda kallar mannfjölgun þjóðarinnar á sífellt aukna matvælaframleiðslu. Efnahagsráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið á þessu ári, hafa komið hart niður á landbúnaðinum, og það er fullt útlit fyrir stöðvun, ef ekki afturför, í ræktun og framleiðslu landbúnaðarvara, ef ekki verða gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að efla landbúnaðinn á nýjan leik.

Með frv. þessu, sem hér er til meðferðar, viljum við flutningsmennirnir leggja áherzlu á, að ræktunarframkvæmdir bændanna séu undirstaða að aukinni landbúnaðarframleiðslu og að því opinbera sé skylt að veita áfram nokkra hjálp til þess, að þróun ræktunarmálanna geti haldizt í æskilegu horfi.

Ég álít, að þáttur bændanna í þjóðarbúskapnum sé af mörgum vanmetinn. Og ég hygg, að það stafi kannske fyrst og fremst af því, að landbúnaðarframleiðslan skilar fremur litlum gjaldeyristekjum. En hér er af eðlilegum ástæðum og skiljanlegum mikil þörf fyrir sífellt auknar gjaldeyristekjur, svo að hægt sé að kaupa nauðsynjar frá útlöndum og greiða skuldir, erlendar skuldir. En þegar það er haft í huga, að hinir 6 þús. bændur, sem enn starfa hér á Íslandi, framleiða vörur fyrir 800 millj. kr. samkv. því afurðamagni og verðlagi, sem verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hefur byggt tekjur bændanna á eða skammtað þeim að búa við, þá kemur það í ljós, að þeirra þáttur, bændanna, er ekki minni í því að skapa þjóðartekjurnar en annarra manna í landinu. Bændurnir og fjölskyldur þeirra munu vera nálægt sjötti hluti þjóðarinnar. Ég hygg, að þjóðartekjurnar hafi nú hin síðustu árin verið taldar um 5000 millj. kr., og sést þá af því, sem ég sagði, að hlutur bænda í sköpun þessara þjóðartekna Íslendinga er sízt minni en annarra manna í landinu.

Nú hef ég orðið þess var, að ýmsir telja, að landbúnaðurinn þurfi mjög miklar upphæðir í erlendum gjaldeyri fyrir rekstrarvörur. Og þá er oftast talað um fóðurbæti og áburð og gert mjög mikið úr því, hversu gífurlegar fjárhæðir fari í erlendum gjaldeyri til landbúnaðarins í þessu skyni, til þess að kaupa þessar vörur. Í Fjármálatíðindum, 1. hefti þessa árs, er frá því greint, að á árinu 1959 voru fluttar inn fóðurvörur fyrir rúmar 27 millj. kr. og áburður fyrir tæpar 30 millj. Þessir tveir stærstu rekstrarvöruliðir landbúnaðarins hafa þannig umgetið ár kostað 57 millj. kr. í innflutningi. Út voru fluttar á sama tíma landbúnaðarafurðir fyrir 80 millj., svo þó að landbúnaðurinn að vísu þurfi talsvert meiri innflutning í rekstrarvörum en áburðinn og fóðurbætinn, þá er sýnilegt, að landbúnaðurinn kemst langt með það að vera sjálfum sér nógur um gjaldeyri árið sem leið fyrir rekstrarvörur, sem hann þarf að fá til sinna nota frá útlöndum.

Ég hef drepið á þetta hér til þess að rifja það upp fyrir mönnum, hversu gífurlega þýðingarmikið það er fyrir allan hag okkar Íslendinga að búa vel og viturlega að þessum atvinnuvegi. Með frv. þessu, sem hér er til umr., er hlynnt að því, ef það yrði að lögum, að ræktun landsins gæti haldið áfram, og ég tel mig hafa ástæðu til að mega vænta skilnings og stuðnings hv. alþm. við þann þátt þeirra mála, sem stefnt er að með flutningi þessa frv.

Ég vil svo að lokum geta þess, að eftir að þetta frv. var flutt, hefur hæstv. landbrh. sagt mér frá því, að n., sem hann skipaði í fyrra til athugunar á þessum málum, sé nú um það bil að ljúka störfum, að frv. samið af henni muni verða lagt nú innan skamms fyrir Alþingi og að það frv. muni stefna mjög í svipaða átt og þetta frv., sem hér er til umr. Ég þykist af þessum tíðindum mega marka það, að stefnubreytingar í þessum málum sé að vænta af hálfu hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, og væri mér það gleðiefni, og mun svo fleirum fara.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri nú að þessu sinni, en vil leyfa mér að leggja það til við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til 2. umr. nú að þessari umr. lokinni og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 332 og 384).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Sú löggjöf, sem reynzt hefur einhver hin farsælasta, sem sett hefur verið um landbúnaðarmál hin síðari ár á Íslandi, er löggjöfin um jarðræktarsamþykktirnar, nr. 7 frá 12. jan. 1945. Á grundvelli þeirra laga voru ræktunarsamböndin mynduð, stórvirkra jarðræktartækja aflað til þeirra með stuðningi ríkisins og þannig myndaður traustur grundvöllur, sem hin mikla ræktun síðustu 10—15 ára hefur að mestu leyti byggzt á. En í gegnum þá verðbólguþróun, sem öllum er kunn frá því á styrjaldarárunum, hefur verulega raskazt sá grunnur, er í upphafi var lagður, þannig að í gegnum fyrningarákvæði, sem hvílt hafa á jarðræktarvélum sambandanna og tryggja áttu endurnýjun tækjanna, ef þau yrðu ónothæf, hefur þetta ekki reynzt kleift. Þess vegna stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd nú, að ræktunarsamböndin yfirleitt skortir bolmagn til að kaupa nýjar beltadráttarvélar, nema nokkur aðstoð komi til enn. Á því er byggð sú fjárveiting, 1 millj. kr., sem veitt er á fjárlögum yfirstandandi árs í þessu skyni.

Á síðasta Alþingi fluttu nokkrir hv. framsóknarmenn frv. um breyt. á l. um jarðræktarsamþykktir, sem mun hafa verið alveg eða nær alveg shlj. því frv., sem hér er nú til 2. umr. Því frv. var þá vísað til ríkisstj. Hæstv. landbrh. skipaði þá þriggja manna nefnd til að endurskoða þessi lög, sem hér um ræðir, rannsaka hag og starfsemi ræktunarsambandanna og gera tillögur um, á hvern hátt verði tryggður starfsgrundvöllur þeirra framvegis. N. lauk störfum s. l. haust og skilaði áliti sínu til ríkisstj. í lok októbermánaðar. Hv. flutningsmönnum þessa frv., sem hér er nú til 2. umr., var vel kunnugt um, að n. var að störfum og mundi skila áliti. Þrátt fyrir þetta fluttu þeir enn sitt fyrra frv. þegar í þingbyrjun. Verð ég að játa, að ég furðaði mig nokkuð á þeim vinnubrögðum.

Svo sem fram kemur í nál., sem hér liggur fyrir, hefur landbn. þessarar hv. d. eða réttara sagt stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. í n. beðið þess um hríð, hvort frv. mundi koma fram frá hæstv. ríkisstj. um þetta mál, en þess er ekki að vænta á næstunni.

Ég hef orðið var þeirrar skoðunar hjá sumum, að engin fyrirmæli væru raunverulega nú í gildi um úthlutun þess fjár, er á fjárlögum er veitt í þessu skyni, og því beri nauðsyn til að lögfesta slík fyrirmæli. Út af þessu sneri ég mér til lögfræðings í atvmrn. og spurði um þetta atriði. Hann kvað engan vafa á því, að lögin um ræktunarsamþykktir væru í gildi um þetta atriði sem önnur og það væri landbrh. að sjá um skiptinguna, svo sem verið hefur, með aðstoð eða eftir tillögum vélanefndar.

Eins og nál. ber með sér, tekur meiri hl. n. ekki afstöðu efnislega til þess frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., en ég vil þó taka fram, að ég er ekki samþykkur þeim skiptingarreglum á stuðningi til ræktunarsambandanna, sem þar er lagt til að lögfestar verði. Hin eldri sambönd, sem lengur hafa starfað, fengu vélar með lægra verði. Bændur í þeim samböndum hafa því bæði notið ódýrari vinnu, fengið hagkvæmari ræktun og notið hennar lengur en bændur í þeim samböndum, sem síðar keyptu vélar. Það ber eigi síður að líta á það, hver aðstaða einstaklinganna er, sem samböndin mynda, og hún er tvímælalaust betri, því lengur sem þeir hafa notið þjónustu sambandanna og því ódýrari vélar sem samböndin hafa haft til rekstrar síns. Mismunun í framlagi ríkisins til sambandanna nú til vélakaupanna er því að minu viti ekki sanngjörn, auk þess sem slíkt er ætíð nokkuð vandasamt í framkvæmd. Því á að mínu viti ein regla að gilda eða fyrr.

Svo sem fram kemur í okkar nál., lítum við svo á, að æskilegar séu ýmsar breytingar á núgildandi lögum. Við viljum vænta þess, að málið verði áfram í athugun hjá ríkisstj. með það megintakmark að leiðarstjörnu, að ræktunarsamböndin verði hér eftir sem hingað til framkvæmdaraðili ræktunar í landinu, síaukinnar ræktunar, og hafi til þess fjárhagslegt bolmagn.

Við leggjum því til, herra forseti, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Við hv. 6. þm. Sunnl. höfum gefið út nál. í máli þessu og er álit okkar prentað á þskj. 332. Nál. þetta lögðum við fram hér á hv. Alþ. 3. þ. m. Málið fékkst aldrei tekið fyrir í landbn., en nú hefur meiri hl. n. gefið út álit frá sér um málið, og hefur frsm. meiri hl., hv. 3. þm. Austf., nú haft hér orð fyrir nál.

Þegar ég hafði í byrjun þessa þings framsögu fyrir frv., tjáði hæstv. landbrh. mér, að frá hans hendi mundi brátt koma fram frv. um þetta sama efni og mundi það mjög fara í sömu átt og þetta frv. gerir ráð fyrir. Hann bað mig þá, um leið og ég mælti fyrir málinu hér, að láta þessa getið, og það gerði ég og lét þá í ljós gleði mína yfir því, því að það var ekkert aðalatriði fyrir mér, að þetta frv. okkar, sem ég mælti fyrir, yrði samþ., heldur var aðalatriðið það, að málefnið leystist á þann hátt, sem kæmi landbúnaðinum að sem beztu gagni. Og gat ég vissulega unnt samþingismanni mínum, hæstv. landbrh., að leysa þetta mál, enda taldi ég það líka honum manna skyldast allra þm., þar sem hann situr í sæti landbrh. Nú hefur hins vegar raunin orðið sú, að meiri hl. landbn. skýrir frá því í nál., að hæstv. landbrh. hafi tjáð meiri hl., að frv., sem samið var á s. l. sumri af stjórnskipaðri nefnd, verði ekki lagt fram í bráð. Mér finnst þarna skjóta skökku við það, sem ráðh. tjáði mér í þingbyrjun og óskaði, að ég gæti um í þingræðu, og sannarlega varð mér bilt við, þegar ég sá þetta, því enda þótt ég viti ekki, hvernig þetta felu-frumvarp hæstv. landbrh. er, þá vil ég þó trúa því, að það feli í sér grundvöll, sem geri ræktunarsamböndum fært að halda áfram því starfi að brjóta land til ræktunar.

Ég sé í nál. meiri hl., að þar er talið, að leystur hafi verið að þessu sinni vandi ræktun-

arsambandanna með þeirri einu milljón króna, sem á fjárlögum þessa árs er veitt til vélakaupa. Þessu vil ég mótmæla og tel, að þessi upphæð hefði þurft að vera tvisvar sinnum hærri en hún var, svo að forsvaranlegt gæti talizt, með tilliti til þeirrar þarfar, sem fyrir hendi er um endurnýjun véla og tækja. Gengislækkunin eða hinar svokölluðu viðreisnarráðstafanir hæstv. ríkisstj. hafa margfaldað svo verð véla og tækja, að bændur og ræktunarsambönd hafa enga möguleika til endurnýjunar vélakosts síns, þar sem ekki hefur verið af hálfu hins opinbera séð fyrir tekjum til þess að mæta hækkuninni.

Í nál. okkar hv. 6. þm. Sunnl. er frá því skýrt, að árið 1945, þegar vélakaupin byrjuðu, kostaði beltavél af miðlungsstærð 43500 kr., en núna kostar slík vél 622500 kr., og hefur verðið þannig frá því í upphafi fjórtánfaldazt eða í kringum það. Það er ekki furða, þó að erfitt sé fyrir bændur að endurnýja vélar sínar og önnur tæki, þegar verðhækkunin hefur orðið svona gífurleg. Mjög mikið af þeim stórvirku ræktunarvélum, sem til landsins hafa verið keyptar síðan í stríðslok, — en þá hófst, sem kunnugt er, fyrst innflutningur hingað á slíkum stórvirkum tækjum, — er nú mjög orðið úr sér gengið.

Meiri hl. n. heldur því fram í nál. sínu, að fjárhagshlið þessa máls hafi verið leyst með einu milljóninni á fjárlögum þessa árs. Þetta þykir mér einkennileg fullyrðing, þegar þess er gætt, sem ég vil hér með upplýsa, að um 20 ræktunarsambönd bíða núna eftir því að fá styrk til að kaupa jarðýtu, og verður ekki annað séð en þeim bráðliggi flestum á að fá þessar vélar. Auk þess eru svo jarðvinnslutæki margs konar, sem sífellt þarf að endurnýja. Sannleikurinn er sá, sem betur fer, að þrátt fyrir það, þó að bændur landsins eigi nú um sinn við skarðan hlut að búa vegna efnahagsráðstafana af hálfu stjórnarvalda og skilningsleysi að mæta frá sömu aðilum, þá er þó í þeim framkvæmdahugur, og þeir vona, að ný stefna í málefnum landbúnaðarins og þjóðarinnar allrar nái tökum í þjóðlífinu, áður en langt líður. Sú von þeirra þarf að rætast sem fyrst.

Ég er ákaflega hræddur um, að bændum verði lítill styrkur í því til endurnýjunar vélakosti sínum, þótt mþn. hafi lokið endurskoðun laga um jarðræktarsamþykktir, þegar hæstv. ríkisstj. leggst á frv. mþn. eins og ormur á gull. Ein milljón af litlu gengisfellingarkrónunum, sem á fjárl. er nú, leysir málið ekki heldur nema að mjög takmörkuðu leyti.

Ég tel fulla og rökstudda ástæðu, eins og ég þykist hafa leitt rök að, til þess að hv. þdm., sem á annað borð vilja efla ræktun í landinu, felli till. meiri hl. landbn. um að vísa þessu máli til ríkisstj., en samþ. þess í stað frumvarpið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 2 þm. Sunnl. var að ljúka máli sínu og sagði, að þeir hv. þm., sem vilja efla ræktun í landinu, eigi að samþykkja till. minni hl., en fella till. meiri hl. Ætli þetta sé alveg víst, að það sé landbúnaðinum fyrir beztu að samþykkja frv., sem hér um ræðir? Gæti ekki verið, að það væri landbúnaðinum betra að fresta samþykkt laga í þessu efni, samþykkja nú till. meiri hl. hv. landbn. og nota tímann til þess að þreifa fyrir sér betur um, hvað heppilegast er, til þess að ræktun í landinu megi halda áfram með sem mestum krafti? Eða lætur hv. 2. þm. Sunnl. sér detta í hug, að þótt hans frv. verði samþ., þá sé það eitt út af fyrir sig nóg til þess að tryggja áframhaldandi ræktun í landinu? Ég held ekki. Ég held, að það þurfi miklu fleira að koma til, og þrátt fyrir góðan vilja þessa hv. þm., sem mér dettur ekki í hug að efast um, verði hann að líta lengra, ef hann ætlar sér að tryggja áframhaldandi framhald ræktunar í landinu, því að þetta frv. hans er aðeins bundið við það eitt að styrkja kaup á vélum vegna ræktunarsambandanna. Það er í sama formi og áður. Ég býst við því, að þótt ræktunarsamböndin ættu nú kost á því að fá styrk að vissu marki samkv. þessu frv., þá næði það ef til vill skammt, eftir því sem hv. þm. var að lýsa hér áðan.

Hv. þm. harmar það, að ekki skuli vera flutt frv., sem ég minntist á við hann á s. l. hausti að e. t. v. væri von á, frv. mþn. Það er rétt, að mþn. hefur skilað áliti í þessu máli, og tillögur hennar eru þær, að það verði veittur nokkur styrkur, en þó í stærri stíl lán. Till. hennar voru, að styrkur og lán samanlagt yrðu allt að 60 eða 65%, a. m. k. ekki undir 50%. Ég álít, að mþn. hafi starfað vel, og það kom ýmislegt fram í nál. fleira til breytingar á þessum lögum, sem gæti orðið undirstaða frekari lagasetningar. En ég tel þó að athuguðu máli, vegna þess hversu hér er um mikilsvert mál að ræða, að það beri ekki að flýta lagasetningu í þessu efni svo mjög, að ekki gefist tóm til að fá tillögur hinna beztu manna, sem yfirsýn hafa yfir þessi mál, og dettur mér þá í hug búnaðarþing, sem kemur saman nú eftir fáa daga, að það sé eðlilegt, að það fái álit mþn. til athugunar, og ég hef ákveðið, að það fái það. Ég efast ekkert um, að búnaðarþing, samkoma bændanna, hefur ýmislegt um þetta að segja, og þeir vita það vel, eins og hv. 2. þm. Sunnl. og ég, að eitthvað þarf að gera í þessu efni. En ég tel, að þetta mál sé leyst í bili á viðunandi hátt.

Ég hef átt tal við ýmsa forustumenn ræktunarsambandanna, og ég hef spurt þá um það, hvort þetta væri ekki nokkuð góð lausn á málinu í bili, ef styrkur og lán gætu samanlagt orðið allt að 60%. Við það bætast fyrningarsjóðir, sem ræktunarsamböndin eiga, því að lögum samkvæmt er skylt að leggja í fyrningarsjóð, eftir því sem vélarnar slitna og eldast. Mat þessara forustumanna ræktunarsambandanna hefur verið það, að með því að fá þessa lausn á málinu, styrkinn og lánið, þá muni þeir geta endurnýjað vélakostinn.

Það er ekki rétt, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að það væru um 20 ræktunarsambönd, sem biðu nú eftir því að endurnýja vélakostinn. Það kemur að því, að þau þurfi að gera það, en það liggur ekki nærri, að það séu 20 vélar í pöntun nú. Ég hef kynnt mér þetta nokkuð, og það eru nokkur ræktunarsambönd, sem hafa hug á því að panta vélar og gera það, því að það er nokkuð langt síðan forustumenn þessara sambanda hafa komið að máli við mig,

og þeir hafa fengið vitneskju um það, hvers þeir mættu vænta.

Það er ekki rétt, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, og mér leiddist, að hann skyldi koma með svo ótímabæra fullyrðingu, að lausnin á þessu máli sé aðeins þessi eina milljón, sem er á fjárlögunum. Það er ljóst, að það er ekki nóg út af fyrir sig. Það þarf meira til að koma, og hafi hv. þm. lesið nál. meiri hl., þá sér hann að það er meira, sem kemur þarna til, og mér er kunnugt um, að ýmsir forustumenn ræktunarsambandanna telja eðlilegt, að það sé farið inn á lánaleiðina. Þeir telja það á ýmsan hátt heilbrigðara. Og það vill svo til, að ræktunarsjóður hefur heimild til þess að lána út á þessar vélar. Ég býst við, að hv. 2. þm. Sunnl. segi: Ræktunarsjóður lánar ekki út á vélarnar, nema hann hafi fé til þess. — Og það væri út af fyrir sig eðlileg aths. En hv. þm. verður að gera sér ljóst, að þeir, sem standa að meiri hl. í hv. landbn., vita það líka. Þeir vita, að ræktunarsjóður lánar því aðeins, að hann hafi fé til þeirra hluta. Og hv. 2. þm. Sunnl. er mér sammála um það, að ræktunarsjóður verður að fá fé, ekki aðeins í þessu skyni, heldur til þess að fullnægja öðrum skyldum, sem á sjóðnum hvíla, þannig að ekki þyrftum við að vera að deila um það út af fyrir sig.

Það eru út af fyrir sig gleðitíðindi, að ræktunarsamböndin eiga nú kost á því að kaupa mun ódýrari vélar en áður. Nú er hægt að fá þýzkar og enskar ræktunarvélar á mun lægra verði en þær amerísku vélar, sem áður hafa verið fluttar inn og hafa verið í notkun ræktunarsambandanna. Ég hef talað við vélaráðunautinn, Harald Árnason, og hann fullyrti við mig, að þessar ódýrari vélar fullnægðu ræktunarsamböndunum í sambandi við ræktunarframkvæmdir. En þær væru ekki eins heppilegar til vegagerðar, en ræktunarsamböndin hafa undanfarin ár drýgt tekjur sínar með því að lána þær til vegagerðar. Hefur það komið sér vel fyrir ræktunarsamböndin. Það hefur gert þeim léttara að standa undir kostnaðinum, og það hefur einnig komið sér vel fyrir vegagerðina, þar sem vélakostur hennar hefur verið af skornum skammti. En mér er kunnugt um, að nú er hægt að fá heppilegar ræktunarvélar, sem samsvara hinum amerísku, fyrir rúmlega 400 þús. kr., en amerísku vélarnar, þessar stærri, sem áður hafa verið keyptar, munu kosta um eina millj. kr. Ég vil þess vegna segja það við hv. 2. þm. Sunnl., að það er bezt að kasta frá sér öllu vonleysi í því efni, að ræktun landsmanna muni nú stöðvast að fullu, ef ekki sé samþ. frv. hans. Eins og ég sagði áðan, jafnvel þótt frv. verði samþykkt, þá mundi ræktun í landinu stöðvast, ef ekki kemur ýmislegt fleira til.

Hitt þykir mér svo leiðinlegt, að jafnmætur maður og hv. 2. þm. Sunnl. skuli vera að tala um það, að bændurnir beri mjög skarðan hlut frá borði vegna viðreisnarinnar og að vegna viðreisnarinnar muni þeir gefast upp og landbúnaður á Íslandi eiga litla framtíð. Það er leiðinlegt, þegar menn, sem hafa tilhneigingu til þess að vera sanngjarnir og eru það í eðli sínu, eru að belgja sig upp hér á hv. Alþ. með fullyrðingar, sem eiga ekki neina stoð í veruleikanum. Ég veit, að hv. 2. þm. Sunnl. er það sanngjarn, að þegar hann lítur í eigin barm og þegar hann rifjar upp aðeins stutta sögu, sem öllum er í fersku minni, — og skal ég ekki fara mörgum orðum um það, — þegar hann ber það saman, þá veit hann, að það hefur nú verið betur séð fyrir hlut bændastéttarinnar en var, á meðan hann studdi ríkisstj. og gert var það, sem kallað var — ekki viðreisnarráðstafanir, heldur bjargráð, og í raun inni er ástæðulaust fyrir okkur hér á hv. Alþ. að vera að deila um þetta. Hér er ekki það, sem kalla má kjósendafund. En bændurnir þurfa ekki að hlusta á okkur deila, þótt við mundum frekar gera það, ef þeir hlustuðu á okkur, því að þeir vita, þegar þeir bera þetta saman, að það var allt öðruvísi að þessu staðið í sambandi við viðreisnartillögurnar heldur en bjargráðin 1958. Þess vegna hefði hv. 2. þm. Sunnl. átt að sleppa þessu. Ég er viss um, að hv. 2. þm. Sunnl. hefur gert sér það ljóst, hvers vegna þurfti að gera viðreisnarráðstafanirnar. Hann veit sem bóndi og kunnugur bændum, að ýmsir hinir skynsamari bændur hafa spurt: Hvernig væri okkar hlutur í dag, ef stefna vinstri stjórnarinnar hefði ráðið áfram?

Hv. 2. þm. Sunnl. veit, að bændur hefðu ekki þolað vinstri stefnu eitt ár í viðbót. Það er ekki ástæða til að eyða mörgum orðum um það. Við vitum, hvert stefnt var. Það var stefnt í fullkomna ófæru í þessu efni. Dýrtíðarskrúfan var laus, og það mátti ekki lengur dragast að gera ráðstafanir, sem komu við alla, að sjálfsögðu bændurna líka. En það væri rangt að segja, að í sambandi við viðreisnina hefðu verið lagðar þyngri byrðar á þá en aðra landsmenn. Og vegna þess að þetta liggur í augum uppi og bændurnir vita það og hv. 2. þm. Sunnl. veit þetta, þá skal ég ekki eyða fleiri orðum að því að sinni.

Það má vel vera, að hv. 2. þm. Sunnl. vilji koma hér upp í ræðustól á eftir og fullyrða, en þá ætla ég að biðja hv. þm. um að láta fylgja nokkur rök fullyrðingunum, meiri en áðan, og ég tel, að nál. meiri hl. sé þannig, að hv. Alþ. geti með góðri samvizku samþykkt það. Sú lausn, sem hér er bent á, er sæmileg lausn í bili, sem forustumenn ræktunarsambandanna sætta sig við. Það, sem síðar kemur, verður byggt á frekari tillögum hinna reyndustu manna. Nál. mþn. fer til búnaðarþings, búnaðarþing lýsir sínum vilja og sínum till. í þessu efni, og það, sem lengi skal standa, það skal vel vanda. Það er ekki aðalatriðið, hvort við fáum lög um þessi mál í vetur. Aðalatriðið er lausnin. Aðalatriðið er það, sem reyndar hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að málið leysist. Hér hefur verið bent á lausn málsins í bili, og við skulum vona, að frekari lausn málsins verði betri, því að vissulega má bæta úr þessu. En þá skulum við byggja á till. hinna færustu manna og þeirri reynslu, sem fyrir liggur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í þeirri mþn., sem fram hefur komið í umr. að hafi undirbúið frv. um starfsemi ræktunarsambandanna, átti sæti einn af varaþm. Alþfl., Pétur Pétursson. Hann lét þar í ljós nokkuð sérstæða skoðun á

því máli, sem mér þykir rétt að skýra hér frá í mjög stuttu máli.

Hann benti á það höfuðatriði í sambandi við skipulagningu ræktunarsambandanna, að þau eru hér á landi ákaflega misjafnlega stór og að rannsókn á starfsemi þeirra sýnir, að þau eru ákaflega misjöfn að öllum rekstri, þ. á m. að hagkvæmni í rekstri, reglusemi um innheimtu og góðan fjárhag. Þarna er allt að finna frá stórum og hentugum samböndum, sem eru mjög vel rekin, til hreinnar fyrirmyndar, og niður í sambönd, sem hafa vafasaman starfsgrundvöll og ýmislegt er hægt út á að setja hvað rekstur snertir. Það var hugmynd Péturs í n., að tekið væri til athugunar, hvort ekki væri rétt að reyna að endurskipuleggja ræktunarsamböndin, sem starfa með svo dýrum vélum sem raun ber vitni, þurfa mikla fjárfestingu og gegna ákaflega mikilvægu hlutverki, þannig að samböndin væru færri og stærri, hefðu þar af leiðandi meira vélaval, meira starfsmannaval hvert — og það, sem skiptir höfuðmáli, hefðu sæmilega skynsamlegar aðstæður til þess að hagnýta til fullnustu vélar, geyma þær og halda þeim við yfir veturinn. Í sambandi við þetta er mjög mikið vandamál víða í sveitum, hvernig hægt er að koma viðhaldi og viðgerð vélanna fyrir, og ýmis dæmi eru um það, að einstakir menn, sem eru að reyna að setja sig niður, eiga í erfiðleikum með afkomu, vegna þess að þetta skipulag á notkun véla, sem í heild eru að verðmætum margir tugir milljóna, er eins og það er.

Sjálfsagt er að viðurkenna, að það er auðveldara að setja svona hluti niður á pappír heldur en í raunveruleikanum, og hér kemur vissulega til greina ýmis sérstaða, sérstaklega landfræðilegar aðstæður, í sambandi við hagnýtingu á þessum vélum. En ég vildi benda á, að uppi voru í n. hugmyndir, sem vissulega eru þess virði, að þær væru athugaðar nánar, og frá mínum bæjardyrum séð tel ég þess vegna æskilegt, að nánari umhugsun um þetta frv. eigi sér stað og fleiri aðilar fjalli um það en hingað til hefur verið. Þegar starfsemi eins og ræktunarsambanda er í litlu héraði, verður að leggja alvarleg trúnaðarstörf á einhverja þeirra fáu manna, sem þar eiga hlut að máli. Þar á meðal eru þau trúnaðarstörf að skammta vinnu véla yfir bezta vinnutímann og innheimta og vinna bókhaldsstörf, sem oft geta verið ærið viðkvæm á milli nágranna. Allt þetta eru gallar, sem hafa komið fram og benda til þess, að ástæða sé til fyrir okkur að athuga, hvort við getum ekki með endurskipulagningu á ræktunarsamböndunum skipulagt ræktunarstarfið í þessu litla landi okkar þannig, að við fáum út úr því eins hagkvæman rekstur sambandanna og framast er unnt, eins mikla nýtingu á þessum dýru vélum og framast er unnt, — en á því hefur mikill skortur verið, — og að við getum komið upp um allt land góðri viðgerðarþjónustu með fasta menn í þjónustu þessarar starfsemi allt árið, í staðinn fyrir það að láta menn, sem eru ráðnir nokkrar vikur, fá í hendur þessi dýru tæki. Allir vita, að slíkar mannaráðningar verða ekki til að gera meðferð tækjanna eins góða og hún þyrfti að vera. Ég vildi aðeins skjóta þessu atriði hér inn sem einu dæmi um það, að það er ýmislegt fleira en fjárhagslegur styrkur, sem felst í þessu máli, og það er ýmislegt í þessu, sem gefur tilefni til að hugsa málið vel, áður en löggjöf er sett.

Ég hygg, að það sé í einhverju sambandi við tillögur Péturs Pétursson ar í n., að n. gerir ráð fyrir auknu eftirliti vélanefndar með starfsemi ræktunarsambandanna. En hún gerir till. um ráðningu á nýjum eftirlitsmanni, sem sjálfsagt kostar sína peninga og ætti svo að ferðast á milli. Ég tel, að íhuga ætti það mál mjög vandlega, áður en fjölgað er starfsmönnum til slíks eftirlits, og kanna, hvort menn eru á einu máli um, að slíkt eftirlit sé líklegt til þess að svara kostnaði.

Ég vil að lokum segja það í sambandi við sjálfan styrkinn, að ég hef fengið svipaðar upplýsingar og landbrh. gat hér um áðan hjá öðrum aðila en hann tilgreindi, að nú séu einmitt komnar á markaðinn vélar frá Englandi og Þýzkalandi, sem séu miklum mun ódýrari en þær, sem hingað til hefur verið talað um. Það hefur verið talað um við landbn. þessarar hv. d., að vélarnar kosti með nauðsynlegustu tækjum rúmlega milljón króna. En viðhorfið er töluvert annað, þegar sú upphæð er komin niður fyrir hálfa milljón. Mér sýnist með tilliti til þeirra upplýsinga svo og þeirrar raunhæfu eftirspurnar, sem virðist vera á vélakaupum á þessu vori, að áframhaldandi kaup og þar með áframhaldandi ræktun sé ekki í neinni hættu, þó að þetta mál fengi nánari umhugsun og nánari athugun. Af þessum sökum hef ég með tveimur öðrum um. skrifað undir þá till., að þessu máli verði að sinni vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. minni hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. ræddi um það, hversu mikil nauðsyn væri á því að bæta sem mest umhirðu um vélarnar og reyna að koma á nýju skipulagi í þessum málum um landið allt. Ég vil taka undir þetta. Þetta er vissulega alltaf nauðsynlegt að reyna, að bæta rekstur fyrirtækja og fara sem bezt með þau tæki, er menn hafa með höndum, og gildir það vitanlega ekki síður um þessar ræktunarvélar en aðrar vélar. Og vissulega er það rétt, að ræktunarsamböndin eru mjög misstór. Hvernig það kann að takast að steypa þeim saman í stórar heildir, það er aftur annað mál og veldur þar um, að ég hygg, mjög landslag og aðstæður, landfræðilegar aðstæður hjá okkur, að það mun verða erfitt að steypa mörgum smáum ræktunarsamböndum saman í stórar heildir, því að víða er það svo í landi okkar enn þá, að ekki er nú betur vegað og brúað víða um landið en svo, að það er ekki hægt að koma þessum tækjum á milli enn þá, svo að ég geri ráð fyrir því, að það geti orðið nokkur dráttur á því enn, að hægt verði að breyta þessu skipulagi nokkuð, svo að teljandi sé.

Þá talaði hann eins og hæstv. landbrh. um það, að nú væru að koma á markaðinn vélar af sömu stærð og ég var að tala hér um, á miklu lægra verði en gert var ráð fyrir. Og það er sannarlega gott að vita til þess, að það muni vera hægt að fá slíkar vélar. En hitt er annað mál, að ræktunarmennirnir og ræktunarsamböndin yfirleitt hafa óskað eftir að stækka sínar vélar frá

því, sem þær voru. Vélar af þessari miðlungsstærð hafa ekki þótt henta upp á síðkastið og það hefur verið mikil ásókn í það að fá stærri vélar. Á s. l. ári hygg ég, að tvö ræktunarsambönd hafi keypt vélar af stærri gerðinni, sem kostuðu á aðra milljón.

Í sambandi við það, sem hæstv. landbrh. var að segja hér áðan, að hann hefði spurnir af því eða vissu fyrir því, að ýmsir forustumenn ræktunarsambanda teldu lánaleiðina eðlilega og ágæta og teldu þetta, eins og það er núna, í allgóðu lagi, þá vil ég segja það, að einn formaður ræktunarsambands, sem fékk aðra þessa vél á s. l. ári, hringdi til mín í morgun og sagði frá því, að hann væri búinn að fá 200 þús. kr. styrk út á þessa vél, sem kostaði rúma milljón, og var að furða sig á því, hvernig stjórnarvöldum dytti í hug að styrkja þetta svona lítið, í svona smáum stíl. Hann hafði heyrt minnzt á lánaleiðina, en hann spurði mig, hvar peningar mundu þá vera, hvort það væri séð fyrir því, að peningar yrðu til, til þess að lána í þetta. Um það vissi ég ekki, og vitaskuld reynir á það innan skamms, hvort hæstv. landbrh. sér fyrir því, að ræktunarsjóður hafi fé til þess að lána út á þessar vélar. Ég get vel viðurkennt, að það kunni að mega leysa þetta spursmál að töluverðu leyti, ef fengjust hagkvæm lán, lán til langs tíma með lágum vöxtum. Þá mundi það bæta mjög úr fyrir ræktunarsamböndunum, ef hægt yrði að fara inn á þá leið.

Hæstv. landbrh. fann það helzt til foráttu þessu frv., sem ég og við nokkrir alþm. höfum flutt hér um þessi mál, að það sé í sama formi og áður. En sannleikurinn er sá, að það er einmitt það, sem bændur og ræktunarmenn um land allt hafa talið fullnægja sér, að fá helmingsstyrk út á vélarnar, og ég hygg, að þændur almennt geri ekki hærri kröfur en svo, að ef þeir gætu fengið helmingsstyrk út á þessar vélar, þá létu þeir sér það lynda, þrátt fyrir það þó að þær hafi nú stigið mjög í verði frá því, sem áður var.

Landbrh. hæstv. vefengdi, að ég hefði farið rétt með, að um 20 sambönd þyrftu nú eða vildu kaupa vélar. Ég held, að þetta fari ekki á milli mála, því að hjá vélanefnd ríkisins liggja fyrir umsóknir frá um 20 ræktunarsamböndum, — ég man ekki alveg, hvort þau eru 19 eða 20, — liggja fyrir umsóknir og meðmæli um styrkveitingu, svo að ég fer þar ekki með rangt mál.

Hæstv. landbrh. taldi leiðinlegt að heyra það, að ég væri að tala um vonleysi hjá bændum og að þeir væru farnir að draga úr sínum framkvæmdum. En þetta er ekki neinn uppspuni úr mér. Þetta er þannig. Það liggja fyrir tölur um það, hve mikið dróst saman á s. l. ári gröfturinn hjá vélum vélasjóðs, en það er um rúm 20%, sem skurðagröfturinn minnkaði, og ég hef talið það bera vott um, að bændur væru að draga saman seglin í framkvæmdum. Mér er fullkunnugt um það sem bónda og allkunnugum manni í sveitum, a. m. k. hér sunnanlands, að samdráttur í verklegum framkvæmdum hjá bændum var gífurlega mikill á s. l. ári, og vitaskuld er þessi samdráttur af því, að þeir hafa ekki haft fé til framkvæmdanna, en ekki af því, að verkefnin séu ekki fyrir hendi, því að þau eru svo mikil, að fram úr því verður ekki séð að leysa þau.

Þá spurði hæstv. landbrh., hver ég héldi að hlutur bænda væri nú, ef stefna vinstri stjórnarinnar hefði ráðið og réði enn í landinu. Ég er sannfærður um það, ef sú stjórnarstefna hefði fengið að ráða og þær ráðstafanir, sem búið var að gera, hefðu fengið að njóta sín, að nú væri blómlegt atvinnulíf í landinu og fólkinu liði vel, í staðinn fyrir að nú logar hér allt í ófriði og vinnudeilum og ekki annað fyrirsjáanlegt en að stórkostlega þrengist hagur þessarar þjóðar nú á næstu mánuðum. Og ef það væri rétt, sem hæstv. landbrh. vill vera láta, að viðreisnin hafi reynzt þjóðinni svona vel, af hverju eru þá þessar vinnudeilur og ófriður í landinu núna? Af hverju lætur fólkið sér ekki líka vel þessa viðreisn og þessa góðu stjórnarstefnu, sem hann er að lofa? Nei, sannleikurinn er sá, að fólkið finnur, að það hefur verið þrengt mjög að þess kjörum, og það eru ekki sízt bændurnir. Þeir finna, hversu þrengt hefur að þeim. Ég þykist geta úr flokki talað, þar sem ég er einn úr þeirri stétt og veit vel um það, að mjög hefur þrengt að efnahag bænda á síðastliðnum missirum.

Landbrh. (*Ingólfur Jónsson*): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ræða hv. síðasta ræðumanns gefur ekkert tilefni til þess að halda hér langa ræðu um þetta mál. Hann segir, að annar forustumaður þess ræktunarsambands, sem keypti stóra vél í fyrra, hafi talið, að 200 þús. kr. styrkur væri alls ekki fullnægjandi fyrir sitt samband. Ég get vel trúað því, að hann hafi sagt það, enda er hér boðið upp á allt annað og meira en aðeins 20% styrk af kaupverði einnar vélar. Þau ræktunarsambönd, sem keyptu vélar í fyrra, hafa ekki fengið nein lán, og þess vegna er ekkert óeðlilegt, þótt þessi vélakaup hvíli nokkuð þungt á þeim. En eins og hv. 2. þm. Sunnl. veit, þá er gert ráð fyrir, að lán og styrkur verði nú 50—60% samanlagt af kaupverði vélanna. Ef þessi tvö ræktunarsambönd væru þegar búin að fá það, þá er ég viss um, að þau teldu hag sínum sæmilega borgið. Annan þessara manna hef ég rætt við, og hann hefur fullyrt, að ef ræktunarsambandið ætti kost á 50—60% í lánum og styrk, þá væri þessu sæmilega borgið. Og það er það, sem hér er verið að tala um að gera.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagðist ekki hafa vitað um, hvort peningar yrðu útvegaðir til þessara hluta. Það verður vitanlega að reikna með því, að þegar talað er um að veita lán og styrk, þá verði peningar til þessara hluta. Það verður að reikna með því. Og ég veit, að hv. 2. þm. Sunnl. reiknar með því.

Þá talar hv. þm. um það, að 20 sambönd hafi þegar lagt inn umsóknir sínar, 19 eða 20. Það mun vera rétt, að þau hafa látið um það vita, að þau hafi áhuga fyrir að endurnýja vélakostinn, en ekki á þessu ári öll, — ekki nema aðeins nokkur á þessu ári, en hin á næsta og næstu árum. Og það gerir vitanlega meginmuninn í þessu. Ef þetta kæmi allt yfir á eitt ár, þyrfti vitanlega mikla fjármuni bæði í styrk og lán.

Um það, að hér væri allt í blóma, ef vinstri

stjórnin og vinstri stefnan hefði verið ráðandi enn í dag, ætla ég ekki að ræða. Ég veit, að hv. þm. gera sér ljóst, að þessi fullyrðing hv. 2. þm. Sunnl. stenzt ekki, og ég segi það, að ég ann þessum hv. þm. betri hlutar en að koma hér upp í ræðustólinn með slíka fullyrðingu, sem allir hv. þm. hlæja að í hjarta sínu, hvaða svip sem þeir kunna að setja upp, þegar orðin eru sögð. Og þegar svo sanngjarn maður eins og þessi hv. þm. kemur hér með slíkar fullyrðingar í fullu tilgangsleysi, þá vil ég segja það, að ég vil unna honum betri hlutar.

Það má vel vera, að það verði einhver samdráttur í framkvæmdum, og það þarf ekki að vera vegna peningaleysis. Við vitum það, að um mörg undanfarin ár hafa bændur ekki átt kost á því að hafa vinnufólk, hvorki karla né konur, og þetta hefur gert búreksturinn mjög erfiðan oft og tíðum og síður eftirsóknarverðan en í gamla daga, þegar hægt var að hafa vinnukonur og vinnumenn, eins og hver vildi, fyrir lítið kaup. Þess vegna er það, að þegar bændur hafa ræktað svo mikið, að ræktunin ber stórt bú, sem hjónin og skyldulið getur hugsað um, þá hugsar sá bóndi: Ja, það þýðir ekki fyrir mig að rækta öllu meira í bili, vegna þess að ég með því vinnuafli, sem ég hef yfir að ráða, ræð ekki við meira. — Þess vegna er hætt við því, að það geti borið á því, að einstöku bændur, sem lengst eru komnir, dragi nokkuð úr framkvæmdum í bili, þangað til farið er að hugsa um að skipta jörðinni á milli barnanna í tvíbýli, þegar börnin eru komin á þann aldur. Og það hefur einmitt gerzt í nokkuð stórum stíl hér á Suðurlandi og víðar um land, og það má segja að það sé rétt og að það sé holl stefna.

En við skulum vera bjartsýn á það, að ræktuninni verði haldið áfram á Íslandi og landbúnaður megi eflast á Íslandi. Og við skulum ekki vera að deila lengi um það, hv. 2. þm. Sunnl. og ég, hverjum er bezt trúandi til þess að stuðla að því, að nú og í framtíðinni megi landbúnaður eflast. Ég fullyrði það og ég vil viðurkenna það, að þessi hv. þm., 2. þm. Sunnl., vill ljá því máli lið heils hugar, sem má verða landbúnaðinum til góðs. En um leið og ég gef honum þessa viðurkenningu, þessa kvittun, þá verður að ætlast til þess, að hann einnig, a. m. k. þegar hann sér sér engan stundarávinning í öðru, gefi öðrum sams konar kvittun, ef hann vill líta hlutlausum augum á starf þeirra, sem vitanlega hafa stuðlað að framförum í sveitum ekkert síður en hann eða hans flokkur.

Ég þarf svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta. Ég endurtek það, að nál. meiri hl. er eðlilegt að samþykkja og með því þjónum við þeirri stefnu, sem má verða landbúnaðinum til framfara.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Það var í raun og veru aðeins eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Sunnl. (ÁÞ), frsm. minni hl., sem ég finn ástæðu til að fara nokkrum orðum um, og það var það, sem hann sagði, að við héldum því fram í meirihlutaáliti okkar, að með þeirri einu milljón, sem veitt hefði verið á fjárlögum 1961, væri vandamál ræktunarsambandanna leyst. Og hann sagðist vilja mótmæla þessu. En ég vil alveg eins segja, að ég mótmæli alveg þessum skilningi. Það, sem við bendum á, og það, sem er ómótmælanlegt, er það, að með afgreiðslu fjárlaga fyrir 1961 er skorið úr um það, hvað mikið fé verði til ráðstöfunar í þessu skyni á því ári. Og þó að Alþingi samþykkti hér einhver lög síðar um eitthvað annað, þá breyttu þau engu um þessa staðreynd. Þetta vil ég alveg sérstaklega benda á og taka fram.

Það segir þannig í áliti meiri hl., með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárlögum fyrir árið 1961 er veitt 1 millj. kr. framlag til kaupa á jarðræktarvélum ræktunarsambandanna. Í því er fólgin viðurkenning Alþingis á nauðsyn málsins og leystur að þessu sinni sá þátturinn, sem mikilvægastur er."

Þetta vil ég alveg sérstaklega undirstrika og endurtaka, að það mundi engu breyta, þó að einhver lög væru samþykkt nú, sem fælu eitthvað annað í sér, — fjárlagaákvæðið hlyti að vera það, sem gildir, og skera úr um það, hve mikið fé er til ráðstöfunar í þessu skyni.

En það var þó eitt annað atriði, sem mig langaði aðeins til að víkja hér að.

Hv. frsm. minni hl. komst að orði eitthvað á þá leið, að bændur hefðu fengið helmingsstyrk út á vélarnar og mundu þurfa þess áfram. Ég vil vekja athygli á því, að þegar talað er um styrk í þessu sambandi, og þá er átt við það framlag, sem veitt hefur verið úr ríkissjóði til kaupa á þesum vélum, að á þessu framlagi og láni er í raun og veru enginn eðlismunur. Þessi aðstoð, sem þannig hefur verið veitt til ræktunarsambandanna, hefur í raun og veru alltaf verið í lánaformi, að vísu mjög hagkvæmu. Það ber að athuga, að í gegnum fyrningarákvæði ræktunarsambandanna, þar sem ákveðið er, að vélarnar séu fyrntar á rösklega 6 árum, endurgreiða samböndin þetta framlag til fyrningarsjóðanna. Það kemur þess vegna mjög svipað út og ef þau hefðu fengið þetta fé að láni í lánsstofnun. Það hefðu þau líka orðið að endurgreiða lánsstofnuninni, en þá hefðu þau ekki lagt tilsvarandi upphæð í fyrningarsjóðina. Sá eini munur, sem á þessu er, og hann er að vísu nokkurs virði, er sá, að yfirleitt hefur þetta fyrirkomulag verið nokkru hagstæðara, því að í byrjun hefur þetta framlag verið vaxtalaust, sem hefði vitanlega orðið að greiða af vexti, ef það hefði verið beinlínis sem lán í upphafi.

Þetta vildi ég gjarnan að kæmi hér fram, til þess að menn áttuðu sig á því almennt, hvað hér er um að ræða, þegar talað er um styrk til ræktunarsambandanna í þessu formi. Ég er ekki með þessu að draga neitt úr því mikilvægi, sem í þessari aðstoð hefur verið fólgið, en ég vil bara benda á það, að í raun og veru er hún miklu skyldari því að vera lán heldur en styrkur.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í nál. meiri hl. landbn. á þskj. 384 er á það bent, að ræktunarsjóður hafi heimild til að lána fé til vélakaupa ræktunarsambandanna. Þetta var mönnum kunnugt áður. En það er þýðingarlítið að vísa á stofnun til að fá þar lán, ef hún hefur ekki peninga til að lána. Það segir í þessu nál.,

að landbrh. hafi tilkynnt þeim nm., að hann muni beita sér fyrir því, að ræktunarsamböndin geti fengið lán í þessum sjóði til greiðslu á nokkrum hluta af kaupverði vélanna. En ég vil spyrja: Hvenær fást slík lán úr ræktunarsjóði? Mér er kunnugt um það, að ræktunarsjóð vantar nú fé til annarra lánveitinga einnig. Það liggja óafgreiddar nú hjá ræktunarsjóði lánaumsóknir frá allmörgum bændum, sem þeir sendu sjóðnum fyrir síðustu áramót, en hafa ekki fengið afgr. enn. Mér er kunnugt um þetta, því að ég hef umboð til lántöku, og þar var það þannig, að umsóknir voru sendar sjóðnum fyrir síðustu áramót, en lán fékkst ekki afgreitt þá. Og þegar ég hef spurt um það í Búnaðarbankanum og það nú nýverið, þá er mér sagt, að það sé allt í óvissu um, hvenær lán fáist, því að þar séu ekki peningar til og ekki kunnugt forráðamönnum bankans, hvenær sjóðurinn fái peninga til útlána.

Það hefur verið venja á undanförnum árum, að ræktunarsjóður hefur veitt nokkur lán snemma á árinu til þeirra, sem höfðu sent lánaumsóknir um áramótin, en af ýmsum ástæðum ekki fengið afgreiðslu sinna mála fyrir nýár. Þetta hefur verið venja, að slíkar umsóknir hafa verið afgreiddar snemma á árinu. Og nú vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Hvenær verður ræktunarsjóði útvegað fé til þess að afgreiða þær lánaumsóknir frá fyrra ári, sem þar liggja fyrir frá bændum, vegna framkvæmda, sem þeir stóðu í árið sem leið, og þá jafnframt til þess að lána ræktunarsamböndum samkvæmt þeirri ávísun, sem hér er á sjóðinn gefin í þessu nál.? Hvenær koma þessir peningar í sjóðinn? Það er ekki útlit fyrir, að hann geti sinnt þessum lánbeiðnum, nema ríkisstj. eigi hér hlut að máli. Þannig hefur þetta oft verið áður. Ég vildi óska eftir svari frá hæstv. ráðh. um þetta, svo að bæði ég og aðrir, sem þarna erum að leita eftir lánum, fái vitneskju um það, hvenær peningar koma í sjóðinn og hvenær við getum fengið afgreiðslu á þessum málum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) spurði hér ákveðið um það, hvenær ræktunarsamböndin gætu vænzt þess að fá lán úr ræktunarsjóði samkvæmt þeirri ávísun, sem gefin er í nál., eins og hann orðaði það. Ræktunarsamböndin hafa ekki enn sótt um lán úr ræktunarsjóði og væntanlega verður það tekið fyrst til athugunar, þegar umsókn liggur fyrir eða umsóknir.

En í sambandi við peningaleysi ræktunarsjóðs, sem hv. þm. gerði mikið úr áðan, þá vil ég gleðja þá hv. þm., sem bera hag ræktunarsjóðsins mest fyrir brjósti, og segja þeim, að nú eru aðeins 6 millj. kr. óafgreiddar frá fyrra ári, en hefur verið undanfarin ár ekki minna, stundum meira. Síðan ég gerðist milligöngumaður um lán úr ræktunarsjóði, — en síðan eru 26 ár, að ég fór að taka umboð fyrir ýmsa bændur og taka lán fyrir þá úr ræktunarsjóði, — hafa þau lán, sem ekki fengu afgreiðslu fyrir áramót, vegna þess að lánaumsóknirnar komu of seint, aldrei verið afgreidd fyrr en í marz og stundum ekki fyrr en í apríl. Og ég get upplýst það, að þessar 6 millj. kr., sem nú bíða frá fyrra ári, munu verða afgreiddar í marz eða apríl í ár. Um það hef ég rætt við bankastjóra Búnaðarbankans. Og ég geri ekki ráð fyrir, að ríkisstj. þurfi sérstaklega að útvega það fé, því að það vill nú svo til, að það er svo mikið útistandandi hjá ræktunarsjóði af lánum, sem hafa verið lánuð á undanförnum árum, að vaxta- og afborgunartekjur sjóðsins, sem komu inn í desember og koma inn þessa mánuði, munu samsvara þessari upphæð, þannig að við þurfum ekki út af fyrir sig að hafa áhyggjur af þessum 6 millj. Þeir, sem lögðu inn lánabeiðnir fyrir áramótin og fengu ekki afgreiðslu þá, munu verða afgreiddir á þessum vetri.

En hvenær verður ræktunarsjóði úthlutað fé? spyr hv. þm. Hafið þið heyrt þessa spurningu áður frá hv. 1. þm. Norðurl. v.? Það er eins og þessir menn haldi, að ræktunarsjóður fái aldrei fé. Hvenær fær hann fé? Ræktunarsjóður fær vanalega fé til útlána á haustin, og fé, sem ræktunarsjóði þarf að útvega og verður að útvega með einhverju móti á þessu ári, þarf hann að fá til ráðstöfunar á næsta hausti út á framkvæmdir, sem unnar verða á þessu ári, næsta sumar. Og það er vitanlega verkefni núv. ríkisstj. að útvega þetta. En það er ekki létt verk, og það ætti hv. 1. þm. Norðurl. v. að vita, að það er ekkert létt verk að gera lánasjóði landbúnaðarins starfhæfa eftir þá meðferð, sem þessir sjóðir hafa fengið, og þá ráðstöfun, sem gerð hefur verið undanfarin ár með því að láta þessa sjóði hafa mest af útlendu fé til ráðstöfunar og taka á sig alla áhættu, sem því fylgir að nota útlent fé.

Ef sjóðir Búnaðarbankans hefðu á undanförnum árum fengið fé til ráðstöfunar á sama hátt og á s. l. ári, sem núv. ríkisstj. útvegaði, þá væri hagur þessara sjóða okkur ekkert áhyggjuefni í dag. Þá væri grundvöllur fyrir starfsemi þessara sjóða. Og þá þyrfti ekki að eyða orku í það að útvega fé, ekki til þess að lána út á framkvæmdir, heldur til þess að borga vaxtatapið og gengistapið. En framsóknarmenn kunna eitt ráð við því að losna við það, það er bara að samþykkja frv. upp á 160 millj. kr. eftirgjöf. Var það ekki til umræðu hér í Ed. í vetur? Það er enginn annar vandi en bara að samþykkja 160 millj. kr. eftirgjöf í einu lagi, þá er fjárhagur þessara sjóða tryggður. En þeir minnast þess nú ekki, að formaður Framsfl., þegar hann veitti vinstri stjórninni forstöðu, hafði vilja til þess, því að hann sá hvað leið, að reyna að koma fótum undir þessa sjóði, en hann gat ekki fengið þá eftirgefnar 30—40 millj. En það er mikið traust, sem hv. framsóknarmenn hafa á núv. ríkisstj., að hún geti tekið í einu 160 millj. kr. bagga, þegar vinstri stjórnin gat ekki tekið 30—40 millj. En þetta er alvörumál, og ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir þeim vanda, sem þessari alvöru fylgir, og hefur hug á að leysa hann.

Ég held, að ég hafi svarað fsp. hv. þm., og vænti, að þetta nægi.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. landbn. á þskj. 384 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 16:12 atkv.

3. Fæðingarorlof.

Á 20. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um fæðingarorlof [100. mál] (þmfrv., A. 111).

Á 22. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Margrét Sigurðardóttir): Herra forseti. Sú hefur orðið reyndin um heim allan, að með breyttum þjóðfélagsháttum, vélvæðingu og sérhæfingu hætta heimilin að vera þær vinnustöðvar, sem þau voru áður. Afleiðingin er óhjákvæmilega sú, að fjöldi kvenna leitar sér starfssviðs utan vébanda þeirra, auðvitað fyrst og fremst ógiftar konur og barnlausar, en í æ ríkara mæli einnig þær, sem eiga fyrir heimili að sjá.

Hvort sem mönnum geðjast þessi þróun eða ekki, mun öllum aðilum hollast að viðurkenna, að þannig er þessu varið. Það mun affarasælast að átta sig á nýjum og breyttum viðhorfum og snúa sér að athugun á því, hvernig bezt er hægt að samræma þátt konunnar í athafnalífinu hennar mikilvægasta verkefni, móðurhlutverkinu. Þau spor, sem stigin eru í þá átt að gera konunni auðveldara, árekstraminna og öruggara að annast störf sín, jafnframt því sem hún rækir skyldurnar við börn sín, eru heillavænleg spor, líkleg til að skapa þjóðfélaginu farsæld og kjölfestu.

Það frv. um fæðingarorlof, sem hér liggur fyrir, er hugsað sem liður í þeirri mæðravernd, sem öll nútíma menningarþjóðfélög láta sér annt um að efla.

Til marks um þá þýðingu, sem þeir aðilar, sem forustu hafa um þjóðfélagslegar umbætur í heiminum, telja, að þessi þáttur mæðraverndar hafi, er það, að til er alþjóðasamþykkt um þetta efni frá árinu 1919. Á alþjóðavinnumálaþinginu í Genf 1952 er hún endurskoðuð og liggur fyrir sem samþykkt nr. 103 til fullgildingar öllum þjóðum, sem eru aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, en meðal þeirra er Ísland.

Það frv., sem hér liggur fyrir, byggist í höfuðdráttum á efni þeirrar samþykktar. Það mundi, ef að lögum yrði, skapa grundvöll þess, að Ísland fullgilti hana, ekki aðeins í orði, heldur framkvæmdi í reynd þessa alþjóðasamþykkt, sem menningarþjóðum er ætlað að tileinka sér.

Full ástæða er til að ætla, að þetta mál njóti skilnings hér á landi, og það hefur reyndar sýnt sig í verki. Eins og kunnugt er, hafa konur í þjónustu ríkis og bæja þriggja mánaða orlof með fullum launum vegna barnsburðar. Virðist það einfalt réttlætis- og sanngirnismál, að konur, sem vinna hin erfiðustu störf í framleiðslunni, iðnverkakonur, verzlunar- og fjöldi skrifstofustúlkna, fái einnig að njóta þeirra réttinda, sem konur í þjónustu ríkisins hafa notið um sex ára skeið.

Verkakvennafélög hafa vitanlega haft mikinn hug á að tryggja félögum sínum fæðingarorlof, en lítið orðið ágengt í samningum við atvinnurekendur. Aðeins tvö félög hafa náð samningum um þetta atriði. Alþýðusambandið hefur og tekið þetta mál föstum tökum og skipaði milliþinganefnd í málið á Alþýðusambandsþinginu 1958. Er nefndarálit þeirrar nefndar birt sem fskj. með þessu frv.

Kvennasamtökin í landinu hafa og gert samþykktir um þetta mál. T. d. segir svo í tryggingamálasamþykktum landsfundar kvenna, sem haldinn var í sumar er leið, með leyfi hæstv. forseta: „Þá telur fundurinn eðlilegt, að konur í öllum atvinnustéttum hafi rétt til fæðingarorlofs, eins og gildir um starfsmenn ríkis og bæja."

Allt þetta sýnir, að málinu er haldið vel vakandi hér á landi og mikill áhugi ríkir fyrir framgangi þess, þó alveg sérstaklega hjá þeim konum, sem gætu orðið orlofsins aðnjótandi, enda eru fæðingarorlof mjög vinsæl meðal þeirra, sem njóta þeirra nú þegar.

Þegar um þetta mál er fjallað, er skylt að geta þess, að fæðingarorlof eru í rauninni ekki óþekkt í okkar tryggingalöggjöf. Í lögum um almannatryggingar frá 1946 voru ákvæði um greiðslur í 3 mánuði vegna barnsburðar. Það, sem á milli ber þessara ákvæða í tryggingalögunum frá 1946 og frv., sem hér liggur fyrir, er í stuttu máli þetta:

Í tryggingalögunum var greiðsla þessi einungis ætluð ógiftum mæðrum. Mun hafa verið litið svo á, að þar sem þær hefðu ekki eiginmann að bakhjarli, bæri þjóðfélaginu að veita þeim þennan styrk. Í frv. er hins vegar enginn munur gerður á giftum konum og ógiftum, þar sem telja verður, að flestallar konur, sem leggja fyrir sig störf utan heimilis, hafi þörf fyrir launin, sem fyrir þau eru greidd, og jafnframt, að þjóðfélaginu sé þörf og þökk að hverri vinnandi hönd, sem nytsöm störf vinnur. Þá er það annað, sem á milli ber, að samkvæmt tryggingalögunum var hér um að ræða fastákveðna greiðslu, jafna til allra, sem á annað borð áttu rétt á henni. Sú greiðsla jafngilti rúmlega mánaðarlaunum skrifstofustúlkna á árinu 1947. En í frv. er gert ráð fyrir, að greiðslan miðist við launatekjur viðkomandi konu og sé ¼ af árstekjum hennar, eða sem svarar þriggja mánaða launum til þeirra, sem vinna allt árið eða eru fastráðnir starfsmenn. Í tryggingalögunum frá 1946 voru þessar bætur greiddar beint úr hinum almenna sjóði tryggginganna. En í frv. er gert ráð fyrir sjóðmyndun, sem atvinnurekendur annars vegar og ríkissjóður hins vegar greiði til. Sá sjóður skal að vísu vera í vörzlu Tryggingastofnunarinnar og undir stjórn tryggingaráðs, en skal standa allan straum af greiðslu orlofsfjárins.

Eins og hv. alþm. mun kunnugt, er þetta ákvæði um þriggja mánaða greiðslu vegna barnsburðar, sem var í tryggingalögunum frá 1946, ekki lengur við lýði. Við endurskoðun laganna 1951 var það úr gildi numið. Sömuleiðis var þá felld úr tryggingalögunum bótagreiðsla, sem mæður, sem unnu ekki utan heimilis síns, fengu „upp í þann kostnað, sem fæðingin hafði í för með sér," eins og það er orðað í tryggingalögunum. Eftir var þá aðeins hinn almenni fæðingarstyrkur, sem greiðist öllum mæðrum jafnt. Hann var hækkaður 1951 og er nú röskar 2 þús. kr. Hann hrekkur rétt aðeins til greiðslu vegna sængurlegu á fæðingarstofnun og gengur beint til þess, þannig að móðirin fær hann ekki í hendur til persónulegra afnota. Hins vegar er styrkurinn greiddur beint til móðurinnar, ef hún elur barn sitt í heimahúsum.

En þar mun einnig verða sú raunin á, að hann hrekkur rétt aðeins til beinna útgjalda vegna barnsburðarins.

Það liggur í augum uppi af því, sem hér hefur verið sagt, að þessi vísir að fæðingarorlofi, sem fólst í lögunum frá 1946, var ófullnægjandi og í honum gætti beinlínis rangláts misræmis gagnvart giftum mæðrum, sem missa tekjur vegna barnsburðar. Hvort fyrir hv. alþm. hefur vakað að afnema það misrétti eða um beina sparnaðarráðstöfun hefur verið að ræða á þinginu 1951, er mér ekki kunnugt. En það er ljóst, að við þá breytingu, sem þarna var gerð, var stigið spor aftur á bak í tryggingamálum okkar, ekki einungis vegna þess, að fáir eða engir munu hafa við erfiðari lífskjör að búa í þessu landi heldur en einstæðar mæður, — og það er því sannarlega ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur, þegar dreginn er spónn úr aski þeirra, — heldur einnig vegna þess algilda sannleika, „að mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið.“ Og þarna var sporið stigið aftur á bak, í staðinn fyrir að taka sporið fram á við og láta alla, sem eðli málsins samkvæmt gátu átt rétt til þess að njóta þessara bóta, fá tilkall til þeirra.

Hv. alþm. gefst nú tækifæri til að snúa frá þeirri öfugu braut, sem haldið var inn á í þessum efnum árið 1951, og samþykkja með frv. því, sem hér liggur fyrir, fæðingarorlof til handa öllum konum, sem launaða vinnu stunda. Ég efa ekki, að þeim muni ljúft að sýna, „að mönnunum munar nokkuð á leið“.

Nú kann einhver að segja sem svo, að ekki sé öllu réttlæti fullnægt í þessum efnum með þeirri úrlausn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Sá hópurinn, sem stærstur sé, fái enga úrlausn samkv. því. En það eru mæðurnar, sem vinna allt sitt starf á heimilunum og teljast því ekki til launþega. Það er vissulega rétt, að um þennan hóp kvenna er ekki fjallað í þessu frv. Að því, að þær eru undanskildar, liggja þau rök, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi: Konur, sem vinna heimilisstörf eingöngu, sinna venjulega störfum sínum allt fram að fæðingu barnsins og hverfa að þeim aftur fljótlega eftir barnsburð, þó vitanlega að því tilskildu, að konan þjáist ekki af neinum óeðlilegum sjúkdómi. Séu börn viðkomandi konu fá eða engin, verður röskun á starfi hennar mjög óveruleg. Kona, sem starfar utan heimilis síns, verður hins vegar í langflestum tilfellum að hverfa frá starfi nokkrum vikum fyrir barnsburð, og mjög er óheppilegt, að hún sé mestan hluta dagsins í burtu frá barni sínu fyrstu vikurnar af ævi þess.

Í öðru lagi er ákaflega erfitt að finna aðila, sem með eðlilegum hætti stæði undir þeim iðgjöldum, sem af svo almennu fæðingarorlofi leiddi. Kæmi þar varla til mála annar aðili en ríkissjóður. Að vísu mætti segja, að það lægi beint við, að öll hjón greiddu iðgjöld til orlofssjóðsins. En til þess að um verulega upphæð væri að ræða frá þeirra hendi, þyrfti talsverð skattlagning að koma til. Er ástæða til að ætla, að Alþingi teldi slíkt ekki heppilegt, og styðst sú skoðun við afgreiðslu á hliðstæðu frv., sem að lögum varð á síðasta Alþingi, en það var frv. um orlof húsmæðra. Eins og kunnugt er, felldu hv. alþm. úr þau ákvæði frv., sem gerðu ráð fyrir sérstakri iðgjaldagreiðslu húsmæðranna.

Í þriðja lagi er það, sem er langveigamest í þessu sambandi, að hjálp, sem að gagni mætti koma húsmæðrum undir þessum kringumstæðum, þyrfti að veita í öðru formi en hér er ráð fyrir gert. Kæmi þar til greina heimilishjálp til að annast heimilin, á meðan húsmóðirin liggur á sæng. Er það vissulega hjálp, sem mjög mikil þörf er að veita barnmörgum heimilum, og full ástæða til að taka það mál til rækilegrar athugunar, þó að hér verði ekki nánar farið út í það.

Af þessum sökum öllum þótti eðlilegast að leggja fyrir frv. um fæðingarorlof einungis til handa þeim konum, sem eru launþegar.

Ekki er hægt að segja með vissu, hve há sú upphæð yrði, sem kæmi til greiðslu úr fæðingarorlofssjóði samkv. þessu frv. Skattstofan í Reykjavík hefur samkvæmt beiðni milliþinganefndar Alþýðusambandsins látið framkvæma lauslega athugun á því, hversu margar konur gætu átt rétt á fæðingarorlofi í Reykjavík, en sú athugun mun miðuð við skattframtöl ársins 1958, og eftir þeim upplýsingum, sem þar liggja fyrir, mundu ársútgjöld sjóðsins ekki fara fram úr 4 millj. kr. fyrir allt landið, en yrðu sennilega lægri.

Með tilliti til þess, að atvinnurekendum er það beinn hagnaður, að atvinnureksturinn eigi jafnan kost á nægum vinnukrafti, þótti rétt að ætla atvinnurekendum að standa undir iðgjöldum til fæðingarorlofssjóðsins til helminga á móti ríkissjóði. Í frv. er miðað við, að greiðslur atvinnurekenda miðist við vinnuvikur, og er þetta sami háttur og hafður er á um iðgjöld til slysatrygginga, og er því fengin reynsla fyrir álagningu og innheimtu iðgjalda á þennan hátt.

Í okkar litla þjóðfélagi, þar sem verkefnin eru mörg, en hendurnar fáar til að anna þeim, er nauðsynlegt að gera sem flestum kleift að vinna við framleiðsluna og önnur þarfleg störf. Sá er annar höfuðtilgangur þessa frv. Hinn er sá að auka og treysta mæðravernd. En hún verður að teljast einn af hornsteinum félagslegs réttlætis í hverju þjóðfélagi. Með því að lögfesta fæðingarorlof til handa þeim konum, sem launþegar teljast, aukum við og styrkjum mæðravernd í landi okkar. Í þessum tilgangi er þetta frv. fram borið. Ég vildi mega vænta þess, að frv. fái vinsamlega og nákvæma athugun í nefnd.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. sé að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel það stóran galla á þessu frv., að samkvæmt því eiga aðeins þær konur, sem taka laun fyrir vinnu sína, að njóta þeirra fríðinda, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þær húsmæður, sem vinna allt sitt starf á heimilunum, við heimilishaldið og við uppeldi barna sinna, gegna ákaflega þýðingarmiklum störfum í þjóðfélaginu, og ég tel það óréttmætt, að þær konur séu settar skör lægra en aðrar. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu nú þegar við 1. umr. málsins og beina því til þeirrar nefndar, sem um það fjallar, að íhuga það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 55., 56., 57., 58. og 62. fundi í Nd., 3., 6., 7., 9. og 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 14. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 111, n. 292 og 318, 361).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr. Leggur meiri hl. til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar, eins og tekið er fram á þskj. 292, en minni hl. vill hins vegar, að frv. verði samþ. óbreytt, sbr. nál. á þskj. 318. Sem rök fyrir tillögu meiri hl. vil ég leyfa mér að segja nokkur orð.

Meginefni frv. þess, sem hér er til umr., er sem hér segir:

1) Að allar konur, sem taka laun fyrir vinnu sína, skuli eiga rétt á orlofi vegna barnsburðar í 90 daga með fullum launum í þeirri atvinnugrein, sem konan vinnur við, sé hún fastráðin, en annars sem svarar ¼ af launum hennar samkv. skattaframtali s. l. árs.

2) Að þær konur, sem tryggt hafi sér betri kjör um fæðingarorlof með lögum eða með samningum, haldi þeim réttindum óskertum.

3) Að kostnaðurinn við orlof þetta greiðist úr sameiginlegum sjóði, en tekjur sjóðsins verði iðgjöld frá öllum þeim aðilum í landinu, sem hafa launþega í þjónustu sinni, og jafnhátt framlag úr ríkissjóði, en upphæðin ákveðist árlega með reglugerð, og framkvæmdin sé í höndum Tryggingastofnunar ríkisins.

Skal ég ræða þessi atriði nokkru nánar.

Grundvallarreglan með breytingum á lagaframkvæmdum ætti jafnan að vera sú, að allir væru jafnir fyrir lögunum. Sé þeirri reglu ekki fylgt, er mikil hætta á því, að allt verði gert til þess að sniðganga þau og lama þannig tilgang þeirra og áhrif. Eins og þetta frv. ber með sér, er hér nokkurt ósamræmi á milli mæðra, sem sinna þeirri þjóðfélagslegu nauðsyn að ala börn, annast þau og veita þeim uppeldi. Og þetta ósamræmi er svo stórkostlegt, að það vekur undrun, a. m. k. mína, að félagsskapur eins og Kvenréttindafélag Íslands, sem maður skyldi ætla að væri jafnan vel á verði fyrir rétti allra kvenna og þó einkum á verði fyrir rétti allra mæðra, skuli ekki hafa séð þessa augljósu staðreynd og bent á hana í umsögn sinni, sem félagið sendi n. um frv. það, sem hér liggur fyrir. Mætti segja mér, að einhver þeirra mæðra, sem með þessu frv. fær engan rétt, þótt að lögum yrði, ætti til þann þótta að taka slíku ekki þegjandi.

Verði frv. samþykkt óbreytt, gefur það hverri konu, sem laun tekur fyrir vinnu sína, rétt til orlofs vegna barnsburðar, sem svarar 25% af launum þann starfstíma, sem hún hefur unnið, og með þeim launum, sem hún hefur, ef hún er fastráðin. En annars skal þetta miðað við laun, sem hún kann að hafa haft árið áður og þá talið fram. Nú gæti það t. d. komið fyrir konu, sem legið hefði á sjúkrahúsi í heilt ár, m. a. vegna þess að hún hefði misst fóstur eða afleiðingar þess valdið langvarandi heilsuleysi, eða af einhverjum öðrum ástæðum, að á næsta ári byði hún sig í vinnu og á því ári yrði hún barnshafandi og fæddi barnið áður en árið er á enda. Samkv. frv. óbreyttu fengi þessi kona ekkert fæðingarorlof. Ég veit ekki, hvort hv. flm. hefur ætlazt til þess, að þannig skyldi það vera, eða hér er um flaustursverk að ræða í samningu frv., sem svo hefur smitað bæði kvenfélagsstjórnina og aðra þá, sem mæla með því, að frv. verði gert að lögum þannig.

Þá vil ég einnig benda á, að kona, sem hefur fasta stöðu með fullum launum, t. d. hjá ríki eða bæ, en vinnur auk þess hjá öðrum aðila fyrir e. t. v. jafnháum launum, ætti rétt á tvöföldu fæðingarorlofi að 1. gr. frv. óbreyttri. Nú getur vel verið, að flm. frv. hafi ekki hugsað sér þetta, en eins og frv. er nú, verður ekki annað séð en sá réttur sé óskertur, að kona ætti bæði kröfu á launum samkvæmt samningum eða öðrum lögum og einnig fæðingarorlof úr sjóðnum. Sé hins vegar til þess ætlazt, að sú kona, sem tryggt hefur sér 90 daga fæðingarorlof með fullum launum, annaðhvort með öðrum lögum eða samningum, njóti aðeins þessa orlofs, en fengi ekki neinn orlofsrétt vegna annarrar vinnu, þarf að gera þau ákvæði miklu skýrari í löggjöfinni.

Þá hygg ég rétt að benda á, að konur, sem vinna að framleiðslustörfum án þess að taka laun hjá öðrum, og það gerir mikill meiri fjöldi kvenna í landinu en hinar, sem vinna fyrir launum frá öðrum, svo sem allar sveitakonur, auk þeirra kvenna, sem reka sjálfstæðan iðnað, verzlun og alls konar þjónustu, og hinar allar, sem stunda húsmóðurstörf, sem beinlínis eru einn meginþátturinn í þjóðfélagsbyggingunni og gera það yfirleitt kleift að halda uppi framleiðslu í landinu og sæmilegum lífskjörum, þær eiga einskis góðs að njóta af þessum nýju fríðindum, ef frv. verður að lögum óbreytt. Það mundi, þegar svo er komið, ekki verða undantekning, heldur miklu fremur aðalregla, að kona, sem þannig stundar framleiðslu á einn eða annan hátt, tekur þar í sinn hluta tap og gróða eftir því, hvernig heppni og aðstæður bjóða, og stendur í barneignum á hverju ári, á einnig að greiða skatt í orlofssjóð fyrir þá, sem hún kynni að greiða laun, hvort sem væri um að ræða karla eða konur og hvort sem hún greiðir það ein eða í félagi við maka sinn, — hún á einskis að njóta úr sjóðnum um barnsburð, en þjónustustúlka hennar, ein eða fleiri eftir ástæðum, hefur rétt til að taka sér orlof í 3 mánuði, þegar svo stendur á, og skilja húsmóðurina eftir undir sömu kringumstæðum með enn meira álag hvað snertir störf og rekstur heimilisins og framleiðslu fyrirtækisins. Ég fæ ekki séð, að hér sé um þau kvenréttindi að ræða, sem Kvenréttindafélaginu ber að bera fram til sigurs, eða hv. deild eigi að skapa með samþykkt þessa frv. slíkt misrétti milli mæðra í landinu, sem allar, hver á sinn hátt, gegna þeirri þjóðfélagsnauðsyn að ala börn og fóstra þau.

Það þykir einnig rétt að benda á, að sá möguleiki er opinn upp á gátt, að konur, sem eru ekki í fastri atvinnu, ráði sig þannig, jafnskjótt og þær verða þungaðar, aðeins til málamynda, gegn laun-

um, sem aldrei væru greidd, en gæfu fullan rétt til greiðslu úr orlofssjóði. Hefur Tryggingastofnun ríkisins, sem ætlað er það hlutverk að hafa á hendi framkvæmd laganna, bent á, að hér þurfi miklu betur um að búa, ef ekki á að vera mjög auðvelt að misnota þetta ákvæði, svo að tryggt verði, að framkvæmdin verði ekki allt önnur en til er ætlazt.

Það skal enn fremur bent, á, að fjárframlögin til þess að standast útgjöldin eiga samkv. frv. að leggjast sem beinn skattur á alla þá, sem laun greiða, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði. Hér er ekki ætlazt til þess, að þiggjandi greiði neinn hluta kostnaðar. Hér er því um beinan, nýjan skatt að ræða á atvinnuvegi landsmanna, sem þó aðeins veitir fríðindi litlum hluta þeirra kvenna, sem börn ala.

Það skal einnig bent á, að í gildi eru lög um orlof almennt og auk þess lög um orlof húsmæðra, sem samþykkt voru á síðasta þingi, auk þess sem orlofsákvæði kvenna eru tekin upp í einstöku samninga, svo sem bent hefur verið á. Er ekki eðlilegt, ef lögbjóða á orlof kvenna almennt, að þá verði ákvæði um það sett í eina heildarlöggjöf, en ekki sett um það sérlög fyrir hvern einstakan atvinnuflokk kvenna, eins og hér er stefnt að?

Eins og frv. er byggt upp, er það raunverulega hvort tveggja í senn: orlof og atvinnutrygging, en þetta tvennt eru gerólík atriði. Ef tryggja á konum almennt að halda launatekjum sínum, þótt þær verði að láta af störfum vegna barnsburðar um ákveðinn tíma, þá er hér um að ræða ákvæði, sem eiginlega eiga beinlínis heima í tryggingalöggjöfinni, og kæmi þá til athugunar, hvort ekki ætti að hækka svo fæðingarstyrkinn, að hann samsvari þeim fríðindum, sem hér er farið fram á, en eftir því sem forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins gaf upplýsingar um, mundi hann þá verða að hækka um sem svarar allt að sexfaldri þeirri upphæð, sem hann er nú.

Með tilvísun til þessa, sem ég hef hér sagt, telur meiri hl. n., að málið hafi ekki fengið nægilegan undirbúning og það þurfi því að athuga það miklu betur en gert hefur verið. En vegna þess að fæðingarorlof snertir allar mæður í landinu, en ekki neina einstaka flokka mæðra, og hér er um hið merkasta mál að ræða, þykir meiri hluta nefndarinnar rétt að leggja til, að málinu verði vísað til frekari undirbúnings til hæstv. ríkisstj., sem hefur öll skilyrði til þess að láta vinna að því, að þeir aðilar, sem mál þetta snertir, ræði þau atriði öll, sem ágreiningur er um. Fyrir hönd meiri hl. n. legg ég því til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hæstv. ríkisstj. og að hæstv. ríkisstj. láti þá athuga þetta mál, hvernig mætti koma því fyrir, svo að allir aðilar gætu vel við unað, og meira réttlæti kæmi fram í löggjöfinni en virðist vera í því frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þegar hv. 3. þm. Reykv. var um skeið fjarverandi frá þingstörfum í nóvember í haust, tók frú Margrét Sigurðardóttir sæti hans á meðan, og meðan hún sat hér á þingi, flutti hún það frv., sem hér er til umr., frv. um fæðingarorlof. Þetta frv. hefur verið til meðferðar hjá heilbr.- og félmn. og var sent einum fjórum aðilum til umsagnar, og bárust svör frá þremur þessara aðila. Formaður n., hv. 1. þm. Vestf., spurði þá, sem málið var sent til, ýmissa spurninga, og hafði hann samið þær spurningar til umsagnaraðilanna án samráðs við nefndina. Þegar ég heyrði þetta bréf, sem umsagnaraðilum var sent, duldist mér það ekki, að spurningarnar voru þannig samdar, að þær í raun og veru báru í sér andmæli gegn frv., enda kemur það í ljós í svari eins þessara aðila, nefnilega Vinnuveitendasambands Íslands, að þeir gera þar að umtalsefni margvíslega framkvæmdaörðugleika, eins og þeir orða það, eins og bent er á í fyrrgreindu bréfi nefndarinnar. M. ö. o.: spurningarnar voru þannig fram settar, að þeir, sem áttu að veita málinu umsögn, lögðu spurningarnar út sem bein andmæli gegn málinu, töldu það vera ábendingar á vandkvæðum á framkvæmd málsins. Ég hreyfði því í n., að ég teldi, að svona ætti ekki að leggja mál fyrir umsagnaraðila, það ætti að leggja á þeirra vald, hvort svör yrðu jákvæð eða neikvæð. En úr þessu fékkst ekki bætt. Svona var málið lagt fyrir umsagnaraðilana, og svar eins þeirra a. m. k. bar það alveg greinilega með sér, að hann taldi, að formaður n. væri í bréfi sínu að benda á vandkvæði í framkvæmd frv., ef að lögum yrði.

En þrátt fyrir það, þó að málið væri þannig lagt fyrir umsagnaraðilana, komu svör, sem voru, eins og ég áðan sagði, jákvæð frá nokkrum þeirra, en aðrir lögðust á móti. Málið var m. a. sent til Hjúkrunarfélags Íslands, og það svaraði ósköp stutt, en ákveðið á þann veg, að stjórn Hjúkrunarfélags Íslands styddi þetta frv. eindregið og mælti með samþykkt þess. Hins vegar miklaði Vinnuveitendasamband Íslands fyrir sér þau vandkvæði á framkvæmd laganna, sem Vinnuveitendasambandið taldi að formaður nefndarinnar hefði bent á í bréfi sínu, og lagði til, að frv. yrði ekki samþykkt. Hins vegar barst ekki aðeins ein, heldur tvær umsagnir frá Kvenréttindafélagi Íslands, því að rétt eftir að frv. hafði verið lagt fram á Alþ., kom bréf til Alþingis frá Kvenréttindafélaginu, þar sem Kvenréttindafélagið skýrði frá því, að á fundi, sem haldinn hefði verið í því félagi 15. nóv., hefði verið gerð samþykkt, þar sem lýst var ánægju yfir frv. til laga um fæðingarorlof, sem þá var nýkomið fram á Alþingi. En þegar Kvenréttindafélagið svo aftur fékk sérstök tilmæli um umsögn, ýtarlega umsögn, kom rækilegt og ýtarlegt svar frá Kvenréttindafélaginu, sem vitnaði til framanritaðrar afstöðu og svaraði í einstökum atriðum, að hve miklu leyti félagsskapurinn, Kvenréttindafélag Íslands, teldi frv. meðmælavert, og endaði það bréf á því, að Kvenréttindafélag Íslands mælti eindregið með því, að þetta frv. yrði lögfest á þessu þingi.

Fjórði aðilinn, sem málið hafði verið sent til umsagnar, var Tryggingastofnun ríkisins, en frá þeirri stofnun barst n. ekki nein umsögn. Hins vegar mun formaður n. hafa átt tal við forstjóra tryggingana, og skýrði hann n. frá viðræðu sinni við forstjórann. Hafði hann það eftir forstjóranum á nefndarfundi, að hann legðist mjög á móti þessu frv., teldi það lítt framkvæmanlegt í því formi, sem það væri, og teldi, að hætta væri

á því, að reynt yrði að fara í kringum það, svíkja sér út fæðingarorlof, og þessi skoðun, sem höfð er eftir forstjóra tryggínganna af formanni n., kemur líka beint fram í nál. meiri hl. Nú mun forstjóri tryggínganna hins vegar ekki alveg vilja fallast á það, að þessi umsögn sé í öllum atriðum rétt eftir sér höfð, en hitt viðurkennir hann þó, að hann hafi frekar lagt á móti frv.

Út af þessu er ástæða til þess að segja það, að það er miklu æskilegra, að stofnanir, sem beðnar eru umsagnar um mál, láti þær umsagnir frá sér fara skriflegar ellegar láti það heldur vera að veita umsögn en hvísla einhverju í eyra eins og eins nm. upp á þau býti, að þau séu svo höfð eftir í þingskjölum á Alþingi og ræðuflutningi sem öruggur sannleikur, sem þm. svo byggi á, og er það miður farið, ef ekki er að öllu leyti rétt farið með.

Þetta liggur þá þannig fyrir, að frv. um fæðingarorlof hefur fengið meðmæli tveggja aðila og andmæli tveggja, — við skulum segja andmæli Tryggingastofnunar ríkisins og andmæli Vinnuveitendasambands Íslands, en meðmæli Hjúkrunarfélags Íslands og Kvenréttindafélags Íslands.

Andmælin, sem höfð eru uppi gegn þessu máli, eru eiginlega tvenns konar. Í fyrsta lagi er það, að málin gangi of skammt. Í annan stað er hins vegar það, að hér sé um nýja skattlagningu á atvinnuvegina að ræða og á þær byrðar sé ekki bætandi. Og stangast þetta nú heldur á. Ef mönnum yxu mjög í augum þær byrðar á atvinnulífið, sem með þessu frv. séu lagðar á atvinnuvegina, þá ættu menn ekki í sömu andránni að fjölyrða um það, að frv. gangi of skammt, þannig að óskað væri eftir, að þessar byrðar yrðu meiri. En það er sjálfsagt að ræða þetta hvort tveggja.

Nú er það þannig, að fallizt hefur verið á af löggjafanum að greiða fæðingarorlof. Og hverjir eru það, sem þess fæðingarorlofs njóta? Það eru konur, sem börn ala og eru í þjónustu ríkisins. Það eru sem sé fastlaunaðar manneskjur. Þörf þeirra fyrir að fá greitt fæðingarorlof í þrjá mánuði vegna barnsburðar hefur verið viðurkennd af löggjafanum. Þetta lagaákvæði er orðið nokkurra ára gamalt og hefur verið framkvæmt, og í sambandi við framkvæmd þess hef ég ekki heyrt talað um neina misnotkun, neinar krókaleiðir, sem farnar hafi verið, til þess að fleiri nytu þess en vera bæri. En ef það er rétt að tryggja þeim konum, sem eru í þjónustu ríkisins, fæðingarorlof, þ. e. óskert laun í þrjá mánuði, meðan þær eru frá störfum vegna barnsburðar, hví er það þá ekki líka rétt gagnvart konum, sem eru í þjónustu hins almenna atvinnulífs? Hví ætti það þá að vera rangt? Hví ættu þeir menn, sem hafa staðið að því að lögfesta fæðingarorlof fyrir konur í þjónustu ríkisins, ekki að fallast á, að konum, sem vinna skrifstofustörf hjá ýmsum verzlunarfyrirtækjum og ýmsum kaupmönnum og heildsölum, og konum, sem vinna eyrarvinnustörf í þjónustu sjávarútvegsins og annarra atvinnuvega, — hví ætti ekki að vera sama þörfin og sami rétturinn til þess að tryggja þeim þriggja mánaða laun, þegar þær verða fyrir tekjumissi af völdum barnsburðar? Ef það fyrra er réttmæt þjóðfélagsráðstöfun og stefnir í menningarátt, þá mundi það að gera þessa menningarlegu þjóðfélagsráðstöfun víðtækari ekki síður eiga rétt á sér, heldur öllu fremur. Og það er einmitt það, sem lagt er til í þessu frv. Ég fæ því ekki séð, að nokkur minnstu rök geti hnigið að því að mæla gegn þessari aukningu á greiðslu fæðingarorlofs.

Þetta frv. stefnir að því að láta lagaákvæðin, sem nú eru í gildi, ekki einungis ná til kvenna, sem börn fæða og eru í þjónustu ríkisins, heldur einnig til kvenna, sem taka laun sín hjá einstökum atvinnurekendum, vinna í þjónustu atvinnulífsins almennt, en slíkar konur mundu í langflestum tilfellum missa niður allar tekjur sínar þann tíma, sem þær eru frá störfum vegna barnsburðar.

Þá kemur að því, að þeir, sem tala um ranglæti í sambandi við þetta frv., geta a. m. k. ekki litið fram hjá því, að við erum þó heldur nær réttlætinu með því að láta réttinn um fæðingarorlof ná til miklu fleiri kvenna en sá réttur nær nú. Það er meira misrétti að láta þennan rétt eingöngu ná til þeirra kvenna, sem eru í þjónustu ríkisins. Við þokumst að réttu marki um það, að þessi réttur nái til allra, með því að samþykkja þetta frv. Og maður hélt, að það væri áfangi í áttina, enda tók hv. flm. það fram, að hún teldi þetta frv. vera áfanga í rétta átt, í viðbót við þá réttarbót, sem þær konur hefðu öðlazt áður í löggjöf landsins, sem væru í þjónustu ríkisins. Hins vegar tók hún einnig fram, að ef þingvilji væri fyrir því að gera meira í þessu efni, að lögfesta fæðingarorlof handa öllum konum, sem börn ala, þá væri hún meira en reiðubúin til þess. Og það var einnig tekið fram í n. af mér, að ég væri fús til þess að standa að slíkri tillögu, ef vilji væri fyrir því. En þá reyndist hann ekki vera svo ýkjamikill. Það var miklu fremur farið að tala um, að hérna væri verið að leggja byrðar á atvinnulífið og þetta væri að því leyti viðsjárvert mál. Menn væru ekki svo aldeilis reiðubúnir til þess.

Það er alveg rétt, að einhvers staðar verður það að koma niður, ef þjóðfélagið sæi sæmd sína í því að tryggja öllum þeim konum, sem laun taka og börn ala, óskertar tekjur í þrjá mánuði, þ. e. a. s. greiða konum í fastlaunuðum stöðum fæðingarorlof í 90 daga og öðrum konum, sem meira eða minna stopular atvinnutekjur hafa, fjórðung árstekna sinna, eins og þær hefðu verið taldar fram árið áður, sem fæðingarorlof. Það verður einhvers staðar að taka. Og hvernig á að taka þetta? Þetta á að taka að hálfu með iðgjaldi miðuðu við vinnuvikur hjá atvinnurekendum og að hinum helmingnum frá ríkinu. Enginn neitar því, að þetta er lítils háttar byrði. En þær athuganir, sem skattstofa Reykjavíkur hefur þó gert í sambandi við, hversu mikil þessi útgjöld væru, benda ekki til þess, að þarna sé um svo svimháar tölur að ræða, að eiginlega sé umtalsvert. Það þótti miklu réttara að fara þessa leið en ætla hverjum þeim atvinnurekanda, sem konu hefði í sinni þjónustu, að taka á sinn atvinnurekstur greiðslu fæðingarorlofs í hverju tilfelli. Með þessu móti verður myndaður sjóður af atvinnurekendum og ríkinu í vörzlu tryggínganna, og af þeim tekjum, sem hann fær, yrðu svo fæðingarorlofsupphæðirnar greiddar, þannig að það skipti ekki hinn einstaka

atvinnurekanda máli, hvort hann réði til sín karla eða konur, og ég hygg, að það mundi vera miklu heppilegra í framkvæmd.

Það hefur verið haft uppi sem mótbára gegn þessu frv. um fæðingarorlof, að það séu til tvenn lög um orlof, annað hin almenna orlofslöggjöf og hin lögin um orlof húsmæðra, og talað um svona einnig í undanbragðaskyni til þess að komast hjá að samþykkja þetta frv., hvort ekki væri heppilegra að fara aðra hvora hina leiðina: að setja þessi ákvæði inn í almennu orlofslögin ellegar þá inn í lögin um orlof húsmæðra. Í n. lét ég í ljós og tek það einnig fram í nál minni hl., að ég lít á það sem algert formsatriði og mundi ekkert setja það fyrir mig. Ef meiri hl. n. hefði ekki haft annað gegn málinu að segja, þá hefði ég verið til með það að flytja efni þessa frv. sem brtt. við önnur hvor hinna laganna. Þó finnst mér, að efni þessa frv. eigi þar ekki heima, það væri hálfgert klastur og því síður ákjósanlegri leið en að lögfesta þetta með sérstöku lagafrumvarpi. Það er reginmunur á því, hvort verið er að tryggja konum, sem börn ala, laun þann tíma, sem þær forfallast frá vinnu af þeim sökum, eða hvort verið er að tryggja tekjur til árlegs hvíldarorlofs karla og kvenna. Það er allt annars eðlis. En ekki stæði það í vegi, jafnvel það mundi ég vilja vinna til, ef menn vildu heldur lögfesta þessi mannréttindi, sem hér er um að ræða, í því formi að binda það öðrum hvorum þessum gildandi orlofslögum.

Þá hafa menn sagt, að það væri enn þá óbrotnara en vera að setja um þetta sérstök lög að margfalda þann fæðingarstyrk, sem nú er gert ráð fyrir í tryggingalöggjöfinni. Hv. formaður n., hv. 1. þm. Vestf., hefur það eftir forstjóra almannatryggginganna, að ef þar ætti að fást jafngildi 90 daga orlofs, 3 mánaða fæðingarorlofs, þá þyrfti að gera þá breytingu á almannatryggingalögunum að sexfalda fæðingarstyrkinn eða eitthvað í kringum það. Einnig kom það fram í hv. n., að ef menn vildu endilega fara þá leið og því aðeins fylgja efni málsins, að borin yrði fram brtt. við núverandi tryggingalög og fæðingarstyrkur fimm- eða sexfaldaður, þá stæði ekki á því. En engir hv. nm. gáfu sig fram til meðflutnings að slíkri tillögu, og held ég því, að áhugi hv. nm. á að bjarga á einhvern hátt innihaldi þessa frv. og efni á land, þ. e. a. s. koma því inn í löggjöf landsins, hafi ekki verið eins mikill og þeir vildu vera láta, nema í öðru orðinu.

Það má vel vera, að réttlætiskennd manna sé svo mikil, að þeir vilji ekki sætta sig við neitt hálfkák í þessu máli. Þeir vilja ekki una við, að eingöngu þær konur, sem eru í þjónustu ríkisins, fái fæðingarorlof, eins og löggjöf landsins tryggir nú, og þeir vilja ekki heldur sætta sig við það, að allar þær konur, sem taka laun, sem eru launþegar í þjónustu annarra, fái þennan rétt, eftir séu samt sem áður húsmæður, sem hafi ekki tekjur utan heimilanna, og þeir vilji líka, að þær fái þennan rétt. Meðnm. mínir í hv. heilbr.- og félmn. gáfu engir kost á því að vera meðflm. að slíkri tillögu, en til þess tjáði ég mig reiðubúinn. En nú sé ég, að hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, hefur flutt brtt. við frv., og þær fara einmitt í þessa átt: í fyrsta lagi, að hin formlega hlið málsins breytist á þann hátt, að um verði að ræða margföldun á fæðingarstyrknum, sem nú er greiddur af tryggingunum, og í annan stað, að takmarkandi tilvísunarsetningin: „sem laun taka fyrir vinnu sína“, falli burt, og þar skilst mér, að hann leggi til, að réttindin um fæðingarorlof nái til allra kvenna, sem börn ala. Ég lýsi því hér með yfir og veit, að ég geri það einnig fyrir hönd flm., að ég vil samþykkja slíka tillögu. Það gleddi mig meira en lítið, ef stórhugur þingsins væri svo mikill og réttlætiskenndin svo rík, að þeir vildu ekkert minna samþykkja í þessu, og skal ekki standa á mínu atkv. um það. Vænti ég þá, að fullnægt sé áhuga meðnm. minna, sem kom fram í þá átt, að ranglætið yrði að útþurrka. Það heyrði ég líka á framsöguræðu hv. meiri hl., formanns heilbr.- og félmn., að hann talaði um, að það væri óþolandi, að menn stæðu ekki jafnir fyrir lögunum, misréttið ætti að útiloka, og hér gefst honum kostur á að greiða atkv. um till., sem setti alla við sama borð að því er þessi réttindi snertir, með því að fylgja 1. brtt. hv. 1. þm. Norðurl. v. Mér þætti málið vera orðið stærra og fá enn betri afgreiðslu, ef svo giftusamlega mætti til takast, að þessi brtt. yrði samþykkt.

Hitt er aftur annað mál, að þegar kemur að næstu till. um að þrefalda fæðingarstyrkinn, þá virðist mér eftir upplýsingum forstjóra tryggingganna, sem þarna yrði að vísu um hálft fæðingarorlof að ræða, þ. e. a. s. fæðingarorlof, sem svaraði launum í 1½ mánuð, og sé þó í raun og veru ekki, hvernig ætti að ákveða laun þeirra kvenna. Fyrir konur, sem væru á launum allt árið, mundi það svara til hálfs annars mánaðar tekna eftir þessu, ef það er rétt, að forstjórinn hafi sagt, að til þess að ná efni frv. þyrfti að sexfalda núverandi fæðingarstyrk.

Ég fagna því, að þessar till. eru fram komnar. Þá gefst þeim mönnum, sem létu í ljós, að þeir mundu heldur vilja fylgja efni málsins, ef það væri flutt í því formi að vera breyt. á núverandi tryggingalöggjöf og margföldun á fæðingarstyrknum, sem greiddur er samkvæmt þeim lögum, kostur á því að fylgja frv., og þá fæst úr því skorið, hvort þeir gera það ekki í verki.

Ég held, að það sé ekki ástæða fyrir mig að fara miklu fleiri orðum um þetta. Ég vil skýra frá því, að hv. 4. þm. Reykn. hefur skrifað undir nál. minni hl., að vísu með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir honum. Ég hygg, að það muni vera í sambandi við það, að hann teldi réttara, að þessi réttur næði ekki eingöngu til launþega, heldur til allra kvenna, sem börn ala, en hann gerir sem sé áreiðanlega nánari grein fyrir því. En hann var að meginefni samþykkur því, að frv. næði fram að ganga, að þessi mannréttindi yrðu aukin.

Það er svo komið, að flestar menningarþjóðir, sem í fremstu röð vilja standa, leggja áherzlu á að umbæta sína löggjöf að því er snertir mæðravernd, telja það ekkert sérmál kvenna, heldur eitt af meiri háttar menningarmálum þjóðfélagsheildarinnar, og ég hefði viljað vænta þess, að íslenzka þjóðfélagið skipaði sér þar í röð meðal hinna fremri menningarþjóða.

Það er kunnugt, að nágrannar okkar Svíar hafa

þegar lögfest fæðingarorlof í allvíðtæku formi og einmitt mjög svipuðu formi og gert er ráð fyrir í þessu frv., með iðgjaldagreiðslu af hendi atvinnurekenda og mótframlagi frá ríkinu, og innheimtunni hagað á svipaðan hátt og í slysatryggingunum. Það er miðað við vinnuvikur af hendi atvinnurekendanna og mótframlag frá ríkinu, og það er ætlunin, að innheimtan á þessum gjöldum yrði framkvæmd á sama hátt og iðgjöld til slysatryggingarinnar.

Ég hef stundum verið að velta því fyrir mér, hvernig standi á því, að við höfum mikið orð á því, Norðurlandaþjóðirnar, að við séum á undan öðrum þjóðum að því er snertir félagsmálalöggjöf, félagsleg réttindi í þjóðfélaginu, þjóðfélagslegt öryggi. Og það mun rétt vera, að þessar þjóðir eru þar í fremri þjóða röð, og það hefði ég haldið að væri þeirra stolt. En hins vegar hafa menn nú viljað halda því fram, að þær þjóðir, sem væru austan við járntjald, stæðu heldur að baki þessum forustuþjóðum menningarinnar, Norðurlöndum, og væri ekki eftirsóknarvert líf, sem fólkið lifði þar, eða þau réttindi, sem það byggi við. Ég var s. l. sumar í einu austantjaldslandi um þriggja vikna skeið, Tékkóslóvakíu, og þar er það staðreynd, að þar hafa allar konur, sem börn ala, fjögurra mánaða, — ekki þriggja, heldur fjögurra mánaða fæðingarorlof á fullum launum. Þetta eru mannréttindin, sem eru tryggð konum jafnvel í þessum löndum hinnar margprédikuðu eymdar og réttindaleysis, austan við járntjaldið illræmda.

Að því er snertir tryggingalöggjöfina hjá þeim, varð ég þess líka áskynja, að hún stóð ekki að baki þeirri margrómuðu Norðurlandalöggjöf. Hér fá menn ellitryggingar 67 ára gamlir, karlar og konur. Þar fá konur full ellilaun 55 ára og karlmenn þegar þeir eru sextugir. Það mundi þykja aðeins breyting á íslenzkri tryggingalöggjöf, ef ætti að færa réttinn til ellilífeyris niður úr 67 árum í 65, það þori ég að fullyrða og þá yrði mikið reiknað um háar tölur, sem kæmu til útgjalda. En hvað ætli menn segðu hér, ef ætti að færa ellilífeyrisréttindi kvenna niður í 55 ár og karlmanna niður í 60 ár? Ég er hræddur um, að það þætti nokkur rausn, og það væri það kannske. En í þessu landi austan járntjalds búa menn við þessi mannréttindi, þetta öryggi.

Ein af þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem ég varð var við þar að vinnandi fólk var aðnjótandi, var það, að í öllum meiri háttar verksmiðjum var starfandi tannlæknir og gert við tennur hvers einasta verkamanns og verkakonu að jafnaði í þessum verksmiðjum. Ég er hræddur um, að það þætti rausnarlegt hjá atvinnurekendum á Íslandi að sjá fyrir slíkri heilbrigðisráðstöfun. En það telja læknar, alveg sérstaklega tannlæknarnir, vera eitt grundvallaratriði góðs heilsufars, að tannlækningar séu í lagi.

Enn eitt má segja um þessar þjóðir austan tjalds, þar sem hörmungin ríkir og frelsi er svo takmarkað, að þar er ekki ungum námsmönnum aðeins veittur réttur til lána til þess að geta komizt áfram við nám upp á að borga þær skuldir e. t. v. síðar. Nei, þar eru námsmennirnir viðurkenndir starfsmenn þjóðfélagsins og eru á námslaunum. Það að vera við nám er þar metið til jafns og að vera við gagnlegt starf. Við metum það ekki þannig. Við erum ekki komnir enn á það stig.

En þó að við vildum ekki feta í fótspor þessara þjóða, hvorki um slíkar umbætur á okkar félagsmálalöggjöf né annað, þá mættum við kannske gefa frændum okkar, Svíum, auga að því er þetta snertir, því að eins og ég áðan sagði, er fæðingarorlof talinn einn sjálfsagður liður í þeirra félagsmála- og tryggingalöggjöf, og í þeirra spor mættum við þó a. m. k. feta.

Ég fullyrði það, að eins og það var rétt af ríkinu að tryggja þeim konum, sem í þess þjónustu vinna, fæðingarorlof, þá er það einnig rétt, að þjóðfélagið og atvinnurekendur taki saman höndum um það að tryggja þeim konum, sem við minna atvinnuöryggi búa og eru starfandi í þjónustu atvinnuveganna, — tryggja þeim einnig fyrir beggja tilverknað, atvinnurekenda og ríkis, fæðingarorlof, meðan þær missa tekjur vegna barnsburðar. Og mestur sómi Alþ. væri sá að ganga hér ekki hálft til verks, heldur fullnægja réttlætistilfinningu formanns hv. heilbr.- og félmn. og annarra þm. og samþ. till. hv. 1. þm. Norðurl. v. og koma hér á algeru fæðingarorlofi, sem næði til allra kvenna, hvort sem þær eru í þjónustu annarra eða eru húsmæður á heimilunum og vinna þar sín verðmætu, þýðingarmiklu störf, — og létu sem sé þessi mannréttindi, sem þetta frv. vildi þoka lengra áleiðis, ná til allra kvenna, sem börn ala á Íslandi. Þá er ég ánægður.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. kom til 1. umr. hér í d. á fyrra hluta þingsins, þá gerði ég við það athugasemd. Ég benti á galla, sem ég taldi vera á frv. Ég taldi það vera galla á því, að aðeins þær konur, sem taka laun fyrir vinnu sína, ættu að njóta fæðingarorlofs samkv. frv. Allar hinar konurnar, sem helga heimilunum alla starfskrafta sína, vinna þar að heimilisstörfum og m. a. að uppeldi barnanna, ættu engra réttinda að njóta samkvæmt frv. Ég benti á það, að þessar konur, sem vinna eingöngu á heimilunum, gegna ákaflega þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu, og ég hélt því fram, að það væri rangt að gera rétt þeirra minni en annarra kvenna.

Ég vil vekja athygli á því í sambandi við umræðu um þetta atriði, að fyrir allmörgum árum var svipað mál hér til meðferðar á þingi, sem nokkur ágreiningur var um í fyrstu. Þegar frv. um almannatryggingar var lagt fyrir hér á þingi 1945, var ein grein þess um fæðingarstyrk. Ákvæðið var í þeirri grein, að allar konur skyldu fá 80 kr. styrk við hverja barnsfæðingu. Þar að auki áttu þær, sem stunduðu vinnu utan heimilis, að fá til viðbótar 140 kr. á mánuði í þrjá mánuði, gift kona þó því aðeins, að maður hennar gæti ekki séð heimilinu farborða. En þær, sem stunduðu ekki vinnu utan heimilis, áttu að fá 120 kr. upp í kostnað, sem fæðingin hefur í för með sér, eins og það er orðað, til viðbótar áður nefndum 80 kr. Ákvæðin voru því þannig, að þær, sem unnu eingöngu á heimilum sínum, gátu fengið 200 kr., en hinar, sem stunduðu vinnu utan heimilis, gátu fengið 500 kr. í fæðingarstyrk. Ég bar fram brtt. þá þegar um þetta atriði og lagði til, að þarna yrði gerður jöfnuður á, — lagði til, að við hverja barnsfæðingu ætti móðirin rétt á að

fá greiddar 300 kr., allar jafnt. Þessi till. mín var þá felld, en frv. samþykkt með þessum ákvæðum óbreyttum.

Á næsta þingi, 1946, bar ég fram frv. um nokkrar breytingar á tryggingalögunum og m. a. sömu tillöguna og ég hafði flutt á þinginu áður um, að þetta yrði jafnað, allar mæður fengju jafnan fæðingarstyrk. Að því sinni var málið afgreitt með rökst. dagskrá, sem heilbr.- og félmn. Nd. bar fram. Í þeirri dagskrártillögu var því beint til ríkisstj., að hún beitti sér fyrir endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í heild að fenginni nokkurri reynslu.

Á Alþingi 1947 bólaði ekki á neinum tillögum frá ríkisstj. um breytingar á lögunum. Þá fluttum við 6 þm. hér í Nd. tillögur um nokkrar breytingar á löggjöfinni. M. a. var þar tekin upp tillaga mín óbreytt frá tveimur þingum næst á undan. Meðflutningsmenn að þessu frumvarpi á þinginu 1947 voru þeir Páll Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Gíslason og Steingrímur Steinþórsson. Þetta frumvarp okkar dagaði uppi. Af þessum sexmenningum, sem fluttu það frv., erum við nú tveir á þingi, ég og hv. 5. þm. Austf. (PÞ), en þar sem hann á sæti í hv. Ed., gat hann ekki orðið meðflm. minn að þeim brtt., sem ég hef hér lagt fram.

Næst gerðist það í þessu máli, að á Alþingi 1949 var lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar. Það var undirbúið af sérstakri nefnd, sem hafði starfað milli þinga. Í henni áttu sæti Gunnar Möller, sem var formaður n., Brynjólfur Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Kjartan Ólafsson, Sigfús Sigurhjartarson og Skúli Guðmundsson. Upphaflega var Helgi Jónasson, þm. Rang., kosinn í nefndina, en hann gat ekki sinnt nefndarstörfum, og kom ég í nefndina í hans stað. Í greinargerð, sem þessi endurskoðunarnefnd lét fylgja frv. sínu, gerðu einstakir nefndarmenn grein fyrir sérstöðu sinni um viss atriði. Ég hafði sérstöðu um einstök atriði, og eitt af þeim var þetta ágreiningsmál um fæðingarstyrkinn. Ég tók fram um það í grg.: „Ég tel, að fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna eigi að vera jafn til allra mæðra. Tillaga um þetta, sem ég bar fram í nefndinni, var felld með 3:2 atkv."

Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu á þinginu 1949. En nú var þó komið að því, að þeir menn, sem vildu skipta konunum í tvo flokka, mismunandi réttháa, létu undan síga. Á þingi 1950 voru samþ. l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Þar var loks tekið í lög, að fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. l. skyldi vera jafn til allra mæðra, og átti hann að nema 600 kr. við hverja fæðingu.

Þannig tók það nokkur ár að fá viðurkenndan jafnan rétt allra mæðra til fæðingarstyrks. Fæðingarstyrkurinn mun nú vera 2160 kr., jafn til allra mæðra.

Þegar ég hef rakið þetta, ætti mönnum að vera ljóst, að það er ekkert undarlegt við það, þó að ég beri fram þessa brtt. mína nú um það, að allar konur skuli hafa sama rétt til fæðingarorlofs. Við, sem unnum að því árum saman að fá numið úr tryggingalögunum það misrétti, sem upphaflega var í þeim að því er snerti fæðingarstyrkinn, getum ekki látið það afskiptalaust, að lög um fæðingarorlof séu þannig úr garði gerð, að meiri hluti mæðranna hafi þar engan rétt.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um brtt. mínar á þskj. 361.

1. brtt. er við 1. gr. og er um það, að niður falli úr gr. orðin „sem taka laun fyrir vinnu sína", þannig að það verða allar konur, sem eiga rétt á orlofi vegna barnsburðar, ef mín brtt. verður samþ.

Þá legg ég til, að 2. gr. verði umorðuð og verði þannig:

„Við barnsfæðingu skal greiða hverri móður orlofsfé, sem nemur þrefaldri upphæð fæðingarstyrks samkvæmt 8. gr. laga nr. 13 1960, um breyt. á lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar."

Ég vil taka það fram, að það getur vitanlega verið mikið álitamál, hvað háa upphæð á þarna að setja. Ég sé í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félnm., að það er haft eftir forstjóra Tryggingastofnunarinnar, að til þess að ná sama marki með hækkun á fæðingarstyrknum þurfi að sexfalda hann. Nú veit ég ekki, hvernig þetta er reiknað út, og ég sé ekki heldur, að það sé hægt að reikna þetta þannig út. Er þarna miðað við það, að þær konur, sem mundu fá hæsta orlofsfjárupphæð skv. frv., fái jafnmikið með þeirri aðferðinni? Það er svo misjafnt samkv. frv., hvað konur fá mikið orlofsfé. Það er eftir því, hvaða tekjur þær hafa eða hvaða laun þær hafa. Ég sé ekki, hvernig hægt er að reikna þannig út, eins og þarna er gert, ef þetta styðst við einhverja útreikninga. En ef mín brtt. yrði samþykkt, yrði það fjórföldun á fæðingarstyrknum, en ekki þreföldun, eins og kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl., af því að fæðingarstyrkurinn mundi haldast óbreyttur. Það yrði sama sem fjórföldun á honum og þannig nokkru meira en hv. frsm. minni hl. talaði um, því að hann talaði um þreföldun, held ég, á fæðingarstyrknum. En eins og ég segi, þá getur það verið álitamál, hvaða upphæð þarna á að setja. Ég geri ráð fyrir því, að þær konur, sem hæst laun taka, mundu fá eitthvað minna, ef mín till. verður samþ., en aftur er mér það ljóst, að mjög margar konur, sem vinna utan heimilis, mundu fá meira samkv. minni till. en samkv. frv. óbreyttu, þær sem vinna aðeins að nokkru leyti utan heimila sinna.

Nú er það svo, eins og þegar hefur verið rætt um og vitað er, að allmargar konur hafa rétt til fæðingarorlofs samkv. lögum eða samkv. starfssamningum, og ég geri ekki till. um neina breyt. á lagagreininni að því er það snertir, að þær konur, sem samkv. öðrum lögum eða samningum stéttarfélaganna njóta jafngóðra eða betri kjara um fæðingarorlof, halda þeim réttindum. Þetta helzt áfram. En þetta yrði þá þannig, ef mín till. yrði samþ., að þeir atvinnurekendur, sem hafa þær í sinni þjónustu, mundu aðeins þurfa að borga mismuninn, og vera má, að það þyrfti að setja um það, ef mín till. yrði samþykkt, gleggri ákvæði, þannig að það væri alveg skýrt. Þeir mundu þá aðeins þurfa að borga það, sem á vantaði, að þær fengju jafnmikið og þeim ber samkv. núgildandi samningum.

Þá er það loks 3. brtt. mín, við 3. gr., um fjáröflun til að standa straum af þeim kostnaði, sem

af þessu leiðir, og þar legg ég til, að útgjöldunum verði skipt á þá aðila, sem bera útgjöld lífeyristrygginganna samkv. lögum frá síðasta þingi um breyt. á almannatryggingalögunum. En þar er þessum gjöldum skipt á fjóra aðila, eins og kunnugt er, þ. e. ríki, sveitarfélög, hina tryggðu og atvinnurekendur, og ég ætlast til, að þetta verði í sömu hlutföllum. Nú er á það að líta, að allmargir menn í þessu þjóðfélagi hafa tryggingu hjá sérsjóðum, sem hafa fengið undanþágu svokallaða eða viðurkenningu hjá Tryggingastofnun ríkisins, og þeir menn þurfa ekki að greiða nú til Tryggingastofnunarinnar jafnmikil iðgjöld og aðrir vegna lífeyristrygginganna. En ef þetta yrði samþykkt, sem ég legg hér til, þá yrði það auðvitað þannig, að allir yrðu að taka sinn þátt í að bera þessi gjöld, vegna þess að allir ættu að njóta þarna sama réttar.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um brtt., því að ég vænti, að öllum hv. þdm. sé ljóst, hvað í þeim felst.

Ég heyrði það á ræðu hv. frsm. minni hl. n., hv. 4. landsk., að hann var fús til að fallast á mínar brtt., og mér er kunnugt um það um meðnm. hans, sem stendur að minnihlutaálitinu, hv. 4. þm. Reykn., að hann er þeim einnig samþykkur, og fyrirvari hans, sem hann hafði í nál., er einmitt varðandi þetta atriði, hann hefur skýrt mér frá því. Og mér þótti einnig gott að heyra það í framsöguræðu hv. 1. þm. Vestf., sem talaði hér fyrir meiri hl. n., að athugasemdir hans um frv. féllu mjög í sama farveg og það, sem ég hef um það sagt. Og ég vildi nú beina því til hv. 1. þm. Vestf., hvort hann gæti ekki á það fallizt sem formaður n. að taka málið á ný til meðferðar og athugaði um það, hvort það gæti einmitt ekki orðið samkomulag í n. um afgreiðslu málsins nú á þessu þingi á þessum grundvelli. Ég vildi beina þessu til hans. Það kom fram í ræðu hans, að hann taldi hér vera merkilegt mál á ferð, enda er það svo, að meiri hl. leggur ekki til að fella frv., — alls ekki, — heldur leggur meiri hl. til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. til nánari athugunar, eins og segir í nál. Mér sýnist því allt benda til þess, að það verði unnið að því að koma á slíkri löggjöf mjög fljótlega. Ég hefði talið æskilegast, að samkomulag hefði getað orðið um það nú þegar á þessu þingi, ef hv. formaður n. og frsm. vildi taka þetta til athugunar. En hvernig sem um það fer nú, þá þykist ég sjá það af undirtektum, sem málið hefur fengið, að slíkt muni verða í lög tekið innan skamms, og brtt. mínar eru fram bornar til að leggja áherzlu á það, að þegar lög um þetta verða sett, — sem ég vildi óska að yrði á þessu þingi, en jafnvel þótt ekki verði fyrr en á því næsta, — að þannig verði frá því gengið, að konurnar, sem helga heimilunum alla starfskrafta sína, njóti ekki minni réttinda í löggjöfinni en aðrar.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera óánægður yfir þeim umr., sem hafa farið fram hér um þetta mál, því að mér sýnist ekki bera eins mikið á milli og ætla mætti, og vil m. a. benda á, að hv. frsm. minni hl. gerði enga tilraun til þess að hrekja þau rök mín, að málið væri engan veginn vel undirbúið, og þær ábendingar, að ýmsum ákvæðum þyrfti að breyta í frv., ef það ætti að verða að lögum. Fannst mér hann fallast á það. Ef það er m. a. hans tilætlun, að þær konur, sem hafa með annarri löggjöf tryggingu fyrir að halda sínum fulla orlofsrétti, eigi jafnframt að fá orlofsfé úr þessum sjóði, þykir mér hér of langt gengið. Ef það er ekki tilætlunin, þá þarf að kveða miklu nákvæmar á um það atriði.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. skýrði réttilega í umræðu um sína till., sem hv. 4. landsk. misskildi, að hér er um að ræða viðbót við fæðingarstyrki, sem nú eru, ef till. er samþykkt. Á engan annan hátt verður ákvæði frv. skilið, ef það er samþykkt óbreytt, en að það sé viðbót við þriggja mánaða orlof hjá hvaða konu sem fengi annað orlof, hvort sem hún hefur tryggt sér það með löggjöf eða samningum. Og sé það ekki ætlunin, verður að breyta frv. Það getur vel verið, að það hafi ekki verið hugsað af hv. flm., en svona verður að skilja frv. Af mér er það skilið þannig, og ég hygg, að það verði að vera miklu skýrari ákvæði, ef það á ekki að vera þannig skilið almennt. Og ýmislegt annað, sem ég benti á, hefur hann viðurkennt, og þykir mér vænt um að heyra, að hann álítur, að þar hafi ég farið með réttan skilning á málinu.

Ég skal svo svara hér einu veigamiklu atriði, sem hv. frsm. minni hl. kom að og ég tel að sé eitt af grundvallaratriðunum í málinu. Hann spurði, hvaða mismunur sé á því að tryggja konum, sem starfa hjá ríki og bæjum, með löggjöf fæðingarorlof eða þessu frv., sem hér er til umræðu. En hér er reginmunur á. Með ákvæði um fæðingarorlof fyrir konur í þjónustu ríkis og bæja er um að ræða hreinan launahluta. Ríkið hefur sett launalög fyrir starfsfólk sitt, bæði karla og konur, og einnig lög um réttindi og skyldur, og fæðingarorlofið þar er einn þáttur í þeirra launum. Það þýðir ekkert að hrista höfuðið yfir því, það er þannig. Það er ekki neitt annað. Það er einn hluti af þeirra launum, sem hefur komizt inn í löggjöf, en ekki samninga, vegna þess að ríkið hefur ekki samninga við sitt fólk um laun, heldur lög. Og ef hv. flm. vill taka upp þá aðferð að setja lög um öll laun í landinu, þá getum við sannarlega rætt um það, hvort ekki á að taka inn í þau launalög að tryggja konum þriggja mánaða orlof. Og nákvæmlega sama er um þær konur, sem hafa fengið orlof með sérstökum samningum, að þar er þeim tryggður hluti af launum, svo að það er allt annars eðlis en það mál, sem hér er til umræðu. Ég er vel til viðræðna um það við hv. frsm., hvort við getum sett okkur niður og samið um það, hvaða leið eigi að fara til þess að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins ákveðin laun, svo að við með því móti getum stöðvað það böl, sem af því er í landinu, að um þetta er alltaf verið að deila. Það hefur verið stöðvað með launalögum hvað snertir starfsmenn ríkisins. Þar hafa þeir menn ekki leyfi til þess að taka þau á annan hátt, heldur verður að vera löggjöf um það og samkomulag milli þeirra aðila, hvernig þeim málum skuli skipað, svo að á milli þessara tveggja mála er reginmunur, og

er ekkert samhengi þar á milli, að það sé rétt af þeim ástæðum að setja þessi lög, vegna þess að það hafi verið tekið inn í launalög ríkisins.

En áður en ég fer að ræða nánar um þessi atriði, vil ég taka fram, að mér þykir mjög leitt að hafa hlustað á þau ummæli hv. frsm. minni hl., að hann vænir mig um, að ég hafi ekki hermt rétt eftir forstjóra Tryggingastofnunarinnar, sem ég átti tal við. Sú vinnuaðferð er ekkert ný, a. m. k. ekki í þeim nefndum, sem ég hef starfað í, að í stað þess að kalla á menn til viðtals við alla nefndina, þá sé formanni falið að ræða við þá, og á nefndin jafnan aðgang að því síðar meir, ef hún vænir formann um það að fara með rangt mál, að kynna sér það. Og ef hv. frsm. hefði látið orð að því liggja til mín sem formanns, að ég hafi ekki farið með rétt mál, þá hefðu nál. ekki verið gefin út, fyrr en forstjóri Tryggingastofnunarinnar var búinn að koma og tala við n. alla. Það var vitanlega skylda mín. En hann óskaði sjálfur eftir því að gefa ekki skriflega umsögn um málið. Út af þessu vildi ég mega beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki nú fresta þessari umr. og gefa n. tækifæri til þess að ræða þetta mál á ný og kalla þá fyrir sig forstjóra stofnunarinnar og fá þannig úr því skorið, hvort ég hafi haft eftir honum röng ummæli eða ekki, því að það tel ég vera nokkuð höggvið nærri mínum þingsóma, ef það er borið á mig, að ég sé að fara með rangt mál frá þeim aðilum, sem hafa rætt við mig sem slíkan. Ég skal m. a. benda á, að þetta kom fyrir einnig í sambandi við erfðafjárskattinn. Þar óskaði ekki borgarfógeti að mæta hjá n., heldur gefa mér sem formanni ýmsar upplýsingar í sambandi við það mál, sem ég flutti n., og ég varð ekki var við, að það væri neitt rengt, það sem hann sagði. Hann óskaði ekki heldur að gefa skriflega umsögn um það atriði. En ég vildi mega beina því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki af þessum ástæðum fresta umr. og n. svo taka þetta mál til athugunar, sem þá og mundi taka til athugunar till. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. En það vil ég taka fram, að þá óska ég eftir því, að þessu máli sé frestað, þar til ég fæ tækifæri til að koma aftur og taka sæti í n. sem formaður, því að ég er nú á förum til Norðurlanda í sambandi við fund Norðurlandaráðs og get því ekki byrjað á starfi nefndarinnar fyrr en eftir 14 daga, svo að ég óska eftir því, að málið verði ekki afgreitt í nefndinni, ef því verður frestað, fyrr en ég kem aftur heim.

Þá sagði hv. frsm. minni hl., að spurningar mínar hefði n. ekki samþykkt að senda út. Það hefur ekki verið venja. Hann sagði og, að þær væru ósæmilegar, óréttlátar og í alla staði óeðlilegt að senda slíkar spurningar út til þess að fá ákveðin svör við málinu, því að þær sýndu fullan fjandskap við málið. Ég hélt, að það væri ekki fjandskapur við neitt mál að fá sem flestar upplýsingar frá þeim aðilum, sem málið er sent til umsagnar, og ég tel, að formaður hverrar nefndar hafi fullt leyfi til þess fyrir hönd nefndanna að óska eftir upplýsingum um ákveðin atriði. Ef n. þótti ekki, að þau atriði væru nægilega upplýst, þá gat hún óskað eftir því að fá enn fleiri spurningar fram, og hefði ég verið fús til þess að senda slíkt bréf, ef hv. frsm. minni hl. hefði óskað eftir því. En vegna þessa vil ég, með leyfi hæstv. forseta, skýra frá, hvað hér er spurt um. Ég segi svo í bréfi til þeirra aðila, sem fengu málið til umsagnar:

„Hjálagt sendir heilbrigðis- og félagsmálanefnd yður frumvarp til laga um fæðingarorlof og biður góðfúslega að senda sér umsögn yðar um frumvarpið hið allra fyrsta. Einkum er óskað umsagnar yðar um eftirfarandi atriði:

Ef lögbjóða á fæðingarorlof, svo sem fyrir er mælt í frumvarpinu, væri þá ekki eðlilegast að taka slíkt ákvæði upp í hina almennu tryggingalöggjöf, annaðhvort sem aukinn fæðingarstyrk eða á annan hátt, og láta það þá ná til allra kvenna, sem börn fæða?“

Er nokkuð ósæmilegt við að setja svona spurningu fram? Ef það er ósæmilegt af mér að hafa spurt þannig, þá er það sannarlega ósæmilegt af hv. 1. þm. Norðurl. v. að bera fram svona till. Ég get ekki búizt við, að hann fallist á það. — Önnur spurningin er:

„Samkvæmt gildandi lögum um orlof er manni óheimilt að vinna fyrir kaupi í starfsgrein sinni, á meðan hann er í orlofi. Teljið þér rétt, að slíkt ákvæði sé sett inn í frumvarpið?“

Er það ósæmilegt að spyrja um þetta í sambandi við orlofslöggjöf, þegar þetta ákvæði er í hinni almennu orlofslöggjöf í landinu? Ég veit, að það mun ekki hafa vakað fyrir hv. flm., — hvað sem um er að ræða um hv. frsm. minni hl., þá mun það ekki hafa vakað fyrir hv. flm., að konan gæti t. d. haft full laun meiri hluta meðgöngutímans og þess utan fengið orlof. Og þess vegna er spurt þannig. En hvernig átti þá, ef það er ekki til ætlazt, að konan hvíli sig þann tíma, að tryggja það, að það ákvæði væri ekki brotið, því að um það er ekkert í þessu frv.? En um það eru ákveðin ákvæði í almennu orlofslöggjöfinni. — Í þriðja lagi var spurt:

„Teljið þér eðlilegt, að þeir vinnuveitendur, sem engar konur hafa í þjónustu sinni, greiði einnig orlofsfé til sjóðsins, og ef svo er, þá í hvaða hlutfalli við þá, sem eingöngu hafa konur í þjónustu sinni?“

Ég sé ekki, að það sé neitt ósæmilegt að spyrja þannig, og það bendir ekki neitt til þess, að ég hafi verið andvígur afgreiðslu málsins. — Þá var enn spurt:

„Teljið þér, að ef frumvarpið verður að lögum, kynni það einhver áhrif að hafa á ráðningu kvenna til starfa til jafns við karlmenn, eftir að jöfn laun karla og kvenna eru viðurkennd fyrir sömu vinnu, þar sem vinnulaun kvenna undir vissum kringumstæðum gætu orðið 25% hærri, þótt mismunur verði greiddur úr orlofssjóðnum?“

Ég sé ekki, að það sé nein goðgá að spyrja þannig. Það er vitanlegt, að þegar sú löggjöf er komin á, — og ég veit a. m. k., að hv. 4. landsk. óskar eftir, að það verði sem fyrst, — það þekki ég af baráttu hans fyrir því máli, að það séu greidd sömu laun fyrir karla og konur í þessu landi, sem og er farið að gera víða, — þá er ekkert um það að ræða, að kjör þeirra kvenna, sem fá þetta aukreitis, yrðu miklu betri en annarra, og þar af leiðandi hafa þær þá fengið miklu hærri laun. — Svo segi ég enn:

„Teljið þér ekki eðlilegt, að sett verði í frumvarpið ákveðin iðgjaldsgreiðsla atvinnurekenda, svo sem gert er í orlofslögunum, og ef svo er, þá að hvaða hámarki?“

Um þetta er ekkert í frv. Atvinnurekandinn og ríkið vita ekkert um það, hvaða iðgjald þeir eiga að greiða á hverju ári. Það er alveg óákveðið. Það yrði að reikna þetta út eftir þeim kröfum, sem koma á sjóðinn á hverju ári, og mér finnst ekkert óeðlilegt, þótt um þetta sé spurt.

Og svo er sagt hér síðast: „Sérhvað það annað, sem geti orðið til leiðbeiningar við setningu laga um fæðingarorlof.“ Er það þessi setning kannske, sem er ósæmileg?

Ég vil nú skjóta því til hv. þd., hvort henni finnist nokkuð af þeim spurningum, sem hafa verið sendar hér út, vera ósæmilegar eða þess eðlis, að það sé ástæða til að víta mig fyrir þær sem formann nefndarinnar.

Þá gat hv. frsm. um það, að það væri ósamræmi í málflutningi meiri hl., þar sem hann héldi því bæði fram, að málið gengi of skammt, og vildi þó ekki samþykkja þetta stig. En í þessu er ekkert ósamræmi. Það er ósamræmi í því frá mínu sjónarmiði að lögbjóða orlof fyrir eina stétt kvenna, án þess að það sé lögboðið fyrir allar konur, sem fæða börn, og er ég þar alveg á sama máli og hv. 1. þm. Norðurl. v. Að meiri hl. leggur ekki til, að þetta stóra spor sé stigið nú, kemur til af því, að málið er ekki nógu vel undirbúið til þess að stíga það svo fyrirvaralaust, og m. a. hefur ekki verið gert ráð fyrir tekjum á móti, og skal ég koma nokkuð að því, þegar ég ræði brtt., svo að hér er ekki um neitt ósamræmi að ræða í afstöðu hv. meiri hl. til þessa máls.

Hv. frsm. minni hl. sagði í þessu sambandi, að þegar hann hefði farið að ræða þetta við meiri hl., þá hefði allur áhuginn farið út í veður og vind. En ég hef skýrt frá því, hvers vegna við vorum ekki tilbúnir til þess að afgreiða málið á þennan veg, og það er m. a. vegna þess fjár, sem þarf að afla til þess að tryggja það, að þetta verði meira en pappírsgagn.

Hv. frsm. sagði m. a., að sér fyndist ekki, að þetta frv. ætti heima í hinum almennu orlofslögum. Nú er hann kominn á þá skoðun, að það sé ekkert óeðlilegt, að þetta sé fellt inn í hina almennu tryggingalöggjöf og það verði samþykkt þannig sú tillaga, sem fram er komin hér, eftir því sem hann talaði hér áðan, og skal ég koma að því síðar.

Ég skal svo að síðustu, hvað snertir ummæli hv. frsm. minni hl., svara nokkrum orðum þeim ummælum, sem hann hafði hér um samanburð á kjörum þeirra kvenna, sem búa austantjalds, og hinna, sem eru fyrir vestan það, sem honum fannst sjálfsagt að koma hér á. En þegar á að gera samanburð, verður að gera hann að fullu. Hér lét hann þau orð falla, að kjör austan tjaldsins væru nú þau, að karlmenn, sem væru 60 ára gamlir, fengju ellilaun og einnig allar 55 ára konur, og þetta væri nú eitthvað annað á Íslandi. Nú vil ég spyrja í þessu sambandi: Finnst hv. frsm., að þetta sé nægjanlegt til þess að gera raunverulegan samanburð? Mundi ég mega spyrja: Vill hann og gera samanburð um launakjör kvenna og karla austan járntjalds og vestan? Vill hann t. d. upplýsa, hvað menn fá í verðmætum fyrir hverja stund sinnar vinnu austan tjalds og hvað fá þeir vestan tjalds? Ef þeir fá jafnmikið fyrir hverja vinnustund austan tjalds og þess utan þá viðbót að fá þessi fullu laun, sem hann að vísu gat ekki um að væru full laun, þegar þeir hættu að vinna sextugir, þá finnst mér samanburðurinn fullkominn. Sé hins vegar um það að ræða, að lífskjör austan tjalds séu engan veginn sambærileg við lífskjör vestan tjalds, þá horfir málið allt öðruvísi við. Það væru t. d. engin vandræði fyrir okkur hér á Íslandi, ef við mættum lækka laun að svo og svo miklum hundraðshluta og setja það í sérstakan sjóð til þess að gefa mönnum þau sömu laun, þegar þeir væru sextugir. Þetta væru engin vandræði. En það getur vel verið, að hv. þm. sé svo kunnugur launakjörum og lífskjörum austan tjalds almennt, að hann geti fullyrt um þetta. Sögur, sem ganga um þau mál, fara í allt aðra átt. Og raunveruleikinn er þó sá, að þúsundir manna flýja úr þessu ríki vestur yfir takmörkin, því að þeir telja sér trú um eða þeir vita, að þeir geti haft þar betri lífskjör, jafnvel þó að þeir þurfi að bíða eftir ellilaunum, þangað til þeir eru 67 ára. Og eitt er þó alveg víst, að stjórnir þeirra landa, sem eru fyrir austan járntjaldið, opna ekki landamærin, svo að menn megi þó a. m. k. vera sjálfráðir um það, hvort þeir fara eða fara ekki. Það veit hv. þm. eins vel og ég, svo að þessi samanburður hans er einskis virði sem sönnunargagn í þessu máli.

Nákvæmlega sama gildir um, þegar hann er að tala um samanburðinn fyrir austan tjald, að fólkið fái frían tannlækningar, ef það eru svo miklu betri kjör hér vestan tjaldsins, að þótt kostnaði við tannlækningar sé bætt við, verði kjörin þó enn miklu betri vestan tjaldsins.

Ég skal svo ekki ræða frekar ræðu hv. frsm. minni hl., en snúa mér nokkuð að brtt., sem fyrir liggur.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsti hér baráttu sinni og annarra þm. fyrir því að koma inn jöfnum fæðingarstyrk í lögin á sínum tíma. Mér er mjög vel kunnugt um alla þá baráttu, sem stóð um þessa löggjöf, þegar hún fyrst var rædd og samin hér á Alþingi. Ég átti m. a. þá sæti í heilbr.- og félmn. Ed., og nefndirnar frá báðum deildum unnu saman að þessari löggjöf um langan tíma. Og þar urðu ýmis átök, bæði um mínar tillögur og annarra, m. a. um þá tillögu, sem hér er til umr. En ég vil benda á, að við megum ekki loka augunum fyrir því, að þegar tryggingalöggjöfin á sínum tíma var borin fram og samþykkt, var hún tvíþætt og varð að vera tvíþætt á því stigi. Hún var trygging fyrir komandi kynslóðir og þá kynslóð, sem þá lifði, en hún var jafnframt nokkurs konar fátækrastyrkur, þ. e. a. s., það var tekið tillit til þess í löggjöfinni, hvaða tekjur menn hefðu annars staðar, og það er einmitt þetta, sem réð ákaflega miklu, ekki einungis um þetta atriði í sambandi við fæðingarorlofið, heldur einnig um mörg önnur ákvæði í tryggingalöggjöfinni. En smátt og smátt voru þessar hömlur af teknar, og nú, 1961, er m. a. afnumin viðmiðunin um ellistyrkinn. Hann er nú orðinn tryggingastyrkur eða tryggingatekjur. Hann var áður ellistyrkur, en er nú orðinn hrein og bein tryggingarupphæð,

m. a. af því, að menn hafa greitt svo og svo langan tíma í tryggingarnar og eiga þennan rétt eftir svo og svo langan tíma eftir að hafa greitt sín iðgjöld. En það lá ekki fyrir 1945, svo að það var engin andúð á þessari hugmynd á þeim tíma, nema síður sé. Ég man, að við ræddum mikið um þetta atriði í sambandi við tryggingalöggjöfina þá. Og í sambandi við þetta vil ég einnig benda á annað atriði, sem hefur ekki náðst samkomulag um enn og er þó fullkomlega réttlátt, og það er að hafa ekki tryggingasvæðið nema eitt í landinu. Við vitum, að í dag eru þau tvö. Það er mismunur á því, hvaða tryggingaupphæð fólk fær, sem býr á öðru verðlagssvæði og á fyrsta verðlagssvæði. Það er jafnt og þétt unnið að þessari leiðréttingu. En það strandaði allt á því á þeim tíma, að tryggingarnar höfðu ekki getað skapað sér nægilega sjóði til þess að taka við þeim þunga, sem það hlaut að hafa í för með sér að hafa eitt svæði. Og þetta hefur smátt og smátt lagazt, eftir því sem sjóðir hafa orðið sterkari og meiri og tryggingarnar haft yfir meira fé að ráða. Ég vildi láta það koma fram hér, að þetta var meginástæðan fyrir því, að þessi ákvæði komu ekki inn í löggjöfina strax, en ekki hitt, að menn hefðu ekki haft fullkomlega opin augun fyrir því, að það var réttlæti og eina réttlætið að láta fæðingarstyrkinn vera hinn sama fyrir allar konur í landinu, og í því er ég alveg sammála hv. flm. till.

Ég hef fengið upplýst, eins og reyndar hv. 1. þm. Norðurl. v. minntist á hér, að fæðingarstyrkurinn er nú 2160 kr. fyrir hverja fæðingu. Ef ætti að sexfalda hann, eins og forstjóri Tryggingastofnunarinnar taldi að væri nauðsynlegt til að ná þessum kjörum fyrir allar konur, þá yrðu þetta tæpar 13 þús. kr., og það væri sama sem fjórði parturinn af 52 þús. kr. launum, sem konur þá hefðu. Og þó að það sé nokkuð erfitt að reikna það út, hvað þetta gæti orðið að meðaltali, þá taldi forstjóri Tryggingastofnunarinnar, að hann hefði nokkuð örugga vissu um, að hér væri um meðallaun að ræða í landinu hjá konum. Hvort það er rétt eða ekki, það læt ég hann alveg um. En það er alveg víst, að þetta mundi kosta nærri 13 þús. kr., ef sexfalda ætti fæðingarstyrkinn. Ætti hins vegar að samþykkja þá till., sem liggur fyrir hér á þskj. 361, þá mundi þetta nema 6480 kr. fyrir hverja fæðingu, og það mundi hafa kostað 1959 rúmlega 25 millj. kr., en yfir 50 millj., ef ætti að taka fullan sexfaldan fæðingarstyrk. (Gripið fram í.) Það er rétt, að fæðingarstyrkurinn var 1959 8 470 397 kr., og það varð að þrefalda, — ekki fjórfalda, heldur þrefalda, og við erum báðir svo miklir reikningsmenn, ég og hv. 1. þm. Norðurl. v., að þrisvar sinnum 8½ millj. gera þá 25½ millj. (Gripið fram í.) Já, ég fimmfalda hitt, það er alveg rétt. Já, það mundi ekki verða alveg tvöfalt, það er alveg rétt. En þetta mundi muna um 25—26 millj. kr. miðað við 1959 og töluvert miklu hærra nú. En finnst nú ekki hv. þm., sem hefur borið þessa till. fram, að það sé ekkert óeðlilegt, þó að meiri hl. vilji ekki leggja til að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir?

Og ég vil nú einnig spyrja hv. frsm. minni hl. að því, hvort rétt sé að samþykkja frv., þegar í fyrsta lagi er till. komin fram um að bylta frv. alveg, svo að það stæði enginn stafur eftir af því, því að því yrði raunverulega bylt svo um, að það er ekki lengur orðið sérstakt frv. um fæðingarorlof kvenna, heldur er það orðið liður í tryggingalöggjöfinni og ætti þá við að vera sett inn sem brtt. við þá löggjöf, því að það er hvort tveggja, að það á að hækka orlofsgjaldið, og það á að fara nákvæmlega eins með tekjurnar, taka þær nákvæmlega á sama hátt og í tryggingalöggjöfinni. Og það er einmitt það, sem meiri hl. n. bendir á, að það sé ekki hægt að samþykkja frv., eins og það er, vegna þess annars vegar, að það þarf að gerbreyta frv., og hins vegar, ef á að ná þessu takmarki: að gera réttinn þann sama fyrir allar konur, þá er þetta orðið stórkostlegt fjárhagsmál. Og ég veit, að hv. flm. till., sem er búinn að sitja hér lengi á þingi og sitja jafnan í fjhn., vera m. a. fjmrh., — ég veit, að hann er mér sammála um, að það sé engan veginn frambærilegt eða yfirleitt hægt að samþykkja í einu lagafrv. yfir 25—26 millj. kr. útgjaldalið, nema því aðeins að gert sé jafnframt fullkomlega ráð fyrir því, hvernig eigi að taka tekjur á móti. Nú segir hann að vísu í sinni till., að það eigi að leggja þessi gjöld á sama hátt á sömu aðila. Þar með er það nýr skattur á hvern gjaldþegn í landinu, það er nýr skattur á atvinnuvegina, það er nýr skattur á sveitarfélögin, og það er nýr skattur á ríkissjóðinn, og fyrir þessum útgjöldum hefur a. m. k. ekki verið gert neitt á þeim fjárlögum, sem búið er að afgreiða. Þetta styður fullkomlega þá till. meiri hl. að vísa málinu til ríkisstj. til undirbúnings. Sjái hæstv. ríkisstj. sér það fært að taka upp á næstu fjárlög sinn hluta af þeim 25 millj. eða meira, sem það mundi hafa í för með sér að samþykkja þessi lög, þá er eðlilegt, að hún leggi fram á næsta Alþingi stjfrv. um það atriði. Þess vegna finnst mér, að þessi till. einmitt styðji fullkomlega till. meiri hl. um að vísa málinu til ríkisstj. til frekari undirbúnings.

Ég skal hins vegar verða fullkomlega við þeirri ósk hv. 1. þm. Norðurl. v. að halda einn eða fleiri nefndarfundi um till. hans, svo framarlega sem hæstv. forseti vill verða við þeim tilmælum mínum, þótt þau komi ekki fyrr en nú, að fresta umr. og taka málið ekki á dagskrá, fyrr en ég hef aftur tekið sæti á þingi eftir að hafa komið heim frá fundum Norðurlandaráðs.

Umr. frestað.

Á 64., 65., 66., 67., 68. og 69. fundi í Nd., 16., 17., 20., 21., 23. og 27. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Margrét Sigurðardóttir: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, frv. til laga um fæðingarorlof, hefur, eins og hv. þdm. er kunnugt, verið til athugunar hjá heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar. Við höfum fyrir nokkrum dögum hlýtt á ræður frsm. meiri og minni hl. þeirrar nefndar um frv. og á framsöguræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir þeim breytingum, sem hann flytur á þskj. 361 við frv.

Ég hef hér fyrir framan mig nefndarálit hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. Þar er frv. flest til

forráttu fundið. Er þar svo að orði komizt og haft eftir forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, að frá tæknilegu sjónarmiði sé svo að segja ómögulegt að framkvæma lögin, ef frv. væri samþykkt óbreytt. Fyrir svo þungum dómi mætti ætla að full rök væru færð. Svo er þó ekki. Fullyrðingin ein er látin duga. Hins vegar er dregin skýr ályktun af þessum dómi, þar sem niðurstaða hv. meiri hl. n. er sú, að hér sé um svo umfangsmikið mál að ræða, að vísa beri því til ríkisstj., sem hafi alla möguleika á því að undirbúa frv. um þetta efni, svo að viðunandi sé.

Ég mun nú ræða nokkuð þá gagnrýni, sem fram kemur í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., svo og þá gagnrýni, sem kom fram í tveim ræðum hv. frsm. meiri hl., Gísla Jónssonar, eftir því sem ég get ráðið í, hvað fyrir hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. vakir.

Hv. 1. þm. Vestf., frsm. meiri hl., hefur atlögu sína að frv. á þeim grundvelli, að hér sé framið slíkt ranglæti gagnvart þeim konum, sem mundu ekki njóta þeirra hlunninda, sem frv. gerir ráð fyrir, að furðu sæti, að Kvenréttindafélag Íslands skuli bregðast svo skyldum við íslenzkar konur að mæla með frv. Brýnir hv. þm. konur að muna kinnhest þennan að dæmi formóður okkar, Hallgerðar langbrókar, eða eins og hv. þm. kemst að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Mætti segja mér, að einhver kona, sem með þessu frv. fær engan rétt, ætti til þann þótta að taka slíku ekki alveg þegjandi.“

Ég verð því miður að hryggja þennan hv. þm. með því að upplýsa, að sök Kvenréttindafélags Íslands er ekki aðeins sú að mæla með frv. og senda rökstudda umsögn um það, heldur var á landsfundi kvenna á s. l. sumri gerð ályktun þess efnis, að fundurinn teldi eðlilegt, að allar konur í atvinnustéttunum nytu sömu réttinda til óskertra launa, þótt þær forfölluðust frá vinnu vegna barnsburðar, eins og þær konur hefðu, sem væru starfsmenn ríkisins, en það eru, svo sem kunnugt er, þriggja mánaða laun, ef þær eru fjarverandi vegna barnsburðar, eins og farið er fram á í þessu frv. Var stjórn Kvenréttindafélagsins falið að vinna að lausn þessa máls. Ég hygg, að ég megi fullyrða, að meiri hl. fulltrúanna á landsfundi Kvenréttindafélagsins hafi alls ekki verið launþegar og hafi þannig ekki getað vænzt þess að njóta góðs af slíkum réttindum, þó að þau kæmu til framkvæmda, heldur hafi þarna flest verið konur, sem algerlega helga heimilunum starfskrafta sína og sennilega margar fætt sín börn án nokkurs fæðingarstyrks. Þó virtist þessum konum ekki meira á rétt sinn gengið en svo, að þær gera ályktun um það, ég má segja: einróma, að eðlilegt sé, að allar konur, sem í atvinnustéttum landsins vinna, þ. e. allar konur, sem eru launþegar, njóti þessara réttinda.

Nú skal ég ekki segja um það, hvort einhverjar konur verða til þess að bregðast við frv. eins og hv. 1. þm. Vestf. væntir af þeim. En fjöldi kvenna hefur nú þegar sýnt, að þær gera sér fyllilega ljóst, að hér er um nauðsynja- og réttlætismál að ræða. Hér er um að ræða að láta þau réttindi, sem nú þegar hafa verið veitt af hendi löggjafans þeim hópi kvenna, sem vinnur í þjónustu ríkisins, — láta sams konar réttindi öðlast gildi gagnvart öllum konum, sem taka laun fyrir vinnu sína. Hér er um það að ræða, hvort sú sérstaða konunnar að ganga með og ala þjóðfélaginu nýja þegna á að teljast eðlileg og fullnægjandi ástæða fyrir fjarvist úr vinnu, á sama hátt og fótbrot og lungnabólga eru fullgildar ástæður til fjarvistar, því að ef svo er ástatt, þá nýtur konan fulls kaups — og ef ekki kaups, þá sjúkradagpeninga.

Hv. 1. þm. Vestf. tók það fram, að hann teldi ekki, að hér væri um slíkt kvenréttindamál að ræða, að það væri ástæða til fyrir Kvenréttindafélagið að ljá þessu máli fylgi sitt. Það gleður mig vissulega, að svo virðist sem hv. þm. meti kvenréttindi mikils og vilji ekki, að frá þeim sé brugðið á nokkurn hátt. En ég vil halda því fram, og ég vænti þess, að hv. þm. geti orðið mér sammála um það, þegar hann athugar málið nánar, að þetta atriði sé einmitt kvenréttindamál. Þetta er raunverulegt kvenréttindamál. Hér er um það að ræða að fá viðurkennda sérstöðu konunnar í lífsbaráttunni og brauðstritinu, viðurkenna sérstöðu hennar sem móður og tryggja, að hún verði ekki látin gjalda þess, að hún fæðir börn til lífsins. Hins vegar treysti ég víðsýni kvenna svo, að ég þykist þess fullviss, að þær muni meta það, sem til framfara horfir í þessum málum sem öðrum, jafnvel þó að ekki sé beinn hagnaður fyrir hverja einstaka konu persónulega.

Annars er hneykslunin yfir því, að frv. þetta skuli ekki ná til allra kvenna, sem kemur fram bæði hjá hv. 1. þm. Vestf. og sömuleiðis hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., slík, að maður gæti haldið, að hér á hv. Alþingi hefðu aldrei verið samþykkt lög nema þau, sem næðu til allra hugsanlegra aðila, og yfirleitt að hér væru aldrei samþykkt lög, nema þau fullnægðu öllu réttlæti. En ég vil í þessu sambandi benda á hin almennu orlofslög, svo að við höldum okkur við orlof. Þau taka einungis til launþega, en þeir, sem atvinnurekstur reka, njóta þeirra ekki, — og jafnvel að viðbættum öðrum orlofslögum, lögunum um orlof húsmæðra, er ekki algerlega náð til allra íslenzkra kvenna. Konur, sem sjálfstæðan atvinnurekstur reka, en eru ekki húsmæður, njóta þeirra ekki. Þar er því hópur kvenna, sem er afskiptur í þessum efnum. Sjálfsagt er sá hópur tiltölulega fámennur, og þær konur, sem hann fylla, virðast a. m. k. skorta þann þótta, sem hv. 1. þm. Vestf. væntir svo mjög að íslenzkar konur eigi í fórum sínum, því að þær virðast hafa tekið þegjandi þessu misrétti löggjafarinnar.

Ég hygg, að hv. 1. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi báðir átt sæti á Alþingi, þegar hvor tveggja þessi lög voru samþykkt, og hafi þeir ekki þá komið fram með þetta jafnréttissjónarmið sitt, þá virðist mér dálítið erfitt og misjafnlega erfitt að fullnægja réttlætiskennd þessara hv. þm.

Þá er því haldið fram, að kona geti eftir frv. tekið tvöfalt fæðingarorlof, eða réttara sagt fengið þann tíma, sem orlofið varir, borgaðan tvöföldum launum. Í framsöguræðu sinni leggur hv. 1. þm. Vestf. dæmið þannig, að konan sé fastráðin og taki 3 mánaða laun sín sem slík, en auk þess hafi hún unnið annars staðar fyrir talsverðum tekjum og jafnvel jafnmiklum og fastalaunin nema, og þar sem hún hafi að sjálfsögðu gefið

þessar tekjur sínar upp til skatts, þá bæri henni einnig ¼ hluti af slíkum árslaunum í fæðingarorlof. Þetta virtist þm. finnast mjög óheppilegt og eins konar misnotkun á þessum lögum. Þetta er vissulega hugsanlegur möguleiki, en þetta er bara alls ekki tvöfalt fæðingarorlof. Konan á samkv. frv. rétt á fjórðungi árstekna sinna í fæðingarorlof, og hafi hún unnið tvöfalt starf, þá gerist ekkert annað en það, að hún nýtur dugnaðar síns, og ég hélt satt að segja, að hv. 1. þm. Vestf. mundi meta svo mikið persónulegan dugnað og framtak, að hann mundi ekki finna að þessu atriði. Aftur á móti er það ekki rétt skilið, sem hv. þm. kemur að í seinni ræðu sinni um þetta mál, þar sem hann óttast, að kona geti bæði notið orlofsfjár úr fæðingarorlofssjóðnum, sem frv. gerir ráð fyrir, og auk þess frá vinnuveitanda sínum, þafi hún við hann sérsamning um þetta efni. Í frv. er ráð fyrir gert, að þær konur, sem hafi sérsamning við vinnuveitendur sína eða samkv. öðrum lögum hafi jafngóð eða betri ákvæði um þetta efni, falli undir þau lög framvegis og njóti þeirra samninga, en hafa þá auðvitað ekki rétt til orlofsfjár samkv. þessu frv., ef að lögum yrði.

Þá virðist hv. þm. ekki ánægður með það, að þeim, sem þessa orlofs ættu að njóta, sé ekki gert að greiða neinn kostnað eða iðgjöld til orlofssjóðs. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í framsöguræðu minni í haust, að þar var farið eftir fordæmi, sem hið háa Alþ. hafði gefið. Í fyrra, þegar samþ. voru orlofslög húsmæðra, var niður fellt það tillag, sem frv. hafði upphaflega lagt til að húsmæður legðu fram. Það fordæmi gerði það að verkum, að ég taldi tilgangslaust að setja í þetta frv. svipað ákvæði eða ákvæði um framlag frá þeim, sem orlofsins ættu að njóta, enda þótt mér væri ljóst, að slíkt gat vel komið til greina. Ég leyfi mér líka að vitna til laganna um orlof húsmæðra til andmæla þeirri viðbáru hv. 1. þm. Vestf., að þar sem tvenn orlofslög séu fyrir, sé eðlilegra, að ný orlofslög falli inn í eldri lögin. Tilgangur hinna eldri orlofslaga er talsvert annar en þessa frv. En mér er spurn: Hvers vegna var ekki orlof húsmæðra fellt inn í hin almennu orlofslög, ef óheppilegt er, að fleiri en ein lög séu kennd við orlof?

Það er að því fundið, að í frv. vanti öryggisákvæði um, að orlofsþegi megi ekki vinna launuð störf, á meðan orlofstíminn varir. Segir svo um þetta atriði í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá taldi hann og“ — og hér er átt við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, — „að ef hér ætti að vera um orlof að ræða í sömu merkingu og það er notað í öðrum lögum um orlof, þá væri eðlilegt, að kveðið væri svo á í lögunum, að orlofsþegi hefði eigi launuð störf á hendi á orlofstímanum, svo sem fyrir er mælt í orlofslögum, en það mundi verða margvíslegum erfiðleikum bundið að tryggja, að slíkt yrði ekki gert.“

Ég hef vissulega ekkert við það að athuga, að sett væri inn í frv. ákvæði um, að orlofsþegi megi ekki vinna launuð störf í orlofstímanum. Mér virðist, að það sé smávægileg breyting. Hins vegar fæ ég ekki skilið þá fullyrðingu, að það yrði margvíslegum erfiðleikum bundið að tryggja, að slíku banni yrði framfylgt. Í hinum almennu orlofslögum er ákvæði um þetta efni orðað eitthvað á þá leið, að óheimilt sé orlofsþega að vinna í starfsgrein sinni eða skyldri starfsgrein, á meðan orlofið varir, og það eru um þetta frekari ákvæði í reglugerð, en það er einungis skilgreining á því, hvað teljast skyldar starfsgreinar. En ég verð að segja það, að ef slík ákvæði eru fullnægjandi fyrir fullhraust og vinnandi fólk, til þess að það taki ekki upp starf og noti ekki orlofstíma sinn til að vinna sér inn tekjur, þá fæ ég ekki skilið, að slíkt ákvæði ætti ekki að hrökkva fyrir konu, sem er á síðustu mánuðum meðgöngutímans eða fyrstu vikurnar eftir að hún elur barn.

Þá kemur næsta málsgrein í nál. hv. meiri hl., sem ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, einnig að lesa, en þar segir svo: „Væri það hins vegar tilgangur frv. að tryggja það, að aðili tapaði ekki tekjum við barnsfæðingu, og bendir allt til, að það sé megintilgangurinn, þyrfti frv. einnig að taka allverulegum breytingum.“

Ekki er haft fyrir því að skýra, á hvern hátt frv. þyrfti að breytast til að fullnægja tilgangi sínum, en ég vænti þess, að hv. alþm. lesi frv. og hafi þegar gert það, svo að þeir geti gert sér hver fyrir sig grein fyrir því, hvort mikill vafi getur leikið á um tilgang þess. En annars er þetta svo ógreinilega orðað, að ég get ekki fyllilega ráðið í, hvað hér er átt við. Ef til vill er hér aðeins verið að vita ógætilega meðferð á orðinu orlof. Ég veit það ekki. Það mætti vafalaust fá skilgreiningu á því ágæta orði hjá lærðum málvísindamönnum, en minn skilningur á orðinu er sá, að það merki heimila fjarvist úr starfi án launamissis. Samkv. þeim skilningi hef ég leyft mér að nota orðið yfir leyfi frá störfum með fullum launum vegna barnsburðar og kalla það fæðingarorlof.

Þá kem ég að tveim atriðum, sem nefnd voru í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. og í framsöguræðu hv. 1. þm. Vestf. og mér virðist að hafi nokkuð til síns máls. Það er fyrst það atriði, að ekki sé fyrir það girt í frv., að óráðvant fólk geti misnotað ákvæði frv., ef að lögum yrði, á þann veg, að kona telji sig vera fastráðna í starfi, sem hún alls ekki gegnir. Vitaskuld yrði það að vera með aðstoð annars aðila, sem gæfi henni vottorð um fastráðningu, og vitaskuld yrði þessi málamyndavinnuveitandi að greiða iðgjald af vinnuvikum þessa málamyndastarfsmanns síns til fæðingarorlofssjóðs og auk þess bæði til slysatryggingasjóðs og atvinnuleysistryggingasjóðs. En segjum, að einnig þann greiða vildi þessi málamyndavinnuveitandi gera viðkomandi konu. Ég hef ekki trú á, að mikil brögð yrðu að slíkri sviksemi, en það má vel vera, að það stafi fyrst og fremst af vanþekkingu minni á því, hve heiðarleikinn reynist léttvægur, ef um einhverja tekjuöflun er að ræða. Ég hef sem sagt ekki mikla trú á því, að þessi smuga yrði notuð til þess að misnota ákvæði eða réttindi frv., ef að lögum yrði. En ég vil taka það fram, að mér hefði þótt eðlilegt og sjálfsagt, ef mér hefði dottið þessi möguleiki í hug, að fyrirbyggja hann með því að setja inn í frv. einhver ákvæði, t. d. vissar fjársektir gegn slíkri misnotkun.

Þá er það hitt atriðið, sem hv. 1. þm. Vestf.

drepur á. Hann dregur upp átakanlega mynd af konu, sem er við rúmið í um það bil ár, e. t. v. vegna fósturláts, en næsta ár vinnur hún lausavinnu, en á barn á því ári, en fær þá ekki fæðingarorlof, vegna þess að skattaframtal síðasta árs sýnir engar tekjur. Ég vil fyrst taka það fram, að minn skilningur á þessu vissa tilfelli, sem hv. 1. þm. Vestf. dró þarna fram, er sá, að kona, sem fyrir því verður, að henni leysist höfn, eigi rétt á fæðingarorlofi eftir þessu frv., ef hún á annað borð er launþegi. En hins vegar er það sennilegt, að kona, sem hefur ekki talið fram tekjur á næstliðnu ári á undan fæðingu, mundi ekki njóta fæðingarorlofs. Mér var þetta ljóst við samningu frv. og reyndi að finna viðunandi lausn, en gat ekki fundið aðra öruggari leið en skattframtalið til tryggingar því, að hér væri um raunverulegar launatekjur að ræða. Hins vegar hefði mér verið mikil þökk að því, ef hv. heilbr.- og félmn. eða einstakir þm. hefðu fundið betri lausn á þessum vanda.

Ég hef nú rætt þá gagnrýni, sem fram hefur komið á frv. Ég hef reynt að skýra málin eftir því sem mér hefur verið unnt, leiðrétt það, sem ég hef talið mig vita betur, og viðurkennt, ef mér virðist gagnrýnin á rökum reist. Ég vænti þess, að hv. alþm. vilji athuga nákvæmlega, hvort frv. sé svo gallað, að það mundi lítt framkvæmanlegt, ef að lögum yrði. Ég tel mig hafa hrakið gagnrýni hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. í flestum greinum. Það er hér um að ræða tvö atriði, sem ég viðurkenni, að æskilegt hefði verið, að betur hefði verið um hnútana búið. Hvorugt skiptir meginmáli, jafnvel ekki miklu máli, en auk þess var vitaskuld opin leið til úrbóta, ef hv. alþm. sýndist svo.

Hv. 1. þm. Vestf. kom mjög inn á það í sinni framsöguræðu, að frv. væri flausturslegt og illa undirbúið. Mér er það vissulega fyllilega ljóst, að ég er viðvaningur í því að búa til frv. í hendur löggjafans. Ég vænti mér því góðs af vinsamlegri og nákvæmri athugun n. á frv., eins og ég tók fram í minni framsöguræðu. Ég var reiðubúin að taka heilbrigðri gagnrýni, og mér hefði verið mikil þökk að breytingum, sem til úrbóta hefðu horft. En ég get ekki neitað því, að ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum, strax er ég las nál. hv. meiri hl., og ég vænti þess, að þm. geti sannfærzt um það sjálfir, ef þeir lesa það plagg, að þar úir og grúir af fullyrðingum, svo mjög, að jaðrar við sleggjudóma. Ég satt að segja vænti þess ekki, að reyndir og vísir þm. viðhefðu slíka málsmeðferð á löggjafarþingi þjóðarinnar. Hitt finnst mér full ástæða til að lýsa ánægju minni með, að fram kom bæði í nál. og í ræðu hv. frsm. meiri hl., að hér væri um merkilegt mál að ræða, sem full ástæða væri til, að löggjafinn tæki til athugunar. Þetta gleður mig, því að ég vænti þess, að það sýni, að efni þessa frv. eigi skilningi að fagna hjá hv. alþm. Enda þótt þeir þm., sem að umræddu nál. stóðu, sjái sér ekki af einhverjum ástæðum fært að fylgja því frv., sem hér liggur fyrir, þá treysti ég því, að þessum málum muni fljótlega verða farsællega skipað, ef ekki á þessu þingi, þá e. t. v. því næsta.

Mér virðist, að sá grundvöllur, sem þetta frv. byggist á, og sá háttur, sem þar er ætlazt til, að viðhafður sé í þessum efnum, sé eðlilegt spor í þessum málum, eins og þau liggja fyrir hér á landi. Löggjafinn hefur þegar viðurkennt réttmæti þess, að fjarvist vegna barnsburðar skuli ekki valda launamissi, og ég tel, að þar hafi löggjafinn sýnt réttan og lofsverðan skilning á þessum málum. En ég vil mótmæla þeirri skoðun, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf., að á þetta bæri að líta sem launauppbót til viðkomandi konu. Fæðingarorlof ber að skoða sem viðurkenningu á því, að barnsburður er eðlileg og heimil fjarvist úr starfi og skuli ekki valda launamissi, og ég vil segja: sú eðlilegasta og þjóðfélagslega séð sú jákvæðasta fjarveruorsök, sem yfirleitt getur komið til greina. Á það má einnig benda, að framkvæmd þessa frv., ef að lögum yrði, mundi ekki skapa ríkissjóði stórkostleg útgjöld, a. m. k. ekki fyrst í stað.

En þó að því frv. um fæðingarorlof, sem hér liggur fyrir, auðnist e. t. v. ekki að fá staðfestingu hv. Alþ., þá vildi ég sérstaklega vekja athygli á því ákvæði frv., sem kveður á um það, að þær konur, sem eru ekki fastráðnar, en vinna lausavinnu ýmiss konar, fái aðild að þeim réttindum, sem um er að ræða í frv. Ég tel, að þessi ákvæði séu athyglisverð, ekki einungis vegna þess, að margar konur, sem taka tímakaup og vinna lausavinnu, vinna bæði hin erfiðustu og jafnframt nytsömustu störf, svo sem margs konar framleiðslustörf og ýmiss konar mikilsverða þjónustu, og út frá því væri það eðlilegt og sjálfsagt, að þessar konur nytu þeirra ráðstafana, sem gerðar eru í þjóðfélaginu til að bæta kjör kvenna. En þarna kemur fleira til. Það er vitanlegt, að konur, sem hafa heimili og börn að annast, eiga örðugt með að hafa á hendi fulla vinnu utan heimilisins, en hafa hins vegar margar þörf fyrir auknar tekjur og oft bæði tíma og starfskrafta til að bæta við sig vinnu, ef það getur samrýmzt heimilishaldinu. Þær taka því oft ígripavinnu þá tíma, sem þær eiga þægilegast með að hverfa frá heimili sínu, eða þær taka vinnu heim til sín. Enginn vafi er á því, að þetta er oftast heppilegasti hátturinn á vinnu húsmæðra, sem vilja og geta bætt við sig störfum. Það er því nauðsynlegt, að frekar verði stutt að þessum vinnuháttum, og það er óneitanlega gert með því að veita þeim konum, sem slíka vinnu stunda, hlutdeild í þeim hlunnindum, sem annars hafa einungis staðið þeim til boða, sem fastráðnar eru.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) hefur flutt allróttæka breyt. á þessu frv., þar sem segja má, að þar komi fram nýtt frv., nefnilega að fæðingarstyrkurinn verði þrefaldaður og greiddur öllum konum, sem börn fæða hér á landi. Það mundi þýða, að í hendur kvenna kæmu rúmlega 6 þús. kr. við hverja fæðingu, því að menn skyldu athuga, að núverandi fæðingarstyrkur hrekkur rétt aðeins sem greiðsla til fæðingarheimilanna eða ljósmæðranna og gengur í langflestum tilfellum beint til þess. Fæðing er nefnilega ekki skoðuð sem sjúkdómur eftir íslenzkum lögum og fellur ekki undir sjúkratryggingar, eins og flest önnur sjúkrahúsvist er greidd. En þessi fæðingarstyrkur er rétt rúmlega það, sem greitt er á fæðinga-

deild landsspítalans, en hrekkur t. d. tæplega fyrir því, sem konan þarf að greiða á hinu nýja fæðingarheimili Reykjavíkurbæjar.

Þá er gert ráð fyrir því í þessari breyt. hv. 1. þm. Norðurl. v., að því er mér skildist af framsöguræðu hans, að þær konur, sem þegar hafa samkv. öðrum lögum eða samkv. samningum við vinnuveitendur sína rétt á fullum launum í þrjá mánuði, ættu að njóta þess áfram. Þær ættu að vísu að fá sinn skerf úr sjóðnum, en vinnuveitandi þeirra ætti að bæta við því, sem vantaði á full laun.

Er því ljóst, að þó að þessi breyting yrði gerð á frv. og næði fram að ganga, yrði ekki fullum jöfnuði náð milli allra kvenna, og reynist erfitt að elta uppi réttlætið eins og fyrri daginn. Mér er hins vegar ljúft að viðurkenna, að í þessum till. hv. 1. þm. Norðurl. v. kemur fram lofsverður skilningur á hinni þjóðfélagslegu þýðingu barnsfæðinga, og jafnframt, að slíkt er ekki algert einkamál foreldranna, heldur mál, sem þjóðfélagið varðar í mesta máta. Má benda á það, að í svo fámennu samfélagi sem okkar væri það mjög örlagarikt, ef málin snerust á þann veg, að verulega drægi úr barnsfæðingum. Það er því fyllilega þjóðhagslega réttmætt að búa vel og rausnarlega að mæðrum við hverja fæðingu. Að því leyti er ég hv. flm. þessarar breyt. algerlega sammála.

Ég hefði þó frekar kosið, að frv. í sinni upphaflegu mynd eða sá grundvöllur, sem það er byggt á, hefði orðið að veruleika, vegna þess að ég tel litlar líkur til þess, að svo rausnarlega yrði að farið í greiðslu fæðingarstyrks, að það mundi vera fullnægjandi fyrir þær konur, sem ég tel að mesta þörf hefðu fyrir hann. Mér er fyllilega ljóst og ég viðurkenni, að 6 þús. kr. mundu vera ákaflega góður skildingur og notadrjúgur fyrir fjölda kvenna, en hins vegar virðist mér, að ekki sé hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, og það er sennilega þar, sem okkur greinir á, mig og hv. 1. þm. Norðurl. v., að ég tel, að hvorki sé rétt né hyggilegt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að okkar þjóðfélag, svo sem flest nútímaþjóðfélög, er þannig upp byggt, að fjöldi kvenna vinnur fyrir brauði sínu, eru launþegar, og það verður að líta á það, að það eru grundvallarréttindi fyrir þessar konur og þar með konur yfirleitt, að til þess sé tekið tillit og þær séu ekki látnar beinlínis líða fyrir það, að þær fæða börn til lífsins. Fjöldi kvenna hefur á engu að byggja nema atvinnutekjum sínum. Missi konan þær, getum við öll séð það í hendi okkar, að hún framfærir sig ekki á 6 þús. kr. þann tíma, sem nauðsynlegt er að hún sé frá starfi vegna barnsfæðingar. Og það blasa þá við henni mjög örðug kjör einmitt á þeim tíma, sem hún má sízt við að mæta erfiðleikum. Það má reyndar segja, að það sé jöfnuður, að allar konur fái jafnan fæðingarstyrk, en það er ekki þjóðfélagslegt réttlæti.

Yrði það frv., sem hér um ræðir, lögfest, þá efa ég ekki, að næsta sporið yrði að tryggja þeim konum, sem njóta ekki sambærilegra réttinda, ríflegan fæðingarstyrk, og ég tel það vissulega orðið tímabært að taka til athugunar, hvernig því yrði réttlátlegast fyrir komið, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu fyrir þessu frv. Að því leyti gleður mig þessi till. hv. þm., því að hún gengur greinilega í þessa átt, að því er varðar konur, sem eru ekki launþegar. En yrði hins vegar að því ráði horfið að veita öllum konum fæðingarstyrk, margfaldan frá því, sem nú er, þá tel ég nauðsynlegt, að hann verði svo ríflegur, að hann hrökkvi til lífsframfæris þeim konum, sem mesta þörf hafa fyrir hann.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var til 2. umr., var óskað eftir því, að heilbr.- og félmn. tæki það til athugunar á ný, af því að fram hefðu komið brtt., sem nefndin vildi gjarnan athuga, og auk þess hafði komið ósk um það, að rætt yrði nánar við forstjóra Tryggingastofnunarinnar um sérstök atriði. Ég var fjarverandi, eins og kunnugt er, um 14 daga skeið, en hæstv. forseti hefur tekið málið á dagskrá 28. f. m., og var það þá hér til umr. N. hefur hins vegar ekki haft tækifæri til þess að halda fund um málið, og forstjóri fyrir Tryggingastofnuninni er erlendis sem stendur. Ég vildi mega mælast til þess, að hæstv. forseti tæki málið út af dagskrá og frestaði umr., svo að n. fengi tækifæri til að athuga þau atriði, sem óskað hefur verið eftir.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 16. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. 2. umr. um þetta mál var frestað þann 14. f. m., m. a. vegna fram kominnar brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) á þskj. 361 og enn fremur fyrir ósk frá hv. 4. landsk., sem óskaði eftir, að málið yrði nánar rætt við forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Nú stóð svo á þá, að ég, sem var frsm. fyrir meiri hl., varð að víkja af þingi um stund til þess að gegna störfum í Norðurlandaráði og kom ekki til baka aftur til þings fyrr en 1. marz og gat því ekki tekið þátt í þeim umr., sem farið hafa fram um málið í millibilinu. En það hefur verið tekið hér til umr. 28. febr., vegna þess að hv. flm. frv. var þá staddur hér á þingi, og var eðlilegt, að hæstv. forseti gæfi honum tilefni til þess að ræða málið, eftir að nál. hefðu komið fram og eftir að málið hafði verið rætt hér að nokkru við 2. umr. Ég átti þess ekki kost að hlusta á þær umr., en hef hins vegar kynnt mér ræðu hv. flm., sem er mjög löng og ýtarleg. En efnislega kemur þar ekkert nýtt fram. Allt það, sem rætt er um þar, hafði komið fram áður, verið svarað af mér, og sé ég því ekki ástæðu til að svara neitt þeim aths., sem þar voru gerðar, og skal því ekki eyða tíma hv. d. til þess að ræða um þá ræðu í einstökum atriðum.

Síðan ég kom aftur til þings, hefur ekki verið unnt að ná viðtali við forstjóra Tryggingastofnunarinnar, vegna þess að hann hefur dvalizt erlendis og mun dveljast þar nokkurn tíma, og það hefur orðið að samkomulagi í hv. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. að láta nú málið ganga til

atkv. við 2. umr. og ljúka henni, þó að ekki sé unnt að ná viðtali við forstjórann, svo sem óskað var.

Ég hef hins vegar leitað upplýsinga um þann kostnað, sem mundi leiða af brtt. á þskj. 361, ef hún yrði samþ., og hef ég fengið þær upplýsingar um það atriði, er ég nú skal skýra frá.

Tryggingastofnun ríkisins hefur tjáð mér, að áætlaður kostnaður við fæðingarstyrki á árinu 1961 skv. gildandi lögum frá 1960 sé 11.4 millj. kr. Ef samþ. ætti till., mundi á yfirstandandi ári þurfa að bæta við 22.8 millj. kr. til þess að mæta nauðsynlegum útgjöldum, eftir að till. hefði verið samþ. Þessar 22.8 millj. mundu skiptast þannig, að ríkissjóður yrði að greiða 8 millj. og 208 þús. kr., hinir tryggðu yrðu að greiða 7 millj. 296 þús. kr., sveitarsjóðirnir yrðu að greiða 4 millj. 104 þús. kr. og atvinnurekendur 3 millj. 192 þús. kr. Allur kostnaðurinn yrði þá 22 millj. 800 þús. kr. og fæðingarstyrkurinn þá rúmlega 33 millj. kr. Ég vænti þess, að hv. d. og einnig hv. minni hl. geti fallizt á, að þess sé ekki að vænta, að hægt sé að leggja til að taka svo stóra fjárhæð inn með nýjum lagaákvæðum, þegar ekki hefur verið gert ráð fyrir því að taka hana inn á fjárl. og ekki heldur verið við því búizt af sveitarfélögum eða atvinnurekendum að þurfa að taka á sig slíka byrði á þessu ári. Hins vegar hefur hv. flm. till. fært það í tal við mig sem formann n., hvort ég mundi vilja beita mér fyrir því, að till. yrði samþykkt með þeim breytingum, að þetta tæki þó ekki gildi fyrr en á næsta ári. Ég hef ekki séð mér fært að mæla með því á þessu stigi málsins, en till. okkar meiri hl. er að vísa málinu til hæstv. ríkisstj., og getur hún þá að sjálfsögðu látið rannsaka, hvort það þykir tiltækilegt að breyta lögunum þannig, að hækkaður yrði fæðingarstyrkurinn, annaðhvort svo sem hér er fyrir mælt eða á einhvern annan hátt, og mundi þá undirbúa málið fyrir næsta Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið meir, en endurtek till. hv. meiri hl. n. um, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er langt um liðið, síðan þetta mál var síðast til umr., og ástæðan til þess, að umr. var frestað, er sú, sem hv. frsm. meiri hl. n. gat hér um áðan, m. a. fjarvera hans af þingi um skeið. En síðan umr. var frestað að hans beiðni, hefur farið fram umr. um málið, og hv. flm. frv., frú Margréti Sigurðardóttur, gefizt kostur á að túlka sín sjónarmið í þessu máli, og af þeim ástæðum tel ég miklu minni ástæðu til þess, að ég flytji nú langa ræðu um þetta mál. Það hefur sem sé verið rætt ýtarlega frammi fyrir hv. þingheimi og á að liggja ljóst fyrir.

Það er hv. þm. sjálfsagt í fersku minni, að efni frv. er það, að allar þær konur, sem börn fæða og taka laun fyrir vinnu sína, skuli samkvæmt þessum lögum fá þriggja mánaða kaup, þegar þær forfallast frá vinnu vegna barnsburðar. Þær konur hins vegar, sem vinna fyrir tímakaupi eða vinna aðeins nokkurn hluta árs, skuli fá sem svarar ¼ hluta af launum samkvæmt skattaframtali hverrar slíkrar konu fyrir síðasta ár, þannig að þær fengju þá einnig sem svarar þriggja mánaða tekjum, miðað við meðaltalstekjur þeirra árið á undan.

Framkvæmd frv. á samkvæmt ákvæðum þess að vera í höndum Tryggingastofnunarinnar og gert ráð fyrir, að greitt sé í sjóð vegna þessara skuldbindinga, sem í frv. felast, og greiði atvinnurekendur í hann eftir vinnuvikufjölda þess starfsfólks, sem hjá þeim hefur unnið, og er grundvöllur þessa frv. og framkvæmd öll hugsuð með sama hætti og slysatryggingarnar.

Hér var því haldið fram fyrr í umr., að ekki væri nægilega vel vandað til þessa frv. Því mótmæli ég alveg. Ég held, að það sé hverjum manni ljóst, sem les frv., að þar er gert alveg nákvæmlega ráð fyrir því, hvernig skuli hagað framkvæmd þessarar lagasetningar, hvaða réttindi skuli veitt samkvæmt frv. og hvernig fjár skuli til þess aflað að standast framkvæmdina.

Því var haldið fram m. a., að orðalag 1. gr. væri ekki nægilega skýrt. Mætti skilja það svo, að þær konur, sem nú njóta fæðingarorlofs, þ. e. a. s. þær konur, sem eru á launalögum ríkisins, og konur, sem samkvæmt stéttarfélagasamningum njóta fæðingarorlofs nú, ættu eftir orðalagi 1. gr. e. t. v. að fá að halda þeim réttindum og fá svo hin lögboðnu réttindi að auki. En það er alveg ástæðulaust að halda þessu fram, því að það stendur, að þó skuli þær konur, sem samkvæmt öðrum lögum eða samningum stéttarfélaga njóti jafngóðra eða betri kjara um fæðingarorlof, halda þeim réttindum. En ef það hefði staðið, að þær skuli auk þess halda þeim réttindum, þá hefði hverjum manni verið ljóst, að þær áttu að fá hin lögboðnu réttindi og halda sínum að auki. En þar sem ekki stendur neitt „auk þess“, þá er það gefinn hlutur, að ef þær hafa eins góð réttindi samkvæmt núgildandi lögum eða stéttarfélagasamningum, þá eiga þær að halda þeim, og kemur þá þeirra réttur, ef hann er jafngóður eða betri, í stað þess réttar, sem aðrar konur hefðu öðlazt með þessu frv. Það er því engin ástæða til þess að halda því fram, að hér sé ætlazt til þess, að slíkar konur fengju tvöfaldan rétt.

Um mörg ár hefur það verið ljóst, að konur í verkalýðshreyfingunni hafa haft mikinn hug á því að koma þessu máli fram. Það mun hafa verið á þingi Alþýðusambandsins 1956, sem konur lögðu þetta mál fyrir og fengu þá skipaða mþn. til þess að athuga það nánar. Á því þingi var, með leyfi hæstv. forseta, gerð svo hljóðandi samþykkt um þetta mál, og er sú samþykkt grundvöllur undir síðari aðgerðum kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar til þess að reyna að þoka málinu í höfn, — till. er svo hljóðandi:

„25. þing Alþýðusambands Íslands skorar á Alþingi að tryggja með löggjöf, að allar konur, sem vinna utan heimila sinna, njóti sömu réttinda að því er varðar forföll frá vinnu vegna barnsburðar og nú tíðkast um konur, sem taka laun samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins, þ. e. a. s. að þær fái þriggja mánaða leyfi frá starfi á fullu kaupi. Telur þing Alþýðusambands Íslands, að ófullnægjandi sé, að einungis fastráðnir ríkisstarfsmenn njóti þessara sjálfsögðu réttinda, og telur raunar enn brýnni þörf á, að konur við hin erfiðari störf, t. d. framleiðslustörfin í frystihúsum landsins og í verksmiðjum, svo og þjónustu-

störf, svo sem á sjúkrahúsum, barnaheimilum, veitingastöðum og víðar, öðlist einnig þennan rétt.“

Ég er þeirrar skoðunar, að þar sem ríkisvaldið hefur gengið inn á það að veita þessi mannréttindi þeim konum, sem eru í þjónustu ríkisins, þá nái ekki nokkurri átt að veita þau ekki einnig þeim konum, sem starfa í þjónustu hins frjálsa atvinnurekstrar í landinu. En þetta frv., ef að lögum yrði, mundi víkka það svið, sem þetta réttlætismál næði til, á þann hátt, að allar konur, sem börn fæða og eru í launþegastétt, nytu þeirra réttinda, sem nú eru tryggð konum í þjónustu hins *opinbera*.

Viðvíkjandi till. hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), þá hef ég áður lýst því yfir, að ég gæti vel fellt mig við það, að hún yrði samþ. og málið breyttist í það horf. Einnig hefði ég sætt mig við það, að hún hefði verið samþ. svo breytt, að hún kæmi fyrst til framkvæmda á öðru fjárhagsári hér frá, þar sem augljóst mál er, að hún mundi hafa mikinn kostnað í för með sér, ef framkvæmd yrði, og frv. þá orðið allmiklu viðtækara en það er nú í því formi, sem það er flutt.

En einmitt slík leið, að margfalda, fimm- eða sexfalda fæðingarstyrkinn, sem nú er greiddur af tryggingunum, er hugmynd, sem fram er borin í nál. hv. meiri hl., og kemur mér því nokkuð á óvart, þegar till. svo berst um að fara þá leið, sem þeir sjálfir hafa vakið máls á, að þá skuli hún ekki fá þeirra stuðning. Það bendir til þess, að það sé ekki út í bláinn, sem ég áður sagði, að hér er verið að *bolast gegn góðu máli*, haft við orð, að menn hefðu kannske getað hugsað sér að vera með því, ef það væri í einhverju öðru formi eða næði jafnvel til fleiri manna, væri viðtækara en frv., sem hér er verið að fjalla um, en þegar til kemur og á hólminn, þá víkja menn sér undan, og er þá niðurstaðan sú, að menn vilja ekki beint vera við það kenndir að beita sér gegn málinu, en víkja sér undan, að það verði lögfest a. m. k. að sinni.

Í umr. hér áður minntist ég á tvö lönd, sem hefðu horfið að því ráði að lögfesta fæðingarorlof á svipuðum grundvelli og þetta frv. fer fram á, og nefndi í því sambandi Svíþjóð og Tékkóslóvakíu. Út af því að Tékkóslóvakía var nefnd, gerði frsm. hv. meiri hl. n. það land og þau lýðréttindi, sem menn nytu þar, nokkuð að umræðuefni, og skal ég ekki fara langt út í það. Þó vil ég aðeins segja þetta: Það land, Tékkóslóvakía, *var sundurtætt eftir síðustu heimsstyrjöld*, svo að ýmsar þjóðir héldu því fram, að þar væri varla grundvöllur til að reisa sjálfstætt þjóðfélag af grunni á ný. Við skulum segja, að það búi við skipulag, sem að okkar dómi sé ekki eins líklegt til þess að tryggja hin beztu lífskjör og mannréttindi eins og okkar þjóðfélag, að við búum við betra skipulag í því efni. En hlýtur okkur þó ekki að bregða í brún, þegar við staðreynum það sjálfir, að þetta land, — við skulum segja við hið verra skipulag, — veitir nú sínum þegnum ókeypis lyf, ókeypis læknishjálp, tannlækningar eru veittar ókeypis öllu starfandi fólki í atvinnufyrirtækjunum, ellilaun eru veitt konum þar frá 55 ára aldri og karlmönnum frá sextugsaldri, og þessi ellilaun eru mun hærri en í okkar eigin landi, að ungir menn, sem búa sig undir lífsstarf í þjónustu þess þjóðfélags með löngu námi, fá ekki aðeins einhverja smástyrki eða lán og eru þannig skuldum vafðir, þegar þeir byrja sitt ævistarf, heldur eru á launum, eins og þeir væru við sérhver önnur *gagnleg* störf fyrir þjóðfélagið, meðan þeir stunda nám sitt, og svo að ég nefni aðeins það fimmta af mannfélagsumbótum, sem ég hef komizt í kynni við þar, nákvæmlega á sama grunni og hér er verið að ræða um í þessu frv., að fæðingarorlof þar er nú og hefur verið um nokkurt árabil fjórir mánuðir á ári handa öllum konum, sem börn fæða, konur allar á fullum launum í fjóra mánuði vegna barnsburðar? Ég fyrir mitt leyti tel, að þegar svona upplýsingar eru gefnar, — og þær eru sannar, þetta eru réttar upplýsingar, — þá má íslenzkt þjóðfélag kippast við og athuga sinn gang, hvort það vill una því að dragast svo mjög aftur úr öðrum þjóðum á skömmum tíma eins og við erum hér að gera að því er snertir ýmsa öryggislöggjöf og mannréttindalöggjöf. Og væri þá ástæða til fyrir okkur að kanna til hlítar af fyllstu alvöru, hvort við gætum ekki spyrnt þar við fótum og reynt að *koma á einhverjum af þeim sjálfsögðustu mannfélagsumbótum*, sem við þannig fáum vitneskju um, að aðrar þjóðir séu orðnar á undan okkur í. Ég segi þetta í engu áróðursskyni. En ég held, að þetta sé þörf áminning fyrir okkur, því að það er engin bót að því að girða sig neinum Kínamúr vanþekkingar og uppgötva svo kannske seint og síðar meir, að við séum orðnir eftirbátar flestra annarra siðaðra þjóða.

Ég harma það að lokum, að meiri hl. hv. Alþingis eða stjórnarflokkarnir skuli hafa beitt sér hér móti góðu og merku máli, sem fyllsta réttlæti mælti með að væri lögfest hjá okkur og þar sem svo hóflega var farið í sakirnar, að till. komu og þær mjög réttmætar um það, að ástæða væri til að færa út kvíarnar og láta þessi mannréttindi, sem frv. fjallar um, ná til fleiri þegna íslenzks þjóðfélags. En ég ber mig ekki svo mjög illa undan þessu. Ég veit, að þetta mál hefur sigurmátt í sér. Gegn því verður ekki lengi staðizt, og jafnvel þótt því sé nú vísað í kirkjugarð góðra mála, til hæstv. ríkisstj., þá vona ég, að þetta mál rísi þaðan upp fljótt aftur.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 292 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 14:10 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Löggilding bifreiðaverkstæða.

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:
Frv. til laga um löggildingu bifreiðaverkstæða [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að fengnum till. Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Félags bifreiðaverkstæðaeigenda og Félags bifvélavirkja. Segja má, að það sé samið í framhaldi af þeim strangari umferðarreglum, sem lögfestar voru með umferðarlögunum ekki alls fyrir löngu, þar sem ráðstafanir á að gera eftir þeim til þess, að betur sé fylgzt en áður með, að bifreiðar séu svo örugglega útbúnar, að minni hætta sé af en verið hefur. En eins og kunnugt er, hefur verið ærið um slys að undanförnu, að vísu oftast af öðrum ástæðum en vegna þess, að bifreiðarnar sjálfar væru ekki í lagi, en með vaxandi hraða og vaxandi umferð er lífsnauðsynlegt engu að síður, að svo tryggilega sé um vélar bifreiða og allan frágang búið sem mögulegt er. Hér kemur einnig til, að reynslan hefur orðið sú, að bifvélaverkstæðum hefur orðið erfitt um að útvega sér allar nýtízku vélar til viðgerða og annan þann umbúnað, sem vera þyrfti. Það er sumpart vegna þess, að þessi starfræksla hefur orðið mjög á víð og dreif, ef svo má segja, og hinum stærri verkstæðum hefur reynzt harla erfitt að fá nauðsynlegt vinnuafl, en upp hafa vaxið verkstæði, sem ekki eru þannig útbúin, að því sé hægt að treysta, að þau hafi nógu góðar aðstæður til þess að leysa verkefni sitt af hendi.

Þetta varð til þess, að hingað var fenginn á vegum Iðnaðarmálastofnunarinnar sérfræðingur frá Noregi, sem rækilega athugaði þetta mál og samdi um það mjög fróðlega greinargerð, auk þess sem hann ræddi um það bæði við stjórnarvöld, iðnrekendur og iðnaðarmenn. Málið var svo lagt fyrir mig í fyrravetur, og hafði ég raunar haft nokkur kynni af því áður. Ég lagði á það megináherzlu, að ég treysti mér ekki til þess að fallast á neinar till. í málinu, nema Félag bifreiðaverkstæðaeigenda og Félag bifvélavirkja væru till. sammála, þannig að ekki gæti í þeim fólgizt nein tilraun af hálfu bifreiðaverkstæðanna til þess að neyta afls gegn bifvélavirkjum. Á málinu hefur verið haldið með þetta fyrir augum, og það var fyrst eftir að þessir aðilar voru komnir að samkomulagi um nauðsyn löggjafar svipaðrar þessari, sem þetta frv. var samið. Það frv., sem kom frá aðilunum sjálfum, var raunar nokkuð öðruvísi í formi, en efnið í meginatriðum hið sama. En að athuguðu máli þótti mér langeðlilegast, að sú heimild, sem hér er ætluð til löggildingar, yrði alveg sniðin eftir sams konar reglum, sem giltu í Noregi, og má segja, að frv. sé í öllu efni sínu sniðið eftir gildandi norskum lagaákvæðum.

Hitt er svo annað mál, að samkvæmt frv. þarf að setja allýtarlega reglugerð, og hefur hún nú þegar í meginatriðum verið samin. Er sjálfsagt, að ef n. sú, sem málið fær til meðferðar, hirðir um, þá fái hún einnig álitsgerð Norðmannsins og þau drög að reglugerð, sem fyrir hendi eru, til athugunar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Ég tel eðlilegast, að frv. gangi til hv. allshn. Hún hafði umferðarlögin til meðferðar á sínum tíma, og þetta mál er í raun og veru einn þáttur þeirra. Ég leyfi mér að leggja til, að málið gangi til 2. umr. og hv. allshn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því, að hæstv. ráðherra hefur lagt fram frv. til laga um þetta efni, sem hér um ræðir, en vildi aðeins í stuttu máli gera hér nokkra athugasemd og heyra, hvort hæstv. ráðh. væri því nokkuð andvígur, að það verði tekið til athugunar í nefnd.

Eins og fjárlagafrv. ber með sér, eru nú veittar um 2 millj. og 500 þús. kr. til bifreiðaeftirlitsins. Þó er vitað, að bifreiðaeftirlitið getur á engan hátt fullnægt að líta eftir ástandi bifreiða í landinu, svo að öruggt sé. Til þess þyrftu bifreiðar að koma til eftirlits miklu oftar en gert er ráð fyrir. Ef nú þessi háttur er tekinn upp að löggilda bifreiðaverkstæði, eins og frv. gerir ráð fyrir, vildi ég mega spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki væri mögulegt að taka upp meira samstarf á milli þeirra verkstæða og bifreiðaeftirlitsins, m. a., að inn verði sett í frv. ákvæði um það, að ef slíkt verkstæði verður þess áskynja við viðgerð bifreiðar, að bifreiðin af einhverjum ástæðum sé ekki í ökufæru ástandi eða einhverjir hlutar hennar séu augsýnilega í því ástandi, að slysum geti valdið, þá sé þeim ekki heimilt að afhenda bifreiðina aftur til eiganda, fyrr en gert væri við slíka hluti í bifreiðinni, en jafnframt væri þá einnig ákveðið, að bifreiðaverkstæðið mætti gefa út skoðunarvottorð fyrir þær bifreiðar, sem þau hafa yfirfarið og gert við, og það einnig gæti létt mjög á bif-

reiðaeftirlitinu, samfara því sem það mundi veita mikið öryggi í sambandi við bifreiðaakstur.

Þessu vildi ég hafa skotið hér fram og vildi vænta þess, að hæstv. ráðh. hefði ekkert við það að athuga, að n. sú, sem fær þetta mál til meðferðar, ræddi þetta sérstaklega við bifreiðaeftirlitið og þá aðila, sem standa að þessu frv. Ég tel persónulega sjálfur, að það sé hægt að draga mikið úr kostnaði við bifreiðaeftirlitið með því að fara inn á þá braut, sem ég hef hér bent á, enda kunnugt um, að þetta er gert í Bandaríkjunum, þar sem aðaleftirlitið á bifreiðum hvílir á þeim verkstæðum, sem eru löggilt til þess að gera við bifreiðar þar í landi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef auðvitað síður en svo nokkuð á móti því, að þetta sé athugað. En ég vil einungis benda á, að bifreiðaeftirlitið er auðvitað ekki sízt til að hafa eftirlit með störfum bifreiðaverkstæðanna. Þess vegna er auðvitað hæpið, að skoðunarvottorð frá bifreiðaverkstæðum geti verið tekin fullgild nema með einhverri endurskoðun a. m. k. af hálfu bifreiðaeftirlitsins, vegna þess að annars mundi aðili sjálfur dæma um sín eigin verk. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga. En það má segja, að eftir því sem bifreiðaverkstæðin verða öruggari í störfum og meiri trygging fyrir því, að þau séu verki sínu vaxin, eftir því er frekar óhætt að treysta þeim. Það er alveg rétt. En hér er þó ekki um alveg einfalt mál að ræða, en sjálfsagt, að hv. nefnd íhugi þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 424 og 426).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., um löggildingu bifreiðaverkstæða, var flutt snemma á þessu þingi. Það er stjfrv., flutt af hæstv. dómsmrh., sem jafnframt er iðnmrh., og eins og segir í grg. fyrir frv., þá er það undirbúið af Iðnaðarmálastofnun Íslands og í samráði við Félag bifreiðaverkstæðaeigenda og Félag bifvélavirkja. Þessu frv. var vísað snemma á þinginu til hv. allshn., og hefur það verið þar til meðferðar síðan, en að það hefur legið svo lengi í meðförum n. og verið rætt á svo mörgum fundum, eins og segir frá í nál., stafar af því, að málið er mikið ágreiningsmál, bæði innan n. og meðal þeirra manna, sem hlut eiga að máli í landinu og þetta mál snertir.

Eins og kunnugt er, hefur á undanförnum árum verið flutt inn ákaflega mikið af bifreiðum, bæði fólksbifreiðum og vörubifreiðum, og samkvæmt skýrslu, sem fylgir þessu frv., voru 1. jan. 1959 til í landinu 18807 bifreiðar. Það svarar til þess, að hér á Íslandi sé til bifreið á hverja 9 íbúa landsins. Í Noregi er ein bifreið á hverja 12 menn, í Danmörku á 10 menn og Svíþjóð 7 menn. Það er þess vegna augljóst og raunar öllum mönnum kunnugt, að það að viðhalda og annast viðgerðir á bifreiðum hér í okkar landi er orðinn stórkostlegur atvinnuvegur, vandasamur og hefur mikla þýðingu í öllum samgöngumálum þjóðarinnar. Nú er það svo, að tilgangurinn með þessu frv. er, eins og á því er auðsætt, að koma betri skipun á þessi mál, koma því til leiðar, að þeir menn, sem stunda viðgerðir bifreiðanna, læri betur og hafi betri aðstöðu til þess að sinna sínum verkum á fullkomnari máta en verið hefur. Með þessu frv. er farið fram á það, að dómsmrn. sé gefin heimild til þess að löggilda bifreiðaverkstæðin sums staðar á landinu eða jafnvel alls staðar, eftir því sem ástæða þykir til. Með þessu er náttúrlega ekki sagt það, að það sé tilgangurinn að banna öllum öðrum en þeim, sem fá löggildingu, að gera við bifreiðar, enda mundi það ekki ná neinni átt. En í fyrsta lagi er að geta þess, að gera má ráð fyrir, að þau verkstæði, sem fá löggildingu til þessara starfa, hafi fullkomnari áhöld, fullkomnari húsakost og þess vegna sé líklegt, að allir, sem til þeirra þurfa að sækja, óski frekar að snúa sér til hinna fullkomnari verkstæða heldur en hinna, sem hafa verri aðstöðu.

Eins og sést á nál. bæði meiri og minni hl. allshn. hefur n. ekki orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt, en áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma, en minni hl., hv. 11. landsk., hefur, eins og nál. ber með sér, lagt á móti frv. og leggur til, að því verði vísað til ríkisstj., en einn nm., hv. 4. þm. Sunnl., var ekki staddur á fundi, þegar málið var afgreitt, og hefur þess vegna ekki tekið afstöðu til nál. Nú er það svo, eins og fram er tekið í nál. okkar, sem skipum meiri hluta í hv. n., að við mælum með samþykkt þessa frv. á þeim grundvelli, að heimildin, sem ætlazt er til að dómsmrn. fái, verði framkvæmd frjálslega, þannig að það verði ekki gerðar of miklar kröfur eða skapaðir of miklir örðugleikar fyrir þau verkstæði, sem hér eiga hlut að máli, svo að það verði ekki hætta á því, að hér skapist hvorki á einum stað né öðrum nein einokunaraðstaða, sem geti gefið tilefni til okurstarfsemi á þessu sviði. Okkur er alveg ljóst, að nái þessi heimildarlög lagagildi, er allt undir því komið, hvernig þau eru framkvæmd, eins og á sér stað um heimildarlög almennt. En samkv. þeim upplýsingum, samkv. þeim umsögnum og samkv. öllum þeim rökum, sem n. hefur fengið til stuðnings við þetta mál, viljum við láta reyna þetta og prófa, hvort það getur tekizt að bæta á þann hátt þau verk, sem þarna er um að ræða og eru ákaflega nauðsynleg, eins og öllum mönnum er að sjálfsögðu ljóst, sem hafa kynnt sér þessi mál.

Eins og sakir standa, hafa ekki verið lagðar fram neinar brtt., og þess vegna ekki þörf fyrir hv. dm. að taka afstöðu til neins slíks. En sem sagt, við í meiri hl. allshn. leggjum til, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir.

Ég sé ástæðu til að minnast á eitt atriði í þessu sambandi, og það er, að sumir aðilar hafa lagt á það áherzlu að fella út úr 1. gr. þessa frv. orðin „gegn greiðslu“, en ég held, að mér sé óhætt að segja, að enginn í hv. allshn. sé samþykkur því. Það mundi hafa í för með sér, að það yrðu að

koma undir þetta öll þau verkstæði, sem hafa með það að gera að inna af höndum viðgerðir fyrir einstök félög og fyrirtæki og ekki er ástæða til að okkar áliti að fella undir þessi lög.

Nú skal ég ekki að sinni hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, að frv. geti að þessari umr. lokinni gengið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Frv. til laga um löggildingu bifreiðaverkstæða er að mörgu leyti sérkennilegt og að mörgu leyti einstakt í sinni röð. 1. gr. frv. kveður svo á um, að dómsmrn. sé heimilt að ákveða, að á tilteknum stöðum á landinu eða á landinu öllu megi ekki inna af hendi viðgerðir eða viðhaldsstörf á bifreiðum eða bifhjólum gegn greiðslu, nema á verkstæðum, sem öðlazt hafa til þess löggildingu bifreiðaeftirlits ríkisins. Aðrar greinar frv. eru svo beint framhald af 1. grein. Svo er um 5. gr., en hún kveður á um breytingu eða setningu reglugerðar, sem ráðherra setur. Þar skal kveða á um, hvaða skilyrði löggilt bifreiðaverkstæði skuli uppfylla, og eru nokkur þeirra upp talin í 5. gr.

Við lestur frv. sést, að undanþegnir lögunum skuli þeir aðilar vera, sem reka verkstæði fyrir eigin bifreiðar. Gildir það jafnt um félög sem einstaklinga. Orðin „gegn greiðslu“ í 1. gr. taka af allan vafa, hvað við er átt. Ég tel rétt að athuga, hvaða fyrirtæki það muni vera, sem ekki eiga að falla undir lögin. Það eru m. a. Strætisvagnar Reykjavíkur, Landleiðir h/f, Norðurleiðir h/f, Olíufélagið Skeljungur h/f, Olíufélag Íslands, vegagerð ríkisins og fleiri slíkir aðilar og yfirleitt allir, sem hafa sjálfir verkstæði eða koma til með að hafa verkstæði til viðgerðar eigin bifreiðum. Allshn. hafa borizt rökstudd mótmæli frá Félagi bifvélavirkja, Iðnaðarmálastofnun Íslands og samtökum bifreiðaverkstæðaeigenda á móti þessu ákvæði 1. gr.

Í aths. við frv. er sagt, að frv. sé samið í iðnmrn. að fengnum tillögum Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Félags bifreiðaverkstæðaeigenda og Félags bifvélavirkja. Ekki virðist nú samt hið háa ráðuneyti hafa farið í öllu eftir till. nefndra aðila. A. m. k. hafa þessir aðilar mótmælt því ákvæði 1. gr. að undanskilja þau viðgerðaverkstæði, sem vinna að viðgerðum eigin bifreiða.

Í grg. er þess getið, að framangreind samtök hafi notið tæknilegra upplýsinga og leiðbeininga norska verkfræðingsins Johans Meyers, sem dvalizt hafi hér á landi s. l. vetur á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Ég vil geta þess hér, að það var fyrst núna rétt áðan, sem ég fékk að sjá skýrslu frá þessum norska vélaverkfræðingi. Hvernig sem á því stóð, lá þessi skýrsla ekki fyrir hjá allshn. Það var fyrst nú í dag, að einn þm. afhenti mér skýrsluna og sagði, að þessi skýrsla hefði verið send sér, og gaf engar skýringar á því, hvernig á hefði staðið, að þessi skýrsla hefði ekki verið send allshn. Nd., sem hafði málið til meðferðar. Vitanlega hefur mér ekki gefizt tækifæri til þess að lesa þessa skýrslu, en ég sé þó þar ýmislegt á annan veg en frv. gerir ráð fyrir. — Annars er rétt að benda á það, að það hefur færzt mjög í vöxt á Íslandi nú á síðustu tímum að fá til landsins alls konar sérfræðinga, og það má segja, að það virðist vera einhvers konar tízkufyrirbrigði að fá sérfræðinga til að kenna Íslendingum hitt og annað eða leggja þeim réttara sagt lífsreglurnar. Sumir af slíkum sérfræðingum koma beinlínis óbeðnir og telja sig ráða yfir alls konar vísdómi og þekkingu, sem þeir vilja af hjartans lítillæti, ef svo mætti að orði komast, láta hinum fáfróðu Íslendingum í té. Náttúrlega ætlast þeir til þess að fá hæfilega þóknun þar fyrir. En dvöl sumra þessara sérfræðinga hefur endað með sérkennilegum hætti, sem ég mun ekki fara hér inn á.

Því fer víðs fjarri, að ég vilji amast við því, að hingað til lands séu fengnir menn með sérþekkingu. Það er svo allt annað mál, að hve miklu leyti rétt er að fara í einu og öllu eftir tillögum hinna erlendu sérfræðinga. Ég held t. d., að hinn norski sérfræðingur — með fullri virðingu fyrir hans miklu þekkingu á þessum málum — hafi bent á yfirleitt mjög fátt í þessu máli, sem hér liggur fyrir, sem Íslendingar hafa ekki sjálfir verið búnir að sjá og vitað um. Það má vel vera, að bifreiðaverkstæðaeigendum hafi þótt það betra að fá erlenda sérfræðinginn til að mæla með löggildingu bifreiðaverkstæðanna og skammta sér þar með betri aðstöðu til þess að fá komið á nokkurs konar einokunaraðstöðu, jafnvel í blóra við hinn erlenda sérfræðing. Það ætti að geta orðið mjög góður árangur af því fyrir hin stóru bifreiðaverkstæði í landinu að fá slíka einokunaraðstöðu til viðgerðar yfir 20 þúsund bíla, sem að sjálfsögðu á eftir að fjölga stórlega á komandi tímum. Í kjölfar þessarar aðstöðu mundu svo að sjálfsögðu koma háværar kröfur um hækkun á viðgerðartöxtum undir því yfirskini, að hin löggildu verkstæði þyrftu svo miklu til að kosta vegna innkaupa á nýjum verkfærum, vélum, stærra og betra húsnæði og fleira þess háttar.

Mér er nær að halda, að þeir menn, sem nú beita sér fyrir samþykkt þessa frv., þar með meiri hl. hv. allshn., hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir, hvert er stefnt með frv. Annars er það mála sannast, að meiri hl. n. er mjög hikandi í stuðningi við frv. Það sést bezt á því, að a. m. k. 2 af 3, sem skipa meiri hl., hafa áskilið sér rétt til að fylgja eða vera með brtt., sem fram kynnu að koma við frv.

Menn ræða mikið um skúraverkstæði og finna þeim flest til foráttu. Sannleikurinn í því máli mun nú samt vera sá, að bifreiðaeigendur telja sig í mörgum tilfellum fá þar ágæta þjónustu og fyrirgreiðslu. Í bréfi frá Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda er því t. d. haldið fram, að við lauslega rannsókn, sem félagið hafi látið gera á þessum málum, hafi komið í ljós, að bifreiðaeigendur telji sig fá góða fyrirgreiðslu á hinum smáu verkstæðum og allt að því 50% ódýrari viðgerðir en á hinum stóru verkstæðum. Að sjálfsögðu hef ég ekki haft aðstöðu til að rannsaka, hvað hæft er í þessum upplýsingum frá Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda, en ýmislegt bendir þó til þess, að hér sé farið allnærri sannleikanum. Mér er t. d. vel kunnugt um það, að úti um allt land eru mörg smáviðgerðaverkstæði, sem veita ágæta þjónustu með viðgerð á bifreiðum og öðrum vélknúnum tækjum. Þessi litlu verkstæði eru beinlínis undirstaða þess, að hægt sé að eiga bifreiðar og önnur vélknúin tæki í strjálbýlinu. Það gæti

orðið alldýrt fyrir eigendur slíkra tækja að þurfa að fara með bílana sína eða bílaðar landbúnaðarvélar langan veg, máske í aðra sýslu, til viðgerðar, en á því væri beinlínis hætta, ef frv. þetta verður að lögum og ákvæðum þess vel að merkja beitt á þjösnalegan hátt. Ég er ekki með þessu að halda því fram, að l. yrði beitt þannig, en ég bendi á þetta sem hugsanlegan möguleika, sem vert er að hafa í huga, þegar málið er rætt.

Viðgerð á bifreiðum og öðrum vélknúnum tækjum er orðin mjög stór atvinnurekstur og á sjálfsagt fyrir sér að vaxa stórlega frá því, sem nú er. Það er því ekki óeðlilegt, þó að þetta mál allt í heild verði vandlega athugað og um það yrðu allmiklar umr. Hitt er svo allt annað mál, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, leysir þann vanda, sem fyrir hendi er. Mitt álit er, að málið þurfi miklu meiri og betri undirbúning en nú er fyrir hendi. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að það frv., sem hér liggur fyrir, hefur ekki verið sent til umsagnar neinum aðila utan Reykjavíkur. Það má máske segja og það með töluverðum rétti, að allshn. eigi þar á mesta sök. Hvað sem annars má um það segja, er það staðreynd, að frv. hefur ekki verið sent út á land til umsagnar til þeirra aðila, sem koma til með að falla undir lögin. Ég tel því algerlega óforsvaranlegt að afgr. frv. nú á þessu þingi. Mönnum verður að gefast kostur á að kynna sér efni þess og láta í ljós skoðanir sínar á málinu.

Í bréfi frá Landssambandi vörubifreiðastjóra er því haldið fram, að flestri þjónustu varðandi þann rekstur, sem framkvæmdur er á bifreiðaverkstæðunum, sé mjög ábótavant. Talið er, að aðalorsök þessa sé fyrst og fremst, að verkstæðin hafi yfir mjög lélegum verkfærakosti að ráða, og svo hitt, sem sé enn alvarlegra, að vinnukraftur sá, sem verkstæðin hafi upp á að bjóða, sé mjög misjafn og í mörgum tilfellum illa hæfur til þeirra verka, sem ætlazt er til að fagmenn leysi vel af hendi, enda sé það ljóst mál, að kennslu í bifvélavirkjun á verkstæðunum sjálfum sé mjög ábótavant, auk þess sem kennslu í iðnskólunum í því fagi þurfi að taka fastari og betri tökum en nú sé gert. Í sambandi við þessi ummæli sambandsins má geta þess, að í þeirri skýrslu, sem ég gat um hér áðan og hinn norski verkfræðingur samdi, kemur hann einmitt inn á þetta atriði, að kennsla í bifvélavirkjun sé á mjög lágu stigi hér og þurfi stórkostlega úr að bæta frá því, sem nú er. Hins vegar vil ég taka það fram, að ég tel mig ekki dómbæran á það, hvort hér sé rétt með farið. En þess má þó vænta, að menn, sem mikið hafa þurft að sækja til bifreiðaverkstæðanna, þekki allvel til slíkra hluta og sé því byggt á reynslu.

Í frv. er gert ráð fyrir, að bifreiðaeftirliti ríkisins verði veitt vald til löggildingar bifreiðaverkstæða. Með tilkomu bifreiðalaganna hafa skapazt mjög mörg ný viðhorf í sambandi við umferðarmál og útgerð bifreiða almennt. Við það hefur starf bifreiðaeftirlitsins aukizt stórlega frá því, sem áður var. Spurningin er þá sú, hvort bifreiðaeftirliti ríkisins hafi verið sköpuð skilyrði í samræmi við breyttar aðstæður. Ég dreg mjög í vafa, að svo hafi verið gert. Að minnsta kosti er það álit margra, sem til þekkja, að bifreiðaeftirlitið vanti menn með fullkomna þekkingu, svo að það geti orðið þeim vanda vaxið, sem því er ætlað að framkvæma og sjá um. Ég vil á engan hátt gera lítið úr viðleitni þess opinbera til að auka öryggi í sambandi við viðgerð bifreiða. Aukið öryggi á vegum úti byggist fyrst og fremst á því, að farartækin séu í öruggu og góðu ásigkomulagi og sá, sem farartækinu stjórnar, sé allsgáður og kunni allar umferðarreglur og fari eftir þeim í einu og öllu. Það er eitt aðalverkefni bifreiðaeftirlitsins og vegalögreglunnar að sjá um, að svo sé. Það veltur því á miklu, að þeir menn, sem valdir eru til slíkra starfa, séu vandanum vaxnir.

Margir eru þeirrar skoðunar, að aðalupphafsmenn þessa frv. séu eigendur hinna stóru verkstæða og það sé undan þeirra rót runnið, að þetta frv. sé flutt. Ég gat þess áðan og skal samt ekkert fullyrða um, hvað rétt er í því efni, en ýmislegt bendir þó til þess, að ef slík aðstaða skapast sem frv. gerir ráð fyrir, þá mundi ekki líða á löngu, þar til fram kæmi krafa um það, að bifreiðaverkstæðunum yrði heimiluð meiri álagning á viðgerðir en nú er. Með hinum mikla innflutningi bifreiða til landsins hafa vissulega skapazt vandamál varðandi viðgerðir bifreiða. Þessi vandamál munu stórlega aukast, ef hin smærri verkstæði eru látin hætta starfsemi sinni og aukið á einokunarhættuna. Landssamband vörubifreiðastjóra hefur í bréfi til allshn. bent á það sem sína skoðun, að það telji eðlilegt og jafnvel æskilegt, að verkstæði, sem eingöngu væru starfrækt í sambandi við eftirlit á aðalöryggistækjum bifreiða, svo sem bremsum og stýrisgangi, væru löggilt og þá af öryggiseftirliti ríkisins, sem áður hefði fengið í þjónustu sína sérfróða menn í meðferð og viðgerð bifreiðanna, og að slíku verkstæði eða verkstæðum væri heimiluð aukaálagning frá því, sem nú á sér stað.

Ég hef nú að nokkru rætt þetta frv. og komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki tímabært að samþykkja það á þessu þingi. Aðalágallann á frv. tel ég vera í fyrsta lagi, að frv. er ekki ætlað að ná til nema nokkurs hluta viðgerðarverkstæðanna. Undanskilin skulu vera öll þau verkstæði, sem aðeins eru rekin fyrir eigin bifreiðar fyrirtækja og einstaklinga og selja því ekki út vinnu. Þessir aðilar eiga og gera við stærstu og fyrirferðarmestu bifreiðarnar. Er mest í húfi, að þær séu í góðu og fullkomnu lagi. Hér er því um mikið öryggismál að ræða, og svo framarlega sem löggilda á bifreiðaverkstæðin, þá á vitanlega að löggilda þau verkstæði, sem koma til með að hafa á hendi viðgerðir á stærstu og um leið hættulegustu farartækjunum. Þetta atriði var mikið rætt í allshn., en svo einkennilegt sem það kann að virðast, var meiri hl. n. ófáanlegur til þess að fallast á breytingu á 1. gr. frv. um þetta efni. En ég verð að segja það, að mér er slíkt algerlega hulið, af hverju það getur verið, að meðlimir allshn. skyldu ekki vilja fallast á, að frv., svo framarlega sem það yrði að lögum, næði yfir þá, sem eiga stærstu bifreiðarnar og þurfa að láta gera við þær. Fyrir því komu engin rök fram. Í framsöguræðu hv. frsm. hér áðan kom hann ekki með nokkur rök, sem mæltu á móti því, að frv., svo framarlega sem það yrði að lögum, næði jafnt til þeirra, sem eiga hin stóru tæki, sem hinna. Frv. veitir þeim verkstæðum, sem verða

löggilt, einokunaraðstöðu, útilokar alla samkeppni á milli verkstæðanna og stefnir því að stórhækkun á öllum viðgerðartöxtum. Ekkert atriði er í frv., er tryggi frekar nú en áður aukna og betri fagþekkingu bifvélavirkja, og engar nýjar kröfur eru gerðar til þeirra verkstæða, sem taka iðnnema í læri, sem tryggi betur nú en áður lærdóm iðnnemanna. Engin hliðstæða er til í íslenzkum lögum, þar sem atvinnurekendum er veitt slík aðstaða og gert er ráð fyrir að bifreiðaverkstæðin fái, ef frv. verður gert að lögum. Ýmislegt fleira mætti benda á, sem mælir á móti því, að frv. verði samþykkt á þessu þingi. Ég vil því leggja eindregið til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur á þeim fundi í allshn. d., sem afgreiddi endanlega þetta mál. En ég hafði sótt alla aðra fundi, sem margir voru með n. um það, og fylgdist því vel með. Í þessu máli, sem er ákaflega viðurhlutamikið, er margs að gæta. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég ætla hér að minnast á. Framsögumenn, bæði meiri hl. og minni hl., hafa farið inn á nokkur þessara atriða, en þó ekki öll.

Mér skilst í fljótu bragði, þar sem hér er um algert nýmæli að ræða, að þetta mál þarfnist meiri undirbúnings en fram kemur. Ég skal ekki lasta þann undirbúning, sem þegar hefur átt sér stað, hann hefur nokkur farið fram. En vegna þess, hversu málið er mikilsvarðandi, sé ég ekki og hef ekki séð ástæðu til þess að flýta því svo sem meiri hl. allshn. sýnist vilja og ætlar sér. Að slíkri löggjöf sem þessari mun lengi verða búið, þegar hún kemst á. Hins vegar ætti ekki mikið tjón að verða, þó að eitt, jafnvel tvö ár féllu úr, áður en löggjöf, sem væri þá eins fullkomin og auðið er að koma á laggirnar, væri komin í framkvæmd.

Það eru ýmiss konar umsagnir, sem hafa borizt nefndinni, og mér sýnist, að það megi mjög líta til umsagna þeirra aðila, sem eiga að njóta þjónustunnar, sem er mikilvæg og á að búa svo vel um. Við skulum taka t. d. umsögn frá Fél. ísl. bifreiðaeigenda. Í niðurlagi hennar, — hún er nokkuð löng, og ég tel ekki ástæðu til að lesa hana alla, — segir: „Lögin (það er að segja frv.) teljum við því sennilega óþörf, áreiðanlega ótímabær og gildi þeirra takmarkað. Við álítum það tæplega verjandi fyrir hið háa Alþingi að samþ. lögin eins og sakir standa. Við mælum því gegn því, að frv. verði samþ.“ Þetta er afar stór hópur manna, sem hefur hér uppi umsögn, sem fer alls ekki á milli mála og er auðskiljanleg hverjum sem les eða heyrir. Þegar svo er komið, að slíkur félagsskapur í landi hér hefur þessa umsögn uppi um þetta frv., sem hér er um að ræða, þá tel ég það ekki vera réttlætanlegt að staldra ekki lítillega við og athuga betur málið, er þannig er í pottinn búið.

Þá er annar hópur manna í þessu landi, sem þjónustu á að njóta í sambandi við viðgerðir á bílum. Það eru vörubifreiðastjórar. Landssamband þeirra hefur sent sína umsögn, og hún er mjög á sömu leið og ég las upp áðan frá Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda, að stjórn þessa landssambands, Landssambands vörubifreiðastjóra, getur með engu móti fallizt á, að slíkt frv. sem þetta verði samþ. í því formi, sem það nú er. Hvor tveggja þessi félagsskapur hefur ekki á móti löggjöf um þetta efni að sjálfsögðu, síður en svo, en hann vill forma hana betur og sem tryggilegast. Þessar og slíkar athugasemdir frá þeim mönnum, sem njóta þjónustunnar, tel ég að beri að staldra við og athuga nánar.

Þá er eitt atriði enn, sem ekki hefur verið drepið á í þessum umr. Það er ekki endilega víst, að það gildi hið sama í þessu efni um sveitir og þéttbýli. Ég skal taka til dæmis, að það eru í mörgum sveitum, einstökum hreppum, verkstæði, sem fjalla um viðgerðir á bifreiðum og enn fremur og kannske öllu fremur fjalla um nauðsynlegar viðgerðir á landbúnaðarvélum. Þessi litlu verkstæði í sveitum úti eru þess eðlis, að mér finnst, að það beri að vernda þau að nokkru og láta þau ekki gjalda þeirrar spennu, sem kann að vera á milli stærri verkstæða í þéttbýlinu og hinna minni. Þetta er eitt atriði, sem athuga þarf og við höfum ekki nægilega gert okkur ljóst.

Þá má minnast á eitt. Það er ekki endilega víst, að það sé fulltryggilegt varðandi þjónustuna og verkstæðin sérstaklega, að ákveða með reglugerð nauðsynleg lágmarksskilyrði þess að mega reka verkstæði. Það getur verið gott og gilt að hafa slíkt í reglugerð, en alla vega munum við á einu máli um, að það þarf ekki að vera eins tryggt og ef lögfest væri.

Þá má enn fremur geta þess, að það er ekki síður viðurhlutamikið mál, sem snertir varahluti bifreiða og annarra véla. Ég tel einmitt, að það málsefni sé alveg við hliðina á máli eins og þessu, sem við nú ræðum. Mér er vel kunnugt um það, að bifreiðaverkstæði, sem inna af hendi ágæta þjónustu að öðru leyti, eiga ákaflega erfitt með það vegna skorts á varahlutum. Hefur svo lengi verið, og ég er ekki fjarri því að álíta, að hið opinbera eigi með löggjöf eða reglum að reka á eftir að því er varðar varahluti og vera nokkuð kröfuhart. Við vitum, að með nýrri bifreiðalöggjöf er mjög gengið eftir því, að ástand bifreiða í öryggisefnum sé sem tryggilegast og bezt, og þarf þannig að vera. Til þess að fylgja slíkum fyrirmælum bifreiðalaga sem bezt fram þarf að vera séð svo um, að varahlutir séu til staðar og svo að hinu leyti öll vinna við bifreiðar sé í sem fullkomnustu lagi. Og ég er alveg viss um, að í sambandi við það mál, sem hér um fjallar, eigi löggjafinn að láta sig verulega skipta varahlutamálin.

Þessi atriði, sem ég hef dregið hér fram og ekki hafa verið svo mjög til umræðu hér í hv. deild, taldi ég rétt að leggja nokkra áherzlu á, og ekki sízt þegar ég í upphafi máls míns hafði haldið því fram, að ég teldi ekki ástæðu til þess að hraða þessu máli sérstaklega og alls ekki ástæðu til þess að afgreiða það á þessu þingi. Við vitum um, að það er veruleg samkeppni og hún er mjög hörð á milli minni verkstæða og stærri, aðallega í Reykjavík, og ég skil ákaflega vel afstöðu hinna stóru verkstæða, sem verða að bera þungan kostnað, þó að minna sé um þjónustubrögð hjá þeim heldur en öðrum minni. Þessi spenna er eðlileg og öll hófleg samkeppni, bæði á þessu sviði og mörgum öðrum. En öllu verður að skapa fast og tryggilegt horf, og í þessu efni er

það einmitt á öryggisleiðum, sem við viljum halda okkur, og þess vegna verðum við að vanda hér allt sem allra bezt má verða og rasa ekki um ráð fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt öllu fremur, en ég vil fylgja þeirri till., sem uppi er, að málinu verði skotið til hæstv. ríkisstj. til nánari athugunar og umsagnar þeirra manna, sem eiga að njóta þjónustunnar, og leita enn fremur út fyrir þéttbýlið til umsagnar. Og ég tel, að af þeirri afgreiðslu, að skjóta málinu til ríkisstj., mundi ekkert tjón hljótast, en verða til góðs fyrir málið, og það er fyrir mestu, að málið leysist í sem beztu og öruggustu horfi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það dylst víst engum, sem hafa kynnt sér þau gögn, sem hér liggja fyrir, að hér er um allmikið vandamál að ræða. Í allri minni þingtíð hef ég ekki orðið var við, að nokkur nefnd hafi verið í jafnmiklum vanda að skila máli og hv. allshn. þessarar deildar, því að það má segja, að meiri hluti hafi verið í vandræðum með að skila málinu, eftir þó að hafa haldið marga fundi um það, eins og segir í nál. Og það voru einmitt nokkur atriði í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl., sem gáfu mér tilefni til þess alveg sérstaklega að ræða þetta mál nú við þessa umr., því að mér skilst á þeim orðum, að hv. meiri hl. skilji alls ekki málið eins og það liggur fyrir, ef taka má mark á því, sem hann sagði hér í sinni framsöguræðu. En áður en ég kem að því, vildi ég mega benda á, að við 1. umr. þessa máls minntist ég á það, hvort hæstv. dómsmrh., sem flytur málið, hefði nokkuð á móti því, að hv. nefnd, sem fengi þetta mál til athugunar, tæki til gaumgæfilegrar athugunar, hvort ekki væri hægt að tengja betur saman hin væntanlegu löggiltu verkstæði og bifreiðaeftirlitið sjálft, til þess m. a. að gera hvort tveggja í senn, að skapa miklu meira öryggi í sambandi við bifreiðaeftirlitið og miklu minni útgjöld í sambandi við bifreiðaeftirlitið. Hæstv. ráðh. svaraði því þannig, að hann hafði ekkert við það að athuga, að nefndin tæki þetta mál til athugunar og bryti það til mergjar. Ég sé nú hvorki í framsöguræðu hv. meiri hl. né minni hl. eða í nál., að minnzt hafi verið á þetta atriði í nefndinni. Þrátt fyrir það að um málið hafi verið haldnir margir fundir, þá kemur ekkert fram um það, að þetta atriði, sem vakið er máls á hér í upphafi, hafi yfirleitt verið athugað á einn eða annan hátt. Nú er það svo, að bifreiðaeftirlitið kostar í dag yfir 2½ millj. kr., og okkur er það ljóst, sem látum skoða bifreiðar okkar þar, að það er hvergi nægjanlegt eftirlit til þess að fullnægja öryggi í akstri bifreiða. Þangað koma bifreiðar ef til vill ekki nema einu sinni á ári, en það þarf ekki 12 mánuði til þess að koma bifreið úr ökufæru ástandi, og það var vegna þess, sem ég einmitt lagði til, að þau verkstæði, sem kynnu að verða löggilt, fengju umboð til að yfirfara bifreiðarnar, skoða ástand þeirra og gefa skoðunarvottorð um bifreiðarnar og létta þannig á störfum bifreiðaeftirlitsins sjálfs, minnka kostnaðinn og auka öryggið. Þessu sýnist hv. nefnd alveg hafa gengið fram hjá. Ég vil í sambandi við þetta benda á, að slíkt fyrirkomulag á sér stað m. a. í Bandaríkjunum. Þar eru það bifreiðaverkstæðin sjálf, sem gefa út skoðunarskírteinin á sína ábyrgð, enda hafa þau fengið löggildingu um að skoða bifreiðar.

Þegar við komum að hinu atriðinu, hvort það sé rétt að samþ. þetta frv., eins og það liggur fyrir, þá vildi ég mega spyrja hv. frsm. meiri hlutans, hvað hann meinti með þeim orðum, sem hann sagði hér í sinni ræðu, að ekki hefði verið ætlazt til þess að banna öðrum að gera við bifreiðar. Mér sýnist, að frv. þurfi að taka allverulegum breytingum, ef ekki einmitt er með frv. ætlazt til þess að banna öðrum verkstæðum að gera við bifreiðar en þeim, sem eru löggilt. Þau mega að vísu gera það án greiðslu, þ. e. a. s. gera við sínar eigin bifreiðar, en fyrir almenning mega þau ekki gera við bifreiðar. Og það veltur sannarlega á fylgi mínu við frv., hvernig þetta er skýrt við þessa umr. Verði frv. að lögum og heimildin notuð, er það minn skilningur, að ég sem þjóðfélagsþegn geti ekki fengið gert við mína bifreið, hvað sem mér liggur á, nema á löggiltu verkstæði, nema því aðeins að einhver vilji vera svo velviljaður að gefa mér viðgerð. Þetta sýnist vera alveg augljóst. Og ef þessi skilningur er rangur, þá óska ég að fá skýringu á því frá hv. frsm., sem sagði beinlínis þessi orð, að ekki væri ætlazt til þess að banna öðrum að gera við bifreiðar, þó að þetta væri samþykkt. En mér sýnist, að ákvæði 1. gr. frv. kveði alveg á um það, að það megi ekki aðrir en löggilt verkstæði, eftir að lögin hafa náð gildi, gera við bifreiðar gegn greiðslu, og ef það er réttur skilningur á málinu, þá vildi ég mega spyrja: Er það hugsað að löggilda bifreiðaverkstæði m. a. í öllum kaupstöðum og þorpum landsins og þá kannske fleira en eitt og á öðrum stöðum eða á leiðum, þar sem vel geta komið fyrir slys? Sé minn skilningur réttur, að það megi ekki fá viðgerð á bifreið nema hjá löggiltu verkstæði og svo sé t. d. ekki nema eitt eða tvö verkstæði löggilt, svo að ég taki t. d. Vesturland, þar sem ég á að gæta hagsmuna minna umbjóðenda, þá mundi ég spyrja: Er það til öryggis í akstri, ef ég er staddur vestur í Tálknafirði, þar sem ekki væri löggilt verkstæði, og fyndi sjálfur út eða með mönnum, sem ég leitaði til, að stýrisgangur bifreiðarinnar væri í ólagi, þyrfti viðgerðar og það væri mjög hættulegt fyrir mig og þá farþega, sem ég væri með, að fara yfir heiðarnar til næsta verkstæðis, sem væri löggilt, — er þetta til öryggis eða á ég þá að brjóta lögin og fá einhvern til þess að gera við það, sem þarf að gera við, sem ég kannske ekki get gert, af því að hann vill ekki vera mér sammála um að brjóta lögin til þess að tryggja öryggi minnar bifreiðar? Þetta er ákaflega mikið atriði í þessum málum. En sé þessi skoðun rétt hjá hv. frsm., eins og hann sagði áðan, að það sé ekki verið að banna öðrum að gera við bifreiðar, þá þarf að breyta 1. gr. áreiðanlega til þess að taka af öll tvímæli.

Þá vil ég aðeins benda á, að mér hefði þótt mjög eðlilegt, áður en þetta frv. væri samþ., að þá lægi nokkurn veginn fyrir, hvernig væri hugsuð reglugerðin í sambandi við frv. Er reglugerðin hugsuð þannig, að hvert eitt einasta bifreiðaverkstæði, sem hefur að forstjóra mann með fulla þekkingu, eigi kröfu á að vera löggilt? Þetta er stórt atriði. Eða á það aðeins að vera á valdi

hæstv. dómsmrh. hverju sinni, hvort löggilt sé eitt verkstæði, en neitað öðru, sem hefur sömu aðstöðu eða meiri? Og það er einmitt þetta, sem hv. meiri hl. n. finnur, þegar hann segir í sínu nál., að þessu megi misbeita. Það er það, sem hann finnur, því að hann segir hér ákveðið í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Félag íslenzkra bifreiðaeigenda og Landssamband vörubifreiðastjóra mæla gegn því, að frv. nái fram að ganga, og færa ýmis rök máli sínu til stuðnings. Láta þeir í ljós ótta um það, að af samþykkt þess muni leiða einokunaraðstöðu vissra stórra verkstæða og á einstökum stöðum."

Svo segir meiri hl. nefndarinnar:

„Þetta er hugsanlegt, en þarf alls ekki að verða." En það er þó möguleiki. Svo er sagt síðar: „Það fer allt eftir því, hvernig framkvæmdin verður á þeirri heimild, sem frv. gerir ráð fyrir. Þessu væri hægt að beita harkalega, en það er hægt að beita því frjálslega, svo að ekki verði ofvaxið eigendum verkstæðanna að fylgja kröfunum."

Að síðustu segir meiri hlutinn:

„Við, sem mælum með því, að frv. verði samþ., treystum því, að dómsmrn. beiti heimild sinni frjálslega, svo að engin hætta sé á, að um einokun eða okur vissra aðila verði að ræða á viðgerðum bifreiða og annarra afivéla."

Þeir mæla með því í því trausti, að ávallt, ekki einungis nú, heldur ávallt um allan tíma, sem lögin gilda, sitji frjálslyndir, heiðvirðir, sanngjarnir menn í dómsmálaráðherrastöðunni. Ég held, að þessi afstaða meiri hl. n. hafi markazt af því, að í henni situr í dag slíkur maður. Ég held, að þessi afstaða hv. meiri hl. hafi markazt beinlínis af því og það hefði ekki verið sagt, ef í henni hefði setið maður, sem ekki væri búinn slíkum eiginleikum. Ég segi fyrir mína parta, að ég læt ekki afstöðu mína til mála, sem eiga að gilda um langan tíma og varða alla þjóðina, markast af því, hvort með þau mál fara góðir og heiðvirðir og réttlátir menn á þeim tíma, sem lögin eru samþ. Það geta vel komið hér aðrir menn, sem hafa allt aðra eiginleika, allt aðra skapgerð og allt annan skilning á réttu og röngu heldur en þessi ágæti dómsmrh. sem nú situr hér, svo að mér sýnist, að þetta bendi til þess, að hv. meiri hl. hafi verið í hreinustu vandræðum að afgreiða málið og hann geri þetta af því, að hann treysti svo vel hæstv. dómsmrh., sem ég einnig geri, en læt það bara ekki vera nægilegt til þess að fylgja málinu án þess að hafa bent á þessa ágalla.

Ég vildi gjarnan spyrja hv. frsm. meiri hl., sem ber ábyrgð á till. sinni til okkar, sem eigum að greiða atkv., hvað er hugsað um þá landshluta, sem ef til vill fá engin löggilt verkstæði. Hvað er hugsað um þá? Hvernig hugsa þeir sér þjónustuna þar? Er hugsað, að þeir verði allir saman að leita til þéttbýlisins, þar sem sjálfsagt miklu fleiri en eitt verkstæði fengju löggildingu? Eða er hugsað, að þeir eigi bara að draslast á sínum bifreiðum, þangað til þeir geti komizt þangað, sem löggilt verkstæði eru fyrir, eða senda bifreiðarnar til viðgerðar með annaðhvort skipum eða með öðrum bifreiðum? Samkvæmt 1. gr. mega ekki aðrir gera við bifreiðar, nema því aðeins að þeir vilji gera það án endurgjalds, og það vitum við að er ekki almennt nú á tímum. Og ef það er ætlunin, þá er bezt að setja ákvæði um það inn í frv., hvernig skuli fara með, þegar svo stendur á, svo að enginn vafi sé um það, að þeir þegnar, sem búa í þeim héruðum, viti, hvernig þeir eigi að haga sér hér að lútandi. Og hvað er svo um þá aðila, sem flytja inn bifreiðar? Nú er það svo, að svo að segja hver einasti bifreiðaframleiðandi gerir það að ófrávíkjanlegri kröfu, að hans umboðsmaður hafi þjónustu á bifreiðunum, þeim sem hann flytur inn, og að sú þjónusta sé látin ganga fyrir öðrum bifreiðum. Ég þekki töluvert þetta mál, því að ég hef dálítið sjálfur verið í þessum viðskiptum. Hvað er um þá aðila? Eiga þeir kröfu á að fá löggildingu, jafnvel þótt viðgerðir séu ekki framkvæmdar í neinum stórum höllum, heldur í einhverjum smærri húsakynnum? Eiga þeir að fá löggildingu, eða eiga þeir að sækja viðgerðirnar undir samkeppnisinnflytjendur sína? Þetta er stórt atriði. Og það þarf sannarlega að taka miklu nánar fram um það í lögunum sjálfum. En það get ég upplýst hv. nefnd um, að það er ekkert létt fyrir innflytjanda, sem flytur inn ákveðna bifreið, að eiga að sækja til annarra innflytjenda bæði að stilla bifreiðarnar og gera við þær, hafa í þær varahluti o. s. frv., innflytjenda, sem eru hans samkeppnismenn. Það er síður en svo, að það sé létt. Og það verður að vera lágmarkskrafa, að hver og einn einasti innflytjandi, sem hefur leyfi til að flytja inn bíla, fái löggildingu fyrir þær bifreiðar. Og þá er bezt að setja það inn í lögin.

Þá vil ég mega spyrja hv. frsm. meiri hl.: Er gert ráð fyrir, að þessi löggjöf auki kostnaðinn við bifreiðaeftirlit? Um það er ekkert sagt, hvorki í nefndarálitunum né í framsöguræðu. En þó er minnzt á það hér á einum stað, að að sjálfsögðu verði bifreiðaeftirlitið að hafa sérfræðinga til þess að líta eftir bifreiðaverkstæðunum, sem búið er að löggilda. Og hvað er sá kostnaður þá mikill? Hvaða hringrás er raunverulega verið að skapa með þessu: fyrst að löggilda verkstæðin og svo að setja aðra löggæzlumenn yfir þá til þess að sjá um, að þeir geri verkin eins og þeir eiga að gera? Allt þetta finnst mér að þurfi miklu nánari athugunar við og það svo miklu meiri, að ég treysti mér ekki til þess hér við 2. umr. að koma með brtt. við frv. Ég vildi því mega mælast til þess, að hæstv. forseti frestaði þessari umr. og málið yrði aftur tekið til nánari athugunar í nefndinni, hún héldi um það enn nokkra fundi, m. a. til að athuga þau atriði, sem ég hef hér bent á og ég benti á í upphafi, og ef ekki nefndin fengist til þess að breyta neitt frv. frá því, sem það nú er, þá að tími gæfist til þess á milli 2. og 3. umr. að semja brtt. við frv.

Hv. 4. þm. Sunnl., sem talaði hér síðast, minntist nokkuð á varahlutaspursmálið. Í því sambandi þykir mér rétt að upplýsa hér, að það er verið að reyra þetta atriði í hreinan dróma og það er vegna hámarksálagningarákvæðisins. Það er komið svo nú í sambandi við álagningu á bifreiðavarahluti, að það vill enginn bifreiðainnflytjandi liggja með slíka varahluti, og þess vegna tekur það orðið nú oft og tíðum marga mánuði fyrir menn að fá varahluti. Þá er reglan þessi: maður verður fyrst að panta varahlutina og senda pönt-

unina út, svo þegar varan kemur inn, verður að leggja inn ákveðinn hluta af greiðslunni í banka og halda honum þar geymdum í 1—2 mánuði, eftir því sem bankinn óskar, — á meðan getur eigandi bifreiðarinnar ekki ekið henni, — og svo þegar loksins er búið að greiða þetta út og borga alla tolla, sem tekur kannske fimm, sex, sjö mánuði, er varan fyrst laus til afhendingar. Ég veit um tilfelli, þar sem viðkomandi maður hefur þurft að bíða nærri heilt ár eftir slíkum hlutum, af því að fyrirkomulagið er eins og það er í dag, því að það er ekkert létt atriði fyrir menn að hafa miklar birgðir bifreiðavarahluta og greiða af þeim upphæðum 10—12% vexti og taka áhættuna um að þurfa að kasta eftir nokkurn tíma kannske helmingnum af því, sem inn er keypt. Menn breyta um bifreiðar og breyta um módel, svo að engin trygging er fyrir sölu allra varahluta. Vegna hámarksákvæðis er útilokað, að innflytjendur eða verkstæði geti haldið miklum varahlutaforða, eins og nauðsynlegt er til þess að veita þá þjónustu, sem allir þurfa að hafa, bifreiðaframleiðendur gera kröfur um í öllum hinum menntaða heimi að menn hafi og ekki er hægt að gera í þessu landi, vegna verðlagsákvæðisins. Þess er náttúrlega ekki að vænta, að neinn innflytjandi taki það á sig að panta vöru og taka áhættuna um það að verða að sitja uppi með hana eða selja fyrir sama sem ekki neitt, einhvern hluta hennar kannske eftir fimm, sex eða tíu ár, og greiða síðan 12% í vexti af þeim hluta, sem ekki er hægt að selja. Ég vildi mega endurtaka það til hv. frsm., hvort hann vildi fallast á að taka málið aftur til frekari athugunar í nefndinni, og ef ekki, þá til hæstv. forseta að fresta þessari umr. og gefa tækifæri til þess að gera brtt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Vestf., að hvorki þetta frv. né annað getum við afgr. með það fyrir augum, að okkur geðjist vel að þeim hæstv. ráðh., sem með málin kann að fara á hverjum tíma. Ég vil ekki heldur ætla hv. meiri hl. það, að afstaða hans hafi verið slík, þó að það megi að nokkru ráða af því, sem kemur fram í áliti meiri hl. allshn. á þskj. 424. Ég vil segja það, að ég er ekki að lýsa neitt áliti mínu á hæstv. núverandi dómsmrh., þó að ég haldi því fram með fullum rökum, að hann hafi enga sérþekkingu á viðgerðum bifreiða. Þannig mun verða um fleiri dómsmrh., þó að þeir séu vel hæfir til þess að gegna því embætti, þá er sérþekking þeirra á þessu ekki til staðar, og verða þeir þess vegna að fara eftir till. bifreiðaeftirlitsins, en ekki sínu eigin áliti.

Eins og fram hefur komið í þessum umr., hefur bifreiðum fjölgað mjög á síðari árum. Þetta veldur því, að bifreiðaverkstæðum hefur einnig fjölgað. Það veldur því einnig, að slysin í umferðinni hafa líka farið vaxandi. Það er því fullkomin ástæða til að gefa þessu gaum, gera allt það, sem verða má, til þess að auka öryggið í umferðinni. Sum af þeim slysum, sem átt hafa sér stað í sambandi við bifreiðar, eiga rót sína að rekja til bifreiðaverkstæðanna, vegna þess að sú vinna, sem þar hefur verið framkvæmd, hefur ekki verið nógu vel unnin og samvizkusamlega, og slys hefur hlotizt af. Ekki mun það þó alltaf hafa átt sér stað hjá þeim smærri verkstæðum, að þannig hafi til tekizt. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að það komi fram hér á hv. Alþ. frv. um að hafa eftirlit með bifreiðaverkstæðum. Hér eru stofnanir, sem vegna þeirra verka, sem þær inna af hendi, geta valdið slysum og dauða á mönnum, og við eigum að sjálfsögðu að gera allt til þess að koma í veg fyrir það.

En ég er ekki sannfærður um, að með þessu frv., eins og það liggur fyrir nú, sé nógu mikið öryggi skapað í þessum málum eða það sé búið að leggja nóg niður fyrir sér, hvernig hægt er að koma fyrir í löggjöf eftirliti með bifreiðaverkstæðum, sem til öryggis mætti verða. Þegar ég las 1. gr. og sá orðin „gegn greiðslu", þá leit ég svo á, að það væri átt við það, að mér væri sem bifreiðareiganda heimilt að gera við mína bifreið. En eins og þetta er túlkað í nál., að undanþegin þessu ákvæði væru t. d. bifreiðar Landleiða, strætisvagnar Reykjavíkur, bifreiðar vegagerðarinnar, olíufélaganna, þá finnst mér vera komið langt út fyrir það, sem ég get sætt mig við. Og ef höfuðtilgangur frv. á að vera sá — sem ég hélt vera — að skapa öryggi fyrir líf og limi þeirra manna, sem með bifreiðum ferðast, þá finnst mér hér skorta mikið á, enda get ég ekki skilið, að það sé með rökum hægt að halda því fram, að verkstæði, sem rekin eru af vegagerð ríkisins, Landleiðum eða strætisvögnum, vinni ekki verk sín gegn greiðslu. Þó að þau geri aðeins við bifreiðar þess fyrirtækis, sem rekur verkstæðið, þá er auðvitað í reikningshaldi fyrirtækisins færð fram greiðsla fyrir viðgerð á þeim bifreiðum, sem þar eru til viðgerðar í það og það skiptið. Þess vegna vil ég segja það, að ég get ekki skilið, að þessi skilningur sé réttur. En það yrði að vera fullkomlega ljóst, áður en slík löggjöf yrði sett, hvort aðalfyrirtæki, sem farþega flytja út um landið, eins og langferðabifreiðarnar, mættu gera við þær á verkstæðum, sem ekki væru löggilt. Það væri að fara mjög aftan að siðunum, ef þannig væri hægt að túlka orðin „gegn greiðslu". Það væri því með öllu óverjandi fyrir Alþingi að ganga þannig frá þessu atriði. Og ef slíku væri ekki mótmælt hér á hv. Alþingi við afgreiðslu málsins, þá mætti ætla, að sá skilningur yrði látinn ráða. Þess vegna vil ég taka skýrt fram, að það kemur ekki til greina, að slíkur skilningur geti verið réttur í sambandi við þetta frv. Því er þá ætlað annað hlutverk en ég hafði hugsað mér, þegar það var lagt fram hér á hv. Alþingi. Ég leit svo á, að það væri fyrst og fremst öryggi, sem ætti að tryggja, en ekki að skapa einu eða öðru verkstæði einhverja sérstaka aðstöðu. Þetta vil ég láta koma fram hér í þessum umræðum og legg á það mikla áherzlu, að Alþingi getur ekki gengið svo frá málinu, að sá skilningur sé ríkjandi gagnvart þessu atriði, að þar sé átt við heil verkstæði, að þau séu undanþegin bara vegna þess, að þau gera ekki við aðrar bifreiðar en eigin bifreiðar. Hitt álít ég, að með ákvæðinu „gegn greiðslu" væri átt við það, að einstaklingur mætti gera við sína einkabifreið. Hins vegar, ef hann fer að reka bifreiðar, t. d. sérleyfisbifreiðar, þá yrði hann auðvitað að láta gera við þær á slíkum verkstæðum.

Þá verð ég að segja það út af því atriði, sem hv. 1. þm. Vestf. drap hér á um 1. gr., að það hefur dómsmrh. á valdi sínu, þannig að hann gæti kveðið svo á um, að það væri aðeins eitt verkstæði á þessum stað, við skulum segja í Borgarnesi eða Stykkishólmi eða eitt verkstæði í Mýrasýslu, sem mætti gera við bifreiðar eftir venjunni. Hins vegar sýnist mér, að hann þyrfti ekki að segja, að það mætti ekki gera við bifreiðar nema á þessu eina löggilta verkstæði, en það leiðir af sjálfu sér, að framkvæmdin hlyti að verða á þá leið, að þetta löggilta verkstæði sæti fyrir um allar viðgerðir.

Það þarf ekki orðum að því að eyða, að á síðari árum hefur dreifing á vélknúnum ökutækjum orðið geysileg um landið allt, og þeirra vegna hafa viðgerðarverkstæði dreifzt um allt land. Þess vegna, þegar farið væri að hafa eftirlit með þessum verkstæðum og skapa þar meira öryggi, þá yrði að gera það með verulegri varúð og án þess að um nokkra stökkbreytingu væri að ræða til þess að komast hjá auknum kostnaði og gera það að verkum, að margir þeir, sem til slíkra verkstæða hefðu stofnað, yrðu fyrir verulegu tjóni.

Ég lít því svo á, að þetta mál, sem er lagt hér fyrir Alþingi í fyrsta sinn í vetur, sé svo umfangsmikið, að það sé rétt að láta það fara aftur til hæstv. ríkisstj. og leita umsagnar hjá fleiri aðilum en enn hefur verið gert, kynna málið betur og reyna að samræma þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, og gera málið þannig betur úr garði. Ef ég man rétt, þá skildist mér það á hæstv. dómsmrh., þegar hann flutti framsögu fyrir þessu máli hér í hv. deild, að þá væri það ekkert kappsmál frá hans hendi, að þetta mál yrði afgreitt í vetur, en umfram allt, að það yrði athugað vel og reynt að ná um það samstöðu. Ég held, að við getum ekki afgreitt þetta frv. frá hv. Alþingi í vetur eða gert það að lögum, svo að vel fari. T. d. vil ég benda á það, sem hv. 1. þm. Vestf. drap hér á áðan um þau bifreiðaverkstæði, sem fengju þau réttindi að verða löggilt, að eðlilegt væri, að lagðar væru þær skyldur á þau að hafa eftirlit með bifreiðum og létta bifreiðaeftirlitinu að nokkru af bifreiðaeftirliti ríkisins. Ef það ætti að gera, þá yrðu að koma hér inn líka sektarákvæði gagnvart þessum bifreiðaverkstæðum, ef þau brytu skyldu sína. Ef inn á slíka leið ætti að fara, þarf að undirbúa það betur en hægt væri að gera hér á milli umræðnanna. Þess vegna vildi ég nú mega vænta þess, að hv. allshn. tæki þetta mál aftur og sameinaðist um þá till., sem hv. 11. landsk. flytur hér, að fresta þessu máli g vísa því til hæstv. ríkisstj., enda sýnist mér á þeim rökum, sem hv. meiri hluti beitir í málinu, að þau séu það veik, að hann sé það mikið í vafa, að skynsamlegri leið væri að láta málið bíða afgreiðslu til næsta þings, enda yrði það þá betur búið og hægt að sameina þau sjónarmið, sem eiga að vera höfuðtilgangur frv., að auka öryggi í umferðinni án þess þó að gera um of erfitt fyrir um framkvæmdirnar. Og ég vildi mjög mælast til þess við hv. n., að hún tæki þetta til athugunar á nýjan leik.

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég skal nú ekki mjög mikið lengja þessa umr., sem hér hefur farið fram, því að ef ég ætti fyrir nefndarinnar hönd að fara að svara öllu út í æsar, sem hér hefur verið spurt um og talað um, þá gæti það orðið nokkuð löng ræða. En ég ætla þó að gera nokkrar athugasemdir út af því, sem fram hefur komið í ræðum þeirra manna, sem hér hafa talað, sem eru víst orðnir fjórir.

Í ræðum minna meðnm., hv. 11. landsk. þm. og hv. 4. þm. Sunnl., kom ekki neitt nýtt fram umfram það, sem um hafði verið rætt í n., og aðallega það, sem fram hefur komið í nál. hv. 11. landsk. En það upplýstist þó við ræðu hv. 4. þm. Sunnl., að hann er samþykkur till. hv. 11. landsk. um að vísa þessu frv. til hæstv. ríkisstj.

Hv. 11. landsk., minni hluti n., kom inn á það, sem fleiri ræðumenn hafa og vikið að, að þeirra andstaða gegn frv. sé í rauninni aðallega sprottin af því, að það gangi ekki nógu langt, því að þeir leggja allir áherzlu á, að það verði að afnema þessi orð úr 1. gr. frv.: „gegn greiðslu“, og það yrði skilyrðislaust að taka undir ákvæði frv. þau viðgerðarverkstæði, sem ýmis stór fyrirtæki halda uppi til þess að gera við eigin bifreiðar, sem eru reknar á þeirra vegum, svo sem vegamálastjórnin, Landleiðir, olíufélögin, Strætisvagnar Reykjavíkur o. s. frv. Þetta atriði var mjög mikið rætt í n., og eins og hv. 11. landsk. skýrði réttilega frá, var ekkert samkomulag um að taka þessi orð: „gegn greiðslu“ — út úr frv., og það er ekki í neinu ósamræmi við það, sem nefndin að öðru leyti hefur látið í ljós.

Hv. 11. landsk. lét það í ljós, sem við vitum allir að er rétt, að það er víða góð þjónusta, bæði hér í höfuðstaðnum og víðs vegar úti um land, á viðgerðarverkstæðum, svo að það er mikil furða, hvað þessum verkstæðum þrátt fyrir óhæga aðstöðu hefur tekizt að koma sinni starfsemi í fullkomið horf. En það er þó öllum ljóst, að ýmsu er ábótavant á þessu sviði, og aðaltilgangur þessa frv. er að koma því til leiðar, að menn geti átt völ á að snúa sér til verkstæða, sem hafa hin fullkomnustu verkstæði, góðan húsakost og eru í sem fullkomnustu lagi. Hins vegar er vert að geta þess, sem hv. 11. landsk. vék að, að það væri farið fram á það af ýmsum, að það væri hækkað verð á þessari þjónustu. Nú er það kunnugt, að viðgerðir bifreiða eru undir verðlagseftirliti. Og því er ekki að leyna, að þeir aðilar, sem mest mótmæla þessu frv., telja, að það mundi gefast betur að hækka bara álagninguna á vinnuna og hugsa ekkert um löggildingu; ef vinnan væri seld nógu dýrt, þá mundi allt komast í bezta lag. Þetta er ein aðalröksemdin hjá þeim, sem mæla mest á móti frv., og á því geta menn séð, hvað álitsgerðir þessara manna stangast hver við aðra. Krafan er einmitt sú frá þessum mönnum, að það sé um að gera að hækka þessa þjónustu í verði sem allra mest, þá komist allt í gott lag. Meiri hl. hv. allshn. er ekki þessarar skoðunar, því að það er ekki nein vissa fyrir því, að það sé öruggt, að þjónustan verði þeim mun betri sem verðhækkuninni á henni nemur. Þar gildir sama regla og ég hef oft heyrt talað um í launamálum ýmissa stétta, að það sé alveg víst, að þær vinni betur, ef þær fá nógu mikið hækkuð laun. Við höfum margfalda reynslu fyrir því, að þetta er ekkert öruggt atriði.

Hv. 11. landsk. vék að því, að það yrði að sjá

um, að þeir, sem stjórna bifreiðum, væru allsgáðir og með réttu ráði. Ég verð nú að segja það, að hvað fullkomin sem verkstæðin verða og hvað sem líður öllu okkar bifreiðaefirliti, þá getum við aldrei ætlazt til þess, að það verði á þeirra verksviði að sjá um það, að menn séu allsgáðir og með réttu ráði. Það er óviðkomndi þessu máli, því að það er lögreglumál og lagamál, eins og allir vita um.

Hv. 4. þm. Sunnl. vék að því, að það væri mjög mikil ástæða til að ætla og væri raunar víst, að aðstaðan í þessum efnum væri gagnólík úti á landi við það, sem hún er hér í höfuðstaðnum og í þéttbýlinu. Þetta vitum við allir að er rétt. Þess vegna er samkv. þessu frv., 1. gr. þess, alls ekki víst, þó að dómsmrn. hafi heimild til að löggilda einhver verkstæði, að það yrði gert alls staðar á landinu. Það er talað um, að það megi gera á vissum stöðum, þó að það sé ekki gert á öðrum.

Að nefndin hafi eitthvað vanrækt í því að senda ekki frv. þetta til athugunar út um allt land, það get ég ekki fallizt á. Hér eru svo stór og þekkingarmikil félög í höfuðstaðnum, sem hafa fjallað um þetta mál, að þeirra álit á að geta gilt nokkuð öruggt fyrir alla, eins þótt þeir séu úti á landi.

Þá minntist hv. 4. þm. Sunnl. á varahlutaspursmálið, og það er náttúrlega alls ekki að ófyrirsynju, að minnzt sé á það, en það er bara allt annað mál með þann mikla vanda, sem þar er um að ræða. Við vitum, að það hefur verið mjög mikill hörgull oft og einatt á því að fá varahluti flutta inn, og þeir hafa verið seldir mjög háu verði, jafnvel hlutfallslega miklu hærra verði en svarar til verðs á bifreiðunum nýjum. Það vita allir, að það er nauðsynlegt og áríðandi að fá sem bezt úr þessu greitt, að það sé sem allra óhindraðastur innflutningur á varahlutum, bæði í bifreiðar, traktora og aðrar aflvélar, sem notaðar eru víðs vegar um okkar land. Og það er ekkert til fyrirstöðu varðandi afgreiðslu þessa frv., að það sé ekki jafnmikil nauðsyn á því eftir sem áður, þó að það verði samþykkt.

Aðeins vil ég segja nokkur orð við minn góða vin, hv. 1. þm. Vestf. Hann byrjaði sína ræðu á því að láta það í ljós, að sér sýndist, að allshn. skildi ekki málið, skildi ekki, hvað þetta frv. ætti við. Ég vil nú segja það, að ef ég þekkti ekki þennan þm. sem greindan og glöggan mann, þá mundi ég hafa haldið það eftir ræðu hans, að hann hefði aldrei lesið frv. og því síður að hann skildi það, því að hann talaði um þetta eins og þetta ættu að vera ákvarðandi lög um öll þau atriði, sem hann minntist á og spurði um. Þess vegna vil ég segja það, að það lítur út fyrir, að hann hafi ekki lesið t. d. 5. gr. frv., sem ákveður, að framkvæmdin í þessu máli á að ákveðast með reglugerð. Það er ekkert um það í þessu frv., hvernig á að vera framkvæmdin á því í einu eða neinu, annað en það, að það er heimilt fyrir dómsmrn. að löggilda ákveðin verkstæði, sem hafa fullkomna aðstöðu í húsakosti, vélum og öðru, sem nauðsyn ber til þess að geta gert við bifreiðar á þann hátt, svo að í lagi sé.

Þá var þessi hv. þm. að tala um það, að hann hefði rætt hér við 1. umr. um nauðsyn þess að sameina bifreiðaeftirlitið og starfsemi þeirra verkstæða, sem yrðu samkv. þessu frv. löggilt, og var með ásakanir í garð hv. allshn. fyrir það, að hún skyldi ekki hafa tekið neina afstöðu til þessa máls. Þetta er alveg frjálst og því fremur frjálst, ef frv. verður samþykkt, eins og það liggur fyrir. Það er ætlazt til þess, að það verði bifreiðaeftirlitið, sem hefur aðalframkvæmdina á þessum lögum, og það er ætlazt til þess, að það sé bifreiðaeftirlitið, sem hefur mest úrskurðarvald við að undirbúa þá reglugerð, sem ætlazt er til að dómsmrn. setji um framkvæmd þessa máls, sem er aðalatriðið. Hér er ekki fyrir þessari hv. deild neitt frv. til reglugerðar um það, hvernig framkvæmdin á að vera á þessu máli. Hér er bara um að ræða heimild til þess að setja reglugerð, og á henni veltur framkvæmdin, og það er þess vegna alveg ótvírætt og óumdeilanlegt, að það er rétt, sem ég tók hér fram áðan, að hvort þetta mál verður til góðs eða ills, ef þetta frv. verður samþykkt, það fer alveg eftir framkvæmdinni, alveg eins og yfirleitt gerist um öll heimildarlög. Það fer eftir því, hvernig sú heimild verður notuð, sem heimildarlagafrv. gefur, sem samþ. yrði á Alþ.

Þá er það atriði, sem hv. 1. þm. Vestf. vék að. Hann var að tala um, að sér sýndist sönnun fyrir því, að við hefðum ekki skilið frv. í hv. allshn., að við gerðum ráð fyrir því, að það væri hægt að framkvæma þetta þannig, að þeim verkstæðum, sem ekki fengju löggildingu, væri ekki bannað að gera við bifreiðar. En þetta er einmitt það atriði, sem við tökum alveg greinilega fram í okkar nál., og okkur sýnist, að það þurfi ekki að gera neina brtt. við frv. sjálft til þess, því að það er nóg, að meiri hl. nefndarinnar, sem mælir með frv., gerir ráð fyrir því, að reglugerðin, sem sett verður, og framkvæmdin á þessu máli verði á svo frjálslegan máta, að það verði löggilt nokkuð mörg verkstæði hér í höfuðborginni og hvarvetna annars staðar, þar sem þess þætti þörf eða nauðsynlegt eða hægt, og svo geti menn, sem þurfa á viðgerðum að halda, alveg valið um það að snúa sér til annarra verkstæða, sem ekki hefðu fengið löggildingu, enda þótt þau væru með ófullkomnari aðstöðu. Það er út af fyrir sig nokkuð til í því, að það, sem aðallega er á móti þessu, er það, að hætt væri við því, að þegar væri búið að löggilda einhver ákveðin verkstæði sem fullkomin, þá þætti öllum bifreiðaeigendum og bifreiðastjórum svo mikið eftirsóknarmál að sækja til þessara löggiltu verkstæða, að hin, sem ekki hefðu fengið löggildingu, dæju út alveg sjálfkrafa. En þetta er engan veginn víst, og það mundi velta algerlega á því, hve mörg bifreiðaverkstæði verða löggilt og hvað miklar líkur væru til, að þau gætu fullnægt þeirri eftirspurn, sem um er að ræða.

Þá var hv. 1. þm. Vestf. að spyrja, hvort ætti að löggilda verkstæði úti um allt land. Það fer alveg eftir framkvæmdinni eins og annað í þessu máli. Það fer eftir því, um hvað samkomulag verður hjá dómsmrn. og bifreiðaeftirlitinu. Hann var líka að tala um það, þessi hv. þm., hvað bifreiðaeftirlitið væri dýrt. Og það er satt, það er dýr stofnun, og það þarf ekki að búast við öðru en með meiri starfsemi fari eins hjá þeirri stofnun og öllum öðrum ríkisstofnunum, að eftir því sem meira verk er lagt í þeirra hendur, eftir því verði hærri þeirra rekstrarkostnaður. En ég sný ekki

að neinu leyti aftur með það, sem fram er tekið í okkar nál. og ég tók fram líka áðan, að ég ætlast til þess og við í meiri hl. allshn., að þegar reglugerðin er samin og frá henni gengið og ákveðið um það, hvernig framkvæmd þessa máls verði, þá verði það gert á frjálslegan máta, en alls ekki harkalega. Hv. 1. þm. Vestf. var að tala um, að það liti út fyrir, að nefndin hefði gert þessa samþykkt af því, að hún hefði gott traust á núverandi hæstv. dómsmrh. og byggist við því, að það yrði alltaf góður maður í því embætti. Ég skal nú ekki leyna því, að ég hef ágætt traust á núverandi dómsmrh. og treysti honum til alls þess bezta í þessu sem öðru, sem hann starfar að. En ég er ekki svo svartsýnn, að ég búist við því, þó að skipt verði um dómsmrh., að það fari nokkurn tíma maður í það embætti, sem beiti sínu starfi til þess að gera mönnum til ógagns eða bölvunar, bara til þess að þjóna sinni lund. Ég ætlast til þess, að þegar reglugerð er sett, sem á að ákveða algerlega um framkvæmd þessa máls, þá verði hún þannig útbúin, að það sé frjálslega frá því gengið. Og eins og ég áðan tók fram, þá veltur alveg á framkvæmdinni í málinu, og framkvæmdin á að ákveðast í reglugerð, en alls ekki með þessum lögum. Það hefði orðið nokkuð hörð deila og langt mál, ef hefði átt að fara að ákveða í þessum lögum, hvernig framkvæmdin öll yrði. Það er ætlazt til þess, að það sé gert með reglugerðinni.

Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Vesturl., gat um það, sem alkunnugt er og er eitt aðalatriði, sem stendur til grundvallar fyrir þessu frv., að margar viðgerðarstöðvar bifreiða bæði hér í höfuðstaðnum og hvarvetna úti um land eru ekki svo fullkomnar, að það sé alltaf hægt að treysta því, að viðgerðin á bifreiðinni sé algerlega örugg. Og þessi hv. þm. vék að því, sem er líka kunnugt, að einmitt vegna þeirra hluta, að það er ekki svo öruggt sem skyldi, að viðgerðirnar á biluðum bifreiðum séu alltaf í fullkomnasta lagi, þá er á því nokkur hætta, að það geti stundum stafað slys eða árekstrar af þeim orsökum. Og einmitt öll viðleitni, sem hafin hefur verið af þeim mönnum, sem hafa undirbúið þetta frv. og ætlazt til þess, að það verði gerð ný gangskör að því að bæta þarna úr, þá er það þeirra tilgangur auðvitað, að úr þessu verði bætt sem allra víðast á landinu, að það sé betur en verið hefur fært fyrir alla aðila að treysta þeim, sem fást við það vandasama verk að gera við bilaðar bifreiðar. En mér er kunnugt um það, og ég veit, að mörgum hv. þm. öðrum er það kunnugt, að þeir menn, sem fást við þetta starf, þeir sem hafa fengið lærdóm í því að vera bifvélavirkjar og starfa á verkstæðum og sumir utan verkstæða, hafa aldrei frið fyrir ásókn, því að bilanirnar á öllum þeim þúsundum bifreiða, 18—20 þús. bifreiðum, sem reknar eru hér í landinu, bilanirnar eru svo algengar og tíðar, að eins og sakir standa hefur það verið svo, að þeir menn, sem fást við viðgerðirnar, hafa ekki við ásókninni.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. eins og þeim, sem höfðu talað á undan honum, að það virtist svo sem honum fyndist, að frv. gengi ekki nógu langt, af því að það væri ekki alveg skylt að taka undir það þau verkstæði, sem væru rekin eingöngu til að gera við bifreiðar þeirra fyrirtækja, sem þau reka, eins og t. d. vegagerðar ríkisins, Strætisvagna Reykjavíkur o. s. frv. En n. gat alls ekki fallizt á, að það yrði svo langt gengið í þessu máli, og vill heldur mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, í því trausti, að sú reglugerð, sem er aðalatriðið og á að setja samkvæmt frv., verði þannig úr garði gerð, að það sé hægt að gera ráð fyrir því, að frá málinu verði vel gengið.

Varðandi þá till., sem fram kom frá hv. 1. þm. Vestf., að þessari umr. verði frestað og því vísað til allshn. aftur, þá er það mál, sem hæstv. forseti auðvitað algerlega ræður, hvernig meðferðin verður. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, þó að umr. verði frestað og jafnvel þótt málið verði tekið af dagskrá og aldrei tekið á dagskrá aftur, þá sé ég enga ástæðu til að vera að vísa því til n., fyrr en þá á milli 2. og 3. umr., en það getur auðvitað komið til mála, ef það eru einhver viss einstök atriði, sem væri þá talin ástæða til að hv. n. tæki til athugunar. En ég er hræddur um, að það væri nokkuð tafsamt, ef það ætti að fara inn á að ræða það, hvort það væri í allshn. eða annars staðar hér í hv. Alþingi, hvernig ætti að vera skipunin á þeirri reglugerð, sem á að ákveða framkvæmdir í þessu efni.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta vandamál, og enda þótt ég búist við því, að ýmsir aðrir taki hér til máls aftur, þá býst ég við, að fyrir hönd meiri hl. n. sé ekki nein ástæða til að ræða þessa hluti meira við þessa umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég fór við umr. hér áðan fram á það við hv. frsm. n. að óska eftir, að þessari umr. yrði frestað, og ef hv. frsm. vildi ekki verða við því, hvort hæstv. forseti vildi ekki fresta umr. og gefa tækifæri til þess að semja brtt. við frv. Nú sé ég, að hæstv. forseti hefur ekki viljað verða við þeim tilmælum, því að hann skýrði hér frá því, að umr. um þetta væri lokið, og mér skilst, að það sé af því, að hæstv. forseti vilji þá ekki verða við þeim tilmælum að fresta þessari umr., svo að það gefist tími til þess að athuga málið nánar, áður en það gengi til 3. umr. Vildi ég gjarnan heyra álit forseta um það, því að annars held ég áfram minni ræðu. (**Forseti:** Umr. um þetta mál mun verða frestað.)

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

2. Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Á 3. fundi í Nd., 13. okt. var útbýtt:

Frv. til l. um Iðnaðarmálastofnun Íslands [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur nú starf-

að í nokkur ár, og er þegar komin raun á, að hún hefur komið að margvíslegu gagni. Ég hygg þess vegna, að tímabært sé að lögbinda starf hennar eða setja nýjar reglur um tilvist hennar og starfshætti. Frumvörp hafa að vísu verið fyrir Alþingi um þetta áður, en þá ekki þótt tímabært að afgreiða málið. En mér sýnist sem sagt, að nú sé rétt að setja slík fyrirmæli. Í þessu frumvarpi er þó vikið frá því, sem ráðgert hefur verið áður, að telja upp í einstökum atriðum í frv. sjálfu meginþætti starfsemi stofnunarinnar. Mér sýnist, að sú ýtarlega sundurliðun, sem áður hefur verið í frumvörpum, sem lögð hafa verið fram, sé óþörf og ekki allsendis heppileg, vegna þess að hér kemur margt til greina, og hlýtur raunar að breytast ár frá ári, hvert viðfangsefni slíkrar stofnunar er í einstökum þáttum; þess vegna sé hitt heppilegra, eins og gert er í 4. gr. þessa frv., að kveða aðeins á um markmiðið og aðalstarf með almennum orðum, en ákveða síðan í reglugerð um einstaka starfsþætti.

Aðalbreytingin, sem fólgin er í þessu frv. frá því, sem verið hefur, er, að ætlazt er til að fjölga um 2 menn í stjórn stofnunarinnar, að þar fái sæti fulltrúi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Þetta er tvö stærstu allsherjarsamtök þeirra aðila, sem þetta mál varðar mestu, og mér hefur fundizt óeðlilegt og í vaxandi mæli, eftir því sem ég kynntist starfsemi stofnunarinnar, óeðlilegra, að þessir aðilar ættu ekki fulltrúa í stjórn hennar.

Að þessu slepptu má segja, að lögin fari einungis fram á að lögfesta það, sem nú þegar er í framkvæmd og mönnum í meginatriðum kunnugt, og skal ég ekki fjölyrða um það. Breytingin hygg ég að sé ótvírætt til bóta.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málið gangi að þessari umr. lokinni til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Á Alþingi 1947 flutti ég frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð. Gerði ég ýtarlega grein fyrir nauðsyn þess að skapa íslenzkum iðnaði skilyrði til þess að geta notið tæknilegrar aðstoðar stofnunar, sem hefði með höndum að vinna að þeim verkefnum, sem Iðnaðarmálastofnunin nú vinnur að og ætlazt er til að lögfest verði með frv. því á þskj. 8, sem hér er til umræðu. Var flutningur þess frv. upphaf þess, að Iðnaðarmálastofnunin var sett á stofn, eins og kunnugt er. Verkefni stofnunarinnar var þó samkv. því frv. allmiklu víðtækara en verkefni þau, er Iðnaðarmálastofnunin enn hefur unnið að eða gert er ráð fyrir með þessu frv., sem hér er til umræðu, eins og sjá má af 5. gr. frv., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta, að stofnunin skuli annast rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á öllum þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, hvort heldur er úr lofti, jörð eða sjó; að stofnunin skuli gera árlega till. til ríkisstj. um heildartilhögun á sviði iðnaðarmála með það fyrir augum, að eðlileg og holl hlutföll haldist á milli atvinnuvega þjóðarinnar um skiptingu á vinnuafli, rekstrarfé, fjárfestingu, opinberri aðstoð, að framleiðslunni sé beint að þeim greinum, sem hagfelldastar eru fyrir þjóðina og samrýmast bezt þörfum hennar á hverjum tíma, að hendi sé ekki sleppt af neinum afurðum, er við öflum, fyrr en þær hafa verið svo úr garði gerðar, að þær skili landinu sem mestum erlendum gjaldeyri, ef út eru fluttar, en spari sem mestan útlendan gjaldeyri, ef þær eru seldar innanlands; að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð framleiðslunnar m. a. með því: að fylgjast með öllum nýjungum, sem fram koma meðal annarra þjóða í iðnaðarmálum, og láta þær iðnrekendum í té, að leiðbeina iðnrekendum um endurbætur á vélum, húsakynnum og vinnutilhögun í iðjuverum, að leiðbeina iðnrekendum um meðferð hráefna og á hvern hátt gera megi þau sem verðmætust, t. d. með blöndun annarra efna, að halda uppi sífelldum tilraunum til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðarins; að stuðla að því, að ekki sé fluttur inn fullunninn varningur, ef unnt er og hagkvæmt að vinna hann hér á landi, heldur sé hann fluttur inn á því stigi, sem hann er ódýrastur, en þó hæfur til að vinnast að fullu í íslenzkum iðjuverum; að fylgjast með framleiðslu, eftirspurn og sölu á íslenzkum iðnaðarvörum á hverjum tíma, svo og með innflutningi á sams konar vörum, gæðum þeirra og verði; að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir íslenzkar iðnaðarvörur utanlands og innan; að gera tillögur til ríkisstj. um ný iðjuver, sem hagkvæmt þykir, að reist verði á kostnað ríkissjóðs eða styrkja beri af opinberu fé, svo og um endurbætur eða stækkun á eldri iðjuverum; að gera tillögur um sölu á iðjuverum ríkisins, ef hagkvæmara þykir, að þau verði starfrækt af öðrum aðilum; að athuga ársreikninga og fjárhagsáætlanir iðjuvera ríkisins og gera tillögur til úrbóta, ef sýnt er, að fyrirtækin eru starfrækt með tapi.

Eins og sést á þessari grein, var gert ráð fyrir því, að Iðnaðarmálastofnunin hefði miklu víðtækara verkefni en gert er ráð fyrir í því frv., sem fyrir liggur hér.

Frv. náði þá ekki fram að ganga, en var afgr. með rökst. dagskrá þess efnis, að ríkisstj. skyldi láta fram fara athugun á málinu fyrir næsta þing og undirbúa löggjöf um það að lokinni þeirri athugun. Úr þessari framkvæmd varð þó ekki. Var því flutningur frv. tekinn upp að nýju á árunum 1949—1950. Í þeim umr. öllum, sem fram fóru um þetta mál í báðum deildum þingsins, eru alþm. raunverulega ætíð sammála um nauðsyn þess, að stofnun yrði komið upp á líkan hátt og gert er ráð fyrir í frv. Er það og mjög athyglisvert, að eftir allar þær umr., sem um málið hafa verið þing eftir þing, eru menn ávallt sammála um, að þau verkefni skuli óbreytt vera, sem stofnuninni beri að vinna að og í höfuðatriðum eru þau sömu og lagt var til upphaflega, þegar málið var flutt. Það sést m. a. á þskj. 790, sem gefið var út á Alþingi 1950, en þar eru tekin upp svo að segja í höfuðatriðum öll þau verkefni, sem gert var ráð fyrir upphaflega í frv. Málið var þá afgr. með rökst. dagskrá, eftir að meiri hl. hafði lagt til, að frv. yrði samþykkt með þeim breyt., sem fram eru settar á þskj. 790 og ég hef minnzt á. Minni hl. n. bar þó fram á þskj. 802 rökst. dagskrá, þar sem lagt er til, að fé sé tekið upp í fjárlög árið 1952 til þessarar starfrækslu og lög eigi sett um iðnaðarmálastjóra fyrst um sinn, þar sem engin

lög séu um búnaðarmálastjóra eða fiskimálastjóra, sem veita forstöðu hliðstæðum stofnunum fyrir landbúnað og sjávarútveg. Var sú dagskrá samþykkt, fé síðan veitt til starfsemi samkv. dagskránni og Iðnaðarmálastofnuninni þannig komið á fót.

Mér þótti rétt að gefa þetta stutta yfirlit yfir meðferð þessa máls, sem verið hefur til umræðu hér á Alþingi svo að segja árlega síðustu 13 ár, fengið mikinn undirbúning í nefndum og verið rætt frá ýmsum hliðum og af ýmsum aðilum, og einkum þó vegna þess, að stofnunin hefur enn ekki sinnt þeim verkefnum, sem jafnan hefur verið frá upphafi ætlazt til, að væru eitt af aðalverkefnum hennar, verkefnunum samkv. 5. gr. frv. á þskj. 42 frá 1947, þótt jafnan hafi verið samkomulag um það á Alþingi, að stofnunin skyldi einmitt vinna að þessum málum sérstaklega, ef henni yrði komið á fót og til hennar yrði lagt nægilegt fé.

Það má að vísu segja, að það sé ekki höfuðatriðið, eins og hæstv. ráðh. gat um í framsöguræðu sinni, að upp sé talið í lögunum allt, sem stofnunin skuli vinna að, einkum þegar ákveðið er í 4. gr. frv., að markmið stofnunarinnar sé að efla framfarir í iðnaði hér á landi og stuðla að aukinni framleiðslu í íslenzku atvinnulífi með þeim hætti, sem nánar verði ákveðið í reglugerð, sem ráðh. setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Við þetta orðalag er það þó að athuga, að hér er til þess ætlazt, að stofnunin sjálf ákveði að mestu þessi verkefni með þeim takmörkunum, sem ráðh. kann að setja á hverjum tíma.

Ég ætla mér ekki á þessu stigi málsins að bera fram brtt. við frv. En ég vænti þess, að með tilliti til þeirrar baráttu, sem ég hef háð árum saman hér á Alþ. fyrir framgangi þessa máls, og fyrir þá þekkingu, sem ég óhjákvæmilega hlaut að öðlast í gegnum þau störf, þá sýni formaður hv. iðnn., sem ég geri ráð fyrir að þetta mál fari til, mér þá tillitssemi að lofa mér að ræða málið við n., ef vera mætti, að hún gæti fallizt á orðalagsbreytingu á frv., sem tryggði, að stofnuninni yrði falið að vinna að þeim verkefnum, sem frá upphafi var ætlazt til, að hún ynni að, eftir því sem ástæður leyfa og eru fyrir hendi á hverjum tíma. Eins vil ég einnig vænta þess, að hæstv. ráðh. hafi ekkert við það að athuga, þó að gerðar verði till. til breyt. eða samþ. verði breytingar í þá átt, sem að framan greinir. Þá væri og mjög æskilegt, þegar nál. verður gefið út, að því verði látin fylgja skýrsla frá stjórn stofnunarinnar um árangurinn af störfum hennar, hvaða verkefni hún hefur haft með höndum undanfarin ár, og hvaða verkefnum hún hyggst vinna að, svo og hve miklu fé stofnunin hefur haft yfir að ráða árlega.

Ég mun láta þessi orð nægja á þessu stigi málsins, en vænti, að mér gefist kostur á að hafa samvinnu við hv. n. um afgreiðslu málsins, áður en það kemur til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 400).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Enda þótt Iðnaðarmálastofnun Íslands hafi nú verið við lýði í nokkur ár, er engin löggjöf til um skipun stofnunarinnar og starfssvið. Iðnmrh. hefur þó tvívegis, árin 1955 og 1957, gefið út reglur fyrir stofnunina til þess að haga störfum sínum eftir, þar til sett yrðu um hana sérstök lög. Til þessa hefur þeim reglum verið fylgt.

Í fyrrasumar fór hæstv. iðnmrh. þess á leit við stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar, að samið yrði á hennar vegum frv. til laga fyrir stofnunina. Ætti þá sérstaklega að taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að veita bæði Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandinu aðild að stjórn hennar, en samkvæmt gildandi reglum hefur hvorugt þessara heildarsamtaka átt fulltrúa í stjórninni.

Frv. það, sem nú er til umr. og iðnn. hefur haft til athugunar, er samið í iðnmrn. á grundvelli tillagna stjórnar Iðnaðarmálastofnunarinnar, með nokkrum breytingum, eins og fram er tekið í grg. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er grundvöllurinn lagður að framtíðarskipun Iðnaðarmálastofnunarinnar.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um stjórn hennar. Þar er sú breyting á gerð frá gildandi starfsreglum, sem settar voru af ráðh. 29. maí 1957, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skuli hvort um sig tilnefna einn mann í stjórn stofnunarinnar. Verður stjórnin þannig skipuð sjö mönnum samkv. tilnefningu ákveðinna félagasamtaka, auk formanns, sem skipaður er af þeim ráðh., sem fer með iðnaðarmál. Má telja þá breytingu eðlilega, þar sem innan þessara stóru samtaka eru ýmsir, sem eiga ekki heima hjá þeim aðilum, sem tilnefnt hafa og tilnefna fulltrúa í stjórnina, en hafa verulegra hagsmuna að gæta varðandi starfsemi Iðnaðarmálastofnunarinnar og koma til með að þurfa að leita til hennar með ýmis áhugamál sín.

4. og 5. gr. frv. fjalla um starfssvið og verkefni Iðnaðarmálastofnunarinnar, og leyfi ég mér í því sambandi að vísa til grg., sem frv. fylgir. Í 4. og 8. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Frv. var til umræðu hér á hv. Alþingi í fyrra. Var það afgreitt frá Nd. og iðnn. Ed. mælti með því óbreyttu. Frv. var þá sent nokkrum aðilum til umsagnar. Í álitsgerðunum kom fram nokkur ágreiningur um 2. grein frv., þ. e. a. s. aðildina að stjórn stofnunarinnar, en að öðru leyti má segja, að allir hafi efnislega mælt með samþykkt frv. Í áliti Félags íslenzkra iðnrekenda kom það m. a. fram, að það taldi, að iðnaðurinn sem slíkur ætti að hafa meiri áhrif varðandi stjórn stofnunarinnar. Þá bárust n. tilmæli um það frá Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna og Kaupmannasambandinu, að þessi samtök fengju fulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Um það geta vart verið skiptar skoðanir, að rétt sé að setja löggjöf um Iðnaðarmálastofnunina. Hún hefur fjöldamörgum verkefnum að gegna, og mun engum blandast hugur um, að

starfssvið hennar eigi eftir að færast út á komandi árum. Síðan stofnunin tók til starfa, hefur hún fengið framlög á fjárlögum til þess að standa undir starfsemi sinni. Árið 1953 voru í þessu skyni veittar 450 þús. kr., og í ár eru á fjárlögum til hennar 1 millj. og 85 þús. kr.

Iðnn. mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umræðu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál., mæli ég með þessu frv. í trausti þess, að frv. það, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur samið um rannsóknarstofnun atvinnuveganna, verði lagt fyrir Alþ. og þingið geti því athugað bæði frumvörpin samhliða, þ. e. a. s. það frv., sem hér liggur fyrir, og frv., sem atvinnumálanefndin hefur samið um rannsóknarstofnun ríkisins. Þessi afstaða mín er byggð á því, að í bréfi, sem iðnn. barst frá atvinnumálanefnd ríkisins, bendir n. á, að það sé æskilegt, að þingið fjalli um þessi bæði frumvörp samtímis, vegna þess að þau fjalli um svipað efni, a. m. k. að vissu marki.

Ég vildi í framhaldi af þessu spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvort þetta frv., sem atvinnumálanefndin hefur samið um rannsóknarstofnun atvinnuveganna, verði ekki lagt fram nú á þessu þingi, svo að þm. geti fjallað um þessi bæði mál nokkurn veginn samhliða. Ég teldi, að það væri ávinningur að því, að frv. um rannsóknarstofnun atvinnuveganna yrði lagt fram á þessu þingi, jafnvel þó að það yrði ekki samþykkt nú, vegna þess að hér er um mjög margþætt og mikilvægt málefni að ræða, og getur þess vegna verið, að það sé ekkert óeðlilegt, að um það sé fjallað á tveimur þingum og þm. geti á þann hátt fengið sem bezta aðstöðu til að kynnast efni þess. Ég spyrst með öðrum orðum fyrir um það, hvort þess megi ekki vænta, að hæstv. ríkisstj. leggi þetta frv. fram á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. það um nýskipan rannsóknarmálanna, sem hv. þm. gat um í ræðu sinni, hefur verið til athugunar í ríkisstj., vandlegrar athugunar, en ákvörðun hefur ekki enn verið um það tekin, hvort frv. verður flutt á þessu þingi eða flutningur þess eða annars frv. um sama efni verði látinn bíða til næsta þings. Ég tel því ekki neina ástæðu til þess, að afgreiðsla þessa máls bíði eftir því, að Alþingi fái hitt frv. til meðferðar, því að augljóst er, að þó að það eða annað frv. um sama efni yrði lagt fram á þessu þingi, þá er um svo veigamikið mál að ræða og Alþ. enn svo ókunnugt, að vonlaust mætti telja, að það næði afgreiðslu á þessu þingi. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess, að afgreiðsla þessara tveggja mála verði tengd saman.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í framhaldi af því, sem hæstv. ráðh. sagði, og því, sem ég hef hér áður sagt, endurtaka það, að ég teldi, að það væri gagnlegt og gæti komið að verulegum notum, að frv. um rannsóknarstofnun ríkisins, sem atvinnumálanefndin hefur samið, yrði lagt fram nú á þessu þingi, jafnvel þó að það yrði ekki afgreitt, vegna þess að ég tel þetta mál vera það mikilvægt og margþætt, að það væru ekki óeðlileg vinnubrögð, að það væri til meðferðar á tveimur þingum, þannig að t. d. þm. gætu haft aðstöðu til þess að athuga þetta mál nánar á milli þinga. Þess vegna vil ég vænta þess, að ríkisstj. sjái sér fært að leggja þetta frv. fram nú á þessu þingi, jafnvel þó að hún ætlist ekki til þess, að það verði afgreitt að þessu sinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur nú starfað nokkur ár, og er tímabært að setja um hana fastari og ákveðnari reglur en hingað til hafa gilt. Það er gert með því frv., sem hér liggur fyrir, og þá í meginatriðum gert ráð fyrir, að fyrirkomulag stofnunarinnar og starf verði svipað og það hefur verið. Sú aðalbreyt. er á gerð, að ætlazt er til, að Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands fái fulltrúa í stofnuninni. Vona ég, að það geti ekki verið ágreiningur um, að eðlilegt sé, að tvær stofnanir, sem eru fulltrúar svo þýðingarmikilla aðila, er þetta mál varða, eigi með eðlilegu móti kröfu til þess að taka þátt í stjórn stofnunarinnar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, sem er búið að fá afgreiðslu í Ed. Legg ég til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 70., 71., 72., 76., 78. og 82. fundi í Ed., 10., 14., 15., 20., 21. og 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8. n. 452).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Sveitarstjórnarkosningar (stjfrv.).

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar [22. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 138).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að benda á það í sambandi við þetta mál, að þar er gert ráð fyrir breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar, þ. e. a. s. lögum nr. 81 frá 1936. Þessi ákvæði, sem lagt er þarna til að breyta, eru nú tekin upp í sveitarstjórnarlagafrv., sem þessi hv. d. hefur þegar afgr. frá sér og er, að því er ég bezt veit, á síðasta stigi málsmeðferðar í Nd., þannig að mér virðist nokkuð seint að fara að breyta þessum lögum hér, þegar þau eru í þann veginn að falla niður með öðrum lögum.

Hitt er svo einnig annað mál, að þessi breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, gengur í þveröfuga átt við það, sem þessi hv. d. samþ. í sambandi við afgreiðslu sveitarstjórnarlagafrv., en það var samþ. hér í þessari hv. d. inn í frv., að eftir sem áður skyldi það vera skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi í málefnum sveitarfélaga, að menn skyldu hafa óflekkað mannorð. Að sjálfsögðu getur þessi hv. d. horfið frá sinni afstöðu í því efni. En ég taldi hins vegar rétt að benda á þetta, svo að það færi örugglega ekki fram hjá neinum, hvað hér væri að gerast, því að ég dreg í efa, að það yrði talið bera vott um vandleg vinnubrögð hjá þessari hv. d., ef hún léti þetta þannig frá sér fara, án þess að því fylgdi nokkur aths.

Um efnishlið þessa máls skal ég ekki fjölyrða. Það geta verið skiptar skoðanir um það, hvort það er heppilegt að hafa þetta skilyrði eða ekki. Um það má lengi deila. Ég heyrði þau rök, sem hv. frsm. benti á, sem voru efnislega á þá lund, að mér fannst, að það væri ekki svo hættulegt, þó að dómfelldir menn væru kjörgengir, því að kjósendum væri það þá fjandans mátulegt, ef þeir kysu slíka menn. Það má vel vera, að það sé ekki neitt hættulegt, þó að þeir standi á kjörskrá og væru kjörgengir, — ég skal ekkert segja um það, — en ég fyrir mitt leyti tel það ekki viðkunnanlegt. En aðalatriðið var þetta, að ég vildi benda á þessa formshlið málsins, sem mér finnst vera ábótavant og þyrfti að takast til athugunar fyrir 3. umr., hvort þetta frv. á að vera með. Mér skilst, að í öllu falli eigi þetta frv. niður að falla. En ef menn eru efnislega á þeirri línu, sem það er byggt á, þá á að breyta aftur ákvæðinu í frv. um sveitarstjórnarlög.

Það má segja, að ég hefði átt að benda á þetta í þeirri n., sem um þetta mál fjallaði, vegna þess að ég á þar sæti. En eins og nál. ber með sér, var ég ekki á þeim fundi, þar sem mál þetta og öll þessi mál, sem hér liggja fyrir, voru afgreidd. Mér þykir það miður. Ég veit ekki til þess, að mig hafi vantað yfirleitt á fundi allshn. hingað til, og ég man ekki til þess og kannast ekki við það að hafa fengið fundarboð um þennan fund, en þó vil ég ekki vefengja það, ef einhver, sem boðað hefur hann, segir það. En það er ástæðan fyrir því, að ég kom ekki fram með þessa aths. við þetta mál þar. Um leið vil ég láta þá aths. fylgja frá mér með öllum þessum frv., sem hér eru afgr., að þau hefðu þurft rækilegri athugunar við og ég tel ekki viðeigandi vinnubrögð hjá hv. Alþingi að afgr. svona mörg frv. með þeim hætti, sem hér er gert, með einu stuttu nál., sem segir ekki neitt og á að fjalla um þessi frv. öll. Hér er óneitanlega í mörgum tilfellum um talsvert þýðingarmikil mál að ræða, sem þurft hefði að minu viti að athuga sérstaklega hvert út af fyrir sig, því þó að ég sé út af fyrir sig meðmæltur breyt. á hegningarlögunum, þá er síður en svo, að af henni þurfi nauðsynlega að leiða alla þessa fylgifiska.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) fyrir þá ábendingu um formshlið þessa máls, sem sjálfsagt er að taka til athugunar fyrir 3. umr., þó að þetta komi að vísu seint, þar sem þessi hv. þm. átti sæti í n., sem fjallaði um málið. Um boðun þessa fundar, þegar þessi hv. þm. var fjarverandi, þá fól ég skrifstofu þingsins að boða þann fund, — ég gerði það ekki sjálfur, — og það mættu allir nm. nema þessi hv. þm., og þeir höfðu allir fengið boð. En hvort boðin hafa misfarizt til hv. þm., það get ég auðvitað ekki sagt um né borið neina ábyrgð á. Þá er líka, að það er alllangt síðan þessu nál. var útbýtt, svo að hv. þm. hefði átt að geta fylgzt með afgreiðslu málsins.

En um efnishlið þessa sérstaka frv., sem hér er til umr., um breyt. á l. um sveitarstjórnir, vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum. Og þá vil ég fyrst og fremst leyfa mér að vitna til

grg. hegningarlaganefndarinnar, sem fylgdi frv. um breyt. á almennum hegningarlögum, sem lagt var fram á þingi haustið 1957—58, og ég vil þar einmitt leyfa mér að lesa nokkurn kafla óbreyttan, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess er fyrr getið, að óflekkað mannorð sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis var numið úr lögum í Svíþjóð á árinu 1936. Er ekki sýnilegt, að það hafi sætt sérstakri gagnrýni né gefizt illa. Í álitsgerð og till. dönsku og norsku hegningarlaganefndanna frá 1950 var og lagt til, að hliðstæð ákvæði væru afnumin í Danmörku og Noregi, og hefur það nú verið gert. Í Danmörku þurfti til þess stjórnarskrárbreytingu, að því er varðar kosningu til ríkisþingsins, og átti sú breyt. sér stað 1953. Hegningarlaganefndin leggur til, að ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna verði breytt svo, að óflekkað mannorð sé fellt niður sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis, sbr. frv. á þskj. 229. Að því er kjörgengi varðar sérstaklega, þá virðist ekki vera varhugavert að láta kjósendum það eftir að virða fyrir sitt leyti, hvort þeir treysti dómfelldum manni fyrir umboði sínu eða ekki. N. leggur einnig til, að það skilyrði sé afnumið úr lögum um prestskosningar, að kjósandi þurfi að hafa óflekkað mannorð, sbr. frv. á þskj. 219. Er það leitt af rökum þeim, sem greind eru hér að framan. Um skilyrði kosningarréttar og kjörgengis til alþingiskosninga og annarra stjórnarskrárbundinna kosninga hagar svo til sem fyrr greinir, að þeim ákvæðum verður ekki þokað nema með stjórnarskrárbreyt. N. er þeirrar skoðunar, að frá sakfræðilegu sjónarmiði sé óæskilegt að beita sviptingum almennra þjóðfélagsréttinda sem viðurlögum við brotum, og með vísan til þeirra raka, sem reifuð eru hér að framan, telur n. rétt að nema úr lögum óflekkað mannorð sem skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við alþingiskosningar og aðrar þær kosningar, sem rætt er um í stjórnarskrá. Beinir n. þessu til þeirra, sem sýsla um endurskoðun á stjórnarskránni.“ Þetta var kafli úr grg. hegningarlaganefndarinnar, sem ég las.

Ég vil endurtaka, að það er sjálfsagt að athuga ábendingar hv. 3. þm. Norðurl. v., áður en þetta mál fer til 3. umr. En þó get ég að vísu ekki fallizt á, að það sé þá um frekari mistök að ræða hjá þessari n., sem fjallað hefur um málið, heldur en hjá þeim n., sem fjalla um hitt frv., þar sem þessa atriðis hefur ekki verið gætt, að þarna eru tvö frv. á ferðinni fyrir Alþingi, sem e. t. v., — ég skal ekki fullyrða það að óathuguðu máli, — sem e. t. v. geta ekki farið saman.

Umr. frestað, en málið var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Úthlutun listamannalauna.

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um úthlutun listamannalauna [43. mál] (stjfrv., A. 43).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan Alþingi tók að veita fé á fjárlögum til listamannalauna, hafa jafnan orðið deilur og stundum miklar um skiptingu þessa fjár. Hefur ýmiss konar skipulag verið haft á ákvörðunum um, hverjir hljóti listamannalaun. Ýmist hefur Alþingi sjálft skipt fénu eða falið það öðrum aðilum. Alþingi hefur hins vegar aldrei sett fastar meginreglur um það, hvernig fé þessu skuli úthlutað. Ef Alþingi setti slíkar almennar reglur, ætti það að geta dregið úr deilum um úthlutunina, a. m. k. óþörfum deilum, þó að við hinu megi að sjálfsögðu ávallt búast, að sitt sýnist hverjum um ráðstafanir um ákvörðun listamannalauna, og er í sjálfu sér ekkert við því að segja. En úr ástæðulausum deilum mætti eflaust eitthvað draga með því, að Alþingi setti fastar almennar reglur um úthlutunina.

Þetta virðist hafa verið skoðun ýmissa þingmanna undanfarinn áratug, því að nokkur þingmannafrv. hafa verið flutt um þetta efni á síðari árum. Á þingunum 1948—51 flutti ég frv. um þetta efni. Á árunum 1949 og 1950 flutti Magnús Kjartansson einnig frumvörp um úthlutun listamannalauna, og á árinu 1951 fluttu þeir Jónas Árnason og Ásmundur Sigurðsson þetta sama frv. Á þinginu 1955—56 flutti Gunnar Thoroddsen enn fremur frv. um listamannalaun. Ekkert þessara frv. hlaut hins vegar afgreiðslu.

Skömmu eftir að ég tók við forstöðu menntmrn., eða í okt. 1956, skipaði ég nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna verði felld í fastara form og betur að skapi þeirra, sem launanna njóta, en verið hefði. Í nefnd þessa skipaði ég sjö listamenn, og var þar um að ræða fulltrúa frá öllum helztu listgreinum, svo og prófessorinn í nútímabókmenntum við háskólann, en formaður nefndarinnar var formaður menntamálaráðs Íslands.

Síðast í janúar 1957 skilaði nefndin áliti til menntmrn., og hafði hún orðið sammála um tillögur sínar. Ráðuneytið athugaði till. nefndarinnar rækilega og ræddi þær við ýmsa aðila. Gerði ráðuneytið nokkrar breytingar á þeim og samdi frv. það, sem hér er nú flutt öðru sinni.

Þetta frv. sendi ráðuneytið Bandalagi ísl. listamanna til umsagnar í september 1958. Stjórn bandalagsins svaraði í október 1958 og lýsti sig í öllum höfuðatriðum samþykka frv., og er bréf þess þar að lútandi prentað með frv. sem fskj. Jafnvíðtæk samstaða um nýskipun á þessum málum mun ekki áður hafa náðst. Gerði ég mér því nokkrar vonir um, að málið mundi geta náð fram að ganga á Alþ., og fór þess á leit við hv. menntmn. Nd., að hún flytti frv. á þinginu 1959—60. Nokkur ágreiningur varð hins vegar um málið í nefndinni og hlaut það ekki afgreiðslu. Er málið nú flutt öðru sinni.

Ég er sannfærður um, að það væri til mikilla bóta, að Alþingi setti einhverjar fastar reglur um úthlutun listamannalauna, og óska þess því eindregið, að Alþingi afgreiði nú málið. Hins vegar get ég mjög vel skilið, að mönnum geti sýnzt nokkuð sitt hverjum um það, hverjar þessar reglur skuli vera, t. d. hverjir skuli úthluta listamannalaunum, hversu margir flokkar launanna skuli vera og hver launaupphæðin í hverjum

flokki. Það er og engan veginn óeðlilegt, að mönnum sýnist sitt hverjum um það, hvort ástæða sé til þess, að þeir, sem föstu heiðurslaunin hljóta, skuli skipa listráð, og þó að menn séu á þeirri skoðun, þá geti menn greint á um, hvernig til þess skuli valið.

Ég vil taka skýrt fram, að ég er fyrir mitt leyti engan veginn þeirrar skoðunar, að þau ákvæði í þessum efnum, sem felast í þessu frv., séu hin einu réttu. Ég er fyrir mitt leyti fús til að fallast á ýmsar breytingar á ákvæðum þessa frv. Ég get jafnvel gengið svo langt að segja, að í mínum augum er aðalatriðið, að settar séu einhverjar fastar reglur um úthlutun listamannalaunanna, og þær fái síðan að haldast óbreyttar um nokkurt skeið, en ekki hitt, hverjar þessar reglur séu.

Ég vil þess vegna mjög mælast til þess, að þetta frv. verði afgreitt í einhverju formi á þessu þingi, því að ég er sannfærður um, að lagasetning um úthlutun listamannalauna mundi skapa aukna festu í þessum efnum og draga úr hinum hvimleiðu deilum, sem hér hafa orðið undanfarið um þessi mál.

Ég skal nú víkja nokkuð að efni frv. og þeirri skipulagsbreytingu, sem það gerir ráð fyrir á úthlutun listamannalauna frá því, sem nú er. Gert er ráð fyrir því, að 10 listamenn skuli hljóta föst heiðurslaun árlega, 35 þús. kr. á ári. Aðeins tveir listamenn njóta nú 33220 kr. launa samkv. fjárlagaákvæði, þeir Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness, en fimm aðrir sömu launa samkv. ákvæðum úthlutunarnefndar Alþingis. Þótt hefur eðlilegt, að þeir listamenn, sem slíkra fastra heiðurslauna njóta, inni af hendi nokkra þjónustu við ríkisvaldið. Er því í frv. gert ráð fyrir, að þeir skipi listráð og séu ríkisvaldinu til ráðuneytis um listmál.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um, hverjir hljóta skuli þessi föstu heiðurslaun og þar með sæti í listráðinu. Á val þeirra að vera í höndum 12 manna, sem tilnefndir séu af menntmrh., háskólaráði, menntamálaráði og stjórn Bandalags ísl. listamanna, þrír menn frá hverjum aðila.

Að öðru leyti en snertir hin föstu heiðurslaun listráðsmanna, skal listamannalaunum úthlutað í þrem flokkum, og er launaupphæð hvers flokks ákveðin í 1. gr. frv., 20 þús. kr., 12 þús. kr. og 6 þús. kr. Enn fremur er kveðið svo á, að ekki færri en 25 listamenn skuli njóta 20 þús. kr. launa. Úthlutun þessara árlegu listamannalauna skal gerð af fimm manna nefnd, er skipuð sé til þriggja ára hverju sinni. Menntmrh. á að skipa formann n. án tilnefningar, en hina fjóra nefndarmennina samkv. tilnefningu heimspekideildar Háskóla Íslands, menntamálaráðs, listráðs og fulltrúaráðs Bandalags ísl. listamanna. Þetta eru aðalatriði frv.

Til samanburðar má geta þess, að við síðustu úthlutun listamannalauna voru flokkar launanna fjórir, 33220 kr., sem fimm menn hlutu auk þeirra tveggja, sem Alþ. ákveður sjálft laun til, 20 þús. kr., þá upphæð hlutu 17 menn, 10 þús. kr., þá upphæð hlutu 56 menn, og 5 þús. kr., þá upphæð hlutu 32 menn. 110 mönnum var á þessu ári úthlutað listamannalaunum, að frátöldum þeim tveim, sem sérstök ákvæði eru um í fjárlögum. Helzti gallinn, sem menn hafa yfirleitt verið sammála um, að verið hafi á úthlutun listamannalauna undanfarin ár, er sá, að sú fjárhæð, sem Alþingi hefur veitt í þessu skyni, hafi skipzt í of marga staði og upphæð launanna því yfirleitt verið of lág til hvers einstaks. En nú eru veittar í fjárlögum 1 millj. 260 þús. kr. til listamannalauna. Í þessu frv. er að vísu gert ráð fyrir því, að 350 þús. kr. verði varið til hinna föstu heiðurslauna og ekki minna en 500 þús. kr. til launa í hæsta flokknum, sem árlega yrði úthlutað í, svo að 850 þús. kr. yrði varið árlega til ekki færri en 35 listamanna. Allt að 410 þús. kr. yrðu því til úthlutunar í 12 þús. kr. og 6 þús. kr. flokkunum, miðað við óbreytta fjárlagaupphæð. E. t. v. mundi af samþykkt þessa frv. leiða, að njótendum listamannalauna fækkaði eitthvað, þótt talan sé hins vegar ekki bundin við neitt hámark, svo að það verður í raun og veru alveg á valdi úthlutunarnefndar, svo sem verið hefur, hvort eða um hversu mikla fækkun launþega yrði að ræða.

Þá skal ég fara fáeinum orðum um það, að hvaða leyti þetta frv. er frábrugðið upphaflegum tillögum nefndar þeirrar, sem ég gat um í upphafi máls míns:

1) Nefndin taldi nauðsynlegt að fækka verulega þeim, sem njóta listamannalauna. Hún gerði ráð fyrir því, að flokkarnir yrðu þrír og launin ákveðin í hverjum flokki. Tillögur n. hefðu þýtt það, að launþegum hefði fækkað úr rúmlega 100 í um það bil 60. Mér þótti hér vera um of mikla fækkun að ræða. Eru því ákvæðin þannig, að það er á valdi úthlutunarnefndar samkv. frv., hvort eða um hversu mikla fækkun launþega yrði að ræða. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að réttara sé að hækka launin til hvers einstaks, en fækka þeim, sem þeirra njóta.

2) N. hafði ætlað 12 mönnum sæti í listráði, en í frv. er sú tala lækkuð í 10.

3) Í frv. n. var menntmrh. ætlað að eiga sæti í kjörstjórn kjörráðs og listráðs. Hér er gert ráð fyrir því, að ráðuneytisstjóra menntmrn. sé ætlað slíkt sæti.

4) N. gerði ráð fyrir því, að listamannalaun skyldu vera skattfrjáls. Það er hins vegar ekki eðlilegt að breyta ákvæðum skattalaga í frv. um úthlutun listamannalauna. Í fyrra skiptið, þegar þetta frv. var flutt, var hins vegar tekið í það ákvæði um, að listamannalaunin skuli breytast í hlutfalli við breytingar á kaupgjaldsvísitölu. Þar eð síðan hefur verið bannað með lögum, að kaupgjald breytist sjálfkrafa í samræmi við breytingar á kaupgjaldsvísitölu, hefur þetta ákvæði nú verið fellt niður.

Þá skal ég að síðustu fara fáeinum orðum um þau þingmannafrv., sem áður hafa verið flutt um þetta efni og ég gat um áðan. Sameiginlegt þeim öllum var að gera ráð fyrir fækkun launaflokka frá því, sem verið hafði hjá úthlutunarnefndunum. Í frv. mínu var gert ráð fyrir því, að launaflokkarnir yrðu fjórir, og í frv. þeirra Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar var gert ráð fyrir aðeins þrem launaflokkum. Í frv. Gunnars Thoroddsens var gert ráð fyrir 4 föstum launaflokkum, sem í væru samtals 36 menn, en auk þeirra launa, sem þeir hljóti, sé kveðið á um árlega úthlutunarupphæð. Í frv. Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnason-

ar og Ásmundar Sigurðssonar voru engin ákvæði um upphæð listamannalaunanna, en hins vegar hlutföll milli launaflokka, og voru þau tölurnar 5, 3 og 1. En í frumvörpum okkar Gunnars Thoroddsens voru nefndar ákveðnar upphæðir í hverjum flokki, 20 þús. kr., 15 þús. kr., 12 þús. kr. og 8 þús. kr. í frv. Gunnars Thoroddsens, en 18 þús. kr., 9 þús. kr., 6 þús. kr. og 3 þús. kr. í frv. mínu. Í þessu sambandi er þess að geta, að frv. Gunnars Thoroddsens var flutt 1955, en mitt upphaflega 1948. Í frv. mínu var ákvæði um það, að launin í fyrsta flokki skuli alltaf veitt 12 mönnum og skuli þau vera heiðurslaun. Þeir, sem hlotið hafi þau í fimm ár, skuli njóta þeirra ævilangt og skipa listráð, sem sé menntamálaráðuneyti og menntamálaráði til ráðuneytis um mál, er varða listir. Í frv. þeirra Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar var kveðið svo á, að listamaður, sem hefði komizt fimm sinnum í annan hvorn hærri flokkanna, verði ekki lækkaður í flokki úr því. Samkv. frv. Gunnars Thoroddsens skyldi tekið tillit til tekna og efnahags listamanna, þegar þeim væru ákvörðuð laun, en slík ákvæði voru ekki í hinum frumvörpunum. Skv. frv. mínu skyldi sameinað Alþingi ákveða, hverjir listamenn hljóti heiðurslaun, en menntamálaráð annast árlega úthlutun listamannalauna að öðru leyti. Þó skyldi það leita umsagnar listráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands um tillögur sínar, áður en þær verði endanlega samþykktar. Í frv. Magnúsar Kjartanssonar, Jónasar Árnasonar og Ásmundar Sigurðssonar var úthlutun listamannalauna falin nefnd, sem skipuð væri fulltrúum frá menntamálaráði, formanni Bandalags ísl. listamanna og einum manni úr háskólaráði. Samkv. frv. Gunnars Thoroddsens skyldu þeir sex menn, sem njóta hæstra launa, kosnir af sameinuðu Alþingi, en hina skyldi menntmrh. ákveða eftir tilnefningu menntamálaráðs og heimspekideildar Háskóla Íslands, eða fimm manna, sem hún kýs. Listamannafé, sem veitt er árlega, skyldi samkv. frv. Gunnars Thoroddsens úthlutað af þingkjörinni nefnd eftir nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum tillögum menntamálaráðs og fimm manna nefndar kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslenzkra listamanna.

Svo sem af þessu sést, hefur þingmönnum á undanförnum árum sýnzt nokkuð sitt hvað um, hvaða hátt skuli hafa á þessum málum, og má búast við, að þeim sýnist svo enn. Þó eru viss meginatriði sameiginleg öllum þeim þingmannafrumvörpum, sem flutt hafa verið rúman síðasta áratug, og þessu frv.

Ég vil að síðustu leggja áherzlu á, að hv. menntmn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, reyni að ná sem víðtækastri samstöðu með flokkum og þingmönnum um einhverja lagasetningu um þetta efni. Ég veit, að samtökum listamanna er það sérstakt áhugamál, að lög verði sett um þetta mál. Þótt samtökin hafi að vísu enn þá meiri áhuga á því, að sjálf upphæð listamannalaunanna sé hækkuð, en um hana fjallar þetta frv. ekki, þar eð hún er ákveðin í fjárlögum, þá munu listamannasamtökin gera sér ljóst, að aukin festa í þessum efnum horfir til bóta, svo sem meðmæli stjórnar Bandalags íslenzkra listamanna með þessu frv. frá því í október 1958 sýna.

Um leið og ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn., vildi ég mega mælast til þess við n., að hún leitist við að skapa sem víðtækasta samstöðu um lagasetningu um úthlutun listamannalauna, og ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn til allrar þeirrar samvinnu við n., sem orðið gæti til þess að stuðla að slíku.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Áburðarverksmiðja (stjfrv.).

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [44. mál] (stjfrv., A. 44).

Á 5. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en fékk þá ekki endanlega afgreiðslu. Ég hef talið eðlilegt, að hv. Alþingi fengi enn á ný tækifæri til þess að taka afstöðu til málsins. Það er kunnugt öllum hv. dm., hvernig þetta frv. er, og ekki ástæða til við þessa 1. umr. málsins að fara að endurtaka það, sem sagt var síðast, þegar málið var flutt. Ég læt nægja að svo komnu að vísa til þess, sem sagt var um málið á s. l. vetri. Ég held, að frv. hafi þá verið í hv. fjhn., og er eðlilegt, að því verði þá einnig nú vísað þangað.

Ég legg til, að frv. verið vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi orða minna hér, að ég er í höfuðatriðum samþykkur því frv., sem liggur hér fyrir á þskj. 44, sem er frv. til l. um breyt. á lögum um áburðarverksmiðjuna, en ég hef borið fram brtt. á þskj. 51, sem nú hefur verið útbýtt, og vildi segja um hana nokkur orð.

Brtt. mín er við 13. gr. frv., þannig að á eftir 13. gr. komi þrjár nýjar málsgr., er orðist svo:

„Hlutafjársöfnun er engum takmörkum háð, og skal jafnan gefa út ný hlutabréf á nafnverði án tillits til efnahags félagsins á hverjum tíma.

Nú er hlutafjáreign annarra hluthafa en ríkissjóðs meiri en helmingur alls hlutafjárins, og takmarkast þá atkvæðisréttur ríkissjóðs svo sem fyrir er mælt í lögum um hlutafélög, nema því aðeins, að lán þau, sem á félaginu hvíla og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, að viðbættu hlutafé ríkissjóðs, séu hærri en hlutafjáreign annarra hluthafa.

Þótt slíkar breytingar verði á hlutafjáreign,

gefur það ekki meiri hluta hluthafa rétt til þess að setja félaginu ný lög eða breyta þessum lögum, sem aðeins verður gert á Alþingi."

Ég tel, að það sé höfuðnauðsyn fyrir áburðarverksmiðjuna að safna svo miklu hlutafé sem mögulegt er, og ég tel, að í fyrirtæki eins og áburðarverksmiðjan er byggð upp eigi aldrei að loka hlutafjársöfnun, heldur leyfa aðilum að kaupa, hvenær sem er, á hvaða tíma sem er, hlutafé fyrir nafnverð. Það gæti vel komið til mála, að þá þyrfti að breyta því ákvæði í lögunum, að vextir skyldu greiddir 6%, en í staðinn setja venjulega útlánsvexti, en um það hef ég ekki gert brtt. á þessu stigi málsins.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef þetta ákvæði hefði verið gert að skilyrði við hlutafjársöfnun í Eimskipafélagi Íslands á sínum tíma, sem raunverulega var eign allrar þjóðarinnar og óskabarn hennar, eins og sagt var á þeim tíma, þá hefði ýmislegt farið miklu betur í sambandi við okkar samgöngur á sjó, bæði milli landa og umhverfis landið, og að það hafi verið stærstu mistökin í því máli að stöðva nokkru sinni hlutafjáraukninguna. En það var einmitt gert á þeim tíma, þegar félagið átti miklu meiri eignir en skuldir og menn fóru að spekúlera í því að gera uppkaup á hlutafénu og hugsuðu sér að græða þannig á hlutafjárkaupunum. Ég hygg, að ef við þá hefðum haft slíkt ákvæði eins og hér um ræðir, þá hefði aldrei komið til mála, að ríkissjóður hefði þurft að hafa slíka byrði af strandferðasiglingum eins og hann hefur haft öll árin, og ýmislegt fleira, sem hefði farið betur í okkar þjóðfélagi.

Það er sýnilegt, að meiri hluti Alþingis hefur óskað eftir því, að áburðarverksmiðjan væri stofnuð og rekin sem hlutafélag, þar sem bæði einstaklingum og félögum er gefinn kostur á að kaupa hlut í félaginu. Það er að vísu takmarkað við 10 millj. kr. En stofnkostnaðurinn, að því er mér skilst, mun vera 130 millj. og verksmiðjan mun auk þess nú þurfa allmikið fé til þess að koma upp nýjum vélum, sumpart til endurnýjunar á sínum gömlu vélum og sumpart til þess að búa til annan og fjölbreyttari áburð en hún gerir í dag, svo að það er engin vanþörf á því að auka hlutaféð, og þá held ég að það eigi að vera leyfilegt öllum þegnum þjóðfélagsins að leggja fram til þess fé.

Það er hins vegar enn í lögunum, að félagið má ekki selja framleiðsluna dýrar en svo, að hún sé með framleiðsluverði, og þess vegna er eðlilegt, að haldið sé því ákvæði, að ekki sé hægt að breyta félaginu í almennt hlutafélag, eins og venjulega er gert samkvæmt hlutafélagalögum, og þess vegna hef ég gert till. um, að þetta verði ekki gert, þótt ríkissjóður verði í minni hluta hvað hlutafé snertir.

Þá er einnig eðlilegt, að því sé haldið í lögunum, að ríkissjóður hafi sérstöðu um atkvæði, svo lengi sem hann annars vegar á meiri hluta í fyrirtækinu, eða — eins og ég hef gert tillögu um — hlutabréfaeign ríkissjóðs samfara þeim ábyrgðarupphæðum, sem ríkissjóður er fyrir á hverjum tíma, er meiri en hlutafé annarra hluthafa í félaginu.

Mér þótti rétt að láta þessa brtt. koma fram strax við 1. umr., svo að hv. fjhn., sem fær málið nú til meðferðar, gæti einnig tekið hana til athugunar, og þótti þá einnig rétt að segja þessi orð um það, áður en málið fer til n. og 2. umr.

Ég skal svo ekki tefja þetta mál lengur á þessu stigi málsins og vænti, að hv. n. sjái sér fært að taka þessa till. til greina við afgreiðslu málsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi okkar frá í fyrra og fékk þá slíkar móttökur í þinginu, að þótt stjórnarfrv. væri, var það ekki afgr., og enginn í fjhn. virtist vilja styðja að því, að þetta frv. yrði afgr.

Nú er þetta frv. flutt á ný, og það er ekki nema rétt, að nú þegar við 1. umr. þess verði nokkur umr. um þann framgangsmáta, sem þetta frv. ber vott um. Það var svo, að á meðan við höfðum þetta frv. til meðferðar í fjhn., þá bárust okkur reikningar áburðarverksmiðjunnar fyrir 1959. Það var greinilegt af þeim reikningum, að þar hafði ekki verið farið að lögum. Í reikningum áburðarverksmiðjunnar fyrir 1959 höfðu lög verið brotin. Sem stendur er nákvæmlega fyrir mælt, hvernig fyrningarafskriftir skuli fara fram, í lögunum um áburðarverksmiðjuna, nr. 40 frá 23. maí 1949, og þar er svo fyrir mælt, með leyfi hæstv. forseta, í 10 gr.: „Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir: a) Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. b) Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar."

Þegar reikningar áburðarverksmiðjunnar í fyrra fyrir árið 1959 eru athugaðir, þá kemur í ljós, að þar eru uppfærðar fyrningarafskriftir upp á 14 millj. og 981 þús. kr., eða tæpar 15 millj. kr. Samkvæmt ákvæðum laganna mundu framlögin til fyrningarsjóðs vera um 8 millj. kr. á árinu 1959. Fyrningarafskriftirnar á árinu 1959 eru því í reikningunum settar tvöfalt hærri en lög gera ráð fyrir.

Það er eftirtektarvert, að á þessu var vakin athygli hér á Alþingi í fyrra, en mér er ekki kunnugt um, að þessu hafi verið breytt, og ég vil spyrja þá menn, sem þykjast sérstaklega standa á verði fyrir lög í þessu landi, hvort einni stofnun, jafnvel þótt ríkisstofnun sé, geti haldizt það uppi í sínum reikningum að þverbrjóta lög, og alveg sérstaklega vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. landbrh., sem þessi stofnun heyrir undir og ég held þar að auki að eigi sæti í stjórn stofnunarinnar. Mig minnir, að í framsöguræðu, sem hann hélt fyrir þessu máli hér í fyrra, hafi hann sagt, að sér hafi verið bent á, að þetta mundu vera nokkuð litlar afskriftir, svo dýrmæt sem þessi verksmiðja væri orðin. Spurningin stóð ekki um það, hvort einhver ákvæði væru skynsamleg eða óskynsamleg. Spurningin var um það, hvort þau væru lög og hvort ein stjórn, sem stjórnar stofnun eins og áburðarverksmiðjunni, eigi að fara að lögum eða ekki, eða hvort hún eigi að geta farið að sínum eigin geðþótta. Það kann oft að vera, að einhverjum stjórnendum finnist eitthvað annað rétt og skynsamlegt en það, sem eru lög. En almennt er ekki álitið í

þjóðfélaginu, að þeir hafi leyfi til þess að fara eftir því, og þess vegna var þetta borið fram í fyrra af hæstv. ráðh., að hann vildi láta breyta lögunum, þótt búið væri áður að brjóta þau, og ætlaði þannig að láta löghelga lögbrotið eftir á. Það tókst ekki þá. Nú virðist eiga að reyna að gera þetta á árinu á eftir.

Hvernig stendur nú á þessu? Hvernig stendur á þessu lögbroti hjá stjórn áburðarverksmiðjunnar? Hvað er það, sem stjórn áburðarverksmiðjunnar vill reyna að dylja og kannske hæstv. ríkisstj. eða einhver hlutinn af henni hefur áhuga á að dylja í sambandi við þessi mál? Á reikningum áburðarverksmiðjunnar fyrir árið 1959, þar sem niðurstöðutölurnar eru rúmar 48 millj., kemur í ljós, að öll vinnulaun við þessa verksmiðju eru tæpar 5 millj. kr., 4.9 millj. kr. Það kemur enn fremur í ljós, að þeir vextir, sem stofnunin verður að greiða, eru líka tæpar 5 millj. kr., 4.7 millj., rétt 200 þús. minni en öll vinnan. Og þar að auki kemur í ljós, að með þessari vaxtagreiðslu og með því að færa til fyrningarsjóðanna afskriftir upp á 15 millj., þá er samt sem áður tæpra 4 millj. kr. hreinn gróði.

M. ö. o.: svo framarlega sem farið hefði verið að lögum við reikninga áburðarverksmiðjunnar í fyrra, þá hefðu fyrningarafskriftirnar verið 7 millj. kr. minni en fært er á reikningunum, gróði áburðarverksmiðjunnar því 11 millj. kr. Það virðist alveg sérstaklega eiga að reyna að dylja það, að þetta fyrirtæki græði á árinu 1959 11 millj. kr. fyrir utan að borga til vissrar fjármálastofnunar tæpar 5 millj. kr. í vexti. Þetta stendur e. t. v. eitthvað í sambandi við það, að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar voru búnir að breiða út þau ósannindi, m. a. í lögum og grg. hér frá Alþingi, að verkamenn í landinu hefðu of há laun, en auðmagnið í landinu, fjármagnið sem sagt, ekki nægilegt í sinn hlut. Fjármagnið í landinu fékk í sinn hlut frá áburðarverksmiðjunni 11 millj. kr. í hreinan gróða plús 5 millj. kr. í vexti af fénu, alls 16 millj. kr. Á sama tíma fá verkamennirnir, sem vinna vinnuna í þessari verksmiðju, 5 millj. kr. í laun, og í upphafi þessa reikningsárs, 1959, höfðu laun þeirra verið lækkuð með lagaboði um ½ millj. kr. á síðasta ári til þess að auka gróða verksmiðjunnar, af því að því var haldið fram af hálfu stjórnarvaldanna, að atvinnulífið í landinu stæði ekki undir hinu háa kaupgjaldi verkalýðsins.

Ofan á allar þær blekkingar og öll þau ósannindi, sem flutt hafa verið almennt í sambandi við alla efnahagsvitleysu ríkisstj., þá var því bætt ofan á í sambandi við áburðarverksmiðjureikningana að falsa reikninga og brjóta lög til þess að reyna að dylja, hvernig arðurinn, sem verkalýðurinn í landinu skapar, skiptist. Laun, sem verkamennirnir höfðu haft, upp á tæpar 5½ millj. kr. á ári, voru lækkuð um ½ millj., en reynt síðan að fela 7 millj. kr. af gróðanum, sem þessi áburðarverksmiðja hafði á sama tíma. Þetta var greinilega allt með ráðum gert. Það á að reyna að halda áfram að básúna það út hér, að atvinnulífið í landinu geti ekki borið sig og að verkalýðurinn í landinu megi ekki hækka kaupið, til þess að stórgróðamenn landsins og fjármagnið í landinu geti mokað til sín auði. Og þegar svo lög, eins og lögin um áburðarverksmiðju, fyrirmælin um fyrningarafskriftirnar, koma í bága við þetta, þá eru einfaldlega lögin brotin og það af þeim sömu háu herrum, sem alltaf þykjast standa á verði um, að lögin séu haldin, og sjálf ríkisstj. tekur þátt í þessu.

Við höfum hér eitt gott dæmi, eitt af þeim fáu dæmum, þar sem við höfum reikninga eins fyrirtækis, og ég hafði við umr. í fyrra lýst eftir að fá reikninga fleiri fyrirtækja hér lagða fram, til þess að það væri ekki hægt í sífellu að reyna að blekkja almenning í landinu um, að það væri kaupgjald verkalýðsins, sem væri að setja atvinnulífið á hausinn. Það er fégræðgin og svindlið hjá þeim stjórnendum, sem ráða yfir verksmiðjum eins og þessari, sem leikur atvinnulífið illa, svo illa meira að segja, að þeir kunna varla við að sýna sjálfir, hvílíkum ofsagróða þeir eru að safna til sín. Þess vegna álít ég, að þegar þetta mál er lagt fyrir Alþingi nú, þá hefði borið, ekki síst hæstv. landbrh. og stjórnanda verksmiðjunnar, að skýra nokkuð frá því, hver háttur hefði verið hafður á um reikninga síðasta árs, og biðja afsökunar á því, hvernig frá þeim reikningum var gengið.

Það liggur sem sé í augum uppi um þetta fyrirtæki, eitt helzt stóriðjufyrirtæki í landinu, að af 48 millj. kr. veltu eru vinnulaunin 5 millj. tæpar, en hlutur fjármagnsins í hreinan gróða 11 millj. og í vexti til banka 5 millj., eða hlutur fjármagnsins samanlagt 16 millj. Og vegna þess að vissir menn í blekkingaskyni dirfast að halda því fram, að laun verkalýðsins í landinu séu of há, þá eru þau lækkuð með lögum um hálfa millj. á árinu 1959.

Þetta er hvað snertir reikningana 1959. En mætti ég nú biðja um, fyrst þetta mál fer í n., sem ég á sæti í, að fyrir þá n. verði lagðir reikningar áburðarverksmiðjunnar, eins og þeir standa í dag, eins og þeir standa nú í október 1960?

Það var lítið, sem stolið var, þegar Alþfl.-stjórnin sat að völdum, það var ekki nema hálf milljón, sem var stolið af verkamönnunum í áburðarverksmiðjunni. Síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hafa orðið miklar framfarir á þessu sviði þjófnaðarins. Þá hafa launin verið lækkuð, þannig að þau hafa farið lækkandi með hverjum mánuði á árinu 1960. Og hvað hefur gerzt á sama tíma gagnvart bændum og almenningi? Ég veit ekki betur en áburðarverð hafi verið hækkað og jafnvel svo kannske aukin um leið niðurgreiðsla úr almenningssjóði á áburðarverði, sem þýðir raunverulega líka hækkun. Mikið var tekið af verkamönnum og bændum með lækkuðum launum og hækkuðu áburðarverði á árinu 1959, en meira mun hafa verið tekið á árinu 1960.

Það hefði verið eðlilegt, þegar verksmiðja gefur eins mikið af sér og þessi, að annaðhvort hefði verið gert eða hvort tveggja, að hækka laun við verkamenn í verksmiðjunni og að lækka verð á áburðinum til bændanna. En það, sem er gert, er það, að í viðbót við ránið, sem framið var 1959, er ránið aukið á árinu 1960.

Ég sé ekki betur en það sé sannarlega tími til kominn fyrir verkamenn og bændur að taka höndum saman um að skakka leikinn, þennan gróðaleik auðmagnsins hér á Íslandi, verkamenn að hækka sín laun, og bændur að fá lækkað verð

á sínum áburði. Ég sé ekki betur en 16 millj. kr. fúlgan, sem reynt var að fela á reikningunum 1959, muni vera allmiklu hærri á árinu 1960 og mun gera mitt til þess að upplýsa það mál, ef ekki á að halda leyndum öllum reikningum ríkisfyrirtækja fyrir Alþingi.

Nú vilja menn kannske spyrja: Hvernig stendur nú á því, að þeir menn, sem annars kannske hafa ekkert sérstaklega mikinn áhuga á að ríkisfyrirtæki beri góðan ávöxt, skuli leggja sig svo fram um að lækka laun verkamanna í áburðarverksmiðjunni og hækka áburðarverð til bænda, að arðræna bæði verkamenn og bændur í einu, en safna því meiri gróða til verksmiðjunnar, sem er ríkisfyrirtæki og ríkiseign? Það er máske ekkert óeðlilegt, að menn spyrji að því, hvaðan komi þessum stjórnendum og hæstv. ríkisstj. áhuginn á að auka svo þennan gróða. Og það hefði kannske verið hægt að upplýsa, hver ástæðan var, jafnvel þótt hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) hefði ekki verið svo elskulegur að koma með þær brtt., sem hann ber hér fram. Það er greinilegt, hvaðan áhuginn kemur um að auka gróða þessarar verksmiðju. Hann kemur frá sömu mönnunum sem vilja stela þessari verksmiðju úr eign ríkisins, sem vilja brjóta þau lög, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, og gera hana að eign lítils hlutafélags. Fyrst á að safna þarna auði, 11 millj. kr. á ári og kannske meir, á kostnað verkamanna og bænda. Samtímis á að hindra, að gert sé út um það endanlega, að ríkið sé eigandi þessarar verksmiðju, eins og það er lögum samkvæmt. Og svo á að nota heppilegt tækifæri til þess að stela henni algerlega úr eigu ríkisins.

Við þekkjum þennan leik. Það hefur verið reynt að leika þetta á Alþingi áður. Það efaðist enginn um, að þessi áburðarverksmiðja væri ríkiseign, upphaflega, þegar lögin voru sett. Forsrh. þeirrar stjórnar, sem setti lögin, gaf ótvíræða og skýra yfirlýsingu um það. Núv. forseti Íslands gaf ótvíræða og skýra yfirlýsingu um þeirra skilning á þessum lögum. Það voru þeir Stefán Jóh. Stefánsson og Ásgeir Ásgeirsson. Það er enginn efi á því, að eftir lögunum er þetta eign ríkisins. En þegar Marshallsamningarnir hófust hér á Íslandi, þegar afskipti og yfirráð amerísks einkaauðvalds byrjuðu í okkar þjóðfélagi, þá var reynt að koma því svo fyrir, að ríkisfyrirtækin væru tekin úr eign ríkisins og sett í eign einstakra manna. Að slíku undirlagi var 13. gr. laumað inn við meðferð málsins vordagana 1949, og vegna slíks ágangs var sementsverksmiðjan tafin í tvö ár, af því að erindrekar amerísks auðvalds á Íslandi heimtuðu, að hún yrði einkafyrirtæki, en ríkisstj., sem þó var afturhaldssöm ríkisstjórn þá, stóð á móti því og lét aldrei undan með það. En þegar stofna átti Framkvæmdabankann, átti að afhenda áburðarverksmiðjuna einkaaðilum um bakdyrnar. Þá var í upphaflegu frv. ríkisstj. lagt til að afhenda hlutabréf ríkisins í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f, og Benjamín Eiríksson kom þá upp um það, að það væri meiningin að selja þau á nafnverði seinna meir, og svo átti auðvitað að koma yfirlýsing um, eins og raunar var þá komin frá vissum ráðherrum, að áburðarverksmiðjan væri eign hlutafélagsins. Það átti að lauma henni úr eign ríkisins á þennan hátt.

Það má þó hv. 1. þm. Vestf. eiga, að hann gengur hreint til verks. Með tillögu sinni, sem hann mælti fyrir áðan, vildi hann, fyrir utan að lýsa því yfir sem sinni skoðun, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, rekstrarhlutafélagsins, láta safna ótakmörkuðu hlutafé og selja það á nafnverði. Það er þægileg aðferð til að verða ríkur fyrir þá, sem kaupa slík hlutabréf. Verksmiðjan er 245 millj. kr. virði í dag, eða endurnýjunarverð hennar mundi a. m. k. verða það, segir ríkisstj. 10 millj. kr. eru hlutafé. Að kaupa hlutabréf í slíku fyrirtæki á nafnverði, það er góður gróði. Og meira að segja datt hv. 1. þm. Vestf. í hug, að jafnvel ætti að setja það inn í lögin að greiða venjulega útlánsvexti. Er vaninn að setja það ákvæði um almenn hlutafélög einkafjármagnsins hér á Íslandi? Er það bara til þess að tryggja auðmennina gagnvart bændunum í landinu, að ætti að setja það inn?

Slík aðferð, sem þarna er stungið upp á, er ný tilbreyting frá aðferðinni, sem átti að nota, þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður, til þess að ná þessu fyrirtæki úr eign ríkisins. Mér sýnist, að það, að svona tillaga skuli koma fram hér nú, sýni okkur, hver yfirgangur fjármagnsins er að verða á Íslandi. Og það er tími til kominn að verkamenn og bændur í landinu, þeir menn, sem skapa hér verðmæti upp á tugi millj. kr., en fá sjálfir fyrir sína vinnu 5 milljónir, fari að segja til, að þeir þoli þetta ekki lengur.

Hver milljónatugurinn, sem áburðarverksmiðjan græðir, gerir hana auðvitað girnilegri í augum braskaranna hér í Reykjavík. Og það er ósköp þægileg aðferð, eftir að búið er með lögum að stela af verkamönnum kaupi þeirra, upp undir tveggja ára tímabil nú, að ætla svo með lögum að gefa einkaauðvaldinu í landinu möguleika til þess að ná ríkisfyrirtækjunum undir sig og það svona ódýrt.

Mér sýnist svindlið vera farið að færast nokkuð mikið upp á skaftið hér, meira að segja í þingsölunum nú. Hins vegar kann ég betur við, að þetta komi fram sem svona brtt. eins og hjá hv. 1. þm. Vestf., heldur en einhverjir ráðherrar séu að gefa yfirlýsingar um það, að þessi verksmiðja sé ekki ríkiseign, heldur eign þessa hlutafélags. Það er auðséð á öllu, að það þolir enga bið, að ákvarðanir verði teknar í þessum efnum, um eignarréttinn á þessari verksmiðju.

3. gr. laganna er ótvíræð, hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“

Þegar mitt frv., sem oft hefur verið flutt hér áður, var afgreitt í fyrra, var því vísað til ríkisstj., og í þeirri greinargerð, sem meiri hl. fjhn. samdi þá, var tekið, einmitt frá þeirra sjónarmiði, af fullri ábyrgðartilfinningu á þessu vandamáli. Nefndarálit meiri hluta fjhn. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta, — það voru fjórir meðnefndarmenn mínir, sem fluttu það:

„Sams konar frv. eða svipað hefur áður verið flutt á þingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Verður að viðurkenna, að hér er um mjög veigamikið mál að ræða, þar sem eigi er talið ótvírætt um

eignarrétt áburðarverksmiðjunnar samkv. 3. og 13. gr. áburðarverksmiðjulaganna. Í 3. gr. er svo ákveðið, að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun. Í 13. gr. eru hins vegar ákvæði um, að ríkisstj. sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og verksmiðjan skuli þá rekin sem hlutafélag. Eftir að þessi heimild var notuð, hafa komið fram á Alþingi nokkuð skiptar skoðanir um eignarréttinn að verksmiðjunni. Meiri hluti fjhn. telur rétt, að málið fái afgreiðslu á þinginu, og leggur til, að því sé vísað til ríkisstj. til athugunar."

M. ö. o.: þessu frv. mínu, sem taka skyldi af öll tvímæli um eignarréttinn á áburðarverksmiðjunni, stærsta fyrirtækinu á Íslandi, 245 millj. kr. fyrirtæki, því var vísað til ríkisstj. af hennar eigin stuðningsmönnum og öðrum í fjhn. með ákaflega velviljaðri og skynsamlegri grg. frá þeirra hálfu, til þess að ríkisstj. athugaði þetta mál.

Nú er komið hér fram frv. frá hæstv. ríkisstj. *um breytingu á lögunum um áburðarverksmiðju.* Í því er ekki farið einu einasta orði, ekki ein einasta grein, sem tekur af tvímælin um, hver sé eigandi áburðarverksmiðjunnar. Ég leyfi mér því að beina þeirri fsp. til hæstv. landbrh., sem þetta mál sérstaklega heyrir undir: Hefur ríkisstj. athugað það frv., sem til hennar var vísað? Hefur hún talið það þess vert, þegar skiptar skoðanir hafa komið fram á Alþingi í 10 ár og aldrei fengizt úr því skorið, hver skoðun hefði við lög að styðjast, þar sem tvær lagagreinar að ýmissa áliti stangast á, — og ég álít, að 3. gr. sé ótvíræð og ráði í þessum efnum, — hefur hæstv. ríkisstj. álitið það rétt að taka þetta mál til athugunar, að ræða þetta mál, koma sér niður á sína eigin skoðun í þessu máli, hverjir séu eigendur þessarar áburðarverksmiðju?

Mér er ósköp vel kunnugt um, að það hefur ekki verið neinn meiri hluti fyrir þeim skilningi, sem oft hefur verið haldið hér fram af sumum, að áburðarverksmiðjan væri eign hlutafélagsins. Það hefur enginn meiri hluti verið fyrir því á Alþingi. Það hefur meira að segja aldrei verið meiri hluti fyrir því í fjhn. þessarar hv. deildar. En það er alveg óhugsandi að láta þetta ganga svona langt. Og þó að við hv. 1. þm. Vestf. séum mjög ósammála um stefnuna í þessum málum, þá býst ég við, að hann sé mér sammála um það, að ef samþykkja ætti hans brtt., þá mundi hann vafalaust vilja vita og þeir menn, sem ættu að leggja fram hlutafé, hvort þeir væru að leggja fram hlutafé í hlutafélag, sem ætti áburðarverksmiðjuna, eða í hlutafélag, sem ætti bara að sjá um reksturinn á henni. Það er tvennt alveg ólíkt. Annað væri mjög gróðavænlegt fyrirtæki, hitt væri kannske ekki allt of öruggt. Þess vegna er það alveg ótvírætt, að þetta mál þolir enga bið lengur og er satt að segja búið að bíða allt of lengi.

Þetta vildi ég segja viðvíkjandi höfuðmálinu í sambandi við þetta, viðvíkjandi fyrningarafskriftunum, viðvíkjandi eigninni á verksmiðjunni, sem verður alltaf aðalmálið, hvenær sem frv. um áburðarverksmiðju verður lagt hér fyrir, þangað til úr því er endanlega kljáð.

En svo kemur annað mál. Ef samtímis því sem *Alþingi tæki nú af öll tvímæli um, hvað væru lög* í þessum efnum, og slægi föstum eignarrétti ríkisins á áburðarverksmiðjunni, þá kemur spurningin um, hvort þessar fyrningarafskriftir séu réttar og eðlilegar út af fyrir sig. Þó að menn þá vissu handa hverjum þeir væru að afskrifa þetta, hvort það væri handa ríkinu sjálfu eða hvort það væri handa einhverjum einkaaðilum, er þá rétt að fara inn á það að veita svona miklar fyrningarafskriftir, þannig að það sé tekið upp á því að afskrifa fyrirtæki með hliðsjón af því, hvað kosti að endurnýja það?

Sú regla, að afskrifa fyrirtæki með hliðsjón af því, hvað kostar að endurnýja það, er, eftir því sem ég bezt veit, — og ef einhver hv. þdm. veit betur, þá vona ég, að hann upplýsi það, — hún er hvergi nokkurs staðar til viðvíkjandi neinum fyrirtækjum á Íslandi. Menn hafa rétt til þess að afskrifa fyrirtæki eftir sérstökum lögum, skattalögunum eða öðrum sérstökum lögum, og því er yfirleitt mjög strangt framfylgt. Allt er þetta miðað við kostnað fyrirtækisins. Þetta kann að vera rangt, þetta kann að vera óþægilegt, þetta kann að vera óskynsamlegt eða annað slíkt. Um það má deila endalaust. En eitt er víst, að það eru alveg ákveðin lög um, hvernig fyrningarafskriftirnar séu, og þær miðast við kostnaðarverð fyrirtækisins.

Ef nú áburðarverksmiðjan ætti að fá alveg sérstaka heimild viðvíkjandi afskriftum, allt öðruvísi en ýmis önnur fyrirtæki, er þá ekki eðlilegt að athuga um leið, hvort önnur fyrirtæki, sem eitthvað svipað stendur á um, eigi ekki að njóta þess sama? Það, að áburðarverksmiðjan yfirleitt græðir og gengur sæmilega hér á Íslandi, stafar ekki hvað sízt af því, hve ódýrt rafmagn hún fær. A. m. k. áður en nýjasta Sogsvirkjunin tók til starfa, þá var uppundir helmingurinn af öllu því rafmagni, öllum þeim kílówattstundum, sem framleiddar voru, sem fóru til áburðarverksmiðjunnar og var selt á 3 millj. kr., sem var oft og tíðum kannske lítið yfir 10. hluti af andvirði alls rafmagnsins. M. ö. o.: áburðarverksmiðjan sem stóriðjufyrirtæki fær rafmagn margfalt ódýrara en nokkurt iðjufyrirtæki í bænum eða nágrenni bæjarins. Hvernig skyldi nú líta út, ef farið væri að framfylgja svona ákvörðunum, eins og hér er lagt fyrir í 2. gr. stjórnarfrv., viðvíkjandi Sogsvirkjun? Og hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að standa á móti því, ef hún léti svona stjórnarfrv. ganga í gegn um eitt ríkisfyrirtæki, eða hvernig sem hún liti annars á, að fyrirtækið væri, — hvernig ætlar hún þá að standa gagnvart því, að Sogsvirkjunin og önnur fyrirtæki fái slíkt hið *sama? Eða jafnvel ef ríkisstj. liti á áburðarverk*smiðjuna sem einkafyrirtæki, að eitthvert hlutafélag úti í bæ ætti hana, 10 millj. kr. hlutafélag, hvernig ætlar hún þá að verja sína afstöðu gagnvart öðrum einkafyrirtækjum, ef hún ætlar að gefa þessu fyrirtæki svona sérréttindi, og hvernig mundi líta út með skatta hér í þjóðfélaginu, ef það væri yfirleitt innleitt, að menn mættu alltaf afskrifa svo að segja miðað við endurnýjunarverð? Þó að endurnýjunarverð sé ekki nefnt í þessum lögum, þá er það í grg. ríkisstj. gert að

aðalatriði fyrir því að breyta 2. gr., þess vegna er 2. gr. frá hreinu lagalegu sjónarmiði í þessu efni ákaflega óviturleg.

Rökin, sem þarna liggja til grundvallar, eru að vísu auðsæ, að svona fyrirtæki eigi að eignast nægilegan gróða til þess að geta byggt á ný seinna meir og stækkað sig fyrir þann gróða. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja gera þetta fyrirtæki að einkaeign nokkurra aðila, lítur þetta þannig út, að verkamenn og bændur eigi með launalækkunum og áburðarverðshækkunum að gefa tilvonandi eigendum þessa fyrirtækis, eins og þeir eru frá sjónarmiði þeirra, sem vilja gera þetta að einkafyrirtæki, nægan gróða til þess að byggja verksmiðjuna seinna meir upp. Þetta er þokkaleg féflettingaraðferð. Þessa féflettingu er verið að framkvæma á sama tíma og verið er að lýsa því yfir, að atvinnulífið í landinu gangi á tréfótum, að enginn græði neitt, að vinnulaun verkalýðsins séu allt að drepa og jafnvel kröfurnar frá bændum um að lækka áburðarverð og annað slíkt séu ósvinna og lagður á almenning söluskattur til þess m. a. að fá peninga handa ríkisstj. til þess að borga niður áburðarverðið.

2. gr. nær þess vegna ekki nokkurri átt, svo að ekki sé tekið tillit til hins, hver frekja það er að byrja fyrst á því að framkvæma lögbrot, koma síðan eftir á til Alþingis og segja: Löggildið þið lögbrot. — Kannske það sé fyrirmyndin, sem eigi að fara að nota, þegar menn komast að því, að illa sé farið að í stjórnum voldugra fyrirtækja?

Þá felst það enn fremur í þessu lagafrv., að áburðarsölu ríkisins skuli leggja niður.

Maður skyldi þó a. m. k. hafa ætlað, að um leið og verið væri að ræða um það af hálfu hæstv. ríkisstj. að láta áburðarverksmiðjuna taka við af Áburðarsölu ríkisins, þá hefði þó hæstv. ríkisstj. gert sér það ljóst, hvort áburðarverksmiðjan væri ríkiseign eða ekki. Áburðarsalan er ríkisfyrirtæki. Var meiningin að afhenda það í hendurnar á öðru ríkisfyrirtæki, áburðarverksmiðjunni, eða var meiningin að gera það að einum undirlið í starfsemi einkahlutafélags, sem fengi áburðarverksmiðjuna að gjöf um leið? Hvort var meiningin? Það er máske ekki alveg sama, frá sjónarmiði þeirra, sem eitthvað hirða um hagsmuni verkamanna og bænda í landinu, hvort það ætti að skella saman tveim ríkisfyrirtækjum, sem ríkið réði algerlega áfram, eins og áburðarverksmiðju ríkisins og Áburðarsölu ríkisins. Það mætti finna viss rök fyrir því. En að taka einkasöluna á áburði og afhenda í hendur einstaklinga, sem áburðarverksmiðjan síðan gerir, það er þó nokkuð annað.

Það er alveg óhjákvæmilegt, þegar rætt er um áburðarverksmiðjuna og hvers konar tillögur, sem fram koma í sambandi við hana, að það fáist útkljáð endanlega, að ríkið eigi þessa áburðarverksmiðju og að hlutafélagið, sem stofnað var eftir kröfum Bandaríkjamanna, þegar þeir náðu tangarhaldi á okkar efnahagslífi og ætluðu að breyta þeim reglum, sem við Íslendingar höfum haft um ríkisfyrirtæki, sé rekstrarfélag. Áburðarverksmiðjan hefur allan þann tíma, sem frv. um hana hefur verið flutt á Alþingi, frá því fyrst 1934, þegar minnzt var á hana, alltaf verið hugsuð sem ríkisfyrirtæki, og líka þegar ríkisstjórnin lagði frv. fyrir 1949. Það er ekki óeðlilegt, í hvert einasta skipti sem frv. kemur fram viðvíkjandi breytingu á lögunum um áburðarverksmiðju, að þetta mál komi samstundis á dagskrá. Það er óhjákvæmilegt að láta skera úr um þetta. Það hefur orðið til stórtjóns nú þegar, hve lengi þetta hefur dregizt. Ég efast ekki um, að þeir menn, sem lögðu fram hlutafé í rekstrarhlutafélagið Áburðarverksmiðjuna h/f 1949—52, munu sumir hverjir jafnvel gera kröfu til þess, að þeir skoðist sem eigendur verksmiðjunnar. Þeir munu jafnvel höfða mál á hendur ríkisstj., þegar Alþingi að lokum vonandi ber gæfu til að taka af öll tvímæli um, að hún sé ríkiseign. Ég upplýsti, að í fyrra hefði jafnvel af hálfu vissra matsmanna í skattanefndum í sambandi við stóreignaskattinn komið til tals að meta hlutabréf þessara manna á sjöföldu verði. Og í því lagafrv., sem ég flutti þá, vildi ég einmitt gefa ríkisstj. og nefnd, sem okkar Alþingi skipaði, heimild til þess að semja við þessa menn, þessa hluthafa, til þess að tryggja sæmilega samninga við þá, jafnvel þótt borgað yrði meira en nafnverð hlutabréfanna, bara til þess að freista að fá þetta mál út úr heiminum. Og nú kemur það fram, sem annars hefur sjaldan komið fram alveg ótvírætt af hálfu nokkurs þm. hér, en kom fram áðan í yfirlýsingu hv. 1. þm. Vestf., að hann virtist eiginlega ganga út frá því, skildist mér, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, því að ella hefði hann varla lagt fram þá till., sem hann hefur lagt fram. Ég hef því borið fram mínar fyrirspurnir og deilt á þá aðferð, sem höfð er í frammi í sambandi við þetta frv. og fyrningarafskriftirnar, og ég vil nú vonast til þess, að það fáist útkljáð við meðferð þessa máls nú í þinginu, að áburðarverksmiðjan, eins og 3. gr. l. mælir fyrir, sé ótvírætt ríkiseign. Ég veit, að þegar það yrði gert, þá mundu eigendur hlutabréfanna í rekstrarhlutafélaginu að mörgu leyti missa sinn áhuga og því sé rétt, að þeim sé bættur sá skaði og keypt upp þau hlutabréf. En þá veit ég líka um leið, að afstaðan um fyrningarafskriftirnar muni kannske verða nokkur önnur frá sjónarmiði þeirra, sem nú leggja til að gera þær svona miklar. Ég held þess vegna, að forsendan fyrir því, að nokkur afgreiðsla fáist á þessu máli, sé, að tekin séu af öll tvímæli um eignarréttinn á áburðarverksmiðjunni. Þess vegna geri ég þetta að umtalsefni nú við 1. umr. málsins, vonast til þess, að hæstv. landbrh. svari mínum fyrirspurnum. Og komi ekki fram ótvíræðar yfirlýsingar um þetta mál nú, þá mun ég freista þess að fá þær fram við meðferð málsins í fjhn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ýmislegt, sem hlýtur að koma til athugunar í sambandi við þetta stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. fái heimild til að veita áburðarverksmiðjunni einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum áburði. Og um leið er þá ráð fyrir því gert, að Áburðarsala ríkisins hætti störfum. Þetta mál var nokkuð rætt á síðasta þingi, og þá komu fram raddir um það, að ef Áburðarsala ríkisins yrði lögð niður, þá væri eðlilegt að gefa áburðarverzlunina frjálsa. Þetta er atriði, sem hlýtur því að koma til álita nú í sambandi við þetta mál, ef á annað borð verður

hnigið að því ráði að leggja niður þá einkasölu, sem nú er á áburði.

Í 2. gr. eru svo ákvæði um fyrningarafskriftir, og þar er alveg nýmæli á ferð, eins og þegar hefur verið bent á af öðrum, sem hlýtur að þurfa að athugast mjög vel, áður en í lög verður tekið.

En það er fleira, sem ástæða er til að athuga í sambandi við þetta mál. Það liggur fyrir, virðist mér, og var reyndar ljóst á síðasta þingi, þegar við fengum í hendur reikninga Áburðarverksmiðjunnar h/f fyrir næstliðið ár, að þeir, sem keyptu áburð hjá verksmiðjunni á því ári, árinu 1959, eiga raunverulega inni stórar fjárhæðir hjá fyrirtækinu, vegna þess að þeir hafa verið látnir greiða hærra verð fyrir áburðinn en rétt og löglegt var. Í l. um áburðarverksmiðju segir, að hún skuli selja áburðinn við kostnaðarverði, sem verksmiðjustjórn á að áætla og ákveða fyrir vissan tíma ár hvert. Og það eru fyrirmæli um það í lögunum, að í hinu áætlaða kostnaðarverði skuli reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar. Nú er það ljóst af þessum reikningum og hefur verið tekið fram hér af hv. síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Reykv., að við síðasta reikningsuppgjör hjá fyrirtækinu hafi verið reiknaðar miklu hærri fyrningarskriftir en löglegt er Mér sýnist því, að eðlilegast væri, að þess yrði krafizt, að fyrningarsjóður verksmiðjunnar endurgreiddi það, sem hann fékk umfram það, sem vera átti lögum samkv., og að þessu fé verði skilað til bænda og annarra viðskiptamanna verksmiðjunnar, sem greiddu hærra verð fyrir áburðinn en löglegt var. Það hefur verið tekið af þeim þarna fé, sem var ekki heimilt að taka lögum samkvæmt, og sett í fyrningarsjóðinn. Þetta er eitt atriði, sem hlýtur að koma til kasta þingsins að kveða á um einmitt í sambandi við þetta mál.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. flutti hér langa ræðu, sem var ósköp svipuð því, sem var á síðasta þingi. En hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði nú öðruvísi en þá, þar sem hann fer nú að taka undir með hv. 3. þm. Reykv. um, að það hefði verið lögbrot að afskrifa í áburðarverksmiðjunni eins og gert var s. l. ár, að bændur eigi kröfurétt á áburðarverksmiðjuna um endurgreiðslu á því, sem þeir hafa ofborgað áburðinn. Það verður að ætlast til þess, að báðir þessir hv. þm. láti sér ekki nægja það að vera hér að tala um lögbrot, falsaða reikninga og annað þess konar. Það verður þá um leið að gera kröfur til þeirra, að þeir fylgi þessu fram utan þingsalanna og láti þá sæta ábyrgð, sem lögbrotin hafa framið. Mér finnst ekki óeðlilegt, að hv. 1. þm. Norðurl. v. haldi þessari kröfu til streitu fyrir bændanna hönd, ef brotin hafa verið lög á þeim og þeir látnir greiða of mikið. Og er þá rétt, að úr því verði skorið fyrir dómstólum, hvort hér er um lögbrot að ræða eða ekki. Það er dálítið alvarlegt, enda þótt maður sé nú farinn að venjast ýmsu, þegar hv. alþm. lýsa því yfir hér frá ræðustóli, að reikningar í opinberu fyrirtæki hafi verið falsaðir, að lögbrot hafi verið framin. Það er alvarleg ádeila á hendur stjórn fyrirtækisins að halda slíku fram. Vera má, að þessir menn séu orðnir svo vanir fullyrðingunum úr sínum eigin munni, að þeir geri sér ekki grein fyrir því, hvað þetta í rauninni gildir.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, að hann vonaðist til, að ég gæfi skýringar á því, hvernig reikningar áburðarverksmiðjunnar fyrir s. l. ár hefðu verið settir saman, að ég gerði svo vel að biðjast afsökunar á því, að reikningarnir hefðu verið falsaðir. Ég gaf skýringu á því, hvers vegna þessar afskriftir voru látnar fram fara fyrir s. l. ár. Stjórn áburðarverksmiðju ríkisins leitaði til lögfræðings síns, sem er prófessor við Háskóla Íslands, bar það undir hann, hvort það rúmaðist innan laganna um Áburðarverksmiðjuna h/f að miða afskriftirnar ekki við upphaflegt kostnaðarverð, heldur við endurnýjunarverðið. Það var einnig borið undir ráðuneytisstjórann í atvmrn. Báðir þessir menn, sem eru lögfræðingar af fyrstu gráðu, fullyrtu, að þetta væri heimilt, fullyrtu, að andi laganna væri þannig, að túlkun þeirra samrýmdist þessu ákvæði, vegna þess að löggjafinn hefði ætlazt til, að áburðarverksmiðjan gæti endurnýjað sig, og þegar kostnaðarverð verksmiðjunnar er aðeins 130 millj., en endurnýjunarverðið 245 millj. eða sennilega meira, þá er ekki nægjanlegt að miða við upphaflega kostnaðarverðið, heldur verandi kostnaðarverð, ef Íslendingar ætla sér að hafa áburðarverksmiðju ekki aðeins í dag, heldur einnig eftirleiðis. Afskriftirnar fyrir s. l. ár voru ekki fullkomlega miðaðar við endurnýjunarverðið. Það hefði þurft að afskrifa meira til þess að miða við núverandi kostnaðarverð. Ég get ekki sagt annað í sambandi við það, þegar talað er um, að stjórn áburðarverksmiðjunnar hafi falsað reikningana, hafi framið lögbrot, ekki afsakað stjórn áburðarverksmiðjunnar með öðru en því, að hún leitaði til færustu lögfræðinga og hagaði sínum gerðum eftir því, sem þeir álitu vera löglegt. Þegar talað er um, að reikningarnir hafi verið falsaðir, þá er ekki um annað að ræða fyrir stjórn áburðarverksmiðjunnar en upplýsa, að það eru tveir kjörnir endurskoðendur fyrir fyrirtækið, sem endurskoða reikningana, og þar að auki mjög fær og viðurkenndur löggiltur endurskoðandi, sem einnig endurskoðaði reikningana. Stjórn áburðarverksmiðjunnar taldi þess vegna, að hún hefði tryggt, að allt færi vel og löglega fram, og ég er sannfærður um, að þessir tveir lögfræðingar, sem ég hef minnzt á, eru það vandir að virðingu sinni, að þeir fullyrða ekki það, sem kann að vera vafaatriði.

Hv. 3. þm. Reykv. mun hins vegar ekki taka sönsum. Hann talaði um það hér áðan, hvort ríkisstj. hafi athugað frv., sem hann flutti í fyrra og var vísað til ríkisstj. Vissulega hefur þetta frv. verið athugað. En það þarf ekki að spyrja að því, að ríkið á meiri hlutann í verksmiðjunni. Ríkið á ⅗ hluta af hlutabréfunum, og einstaklingar og fyrirtæki eiga ekki nema ⅖ af hlutabréfunum í verksmiðjunni. Um þetta þarf ekki að spyrja. Um það, hvort ríkið á alla verksmiðjuna eða ekki, getur hv. þm. spurt. En hvernig á að fara að því að gefa honum fullnægjandi svar? Við skulum segja, að ríkisstj. leitaði til lögfróðra manna, færustu manna, t. d. þessara tveggja, sem ég áðan nefndi, eða annarra, og þeir felldu úrskurð, sem stæði ekki heima við skoðanir hv. þm. Til hvers

væri það? Hv. 3. þm. Reykv. mundi ekki sætta sig við þann úrskurð.

Eigi að síður finnst mér koma vel til greina að gera það. En það hjálpar ekki þessum hv. þm. Ef sá úrskurður verður honum ekki í vil, þá mun hann segja: Þetta er alls ekki rétt. Það eru lögbrot að segja, að hluthafarnir eigi minni hl. í verksmiðjunni. — Því skyldi hann ekki geta sagt það, þó að færustu menn væru búnir að úrskurða í þessu máli, úr því að hann leyfir sér að fullyrða hér úr ræðustól, að stjórn áburðarverksmiðjunnar hafi falsað reikninga fyrirtækisins fyrir s. l. ár og hafi brotið lög, enda þótt hún hafi farið að ráðum færustu manna í þessum efnum, færustu lögfræðinga í landinu?

Í sjálfu sér er það tilgangslaust að vera að þrátta við menn, þegar þeir stilla sig á það stig, sem þessi hv. þm. gerir alltaf, þegar hann ræðir um áburðarverksmiðjuna. Mér leiðist það, vegna þess að þessi hv. þm. er almennilegheitamaður fyrir utan það, þegar hann er hér í pontunni með fullyrðingar. Þá er það leiðinlegt, að hann skuli hvað eftir annað vera að mannskemma sig á þessum stóru fullyrðingum. Hann talar um þjófnað, falsanir og lögbrot, sem á ekki við neitt að styðjast. Hann talar um, að með þessu frv., sem við erum nú að ræða hér um, sé verið að gera tilraun til þess að koma áburðarsölunni í hendur einstaklinga. Hvað er það, sem frv. fer fram á? Það er, að áburðareinkasalan verði lögð niður til þess að spara milliliði, til þess að spara kostnað, fer fram á að fela áburðarverksmiðjunni sölu á áburðinum, — áburðarverksmiðjunni, sem ríkið á þó alla vega meiri hluta í og hefur alltaf tögl og hagldir í því fyrirtæki.

Það er ástæðulaust fyrir hv. þm. að vera sí og æ að tala um áburðarverksmiðjuna sem eitthvert fjárplógsfyrirtæki til handa einhverjum einstaklingum. Hefur verið dregið fé út úr þessu fyrirtæki? Hafa þeir einstaklingar eða félög, sem hafa lagt fé í áburðarverksmiðjuna, hagnazt á því? Það er fyrst árið sem leið, sem hafa verið greiddir vextir af hlutabréfunum, 6% samkv. lögum. Öll þau ár, sem verksmiðjan hefur starfað, hafa hluthafarnir gert sér það að góðu að fá enga vexti af hlutafénu. Er þá fjárplógsstarfsemi að lána fyrirtækinu þannig fé án vaxta? Er það fjárplógsstarfsemi að gera ráðstafanir til þess, að jafngott fyrirtæki sem áburðarverksmiðjan er og nauðsynlegt fyrirtæki geti endurnýjað sig, geti keypt vélarnar, enda þótt þær hafi hækkað í verði? Væri það þjóðhollusta að reka fyrirtækið þannig, að við eftir nokkur ár vöknuðum við það, að við ættum ekki áburðarverksmiðju, sem væri nothæf?

Mér finnst mál þetta liggja svo í augum uppi, að það er undarlegt, að skynsamir menn skuli taka slíka afstöðu sem hv. 3. þm. Reykv. hefur gert, að hann skuli ekki þreytast á því að stagast á þessum fullyrðingum sínum sí og æ og ár eftir ár, tala um það sem einhvern voða, ef áburðarverksmiðjan gæti byggt sig upp, gæti endurnýjað vélarnar, jafnóðum og þær bila. Ég skil ekki, hvað hann meinar. Hann þjónar ekki hagsmunum verkamannanna, sem vinna í áburðarverksmiðjunni, eða bændanna, sem kaupa áburðinn, með þessu tali. Það, sem bændurnir munu spyrja um, er það, hvort þeir geti fengið áburð með hagstæðu og góðu verði. Það hafa þeir fengið. Kjarnapokinn frá áburðarverksmiðjunni hækkaði að vísu um 10 kr. á s. l. vori frá því, sem hann var árið áður. Það má segja, að það hafi verið tilfinnanleg hækkun fyrir bændur, vegna þess að kaupgeta þeirra er takmörkuð, en það var ekki mikil hækkun miðað við það, sem hefði þurft, ef óskynsamlega hefði verið haldið á þessu máli. Og verkamennirnir við áburðarverksmiðjuna munu einnig spyrja að því: Verður haldið þannig á málum áburðarverksmiðjunnar, að það sé tryggt, að við höfum þarna stöðuga og góða atvinnu. Ég vænti þess, að sá andi ríki hjá starfsmönnum áburðarverksmiðjunnar, að þeir treysti því, að þeim sé atvinnulega séð borgið með því að hafa komizt í starf hjá áburðarverksmiðjunni. Sannarlega er það ekki nema ánægjulegt, ef það mætti takast að hækka kaup við þá, sem þar vinna, eins og aðra launþega í landinu, og bæta kjör bændanna. Ég skal fúslega, hvenær sem er, stuðla að því og þiggja aðstoð þessa hv. þm., ef heppilegt þykir. En við gerum það ekki, nema í landinu megi byggja upp heilbrigðan atvinnurekstur. Við bætum ekki kjör verkamannanna með því að láta þá fá fleiri krónur, nema þær geti haldið gildi sínu um leið.

Ég gæti nú, þar sem hv. þm. var áðan að tala um það, sem af verkamönnum og bændum var tekið á árinu 1959 og 1960, minnzt á, hvað af sömu aðilum var tekið á árinu 1958, og rökstutt það. Það, sem hefur verið gert á árunum 1959 og 1960 í kaupgjalds- og atvinnumálum til viðreisnar og viðréttingar, varð að gera vegna þess undirbúnings, sem hv. 3. þm. Reykv. var riðinn við á árunum 1957 og 1958. Bændur og verkamenn hafa oft spurt að því, hvernig hagur þeirra væri í dag, ef haldið hefði verið áfram á braut vinstri stjórnarinnar, — þeirri braut, sem var mörkuð og farin 1957 og 1958, þegar hv. 3. þm. Reykv. hafði tækifæri til þess að hafa áhrif á stjórn landsins og efnahagsmál. Bændur og verkamenn hafa oft spurt að því. Og svörin liggja skýrt fyrir. Þeir hafa spurt að því, hvort hagur þeirra hafi verið bættur á þessu tímabili? Svörin liggja skýrt fyrir, að á þessu tímabili var grafið undan heilbrigðu efnahagslífi, kjör verkamanna og bænda hafa aldrei versnað meira en á þessum árum, og þeir erfiðleikar, sem nú er við að stríða, eru arfur frá þessum tíma, sem núverandi stjórnarflokkar hafa tekið að sér að leysa, og munu leysa, vegna þess að þeir, sem mörkuðu óheillastefnuna, gáfust upp, stukku á flótta frá erfiðleikunum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir, að hann leitaðist þó við að svara, þótt ekki væri það nú rétt myndarlegt hjá honum.

Hæstv. ráðh. byrjar með því að vara við því að nota allt of sterk orð viðvíkjandi því, sem opinber stjórnarvöld geri og jafnvel ráðherrar, og menn ættu þá helzt að gera það utan þingsalanna. E. t. v. er hæstv. ráðh. kunnugt, að það eru ein sérréttindi, sem alþm. hafa í stjórnarskránni, og það er að geta mælt hér á Alþ. mál og sagt hreint út það, sem getur varðað

við lög annars. Og af hverju heldur hæstv. ráðh., að það hafi verið sett inn í stjórnarskrána? Það hefur verið sett inn í stjórnarskrána vegna þess, að frá gömlum tíma konunglegs embættisaðals er réttur embættismanna svo hár í hegningarlögunum, að það er vart hægt að segja satt orð um þá og þeirra framferði, án þess að það varði við lög, enda beinlínis tekið fram í hegningarlögunum, að það sé hægt að dæma menn fyrir að segja satt, ef embættismenn eiga í hlut. Við alþm. höfum þann rétt samkv. stjórnarskránni, að geta sagt hreint út og nefnt hlutina réttu nafni, til þess að það sé einhver staður á Íslandi, þar sem óhætt sé að fletta ofan af hneykslunum, líka á æðstu stöðum.

Þegar þess vegna hæstv. ráðh. talar um ákæruvaldið í þessum efnum, — ég sá, að dómsmrh. sat hér áðan og hefur heyrt það, sem hér fór fram, og heyrði það raunar líka í fyrra og sá það í þingskjölum, — þá gátu menn nú kannske búizt við því, að stjórn áburðarverksmiðjunnar mundi bæta sinn hag og breyta reikningunum eftir á, þegar þeir voru ekki samkvæmt lögum. Nú hefur hæstv. dómsmrh. heyrt, hvað ég sagði. Og ég vonast til þess eftir áskorun hæstv. ráðh., landbrh. og stjórnanda áburðarverksmiðjunnar, að það verði látin fara fram rannsókn á því, hvort stjórnendur áburðarverksmiðjunnar hafa gerzt brotlegir við lög eða ekki. Ég vonast til þess, að ég þurfi ekki utan þessara þingsala að fara að höfða slík mál. Ég vonast til þess, að það, að ég segi slíkt í krafti þess réttar, sem stjórnarskráin gefur mér hér, að ráðh. áheyrandi, það nægi til þess að viðbættri áskorun hæstv. ráðh., að rannsókn verði látin fram fara.

Hæstv. ráðh. byrjar svo á því að reyna að verja sig gagnvart hinum væntanlegu ákærum, sem dómsmrh. mun sjá um að fram fari. Og hann segir: Ég hef talað við prófessora. — Það eru ekki prófessorar, sem setja lög. Það er Alþingi, sem setur lög. Og það er engin afsökun í þessu efni, ef hæstv. ráðh. tekur þátt í því að brjóta lög, þó að hann hafi ráðgazt við prófessora um að brjóta lög. Ég er hræddur um, að ef í öllum þeim svindlmálum, sem uppi eru á Íslandi nú, yrði alltaf tekin sem næg afsökun fyrir mann, sem máske er staðinn að einhverju svindli eða einhverjum lögbrotum, að hann hefði talað við hálærðan fyrsta flokks lögfræðing, jafnvel prófessor, — ég er hræddur um, að þá yrðu nokkuð margar afsakanir til. Ég gæti nefnilega vel trúað því, að ákaflega mikið af öllu því svindli, sem hér er framið, sé gert í samráði við fyrsta flokks lögfræðing, og með fullri virðingu fyrir lögfræðingastétt landsins, þá vil ég bara kasta fram þeirri fyrirspurn til hæstv. landbrh., hvort hann hefur aldrei ímyndað sér t. d., að einhver lögfræðingur hafi einhvern tíma hjálpað einhverjum manni með skattsvik.

Ég held þess vegna, að hæstv. ráðh. eigi ekki að tala með allt of miklum þjósti um þetta. Það erum við hér á Alþ., sem setjum lögin, og ef hæstv. ráðh. vill endilega fara að vitna í einhverja menn, sem eitthvað viti, hvað þeir séu að gera, og ráði einhverju um andann, þá hef ég vitnað í tvo menn alveg sérstaklega og það ekki aldeilis flokksbræður mína um þetta mál. Ég hef vitnað í þann mann, sem var forsrh. þeirrar stjórnar, sem setti þessi lög um áburðarverksmiðjuna, Stefán Jóh. Stefánsson, sem átti sæti með mér í fjhn. hér, þegar þetta mál bar fyrst á góma, að nokkur maður færi að efast um það, að áburðarverksmiðjan væri eign ríkisins, og hann gaf alveg ótvíræða yfirlýsingu. Og ég hef vitnað í annan mann, núverandi forseta Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, sem átti sæti með mér í fjhn. þessarar hv. d. líka og lengi og gaf alveg ótvíræða yfirlýsingu um afstöðu sína til þessa máls. Ég hef nefnt þessa menn hér hvað eftir annað, forsrh. landsins, þegar lögin eru sett, og forseta landsins. Svo kemur hæstv. ráðh. og segir: Ég hef talað við prófessora, og svo er hv. 3. þm. Reykv. að tala með þjósti hér. — Kannske það sé bezt, að hæstv. ráðh. nefni prófessorana.

Ef einhverjir prófessorar fara að gefa yfirlýsingar um, hver andi laganna sé, þá held ég, að þeir ættu fyrst að athuga, hvernig lögin eru til orðin, undir hvaða forsendum. Andinn kemur líklega einna rækilegast í ljós í því, hvernig þetta var allt saman undirbúið. Fram að miðjum maí 1949 hefur aldrei í öll þau skipti, sem frv. um áburðarverksmiðju hefur verið flutt á Alþ., staðið annað í því frv. en áburðarverksmiðjan væri ríkiseign. Fyrst þegar hugmyndirnar koma fram um hana í Rauðku gömlu 1934—35, þegar þessi frv. eru flutt á Alþ., ef ég man rétt, bæði af utanþingsstjórninni og seinna Framsfl. og seinna vísað til nýbyggingarráðs, — allan þennan tíma, í öllum þeim mismunandi frumvörpum, sem flutt eru um mismunandi stóra áburðarverksmiðju og slíkt, er alltaf gengið út frá því, að hún sé ríkiseign. Og hvernig er það, þegar þetta frv. er lagt fyrir Alþ. af ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar á þinginu 1948—49? Það er lagt fram sem ótvírætt ríkiseignarfrv. 13. gr., sem nú er, er þá ekki til í l. Og það gengur í gegnum þessa hv. deild, Nd. sem slíkt frv. Við 2. eða 3. umr. í Ed. er 13. gr. smyglað inn, liggur mér við að segja, þegar fæstir taka eftir því einu sinni, hvað verið er að gera, alveg á síðustu annadögunum, rétt áður en þinglausnir og kosningar byrja. Og engum dettur annað í hug en það sé verið að tala þarna um rekstrarfélag og þetta sé eins konar sýndarverk, vegna þess að það var vitað, að amerískir bankar, sem höfðu mikil tök hér á Íslandi þá, gerðu það að eins konar prinsipatriði, að það ætti endilega að líta þannig út að einhverju leyti, að þetta væri einkafyrirtæki, þótt ekki væri nema rekstrinn á því. Þannig er þetta til komið.

Ég vildi gjarnan tala við þá prófessora, sem segja að andi l. sé sá, að þessir menn, sem hafa lagt fram hlutafé í fyrirtækið, 4 millj. kr., ættu að eiga ⅖. Ég vildi gjarnan tala við þá. Ef hæstv. ráðh. hefur talað við þá út af fyrningarafskriftum, sem eru nokkrar milljónir, einar 7 millj. í ár, þá skil ég varla í öðru en hann hafi talað við þessa hálærðu menn, sem vita, hver andi laga er, um það, hver eigi þessa verksmiðju. Hann hefur þó a. m. k. lítið farið eftir því, sem Alþ. hefur samþykkt hér, þegar þessu frv. var vísað til ríkisstj.

Ég held þess vegna, að það sé bezt að tala varlega um það, að prófessorar eða einhverjir fyrsta flokks lögfræðingar eigi að ákveða, hvað séu lög.

Það er Alþ., sem ákveður, hvað séu lög. Og svo vil ég benda hæstv. ráðh. á eitt. Ef hann fær þessa yfirlýsingu frá einhverjum prófessor, með allri virðingu annars fyrir prófessorum, — ef hann fær þessa yfirlýsingu, að það hljóti að hafa verið andi laganna, að þetta fyrirtæki gæti endurnýjað sig, mundi þá ekki þessi sami prófessor gefa sams konar yfirlýsingu út af einhverju öðru fyrirtæki? Ég man ekki eftir neinum sérstökum anda í áburðarverksmiðjunni, sem sé allt öðruvísi en andinn í öllum öðrum fyrirtækjum, sem gæfi rétt til endurnýjunar þar, en bannaði slíkt alls staðar annars staðar. Ég held, að ef þessi prófessor trúir svona mikið á andann í þessu, þá hljóti hann að geta fundið þann anda í öllum mögulegum öðrum lögum og öðrum fyrirtækjum, að það væri ákaflega heilbrigt í þjóðfélaginu, að öll fyrirtæki gætu endurnýjað sig sjálf. Getur þá ekki hvaða privatmaður sem er og á eitthvert hlutafélag úti í bæ og fær ekki að afskrifa af því nema takmarkað samkv. lögum, farið til prófessorsins og lýst því yfir, að það hljóti að vera andi laga, skattalaganna t. d., að menn geti endurnýjað sín fyrirtæki? Nei, það er ekki til neins að koma með svona hlut. Það er ekki til neins, það styðst ekki við nokkurn skapaðan hlut. Ef þetta ætti að vera einhver yfirlýsing, þá ætti það að vera almenn yfirlýsing, sem alls staðar gilti, og það hefur engum manni dottið hérna í hug.

Ég spurði víst hæstv. ráðh. að því í fyrra, þegar hann var að afsaka sig með þessu: Því eruð þið þá að breyta lögunum, ef andi laganna er svona ótvíræður? Ég veit, að hæstv. ráðh. var í nokkrum vandræðum, rak sig nefnilega á það hér undireins við 1. umr. málsins í fyrra, að hans eigin flokksmenn voru ekki einu sinni sammála um það og að þeir mátu meira vald Alþ. um að ákveða lög og setja lög heldur en andatrú hinna og þessara prófessora — með allri virðingu fyrir þeim.

Hvernig fór fyrir þessu frv., þrátt fyrir það að þau meðmæli fylgdu því í fyrra hér við 1. umr., að einn prófessor segði, að þetta væri andi laganna? Fjhn. afgreiddi málið aldrei. Henni leizt ekkert á þetta, ekki einu sinni stjórnarmeirihlutanum. Ég held þess vegna, að það sé alveg óþarfi fyrir hæstv. ráðh. að vera með nokkurn þjóst út af þessu. Alþ. verður að taka ákvarðanir um þetta, og það að hafa gert þetta, án þess að Alþ. gæfi lagaheimild til þess, það er lögbrot, og þar með eru reikningarnir falsaðir, þeir eru rangir. Það er náttúrlega hægt digurbarkalega af einum ráðh. að segja hér: Bóndi uppi í sveit, sem kaupir áburð, getur farið í mál við ríkið um, að áburðurinn hafi verið seldur honum dýrara en lögin heimila. — En það er lítið lýðræði í því að ætla að láta einn bónda standa undir þeim málarekstri. Það væri nær, að ákæruvaldið sjálft hlutaðist til um það, og það er þá máske nær, að sú ákæra, sem ég hef borið fram hér í þessu efni, sé tekin fyrir hér í þingsölunum og svarað öðruvísi en með því að vitna til einhverra og einhverra prófessora.

Svo talaði hæstv. ráðh. um eignarréttinn á verksmiðjunni, og þó að hann segði aldrei alveg ákveðið, hver væri hans skoðun, þá sýnist mér hann nú vera að færast meira og meira í þá áttina að ætla að gefa þessa verksmiðju einkahluthöfum. Hann segir orðrétt: „Ríkið á ⅗ hluta í verksmiðjunni.“ M. ö. o.: einkaaðilar í þessu rekstrarhlutafélagi eiga þá að hans áliti ⅖. Ef honum hefur ekki orðið mismæli eða ekki gáð vel að sér, þá virðist hann vera á þeirri skoðun, að það sé hlutafélagið, sem eigi verksmiðjuna, þvert ofan í 3. gr. laganna, sem mælir fyrir, að hún skuli vera sjálfseignarstofnun, og ofan í 13. gr. laganna, sem mælir fyrir, að hún skuli aðeins rekin sem hlutafélag.

Vill nú hæstv. ráðh. athuga afleiðingar af yfirlýsingu sinni. Ég hef nú bráðum í 10 ár verið að finna að því, að einn ráðh., sem þá var landbrh., gaf þá yfirlýsingu, að hlutafélagið ætti verksmiðjuna, og þess vegna hef ég allan þennan áratug verið að reyna að fá tekin af öll tvímæli, vegna þess að ég áleit þessa yfirlýsingu þáverandi landbrh. stangast á við lög. Alþfl. hefur alltaf verið alveg ákveðinn í þessu máli í fjhn. Hann hefur alltaf staðið með því, að þetta væri hrein ríkiseign og hlutafélagið væri aðeins rekstrarfélag. En mér hefur satt að segja fundizt, að líka fulltrúar Sjálfstfl. í fjhn. væru venjulegast á þeirri skoðun, að það væri, ef ekki ótvírætt rétt, að ríkið væri eigandinn, þá nauðsynlegt að koma því í það horf, að ríkið væri það.

Ég spurði hæstv. ráðh., hvort hann hefði leitað lögfræðinga, hvort hann hefði athugað frv., sem vísað var til hans í fyrra, frv. mitt. Ég skildi af hans ummælum, að það hefði ekki verið athugað, a. m. k. hafði ekki verið haft svo mikið við að tala við andafróða lögfræðinga um það mál, og hæstv. ráðh. sagði ekkert um, hvað þeir álitu um anda laga í þeim efnum.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri tilgangslaust að þrátta um þetta. Það er ekki tilgangslaust. Meðan ekki fæst úr þessu skorið, mun ég halda áfram að berjast fyrir því. Mér er sama, þó að ein ríkisstj. sé þannig sinnuð, að hún áliti sig ekki eiga að standa vörð um eignir ríkisins, heldur geti horft upp á, að stærstu og dýrmætustu eignum ríkisins sé hent í einstaklinga. Mér er sama um, þó að ein ríkisstj. svíkist þannig á verði. Ég álít það skyldu mína sem alþm. að standa vörð um það, að íslenzka ríkið eigi þau fyrirtæki, sem það lögum samkvæmt á að eiga, og það sé ekki verið að spila þeim fyrirtækjum út úr höndum ríkisins.

Má ég beina athygli hæstv. ráðherra að afleiðingunum af því, sem hann sagði áðan. Hann sagði: Ríkið á ⅗ hluta í verksmiðjunni. — Samflokksmaður hans, hv. 1. þm. Vestf., flytur hér tillögu um, að hlutabréfin skuli seld, sem sé gefin út ný hlutabréf í verksmiðjunni til viðbótar við þessar 10 millj. kr. og þau séu seld hverjum sem hafa vill á nafnverði. Hlutabréf, sem hafa tvítugfalt gildi máske, ef svona væri litið á, eiga að seljast í staðinn fyrir 2000 kr. á 100 kr. o. s. frv., og það mundi þýða, að það mundu vafalaust vera margir um boðið. Ég efast ekki um, að það yrði góður markaður fyrir þau hlutabréf. Menn kaupa gjarnan 2000 kr. seðil á 100 kr. Hver yrði afleiðingin? Jú, afleiðingin yrði, að hinir og þessir einkaaðilar eignuðust þarna 20 milljónir til viðbótar, og við skulum segja, að sú stefna réði, sem nú virðist eiga nokkuð mikil ítök í rík-

isstj., að ríkið sé ekki að fara í kapphlaup við einstaklinga, sem hafi áhuga á að leggja fé í gróðavænleg fyrirtæki. Ríkið ætti þá þarna 6 millj., og svo væri hlutaféð komið upp í 20, upp í 30, upp í 40 millj., og ríkið ætti þá eftir skilningi hæstv. ráðherra þriðja hluta, fjórða hluta, fimmta hluta í verksmiðjunni og hluti þess væri alltaf sí-minnkandi.

Það er ekkert hægt að gera í þessu nema taka af öll tvímæli um eignarréttinn á þessari verksmiðju, að það er ríkið, sem á hana, eins og lög mæla fyrir um, þó að ráðherrar gefi einhverjar vitlausar yfirlýsingar, bæði nú og fyrr. Og það hefði sannarlega verið ástæða til þess fyrir hæstv. landbrh. að leita álits lögfræðinga um þetta og tjá Alþingi álit um það.

Ég vona, að hæstv. ráðh. skilji það, að með því að lýsa áburðarverksmiðjuna sem eign hlutafélagsins, þá er um leið verið að stofna til þess, að einkaaðilar eignist þessa verksmiðju. Þó að ríkið kynni að eiga nú ⅗ hluta, þá þarf ekki nema litlar ráðstafanir til þess að breyta því þannig, að sá meiri hluti sé kominn úr höndum ríkisins. Það getur meira að segja verið, þótt hann sjálfur vildi stuðla að því, að þetta héldist svo, að hann réði ekkert við það seinna meir. Því segi ég það: *Ef fyrirtæki, sem íslenzka ríkið á og er nú yfir 200 millj. kr. virði, er kastað út til einkaaðila, — hvort það er fyrir 10, 20 eða 30 millj. kr., það er mér sama um, — þá er það sama sem að leyfa þessum mönnum að stela þessu fyrirtæki úr eigu ríkisins.* Það er hægt að gera þetta á fínan hátt, það er jafnvel hægt að gera það með lögum, en verknaðurinn væri sá sami. Þess vegna notaði ég þung orð hér áðan, vegna þess að verknaðurinn, sem verið er að fremja gagnvart íslenzka ríkinu með þessu, er ljótur, og það er hart, að þeir menn, sem eiga að vernda hagsmuni ríkisins undir svona kringumstæðum, skuli leggjast á sveif á móti ríkinu, þeir skuli vilja hjálpa til þess að ná slíku fyrirtæki úr eigu ríkisins.

Svo segir hæstv. ráðherra, að það þurfi ekki að álíta, að þetta sé fjárplógsfyrirtæki, áburðarverksmiðjan sé ákaflega hóflegt og skikkanlegt fyrirtæki. Já, látum vera, að hún vilji gjarnan vera það, því að ég sýndi fram á hér áðan, að þetta fyrirtæki græðir og borgar í vexti 16 millj. kr., græðir 11 millj., borgar í vexti 5 millj. kr., á sama tíma sem það borgar tæpar 5 millj. kr. í verkalaun og launin eru lækkuð hjá verkamönnunum, sem vinna þar, og á sama tíma sem áburðarverðið er hækkað til bændanna, þó að laun bændanna séu líka lækkuð, á sama tíma og áburðarverðið er hækkað svo mikið, að það eru brotin lögin um fyrningarafskriftirnar til þess að geta hækkað verðið til bændanna. Það er alveg óþarfi af hæstv. ráðh. að ætla að halda þessu fram sem einhverju hugsjónalegu fyrirtæki, sem eigi ekkert skylt við fjárplógsstarfsemi. Það er auðséð, að það er að nálgast fjárplógsstarfsemina meir og meir einmitt með þessum aðförum. En þó mun þetta aðeins lítið hjá því, sem verða mundi, ef skoðun sú, sem hæstv. ráðherra lét í ljós áðan, yrði ofan á, að þetta fyrirtæki yrði gert að eign hlutafélagsins.

Ef einstakir hluthafar eru búnir að ná undir sig þessu fyrirtæki, sem meðan það á þó að heita ríkisfyrirtæki er byrjað á svona fjárplógsstarfsemi, hvernig mundi starfsemin verða þá, ef meiri hlutinn væri ekki einu sinni kosinn af Alþingi lengur? En hins vegar sú fjárplógsstarfsemi, sem ég hef hér gert að umtalsefni, hefur ekki verið fyrst og fremst sú, að áburðarverksmiðjan taki svona hátt verð og kúgi kaup og annað slíkt og græði svona mikið, á sama tíma sem skorið er við neglur sér við verkamenn og bændur. Fjárplógsstarfsemin, sem ég hef verið að deila á, er að reyna að ná þessu fyrirtæki úr eigu ríkisins. Það er svívirðilegasta fjárplógsstarfsemin.

Ég mun ekki þreytast á því að halda þessu máli vakandi. Ég mun skoða það sem skyldu mína, meðan ég á sæti hér á Alþingi og meðan ekki er búið að ganga ótvírætt frá því, að þetta stærsta fyrirtæki ríkisins sé ríkiseign, að halda áfram að vekja máls á því. Það má vel vera, að hæstv. ráðherra sé orðinn þreyttur á slíku, og væri það þó slæmt, því að hann fyrst og fremst ætti að standa vörð um þetta fyrirtæki sem fulltrúi ríkisins.

Hæstv. ráðherra segir, að ég þjóni ekki verkamönnum og bændum með þessu. Jæja, við getum nú athugað það. Eru ekki einhverjir, sem hafa haldið því fram, að kaup verkamanna megi ekki vera hærra? Hef ég ekki sýnt fram á hér, að áburðarverksmiðjan gæti borið sig, þótt þar væri tvöfalt kaup á við það, sem nú er? Var ekki hæstv. ríkisstj. í sumar að hækka verðið á áburðinum til bænda? Hef ég ekki sýnt fram á hér, að það hefði verið hægt að lækka það? Ég held, að ég þjóni hagsmunum verkamanna og bænda með því að sýna fram á, að verkamenn gætu fengið hækkað sitt kaup og bændur gætu fengið lækkað sitt áburðarverð og samt væri meira en löglegur gróði eftir hjá áburðarverksmiðjunni. Ég tel mig einmitt vera að þjóna verkamönnum og bændum með því að afhjúpa, hvers konar fjárplógsstarfsemi á sér stað hér, ekki aðeins sú, sem felst í þessum gróða, sem þarna er ranglega og með lögbrotum verið að taka af verkamönnum og bændum, heldur með því að það er verið að reyna að ná þessu fyrirtæki úr eigu íslenzka ríkisins yfir í eigu lítils hlutafélags. Og hverjum er hæstv. ráðherra að þjóna með slíkum yfirlýsingum? Ekki verkamönnum og bændum. Það eru þeir fésýslumenn, sem langar til að kaupa hlutabréfin á nafnverði, kaupa á 100 kr. það, sem væri 2000 kr. virði.

Svo fór hæstv. landbrh. að tala um heilbrigðan atvinnurekstur og tyggja upp gamla tuggu um, að verkamönnum væri ekki nein þægð í að fá fleiri krónur, ef þær væru minna virði. Nei, verkamenn vilja fleiri krónur og meira virði, og það er auðséð, að áburðarverksmiðjan getur borgað það, og það skal verða munað.

Hæstv. ráðherra fór í því sambandi að tala um, að illa hefði verið farið með verkamenn. Á ég að lofa honum að heyra, hvernig útlitið er og hverjir það eru, sem fara illa með verkamenn, hvernig kaupmáttur launanna hafi staðið núna síðustu árin? Hann var sérstaklega að tala um 1958 og svo núna til samanburðar 1960. Meðaltal ársins 1958 í kaupmætti tímakaupsins var 96.8, miðað við 1945 sama sem 100. Meðaltal 1957 var

95.8. Það hefur hækkað um eitt stig meðaltalið frá 1957 til 1958. Hvernig er svo útlitið núna 1960, eftir að hæstv. ríkisstj., sem hæstv. landbrh. á sæti í, tók við? Þá hefur kaupmáttur tímakaupsins mánuð fyrir mánuð breytzt á eftirfarandi hátt: Í janúar var hann 99, í febrúar 99, þá komu bjargráðin, ef ég man rétt. Í marz var hann 98, í apríl var hann 93, í maí var hann 92, í júní var hann 89, í júlí var hann 88, í ágúst var hann 88, í september er hann 87.5. Það er orðin lækkun um 13% á kaupmætti tímakaupsins, það sem af er þessu ári, tæp 13%. Hvenær hefur það verið verra á Íslandi? Ég skal lofa hæstv. ráðherra að heyra það. Kaupmáttur tímakaupsins 1945 var 100. 1946 var hann 100. 1947 var hann 102.7. 1948 var hann 98. 1949 var hann 101. 1950 — þá var gengislækkun eins og í ár — fór hann í 92. 1951 var hann 84.7 1952 var hann 84.9. Síðan fer hann að hækka, þegar verkalýðssamtökin tóku í taumana. 1953 var hann 91, 1954 90, 1955 97, eftir stóra verkfallið, 1956 97, 1957 95, 1958 96.8. Þetta er breytingin. Aðeins tvö ár af síðustu 15 árum hafa verið verri en haustmánuðirnir núna hvað kaupmátt tímakaupsins snertir, — aðeins tvö ár: atvinnuleysis- og vesældarárin 1951 og 1952.

Hvað var svo hæstv. ráðherra að segja hér áðan, þegar hann var að tala um, hvenær það hefði verið allra verst? Hvenær var það verst? Það var þessi ár, 1951 og 1952. Núna er það að fara niður í það sama. Það er komið í 87.5, farið að nálgast það, sem þá var, þegar það var á milli 84 og 85. Það er bezt fyrir hæstv. ráðherra að tala ekki sérstaklega digurbarkalega um þessi mál. Það sést, hvert þróunin stefnir núna. Og samfara þessari kaupkúgunardýrtíð, sem þarna fer fram, á sér svo stað það svívirðilegasta gróðabrask, sem nokkurn tíma hefur tíðkazt á Íslandi, sem einmitt kemur fram í því m. a. núna, að þetta fyrirtæki upp á 245 millj. kr. á að lokka og blekkja út úr eigu ríkisins og fá í hendur einstaklingum. Það er ekkert undarlegt, þó að ég álíti það skyldu mína einmitt gagnvart verkamönnum og bændum að afhjúpa þessi fyrirtæki, ekki aðeins þá launakúgun og þá ólöglegu dýrtíðarhækkun viðvíkjandi áburðinum, sem þarna fer fram, heldur líka það rán, sem verið er að fremja með því að reyna að ná áburðarverksmiðjunni úr eigu ríkisins og gera hana með alls konar klækjum að eign einstakra hluthafa. Ég vil þess vegna vonast til þess, að meira að segja hæstv. landbrh. átti sig á, hvað hér sé um að ræða, honum renni blóðið til skyldunnar sem ráðherra íslenzka lýðveldisins og komi til með að skoða það sem skyldu sína að standa vörð um eignir ríkisins, en ekki hjálpa til þess, að þeim sé fleygt með lögbrotum í hendur einstakra gróðabrallsmanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Bann gegn vinnustöðvun atvinnuflugmanna.

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um bann gegn vinnustöðvun íslenzkra atvinnuflugmanna [50. mál] (stjfrv., A. 52).

Á 7. og 9. fundi í Nd., 20. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hinn 5. júlí s. l. voru gefin út bráðabirgðalög þau, sem hér um ræðir, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt um.

Eins og vitað er, eru hér á landi tvö flugfélög, sem starfa af miklum myndarskap og dugnaði. Þessi flugfélög eiga, sem eðlilegt er, oft og tíðum í fjárhagskröggum, þar sem þau verða að kosta miklu til rekstrar og viðhalds flugvéla og annarra eigna, sem nauðsynleg eru rekstrinum. Við höfum verið svo heppin að eignast vel þjálfað og duglegt fluglið, sem hefur gert mögulegt fyrir bæði þessi félög að hasla sér völl ekki aðeins hér innanlands, heldur einnig á erlendum vettvangi.

Flugfélag Íslands gegnir tvíþættu hlutverki. Það annast samgöngur hér innanlands, flýgur til 25 staða reglulega að sumrinu, og hefur þannig rofið algerlega einangrunina. Það hefur komið hinum fjarlægustu og afskekktustu stöðum landsins í gott samband við aðra staði. Þetta er svo mikilvægt, að menn telja nú, að það sé ekki hægt án þess að vera, enda er stöðugt að því unnið að byggja nýja flugvelli og koma fleiri og fleiri stöðum í samband við flugið. Flugfélag Íslands hefur einnig reglubundið áætlunarflug til margra landa í Evrópu og hefur, eins og kunnugt er, tveimur ágætum vélum á að skipa, og hefur með ári hverju farið vaxandi farþegafjöldinn með þessum flugvélum, og sérstaklega nú á s. l. sumri var það áberandi, hversu margir útlendingar flugu með Flugfélagi Íslands. Starfsemi Flugfélags Íslands, bæði í utan- og innanlandsflugi, er svo mikilvæg, að stöðvun á þeim vettvangi mundi valda miklum óþægindum, skaða og vandræðum fyrir fjölda manns, enda er það svo, að a. m. k. ⅓ hluti landsmanna flýgur innanlands með Flugfélagi Íslands.

Flugfélagið Loftleiðir annast eingöngu, eins og kunnugt er, flutning á milli landa, þ. e. til Bandaríkjanna og ýmissa landa í Evrópu. Nú á s. l. vori var byrjað að fljúga til Finnlands, og virðist það ætla að gefa góða raun. Farþegafjöldi með flugvélum Loftleiða hefur aldrei verið meiri en nú s. l. sumar. Og það eru mestmegnis útlendingar, sem fljúga með Loftleiðum. Á s. l. vori var búið að bóka far með flugvélum flugfélagsins Loftleiða langt fram á haust, enda hafa vélarnar alltaf verið fullar yfir hafið, og má segja, að það sé ótrúlegt, að þetta litla félag skuli geta haslað sér völl í samkeppni við auðfélögin, og það er sannarlega mikils virði fyrir okkur, ef þetta má halda áfram.

Það er nauðsynlegt, að ekkert það komi fyrir,

sem getur hindrað það, að framgangur flugfélaganna beggja og efling geti haldið áfram. Það má ekkert það koma fyrir, sem getur valdið okkur álitshnekki út á við og hindrað það, að útlendingar haldi áfram að panta far með íslenzku vélunum.

Nú var það svo á s. l. vori, að það kom upp deila á milli flugfélaganna og flugmannanna. Flugmenn gerðu kröfu um bætt kjör, og það er út af fyrir sig mál, sem ég ætla ekki að blanda mér í að ræða um. Ég skal líka láta hjá líða að fella nokkurn dóm um réttmæti þessara krafna flugmannanna. Það má vel vera, að þeir hafi haft nokkur rök, a. m. k. þegar þeir bera sig saman við þau kjör, sem starfsbræður þeirra hjá auðfélögum erlendis hafa. Ég býst við, að það sé rétt, að auðfélögin, sem eru í samkeppni við okkar tvö fátæku félög, borgi sínum flugmönnum hærra kaup, og sama býst ég við að megi segja um ýmsa hærri launaflokka, að þeir, sem eru taldir í betri launaflokkum hér og hærra launaðir, hafi alls ekki sambærileg laun við það, sem gerist erlendis. Það er t. d. alveg vitað, að verkfræðingar og læknar eru betur launaðir erlendis en stéttarbræður þeirra hér á landi. Það er líka vitað, að launamismunurinn er miklu meiri erlendis en hér á landi. Það er ekki í nokkru landi, sem er eins mikill launajöfnuður og hér. Og þetta er kannske vegna þess, að við erum svo fámennir, við þekkjum hver annan, og það er kannske kostur okkar, að við viljum, að fólkið hafi sem jöfnust og bezt kjör.

Ég þekki svo mikið íslenzka flugmenn, að ég veit það, að þeir vilja á allan hátt vinna að framgangi og eflingu flugfélaganna. Ég þekki þá svo vel, að ég veit, að þeir vilja alls ekki, að það komi til nokkurra mála, að álit félaganna út á við bíði hnekki, og verkfallið, sem flugmennirnir boðuðu á s. l. vori, var boðað í trausti þess, að það næðust samningar. Nú stóð þetta í stappi á milli flugfélaganna og flugmannanna, og samningar höfðu ekki tekizt að kvöldi hins 4. júlí. Það lá þess vegna ekkert annað fyrir að morgni 5. júlí en það yrði stöðvun, að flugvélarnar hættu að fljúga, að tugþúsundir útlendinga, sem höfðu pantað sér far með flugvélunum, mundu kippa til baka sínum pöntunum, að allur rekstur flugfélaganna kæmist á ringulreið og að þau yrðu fyrir varanlegu tapi og varanlegum álitshnekki út á við, þannig að það mátti reikna með því, að útlendingar gætu ekki á eftir treyst því að panta far með íslenzkum flugvélum, vegna þess að það væri ekki hægt á það að treysta, að áætlunin stæðist. Þetta var háskalegt. Og það var ekki þetta, sem íslenzkir flugmenn stefndu að. Engir vildu þetta síður en þeir. En þeir vildu fá bætt kjör, og þeir vildu ná samningum, en samningar tókust ekki, það var staðreynd.

Hvernig átti þá að koma í veg fyrir þann skaða og það tjón, sem hlaut að verða af stöðvuninni? Hvernig átti að gera það? Það var ekki, úr því sem komið var, önnur leið en sú, sem var farin, og sú leið var ekki sársaukafull fyrir flugmennina. Sú leið að láta stöðvun koma til framkvæmda er miklu sársaukafyllri fyrir þá og miklu meira á móti þeirra skapi, því að vinnustöðvunin var boðuð í trausti þess, að það yrði samið, í trausti þess, að ekki kæmi til stöðvunar. Nú er það svo, að samninganefndin, sem átti að semja fyrir hönd flugmannanna, var í nokkrum vanda. Þegar boðað er til verkfalls, er erfitt að snúa aftur nema hafa fengið eitthvað upp úr krafsinu. Nú lá það ekki fyrir, að samninganefndin hefði þau tilboð á hendi frá flugfélögunum, sem nægðu til þess að bjarga heiðri flugmannanna og samninganefndarinnar. Þess vegna voru það bráðabirgðalögin, sem hjálpuðu samninganefndinni út úr ógöngunum og björguðu heiðri hennar gagnvart stéttinni. Bráðabirgðalögin komu líka í veg fyrir, að það ætti sér stað, það sem flugmennirnir vildu allra síst, stöðvun á fluginu, það tjón, sem flugfélögin mundu verða fyrir, ef það yrði stöðvun. Lögin komu þess vegna í veg fyrir stöðvun og urðu þess valdandi, að flugið hélt reglulega áfram s. l. sumar, að íslenzkt flug hefur nú enn sem fyrr möguleika til þess að halda áfram í erfiðri samkeppni við erlend auðfélög. Og Loftleiðir hafa nú gert ráðstafanir til þess að kaupa þriðju Cloudmaster-flugvélina, og veitir ekki af. Ef fram heldur því, sem verið hefur undanfarið, þá er hér enn vitanlega möguleiki til þess að auka farþegafjöldann, auka hróður íslenzkra flugfélaga og íslenzkra flugmanna, og það er það, sem ég er sannfærður um, að við hv. þingmenn viljum allir. Við höfum allir gert okkur það ljóst, hve mikið óbætanlegt tjón hefði getað orðið af því, ef stöðvun hefði orðið á flugi á s. l. sumri, með þeim farþegafjölda, sem í boði var s. l. sumar og verið hefur. Og flugið er nú á leiðinni með að verða ábatasamlegur atvinnuvegur. Það er sannarlega ánægjulegt að vita það, að okkar litlu félög eru að vinna á og fá fleiri og fleiri erlenda farþega þrátt fyrir hina hörðu samkeppni erlendra auðfélaga. Ekkert mistakaspor má stíga í þessu efni, því að þá getum við orðið undir í baráttunni, og það spor, sem sýnist vera aðeins í bili mjög lítið víxlspor, getur vissulega valdið varanlegu tjóni. Og hver trúir því, ef hinir erlendu farþegar, sem voru búnir að panta far með íslenzku flugvélunum á s. l. vori, hefðu vegna stöðvunar og verkfalls orðið að afturkalla það, — hver trúir því, að það hefði ekki haft áhrif næsta sumar og næstu sumur?

Við erum fámennir, við erum litlir í samkeppni við milljónaþjóðirnar og auðfélögin, og það er ekki mögulegt fyrir okkur að sigra í samkeppninni nema hafa traust og dugnað fram yfir það, sem milljónaþjóðirnar hafa.

Ég vil leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2 umr. og hv. samgmn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vonaðist eftir því, að hæstv. landbrh. mundi færa fram einhver ný og gild rök fyrir því óyndisúrræði og því ofbeldisverki, sem hann framdi á s. l. sumri gagnvart verkalýðshreyfingu Íslands. En það var fjarri því, að maður fengi nein ný rök að heyra frá hans hendi. Hann flutti skýrslu um vöxt og viðgang flugfélaganna. Allt um það hygg ég, að þm. hafi verið kunnugt. Hann játaði, að við ættum vel þjálfað fluglið, hvað okkur mun einnig hafa órað fyrir eða verið að einhverju leyti kunnugt. En í því sambandi minntist hæstv. ráðh. ekki á það, að þetta mjög þjálfaða og vel hæfa fluglið

ætti í raun og veru rétt á því að fá sambærilegt kaup og stéttarbræður þess í öðrum löndum. Það fannst honum vera mjög svo eðlilegt, að flugmenn annarra og ríkari þjóða hefðu allt annað og hærra kaup en hið ágæta íslenzka fluglið. En þar erum við ekki á sama máli.

Aðalrökin voru sem fyrr þau, að til þess hefði verið gripið að banna boðað verkfall flugmanna vegna þess, hversu mikilvægt það hefði verið, að flugvélar hinna íslenzku flugfélaga gætu haldið áfram starfi. Mikil lifandi ósköp mundi það ekki vera mikilvægt fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, að íslenzkur sjávarútvegur gæti haldið áfram starfi? Hafa ekki verið gerð verkföll í þeim atvinnuvegi? Eru það ekki lögleg verkföll? Hefur það ekki gerzt í Bretlandi, móðurlandi lýðræðisins, hefur það ekki gerzt í öllum lýðræðislöndum, að verkföll hafi verið gerð, jafnvel í hinum þýðingarmestu atvinnuvegum, jafnt þeim sem öðrum? Er það nokkuð þýðingarmeira fyrir íslenzkt þjóðfélag, að 2—4 flugvélar haldi áfram rekstri, heldur en allur farskipa- og fiskveiðafloti Íslendinga? Slíkt er auðvitað ekki nokkur rökstuðningur fyrir banni verkfalla, nema það vaki fyrir þeim sömu herrum að banna verkföll almennt. Ég mun inna nánar eftir því síðar, hvort það sé kannske tilgangurinn, að það eigi bara við þarna, að á mjóum þvengjum sé byrjað.

Þegar leið á ræðu hæstv. ráðh., virtist mér rökstuðningur hans helzt hníga að því, að verkfallsbannið hefði verið gert fyrir flugmennina, þ. e. til þess að bjarga sóma þeirra. Þvílíkt bjargræði! Ætli hæstv. ráðh. hafi ekki borizt þakkarávörp frá flugmönnunum fyrir það, að hann skyldi bjarga sóma þeirra? Ég hygg, að hann hafi ekki fengið neitt slíkt þakkarávarp, enda var hann ekki að bjarga sóma þeirra.

Það er rétt, að það stóð í stappi um launakjör íslenzkra flugmanna. Þeir sátu annars vegar við samningaborð og eigendur flugfélaganna hinum megin og Vinnuveitendasamband Íslands á næstu grösum. Og þetta var þeirra lýðræðislegi réttur. Þeir ætluðu að semja um verðið á vinnu sinni, og það er heimilað í íslenzkum lögum. Samningar tókust svo ekki, segir hæstv. ráðherra. Það var aldrei reynt til hlítar að ná samningum. Við vitum það ósköp vel, sem í samningum höfum staðið við atvinnurekendur, að það er þeirra háttur og venja að neita af allt of mikilli óbilgirni öllum kröfum, sem verkalýðsfélögin bera fram, þangað til á síðustu stundu, þegar verkfallsvopnið vofir yfir þeim og það á alveg að fara að byrja. Þá er venjulega reynt að leysa svolítið frá pokahorninu og byrja að ganga inn á eitthvað í sanngirnisátt. En á þetta var ekki reynt. Ofbeldissverði verkfallsbannsins var brugðið á loft, áður en það væri fullreynt, hvort næðust samningar með friðsamlegum hætti við flugfélögin eða ekki.

Hæstv. ráðh. sagði: Vinnustöðvunin var boðuð í trausti þess, að samningar næðust. — Þetta hygg ég, að sé alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Verkalýðsfélögin boða alltaf til verkfalls í trausti þess, að ef ekki hafa náðst samningar með friðsamlegum hætti, þá muni þeir þó nást, þegar verkfallshættan vofir yfir. Vissulega boðuðu flugmennirnir til verkfalls í því trausti, að með því að láta það liggja við, að verkfallið með öllum þess afleiðingum skylli á flugfélögunum, ef þau gerðu ekki neitt í þá átt að ganga í sanngirnisátt móti óskum þeirra, þá yrðu þau fyrir því tjóni, sem hlytist af verkfalli. Og þetta gerðu þeir þrátt fyrir það, þó að þeir óskuðu einskis frekar en flugfélögin gætu haldið áfram störfum, vildu aðeins fá það fram, að þeirra þriggja ára gamli kjarasamningur yrði endurskoðaður og leiðréttur nokkuð vegna mjög breyttra viðhorfa og aðstöðu, bæði að því er snerti flugvélakost félaganna og vinnutíma og afköst í sambandi við það og svo um kaupgjaldshliðina sjálfa. En mjög hafði, eins og allir vita, breytzt aðstaða á þessum þremur seinustu árum, að því er snertir verðlag í þessu landi og þar með í raun og veru rétt manna til verulegra breytinga á kaupgjaldi.

Sannast að segja bjóst, held ég, enginn við því, að hæstv. ríkisstj. bannaði verkfall flugmannanna. En þetta mun samt hafa verið gert í trausti þess, að þarna væri um fámenna stétt að ræða og að í krónutölu hefðu þessir menn hærra kaup en almennt verkafólk. En engum heilvita manni mundi nú detta í hug að ætla að miða kaup manna, sem kostuðu eins mörgum árum ævi sinnar til sérnáms og flugmenn hafa gert, né manna, sem hafa eins skamma starfsævi og flugmenn hafa sökum þess, hversu strangar líkamlegar kröfur eru gerðar til hæfni þeirra, að jafna kaupi þeirra við kaup ófaglærðra verkamanna, og þar með væri líka öll ástæða fallin burt fyrir því, að kaupbreyting til þessarar stéttar hefði getað orðið nokkurt algilt fordæmi fyrir verkalýðsstéttina almennt. Verkfallsbannið er þess vegna algert vindhögg út í loftið, klámhögg, sem er þeim til skammar, sem greiðir, að fornum skilningi, hafi það verið ætlunin að taka þarna prinsip-afstöðu almennt gagnvart verkalýðnum í landinu. Þarna var um stétt að ræða, sem hafði verulega sérstöðu á margan veg. En þetta högg var látið ríða. Það var látið heita svo, að þetta hafi verið greitt einu litlu stéttarfélagi í Alþýðusambandi Íslands. En það hefur ekki dulizt verkalýðshreyfingunni frá því kvöldið 5. júlí, að brbl. voru sett, að höggið var greitt verkalýðshreyfingunni allri í heild, og hanzkinn hefur verið tekinn upp af verkalýðshreyfingunni almennt vegna þessarar árásar á flugmennina.

Það væri vissulega synd að segja, að samtök alþýðustéttanna á Íslandi hafi verið í náðinni eða átt upp á pallborðið hjá þessari hæstv. ríkisstj. Á hendur þeim hefur hver árásin rekið aðra. Fyrst varð samvinnuhreyfingin fyrir hverju högginu á fætur öðru. Það var tekin upp sú nýbreytni, sem byggist á engu réttlæti, að skattleggja viðskipti félagsmanna innan samvinnuhreyfingarinnar. Og það var tekin upp sú nýlunda að heimta helminginn af sparifjáraukningu í innlánsdeildum kaupfélaga úti um allt land til þess að flytja þetta til Reykjavíkur til geymslu og frystingar hér í Seðlabankanum. Frekar hafði þó á undanförnum árum þótt þurfa að gera stjórnmálaaðgerðir í þá átt að dreifa fjármagninu út um landsbyggðina heldur en að safna því saman utan af landsbyggðinni og safna því til Reykjavíkur, þangað sem öll þjóðfélagsþróunin safnar fjármagni þjóðarinnar um of. Og þá kom röðin að verkalýðshreyfingunni, hinni fjöldahreyfingu

hins vinnandi fólks. Í fyrsta lagi var það í tíð ríkisstj. Emils Jónssonar, þegar 27 vísitölustig voru skorin burt og kaup verkamannsins þar með lækkað um kr. 3.19 á klst. og kaup verkakonunnar um kr. 2.48 á klst. Það hafa ekki allir innbrotsþjófarnir í Reykjavík, sem hafa verið að stelast hér inn í búðir, farið með myndarlegri summu út en tekin var þarna í burtu með lagaákvæðum af árstekjum verkamanna og verkakvenna. En þetta var gert af löggjafanum. Þetta var þó ekki nóg. Það varð að fylgja betur eftir, og þá var ákveðið að afnema alla vísitölu á kaup, slíta kaupgjaldið í landinu úr tengslum við verðlagið, tryggja það, að verkamenn fengju helzt engar bætur í kaupgreiðslum, hvað sem verðlagið þyti upp á við. Fiskverð sjómanna var bundið með lögum, þótt ný gengisskráning gæfi tilefni til hærra fiskverðs. Það skyldi falla í hlut útgerðarmanna, eftir því sem vissir herrar skömmtuðu þeim þó, en sjómennirnir skyldu sitja með sama fiskverð og þeir höfðu, áður en gengislækkunarlögin voru sett á. Það var kveðjan til þeirra. Og svo kom verkfallsbannið, sem er ekkert sérmál flugmannanna einna, heldur mál verkalýðshreyfingarinnar allrar. Það er árás ríkisstj. Íslands á verkalýðshreyfinguna í landinu og ekkert annað.

Ég held, að hæstv. landbrh. hefði ekki farið út á þessa braut, ef hann hefði gert og gerði sér fulla grein fyrir því, hvað verkfall er eða hvernig á verkföll og verkfallsrétt er litið hjá lýðræðisþjóðum yfirleitt. Það er ekkert nýtt mál erlendis, að verkföll séu viðurkennd sem helgur réttur verkalýðsstéttarinnar í sjálfsvarnarskyni, og hér á landi hefur þessi réttur verið viðurkenndur líka með setningu laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Og þessi réttur hefur ekki verið tekinn af verkamönnum með löggjöf, svo að ég minnist, fyrr en þessi hæstv. landbrh. gerði það.

Það er einn af dýrmætum ávöxtum stjórnarbyltingarinnar miklu í Frakklandi, að þá var viðurkennt og leitt í lög almennt athafnafrelsi í því landi. Í því hugtaki fólst m. a. það, að verkamenn skyldu vera frjálsir að því að selja vinnu sína á því markaðsverði, sem ákvarðaðist af framboði og eftirspurn. Þeir skyldu enn fremur vera frjálsir að því að neita að vinna fyrir þetta verð, og verkamennirnir skyldu enn fremur vera frjálsir að því að leggja niður vinnu og fara heim, hvenær sem þá lysti, ef þeir gætu ekki samþykkt þetta lágmarksverð.

Á sama hátt fékkst þá einnig viðurkenning fyrir því, að atvinnurekendur skyldu vera frjálsir að því að borga verkamönnum lægstu laun, sem hægt væri að fá þá fyrir, bæði karla og konur og börn, og þeir skyldu vera frjálsir að því að segja þeim upp vinnu, hvenær sem þeim sýndist svo.

Með þessu var viðurkennt, að vinnan eða vinnuaflið bæri að verðleggja á sama hátt eins og aðrar vörur. Þarna færi fram kaup og sala milli atvinnurekendanna og verkamannanna. Verkamaðurinn væri seljandi vinnunnar, vinnuseljandi, og atvinnurekandinn vinnukaupandi. Með þessu var launakerfi nútímans í rauninni komið á fót. En þegar svona var komið, hófst næsta ójafn leikur, því að þetta gagnkvæma frjálsræði veitti atvinnurekendum miklu sterkari aðstöðu til þess að verðleggja vinnuna en eigendum sjálfrar vinnunnar, verkamönnunum. Gagnvart atvinnurekendunum stóð verkamaðurinn einsamall, veikur og vanmáttugur, og víða í löndum var aðstaða atvinnurekendanna auk þess styrkt með lagaákvæðum, sem bönnuðu öll samtök verkamanna. Þannig gat atvinnurekandinn oftast ákveðið einn verð vinnunnar, en ekki eigandi vinnuaflsins, verkamaðurinn. Ef verkamaðurinn hikaði eða neitaði að taka boði atvinnurekandans, gat sá síðarnefndi venjulega annaðhvort beðið eða fengið aðra menn í verkið. Verkamaðurinn gat hins vegar í fæstum tilfellum beðið. Hann gat verið knúinn til að ganga að hvaða kostum sem var þegar í stað, og það, sem rak hann áfram, gat verið margt. Það gat t. d. verið atvinnuskortur, það gat verið stór fjölskylda að baki honum eða það gat beinlínis verið sulturinn.

Verkamennirnir urðu því að heyja langa og harða baráttu fyrir því að mega stofna til samtaka sín á milli, svo að þeir stæðu ekki inn gagnvart atvinnurekendavaldinu, þ. e. a. s. þeir urðu að berjast fyrir réttinum til að mega koma sér saman um ýmsar sameiginlegar kröfur og jafnvel um að neita að vinna eða það, sem við köllum að gera verkfall. Þessi réttindi fengu verkamenn viðurkennd í móðurlandi lýðræðisins, Englandi, í byrjun 19. aldar, 1824, í Frakklandi nokkru seinna, 1864, og í Þýzkalandi með atvinnulöggjöfinni, sem var lögleidd árið 1869. Og þetta var strax í áttina. En það reyndist ekki nóg. Verkamenn sáu fljótt, að tímabundin samtök og samkomur af tilviljun leystu ekki þeirra vandamál. Þeir þurftu að öðlast rétt til þess að stofna fastmótuð félög, sem héldu uppi merkinu og störfuðu áfram til langframa. Þennan rétt öðluðust verkamenn í Englandi á undan öðrum löndum, árið 1871, og í Frakklandi 1884. Á Norðurlöndum fer verkalýðshreyfingin fyrst að ná nokkrum þroska eftir 1880. Danska alþýðusambandið er stofnað í ársbyrjun 1898, hið sænska síðar sama ár, norska alþýðusambandið 1899 og það finnska 1907 og Alþýðusamband Íslands 1916.

Ég hef verið að leitast við að lýsa aðstöðu verkamannsins gagnvart atvinnurekandanum og hvernig þessi aðstaða hefur þróazt, jafnazt nokkuð, einkanlega með réttinum til þess að mega stofna stéttarfélög og síðan að mega styrkja aðstöðu stéttarfélags síns með stofnun stéttarsambanda og enn fremur með stofnun alþjóðasambanda og þátttöku aðal-landssambandanna í þeim. Í stað samninganna við hvern einstakan verkamann um kaupið, sem venjulega þýddi sjálfsákvörðun atvinnurekandans, eins og ég sagði áðan, eru nú komnir og löghelgaðir samningar við félagssamtök verkamanna. Samtökin eru það, sem gera verkamanninum kleift að neita að vinna. Þau útiloka hættuna á því, að annar verkamaður geti hlaupið í skarðið og tekið vinnuna fyrir lægra kaup. Og til þess að verkamennirnir þoli bið, meðan á samningum eða deilu stendur, leggja verkamenn venjulega til hliðar dálítið af litlu kaupi sínu, mynda verkfallssjóði, svo að ábyrgðin gagnvart fjölskyldunni og sulturinn reki þá ekki alltaf strax til óyndisúrræða og uppgjafar. Og þá er komið að verkfallshugtakinu, sem ég held að hæstv. ráðh. vanti algerlega skilning á.

Ég vil leyfa mér að tilfæra skoðanir eins af kunnustu hagfræðingum Frakka í lok 19. aldarinnar um hugtakið „verkföll". „Verkföllin eru," segir hann, „oft álitin vera aðaltilgangur og takmark stéttarfélaganna. En það er í rauninni misskilningur. Stéttarfélag, sem vel er stjórnað, getur vel unnið sigra án verkfalla, og það gera þau raunar oftast, alveg eins og góður herforingi getur stýrt liði í leiðangri, án þess að til bardaga komi. En samt sem áður," segir hann, „er verkfallið síðasta og tilþrifamesta úrræðið, þegar allt um þrýtur og önnur ráð reynast ónóg. Og hvað er þá verkfallið í raun og veru?" spyr hann. „Það er ekki fólgið í því einu að neita að vinna. Það er ekki heldur fólgið í því einu að hætta við byrjað verk. Verkfallið er þvingunarráðstöfun, sem annar aðilinn beitir til þess að neyða hinn aðilann til þess að fallast á breytingar á ýmsum samningsatriðum, sem ekki hafa náðst að öðrum kosti, t. d. til að hækka umsamin vinnulaun. Þegar um verkfall er að ræða, felst þvingunin í stöðvun vinnunnar og því tjóni, sem hún getur haft eða hefur í för með sér fyrir atvinnurekandann. Verkfall er því aðeins ráð, sem dugir, að margir taki þátt í því, t. d. allir verkamenn í verksmiðju undantekningarlaust eða allir verkamenn í einni og sömu atvinnugrein, og þá er verkfallið vissulega hættulegt vopn, því að atvinnurekendurnir geta þá ekki veitt hver öðrum stuðning, eða þá loks, að allir verkamenn í öllum atvinnugreinum taka þátt í því, og er það þá orðið að allsherjarverkfalli, sem er enn hættulegra vopn og bitrara í höndum verkamanna. Það, sem alltaf einkennir verkföllin, eru undanfarandi samtök, sem verkamenn bindast. Verkfallið er því eins konar hernaðarráðstöfun, þar sem markmiðið er að koma því fram með þvingun, sem fæst ekki með góðu, samningum eða neinum öðrum úrræðum."

Lengi vel og í flestum löndum voru verkföll talin refsivert athæfi og varðaði við lög, en nú er svo komið, að í flestum löndum er verkfallsrétturinn viðurkenndur í lögum, og það er hann einnig hér á landi.

Sami hagfræðingur og ég áðan vitnaði til, segir enn fremur um verkföll og verkbönn:

„Nú á dögum andmæla menn ekki lengur réttmæti verkfalla," — nema hæstv. ráðh. hérna á Íslandi, — „og frjálslyndir hagfræðingar voru fyrstir manna til þess að viðurkenna réttmæti þeirra og það löngu áður en það var viðurkennt að lögum." — Því ekki að fara til hagfræðinga í þessu tilefni, frjálslyndra hagfræðinga? — „Hvers vegna var verkfallsrétturinn viðurkenndur? Auðvitað af því, að þegar verkföllin fela í sér neitun um að vinna, enda þótt menn taki sig saman um það, þá gera menn þó ekkert annað með því en að nota frjálsræði sitt, og menn verða að viðurkenna réttindi verkamannastéttarinnar til þess að verja sig og hagsmuni sína með stríði, á meðan engir dómstólar eru til, sem dæmt geti í deilum milli fjármagnsins og vinnunnar, alveg eins og menn verða að viðurkenna rétt þjóðanna til ófriðar, til þess að verja sjálfstæði sitt og heiður eða til þess að skera úr deilumálum, meðan enginn æðsti dómstóll er til í heiminum, er geti dæmt í þeim efnum."

„Þar að auki," segir hann, „væri það mikið ranglæti, sem væri í því fólgið að neita verkamönnum um rétt til verkfalla, þegar þess er gætt, að það er ekki unnt að neita atvinnurekendunum um sams konar rétt. Að minnsta kosti er það svo, að öll lög og refsiákvæði vegna verkfalla koma eingöngu niður á verkamönnunum, bitna á þeim og þeirra aðstandendum. Og þó að lögin gætu algerlega tekið fyrir það, að verkamenn undirbyggju verkfall með fundum, samkomum og kröfugöngum og öðru því, sem nauðsynlegur aðdragandi er, þá geta lögin hins vegar alls ekki stemmt stigu við því, að nokkrir atvinnurekendur komi saman á einum stað til þess að koma sér saman um að lækka vinnulaunin eða að lýsa yfir verkbanni. En verkbannið er, eins og kunnugt er, andstæða verkfallsins, vopn, sem atvinnurekendurnir beita gegn verkamönnunum. Þegar verkbanni er beitt, þá eru það atvinnurekendurnir, sem neita verkamönnunum um vinnu og geta gert það hæglega með samtökum, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir. Þeir gera það bókstaflega með því að koma sér saman um að loka verksmiðjum sínum og verkstæðum samtímis eftir samkomulagi, sem áður er komið á á milli þeirra. Með þessu móti þvinga þeir verkamennina til undanlátssemi."

Hinn frægi þjóðhagfræðingur, Adam Smith, hélt því fram, að atvinnurekendur hefðu alltaf samtök sín á milli, svo að litið bæri á, og slíkt samband ættu þeir, benti hann á, miklu hægara með að gera en verkamenn, af því að þeir eru svo mörgum sinnum færri. Ef menn hefðu ekki neitt til þess að vega upp á móti þessum mikla aðstöðumun af verkamannanna hálfu, sagði hann, þá mundi það auðvitað leiða til þess, að þeir yrðu að vera áfram kúgaðir.

Þetta var nú svolítill pistill um verkföll og eðli þeirra og um rétt verkamannanna til að beita þeim og þeirri þvingun, sem í þeim felst, ekki síður en rétti atvinnurekenda til verkbanns.

Í hinni hvítu bók ríkisstj. var vikið nokkuð að því, hvaða vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. ætlaði að beita viðvíkjandi kaupgjaldsmálum. Því var þar lýst yfir, að það skyldi verða óheimilt að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu, en síðan sagði: „Hins vegar eru ekki í tillögum stjórnarinnar nein ákvæði um grunnkaup. Það er stefna ríkisstj., að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda." Og þess vegna spyr ég, — þetta er yfirlýst stefna í hinni hvítu bók, sem ber nafnið „Viðreisn": Hvers vegna sveik hæstv. ríkisstj. þetta? Ég veit, að svarið er: Við urðum að svíkja það eins og allt annað. Það var ekki viðeigandi að láta það eitt standa eftir ósvikið.

En það var víðar vikið að þessu máli í hinni hvítu viðreisnarbók, því að á bls. 22 er sérstakur kafli um flugmenn, farmenn og námsmenn, og þar er játað, að það standi alveg sérstaklega á með flugmenn og farmenn og námsmenn, því að þeir verði fyrir nokkuð þungum búsifjum af viðreisninni, þar sem þeir hafi áður notið þeirra friðinda að fá erlendan gjaldeyri keyptan með 30% álagi eða miklu ódýrar en annað fólk í landinu, og manni skildist, að einmitt vegna þessara sérstöku flugmanna, farmanna og námsmanna

stæði til að gera einhverjar ráðstafanir þeim til verndar, þeim til hagsbóta, en ekki, að sú yrði framkvæmdin að níðast á flugmönnum, farmönnum eða námsmönnum. En sú varð raunin. Og þegar þessi pistill hefur verið lesinn niður bls. 22 og byrjað er á bls. 23, þá kemur aftur það, sem nú skal greina, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvörðun grunnlauna verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaga.“ Það er eins og þegar lygnir menn eru að segja: Þetta er satt, — og leggja alveg sérstaklega mikið við, að nú sé verið að segja satt. Þeir í viðreisninni endurtaka þetta, að grunnkaup eigi framvegis að vera háð frjálsum samningum milli atvinnurekenda og stéttarfélaga. Af hverju eru þeir að endurtaka þetta? Af því að þeir ætluðu sér að svíkja það. Þessu er sem sé marglofað, að við hinum frjálsa rétti verkalýðsfélaga til að semja um grunnkaup við atvinnurekendur skuli ekki vera hróflað, það skuli standa, þó að mönnum kannske þyki þungt að búa undir vísitöluafnáminu, þá skuli þó þessi réttur standa óskertur.

En Adam var ekki lengi í paradís, og þessi loforð stóðu ekki lengi. Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðh. alveg hreint og krókalaust aftur: Hvers vegna taldi ríkisstj. sig nauðbeygða til þess að svíkja þessi loforð?

Samningar flugmanna stóðu yfir meginhluta júnímánaðar. Þeir höfðu sett fram sínar kauphækkunar- og kjarabótakröfur. Flugfélögin höfðu gert þeim gagntilboð, og þegar svo stóðu sakir, var bilið ekkert orðið geysilega mikið á milli þess, sem félögin buðu, og þess, sem flugmennirnir kröfðust. Það var að vísu liðið nokkuð að þeim degi, að flugmennirnir höfðu boðað verkfall. Það var komið fram á daginn 5. júlí, og verkfall skyldi hefjast 6. júlí. En það var einmitt sá dagur, sem helzt var hægt að gera sér vonir um að samningar kynnu að nást, að bilið, sem var á milli enn þá, yrði brúað. Og það töldu samningamenn flugmannanna, að með því að þeir slökuðu nokkuð til á þeim fundi, sem átti að byrja um kvöldið, þá væntu þeir, að þetta skryppi saman og ekki yrði úr verkfalli. En þegar þeir komu á þann fund um kvöldið þann 5. júlí, — hvað gerðist þá? Þá gerðist það í upphafi fundar, að flugfélögin tilkynna: Við tökum til baka öll þau tilboð, sem við höfum gert, þau eru ekki lengur fyrir hendi, — í stað þess að flugmennirnir væntu, að það yrði lagt fram nýtt tilboð eitthvað í tilslökunarátt, örlítið í tilslökunarátt, svo að þeir gætu komið með örlítið í tilslökunarátt líka. Nei, öll tilboð flugfélaganna voru tekin aftur í byrjun þessa samningafundar, sem gat ráðið úrslitum. Hvað hafði gerzt? Það vissu flugmennirnir ekki. Það vissi enginn, þangað til um kvöldið, að í útvarpinu var tilkynnt, áður en félagi flugmanna var tilkynnt það, að landbrh. á Íslandi, Ingólfur Jónsson, hefði sett brbl., sem bönnuðu hið boðaða verkfall flugmanna. Þá skildu menn, hvernig í öllu lá. Á þeirri stundu, sem flugfélögin fengu að vita um, að ráðh. og ríkisstj. væru ákveðin í að banna verkfallið, þóttust þau ekki þurfa neitt að bjóða, enga sanngirni að sýna lengur, þá væri hægt að standa í skjóli við löggjafann og sýna hnefann.

Forsendurnar, sem birtar voru fyrir þessum brbl., voru á þann veg, að í fyrsta lagi yrði ráðh. að banna verkföllin, vegna þess að þau mundu valda algerri stöðvun á flugi þeirra tveggja íslenzkra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi. Vitanlega, ef til verkfallsins hefði komið, hefði það stöðvað flugvélarnar. En þar lá svo mikið við fyrir flugfélögin, að það var ekki hægt að ætla annað en að þau vildu vinna það til að gera einhverjar breytingar á 3 ára gömlum samningi við sína góðu starfsmenn. Og það verð ég að segja, að það var skoðun flugmannanna, að flugfélögin vildu sjálf fá að lagfæra kjör sinna manna. Og það var enn fremur skoðun flugmannanna, sem stóðu í samningunum, að það hefði verið Vinnuveitendasamband Íslands, sem hefði bannað þeim það, tekið af þeim ráðin. Og svo fékk Vinnuveitendasamband Íslands stoð ríkisvaldsins. Þannig skyldi þetta litla félag kúgað.

Önnur ástæðan var sú, að rekstrarafkoma þessara félaga mundi ekki þola slíka stöðvun og væri því framtíð þeirra teflt í mikla hættu, ef starfsemi þeirra yrði þannig stöðvuð. Það var þeim í sjálfsvald sett að leysa sig úr þessum vanda með því að sýna nokkra tilhliðrunarsemi. Ég fullyrði það, að flugmennirnir voru ekki með svo óbilgjarnar kröfur, að það hefði ekki verið fullsómasamlegt fyrir flugfélögin að ganga að þeim. Þeir voru fullir sáttfýsi, eins og ráðh. sagði hér áðan. Þeir vildu, að flugfélögin stöðvuðust ekki í starfsemi sinni. Þessi verkfallsboðun var engin fjandskaparráðstöfun gegn flugfélögunum. Hún var gerð eins og verkföll eru yfirleitt gerð og er í fullum rétti að gera af verkalýðshreyfingum allra landa, — gerð til þess að knýja á til úrslita um vissar kröfur.

Það voru engar líkur til, að þarna yrði langvarandi verkfall, eiginlega ekki neinar líkur fyrir því, að það kæmi til vinnustöðvunarinnar, ef ekki hefði verið gripið þarna inn í. Slík stöðvun var þriðja ástæðan. Það var þriðja ástæðan, að slík stöðvun mundi, er þúsundir erlendra ferðamanna höfðu pantað far hjá vissum félögum, verða flugfélögunum og þjóðinni allri álitshnekkir og stórspilla samkeppnisaðstöðu íslenzkra flugfélaga á alþjóðavettvangi. Útlendingar áttu þarna í hlut. Þeir máttu ekki missa af farkostinum. Það yrði til álitshnekkis fyrir flugfélagið. — Þetta er alger misskilningur á eðli verkfalla. Verkföllin eru talin algerlega óviðráðanlegt atvik af hendi atvinnurekenda. Þeir verða fyrir engum álitshnekki við það, þótt þeir verði að boða truflun á sinni starfsemi, vegna þess að þeir hafi lent í verkfalli. Og það eru áreiðanlega til þeir lögfræðingar í hæstv. ríkisstj., að þeir vita, að það er talin alveg fullgild afsökun fyrir fyrirtæki, sem það verður ekki fyrir ámæli af. Það verður ekkert brezkt skipafélag fyrir ámæli, þó að skip þess stöðvist og farþegar missi af farkosti vegna verkfalls, eða brezk flugfélög eða flugfélög neinna þjóða. Þau hafa fulla afsökun, þau hafa ekki svikið neinn, þó að stöðvun verði vegna verkfalls. Þetta er vitnisburður um allt of mikla fáfræði um eðli verkfalla og engin röksemd fyrir verkfallsbanninu, fyrir utan það, að það sé alvarlegra, ef útlendingur verður fyrir vonbrigðum, missir farkost, heldur en ef það væri íslenzkur maður. Verður það nokkuð verra, þó að útlendur maður komist

ekki með Gullfaxa, heldur en íslenzkur. Hvers konar óæðri sess eiga Íslendingar að skipa þarna? Það er aðalröksemdin, að útlendir menn verði fyrir vonbrigðum. Það mátti ekki ske.

Loks mundi stöðvun á starfsemi flugfélaganna, þar með á flugi á innlendum flugleiðum, valda innlendum aðilum tilfinnanlegum óþægindum og tjóni. Þetta er rétt auðvitað. Verkfall veldur tjóni þeim, sem verður fyrir því. Og það er þess vegna, sem verkfallsvopnið er áhrifarikt vopn. En viðkomandi aðili á alltaf að meta það, hvort hann veldur sér meira tjóni með því að semja eða með því að þola afleiðingar verkfallsins.

Nei, röksemdirnar fyrir þessu verkfallsbanni eru hégómi einn og fyrirsláttur. Lagasetningin stendur á brauðfótum. Lagasetningin er þessi, felst í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt skal að hefja verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hefur boðað til hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum 6. júlí 1960, svo og aðrar slíkar vinnustöðvanir af öðrum íslenzkum atvinnuflugmönnum fyrir 1. nóvember 1960.“

Sem sé, þessi lög bönnuðu boðað verkfall flugmanna á tímabilinu frá 6. júlí til 1. nóv. Þegar sá tími væri liðinn, hefur hæstv. ríkisstj. líklega ályktað sem svo, að þá yrði ekki svo mikið að gera hjá íslenzku flugfélögunum, að það varðaði þau miklu, þó að þau lentu þá í verkfalli, því að eftir 1. nóv. virðist verkfallsrétturinn vera fenginn þeim aftur í hendur, þá líklega af því að hann sé gagnsminni en hann var þeim í sumar. En ef við lítum á allar þessar fjórar ástæður, fyrstu, aðra, þriðju og fjórðu, þá eru þær allar þess eðlis, að þessar mundu afleiðingarnar alltaf vera í hverju einasta tilfelli, þegar verkfall væri boðað. Þær gætu valdið viðkomandi fyrirtæki, sem stöðvaðist, tjóni. Menn, innlendir eða útlendir eða jafnvel hvort tveggja, fengju af því óþægindi. Það gæti orðið þungt í skauti fjárhag fyrirtækis, sem stæði lengi í verkfalli. Þessar röksemdir falla allar saman niður, nema því aðeins að þær eigi að sýna, að ríkisstj. sé reiðubúin til að banna öll verkföll, banna verkföll, ef atvinnutæki einstaks atvinnurekanda er stöðvuð, banna sjómannaverkföll, ef sjávarútvegurinn ætti sína hagsmuni undir því að geta verið rekinn án stöðvunar, banna farskipaverkföll, banna öll verkföll. Kannske hæstv. ríkisstj. vilji færast það í fang? Ég hygg, að hún geri það ekki, eftir að hún er búin að þreifa á reynslunni af þessu tiltæki sínu, því að vandamálið, sem hún ætlaði að leysa með þessu verkfallsbanni sínu í sumar, er óleyst enn, og það getur vel farið svo, að það sé torleystara nú, það vandamál, sem þá stóð til að leysa, heldur en ef hefði verið gengið í það að leysa það fyrir miðnætti 6. júlí.

Það var óhyggilegt í mesta máta að grípa fram í þetta kvöld með bráðabirgðalagasetningunni. Það var þetta kvöld, sem mestar vonir stóðu til að geta leyst málið friðsamlega. Það var ekki einu sinni búið að gera það, sem gera ber í hverri deilu, áður en gripið er til óyndisúrræða, og það er að bera fram miðlunartill. í nafni sáttasemjara. Það var ekki gert í þessari deilu. Til þess ætlast þó íslenzk löggjöf meira að segja.

Fyrir svona lagaboði er ekkert fordæmi, að ég muni, í íslenzkri löggjöf, ekkert hliðstætt dæmi þessu í sögu íslenzkra verkalýðssamtaka.

Hver urðu nú viðbrögð flugmannanna við þessu? Þeir ákváðu fyrst um sinn að hlíta þessari ofbeldiskenndu löggjöf. Þeir töldu, að í henni fælist þó ekki annað en bannið við að hefja þetta verkfall. Þeir fóru því á fund flugfélaganna daginn eftir og vildu ganga úr skugga um það, hvort flugfélögin vildu ekki halda áfram samningaviðleitni enn og freista þess þrátt fyrir lagasetninguna að leysa málið á friðsamlegan hátt. Hvert var svar flugfélaganna? Það var það, að þau litu svo á, að með lagasetningunni um verkfallsbannið væri þeim einnig bannað að semja um allar kjarabætur til flugmannanna, ríkisstj. ætlaði með þessari lagasetningu að koma í veg fyrir kauphækkanir, þeim væri því ekki frjálst, að þau töldu, að semja. Þá var það, sem þeir vildu ganga betur úr skugga um, hver væri skilningur hæstv. ráðh. á þessu, sem hafði sett lögin, og vildu eðlilega fá viðtal við hann, þóttust eiga við hann nokkuð gilt erindi, sem mig skal ekki furða. En ráðh. hafði ekki tíma. Hann sendi þeim þau boð snúðugt, að þeir gætu fengið að tala við sig næsta miðvikudag, þegar almenningur kæmi í viðtal til hans. Þarna var bætt svona gráum lagði ofan á svart, og er það hæstv. ráðh. til einskis sóma.

Spurningin er þessi: Felst ekki aðeins bann við verkfalli í þessum lögum? Felst einnig það í lögunum, að viðkomandi aðilum, sem þarna áttu hlut að máli, og þá öðrum, væri ekki frjálst að semja, að samningsrétturinn væri tekinn af þeim líka? Var, — ég spyr beint, — var það skilningur hæstv. ráðh., að flugfélögunum væri með þessari lagasetningu bannað að semja um nokkrar kjarabætur til sinna manna, flugmannanna? Eða voru flugfélögin bara þarna að skjóta ráðherranum fyrir sig sem skildi? Það væri strax bót í máli, ef við fengjum að vita það, að þeim hefði verið alfrjálst að semja þrátt fyrir verkfallsbannið, semja um kjarabætur til sinna manna.

Þetta sama kvöld, sem lögin voru birt í ríkisútvarpinu, boðaði miðstjórn Alþýðusambands Íslands til fundar og ræddi þetta mál, því að þetta var einstæður og alvarlegur aburður í verkalýðssögunni. Mönnum kom þar saman um, að verkfallsbannið væri ekki einkamál þessa félags, það væri mál, sem snerti alla verkalýðshreyfinguna og hennar rétt í kjarabaráttunni. Þess vegna var það, að miðstjórnin gerði svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur á fundi sínum rætt um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, sem banna boðað verkfall atvinnuflugmanna. Miðstjórnin mótmælir harðlega setningu þessara bráðabirgðalaga og lýsir því yfir, að hún telur lagasetninguna óréttmæta og harkalega árás á helgasta rétt verkalýðssamtakanna. Skorar miðstjórnin því á ríkisstj. að nema lögin þegar úr gildi.“

Flugmennirnir sjálfir — atvinnuflugmennirnir — héldu auðvitað líka fund í sínu félagi og samþ. þar mótmæli. Sú mótmælaályktun er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur Félags íslenzkra atvinnuflugmanna,

haldinn 6. júlí 1960, leyfir sér að mótmæla setningu bráðabirgðalaga frá 5. júlí 1960, um bann við verkfalli atvinnuflugmanna. Sérstaklega lítur fundurinn alvarlegum augum á, ef nefnd bráðabirgðalög verða m. a. til þess að hindra samninga um vakttíma við flug, en flugmenn leggja ríka áherzlu á að fá hann styttan af öryggisástæðum, og lagaákvæði þar að lútandi eru ekki til í íslenzkum lögum eða reglugerðum frá því opinbera. Fundurinn skorar á hæstv. ríkisstj. að nema bráðabirgðalög þessi nú þegar úr gildi."

Þarna sýna atvinnuflugmennirnir, hvaða atriði það var, sem þeir lögðu ríkasta áherzlu á og þeir hefðu metið mikils, ef flugfélögin hefðu gengið inn á það atriði, það var að takmarka vakttíma við flug — og það beinlínis af öryggisástæðum. Það hefði þó ekki kostað flugfélögin neitt ofsafjármagn, það hefði ekki spillt áliti þeirra, hvorki hjá erlendum né innlendum mönnum. Það hefði aukið traust og tiltrú til þeirra. En spurningin er: Höfðu flugfélögin rétt til þess, heimild til þess, eftir að verkfallsbannið var komið á, að semja við sína menn um eitt eða neitt? Höfðu þau samningsréttinn? Svo mikið er víst, að ekki einu sinni þetta ákvæði fékkst leyst með samningum. Síðan bárust mótmælaorðsendingar, mótmælasamþykktir frá verkalýðsfélögum víðs vegar um land og frá fjórðungssamböndum, og verð ég að segja, að þetta er sú almennasta sjálfkrafa mótmælaalda, sem risið hefur í verkalýðshreyfingunni, svo að ég muni. Blöð stjórnarinnar voru stundum að gera því skóna, að þetta væru allt saman pöntuð mótmæli. Það er síður en svo. Þetta kom frá félögunum sjálfum og félagsstjórnunum og fulltrúaráðum þeirra, trúnaðarráðum, af því að þau fundu öll þegar í stað, að málið var stórt, þarna var mikil réttindaskerðing á ferðinni, það var verið að svipta félögin sínu skæðasta vopni í sinni kjarabaráttu. Þau fundu, að þetta mál varðaði þau öll.

Það var líka þannig, að þessi afstaða mótaðist ekki af pólitískri afstöðu manna. Að því er snertir mótmælasamþykkt miðstjórnar Alþýðusambandsins um kvöldið 5. júlí, er hægt að upplýsa það hér, að að samþykktinni stóðu einnig fylgjendur ríkisstjórnarflokkanna, þ. á m. varaforseti Alþýðusambandsins, Eggert Þorsteinsson alþm., sem tók þannig afstöðu gegn þessari lagasetningu í verkalýðshreyfingunni sama kvöldið og lögin voru sett.

Það var verið að reyna að læða því út, að það væru kommúnistar einir, sem stæðu að þessum mótmælasamþykktum. En þá fór nú skörin heldur að færast upp í bekkinn, þegar Verkakvennafélagið Framsókn fékk á sig kommúnistastimpil, Múrarafélag Reykjavíkur og Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, sömuleiðis, svo að nokkuð sé nefnt, sem gerðu ákveðnar mótmælasamþykktir á félagsfundum gegn lagasetningunni. Nei, þetta var ofbeldisverknaður, sem var fordæmdur langt inn í raðir stjórnarflokkanna, svo mikið er víst. Og í raun og veru var ekki hægt að sjá, að þessi lagasetning styddist við meirihlutavilja þingsins, þegar strax var vitað á fyrsta kvöldi, sem lögin áttu að gilda, að einn af þm. stjórnarliðsins, sá sem gæti valdið úrslitum í Ed. Alþingis, hefði þegar snúizt gegn frv., — og þá var sæmst að verða við þeirri kröfu að fella lögin þegar úr gildi og ganga í það að ná samningum.

Það er staðreynd, að hjá öðru flugfélaginu voru norskir flugmenn starfandi við hliðina á þeim íslenzku og launakjörin voru þannig, að norski flugmaðurinn, sem var undir stjórn íslenzks flugstjóra, hafði hjá þessu fyrirtæki hærra kaup en flugstjórinn. Samrýmist þetta íslenzkum metnaði, að íslenzki yfirmaðurinn skuli vera á lægra kaupi en undirmaður hans útlendur? Gera þeir í hæstv. ríkisstj. svo mikinn mun á rétti útlendings og Íslendings, að þeim finnist það sómasamlegt, að Íslendingur, yfirmaðurinn, sé á lægra kaupi en undirmaðurinn? Ég spyr. Mér þykir það furðulegt metnaðarleysi, ef svo er. En þetta hafa þeir lagt blessun sína yfir. Ekki fékkst þetta leiðrétt frekar en öryggisákvæðin.

Og svo spyr ég að lokum: Hvað hefur unnizt með þessari ofbeldislagasetningu? Er málið leyst? Hefur fengizt lausn á málinu? Hefur réttlæti verið fullnægt? Hefur ríkisstj. komið í veg fyrir kaupgjaldsbreytingar á Íslandi með þessu tiltæki? Það er mikill misskilningur, ef hún heldur það. Það hefur ekkert áunnizt með þessu frumhlaupi til lagasetningar annað en að skapa úlfúð og að ríkisstj. er sönn að því að hafa sýnt verkalýðshreyfingunni í heild mikinn fjandskap.

Ég efa það stórlega, að þessi lausn mála, ef lausn skyldi kalla, hafi orðið nokkuð ódýrari flugfélögunum sjálfum en þó að þau hefðu gengið að einhverjum sanngjörnum kröfum flugmanna við samningaborðið.

Ég hallast helzt að þeirri skoðun, að þessi lagasetning hafi verið hugsuð á þann hátt að hræða verkalýðshreyfinguna. Hún skyldi með þessu sjá, að ef eitthvert stéttarfélag leyfði sér að mögla yfir því, að það væri búið að níða kaupmátt launanna í landinu niður úr öllu valdi með því dýrtíðarfári, sem hafði verið hellt yfir þjóðina, þá skyldu þeir fá á sig verkfallsbann. En það er síður en svo, að neinn uggur hafi gripið verkalýðshreyfinguna út af þessu tiltæki. Einungis hefur hún orðið eindregnari í andúð sinni og andspyrnu við þessa hæstv. ríkisstj. og veit frekar eftir en áður, að hún á sér einungis ills von úr þeirri átt.

Mér þætti vænt um að fá að heyra það frá hæstv. landbrh., hvort það sé rétt, að það hafi verið megintilgangurinn með þessari lagasetningu að taka samningsréttinn og verkfallsréttinn af verkalýðshreyfingunni. Helzt gæti maður hugsað sér, að það hefði vakað fyrir þeim, þegar þeir réðust í þetta. En það vil ég fullyrða, að þá mundi fyrst allt fara í bál og brand, þá væri ekki beðið miklu lengur. Þá fengi sú ríkisstj., sem hefur brotið niður kaupmátt launanna hjá öllum launastéttum landsins, gert bændum lítt fært að búa í þessu landi og útgerðarmönnum ókleift að gera út og haft uppi tilburði ofan á allt annað til þess að svikja þjóðina í landhelgismálinu, — þá fengi hún svar, sem hún mundi skilja.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég býst nú við því, að umr. um þetta mál mótist að sumu leyti af því, að svo furðulega stendur á, að

litlar líkur eru til þess, að um þetta mál fari fram nema ein umræða á Alþingi. Mér skilst, að þessi brbl. falli úr gildi nú um næstu mánaðamót, sem eru nær því komin, og þau séu því lögð fyrir Alþ. alveg um leið og þeim er ætlað að renna út. Það muni þess vegna ekki líklegt a. m. k., að það verði um þetta mál nema þessi eina umr. Það, sem ég segi hér, mótast að sumu leyti af þessu.

Ég tel, og það munu flestir telja, að það sé ein þýðingarmesta skylda ráðherra í lýðræðislandi, þingræðislandi, að gefa ekki út brbl., nema það sé alveg tryggt, að á bak við þau lög standi þingmeirihluti. Þetta er fyrsta skylda ráðh. í lýðræðislandi, sem vill ekki verða með réttu sakaður um að traðka á þingræðinu. Sá ráðh., sem leyfir sér að gefa út brbl., án þess að það liggi alveg ljóst fyrir, að hann hafi hreinan og öruggan þingmeirihluta að baki sér, hann traðkar á þingræðinu.

Nú liggur þetta mál, sem hér er til umr., þannig fyrir, að lögin voru gefin út í sumar, og af þeim undirtektum, sem lögin fengu utan þings, því að það var auðvitað passað að gera svona hlut, á meðan þingið var ekki nálægt, er full ástæða til þess að efast um, að hæstv. ráðh. hafi nokkurn tíma haft tryggan eða öruggan þingmeirihluta að baki þessari brbl.-útgáfu. Einn þingmanna annars stjórnarflokksins hefur lýst sig alveg andvigan þessari löggjöf. Var á þetta minnzt af fyrra ræðumanni. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Vill hann lýsa því yfir hér, að hann hafi tryggt sér það, þegar hann gaf út brbl., að allir þm. Alþfl. greiddu atkv. með þeim á þingi? Lá það fyrir? Tryggði hann sér það? Ef hann hefur ekki tryggt sér það, þá hefur hann með þessari lagaútgáfu traðkað á þingræðinu.

Við erum svo sem ekki alveg óvanir því nú að sjá traðkað á þingræðinu, því að samkv. því, sem kom fram á sínum tíma, var útgáfa brbl. um stöðvun afurðaverðsins haustið 1959 hrein tröðkun á þingræðinu. Það kom greinilega í ljós, að mikill meiri hluti stjórnarliðsins, sem þá var, lýsti því yfir, og þá hver í kapp við annan, að þeir væru á móti þeirri löggjöf. Samt sem áður var sú löggjöf sett, og með því var traðkað á þingræðinu. Ég sé ekki betur en núverandi ríkisstj. sé farin að leika þann leik að gefa út brbl. á milli þinga alveg án tillits til þess, hvort þau hafa raunverulega þingmeirihluta að baki sér eða ekki, og ef það er nægilegt, eru lögin látin gilda, þangað til Alþ. kemur saman, látin falla úr gildi, áður en á það reynir raunverulega í þinginu, hvort hún hefur nokkurn þingmeirihluta að baki löggjafarinnar eða ekki. Það er farið að leika þennan þokkalega leik. Þetta er auðvitað hrein tröðkun á þingræðinu, eins og ég hef margtekið fram. En þegar þetta er haft í huga, þá er ekkert einkennilegt, þó að hæstv. ríkisstj. hafi það sem eitt helzta áhugamál sitt að stytta þinghaldið, því að fyrir stjórn, sem er svona ósvífin og hagar sér á þennan hátt, er auðvitað um að gera að hafa þinghaldið sem allra stytzt til þess að geta hagað útgáfu brbl. alveg eins og henni sýnist mestan hluta ársins og jafnvel gert þýðingarmestu ráðstafanir þvert ofan í þingviljann, eins og hann hlyti að koma fram, ef Alþingi sæti.

Ég óttast, að það sé einmitt þetta, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj. að gera í vaxandi mæli á næstu missirum, ef hún situr og getur komið því fram að hafa þinghaldið mjög stutt. Það er áreiðanlega þetta, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj., að komast þannig hjá því að þurfa að taka til greina sjálfan þingviljann. Ég er alveg sannfærður um, að þessi löggjöf, sem hér liggur fyrir, hefði aldrei farið í gegnum Alþingi Íslendinga, eins og það er skipað núna. Á þessu sjáum við, hvað hefur raunverulega gerzt. Alveg sama er um brbl. um afurðaverðið. Þau hefðu aldrei farið í gegn á Alþ. Þess vegna er hér hvorki meira né minna á ferðinni en það í fleiri en einu dæmi, að þingviljinn er alveg blygðunarlaust fótum troðinn og virtur að vettugi og sætt lagi að komast fram hjá honum með þessum hætti. Og þegar þetta er athugað, er ekkert einkennilegt, þó að þessir hæstv. ráðh. hafi áhuga á því, eins og ég sagði áðan, að þingið sé sem fjærst. En ég spyr aftur og endurtek spurninguna, sem ég bar fram áðan: Tryggði hæstv. ráðh. sér, eins og honum bar skylda til, þegar hann gaf brbl. út, að allir þm. Alþfl. væru þeim fylgjandi?

Hæstv. ráðh. segist hafa gripið til útgáfu brbl. til þess að koma í veg fyrir stöðvun á flugrekstrinum og vegna þess, hversu þjóðhættuleg slík stöðvun hefði orðið. Eins og kunnugt er, hefur því verið haldið fram, og fyrir því hafa verið **færðar mjög sterkar líkur**, að ég ekki segi meira, að raunverulega hafi verið komin lausn á þessa deilu, þegar hæstv. ráðh. og ríkisstj. fór að skipta sér af málinu, hæstv. ráðh. og ríkisstj. hafi skipt sér af málinu vegna þess, að þau sáu fram á, að deilan væri að leysast. Samkv. þeim frásögnum, sem fyrir liggja um þetta efni frá þeim, sem þetta mál hafa haft með höndum fyrir flugmennina, verður ekki annað séð en þetta sé rétt.

Það er fróðlegt að athuga þetta í ljósi þeirrar yfirlýsingar um stefnuna í kaupgjaldsmálum, sem hæstv. ríkisstj. gaf þegar hún setti efnahagslöggjöfina, því að þá lýsti hæstv. ríkisstj. því yfir sem stefnu sinni, að það ætti algerlega að vera mál atvinnurekenda og launasamtaka, hvað yrði um kaupgjalds- og kjarasamninga, það ætti algerlega að vera þeirra mál. En þessa stefnuyfirlýsingu hefur stjórnin auðvitað hreinlega svikið með þessum brbl., og það ömurlegasta fyrir hæstv. ríkisstj. er, að þessi lög munu fyrst og fremst vera sett til þess að koma í veg fyrir, að samkomulag geti orðið, til þess að koma í veg fyrir, að málin gætu þróazt á þann hátt, sem stjórnin lýsti sjálf yfir í fyrravetur að hún vildi láta þau ganga.

Ég skal ekki fara langt út í að ræða hér þau ósmekklegu storkunaryrði, sem komu frá hæstv. ráðh. í garð íslenzkra flugmanna, þar sem hann í hæðnistón var að lýsa því, að hann hefði orðið að bjarga þeim með því að gefa út þessi brbl., og annað álíka smekklegt í sömu stefnu. Ég vil bara vekja athygli á því, hversu geðslegur slíkur málflutningur er í máli eins og þessu.

En varðandi sjálft málið, þá er það þannig, að

hæstv. ríkisstj. hefur með þessum brbl. bannað, að vinnustöðvun, sem hafði verið boðuð hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum, kæmi til framkvæmda. Og rökin fyrir því, að það hefði þurft að gera þessa óvenjulegu framkvæmd, eru þau, með leyfi hæstv. forseta, lesin upp úr grg., að „komi slík vinnustöðvun til framkvæmda, mundi hún valda algerri stöðvun á flugi þeirra tveggja íslenzkra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi, en rekstrarafkoma félaga þessara mun ekki þola slíka stöðvun nú, og væri framtíð þeirra teflt í mikla hættu, ef starfsemi þeirra væri þannig stöðvuð.“ Enn fremur segir: „Slík stöðvun mundi nú, er þúsundir erlendra ferðamanna hafa pantað far hjá félögum þessum, verða flugfélögunum og þjóðinni allri álitshnekkir og stórspilla samkeppnisaðstöðu íslenzkra flugfélaga á alþjóðavettvangi. Loks mundi stöðvun á starfsemi flugfélaganna, þar með á flugi á innlendum flugleiðum, valda innlendum aðilum tilfinnanlegum óþægindum og tjóni.“

Þessi rök eru þannig, að ef á þau væri fallizt og banna ætti með lögum verkfall vegna þeirra, þá væri stjórninni í raun og veru veitt heimild til þess að banna öll verkföll með lögum, því að svona lagaðar, almennar ástæður mætti færa fyrir því að banna svo að segja hvaða vinnustöðvun og hvaða verkfall sem er. Þetta ætla ég, að öllum hv. alþm. sé algerlega ljóst. Og af þessari ástæðu tel ég ekki koma annað til mála en vera á móti þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram, á móti staðfestingu þessara brbl.

Það er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að hæstv. ríkisstj. hafi ætlað sér að hafa þetta mál að eins konar prófmáli, hvað henni væri óhætt að ganga langt í því að banna verkföll eða vinnustöðvanir, og gera þannig verkalýðsfélögin í landinu alveg óvirk. Það er lítill vafi á því, að það, sem hér er á ferðinni, er prófmál í þessa stefnu. M. ö. o.: hér er verið að prófa, hvort stjórninni mundi haldast uppi að svíkja algerlega, eins og svo margt annað, þá stefnuyfirlýsingu, sem hún gaf um þessi mál sjálf í fyrravetur, sem sé, að um kjaramálin ættu þeir að semja, atvinnurekendur og verkalýðsfélögin. Og það er enginn vafi á því, að það verður litið á þetta mál sem prófmál að þessu leyti.

Hitt er svo annað mál, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur litizt á undirtektirnar, sem þetta mál fékk. Ég býst við, að ríkisstj. hafi hugsað með sér, að það væri gott að prófa þetta fyrst á flugmönnunum, því að þeir væru yfirleitt taldir sæmilega launaðir. Og ef ekkert væri við því sagt, þá mundi vera rétt að taka þann næsta og svo þar næsta og svo áfram. Ég held, að þetta sé nokkuð nærri lagi, að þannig hafi þetta verið hugsað. En ég efast um, að hæstv. ríkisstj. hafi haft mikla ánægju af þeim undirtektum, sem þetta mál fékk, vegna þess að þó að þeir, sem hér eiga hlut að máli, séu sennilega allvel launaðir, þá mun mönnum í verkalýðshreyfingunni og launasamtökunum yfirleitt fljótt hafa orðið ljóst, hvað hér var á ferðinni, og ekki látið það á nokkurn hátt villa sér sýn í málinu, — séð, að hér var á ferðinni prinsipmál, stórkostlega þýðingarmikið prinsipmál, og snúizt við því algerlega eftir því. Þess vegna rigndi mótmælunum gegn þessu, þar sem hér væri gengið á þennan þýðingarmikla rétt verkalýðsfélaganna, og ég vil leyfa mér að efast um, að hæstv. ríkisstj. leggi út í að setja út annað prófmál hliðstætt.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að auðvitað væri mjög æskilegt, að það kæmist betri skipan á samningamál launþegasamtaka og atvinnurekenda en verið hefur. Sérstaklega væri þýðingarmikið, ef þau gætu þróazt í þá átt, að samningar færu fram nokkuð í einu lagi fyrir sem flesta starfshópa, eins og raunar orðið er, að því er manni skilst, víða í nágrannalöndunum. Það hefur ekki tekizt hér að koma þessari skipan á. Mér er ekki fullkomlega ljóst, hvernig á því stendur, en e. t. v. er þetta einmitt að þróast í þessa átt, og væri það ákaflega heppilegt fyrir báða aðila málanna og þjóðfélagið sjálft.

Ég hef oft undanfarið bent á, að það væri nauðsynlegt að endurskoða þær reglur, sem um þessi mál gilda, og þá álít ég, að það eigi að gera fyrst og fremst í samráði við verkalýðssamtökin, og t. d. bæri þá sérstaklega að skoða, hvort samtökin eru í raun og veru nægilega sterk í þessu tilliti. Þar með meina ég t. d. heildarstjórn samtakanna, hvort hún er nægilega sterk til að koma á þessi mál nægilega góðri reglu og hafa í þessum málum ákveðna stefnu. Og mér finnst, ef það reyndist við íhugun, að heildarsamtökin væru ekki nógu sterk og þau þyrftu á einhverri aðstoð löggjafans að halda til að koma á þessi mál betri reglu, þá finnst mér sjálfsagt að snúa sér að því að koma nýrri lagaskipan á þau í samráði við samtökin. En e. t. v. geta samtökin leyst þetta án nýrrar löggjafar, eins og mér skilst að gert hafi verið sums staðar annars staðar.

Í framhaldi af því, sem ég þegar hef sagt, vil ég lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. á móti þessu máli nú við 1. umr. Ef allt hefði verið með felldu um þetta mál, þá hefði ég ekki gert það, heldur setið hjá, t. d. þegar málið hefði verið afgreitt til 2. umr. og n. En þar sem hér er um alveg óvenjulega málsmeðferð að ræða, mun ég greiða atkv. á móti því nú þegar við þessa umræðu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. talaði um það, að þetta yrði sennilega eina umr. um málið hér í d. Það var nú tekið út af dagskrá í gær eftir hans beiðni, vegna þess að hann vildi hafa tækifæri til þess að flytja þá ræðu, sem hann flutti hér núna, og skal ég ekkert til þess taka, það var vitanlega sjálfsagt af hæstv. forseta að verða við þeirri beiðni. En út af þeirri fullyrðingu hans, að þessi lög, brbl., hafi ekki meiri hluta hér í hv. Alþ., vil ég benda á, að það eru enn 4 virkir dagar til 1. n. m., og það er enn tækifæri til þess að reyna á það hér í hv. Alþ., hvort meiri hluti er fyrir lögunum, ef hv. stjórnarandstaða vill takmarka ræðutímann.

Ég held, að það sé dálítið hæpið fyrir hv. þm. að koma með svona fullyrðingar, eins og hann gerði, fsp. um það, hvort ég hafi tryggt mér alla Alþýðuflokksmenn í þessu máli. Ég hef ekki annað að segja um það heldur en það, að ríkisstj.

öll var samþykk því, að þessi lög yrðu gefin út, og ég hef þess vegna rökstudda ástæðu til þess að ætla, að það sé þingmeirihluti á bak við lögin.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um, að ég hefði verið með storkunaryrði í garð flugmanna. Ég geri ráð fyrir því, að aðeins hann einn hér í d. hafi skilið orð mín á þann veg. Ég fór þvert á móti miklu fremur viðurkenningarorðum um okkar ágætu flugmenn og hef ætíð gert, enda eiga þeir ekki annað skilið. Ég tók það skýrt fram, að það muni ekki hafa verið ætlun þeirra, að það kæmi til verkfalls, að þeir hafi boðað verkfallið í trausti þess, að það næðust samningar. En það náðust ekki samningar, og aðeins þegar það var ljóst, að ekki náðust samningar, gaf ríkisstj. út þessi lög.

Bæði hv. þm. Hannibal Valdimarsson og hv. 1. þm. Austf. fullyrða það hér áðan, að ríkisstj. hafi svikið stefnu sína, sem er sú, að launþegar og atvinnurekendur semji á frjálsum grundvelli sín á milli, að ríkisstj. hafi svikið það með þessum lögum. Það er alveg dæmalaus fullyrðing. Hún er svo vitlaus, að hún er alls ekki frambærileg hér í þessum sal. En þessir hv. þm. leyfa sér ýmislegt, þegar þarf að grípa til þeirra vitlausu raka, sem þeir vilja fram halda, til þess að geta eitthvað sagt. Ríkisstj. gefur ekki þessi lög út, fyrr en útséð er um, að það náist ekki samningar, fyrr en það er útséð og þaulreynt, að vinnuveitendur og launþegar ná ekki samningum. Vissulega var þessi réttur fyrir hendi hjá flugfélögunum og hjá launþegunum. En samkomulag náðist ekki, og lögin voru gefin út til þess að firra vandræðum.

Ég lét að því liggja hér áðan, að þessi lög hafi að því leyti ekki verið mikið á móti skapi flugmannanna, þar sem þeir vildu heldur vinna fyrir óbreytt kjör en láta flugfélögin stöðvast og sjá þau fara í rúst. Þannig hugsa íslenzkir flugmenn, enda þótt þeir að sjálfsögðu vilji fá bætt sín kjör, ef þeir geta það með lítilli fyrirhöfn. Það er ekki nema mannlegt.

Það stendur enn óhaggað, það sem er á stefnuskrá ríkisstj., að atvinnurekendur og launþegar semji sín á milli um þau deilumál, sem upp kunna að koma, í frjálsum samningum. Ef verkföll verða nú, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson er stundum að láta liggja að að muni koma og hann langar ákaflega mikið til að koma af stað, að manni sýnist, þá eru það atvinnurekendurnir, sem launþegarnir semja við. Og atvinnurekendurnir semja á sína ábyrgð um kaup, sem þeir sjálfir verða að greiða. Atvinnureksturinn sjálfur verður að greiða það kaup, sem þeir semja um. Það stendur ábyggilega óhaggað af hendi ríkisstj. Þetta frelsi er vissulega fyrir hendi enn á milli launþega og framleiðenda. Og það er alveg dæmalaus fullyrðing, þegar hv. þm. halda því fram, að ríkisstj. hafi með þessum lögum svikið þessa stefnu, alveg eins og það, að lögin hafi verið gefin út, meðan á samningunum stóð, til þess að koma í veg fyrir, að samningarnir gætu átt sér stað.

Reyndar mátti skilja svo fullyrðingu hv. þm. Hannibals Valdimarssonar áðan, að það hefðu eiginlega alveg verið að komast á samningar, en ríkisstj. hafi bara komið í veg fyrir það. Þetta er trúleg saga. Þetta er hans skoðun. En á hverju byggir hann þessa skoðun? Byggir hann þessa skoðun á sínu eigin eðli? Hyggur hann, að ef hann hefði verið í sporum ríkisstj., þá hefði hann viljað haga sér svona? Hv. þm. getur ekki dæmt aðra af sjálfum sér. Hann hefur enga tryggingu fyrir því, að núv. ríkisstj. hugsi á sama hátt og hann gerði. Hv. þm. skrifaði langa grein í Þjóðviljann, sem síðan var prentuð í systurblaðinu Tímanum, á s. l. sumri, langa grein, um verkfallið og um brbl. Og þessi grein var lesin með athygli, og ekki sízt þótti það skrýtið hjá þeim, sem lesa Tímann uppi í sveitum, að þessi grein skyldi vera prentuð orðrétt upp úr Þjóðviljanum, skrifuð af Hannibal Valdimarssyni, og þótti þetta vera ein sönnun fyrir því, hvað þessir flokkar væru nú farnir að nálgast mikið, hvað þeir væru nú orðnir skyldir, og hvort nú væri ekki eiginlega að því komið, að þeir gætu runnið saman og orðið einn flokkur. Ein setning í þessari grein var ákaflega merkileg. Hún var eitthvað á þá leið, að „núverandi ríkisstj. hagaði sér á allt annan hátt en fyrrv. ríkisstj. með því að gefa út þessi brbl."

Þegar vinstri stjórnin var, voru engin brbl. gefin út til þess að hefta verkfall. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson og hv. 1. þm. Austf. segi sem svo: Þess þurfti ekki með, vegna þess að samningar tókust. — En heyrzt hefur, að þeir hafi haft jafnvel löngun til þess að koma í veg fyrir það, að samningar tækjust, eins og þá var, af því að þeir hefðu verið hræddir við að byrja á því að hækka kaup og bæta kjör þeirra, sem voru bezt launaðir. Og einmitt vegna þessa þankagangs, sem var hjá þessum hv. þm. í vinstri stjórninni, kemur þessi fullyrðing þessara beggja manna nú, að núv. ríkisstj. hafi komið í veg fyrir verkalýðssamninga. Það var rökrétt hugsað hjá þeim, þegar þeir rifjuðu upp þeirra eigin afstöðu, því að þeir voru jafnvel búnir að skrifa frv., voru með þankagang um það að hefta flugmannaverkfallið í ársbyrjun 1957. En það verkfall leystist, og lögin komu ekki út. Það leystist, en á þann hátt, að kaup og kjör flugmanna voru stórlega hækkuð og bætt, og kannske er þar að finna orsökina að því, hversu kauphækkanir urðu miklar í tíð vinstri stjórnarinnar. Ekkert skal ég fullyrða um það, en ég gæti þó vel trúað því, að verkamaðurinn við höfnina og þeir, sem láglaunaðir eru, hafi hugsað eitthvað sem svo: Úr því að það var hægt að hækka svo mikið við flugmennina, sem vissulega eru miklu betur launaðir en við, kannske á tvöföldum eða þreföldum launum, þá hlýtur einnig að vera hægt að bæta kjör okkar.

Ég get unnt flugmönnum þess að hafa góð kjör. Ég er þó í miklum vafa um það, hvort það er fært fyrir okkur að borga þeim eins hátt kaup og gerist erlendis, hjá erlendum auðfélögum. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson fullyrti það hér áðan, að íslenzkum flugmönnum bæri jafnhátt kaup og erlendum flugmönnum, þeim bæri að fá það. Nú vitum við, að það eru ekki aðeins íslenzkir flugmenn, sem hafa lægra kaup en erlendir stéttarbræður þeirra. Við vitum um íslenzka verkfræðinga, við vitum um íslenzka lækna, og við vitum um menn á Íslandi, sem eru taldir í

hærri launaflokkunum, að þeir eru allir miklu verr launaðir en gerist hjá sambærilegum launaflokkum erlendis. Er það nú meining hv. þm., að laun allra hálaunamanna á Íslandi, sem svo eru kallaðir, eigi að færast til jafns og samræmis við laun annarra hálaunamanna erlendis, sem gegna sambærilegum störfum? Ég held, að það sé mjög hæpið að halda slíku fram, og ég er reyndar sannfærður um, að þetta er ekki rétt. Þetta er ranglátt, vegna þess að okkar þjóðfélagsbygging þolir þetta ekki. Og þeir, sem við köllum hálaunamenn á Íslandi, verða að sætta sig við það, þó að þeir geti ekki borið eins mikið úr býtum og stéttarbræður þeirra erlendis. Þeir verða að sætta sig við það, á meðan við erum að koma okkar atvinnulífi á það stig, að það geti skilað þeim arði, sem æskilegur er, eins og erlendis er víða, þar sem þróunin er komin á hærra stig.

Ég er hér um bil sannfærður um það, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson meinar það, þegar hann er að ræða um, að nauðsyn sé á því að bæta kjör alþýðu manna í landinu, þeirra sem verst eru settir. Og við erum ábyggilega sammála um það báðir tveir. En við erum kannske ekki sammála um það, hvenær þetta er hægt, hvenær mögulegt er að gera þetta. Við ættum þó að vera það, vegna þess að það er augljóst, hvenær það er hægt og hvenær það er ekki hægt. Og ég man reyndar núna, að hv. þm. hugsaði rökrétt haustið 1958 og var reyndar minntur á það í gærkvöld, þegar hann talaði um það alveg réttilega, hvenær verkalýðurinn hefði tækifæri til þess að fá sín kjör bætt. Þá voru kjör verkalýðsins að dómi þessa hv. þm. alveg nátengd og bundin við það, að atvinnuvegirnir gætu greitt það, sem farið er fram á. Og þetta lögmál hefur ekki breytzt síðan, það er áreiðanlega óbreytt. Það, sem við Íslendingar þurfum að gera, er að styrkja og endurbæta okkar atvinnuvegi, til þess að afrakstur þeirra megi verða meiri, svo að verkalýðurinn og launþegar allir geti borið meira úr býtum. Og þegar við erum að tala um okkar unga og að sumu leyti frumstæða atvinnuveg, flugið, þá er það svo, að við verðum að viðurkenna, að flugfélögin eru í harðri samkeppni við erlend auðfélög og eru að byggja sig upp af vanefnum með allt of lítið fjármagn. Þess vegna mátti flugið ekki stöðvast, því að það hefði orðið of þungbært fyrir flugfélögin. Þess vegna mátti það ekki koma fyrir, að þeir, sem höfðu pantað far hjá flugfélögunum yfir sumarið, afturkölluðu þessar pantanir og ferðuðust með erlendum auðfélögum í stað okkar félaga, vegna þess að það væri ekki aðeins þetta sumar, sem við hefðum misst með því, það hefði einnig haft stór áhrif á næsta og næstu sumur, því þó að hv. þm., sem talaði hér áðan, vildi ekki gera mun á erlendum mönnum og íslenzkum, þá verðum við þó að viðurkenna það, að við erum í samkeppni við erlend félög um það að fá erlenda farþega, en við erum ekki í samkeppni við erlend félög um að fá íslenzka farþega. Íslendingar hljóta að ferðast með íslenzkum farkosti, jafnvel þótt það sé dýrara og jafnvel þótt sá farkostur bjóði ekki eins mikil þægindi og erlendur farkostur. En útlendingarnir munu ekki vera við okkur bundnir, nema þeir telji öryggi í því að ferðast með okkur og þeir telji, að við séum svo traustir, að við getum haldið áætlunum og þeir verði ekki fyrir óþægindum af því að hafa keypt sér farmiða með íslenzkum vélum. Og það verður að taka tillit til þessa sjónarmiðs einmitt í þessu tilfelli, og þegar hv. þm. Hannibal Valdimarsson vildi ekkert gera úr því áðan, þá er það á miklum misskilningi byggt hjá honum.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson var að tala um það, að þessi brbl. væru árás á allan verkalýð í landinu, þetta væri árás á verkalýðinn í landinu. Ég held nú, að hv. þm. meini þetta ekki. Þetta er engin árás á verkalýðinn í landinu. Og verkalýðnum í landinu er vitanlega að engu ógnað með þessu. Þessi lög eru sett til þess að forða því, að íslenzk flugfélög stöðvist og missi beinlínis atvinnumöguleikana, missi alla farþegana, og það er ekki gert, fyrr en það er þrautreynt, að ekki takast frjálsir samningar á milli flugfélaganna og verkamannanna. Það er ekki gert fyrr. Það eru öfugmæli, þegar því er haldið fram, að þessi lög hafi verið sett til þess að koma í veg fyrir samninga. Það eru hrein öfugmæli, og ég vænti þess, að þessir hv. þm., sem töluðu hér áðan, ef þeir tala aftur, þá biðji þeir afsökunar á því að hafa farið með slíka fullyrðingu hér í þessum sal.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að vera að svara fleiru af því, sem kom fram í þessum ræðum. Það, sem sagt var af báðum þessum hv. þm., var þess eðlis, að það þarf ekki að svara því. Það voru fullyrðingar, sem eru út í hött (**Gripið fram í:** Það voru nokkrar spurningar.) Spurningar — ég held, að ég hafi svarað flestum spurningunum. Því, sem ég skrifaði upp, hef ég a. m. k svarað. Jú, hv. þm. Hannibal Valdimarsson spyr, hvað felist í þessum lögum. Það var ein spurningin, sem ég skrifaði upp. Hvað felst í lögunum? Hvernig stendur á, að hann þarf að vera að spyrja að því, hvað felst í l.? (**EystJ:** Það er um samningsréttinn.) Hvað segir í lögunum? Með leyfi hæstv. forseta, þá skal ég lesa lögin, vegna þess að það er ekki langt mál:

„1. gr. Óheimilt skal að hefja verkfall það, sem Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur boðað til hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum 6. júlí 1960, svo og aðrar slíkar vinnustöðvanir hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum, fyrir 1. nóv. 1960.“

Held ég, að hvert barn í barnaskóla mundi skilja, hvað í þessu felst. Og 2. gr. er, með leyfi hæstv. forseta:

„Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.“

Ég get ekki verið að gera svo lítið úr hv. fyrirspyrjanda að gefa skýringar á því, hvað í þessu felst, vegna þess að ég veit, að hann finnur það alveg sjálfur, enda þótt hann sé ekki löglærður frekar en ég.

Var það eitthvað annað, sem var ósvarað? Jú, hv. þm. spyr, hvað hafi unnizt með þessum lögum. Ég hélt, að það væri alveg augljóst, hvað hafi unnizt með þessum lögum. Það hefur unnizt með þessum lögum, að það varð ekkert úr vinnustöðvuninni. Það hefur unnizt með þessum lögum, að flugfélögin hafa hafið fulla starf-

semi í sumar. Það hefur unnizt með þessum lögum, að tugir þúsunda erlendra og innlendra manna hafa ferðazt með þessum flugvélum. Hvers vegna að vera að spyrja svona? Er þetta ekki líka augljóst? Þarf að svara því frekar?

Var það fleira, sem spurt var um? Hafi það verið fleira og eitthvað í þessa átt, þá veit ég ekki, hvort þörf er á því að svara, og ég man ekki eftir því, að það væri nokkur spurning hjá hv. þm., sem var eitthvað öðruvísi en svona. T. d. spyr hann að því, hvers vegna ríkisstj. hafi svikið það loforð eða þá stefnu, að launþegar og atvinnurekendur semji í frjálsum samningum. Hann spyr, hvers vegna það hafi verið svikið. Ég held, að öllum hljóti að vera ljóst, að þetta hefur ekki verið svikið, eins og ég tók hér fram áðan. Þessi stefna stendur enn óhögguð, að ríkisstj. ætlast einmitt til, að deilur verði leystar með frjálsum samningum milli atvinnurekenda og launþega. Það er meginatriði og meginkjarni málsins.

Ég held, að ég hafi nú svarað öllum spurningum hv. ræðumanna og því, sem fram hefur komið í þeirra máli, sem nokkurs virði er. Þeir segjast vera á móti þessum lögum, þeir jafnvel fullyrða, að meiri hluti sé ekki fyrir þeim hér í d. eða hér á Alþingi. En ég segi þá: Er ekki rétt að reyna á það og flýta málinu í gegnum þingið? Og gæti þá ekki hv. 1. þm. Austf. og hv. 4. landsk. (HV), gætu þeir þá ekki lært eitthvað á því að fullyrða ekki eins og þeir gera og staðhæfa það, sem engin rök eru á bak við? Ég teldi þá, að það væri nokkuð unnið með því. Það gæti orðið lærdómur fyrir þá, kennslustund, sem væri þeim holl.

Ég segi svo aftur: Ég vænti þess, að tími gefist til að reyna á það, hvort þessi lög hafa meiri hl. hér í hv. þd. eða ekki.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. virðist leggja sig mjög fram um það að sanna, að það ofbeldisverk, sem unnið var gagnvart íslenzkri verkalýðshreyfingu, þegar þessi brbl. voru gefin út, hafi í raun og veru verið eitthvert allsherjar góðgerðastarf og björgunarstarf, ekki aðeins við flugfélögin, við atvinnurekandann, heldur líka við sjálfa verkfallsmennina eða þá, sem ætluðu að beita þessu vopni, þ. e. a. s. flugmennina. Ég held, að þessar tilraunir hans til þess að gylla þennan verknað hljóti að missa marks.

Hann lagði áherzlu á það nú í sinni síðari ræðu, að það væri eitthvað annað en ríkisstj. hafi verið að svíkja þá yfirlýsingu, sem hún gaf hér mjög hátíðlega og oft og var gefin af flestum ráðh., ef ég man rétt, í vetur, þegar gengisfellingarlögin voru til umr., — þá yfirlýsingu, að ríkisstj. mundi ekki blanda sér í deilur eða kaupgjaldsmál atvinnurekenda og verkamanna. Það væri hér eftir þeirra mál að leysa, og þeir yrðu að gera það með frjálsum samningum.

En hver er nú staðreyndin? Hæstv. ráðh. segir, að ríkisstj. hafi ekki gripið inn í þessi mál, fyrr en séð var, að samningar mundu ekki takast. En á hvern hátt grípur hún þá inn í? Og er nú ekki alveg augljóst, að staða atvinnurekendastéttarinnar í landinu er orðin nokkuð létt, ef hún má treysta því, að ríkisstj. grípi inn í málin á þennan hátt. Það er ekkert annað fyrir atvinnurekendurna að gera en láta standa á samningum. Þegar svo verkamennirnir ætla að beita því eina vopni, sem þeir hafa yfir að ráða, að leggja niður vinnu, þá er ríkisstj. komin í spilið á síðustu stundu, vegna þess að samningar takast ekki, með brbl., sem banna verkamönnunum að nota þennan rétt sinn. Ég held, að það fari að verða ósköp augljóst, hvernig málin standa.

Það er ekki aðeins á þennan hátt, sem ríkisstj. kom í veg fyrir, að flugmennirnir og flugfélögin semdu. Öll hennar stefna og líka ríkisstj. Alþfl. stuðlaði að því, að samningar gátu ekki tekizt. Því var yfir lýst bæði þessi ár og einkanlega í vetur, mjög rækilega yfir lýst, að kauphækkanir gætu ekki og mættu ekki eiga sér stað, því að þá væri allt í voða. Það er vegna þess, hvernig ríkisstj. hefur stappað stálinu í atvinnurekendurna, að samningar tókust ekki. Út af fyrir sig er ég sannfærður um, að flugfélögin vildu semja, og það er heldur engan veginn rétt, að þetta séu þeir fátæklingar, sem geti ekki í samkeppni við erlend auðfélög borgað sómasamleg kjör. Það væri kannske rétt að fá reikninga Loftleiða fyrir s. l. ár hér á borðið. Ég man ekki betur en það væri allgóður gróði þar, eftir upplýsingum blaðanna.

Nei, ég held, að flugfélögin hafi viljað semja. En þau eru í Vinnuveitendasambandi Íslands, og Vinnuveitendasambandið var ekki á þeim buxunum, að það ætti að semja, hvorki við flugmenn né aðra, um hækkað kaup, og þakkað veri þessari stefnu ríkisstj., sem gefið hefur atvinnurekendum kjark í tvö ár til þess að neita hverri einustu sjálfsagðri réttarbót, sem verkafólk hefur farið fram á. Það er ekki sízt á þennan hátt, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið í veg fyrir það, að samningar tækjust við atvinnuflugmenn.

Þessi aðgerð hæstv. ríkisstj., setning þessara brbl., er í alveg rökréttu og beinu framhaldi af því, sem skeð hefur hér nú á undanförnum tveimur árum.

Eins og hv. 4. landsk. tók hér fram áðan, þá fylgir þetta á eftir þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru veturinn 1959 og svo aftur nú í vetur, þar sem samningsfrelsi verkalýðsfélaganna var stórlega skert. Ráðstefna, sem Alþýðusambandið boðaði til í vor og mættir voru á fulltrúar frá nær öllum verkalýðsfélögum í landinu, samþykkti einróma, Alþýðuflokksmenn, sjálfstæðismenn, framsóknarmenn og náttúrlega kommarnir, að þessar aðgerðir væru frekleg skerðing á samningsfrelsi verkalýðsfélaganna, og þessu var mótmælt harðlega af öllum þessum mönnum.

Sú valdbeiting, sem síðan kom með brbl. í sumar, er kórónan á þetta verk, kórónan á þessa stefnu. Fyrst samningsfrelsið, síðan það, sem verkalýðshreyfingin þó telur sér helgast af öllu, og það er verkfallsrétturinn. Og það er ekki aðeins, að hún telji sér það helgan rétt, heldur er hér um grundvallarlýðréttindi að ræða. Ef þessi lýðréttindi eru afnumin, þá eru það aðeins þeir voldugu í landinu, aðeins þeir, sem auðinn hafa og völdin, sem geta einhverju fengið framgengt. Hinir eru ofurseldir að öllu leyti þeirra valdi.

Ég held, að sú sterka mótmælaalda, sem

reis upp gegn setningu þessara brbl., ætti að sýna það, að þetta er ekki fær leið. Og það er alveg öruggt, og það er eins gott, að hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. geri sér það ljóst, að það er alveg öruggt, að verkalýðshreyfingin í landinu þolir ekki áfram slíkar aðgerðir. Þetta eru hlutir, sem gerzt hafa víða um lönd, frelsi verkalýðshreyfingarinnar hefur verið þrengt. Hvað hefur upp úr því hafizt? Ógnaröld yfirleitt. Það fylgja í kjölfar aðrar og meiri ráðstafanir. Kannske hæstv. ríkisstj. hugsi sér að halda áfram? Það eru til fleiri fyrirmyndir, ef þetta dygði ekki og bannið væri kannske brotið. Það er til að banna fundafrelsi líka. Það er líka þekkt frá þessum fyrirmyndarlöndum, sem þessi fyrirmynd hefur sjálfsagt verið sótt til, að fangelsa þá, sem í forustunni standa. Allt þetta er til. Kannske hugsar hæstv. ríkisstj. sér að ganga enn frekar þessa braut? Ef til vill. En það er alveg gefið mál, alveg öruggt, það er rétt, að allir geri sér ljóst, að verkalýðshreyfingin íslenzka mun rísa upp gegn slíku, og það er alveg gefið mál, að stjórnarflokkarnir munu í þeim hópi, sem þar rís upp, finna sína menn, sína pólitísku samherja, þeir yrðu ekki með þeim í slíku.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég varð dálitið undrandi á því, hvað hæstv. ráðh. var tregt um að svara ýmsum þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, og vildi helzt gera það úr, að það væri svo heimskulega spurt, að vitringur gæti ekki úr leyst. En þessu var ekki svo farið. Það var ekkert heimskulegt að spyrja um það, hvort lögin um verkfallsbann hefðu líka þýtt afnám samningsréttarins. Flugmennirnir vildu, þegar lögin voru komin, halda áfram að reyna að leysa ágreininginn um kaupgjaldið og kjörin við samningaborðið, en fengu það svar hjá flugfélögunum: Það er ætlun ríkisstj. með þessum lögum að koma í veg fyrir hækkun á kaupi og kjarabætur, og við teljum okkur það ekki heimilt. — Og þá var það, sem þeir vildu fara á fund ráðh. og fá að ræða það við hann, hver væri hans skilningur. Þeir voru svona heimskir. Þeim fannst, að þeir þyrftu að fá að vita, hvað löggjafinn sjálfur hefði meint með þessu. Var hann bara að banna verkfallið, sem átti að hefjast klukkan tólf á miðnætti þann 6. júlí, eða var hann líka að banna flugfélögunum að halda áfram samningum um kjarabætur? En ráðh. hafði ekki tíma daginn eftir, hann hafði ekki tíma næstu daga. Þið getið komið næsta miðvikudag, þegar almenningur kemur til viðtals, það var svarið, sem þeir fengu þá. Hann var þá eins og nú heldur tregur til að svara þessu, hvort hann hefði afnumið með verkfallsréttinum samningsrétt. Og það er ekkert hégómamál. Það er fyllilega einnar spurningar virði, og í lýðræðislandi á maður heimtingu á að fá svarað slíkri spurningu.

Ég vék að því í framsöguræðu minni áðan, að það hefði komið í ljós að kvöldi þess sama dags, sem lögin voru sett, kvöldi 5. júlí, að einn af stuðningsmönnum ríkisstj. á Alþingi hefði við atkvgr. tekið afstöðu á móti þessari lagasetningu, og hann er þannig settur, að gegn hans atkvæði í Ed. Alþingis gæti frv. ekki verið samþ. Hvað þýðir það? Það þýðir það, sem hv. 1. þm. Austf. (EystJ) vék einnig að, að það er full ástæða til þess að ætla, að lögin hafi aldrei stuðzt við þingræðislegan meiri hl. á Alþingi Íslendinga, og það er líka alvarlegt mál. Ráðh., sem leyfir sér að gefa út sem brbl. lagaákvæði, sem styðjast ekki við meiri hl. á Alþingi, er ekki löggjafi. En hvað er hann þá? Þá er hann ofbeldisseggur og ekkert annað. Þess vegna er það grundvallaratriði lýðræðis og þingræðis, að ríkisstj., sem hefur sett brbl., sem fá ekki staðfestingu á löggjafarsamkomunni, á að segja af sér tafarlaust og hypja sig heim. Það er ekkert minna, sem þar liggur við. Ríkisstj., sem hefur sett brbl. og fær þau ekki staðfest á löggjafarsamkomunni, er skyldug til þess samkvæmt alþjóðlegum lýðræðis- og þingræðisreglum að segja af sér, hvort sem brbl. eru meiri háttar eða minni háttar, af því að þá hefur hún ekki starfað sem löggjafi, heldur sem ofbeldisaðili. Og það er full ástæða til þess að ætla, að þetta hafi hún gert hér.

Það er því fjarri því, að ég vilji hindra, að þetta frv. fari með þingræðislegum hætti í gegnum Alþingi. Ég vil gjarnan, að hér verði um það þrjár umr. í þessari d., það fái sína meðferð í n., og það er sjálfsagt ekki mikið vandamál, a. m. k. ekki fyrir stjórnarliða, að fjalla um þessa sjálfsögðu löggjöf. Þeir þurfa líklega ekki langan tíma til þess. Það gangi síðan til Ed. og verði sannprófað, hvort stjórnin hefur þarna verið að framkvæma verknað, sem hún hafði þingræðislegan stuðning til, eða hvort hún var að fremja ofbeldisverk. Og ég hefði haldið, að það væri full ástæða til þess, að ríkisstj. sjálf vildi, að málið gengi sinn gang í gegnum þingið, en ekki að það færi hér í gegnum þessa d. eina umr., yrði svo vísað til n. og kistulagt þar og aldrei fengist úr því skorið, hvort hún hefði verið löggjafi á s. l. sumri eða ofbeldisseggur.

Eitt er það atriði, sem mér finnst og nokkru skipta í sambandi við þetta mál, og það er það: Tók hæstv. ríkisstj. það upp hjá sér sjálfri að setja þessa eindæma löggjöf, eða var hún beðin um það? Báðu flugfélögin hana um það? Ég vil fá svar við þessari spurningu. Var það ósk flugfélaganna í landinu, að þessi löggjöf var sett til að firra þau einhverjum voða, eða tók ríkisstj. þetta upp hjá sjálfri sér, af því að hana langaði til þess að breiða sína landsföðurlegu verndarvængi yfir flugfélögin?

Það er vissulega svo, að það horfði mjög vænlega með samninga um daginn 5. júlí. Flugmennirnir trúðu því þá sjálfir, að það tækist með tilslökun af þeirra hendi, og þeir gengu til fundarhaldsins með því hugarfari, það er mér kunnugt um, að slaka til. Þá vonuðust þeir eftir, að þeim yrði svarað af sanngirni og eitthvað slakað til a. m. k. með öryggismálin. En ég sagði frá því áðan, hvað gerðist þá. Á þessum fundi, 5. júlí, er byrjað á því að tilkynna, að öll tilboð flugfélaganna séu tekin aftur og liggi ekki lengur fyrir. Og þegar brbl. komu, vissu allir, að það var af því, að þá höfðu flugfélögin fengið vitneskju um, að lögin yrðu sett. Þannig var höggvið á samningaþráðinn. Það var tekið fyrir, að það væri til þrautar reynt að semja, og það er sök hæstv. ráðh. Miðnættið mátti a. m. k. koma,

það mátti reyna á það, hvort ekki næðust samningar, áður en verkfallið skylli á. Það var ekkert tjón, sem gat orðið af því. En það var ekki gert. Og svo er gripið til þess fánýta og fávíslega úrræðis að segja, að í vinstri stjórninni hefði þeim dottið í hug, þeir hefðu ætlað að setja lög til þess að koma í veg fyrir verkfall. Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið í sambandi við flugmannaverkfallið. Fyrir því er enginn fótur. Flugmennirnir gerðu kröfur, á meðan vinstri stjórnin sat, um lagfæringu á kjörum, og þeir fengu þau, og það var ekki dreginn neinn almennur lærdómur af því af verkalýðsfélögunum. Þetta er ekkert sambærilegt. Aðrir hafa haft uppi ásakanir í okkar garð fyrir það, að við höfum ætlað að setja löggjöf, þegar farmannadeilan stóð, allur farskipafloti Íslands var búinn að vera stöðvaður vikum saman. En þá var það aðeins þetta, að andstæðingarnir höfðu sagt: Þeir ætluðu að gera þetta. — En sá er munurinn, að það var ekki gert, meira að segja ekki áður en verkfall hófst, ekki heldur þegar verkfall var búið að standa nokkrar vikur, þjóðin í miklum vanda, farskipaflotinn stöðvaður, aðflutningar til landsins stöðvaðir, ekki bara að nokkrir útlendingar hefðu einhver óþægindi. Nei, það var reynt á samningarétt beggja aðila, og það tókst, — þeir sömdu, þeir sömdu frið.

Þegar hæstv. ráðh. var áðan spurður að því, hvort hann væri viss um, að þeir hefðu haft meiri hl. hér á Alþingi fyrir þessari lagasetningu, þá fór hann allur hjá sér, en sagði: Ríkisstj. stóð öll að þessu. Er það ekki alveg fullnægjandi svar? — Ég spyr aftur: Hvað kemst ríkisstj. langt, þótt hún sé skipuð sjö mönnum, hér á Alþingi Íslendinga, ef hún ein réttir upp hendurnar með málum? Það tryggir henni ekki meiri hl. um mál. Ef þeir hafa ekki átt neitt vist sem stuðning á bak við sig nema bara eigin atkvæði, sjö, þá er það ekki jákvætt svar við því, að þeir hefðu vitað, að þeir hefðu þingmeirihluta á bak við sig. Þetta virðist mér benda til þess, að þeir hafi skellt þessum lögum á án þess að ræða um það við nokkurn mann í sínum flokkum og ekki vitað neitt um fylgi við frv. nema innan ríkisstj., 7 atkvæði. Ég geri þó miklu fremur ráð fyrir því, að þeir hafi yfirleitt kannað þetta, en þeim hefur a. m. k. láðst að kanna þetta til þrautar, þannig að þeir vissu, hvort þeir hefðu meiri hl. á Alþingi, og það var það, sem máli skipti. Hafi þeir ekki meiri hl., þá er hér ekki um lagasetningaratriði að ræða, þá er hér um ofbeldisverk að ræða.

Ég get ekki að mér gert, að mér finnst málflutningur hæstv. ráðh., sem sjálfsagt er málflutningur allrar ríkisstj., verða ærið kátlegur, þegar þeir segja: Við settum lögin til að bjarga sóma flugmannanna. Við vorum að bjarga heiðri flugmannanna. Við gerðum það fyrir flugmennina að setja þetta verkfallsbann á. Tveir ræðumenn aðrir en ég hafa vikið að þessu, og þetta er auðvitað staðfesting á því, í hvílíkum vandræðum, í hvílíkri örvæntingu ríkisstj. er að réttlæta á nokkurn hátt þetta tiltæki sitt. Það sjá allir menn, að ekki er til meiri fjarstæða en sú, að þetta ofbeldisverk gegn flugmönnunum hafi verið framið þeirra vegna, til að bjarga heiðri þeirra. Það sýnir öllu öðru betur, að ríkisstj. er í algeru rökþroti að verja það, hvers vegna hún hafi gefið þessi brbl. út.

Og svo rak hæstv. ráðh. upp mikinn undrunarsvip út af því, að nokkur maður skyldi geta verið svo hlálegur að bera ríkisstj. á brýn svik, svik við yfirlýsta stefnu sína, svik við hvítu bókina, að hún skyldi gefa út þessi brbl., sem afnámu samninga og verkfallsrétt stéttarfélaganna, afnámu ákvörðunarrétt verkalýðssamtaka til þess að ákveða kaup og kjör. En ég las áðan yfir ráðherranum, ekki aðeins á einum stað í þeirri hvítu bók, heldur tvisvar, þar sem ég tók það fram svo skýrt, að hvert barn í smábarnaskóla skilur það, nema auðvitað hæstv. ráðherra, að það lögmál skyldi gilda áfram, að grunnkaup í landinu yrði ákveðið af samtökum verkalýðsins og atvinnurekenda. Á bls. 4 var þessi kenning uppi höfð með þessum orðum:

„Hins vegar eru ekki í tillögum stjórnarinnar nein ákvæði um grunnkaup. Það er stefna ríkisstj., að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör," — ekki ríkisstjórnarinnar, heldur samtaka launþega og atvinnurekenda. Var það gefið eftir félagi atvinnuflugmanna og flugfélögunum að semja um kaup og kjör? Nei, það var gripið fram fyrir hendurnar á báðum aðilum og þeim sagt: Þið hafið ekki um neitt að semja meir, hér eru lög um það, að þessum samningum er lokið. — Eru þetta svik við stefnuna, eða er þetta staðfesting á stefnunni? Þetta eru svik.

Aftur er sagt á bls. 23: „Ákvörðun grunnlauna verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaga."

Fengu þeir frjálsu samningar að leiða deilu flugmanna og flugfélaganna til lykta? Nei, á hana var bundinn endi með því að afnema frelsið með lagaboði. Og svo kemur ráðherrann og leikur heilagan sakleysingja, skilur ekkert í þessum mönnum, að þeir skuli vera að bendla sig og ríkisstj. við svik, þegar þeir hafa afnumið hinn frjálsa samningsrétt með lögum.

Svo var eitthvað út af því, að það hneykslaði hans viðkvæmu sál, hæstv. ráðh., að grein, sem ég skrifaði um flugmannadeiluna í sumar, birtist í Tímanum og Þjóðviljanum sama dag. Það er því alrangt hjá honum, að greinin hafi verið birt upp úr öðru blaðinu í hinu. Mér fannst málið þýðingarmikið. Mér fannst það vera skylda mín sem formanns alþýðusamtakanna að gera tilraun til þess að koma á framfæri hlutlausum skýringum á málsatvikum í þessari deilu, því að hér var líka um einstakt ofbeldisverk að ræða, og því vildi ég líka lýsa og koma því til sem flestra. Hitt veit ég vel, að þetta fór í taugarnar á hæstv. ráðherra, og það átti líka að gera það. Það er líka ekkert leyndarmál, að yfirleitt munu framsóknarmenn, eins og Alþýðubandalagsmenn, hafa verið stórhneykslaðir á því, að það skyldi ekki vera staðið við hina yfirlýstu stefnu ríkisstj. um það, að frelsi atvinnurekenda og verkalýðssamtaka yrði í heiðri haft og þeim ætlað það hlutverk að semja um kaup og kjör.

Hvað eftir annað víkur hæstv. ráðh. að því í sinni svarræðu, að það sé ekki von til þess, að

okkar litla, fátæka þjóð geti borgað flugmönnum eins hátt kaup og útlend, auðug flugfélög. Þau eru nú ekki öll auðug. Þau eru sum á hausnum, þau útlendu einmitt. En þau borga hærra kaup en íslenzkum flugmönnum er borgað. Það er skjalfest staðreynd, enda reyndi hæstv. ráðherra ekki að andmæla því, að útlendur flugmaður í undirtyllustöðu hjá Loftleiðum var á hærra kaupi en íslenzki flugstjórinn við hliðina á honum. Og svo er hann að tala um það, hæstv. ráðherra, að þetta sé svona í fleiri tilfellum. Þetta er einsdæmi. Ef útlendur maður, hvort sem hann er verkfræðingur eða verkamaður, vinnur hér á Íslandi, hvað gerist þá? Þá lýtur hinn útlendi maður íslenzkum launakjörum og býr við þau, svo lág sem þau eru. Þarna var bara útlendingurinn hafður á þeim launum, sem giltu hjá hans félagi, og var þannig sem undirmaður hærra launaður en yfirmaður hans í flugvélinni. Og þetta var því meira ósamræmi en í nokkru öðru tilfelli, sem mér er kunnugt um, þar eð laun undirmannsins voru þarna hærri en laun yfirmannsins.

Enn er eitt, sem mig langar til þess að vita um, og það er í tilefni af því, að ég spurði fyrr: Hvað hefur unnizt við þetta verkfallsbann? Er málið leyst? Ég fæ ekki séð annað en vandinn sé nákvæmlega sá sami, nema ef til vill að deiluatriðin eru torleystari en þau voru í sumar. En í framhaldi af þessu dettur mér í hug: Þegar þessi lög falla úr gildi 1. nóv., verður þá fitjað upp að nýju? Verður þá beitt verkfallsbanni á ný við flugmennina? Þeir taka vafalaust upp sína samninga, þegar þeim er það frjálst á ný. Eða er leikurinn búinn? Er hæstv. ríkisstj. búin að fá nóg af þessu? Og verður svo að láta samninganefndir útkljá málið eftir allt saman? Mér þætti fróðlegt að vita, hvort það væri ætlunin kannske að höggva á ný á þráðinn með verkfallsbanni, þegar samningar verða vafalaust teknir upp eftir 1. nóv. Eða mega flugvélarnar þá stöðvast? Þarf þá ekki að afstýra voðanum af sömu orsökum og í sumar?

Ég skal svo láta lokið máli mínu. Ég tel það fyllilega þess virði, að um svona stórmál og einstætt sé rætt hér einn fundartíma á Alþingi frá kl. 1½ til 4. Mér finnst það ekki bera vott um málþóf eða tilraun stjórnarandstöðu til að koma í veg fyrir, að mál geti fengið þinglega meðferð. Ég óska þess, að þetta mál fái þinglega meðferð, verði hér við 3 umr. í þessari d. og fái sínar þrjár umr. og nefndarmeðferð í báðum d. og atkvgr. gangi um það, svo að það komi í ljós, hverjir það eru, sem vilja sætta sig við, að samnings- og verkfallsréttur verkalýðssamtakanna sé fótum troðinn. Það er vissulega svo, að ef hann er fótum troðinn, þá er verkalýðshreyfingin gerð máttlaus, svo framarlega sem hún beygði sig fyrir slíkri lagasetningu, og það efa ég stórlega, að hún sjái sér fært að gera. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að taka það fram, að hvort sem það er tilætlun hæstv. ríkisstj., að þetta mál komi hér til umr. aftur eða ekki, þá tel ég sjálfsagt, að menn, sem yfirleitt vilja viðurkenna verkfallsréttinn og samningsrétt verkalýðssamtakanna, viðurkenna það, að kaupgjald í landinu eigi að ákveðast við frjálst samningaborð, að þeir greiði atkvæði á móti svona gerræðisfullri bráðabirgðalagasetningu, sem allar líkur benda til, að ekki hafi byggzt frá öndverðu á þingræðislegum stuðningi.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hér er um mál að ræða, sem er svo mikið prinsipmál, að það er nauðsynlegt að fá alveg ótvíræðar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. og það helzt hennar sem heildar, greinilega mæltar fyrir hennar munn allrar, um það, hver afstaða hennar er í þessum málum. Það er nú orðið alllangt síðan nokkur ríkisstjórn á Íslandi hefur gripið til þeirra aðgerða að banna verkföll, og það er svo hér á Alþingi, býst ég við, að það eru ekki margir þingmenn, sem áttu sæti á Alþingi, þegar það var síðast gert, af þeim, sem þar sitja núna. Það er hverfandi lítill minni hluti. Það hefur ekki gerzt, að þannig hafi verið gripið inn í, að verkfall hafi verið bannað. Það hefur að vísu aldrei gerzt í þessu formi. Það gerðist 1942 í janúarbyrjun undir öðru formi, þannig að það var settur gerðardómur, og það var bannað, að viðlögðu því, að sjóðir verkalýðsfélaganna skyldu upptækir og foringjar verkalýðsfélaganna fangelsaðir, svo fremi sem út af þeim lögum væri brugðið. Og það er rétt að rifja það upp fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún skyldi ekki muna það lengur, eða hv. þingmenn stjórnarliðsins, að það bann var brotið á bak aftur, lögin voru að engu höfð og lögin voru brotin á bak aftur af verkalýðssamtökunum og fólkinu í landinu, og sú ríkisstjórn, sem setti þessi lög, sundraðist innan nokkurra mánaða, eftir að hún hafði sett þau, og Alþingi, sem saman kom eftir kosningarnar í ágúst 1942, afnam lögin. Þetta er rétt að menn muni, þegar lög eru sett eins og þau bráðabirgðalög, sem hér liggja fyrir, og þegar þau rök eru færð þar fyrir af hálfu hæstv. landbrh., sem greinir í fylgiskjalinu og þegar hafa verið lesin.

Fyrsta spurningin, sem er þess vegna eðlilegt að leggja fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við afgreiðsluna á þessu máli, er: Er þetta aðeins skoðað sem sérstakt einkaáhugamál þessa ráðherra, sem hefur með flugmál að gera, af sérstakri ást hans á íslenzkum flugfélögum, þannig að hann geti aðeins hugsað sér að grípa til svona aðgerða, þegar flugfélög eiga í hlut, og vill hæstv. ríkisstj. gefa yfirlýsingu um það, að hún álíti svona nokkuð aðeins koma til mála, þegar flugfélög eiga í hlut, og aðeins að sumrinu til? Þetta væri ákaflega æskilegt að hæstv. ríkisstj. kæmi skýrt og ótvírætt með.

Ég heyrði það á ræðum hæstv. landbrh., að hann átti afskaplega erfitt með að verja þetta. Í raun og veru virtist hann vilja segja, að þetta væri ekki bara af ást hans á flugfélögunum, heldur einnig af sérstakri ást hans og umhyggju fyrir flugmönnunum, að hann hefði gripið til úrræða eins og þessara. Og það væri bezt að fá að vita það, hvort slíkt sé skoðun hæstv. ríkisstjórnar.

Þegar þetta mál er athugað út frá þeim rök-

semdum, sem fluttar hafa verið fyrir því, geta þær röksemdir átt við í öllum mögulegum tilfellum. Það fer allt eftir, — ja, á ég að segja ást ríkisstjórnarinnar á viðkomandi atvinnuvegi? Við skulum segja, að ríkisstjórnin elski flugmál og flugfélög svo mikið, að hún geti ómögulega hugsað til þess, að þau geti stöðvazt, en sé alveg sama t. d. um sjávarútveg eða skipaútgerð eða annað þess háttar, þá láti hún slíkt lönd og leið og skipti sér ekkert af slíku, það komi henni ekkert við, — það séu aðeins flugfélögin, sem hún elski og muni varðveita. Á að skilja það þannig? Nú er það svo viðvíkjandi flugfélögunum, að það er vitanlegt, að þessi félög hafa haft stórgróða, og það er réttmætt, að það komi hér fram, hve mikill slíkur gróði er. Er það sem sé prinsipmál hjá ríkisstjórninni, að það skuli svo til haga með löggjöf, ef ekki vill betur, að af flugmönnum skuli tekið það mikið fé með lagaboði, að það sé hægt að kaupa fyrir það nýja flugvél, a. m. k. að greiða útborgun í henni? Er m. ö. o. meiningin, að þeir menn, sem eiga að einhverju leyti flugfélög, skuli fá sérstaka aðstoð til þess að græða þannig á þeim með því að halda niðri kaupi flugmanna, að þeir geti þess vegna keypt sér ný framleiðslutæki? Og á þessi aðferð þá eingöngu að gilda um fjárfestingu viðvíkjandi flugvélum, eða á að taka þetta upp sem reglu í íslenzku atvinnulífi, að halda kaupi niðri, til þess að þeir, sem eiga viss atvinnufyrirtæki, geti grætt svo mikið, að þeir geti safnað auði, þeir geti keypt sér ný framleiðslutæki? Er m. ö. o. verið að skakka þarna leikinn til þess að tryggja auðsöfnun einstakra atvinnurekenda á kostnað þess fjölda, sem vinnur í landinu? Hér er varazt að koma með nokkrar raunverulegar upplýsingar af hálfu hæstv. ráðherra. Hann segir: Ég leit svo á, að það mundu ekki nást samningar, ef ég gripi ekki inn í með þessum bráðabirgðalögum. — En það er hægt að grípa inn í á annan máta, þegar vinnudeila er. Það er hægt að grípa inn í á þann hátt að taka stjórn flugfélaganna af þeim, sem hafa hana, — af flugfélögunum, — og ríkisstj. gat sjálf rekið þetta og borgað það kaup, sem verkamennirnir höfðu farið fram á. Það var líka hægt. Þá þurfti ekkert að stöðva. Ríkisstj. gat gefið sjálfri sér bráðabirgðalög til að gera slíkt.

Af hverju fannst henni eðlilegt að grípa bara inn í einhliða á móti verkamönnunum og með eigendunum? Af hverju gat hún ekki hugsað sér að firra þjóðina þeim skakkaföllum, sem hún áleit að af því yrðu, ef flugvélarnar stöðvuðust, með því að sjá um sjálf að halda flugvélunum áfram, en greiða verkamönnum kaupið, sem þeir höfðu farið fram á eða hún gat samið við þá um, — láta flugvélarnar ganga af fullum krafti, láta útlenda ferðamenn ekki verða fyrir neinum óþægindum, íslenzka ekki heldur, flugfélögin ekki stöðvast, láta ekkert verða landinu til vansa, láta flugmennina fá það kaup, sem hægt hefði verið að semja við þá um af hálfu ríkisstj. og láta á meðan fara fram rannsókn á því, hvað flugfélögin gátu borið? Hefur ekki hæstv. ríkisstj. áður gert allmikið fyrir þessi flugfélög? Þar með er ég ekki að eiga við gengislækkunina, því að ég veit ekki betur en í vetur, þegar það mál lá fyrir okkur hjá fjhn., hafi það verið upplýst, að það lægi við, að Flugfélag Íslands færi á hausinn fyrir aðgerðir ríkisstjórnarinnar, svo að hún virtist ekki hafa neitt sérstaklega mikla umhyggju fyrir íslenzkum flugfélögum í sambandi við þær ráðstafanir, sem hún var að gera þá. En hún hefur kannske séð, að það mundi vera fullmikil hneisa, ef það spyrðist út á eftir, að ríkisstj. hefði gert beinar ráðstafanir til að setja Flugfélagið á hausinn, og henni yrði kannske ekki þakkað það, svo að hún sá kannske að sér og reyndi máske þá á ýmsan annan hátt að sjá um, að Flugfélag Íslands gæti gengið. En það var þá sómasamlegra að gera það án þess að níðast á flugmönnunum þess vegna. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. og helzt fleiri ráðh. en hæstv. landbrh. ættu að svara þessu, því að ég tek eftir því í öllum hans umræðum um þetta, að hann á ómögulegt með að verja þetta, að það kemur raunverulega ekkert fram af þeim rökum, sem ég geng út frá að búi á bak við hjá hæstv. ríkisstj. við þessa tilraun, sem gerð var í sumar. Ég vil um leið minna á það, að þegar ríkisstj. grípur inn í með svona bráðabirgðalögum og gerir það til þess að tryggja gróða einstakra manna, þá er það náttúrlega nokkuð ólíkur tilgangur eða ef ríkisstj. hefði verið að varðveita — við skulum segja eitthvert almenningsfyrirtæki í þessum efnum og hefði getað borið fyrir sig afkomu þjóðarinnar eða slíkt. Það var ólíkt frá siðferðilegu sjónarmiði, — nema hæstv. ríkisstj. líti svo á, að hún sé alveg sérstaklega til þess sett og það eigi eingöngu að vera hennar starf að reyna að sjá um að útvega gróða handa einstökum atvinnurekendum á kostnað þjóðarinnar, eins og hún þegar hefur útvegað stórgróða handa útlendum atvinnurekendum, útlendum lánardrottnum og öðrum á kostnað þjóðarinnar í heild.

Ég held, að það sé nauðsynlegt og væri heppilegt, að það væru umr. um þetta mál hér nú og sem flestir hæstv. ráðh. tækju þátt í þeim umr., vegna þess að þá ætti það nokkurn veginn að geta komið í ljós, — og það er það, sem Alþ. þarf að fá að vita, — hver sé stefna ríkisstj. í þessum málum og hvers megi vænta af henni í þeim átökum, sem fram undan eru. Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún ætli ekki að skipta sér af deilum atvinnurekenda og verkamanna. Hún hefur lýst þessu yfir. Þessi yfirlýsing hennar er ósannindi, helber opinber ósannindi, og hæstv. ríkisstj. ætti annaðhvort að gera, að hrekja þann áburð, sem við berum á hana, um, að hún fari þarna með ósannindi í sinni yfirlýsingu, eða þá að taka upp nýjan hátt, — og mér sýnist það nú þegar vera að brjótast um í ríkisstj. Þar eru kannske ekki allir eins gætnir og hafa kannske ekki eins mikið samvizkubit og hæstv. landbrh. í þessum efnum, eins og bezt kemur fram í því, hve lélega honum gengur að verja þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það er auðséð, að hann finnur til þess, að þetta er ekki réttlátt, sem þarna var gert. Ríkisstj. var búin að lýsa því yfir, að hún ætlaði ekki að skipta sér af samningum verkamanna og atvinnurekenda. Hvað gerir hún svo, þegar þessir samningar eiga sér stað? Hún skiptir sér af samningunum. Og á hvern máta? Á þann máta að fyrirskipa flugmönnunum að una

við sitt, en tryggja flugfélögunum, að þau geti haldið áfram sínum rekstri og geti hætt samningum við flugmennina.

Þarna brýtur hún sína yfirlýsingu algerlega. Hæstv. ríkisstj. sýnir sig að vera handbendi fyrir einstaka auðmenn í landinu, þegar til kastanna kemur. Hún hafði lýst því yfir, að hún ætlaði að láta þetta sér óviðkomandi, og ég spurði að því, þegar það var gert, hvort hún mundi standa uppi og láta atvinnuvegi landsins stöðvast, þegar komið væri út í verkföll eða verkbönn. Ég spurði að því þá og fæ ekki enn neitt svar. Þarna er komið fyrsta svarið frá henni. M. ö. o.: Hún segir að hún ætli að grípa inn í á kostnað verkamanna, því að það er greinilega fram á það sýnt, að ef á að grípa inn í á þann máta að banna verkföll, þá verða þar með engir samningamöguleikar fyrir atvinnurekendur, það er sama sem að banna alla samninga við þá. Atvinnurekendur eru, a. m. k. þegar Vinnuveitendasambandið stendur á bak við þá, ekkert lamb að leika sér við, þannig að með þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf með útgáfu þessara brbl., er raunverulega verið að segja við atvinnurekendur og sérstaklega við Vinnuveitendasambandið: Þið megið vera vissir um, að alltaf, þegar á á að herða, þá grípum við inn í og bönnum verkföll. — Og þetta er bezt að fá yfirlýsingar um, og það væri alveg sérstaklega æskilegt, að hæstv. viðskmrh. gæfi fyrir hönd Alþfl. sem stjórnarflokks yfirlýsingu um þá afstöðu. Ætlar hæstv. ríkisstj. sér að dæma um, hvenær kauphækkun sé rétt eða ekki? Ætlar hún að hafa nokkra skoðun á því, og ætlar hún að skipta sér nokkuð af því? Það væri bezt, að hún léti það nú þegar í ljós, hvað hún ætlar að gera í þeim efnum. Hún er búin að gefa yfirlýsingu um, að hún ætli ekki að skipta sér af því, og hún er búin að brjóta þá yfirlýsingu. Hún er búin að fá einni harðsvíruðustu klíku auðmanna, sem til er í landinu, Vinnuveitendasambandinu, það vopn í hendur að banna verkfall, þegar á að gera það. Og vill hún hér gera svo vel að gefa þá yfirlýsingu, hvort hún ætlar að haga sér þannig áfram eða ekki, hvort hún ætlar að standa við það, sem hún lýsti upphaflega, eða ekki? Nú hef ég sett fram þessar kröfur hér um slíkar yfirlýsingar frá ríkisstj. hálfu af því, að Alþ. á rétt á að fá svar við því. Og ég hef innt eftir þessum svörum, og ég endurtek það enn þá, að ég skora á þá ráðh., sem hér eru, að svara því skýrt og ótvírætt. Ég ber ekki fram þessa fsp. vegna þess, að ég viti ekki, hvað ríkisstj. vilji í þessum efnum. Ég veit, hvað ríkisstj. vill. Og það veit öll þjóðin. Sá maður, sem virðist ráða mestu um stefnu ríkisstj., hefur þegar gefið yfirlýsingu um það efni. Það er hæstv. fjmrh., í þeirri ræðu, sem hann hélt nú við 1. umr. fjárl. Þar segir hann, *með leyfi hæstv. forseta,* — *það er í lok ræðunnar, prentað í Morgunblaðinu á 13. síðu 25. okt.*:

„Eigi fullur árangur að nást af efnahagsráðstöfununum, verður að sjálfsögðu að halda fast við þá stefnu, sem í upphafi var mörkuð. Bankaútlán mega ekki aukast umfram sparifjármyndun, ríkisbúskapurinn verður að vera rekinn hallalaust, og kaupgjald má ekki hækka, fyrr en gjaldeyrisstaðan er komin í eðlilegt horf, og þá ekki meir en svarar til aukinnar framleiðni."

Ég leyfi mér að spyrja hæstvirta ráðherra: Talar fjmrh. eins og fífl, eins og óábyrgur orða sinna, eða er þetta skoðun ríkisstj.? Hvað þýðir þetta, ef þetta er skoðun ríkisstj.? Það þýðir, að ríkisstj. lýsi því yfir, að kaupgjald megi ekki hækka fyrr — og það náttúrlega að hennar áliti — en gjaldeyrisstaðan sé komin í eðlilegt horf og þá ekki meira en svarar til aukinnar framleiðslu. M. ö. o.: hér lýsir hæstv. fjmrh. því yfir, að það sé ríkisstjórnarinnar að dæma um það, hvort kaupgjald í landinu megi hækka eða ekki. Og ég spyr hæstvirta ráðh., ekki sízt ráðh. Alþfl., hæstv. viðskmrh.: Er þetta skoðun ríkisstj., að það sé hennar að dæma um það, hvort kaupgjald megi hækka eða ekki? Það stangast á við þá yfirlýsingu hennar, að hún ætli að láta það afskiptalaust, hversu verkamenn og atvinnurekendur semja.

Nú er hæstv. ríkisstj. búin einu sinni að gefa út lög, þar sem bannað er að gera verkfall. Ef það er skoðun ríkisstj., sem hæstv. fjmrh. lýsir í sinni ræðu, þá er hennar skoðun sú, að kaupgjald megi ekki hækka. Hver er afleiðingin af því? Afleiðingin af því er, að þegar kaupgjaldshækkun byrjar og verkamenn knýja það fram, þá mun ríkisstj. grípa til laga til þess að hindra slíkt. Er það hennar meining? Ég minni á, að það er ekki í fyrsta skiptið, sem fjmrh. kjaftar út því í óaðgætni, sem ríkisstj. er að hugsa um að framkvæma. Það sama kom fyrir í fyrra, þegar hann talaði eins og kjáni í sínum yfirlýsingum. En það sýnir sig hins vegar, að þegar fjmrh. talar þannig, leysir frá skjóðunni, þá er það ekki vegna þess, að þetta sé raunverulega á móti stefnu ríkisstj., heldur er hann þá að segja hluti, sem ríkisstj. kærir sig ekki um að séu sagðir á þeim tíma. Og það virðist vera þannig um þetta. Fjmrh., sem virðist vera aðalfulltrúi þess amerísku auðhringakapítals, sem á að fara að veita inn í landið núna, aðalerindreki fyrir útlent auðmagn *til þess að leggja undir sig íslenzkt atvinnulíf*, hann er svo áhugasamur í þessum erindrekstri sínum, að hann gætir sín ekki og segir það, sem inni fyrir býr, þegar klókari og kannske samvizkusamari ráðherrar þegja eða eiga erfitt með að standa fyrir málstað sínum, eins og hæstv. landbrh. nú. Sú yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. gefur, þýðir raunverulega, að því er lýst yfir, að það skuli halda kaupgjaldinu niðri, eins lengi og ríkisstj. álítur vera nauðsynlegt, og þá kannske með aðferðum eins og þeim lögum, sem við nú erum að ræða hér.

Í okkar þjóðfélagi berjast atvinnurekendur og verkamenn um það, hvernig arðurinn af vinnu verkamannanna skuli skiptast, hve mikið skuli *fara til verkamannanna sjálfra, til þess að* framfleyta þeirra lífi, og hve mikið skuli fara sem gróði til atvinnurekendanna. Atvinnurekendur hafa, almennt séð, nægilega sterka aðstöðu í þjóðfélaginu til þess að vernda sína hagsmuni. Það ætti ekki að þurfa að gera sérstakar kúgunarráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins til þess að hjálpa þeim. Það er nógu sterk aðstaða fyrir þá að eiga framleiðslutækin. En hvað er það,

sem hefur gerzt með þeim brbl., sem nú er um að ræða, og þeirri hótun, sem liggur í ræðu fjmrh.? Það, sem hefur gerzt, er það, að hæstv. ríkisstj. lýsir því yfir, að hún muni beita ríkisvaldinu til þess að halda niðri kaupi verkamanna, af því að hún áliti, að það megi ekki hækka, svo að notuð séu orð fjmrh. Það er þetta, sem við spyrjum um, hvort hún ætli að gera. Og það er þetta, sem er viðkunnanlegra, að hún gefi Alþ. yfirlýsingar um, áður en hún leggur út í það, vegna þess að það sér enginn okkar fyrir endann á því, sem af því hlýzt, ef aftur er gripið til svipaðra aðferða og þeirra, sem beitt var 1942. Og þá er Sjálfstfl. orðinn gleyminn, ef hann man ekki, hvernig þá fór, — svo að ég tali nú ekki um Alþfl., ef hann ætlar inn á svipaða braut aftur. Hans ráðherrar fóru úr ríkisstj., þegar þau bráðabirgðalög voru sett. Ég spyr þess vegna að þessu, að ég heyri alveg greinilega í þeim ræðum, sem hér fara fram af hálfu hæstvirtra ráðherra, að þeir eru ósammála um þessi atriði. Þjóðin á kröfu á að fá að vita, hver sé stefna ríkisstj. Hæstv. fjmrh. segir á mánudagskvöld: Kaupið má ekki hækka. — Hæstv. landbrh. sagði í umr. hér, að atvinnurekendur eigi að greiða kaupið sjálfir. — Það er rétt, þeir eiga að greiða kaupið sjálfir. En af hverju grípur þá ríkisstj. inn í til þess að hindra atvinnurekendur í því að greiða kaupið sjálfir? Hvers konar ósvífni er það gagnvart verkamönnum í landinu að gera slíkt?

Hæstv. ríkisstj. segir sem sé: Atvinnurekendur eiga að greiða kaupið sjálfir. En með verkum sínum segir hún: Ef atvinnurekendur kæra sig ekki um að greiða þetta kaup, þá skulum við þrælbinda starfsmennina og verkamennina til þess að vinna hjá þeim án kauphækkunar. — Og fjmrh. segir: Kaupið má ekki hækka. — Ef atvinnurekendur eiga að greiða kaupið sjálfir, hvað vill þá einn fjmrh. vera að gefa slíkar yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, gaf hér á mánudagskvöld? Hvað vill hann eins og bjáni vera að gefa slíkar yfirlýsingar? Hvað á þetta framferði að þýða? Eða er verið að reyna að sýna mönnum framan í þá brútölu mynd, að ríkisvaldið skuli skakka leikinn og því skuli beitt á móti verkamönnum? Það er ekki nóg að vera sléttmáll og fagurmáll og prúðmenni í framkomu, ef á bak við kemur svo hótunin um það, eins og hjá fjmrh., að það skuli sýndur hnefi ríkisvaldsins, svo framarlega sem verkamenn ætli að hækka kaupið. Það er viðkunnanlegast, að slíkur fjmrh. standi sjálfur fyrir svörum hér. Það er ekki gott fyrir okkur að tala við stjórnarlið, sem hefur tvær tungur og mælir sitt með hvorri. Önnur segir, að atvinnurekendur eigi að greiða kaupið sjálfir, og hin segir við atvinnurekendur: Þið megið ekki hækka kaupið. — Það er ekki óeðlilegt, þótt við viljum fá að vita, hver sé stefna ríkisstj. í þessu. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. Hann segir, að atvinnurekendurnir eigi að greiða kaupið sjálfir. Svo eru atvinnurekendur og verkamenn að semja, og við skulum segja, að fjmrh. hafi skotizt til Vinnuveitendasambandsins og sagt við það: Verið þið ekkert að ganga inn á neinar kauphækkanir, við skulum hjálpa ykkur, ef í hart fer. — Og svo kemur að því, að atvinnuveitendur vilja ekki ganga að sjálfsögðustu og réttmætustu kröfum verkamanna, — meira að segja þeim, sem Mogginn mundi kannske fara að mæla með, eftir honum að dæma í morgun, — og þá gerist það bara einfaldlega, að ríkisstj. grípur inn í og segir: Ja, það hafa ekki náðst samningar á milli atvinnurekenda og verkamanna. Það verður að firra vandræðum. Það verður að firra vandræðum. Það verður að banna verkfall. — M. ö. o.: það að verkamenn og atvinnurekendur eigi að tala saman, það er bara orðin tóm sýndarmennska, því að á bak við stendur ríkisvaldið og segir við atvinnurekendur: Þið þurfið ekki að vera að láta neitt undan, þið þurfið ekki að vera að hækka neitt kaup. Við skulum sjá fyrir því, að verkamennirnir verði að una við gamla kaupið.

Okkur, sem höfum um 30 ára skeið og lengur komið nokkuð nærri samningum og vinnudeilum á Íslandi, — okkur finnst bezt að fá að vita það, hvað við eigum þarna í vændum, hvort við eigum það í vændum að verða að grípa til þeirra aðferða, sem tíðkuðust hér fyrir 10—20 árum, — og ég vil, að hæstv. ríkisstj. geri sér það ljóst, hverjar afleiðingar eru af slíku, — eða hvort við megum nokkuð vonast eftir því, að samningar fari fram með eðlilegum hætti, eins og eðlilegir samningar á milli verkamanna og atvinnurekenda, þar sem hægt sé að ræða við atvinnurekendur og þeir hafi það í bakhöndinni, að gangi þeir ekki að þeim samningum, sem verkamannasamtökin álíta óhjákvæmilegt að ná, þá geti þeir horft á atvinnurekstur sinn stöðvaðan. Þeir verða að hafa jafnt hitann í haldinu og verkamennirnir hafa af því að verða að vera atvinnulausir, standa í verkfalli svo eða svo langan tíma. Það er nógu ójöfn aðstaða samt.

Við höfum orðið varir við einn hlut og það í allríkum mæli í sambandi við samninga nú undanfarið. Við höfum orðið varir við, að það er ekki bara hæstv. landbrh., sem segir: Atvinnurekendur eiga að greiða kaupið sjálfir, — segir það mjög sanngjarnt og rétt. Við höfum líka orðið varir við atvinnurekendur, sem segja: Jú, ég get gjarnan greitt hærra kaup. Mér líkar vel við mína verkamenn og mína starfsmenn, og ég vil gjarnan greiða þeim hærra kaup. En það er einn aðili, sem segir mér, að ég megi ekki greiða hærra kaup. — Það er einn aðili, segja þessir atvinnurekendur. Og hver er sá aðili? Það er Vinnuveitendasamband Íslands eða þess stjórn. Þar eru samankomnir helztu milljónamæringar landsins, nokkrir ríkustu mennirnir í landinu og harðsvíruðustu. Og hvað eftir annað hefur það verið þannig nú undanfarið, að þessi litla auðmannaklika reynir að koma í veg fyrir, að samningar séu gerðir um hækkun á kaupi verkafólks í landinu. Og hvar kemur rödd þessara manna fram? Í pólitíkinni. Hún kemur fram í ræðum hæstv. fjmrh.: Kaupið má ekki hækka. — Það er sama klíkan, sem þarna er að verki. Hvort menn vilja kalla það „svörtu höndina“, eins og það hét einu sinni í róman, sem út kom í Reykjavík, — eða eitthvað annað, — það, sem þarna er á bak við, er hnefi auðmannastéttarinnar í Reykjavík. Og það, sem er að gerast, svo framarlega sem sú pólitík, sem fjmrh.

hér lýsir og ég sé og heyri að hæstv. landbrh. kinokar sér við að fylgja í sínum málflutningi, — og þess vegna er hans málflutningur líka um leið svona veikur, af því að hann þjáist kannske ofur lítið af sanngirni undir niðri, — þessi málflutningur fjmrh. er málflutningur klíkunnar, sem þarna stendur á bak við, þeirrar klíku, sem vill láta sverfa til stáls, þeirrar klíku, sem olli því, að verkfallið 1955 varð 6 vikna verkfall, af því að hún hélt sig geta ráðið við verkalýðinn, — og varð auðvitað að láta í minni pokann.

Það tíðkast oft í borgaralegum löndum, að það sé slíkt fámennisvald, slíkt einræði örfárra auðmanna, sem stjórnar einu þjóðfélagi á bak við tjöldin. Flugfélögin íslenzku hafa ekki verið neinn harðvítugur aðili í vinnudeilum við verkamenn. Þau hafa ekki sýnt sig í því að vera neinir sérstakir kaupkúgarar. Verkamenn hafa því síður sýnt sig í því að vera sérstaklega fjandsamlegir flugfélögunum. Loftleiðum hefur verið bjargað án þess að grípa til bráðabirgðalaga, eins og ríkisstj. gerði í sumar, þegar þær hafa staðið tæpt, með velvilja verkamanna. Það er ekki á milli þessara tveggja aðila, sem slagurinn hefur staðið. Ég býst ekki við, að svo að segja nokkur f þeim, sem flugfélaginu stjórna, sé svo skyni skroppinn, að hann skilji ekki, að íslenzku flugmönnunum ber þó að greiða eins hátt kaup og undir nokkrum kringumstæðum er mögulegt, því að það eru fáir flugmenn í veröldinni, sem fljúga við erfiðari skilyrði og er treyst til erfiðara flugs en þeim, a. m. k. civil-flugmönnum. Það er annað, sem stendur þarna á bak við. Það er harðvítugt fámennisvald, klíka milljónamæringa, örfárra manna, sem vill fá að ráða í okkar þjóðfélagi. Og það er fyrir hennar munn, sem hæstv. fjmrh. talar af þessum gorgeir: Kaupið má ekki hækka, — eins og það sé hans að ákveða það, — rétt þegar hæstv. landbrh. er búinn að sleppa orðinu um, að atvinnurekendur eigi að greiða kaupið sjálfir. Menn skyldu halda, að fjmrh. greiddi þetta úr eigin vasa. Hann ætti að greiða sína eigin skatta og skyldur, en tala ekki eins og kjáni um þessi mál.

Ég held þess vegna, að umr., sem fram fara um þetta mál, þurfi að sýna stefnu ríkisstj. í þessu, nema hún standi enn einu sinni í þeirri aðstöðu, að hún vilji fela stefnuna, að hún hrökkvi við, af því að fjmrh. sé búinn að tala allt of mikið, eins og hans er siður, segja það, sem ríkisstj. er að hugsa, á óhentugum tíma. Ég vil þess vegna skora á ríkisstj. að taka hér upp umr. um það, hvort kaupið megi hækka eða ekki, hvort atvinnurekendur geti greitt hækkað kaup eða ekki. Og ég skal leggja hér sannanir á borðið fyrir því, að atvinnurekendur geti greitt hærra kaup og að það sé hægt að standa undir því, að atvinnufyrirtækin í landinu geti hækkað kaup, og að það sé aðeins af yfirgengilegri frekju, óbilgirni og kúgunarlögum, ef það er látið koma til þess, að það þurfi að verða langvarandi verkföll og vinnudeilur á Íslandi nú.

Ég gæti byrjað á því dæminu, sem hæstv. landbrh. ætti að vera kunnugast. Getur kaupið hækkað í áburðarverksmiðjunni, eða getur það það ekki? Atvinnurekendur eiga sjálfir að greiða sitt kaup, eiga að greiða kaupið sjálfir, sagði hann. Áburðarverksmiðjan með 11 millj. kr. gróða á síðasta ári, — verkakaupið í heild 5 millj., — hún getur greitt þó nokkuð mikið hækkað kaup, haldið öllum löglegum fyrningarafskriftum og jafnvel lækkað áburðinn þar að auki. Ég man nú ekki, hvað Morgunblaðið reiknaði í morgun, — ég held, að það hafi reiknað, að það væru 30-40%, sem Alþýðusambandið væri nú að heimta í hækkuðu kaupi. En þó að það væru 50%, gæti áburðarverksmiðjan greitt það. 50% ofan á 5 millj., það er þó ekki nema 2½ millj., og gróðinn er 11 millj. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að koma hér með reikninga nokkurra stærstu fyrirtækja í landinu. Ef hún vill ekki leggja þá fram hér í þessum ræðustól, þá skulum við ræða það í fjhn., og við skulum fara í gegnum þá og sjá, hvort það getur hækkað eða ekki. Ég kann betur við að ganga í gegnum svona reikninga, áður en verkföll hefjast, heldur en þegar þau væru búin að standa í einn, tvo, þrjá eða fjóra mánuði. Og meðan svona ósvífnar yfirlýsingar koma úr ráðherrastól eins og hjá hæstv. fjmrh., að kaup megi ekki hækka, fyrr en honum þóknast, þá er eðlilegt, að við þm. heimtum að fá þessi plögg á borðið.

Ég hef spurt hérna seinast, — ég hef ekki fengið svar, — viðvíkjandi t. d. gróða Seðlabankans. Ég spurði hæstv. viðskmrh. Ég skal upplýsa það um leið, að gróði Seðlabankans hefur, það sem af er, hækkað um 50% frá því í fyrra. Og ég mundi gjarnan vilja hafa hér fund, t. d. í fjhn. þessarar d., með hæstv. ríkisstj. og með stærstu atvinnurekendum Sjálfstfl. hér úr d. og fá að taka reikningana fyrir þeirra fyrirtæki í gegn og fá að bera saman vextina, sem þeir greiða til bankanna núna, — það eru sums staðar nokkuð háar skuldirnar, sem þessir atvinnurekendur eru í við banka ríkisins, við ríkið, — og sjá, ef við lækkuðum þessa vexti við þá, ríkið lækkaði vextina við þá, hvað mikið þeir gætu hækkað kaupið. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að kalla alla atvinnurekendur Sjálfstfl. í þessari hv. d. á fund með fjhn. og leggja þessa reikninga fyrir. Við getum gert það sem trúnaðarmál þar, eins og eðlilegt er, en þá höfum við einhvern grundvöll til þess að byggja á um, hvort kaupið í landinu megi hækka eða ekki.

Skiptingin milli fjármagns og vinnuafls er tilefni harðvítugustu átaka, sem gerast í okkar þjóðfélagi. Hér á Íslandi höfum við viljað reyna að afstýra, að slík átök yrðu stórhættuleg okkar þjóðlífi. Við getum það með því að ganga í gegnum þessa hluti, sjá staðreyndirnar. En ef á að hafa þá aðferð fyrst að dylja staðreyndirnar eins og hægt er, síðan neita að ræða þær, þó að maður upplýsi um þær, því næst að gefa ósannar yfirlýsingar, eins og fjmrh. gefur, og svo, þegar búið væri t. d. að senda þingið heim, þá að beita hnefavaldi ríkisvaldsins til þess að aðstoða harðvítugustu milljónamæringaklíkuna í landinu, sem væri um leið að reyna að kúga atvinnurekendur, sem kannske vildu hækka kaupið, til þess að neita um kauphækkun, — ef aðferðin er svona, sem á að hafa, þá sér hver maður fram á afleiðingarnar af því. Mér sýnist nokkurn veginn greinilegt, hvert stefnir, ef svona á að halda áfram.

Hæstv. landbrh. gerir frekar lélegar tilraunir til þess að reyna að verja slæman málstað. Hæstv. fjmrh. gefur harðvítugar yfirlýsingar í fjárlagaumr. um, að þetta sé nú ekki nema rétt byrjunin með að halda niðri kaupi flugmannanna með brbl., kaupið megi ekki hækka, segir hann, — víst fyrir munn sinna amerísku lánardrottna. Síðan kemur ríkisstj. sér undan því að ræða málið á Alþ. Hæstv. landbrh. sýnir einn þá kurteisi að sitja undir málinu. Ef einhverjum af ráðherrunum, eins og hæstv. viðskmrh., verður á af slysni að rekast inn í salinn og skorað er á hann að standa fyrir sínum málstað og sérstaklega síns flokks, þá hleypur hann brott eins og fætur toga, — og svo á á eftir, þegar vinnudeilur eru hafnar, að segja: Ótætis kommúnistarnir vilja bara koma af stað vinnudeilum og verkföllum. — Svo á kannske að skipuleggja nýnazistadeildina í Heimdalli, sem kosin var í gær, til þess að rifja upp gamlar endurminningar um hvítliða og slagsmál á götum Reykjavíkur.

Ég hef nú skorað á hæstv. ríkisstj. að leggja reikningana á borðið. Ég hef skorað á hana að þora að standa við fullyrðingar fjmrh. um, að kaupið megi ekki hækka, og sanna það með rökum, undirbyggja það. Ég hef sýnt fram á, að það er ekki um það að ræða, að það sé verið að berjast við meginið af atvinnurekendastétt landsins. Meginið af atvinnurekendastétt landsins mundi vera reiðubúið til að hækka kaup. En það er klíka hér í Reykjavík í stjórn Vinnuveitendasambandsins, sem bannar þeim að gera það. Og sú klíka er studd af því valdi útlendu, sem vissir menn í núverandi ríkisstj. eru að ánetjast, þeir sem voru í Bandaríkjunum nú fyrir skömmu. Þessir menn eru að skuldbinda sig til þess að viðhalda ákveðnu ástandi, ákveðnu arðráni hér á Íslandi til þess að plægja akurinn fyrir útlent auðmagn í landinu. Það er þetta, sem er að gerast. Það var engin tilviljun, að hæstv. fjmrh. segir það með tveggja daga millibili, að kaupið megi ekki hækka og að ríkisstj. sé að undirbúa stórlán til stórframkvæmda hér innanlands. Maður veit, að þau viðtöl, sem fóru fram í Washington nýlega, miðuðust við það, að amerískir auðkýfingar legðu fé í stórfyrirtæki hér á Íslandi með þeim skilyrðum, að hér yrði reynt að halda niðri öllu kaupgjaldi verkalýðsins. Og hæstv. fjmrh. sýnir sig í þeirri ræðu, sem hann hélt hér á mánudagskvöld, að vera sá þrælapískari, sem amerískt auðvald þurfi á að halda til þess að koma á sinni kúgun hér á Íslandi. Það er þess vegna bezt, að menn geri sér alveg ljóst, um hvað er verið að berjast. Ég efast um, að öllum hæstv. ráðherrum sé það ljóst. Ég efast um, að meira að segja þeim aðilum, sem að forminu til deilan hefur staðið við hér, flugfélögunum, sé það ljóst.

Það fer lítið fyrir efnahagslegu sjálfstæði íslenzkra atvinnurekenda, eftir að búið væri að kúga þannig niður kaup íslenzkra verkamanna, að amerísku auðvaldi þætti sér henta að koma hér inn. Það hefur hingað til ekki hvað sízt verið íslenzk verkalýðshreyfing, sem hefur gert íslenzkum atvinnurekendum mögulegt að vera efnahagslega sjálfstæðir. Íslenzk avinnurekendastétt var uppgefin og vonlaus um framtíð efnahagslífs á Íslandi eftir krepputímabilið 1930—1940. Ég þekkti það bezt sjálfur, vegna þess að ég var m. a. fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar til þess að telja kjark í hana, íslenzku atvinnurekendastéttina, þannig að hún þyrði að leggja út í það 1944 að kaupa nýja togara, reisa ný hraðfrystihús og annað slíkt, og að sýna þeim, hvernig hægt væri að tryggja nægilega ódýrt fjármagn, til þess að sjálfstæður atvinnurekstur íslenzkra aðila gæti borið sig. Það hefur verið íslenzk verkalýðshreyfing, sem hefur hjálpað atvinnurekendastéttinni íslenzku á fæturna. Það hefur verið íslenzk verkalýðshreyfing, sem hefur haldið hlífiskildi yfir því, að sjávarútvegurinn væri ekki drepinn. Við höfum deilt við atvinnurekendur um, hvernig arðurinn ætti að skiptast af þeim auð, sem íslenzkir verkamenn, sjómenn og aðrir hafa skapað með sínum höndum. Okkur hefur ekki alltaf komið saman um þetta. Við höfum kannske annað hvert ár orðið að hafa einhver smáátök um, hvernig þetta skiptist. En íslenzk verkalýðshreyfing hefur haldið uppi og tryggt sjálfstæði íslenzkra atvinnurekenda. Það, sem nú er verið að undirbúa, er árás á efnahagslegt sjálfstæði íslenzku atvinnurekendanna og íslenzku þjóðarinnar, og það er eins og vant er, alltaf þegar verið er að brjóta lýðræði eða sjálfstæði niður, þá er byrjað með því að reyna að brjóta verkalýðshreyfinguna niður með kúgunaraðferðum, og þessi brbl. eru þáttur í slíkum kúgunaraðferðum. Þess vegna hefði það verið æskilegt, að um öll þessi mál færu fram umr. hér á Alþ., reikningarnir væru lagðir á borðið, plöggin væru lögð á borðið. Og það er það, sem ég hef óskað eftir, og það er það, sem ég hef skorað á hæstv. ríkisstj. að gera. En ég sé það á öllu, að hún vill reyna að forðast umr. um þessi mál. Hún vill reyna að forðast umr. um, hvort íslenzk atvinnufyrirtæki geti borið hærra kaup. Hún vill forðast umr. um, hvað það mundi þýða fyrir íslenzkan atvinnurekstur t. d., ef vextirnir væru lækkaðir um helming eða ¾, og hvað það mundi þýða fyrir íslenzka atvinnurekendur til að geta borgað hærra kaup. Og hún óttast umr. Hún óttast lýðræði og frelsi í þessum efnum, vegna þess að hún finnur það sjálf, að hún er meira og meira að fara inn á þá braut að beita einræði, að beita kúgun. Og það er það, sem ég vildi vara hana við, áður en það er orðið of seint. Mér þykir leitt, að sérstaklega hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa verið hér inni, til þess að ég gæti lesið þetta, sem ég hef sagt, yfir hausamótunum á honum, en ég vona, að hæstv. landbrh. segi honum, að hann geti þá a. m. k. lesið í þingtíðindum, hvað um hann hafi verið sagt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég á aðeins rétt á stuttri aths. eg skal ekki ofbjóða þolinmæði hæstv. forseta með langri ræðu. Það er aðeins út af einu atriði, sem fram hefur komið í þessum umr., sem ég vildi að gefnu tilefni segja nokkur orð. Það er út af yfirlýsingum fjmrh. um, að kaupgjald megi ekki hækka. Ég játa það að vísu, að ég tek þetta gaspur hæstv. ráðh. ekki mjög alvarlega, ekki fremur en það,

þegar hann segir, að bankaútlán megi ekki hækka, en á allra vitorði er, að þau hafa hækkað og það stórkostlega. Ég get líka sagt frá því, að þrátt fyrir þessa yfirlýsingu ráðh. um, að kaupgjald megi ekki hækka, hefur kaupgjald hækkað, og það hækkar án þess að hæstv. ríkisstj. viti neitt um það eða hafi nokkurt vald á því að hindra það.

Það eru tvö ár síðan sú stefna var tekin upp, að kaupgjald skyldi ekki hækka og mætti ekki hækka, hvað sem hækkuðu verðlagi liði. En svo mikið er víst, að þrátt fyrir öll bönn viðvíkjandi kaupgjaldinu hefur það hækkað í vissum tilfellum. Ég veit um stéttarfélag, sem bar fram sínar kauphækkunarkröfur á árinu 1959, var synjað um kauphækkanirnar, en viðkomandi atvinnurekendur sögðu: Með haustinu 1959 skulum við semja um hækkað kaupgjald, og þeir gerðu það. 15. sept. var samið um 10% kauphækkun við það stéttarfélag. Nokkru síðar var samið um 7% kjarabætur til handa tveimur stéttarfélögum.

En venjulega gerist þetta á annan hátt. Það gerist á þann hátt, að atvinnurekendur horfast í augu við það, að ef þeir ekki hækka kaupið, þá missa þeir sitt bezta starfsfólk, og það vilja þeir ekki vinna til og byrja þá gjarnan á því að semja um hækkað kaup við einstaklinga, sem eru í þjónustu þeirra. En það líður ekki á löngu, áður en þessar kauphækkanir við einstaklinga vitnast, og þá er gert samkomulag bókstaflega við stéttarfélagið um kauphækkun. Nú nýskeð var einmitt þessi þróun búin að eiga sér stað í einu stéttarfélagi hér í Reykjavík, og þá var gert samkomulag við stéttarfélagið um 10% kauphækkun þrátt fyrir öll bönn Vinnuveitendasambands **og ríkisstjórnar. En í aprílmánuði 1960,** á þessu ári, var gerður samningur við tvö stéttarfélög, þar sem samið var um það, að kaupgjaldið hækkaði frá 1. jan. 1960 um 12½%, en eftirvinnukaupið skyldi hækka um 34% og helgidaga- og næturvinnukaup um 35%. Kjarabæturnar, sem veittar voru með þessum samningum, voru meiri en þetta, því að vinnutíminn skyldi styttast úr 8½ tíma í 8 tíma, þ. e. a. s. um 1/17 hluta eða 5.9% og fjölgun veikindadaga skyldi framkvæmast úr 45 dögum á ári í 60, um 33%. Þetta voru mjög góðar kjarabætur, og það voru tvö stéttarfélög, sem fengu þetta. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki hugmynd um þetta sennilega, en Vinnuveitendasambandið hefur lagt bann við slíku og ríkisstj. líka, en það er haft að engu. Þetta hefur gerzt nú þegar, og aðalkjarabæturnar og kauphækkanirnar eru auðvitað eftir. Þetta sýnir bara það, að þeir mega tala og tala eins mikið og þeir vilja og gaspra um það, að kaupgjald megi ekki hækka, — það hækkar, og aðalhækkanirnar eru nú fram undan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BF, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, PS, SÁ, SI, AGb, BGr, JóhH.

nei: BFB, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, LJós, EÁ, ÁÞ.

6 þm. (BP, GH, KGuðj, ÓTh, DÓ, SkG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það hafa engin af þeim rökum, sem borin hafa verið fram til stuðnings þessu frv., verið hrakin, en auk þeirra vil ég benda á lokaorð grg. frá mþn. Alþýðusambands Íslands í laga- og skipulagsmálum, þar sem segir m. a.: „Grundvallarsjónarmið verkalýðssamtakanna hlýtur að vera það að láta hagsmuni heildarinnar sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra starfshópa.“ Í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu A. S. Í. segi ég já.

Frv. vísað til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Erfðalög.

Á 49. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til erfðalaga [169. mál] (stjfrv., A. 295).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af þeim prófessor Ármanni Snævarr og dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara, sem á árinu 1956 voru skipaðir til þess að semja frv. til erfðalaga og hafa um það samvinnu við fulltrúa frá hinum Norðurlöndunum, sem höfðu þá um nokkurra ára bil starfað að samræmingu réttarreglna á öllum Norðurlöndum um þessi efni. Hinir íslenzku nefndarmenn hafa síðan unnið að þessu verkefni sjálfstætt, en þó haft fullt samráð við sína norrænu félaga, en því miður, ef svo má segja, varð ekki samkomulag á milli allra Norðurlandaþjóðanna um að samræma þessa löggjöf til fulls. Atvik og fyrri réttarákvæði voru svo ólík í löndunum, að ekki þótti fært að setja um þetta alveg samhljóða reglur. En þó er talið, að mikið hafi áunnizt í þessum efnum og að löggjöfin verði, ef þau frumvörp, sem samin hafa verið, ná lögfestingu, mun líkari innbyrðis en áður var. En þó að full samræming hafi ekki tekizt, hefur verið höfð hliðsjón af bæði gildandi reglum og fram komnum tillögum í hverju landinu um sig varðandi samningu þessa frv., og þess vegna enginn vafi á því, að það hefur orðið málinu til gagns, að þessi samvinna skuli hafa tekizt.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja einstakar grein-

ar þessa frv. nú, en einungis gera grein fyrir höfuðefni þess.

Í fyrsta lagi er með þessu frv. reynt að gera erfðalögin heillegri en verið hefur. Upp í frv. eru tekin ákvæði úr öðrum lögum eða lagabálkum, sem betur eru talin eiga heima í erfðalögum en í þeim sérlögum, þar sem þau nú eru. Er þar fyrst að geta ákvæðanna um setu í óskiptu búi, sem nú er að finna í VIII. kafla l. nr. 20 1923, um réttindi og skyldur hjóna. Þessi ákvæði eru tekin upp í þennan lagabálk með þeim breytingum, sem heppilegar þykja. Þá eru einnig teknar upp í þetta frv. reglur um brottfall erfðaréttar, sem að nokkru að vísu voru í gömlu erfðalögunum, en hefur einnig verið að finna í ákvæðum almennra hegningarlaga og að nokkru í lögum um stofnun og slit hjúskapar. Það er lagt til, að þessi ákvæði verði öll felld inn í þessi nýju erfðalög. Þá eru einnig ákvæði um sönnun fyrir dauða manns tekin upp úr sérlögunum, sem um það efni eru, í þetta frv., að svo miklu leyti sem talið er, að þau hafi gildi fyrir erfðarétt. Hins vegar haldast nokkur sérákvæði þrátt fyrir þessa heildarlöggjöf, og er þar að telja erfðir að höfundarrétti, sem haldast í l. nr. 13 frá 1905, og lög um erfð að óðalsrétti og erfðaábúð, sem haldast í lögum nr. 116 1943, þó að nokkur breyting sé lögð til í sérstöku frv., sem má telja eins konar fylgifisk þess frv., sem hér liggur fyrir. Þessar breyt., sem ég nú hef talið, eru fyrst og fremst formbreytingar um að gera löggjöfina heillegri en verið hefur, en hafa ekki í sér fólgnar verulegar efnisbreytingar.

En í þessu frv. eru einnig nokkrar efnisbreytingar, sumar allþýðingarmiklar, og er þá fyrst að geta þess, að eins og nú háttar til löggjöf, fá þau börn, sem sannað er faðerni þeirra með eiði eða drengskaparheiti, ekki erfðarétt eftir föður sinn eða föðurfrændur. Með þessu er í raun og veru gefið í skyn, að þessi sönnun sé ekki jafngild öðrum sönnunum fyrir faðerni, og er það í senn óviðkunnanlegt og ósanngjarnt, úr því að hún á annað borð er talin gild sem faðernissönnun. Hitt er þá sönnu nær, að fella þessa aðferð til sönnunar faðernis úr lögum, en það hefur ekki verið talin ástæða til þess hér á landi, og er þá rétt að taka afleiðingunum, eins og gert er í þessu frv., og gera þessi börn að öllu leyti jafnrétthá öðrum börnum.

Þá eru nú nokkuð ósamkvæm sjálfum sér ákvæðin, sem gilda um erfðarétt kjörbarna. Þau halda erfðarétti eftir sitt náttúrlega foreldri, þó að þau séu gerð kjörbörn annarra, en öðlast einnig erfðarétt eftir kjörforeldri, þó að kjörforeldri hafi takmarkaðan erfðarétt eftir kjörbörn. Í þessu frv. er lagt til, að það verði fullkomin erfðatengsl milli kjörbarns og niðja þess annars vegar og kjörforeldra og ættingja þeirra hins vegar, eins og um eigið barn kjörforeldra væri að ræða. En aftur á móti falla að öllu leyti niður við ættleiðingu lögerfðatengsl milli kjörbarns og þess náttúrlegs foreldris og annarra ættingja á þann veg. Þetta eru heillegri reglur og rökréttari en þær, sem gilt hafa, og virðast horfa til góðs, þar sem ætlunin er einmitt, að kjörbarnið verði að öllu leyti í fjölskyldu- og ættartengslum við sitt kjörforeldri, en sliti þeim við sitt náttúrlega foreldri.

Í þriðja lagi er nú takmarkaður erfðaréttur niðja foreldra arfleifanda, þannig að foreldrarnir taka að vísu arf, börn þeirra og barnabörn, en ekki fjarlægari niðjar. Þessi takmörkun var leidd í lög með erfðalögunum frá 1949. Sams konar takmörkun mun vera óþekkt annars staðar á Norðurlöndum, og er lagt til, að hún verði felld úr gildi, þannig að niðjar foreldris arfleifanda fái erfðarétt, jafnvel þó að ættleggurinn sé lengra genginn fram en einungis til barnabarns foreldris. Þarna er um beina rýmkun erfðaréttar skyldmenna að ræða frá því, sem verið hefur í gildi nú um tíu ára bil eða röklega það, og ætlunin að þessu leyti að taka upp sams konar reglur og áður giltu hér á landi.

Þá er erfðaréttur þess hjóna, sem lifir eftir sinn maka, rýmkaður frá því, sem verið hefur, með tvennu móti. Í fyrsta lagi er lagt til, að erfðahluti maka, þegar niðjar hins látna eru á lífi, verði ⅓ í stað ¼ hluta, eins og nú er mælt í erfðalögum, og í öðru lagi er lagt til í frv., að í stað þess, að makinn taki aðeins helming arfs, þegar skipt er arfi með honum og útörfum hins látna, þá taki hann ⅔ hluta arfs, ef foreldri hins látna er á lífi, en ella allan arf. Í því felst það, að systkini og aðrir fjarskyldari ættingjar arfleiðanda taka engan arf, ef maki hins látna er á lífi. Þarna er um verulega breytingu að ræða frá því, sem verið hefur.

Loks er breytt heimild arfleifanda til að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá, þegar skylduerfingjar, niðjar eða maki, eru á lífi. Samkv. gildandi erfðalögum er honum heimilt að ráðstafa ¼ hluta eigna sinna, ef niðjar lifa, en helmingi eigna, ef niðja nýtur ekki, en maki er á lífi. Í frv. er ákveðið, að arfleifandi geti ráðstafað með erfðaskrá ⅓ hluta eigna sinna frá niðjum og maka, og er ráðstöfunarheimildin þannig rýmkuð gagnvart niðjum, en þrengd gagnvart maka.

Þetta eru aðalbreytingarnar, sem í þessum lagabálki felast, og sé ég ekki ástæðu til þess á þessu stigi að ræða þær frekar. Frv. er flutt alveg eins og þeir tveir mætu lögfræðingar, er ég gat um áðan, lögðu til, sá dómsmrn. ekki ástæðu til að breyta því í neinu við athugun sína á málinu. Sjálfsagt er í þessu eins og öðru sitthvað, sem menn geta haft ólíkar skoðanir um, og vonast ég til þess, að hv. d. athugi málið rækilega, það verði þá fyrst og fremst athugað í nefnd, eins og eðlilegt er um svo sérfræðilegt frv., sem hér um ræðir, og leyfi ég mér svo að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Skipti á dánarbúum og félagsbúum.

Á 49. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878 [170. mál] (stjfrv., A. 296).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta fylgir frv. um erfðalög, sem ég gerði áðan grein fyrir, og fjallar sjálft um breytingu á skiptalögunum frá 1878, og er efni þess, að ef í búi eru munir, sem hafa sérstakt minjagildi fyrir tiltekna fjölskyldu, og eiga þá erfingjar, sem teljast til þeirrar fjölskyldu, forgangsrétt til muna þessara. Þetta sýnist vera eðlilegt og sanngjarnt ákvæði. Það haggar ekki neinu um verðmæti þau, sem hver um sig á rétt til að erfa úr búinu, heldur einungis hvernig það eigi að ganga upp í arfahlut hvers um sig, og er þá eðlilegt, að þeir hlutir, sem tengdir eru að *minjum* við sérstaka *fjölskyldu*, *renni* til hennar.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Réttindi og skyldur hjóna (stjfrv.).

Á 49. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923 [171. mál] (stjfrv., A. 297).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta fylgir, eins og það næsta á undan, frv. að nýjum erfðalögum, en þetta fjallar um breyt. á l. um réttindi og skyldur hjóna, og er aðalbreyt. í 1. gr., sú, að í kaupmála megi ákveða, að um séreign, sem annað hjóna hefur hlotið samkvæmt kaupmála, skuli fara sem hjúskapareign þess eftir lát þess hjóna, sem fyrr andast. Ætlunin er þá sú, að séreignin komi í raun og veru einungis til, meðan bæði hjónin eru á lífi, og hefur það fyrst og fremst áhrif, ef þau skilja, að þá komi eignin í hlut þess, sem kaupmálinn sagði, að þessi hlutur væri séreign þess, en með sérstöku ákvæði sé hægt að segja, að séreignin sé úr sögunni við dauða aðilans. Þetta virðist ekki vera ósanngjarnt ákvæði, en gildir sem sagt ekki, nema það sé sérstaklega tekið fram og aðilar óski eftir því að hafa þann hátt á.
Í 2. gr. frv. er sú breyting einkanlega, að hvoru hjónanna um sig er heimilt, ef annað er dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna. Þessir hlutir, sem bundnir eru við persónu manns, koma í raun og veru ekki til skipta, heldur eiga að tilheyra þeim, sem þeir voru ætlaðir, og á þá ekki heldur samkvæmt 3. mgr. að taka þá með við ákvörðun bús og erfðahluta. Mér skilst, að þetta sé einnig nýtt ákvæði varðandi þá upptalningu, sem er í 2. mgr. 2. gr., sem þar fyrir utan er gamalt ákvæði, sem lengi hefur verið í gildi.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Ættaróðal og erfðaábúð.

Á 49. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943 [172. mál] (stjfrv., A. 298).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er hið síðasta þeirra, sem eru í tengslum við erfðalagafrv., og er ekki annað um það að segja en að efni þess er um það, hvernig meta skuli ættaróðal, þegar til skipta kemur, og sýnist það í raun og veru vera sjálfsagt og ekki annað en það, sem liggur í hlutarins eðli, en réttara hefur þótt að setja um það bein lagafyrirmæli.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Efnahagsmál (frv. EystJ o. fl.).

Á 2. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál [31. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Áður en ég kem að meginefni frv., sem hér liggur fyrir, vildi ég leyfa mér að hafa dálitinn aðdraganda eða formála og minnast með nokkrum almennum orðum á ástæður í efnahagsmálum, eins og þær virðast nú, aðdraganda þess, sem gert var s. l. vetur í þeim málum, og einnig þær ráðstafanir, sem þá var gripið til. Ég mun stikla mjög á stóru í þessu, eins og gefur að skilja, og ég hef ekki hugsað mér að tala sérstaklega langt mál, en óhjákvæmilegt er að rifja upp fyrir sér nokkur höfuðatriði einmitt í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Það má segja og var oft rifjað upp í fyrravetur, að núverandi valdasamsteypa tók við málum hér seint haustið 1958 eða nánast í árslok 1958. Áður hafði setið stjórn þriggja flokka, vinstri stjórnin, en á þessum tíma urðu alger tímamót í þessum málum, eins og stjórnarflokkarnir hafa sjálfir verið óþreytandi að leggja áherzlu á.

Núverandi stjórnarflokkar eða forráðamenn þeirra vilja ekki neita því, að þeir hafi lagt út í ýmsar ráðstafanir, sem hafa komið illa við margan. En þeir hafa sagt sem svo: Þetta er allt saman nauðsynlegt að gera, vegna þess að við tókum við stórkostlegum erfiðleikum. Málefni landsins voru hörmulega komin, þegar tími okkar kom. Það varð að gera ráðstafanir, sem hlutu að hafa þungar búsifjar í för með sér fyrir nær alla í landinu. — Þetta er viðlagið í því, sem forráðamenn stjórnarflokkanna hafa kveðið frá fyrstu tíð. Við skulum íhuga þetta eða minnast aðeins á þetta fyrst, aðeins örfáum orðum.

Þegar fyrrverandi stjórn, — ég nenni nú ekki einu sinni að vera að gera mun á stjórn Alþfl., sem Sjálfstfl. myndaði, og þessari, sem nú er, — ég orða þess vegna þannig þetta, að þegar fyrrverandi stjórn lét af völdum, þ. e. a. s. vinstri stjórnin, þá var í stuttu máli þannig ástatt: Það var um 60—70 millj. kr. greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum árið 1958. Gjaldeyrisstaða bankanna var eftir síðustu skýrslum, sem Landsbankinn hefur látið frá sér fara í þeim efnum og ég var að lesa í gær, á þessum tíma hagstæð um á milli 80 og 90 millj. kr. Lánamál stóðu þannig og framkvæmdir og heildarblærinn á þjóðarbúskapnum var sá, að þótt Íslendingar hefðu tekið nokkuð af lánum erlendis þá undanfarið til að standa undir framkvæmdum, þá var það dómur þeirra, sem bezt þekkja til þessara mála, að þjóðin hefði aldrei verið betur fær um að standa við allar skuldbindingar sínar en einmitt þá, eins og málin stóðu, vegna þess að lánsfé hafði verið notað til að koma upp arðbærum framkvæmdum. Þjóðartekjurnar voru í örum vexti og framundan enn meiri vöxtur þeirra vegna ráðstafana, sem þá var verið að gera og nýbúið var að gera til þess að auka enn stórkostlega við framleiðslutækni. Þannig var ástatt í þessum efnum. En svo var einn vandi sérstaklega erfiður við að fást, og hann var sá, að stjórnarandstöðunni, sem þá var, Sjálfstfl., hafði tekizt með ýmiss konar skemmdarstarfsemi í stjórnarandstöðunni að reisa nýja dýrtíðaröldu í landinu. Þannig var því ástatt, að ef ekki var hægt að finna ráð til að bæta úr þessu, var augljóst, að mikill vöxtur dýrtíðarinnar var fram undan. En það lá líka fyrir, að þrátt fyrir þessi skemmdarverk stjórnarandstöðunnar var vel hægt að leysa þau mál með tiltölulega auðveldu móti og halda kaupmætti launanna í landinu eins og hann hafði verið í október- og febrúarmánuði 1958. Þetta var hægt með því og var sýnt fram á, að það var hægt með því, að fallið yrði frá að láta koma inn í kaupgjaldið og afurðaverðið nokkur vísitölustig. Þannig var hægt að koma stöðvun á verðlagið í landinu og ná þannig jafnvægi, og þessi vísitölustig svöruðu nokkurn veginn til þeirrar dýrtíðaraukningar, sem hafði orðið vegna skemmdarverka stjórnarandstöðunnar.

Þetta er í örfáum orðum rétt mynd af því, hvernig ástatt var í landinu. Það var síður en svo, að hér væri nokkur neyð, eins og öll þjóðin veit. Málin stóðu svona. Það var afgangur í ríkisbúskapnum, og gjaldeyrisstaðan var jákvæð. En það var þessi vandi við að fást, sem hægt var að leysa. Því miður brugðust þar samtök um að leysa þennan vanda, og þess vegna var það, sem núverandi valdasamsteypa náði tökunum á málefnum þjóðarinnar.

Augljóst var strax 1959, að af því mundu verða óheppilegar afleiðingar á allan hátt. Það var á árinu 1959, sem fór að síga á ógæfuhlið í þessum málum. Það var látið reka á reiðanum. Það var reynt að drasla þessum málum áfram fram yfir tvennar kosningar, sem voru fyrst og fremst miðaðar við að styrkja valdaaðstöðu þessarar samsteypu með kjördæmabreytingunni. Það var látið reka á reiðanum um efnahagsmálin á meðan, með þeim afleiðingum, að greiðsluafgangurinn frá 1958 var étinn út, og var lifað á honum þennan tíma, með þeim afleiðingum líka, að afkoma þjóðarinnar út á við fór mjög versnandi frá því, sem hún hafði áður verið, þannig að gjaldeyrisstaða bankanna var orðin talsvert óhagstæð um áramótin 1959 og 1960, í stað þess að hún var hagstæð, þegar vinstri stjórnin skilaði af sér. Þannig seig á ógæfuhlið strax á fyrsta ári þessarar valdasamsteypu. Það var látið reka og unnið að því einu að reyna að undirbyggja völdin til þess síðan að geta tekið þeim tökum á málefnum landsins, sem komu svo fram eftir síðari kosningarnar.

Þessar kosningar tvennar voru háðar með slíkri ófyrirleitni, að þess munu vart dæmi áður hér á landi, þar sem því var, þrátt fyrir það, hvernig þessi mál stóðu, lýst hátíðlega yfir, að það væri búið að stöðva algerlega dýrtíðina, og menn skyldu trúa þessari valdasamsteypu fyrir því að sjá um áframhaldandi stöðvun hennar — og hatnandi lífskjörum, var bætt við. Þetta var sú kosningastefna, sem valdasamsteypan hélt

fram. Allir vita, hvernig þetta var svikið. Það var ekki fyrr búið að kjósa, en þeir, sem stóðu fyrir þessum málum og þessum yfirlýsingum, fóru að undirbúa ráðstafanir til þess að magna dýrtíðina í landinu sem allra mest. Það voru þeirra úrræði, því að þeir vildu taka upp nýja efnahagsmálastefnu og mynda hér nýtt þjóðfélag, sem átti að byggjast á samdrætti. Það átti að ná jafnvægi með samdrætti og knýja þannig fram, að hér gæti orðið innleiddur kapítalismi, hreinn og ómengaður kapítalismi. M. ö. o.: undireins og búið var að kjósa, voru þessar yfirlýsingar gersamlega hafðar að engu og blaðinu snúið algerlega við, tekin upp samdráttarleiðin, sem var beinlínis fólgin í því að magna dýrtíðina sem allra mest og ná samdrættinum þannig og með öðrum ráðstöfunum í sömu stefnu, sem ég mun koma að örlítið.

Nú hefur stjórnarsamsteypan af og til verið að klifa á því, að það hafi ekki verið um gott að gera, því að málin hafi staðið svo illa. Ég hef nú lýst því, hvernig þessi mál stóðu, þegar vinstri stjórnin skilaði af sér, og sannarlega þurfti ekki út af því, hvernig málin stóðu þá, að grípa til neinna örþrifaráða í ætt við það, sem gert var eftir kosningarnar 1959. Ég hef líka lýst því, hvernig fór að halla á ógæfuhlið, eftir að núverandi valdasamsteypa náði tökum á þjóðarbúskapnum árið 1959.

En þá er spurningin: Var þá búið að fara þannig með þessi mál á því eina ári, að það gæfi ástæðu til þess að leggja út í það, sem gert var? Ég segi: Þó að þá hafi sigið mjög á ógæfuhlið frá því, sem áður var, var ástandið þó alls engan veginn þannig, að það réttlætti á nokkurn hátt það, sem gert var. Þó að þá væri orðinn gjaldeyrishalli og gjaldeyrisstaðan væri orðin óhagstæð, þá liggur það skýrt fyrir samkv. yfirlýsingum frá hæstv. ráðherrum sjálfum, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að skakkinn, sem þá var í efnahagskerfinu eða framleiðslukerfinu, var a. m. k. ekki yfir 250 millj. kr. Hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu um, að hann væri metinn á 250 millj. kr., og eitt er alveg augljóst, hæstv. ráðh. hefur ekki gert minna úr því en honum sýndist eða var, þegar þess er gætt, út í hvað hann ætlaði sér að fara alveg á næstunni. Þá var einmitt komin tilhneiging til að mála ástandið miklu dekkri litum en ástæða var til. Var raunar gripið til hinna furðulegustu blekkinga í því skyni og ekki skirrzt við að ófrægja ástandið í efnahagsmálum Íslands og það beinlínis út á við líka til þess að reyna að finna skálkaskjól fyrir þær ráðstafanir, sem í undirbúningi voru. Það er því alveg augljóst, að hæstv. forsrh. hefur ekki dregið úr þeim skakka, sem fyrir var, eða því viðfangsefni, sem við var að fást, þegar hann nefndi þessar 250 millj.

Af þessu leiðir því það, sem margsinnis hefur verið sýnt fram á og margsinnis var sýnt fram á í fyrravetur, að það var engin ástæða til og rak enga nauð til að leggja út í neitt líkt því, sem gert var í efnahagsmálum landsins. Það var hægt að leysa þau og ná jafnvægi eftir öðrum leiðum með margfalt umfangsminni og heppilegri ráðstöfunum en þeim, sem núverandi hæstv. ríkisstj. greip til. Þetta var þráfaldlega sýnt fram á í fyrravetur, þó að hæstv. ríkisstj. vildi ekki á það hlusta. En það var auðvitað vegna þess, að það, sem vakti fyrir hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum, var ekki bara að leysa efnahagsmál landsins, leysa þann vanda, sem fyrir lá. Það var allt annað, sem vakti fyrir þeim. Það var að skapa nýja þjóðfélagshætti, eins og hæstv. fjmrh. lýsti hér yfir með miklu yfirlæti í fyrravetur í sambandi við þessi efni. Það var það, sem vakti fyrir núverandi stjórnarflokkum: að gerbreyta um stefnu í málefnum þjóðarinnar og þá fyrst og fremst, eins og ég mun koma að síðar, með því að innleiða hér alveg ómengaðan kapítalisma, ómengaða auðvaldsstefnu, — stefnu, sem væri miðuð fyrst og fremst við fjármagnið. Þetta dylst engum manni í landinu nú lengur. Það var raunverulega þetta, það voru þessir nýju þjóðfélagshættir, sem núv. hæstv. fjmrh. gat um, sem voru allsráðandi í hugum þeirra, sem stóðu fyrir þessu.

Það var hægt að fara þær leiðir í þessu, sem Framsfl. þráfaldlega benti á í fyrravetur, en þær leiðir hefðu haft það í för með sér, að uppbyggingar- og framfarastefnunni hefði verið haldið áfram og höfuðáherzlan hefði verið lögð á það áfram að auka framleiðsluna og framleiðnina, auka þjóðartekjurnar og komast út úr þeim vanda, sem fyrir lá, fyrst og fremst á þann hátt, eins og Íslendingar hafa í raun og veru alltaf verið að gera í þrjátíu ár. Í þrjátíu ár hefur rauði þráðurinn í starfsemi Íslendinga verið sá að leysa vandamálin með því að auka þjóðartekjurnar, með auknum framförum á öllum sviðum og rífa sig þannig úr kútnum, en ekki með hinu mótinu, að draga saman, eins og nú hefur verið efnt til.

Vanda þeim, sem fyrir lá, og skekkjunni í efnahagskerfinu var hægt að mæta með því m. a. að afla tekna upp í þann halla, sem þarna var til staðar, með álögum á eyðsluna, — ég segi eyðsluna, — gagnstætt því, sem núv. ríkisstj. hafði sem höfuðúrræði, sem var að leggja sem allra mesta skatta á neyzluna, þá daglegu neyzlu almennings. Hefur það aldrei komið fyrir áður og er einkennandi fyrir þá stefnu, sem ofan á varð, að það hefur verið lagður skattur á rafmagn, fisksoðningu og annað slíkt, sem menn þurfa á að halda daglega til að draga fram lífið. Það er einkennandi fyrir þessa stefnu, sem nú var tekin upp, að á þetta skyldu koma álögur í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar. Það var sem sé hægt að jafna þennan skakka með því að hyllast til að leggja fremur á eyðsluna. Það var einnig hægt að fikra sig áfram áleiðis og draga úr uppbótakerfinu í áframhaldi af því, sem gert var 1958, með því að hækka nokkuð yfirfærslugjaldið. Þannig hefði verið hægt að ná fullum jöfnuði í þjóðarbúskapnum og tryggja áfram kröftuga framfarastefnu.

Ef það dæmdist, að fjárfestingin væri of mikil í heild, þá benti Framsfl. kröftuglega á þá leið að velja úr þær fjárfestingarframkvæmdir, sem helzt máttu bíða, og láta þær bíða, en varði á hinn bóginn alveg eindregið við þeirri stefnu, sem upp var tekin, en í því var fólgin að gera allar fjárfestingarframkvæmdir almennings í landinu svo dýrar, að menn treystu sér ekki til

þess að halda þeim áfram eða ráðast í nýjar. En það er raunverulega sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. tók upp. Það er einn liður í samdráttarbúskapnum. Það er einn liður í hugmyndum ríkisstj. um að ná því, sem hún kallar jafnvægi, eftir samdráttarleiðinni. Ríkisstjórnin virðist ekki geta hugsað sér neina aðra leið en þá að kýta búskap landsmanna meir og meir saman.

Þannig var hægt að fara allt aðrar leiðir til að leysa þann vanda, sem fyrir lá eftir árið 1959, eftir þær aðfarir, sem þá áttu sér stað, og því langt í frá, að nokkurn nauð ræki til að leggja út í þær panik-ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir. Það voru allt aðrar ástæður, sem þar lágu til grundvallar. Það voru hinir nýju þjóðfélagshættir, sem þar voru markmiðið.

Hvað var það svo, sem hæstv. ríkisstj. gerði? Hún lækkaði gengið verulega, lét þeirri gengislækkun fylgja stórkostlegar nýjar álögur til ríkissjóðs, og mun vera einsdæmi, að slíkur böggull hafi fylgt gengislækkun. En hún gerði meira: Hún óttaðist, eftir því sem fram kom, að áhrifin af þessum ráðstöfunum yrðu ekki nógu stórkostleg til samdráttar og þó alveg sérstaklega ekki nógu stórkostleg til þess að koma á hinu nýja þjóðskipulagi, sem verið var að vinna að. Þá var bætt við gífurlegri vaxtahækkun og stórfelldum samdrætti í útlánum. Af ótta við, að jafnvel þetta allt saman væri ekki nóg til þess að snúa hlutunum svo gersamlega við sem hún vildi, þá var tekin ákvörðun um, að til viðbótar þessu skyldi draga helminginn af öllu því, sem landsmenn legðu fyrir í sparisjóðum, bönkum og innlánsdeildum, inn í Seðlabankann og frysta það þar, sjá þannig um, að þessir peningar kæmu landsmönnum ekki að gagni, hvorki í framleiðslunni né til þess að halda áfram uppbyggingunni. Allar þessar ráðstafanir gerði ríkisstj. í senn og raunar miklu fleiri aðrar smærri ráðstafanir, en þetta eru aðalatriðin.

Nú var bent á það í fyrravetur, og það var ekki unnt að hrekja, enda ekki hægt að hrekja, að verðhækkunaráhrif þessara ráðstafana allra saman, þótt dregin séu frá áhrif þeirra skattalækkana, sem gerðar voru, og fjölskyldubóta, sem ákvarðaðar voru, — að verðhækkunaráhrif allra þessara ráðstafana í þjóðarbúskapnum gátu aldrei verið undir einum milljarð og 100 milljónum, og voru þó ekki tekin til greina þau verðhækkunaráhrif, sem segja má að gengju út og inn í dæminu, þ. e. a. s. þau verðhækkunaráhrif, sem komu fram á rekstrarvörum framleiðendanna, vegna þess að þá stóðu menn í þeirri meiningu, að framleiðendur mundu fá það bætt upp aftur með hærra verði fyrir sínar framleiðsluvörur, sem ekki varð, því að ofan á allt annað bættist, að ríkisstj. hélt þannig á þessu máli, að framleiðendur til sjávar og sveita fengu alls ekki þær verðhækkanir, sem þeir áttu að fá til þess að mæta hækkuninni á rekstrarvörunum.

Þessi verðhækkunaráhrif gátu aldrei orðið minni en yfir einn milljarð, þ. e. a. s. sú hækkun, sem varð beinlínis á neyzlu- og framkvæmdavörum, allt miðað að vísu við þjóðarbúskapinn eins og hann var, þegar þetta var innleitt.

Hæstv. ríkisstj. var bent á það í fyrravetur, að ráðstafanir eins og þessar hlytu að leiða til stórkostlegra vandkvæða. Það væri ekki hugsanlegt að gera svona stórkostlegar ráðstafanir öðruvísi en það hefndi sín. Það gæti ekki einu sinni náð þeim tilgangi, sem hæstv. ríkisstj. ætlaðist til. Þessar ráðstafanir væru svo geigvænlegar og af þeim hlyti að verða stórkostleg verðbólgualda, af þeim hlytu að stafa svo stórkostleg vandræði fyrir framleiðsluna í landinu, að þær gætu ekki staðizt. Það væri skapað ástand, sem mundi leiða til þess, að það yrði enn á ný að gera stórfelldar nýjar ráðstafanir og svo koll af kolli, enda gefur alveg auga leið, að svona hlaut þetta að fara. Það var óhugsandi, eins og það var orðað í fyrravetur, að gera svona heljarstökk og koma standandi niður.

Til þess svo að gera langa sögu stutta, þá vil ég aðeins leyfa mér að benda á, hvernig nú er ástatt, aðeins nokkrum mánuðum eftir að núv. ríkisstj. kom þessum ráðstöfunum í gegnum þingið. Þó vil ég, áður en ég kem að þessu, lýsa ofur lítið nánar einum þætti í þessari stefnu. Það er vaxtaþátturinn og þátturinn í lánamálum.

Það var alveg sérstaklega sýnt fram á í fyrravetur, að fyrirætlanir ríkisstj. í þeim efnum væru hrein fásinna. Það var sýnt fram á, að þeir vextir, sem ríkisstj. hafði ákveðið að setja, væru hærri en svo, að nokkur atvinnurekstur á Íslandi gæti staðizt þá. Og fyrirætlanir þær, sem hæstv. ríkisstj. lét þá uppi varðandi lánastarfsemi í landinu, voru líka með öllu óframkvæmanlegar án þess að framkalla stöðvun og öngþveiti. En fyrirætlanir ríkisstj. voru þær, að Seðlabankinn mætti alls ekki og ætti ekki að fá leyfi til að lána meira út á afurðir framleiðendanna en áður. Þó að framleiðslukostnaðurinn ætti að hækka stórkostlega vegna gengisbreytingarinnar og þó að verðið á afurðunum ætti einnig að hækka vegna gengisbreytingarinnar, þá átti að leggja blátt bann við því, að Seðlabankinn lánaði einum eyri meira út á hverja vörueiningu en áður. Þetta mun í raun og veru þýða, að Seðlabankinn hafi dregið saman útlán sín til framleiðsluatvinnuveganna úr 67% niður í 53—55% a. m. k. Jafnhliða þessu var svo boðuð sú stefna í boðskap ríkisstj. í fyrravetur, að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir ættu að skila helmingnum af því, sem landsmenn lögðu til hliðar á árinu, — þeir ættu að skila því inn í Seðlabankann til frystingar þar til þess að tryggja, að þetta fjármagn gæti ekki komið framleiðslu landsins að notum, — gæti ekki komið landsmönnum að notum. En fram að þessu hefur því verið trúað, að sparnaðurinn í landinu væri of lítill og því væri of lítið fé til ráðstöfunar til að lána út bæði framleiðendum og þeim öðrum, sem mest þyrftu á lánsfé að halda. En hæstv. ríkisstj. boðaði þessa stefnu: að í viðbót við það, að Seðlabankanum skyldi bannað að lána einni krónu meira út á framleiðsluna en áður þrátt fyrir hinar stórkostlegu verðhækkanir, þá skyldu viðskiptabankarnir, sparisjóðirnir og innlánsdeildir kaupfélaganna verða að skila inn í Seðlabankann til frystingar og til að taka úr umferð helminginn af allri sparifjáraukningunni í landinu. Þá var landsmönnum ætlaður sá kostur að búa við það

lánsfé í sínum rekstri og framkvæmdum, sem viðskiptabankarnir gætu látið í té, þegar búið væri að taka helminginn af því, sem við bættist, og draga inn í Seðlabankann.

Ég undrast, að nokkrum manni, sem þekkir til íslenzks atvinnulífs, skuli hafa dottið í hug að leggja út með aðra eins fásinnu og þetta, enda var kröftuglega varað við þessu í fyrravetur, að þetta gæti ekki með nokkru móti staðizt: að moka yfir framleiðendur og landsmenn yfirleitt þeim gífurlegu verðhækkunum, sem leiddi af gengislækkuninni og nýju tollunum, bæta þar á ofan þessari ósvífnu vaxtahækkun og gera síðan ráðstafanir til, að útlán til framleiðslunnar skyldu standa í stað í krónutölu, og loks, að helmingurinn af því sparifé, sem safnaðist í landinu, skyldi lagður dauður til að passa það, til að gæta þess vandlega, að það gæti ekki komið neinum að gagni, sem væri í vanda staddur vegna allra þessara ráðstafana.

Það hefur vitanlega einnig reynzt þannig, að þessi stefna hefur í reyndinni haft hin geigvænlegustu áhrif, sem þó eru ekki nema að litlu leyti komin fram enn þá. Framleiðendur í landinu hafa riðið á vaðið, sumir við sjávarsíðuna, og látið í ljós, hvernig þessum málum er komið. Þeir hafa fengið þær kveðjur frá aðalmálgagni stjórnarliðsins, að þeirra vitnisburðum um þessi efni mætti líkja við það, þegar saman kæmi „samsafn fífla". Það væri engu líkara, sem frá þeim kæmi í þessu sambandi. En það voru hógværar bendingar um, hvaða afleiðingar af öllu þessu væru orðnar fyrir framleiðsluna í landinu.

En þó að ríkisstj. hafi með þessu viljað reyna að skapa hér í landinu eins konar „terror" og viljað þagga niður í mönnum og héldi víst, að menn þyrðu ekki að láta í ljós skoðanir sínar, ef svona væri á því tekið, þá hefur það vitanlega alls ekki heppnazt. Fleiri og fleiri hafa látið í ljós skoðanir sínar á þessum efnum, og meðal þeirra, sem hafa kvatt sér hljóðs um þetta, er einn mikilsvirtur atvinnurekandi í landinu og útgerðarmaður, Haraldur Böðvarsson á Akranesi. Hann hefur lýst því með sterkum orðum, hvernig verðhækkanirnar, vaxtahækkanirnar og lánasamdrátturinn, þessi þrjú höfuðatriði í stefnu ríkisstj., þessi þrjú grundvallar- og meginatriði, sem allt hitt er byggt á, verðhækkanirnar, vaxtahækkanirnar og lánasamdrátturinn, hvernig þetta hafi nú þegar farið með sitt fyrirtæki. Og ef þetta hefur nú þegar farið svo sem þessi atvinnurekandi eða framleiðandi hefur lýst með hans fyrirtæki, þá má nærri geta, hvað muni vera orðið um marga aðra.

Ég sagði áðan, að ríkisstj. hefði byrjað með því að segja mönnum með vissu móti „að þegja". Það var það, sem byrjað var með. Það er nú ekki hægt lengur.

Þá er farið að boða eða láta skína í úrræði, sem kæmu til greina í þessu efni, því að ekki er hægt að neita staðreyndum til lengdar. Eitt af úrræðunum, sem látið er skína í, er ekki það að lækka vextina, þó að það sé búið að sýna sig, að enginn atvinnurekstur á Íslandi getur staðið undir þessum vöxtum, og þó að það sé búið að sýna sig, hvernig þessir vextir hafa farið með fjöldann allan af landsmönnum, bæði einstaklingum og framleiðendum, — nei, það er ekki það — en það er látið í skína, að það þurfi sennilega að veita meiri lán. Það var út af fyrir sig ákaflega merkilegt, að nú skyldi allt í einu verða uppgötvað, þegar búið er að bisa við það í allt sumar að koma í veg fyrir, að menn geti fengið meiri lán. Það er búið að loka sparifé inni og banna undir hart straff að lána það út. En nú allt í einu á stund neyðarinnar er það uppgötvað, að eftir allt saman muni þurfa meiri lán. Og þá virðist hugsunin vera sú að veita einhverjum einhver kreppulán eða einhver slík lán til þess að greiða okurvextina!

Stundum er verið að minnast á, að þetta stafi allt af því, að það hafi verið lélegur afli og það hafi orðið verðfall á vissum afurðum. Var okkur ekki sagt í fyrravetur, að það væri verið að innleiða hér nýtt efnahagskerfi og nýja þjóðfélagshætti, sem væru þannig vaxnir, að það þyrfti ekki neinar aukaráðstafanir í þeim efnum, þetta ætti að vega sig sjálft, það væri búið að finna kerfi, sem gerði það að verkum, að þetta vægi sig sjálft, og þyrfti ekki frekari afskipti af efnahagsmálunum?

Það kom í raun og veru ónotalega í ljós strax í vor sem leið, þegar síldarútvegurinn fór af stað, hvað þetta var allt illa í pottinn búið hjá hæstv. ríkisstj. og á hvílíkum brauðfótum þetta stóð, þegar varð að grípa til þess að greiða uppbætur á saltsíldina til að koma síldarútveginum af stað. En okkur var sagt í fyrravetur, að það væri verið að koma hér á efnahagskerfi, sem gerði allar uppbætur gersamlega óþarfar og öll ríkisafskipti í nokkuð líkri mynd og áður. En nú er verið að impra á því, að þetta nýja efnahagskerfi sé eftir allt saman ekki sterkara en það og ekki meiri trygging fyrir þjóðarbúskapinn og atvinnureksturinn í landinu en svo, að það þoli ekki verðfall á tveimur eða þremur vörutegundum af mörgum tugum vörutegunda, sem Íslendingar framleiða, enda er sannleikurinn sá, að þeim, sem fyrir þessu standa, var vel kunnugt um það í fyrravetur og var á það bent, að það hafði orðið verðfall á fiskimjöli og síldarmjöli og nokkuð á síldarolíu þá strax, og þeim var því skylt að taka það til greina. En ég býst við, að þeir hafi þá treyst mjög eindregið á, að kerfið mundi áreiðanlega þola það og meira til, án þess að upp á það þyrfti að lappa.

Um aflabrestinn er það að segja, að það var mjög léleg síldarvertíð, verri en síldarvertíðin í fyrra, en hún var ekki verri en verið hefur mörg undanfarin sumur. Ég veit ekki, hvað heildaraflinn á landinu er nú í dag, en ég veit, að miðað við 1. ágúst mun heildaraflinn vera um 30 þús. tonnum hærri en hann var á sama tíma að meðaltali síðustu 4 ár. Það er því náttúrlega þýðingarlaust fyrir núverandi ríkisstjórn að vera að flýja frá ósigri sínum í þessum efnum öllum saman, sem liggur opinn fyrir öllum, með því að skella skuldinni í því sambandi á óvænt verðfall eða stórkostlegan aflabrest.

Af þeim fáu dráttum, sem ég nú hef dregið og komið inn á, er auðsætt, að ráðstafanir þær, sem hæstv. ríkisstj. greip til í fyrravetur, hafa nú þegar leitt hið versta öngþveiti yfir þjóðina.

Er þó ekki nema sáralítið enn komið fram af því, sem af þessu hlýtur að leiða. Það liggur sem sé alveg ljóst fyrir af því, hvernig ástatt er með málefni framleiðslunnar, að það verður óhjákvæmilegt að gera margvíslegar nýjar ráðstafanir vegna hennar. Þessi mál standast alls ekki, eins og hæstv. ríkisstj. hefur frá þeim gengið. Þau standast alls ekki. Og ríkisstj. sjálf er nú þegar farin að sjá þetta. Eftir að hún hefur komið auga á, að fúkyrðin hrökkva skammt, þá er hún sjálf farin að impra á alls konar nýjum ráðstöfunum vegna framleiðslunnar. Hefur þó ekki verið imprað á nema litlu enn af því, sem hlýtur að koma til greina.

Ef við lítum svo á, hvernig ástatt er um verðlag í landinu og dýrtíðina yfirleitt, þá er deginum ljósara og var ljóst strax í fyrravetur og bent á það mjög greinilega þá, að svo stórkostleg dýrtíðaralda sem nú hefur verið reist í landinu hlýtur að hafa í för með sér hækkun á kaupgjaldi og hækkun á afurðaverði til landbúnaðarins. Ráðstöfunum eins og þeim, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir, jafnstórkostlegum ráðstöfunum til þess að magna dýrtíðina, sem beinlínis voru miðaðar við að magna dýrtíðina í landinu, hljóta að fylgja kauphækkanir og hækkun á afurðaverði. Það eiga enn eftir að koma fram verðhækkunaráhrif af þessum ráðstöfunum í fyrstu umferð. T. d. er ekki að fullu komin fram verðhækkun á iðnaðarvarningi í landinu, — ekki komin fram nándar nærri öll sú hækkun enn þá.

Það er því alveg augljóst mál, hvernig sem á þetta er litið, að þetta gat aldrei staðizt, og kemur alltaf greinilegar og greinilegar í ljós, og afleiðingarnar af þessu eru ekki nema að litlu leyti komnar fram enn þá.

Ef við lítum svo aftur á framkvæmdamálin í landinu, þá er líka augljóst, að afleiðingarnar af stefnu ríkisstj. eru ekki nema að litlu leyti komnar fram á því sviði. Menn hafa á allar lundir reynt að halda áfram með þær framkvæmdir, sem þeir höfðu lagt í, t. d. íbúðabyggingar og margvíslegar aðrar framkvæmdir, öflun nýrra framleiðslutækja. Menn hafa reynt að halda áfram með þetta þrátt fyrir alla erfiðleika. Þrátt fyrir öll þau björg, sem ríkisstj. hefur ráðað á götu þeirra, hafa menn reynt að brjótast áfram með þetta á þessu ári. En allir, sem nokkuð þekkja til í landinu, og það vona ég að flestir hv. þm. geri verulega, vita, að það er fram undan stórkostleg stöðvun á framkvæmdum, ef ekkert verður að gert.

En hvað leiðir svo af því, ef samdráttur nær að verða í þeim mæli, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér? Það leiðir óhjákvæmilega af því, að á næstu missirum minnka þjóðartekjurnar. Sú framleiðsluaukning, sem eðlilega á að koma fram í þjóðarbúinu, verður ekki. Kyrrstaðan hefur, áður en nokkur veit, stórkostleg áhrif á atvinnu manna og tekjur þeirra og þar með á framleiðslu þjóðarinnar í heild og lífskjörin. M. ö. o.: ef þetta fær allt að halda áfram á þeirri braut, sem ríkisstj. hefur sett það inn á, má búast við verulegum samdrætti í þjóðarbúinu á öllum sviðum, sem verður til að rýra lífskjörin frá því, sem þau hefðu átt að vera og getað verið, alveg þveröfugt við þá stefnu, sem haldið hefur verið uppi oftast nær á undanförnum áratugum og hefur legið í því að reyna að nota það fjármagn, sem þjóðarbúið hefur haft yfir að ráða, til þess að halda uppi fullri atvinnu og auka framleiðsluna og þjóðartekjurnar. Nú er algerlega snúið við blaðinu og beinlínis gerðar ráðstafanir til þess, að það fjármagn, sem þjóðin sparar innanlands, verði ekki notað á sama hátt og verið hefur, til þess að greiða fyrir öflugri framleiðslustarfsemi og framkvæmdum manna. Og það er þetta, sem við flm. þessa frv. köllum hreina misnotkun á því ákvæði seðlabankalaganna, sem heimilar undir vissum kringumstæðum að fyrirskipa, að viðskiptabankar og sparisjóðir eigi einhverjar inneignir í Seðlabankanum. Það er hrein misnotkun á því ákvæði, sem hér hefur verið framkvæmt af hendi hæstv. ríkisstj., og þess vegna verður að afnema það ákvæði. Það er sýnilegt, að ríkisstj. misnotar þetta herfilega til þess beinlínis að framkalla í landinu þann samdrátt og stöðvun, sem hún telur nauðsynlegt að koma hér á, — ekki til þess að ná jafnvægi í viðskiptunum við útlönd eða leysa vandamál dagsins í efnahagsmálunum, heldur til þess að koma hér á nýjum þjóðfélagsháttum.

En hverjir eru þá þessir nýju þjóðfélagshættir, sem hæstv. fjmrh. boðaði í fyrravetur sem meginmarkmið? Það getur engum dulizt. Það á að herða þannig að þeim, sem sumpart eru að reyna að koma sér upp eigin íbúðum eða eignast þær, og sumpart þeim, sem hafa framleiðslustarfsemi með höndum, að þeir gefist hreinlega upp, að rekstur þeirra strandi og að hann geti orðið færður yfir á aðrar hendur, hann geti orðið færður yfir á hendur þeirra, sem hafa meira eigið fjármagn. Þetta er beinlínis prédikað af hæstv. ríkisstj. og málgögnum hennar. Því hefur blygðunarlaust verið haldið fram í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, að ein höfuðvitleysan á undanförnum árum, sem Framsfl. hafi staðið fyrir, hafi verið sú, að það hafi verið greitt fyrir því með lánum og alls konar stuðningi, að hinir og aðrir menn gætu lagt út í útgerðarstarfsemi t. d., þó að þeir ættu ekki nógu mikið fjármagn sjálfir til þess að leggja í reksturinn. Því hefur blygðunarlaust verið haldið fram í þessu aðalmálgagni ríkisstj., að þetta væri höfuðsjúkdómseinkenni þess þjóðfélags, sem upp hefur verið byggt á síðustu áratugum.

Þetta þýðir, að höfuðsjúkdómseinkenni þjóðfélagsins sé það, að of mörgum þeim, sem hafa ekki fullar hendur fjár og ráða yfir verulegu auðmagni, of mörgum slíkum aðilum hafi verið hjálpað, of margir slíkir hafi verið studdir til að komast yfir framleiðslutæki og atvinnutæki, íbúðir og aðrar eignir. Þetta sé óheilbrigt. Það eina heilbrigða sé að breyta nú til og tryggja það, að meira eigið fjármagn, meira einkafjármagn sé í atvinnurekstrinum en verið hefur. En það þýðir, að þeir, sem byggja rekstur sinn að verulegu leyti á lánsfé, verði að stranda. Þeirra atvinnurekstur verði að stranda og þá í trausti þess, að þá komi hinir til, sem hafa meira af fjármagninu, og komi rekstrinum af stað aftur. Þetta eru hinir nýju þjóðfélagshættir, það markmið, sem núverandi stjórnarflokkar hafa sett

sér. Til þess að ná jöfnuði í þjóðarbúskapnum var hægt að fara allt aðrar leiðir.

Eins og ég hef margsinnis minnt á, var því beinlínis lýst yfir á s. l. vetri, að það ætti að koma upp nýju efnahagskerfi og nýjum þjóðfélagsháttum. Og síðan er þetta prédikað nú, og þetta er að smáskýrast, því að nú, þegar komið er að örlagastundinni, sem sagt þeirri örlagastund, hvort á að stöðva meginhlutann af framleiðslunni og standa við það að láta þessa þjóðfélagsbyltingu verða, þá er það, sem aðalmálgagn ríkisstj. biður menn að skilja, að eitt höfuðvandamálið sé, að allt of margir hafi verið studdir til að eignast framleiðslutæki, sem hafi ekki nægilegt eigið fjármagn. Síðan er því hátíðlega lofað, að slíkt skuli ekki endurtaka sig, það þurfi að breytast. En náttúrlega veit það hver einasti maður, sem kemur nálægt framleiðslu á Íslandi, að þessi lánastefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að framkvæma, er hrein fásinna og gersamlega óframkvæmanleg nema með því að ganga strikið alveg til enda, stöðva alla þá eða meginþorra þeirra, sem að þessum málum hafa unnið, og bíða svo eftir því, að nýir komi í staðinn.

Það er bara um þetta að ræða annars vegar eða hitt að leka niður á þessu og breyta til. Og það er auðvitað það, sem á að gera. Það á að breyta til. Það á að hætta þessu og koma í veg fyrir, að þeir nýju þjóðfélagshættir nái að festa rætur, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér, vegna þess að ég er alveg sannfærður um það, að mikill meiri hluti íslenzku þjóðarinnar ætlast alls ekki til þess. Hann ætlast alls ekki til þess, að meginhluti þeirra framleiðenda í landinu, sem hafa verið að brjótast í því á undanförnum árum að koma sér upp atvinnutækjum, verði skornir niður við trog, né þess, að meginþorri þeirra manna, sem hafa verið að koma sér upp eigin íbúðum, fari í raun og veru sömu leiðina. Í staðinn komi svo þetta nýja dýrðarríki, sem aðalmálgagn Sjálfstfl. er að prédika, þar sem það megi ekki koma fyrir, að þeir, sem hafa ekki nógu mikið eigið fjármagn, fái að koma nálægt framleiðslu og íbúðabyggingum eða öðru slíku.

Hér er um algeran stefnumun að ræða, alger stefnuskil. Það er nefnilega hvorki um meira né minna að ræða en það, hvort á að halda áfram að byggja íslenzkt þjóðfélag upp svipað og gert hefur verið eða breyta í hið nýja horf. Við lifum ekki í því, sem hægt er að kalla hákapítalískt þjóðfélag. Það lýtur ekki þeim lögmálum, sem ríkisstj. kapítalismans og hennar ráðunautar vilja nú láta fylgja. Og höfuðkjarni málsins er einmitt þessi: hve margir einstaklingar, sem eru ekki ákaflega sterkir fjárhagslega til að byrja með, hafa verið studdir til þess að koma sér upp bæði atvinnurekstri og eignast íbúðir og annað, sem þarf til að vera efnahagslega sjálfstæðir.

Það hefur verið hafður allt annar háttur á þessu hér en í nálægum löndum. Hér hefur ekki verið útfærður hreinn kapítalismi. En það er einmitt það, sem aðalmálgagn ríkisstj. segir nú að verði og eigi að gera. En því mótmæli ég og áreiðanlega margir fleiri, þ. á m. áreiðanlega margar þúsundir þeirra manna, sem hafa kosið núverandi stjórnarflokka í þeirri trú, að það væri alls ekki meiningin að breyta svo gersamlega til sem nú virðist vera ætlunin, ef ekki verður þá á síðustu stundu horfið frá því að ganga línuna á enda.

Einn þáttur í þessum málum, sem mjög var hafður á oddi í fyrravetur, var sá, að hér ætti að breyta alveg um þjóðfélagshætti, breyta þjóðskipulaginu. Það sagði hæstv. fjmrh. hvað eftir annað. En þegar á leið og menn fóru að halda, að það væri ekki eins vinsælt og þeir höfðu álitið að breyta þjóðfélaginu í þessa stefnu, þá var talað um, að hér væri aðeins verið að leita jafnvægis í efnahagsmálunum. Það hefði verið svo mikill gjaldeyrishalli. Vitanlega þurfti að leita jafnvægis, og ég hef mjög ýtarlega bæði fyrr og síðar undirstrikað þær aðferðir, sem framsóknarmenn vildu viðhafa til þess. Þeir vildu ekki fórna framfarastefnunni fyrir það, enda þurfti þess ekki, eins og reynslan margfaldlega hefur sýnt. En ég veit, að þegar ríkisstj. í fyrravetur var að meta það, hve fast ætti að slá, þá var miðað við, hvað fast mundi þurfa að slá til að ná þessari þjóðfélagsbreytingu fram, — ekki ná jafnvæginu, heldur koma fram þjóðfélagsbreytingunni. Hugsunin var vafalaust: Við skulum gera þetta svo hressilega, að það muni um. Við skulum gera þetta svo hressilega að við fáum einnig í leiðinni nokkur hundruð milljón króna afgang á ríkisbúskapnum og að við fáum stórfelldan gjaldeyrisafgang. Ef okkur tekst að koma í veg fyrir, að framleiðslan stöðvist, fáum við stórkostlegan gjaldeyrisafgang og getum svo haft meira svigrúm á eftir. Þetta hlýtur einnig að hafa verið hugsunin. Nú er of snemmt að dæma um, hvernig þetta hefur tekizt, því þó að hæstv. viðskmrh. hafi undanfarið verið að fara hér í einhver félög og segja, að einhverjar skuldir hafi verið 7 millj. kr. lægri einhvern dag í ár en þær voru á þorranum eða góunni í fyrravetur, þá segir það afskaplega lítið um, hvernig farið hefur um þetta atriði. Ég býst við, að það sé of snemmt að fella dóm um það, hvernig farið hefur um þetta. Það hlýtur að verða einhver verulegur afgangur hjá ríkissjóði. Ég veit ekki hvort hann verður nokkur hundruð millj. eða 100—200 millj. Það kemur í ljós síðar. Og það hefði náttúrlega enginn undrast neitt á því, þótt afgangur yrði 300 millj. t. d. miðað við þær áætlanir, sem fyrir lágu um tekjurnar, því að þær voru áætlaðar minni en þær hefðu orðið af jafnháum innflutningi og var 1958, fyrir tveimur árum. Þær voru áætlaðar eitthvað um 200 millj. minni en þær hefðu orðið af jafnháum innflutningi og var 1958.

Þessi samdráttur allur hlýtur að hafa hitt þjóðina meira en lítið alvarlega, ef það verður ekki mörg hundruð millj. kr. afgangur á ríkisbúskapnum. Það sama er í raun og veru að segja um gjaldeyrisafkomuna. En eitt vil ég segja nú: Ef hér fer allt á aðra lund en hæstv. ríkisstj. ætlaðist til, þegar hún sló þetta þunga högg, þá er það ekki sízt fyrir það, hvað höggið var þungt, sem hún sló, og hvað þessar ráðstafanir voru fávíslegar. Og vitanlega voru þær svo stórkostlegar og svo fávíslegar, að þær hlutu að verka á móti sjálfum sér þegar á fyrsta ári. Þær hlutu að hafa áhrif strax á fyrsta ári til þess að draga

úr þjóðarframleiðsluni, eins og nú er fram komið, þar sem sjávarútvegurinn er nú þegar lamaður út af þessum aðförum. Þetta á allt eftir að koma greinilega í ljós síðar og ekki ástæða til að ræða það meira í dag, a. m. k. ekki nema þá að sérstaklega gefnu tilefni.

Ég hef nú í þessum fáu orðum lagt mikla áherzlu á að benda á, að því miður er ekki nema lítið eitt fram komið af afleiðingum þess, sem gert var í fyrravetur, og mun þó flestum þykja nóg orðið. En því miður er það ekki nema lítið. En það mætti gera ráðstafanir að dómi okkar flm. nú strax til þess að draga úr því, að afleiðingarnar komi fram að fullu. Til þess höfum við flutt frv. það, sem hér liggur fyrir.

En frv. er um að gera nú þegar ráðstafanir til þess að færa vextina niður í það horf, sem þeir voru, áður en þessar ráðstafanir voru gerðar, þar sem það er augljóst, að enginn atvinnurekstur á Íslandi getur staðið undir þessum vöxtum, og þetta er hættulegt mál. Það er hættulegt ástand, sem hefur skapazt vegna þessarar ákvörðunar um vextina. Það var sagt, að þetta ætti að gera til að minnka eftirspurnina eftir lánsfé í landinu og skapa aukið jafnvægi þá leiðina. En sannleikurinn er sá, að það hefur víst aldrei verið meiri eftirspurn eftir lánsfé í landinu en einmitt nú, vegna þess hvernig þjarmað hefur verið að mönnum, því að fjöldi manna reynir í örvæntingu sinni að leita sér að láni til þess að komast hjá því að þurfa að selja eigur sínar. Það er þannig ástand, sem hefur verið skapað. Og þegar þannig ástand er skapað í landinu með ýmsum ráðstöfunum og lánasamdrætti, þá er ekki hugsanlegt, að það verði til þess að draga úr eftirspurninni eftir lánsfé. Þetta sýnir einnig með öðru, að þessar ráðstafanir voru svo glæfralegar, að þær áttu enga stoð.

Það hefur verið talað nokkuð um, að sparifé hafi vaxið. Það gæti farið svo að lokum á þessu ári, að sparifé yxi eitthvað meira en í fyrra, um einhverjar fáeinar krónur. En lítið hrekkur það upp í allt það stórfellda tjón, sem allar þessar ráðstafanir hafa gert. Og hvers konar hringavitleysa er það að leggja slíka höfuðáherzlu á það atriði með ráðstöfunum, sem verða til stórtjóns fyrir allan þjóðarbúskapinn á aðra lund, loka síðan helminginn af því sparifé, sem safnast saman, inni í Seðlabankanum til þess að koma í veg fyrir, að það geti orðið að gagni? Hvaða hringavitleysa er þetta? — Hvaða tegund af hringavitleysu?

Ég hef ekki séð nýrri tölur um sparifjáraukningu í landinu en til 1. ágúst. Ég hef ekki plaggið með mér, það er í Hagtíðindunum. Og þó að það skipti ekki verulegu máli um smávægilegar fjárhæðir til eða frá, þá var þannig ástatt eftir þeim tölum, sem þá lágu fyrir, að ef maður tók saman hlaupareikningana og sparisjóðsreikningana, var vöxturinn á sparifénu í viðskiptabönkunum minni á þessu ári fram að þeim tíma en hann hafði verið á sama tíma í fyrra. Nú er ég ekki að segja, að það sé stórt atriði í þessu sambandi, hvort sparifé í landinu hefur vaxið um 10 millj. meira eða minna, því að hér er svo miklu meira í húfi, eins og ég hef lýst, þar sem eru þau geigvænlegu áhrif, sem ráðstafanirnar hafa haft á þjóðarbúskapinn til tjóns. En þessar tölur, sem ég gat fengið nýjastar í Hagtíðindunum, voru á þessa lund. Við, sem stöndum að þessu frv., teljum, að það ætti að mega draga nokkuð úr þeim hættulegu áhrifum, sem af þessu eru að verða, með því að breyta nú þegar vöxtunum og einnig með því að hætta nú þegar að draga inn í Seðlabankann helminginn af því, sem þjóðin leggur fyrir.

Þá ætti að rýmkast nokkuð um lánamöguleikana hjá bönkunum, ef þetta væri gert. Ef það er á hinn bóginn ætlun ríkisstj. að halda þessari samdráttarstefnu áfram svona, eins og hún er í framkvæmd nú fram á þennan dag, og jafnvel herða á, þá getur það ekki verið gert í öðru skyni en því að framkvæma nú strax þessa þjóðfélagsbyltingu, sem þeir virðast hafa haft í huga þ. e. a. s. innleiða hér nýja þjóðfélagshætti, koma þeim hreinlega í strand, sem nú eru að brjótast í því að hafa með höndum framleiðslurekstur og að eiga eigið þak yfir höfuðið, og þá í trausti þess, að þeir, sem hafa fjármagnið, komi og eignist þessi tæki: Þannig byggist hér upp alveg nýtt þjóðfélag, þar sem það ódæði verði ekki framið, sem Morgunblaðið kallar, að styðja þá, sem hafi tiltölulega lítið eigið fjármagn, til þess að eignast framleiðslutæki, því að eins og ég hef margtekið fram í þessum fáu orðum, þá virðist það vera aðalmergurinn í stjórnarstefnunni að bæta úr höfuðmeinsemdinni í okkar þjóðarbúskap: að of margir, sem kalla mætti bjargálna, hafi komizt yfir lánsfé, og að framvegis verði að koma í veg fyrir, að aðrir geti haft með höndum atvinnurekstur eða verulegar eignir undir höndum en þeir, sem eigi nógu mikið fjármagn sjálfir. Ef það er ætlun núv. hæstv. ríkisstj. að halda þessum samdrætti, eins og hann er nú og hefur verið, og jafnvel herða á, þá er það vottur þess, að hún ætlar að gera þetta strax, ætlar að hlaupa línuna á enda. En til þess hafa núverandi stjórnarflokkar ekkert umboð, vegna þess að þá stefnu hafa þeir aldrei undir þjóðina borið, — aldrei. Þeir hafa aldrei borið þá stefnu undir þjóðina og hafa ekkert umboð til þess að framkvæma slíkan holskurð á íslenzku þjóðfélagi, — ekkert umboð. Þeir fengu sitt umboð alveg þvert á móti út á yfirlýsingar sínar um það að halda áfram eins og gert var, áður en þeir gripu til þessara ráðstafana. Þeir marglýstu yfir, að þeir ætluðu að stöðva dýrtíðina og að engin gerbreyting ætti að eiga sér stað.

Ég vil leyfa mér að vonast eftir því, að það verði fallizt á að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir. En atriðin í því eru sem sé tvö, eins og ég hef bent á: að breyta stefnunni í vaxtamálunum nú strax og hætta að draga hluta af sparifénu til frystingar inn í Seðlabankann. Að sjálfsögðu þyrfti líka að fylgja í framhaldi að auka endurkaup Seðlabankans frá því, sem þau hafa verið á þessu ári, því að vitanlega nær það engri átt að lána nákvæmlega sömu krónutölu af hendi Seðlabankans út á afurðirnar, þótt þær hafi hækkað stórkostlega í verði og allur tilkostnaður við framleiðsluna stórhækkað.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er, að það undrar mig

fullkomlega að heyra mann, sem hefur verið fjmrh. jafnlengi og hv. 1. flm. þessa frv., flytja aðra eins ræðu og hann gerði nú. Hann endaði á því að segja, að það væri fullkomlega óheimilt þessari stjórn að gera nokkurn skapaðan hlut í stjórnarsessi, sem hún hefur ekki áður borið undir þjóðina við kosningar. Þessi maður felldi gengið 1939 með mér. Hann felldi það 1950 með mér. Hann felldi það 1956 án mín. Hann felldi það 1958 án mín. Og hér um bil öll árin þar á milli lagði hann hundruð millj. kr. nýja skatta á þjóðina, án þess að hann nokkurn tíma tilkynnti þjóðinni fyrir fram, að hann ætlaði að gera þetta, hvað þá að hann leitaði heimildar til þess. Svo kemur þessi maður, þessi syndaselur, og heldur aðra eins ræðu og hann flytur hérna. Ég held, að það hljóti að vera svartur blettur á tungunni á þessum gamla vini mínum eftir þennan málflutning. En þetta er aðeins lítið sýnishorn af málflutningnum, eins og hann hefur allur verið. Ég hef unnið með þessum manni og þekki þar af leiðandi ágæta kosti hans. En ég hef líka heyrt hann í öðrum ham, en aldrei verri ham en núna, — aldrei. Við værum meira glæpahyskið, þessir gömlu samstarfsmenn hans, ef fyrir okkur vekti eitthvað af þessu, sem hann var að lýsa. Við erum ekki aðeins ótuktarmenni, heldur flón og það af verra taginu.

Hvaða ríkisstjórn sezt að völdum til að reyna að brjóta niður alla uppbyggingu í þjóðfélaginu, þá sem verið hefur á mesta framfaraskeiði þjóðarinnar? Dettur honum í hug í alvöru, að nokkur stjórn vilji þetta? En þannig var hann að lýsa okkur.

Ég hef fyrir mitt leyti átt talsverðan þátt í mörgum þeim ráðstöfunum, sem mest hafa verið til framfara, eins og ég ber líka mína ábyrgð á ýmsu því, sem miður hefur farið. Þetta á við okkur marga hér, því að auðvitað eru okkur mislagðar hendur. Ég hafði t. d. þann heiður að standa fyrir nýsköpunarstjórninni, sem lagði grundvöll að mörgu því, sem mest hefur verið til framfara fyrir þjóðina og við lifum af enn í dag. Og hann má nærri geta, hvort þeir menn, sem þar voru að verki, og auk þess menn, sem voru sumir samverkamenn hans við að byggja upp margt, sem mestri blessun hefur valdið, séu nú orðnir allt í einu þess sinnis að reyna að drepa allt niður. Hvaða umskiptingar erum við orðnir? Eða er það hann, sem er orðinn umskiptingur?

Hv. ræðumaður lýsti stefnu Framsfl. og núverandi ríkisstjórnar, og ég held, að hann hafi farið nærri því jafnranglega með hvort tveggja. Stefna núverandi ríkisstj. er að efla sem flesta einstaklinga til sjálfstæðs atvinnurekstrar og gera þeim kleift að standa á eigin fótum, — líka að hjálpa þeim efnalitlu til sjálfstæðs atvinnurekstrar. Ég tek þetta fram vegna þess, hve hann lagði mikla áherzlu á, að okkar tilgangur væri að drepa niður allan minni atvinnurekstur í landinu, svo að Sambandið gæti tekið allan atvinnurekstur í landinu, — hann var að tala um auðvaldið og þá stóru. Síðan leggjum við megináherzlu á að hindra, að ríkissjóður geti hirt allan afrakstur af annarra starfsemi. Það gerði ríkissjóður undir forustu hv. 1. þm. Austf. Það þýddi lítið fyrir menn að leggja mikið í hættu, að reyna að berjast við óblíða náttúru og örðugar kringumstæður, því að ef þeim lánaðist að bera eitthvað frá borði, þá var ríkisræninginn alltaf í vasa þeirra sýknt og heilagt.

Auðvitað verður núverandi ríkisstj. að reyna að lagfæra margar misfellur og gera ýmislegt, sem óvinsælt er. En það raskar ekki því, að það, sem fyrir okkur vakir, er að reyna að koma á sjálfstæðum atvinnurekstri sem allra flestra þegna þjóðfélagsins og halda yfir þeim hlífiskildi og greiða götu þeirra. Það er einmitt stefnan að reyna að lækna krabbameinið, sem komið var í þjóðfélagið og alla efnahagsstarfsemina, þannig, að þessi meginstefna megi blessast. Það er okkar stóra hugsjón. Það er ekki enn þá séð, hvort hún fær að lifa, það veltur á mörgu. En auðvitað er þetta hugsjónin.

Við skulum athuga, hvað mikið má marka af því, sem hv. þm. sagði um aðgerðir og hugarfar ríkisstj., á því, sem hann sagði um það, sem hann á að þekkja miklu betur, en það er sína eigin stefnu og sína eigin framkvæmd.

Hv. þm. hóf ræðu sína með því að lýsa, hversu allt stóð hér með blóma í árslok 1958, þegar hann fór frá völdum og hans flokkur, sem hafði stjórnarforustuna. Hann átti tæplega nógu fögur orð til þess að lýsa öllum þeim náðarsólum, sem forsjónin hafði látið skína á hann og hans starfsemi alla, og þeirri blessun, sem þessi starfsemi hafði fært yfir þjóðina. Það var eiginlega varla sá hlutur, skildist mér, sem betur varð á kosið, eins og þá stóð á. Hann sagði, að það hefðu aldrei verið betri aðstæður í íslenzku þjóðlífi. Hvað sagði Hermann Jónasson, þegar hann fór frá völdum 4. des. 1958. Þá sagði hann: Það er ný dýrtíðaralda skollin yfir þjóðina. Við erum alveg ráðlausir í stjórninni. Ég segi af mér. — Hvað sagði efnahagsráðunautur þessa hv. fjmrh. þá? Hann var góður þá, var það ekki? Hann sagði: Við stöndum á gjaldþrotabarminum og riðum þar. Við verðum að gera tafarlausar ráðstafanir, því að ef við ekki gerum þær nú, þá er of seint að fást við þetta síðar. Þá missum við alveg tökin. — Er að furða, þó að þessi einn aðalráðamaður þeirrar stjórnar lýsti blessun sinni og aðdáun yfir því, hvernig komið var? En þannig lýsti hann sínum gerðum. Hann ætti ekki að vera að gera mér upp löngun til að rífa niður mitt ævistarf. Ég skal ekki gera honum þær getsakir sérstaklega, að hann vilji rífa niður hagsmuni almennings. En ég held, að honum hafi ekki síður en öðrum oft og einatt mistekizt.

Nú lýsti hann ákaflega glæsilega stefnu Framsfl. Það hefði eiginlega verið alveg óþarfi að hafast nokkuð að, ef þeir hefðu bara fengið að vera við völd og halda áfram að blessa þjóðina. Hann sagði, að ég hefði sagt eftir þeirra viðskilnað, að ekki þyrfti nema 250 millj., til þess að allt væri í bezta lagi hér. Ég sagði, að þá yrði valið um það að leggja á nýja skatta að upphæð 250 millj., sem yrði meiri kjararýrnun fyrir almenning í landinu heldur en þær ráðstafanir, sem nú eru gerðar. En fyrir það vildu menn ekki inn á þá leið, að hún leiddi áfram lengra og dýpra í kelduna, í fenið, sem við vorum að

sökkva í. Það væri þess vegna að minu viti og okkar ekki um annað að ræða en að reyna að snúa við, reyna að rétta okkur úr kútnum, reyna að leggja inn á nýjar brautir, reyna að komast út úr eyðimörkinni.

Þessi hæstv. ráðh. hafði lofað því, þegar hann settist í stjórnina 1956, að þá skyldu lækkaðir skattar og niður felldar allar uppbætur. En hvað var gert? Hann hafði lagt 1200 millj. kr. nýja skatta á þjóðina og uppbæturnar aldrei verið hærri. En ég segi: Ef stefnan var svona glæsileg, af hverju sagði þá Framsfl. af sér stjórnarforustunni og gafst alveg upp? Hvernig stóð á því? Af hverju framkvæmdi hann þá ekki þessa stefnu? Það er hægt að tala digurbarkalega, þegar maður er kominn í land úr skútunni, og láta aðra um að stýra henni. En af hverju reyndi þá ekki Framsfl. að bera fram á Alþingi þessar úrlausnir sínar? Jafnvel stjórnarsamstarfsmenn þeirra fengu aldrei neitt um þetta að vita, ef þá framsóknarmenn sjálfir hafa vitað það, sem ég veit að vísu ekki. Og hvernig blessuðust þessi handtök framsóknarmanna, meðan þeir réðu? Ég minni enn á, að þeir stórfelldu gengið sumarið 1958. 1200 millj. kr. nýir skattar voru lagðir á þjóðina. Og svo, þegar þessu var lokið, kom yfirlýsing stjórnarformannsins, sem ég áðan gat um, að það væri ekkert annað en strand framundan. Það er eitthvað annað en bjartsýnin, sem nú ríkir yfir ástandinu, sem þá átti að hafa verið. Ég trúi ekki, að jafnöflugur maður og hv. 1. þm. Austf. hefði hoppað í land af duggunni 4. des. 1958, ef ekki hefði verið alvarlegra umhorfs, ef einhverjar fleiri rottur hefðu ekki verið farnar að naga botninn á framsóknar-duggunni um það leyti.

Og ef menn spyrja, hvert þessi stefna hefði leitt okkur, þá leiðist mér að vera að endurtaka það. En ég þarf ekki að vera feimnari en hv. 1. þm. Austf. Ég hef oft heyrt flest af því, sem hann sagði. Hann má þess vegna ekki láta sér verða óglatt, þó að ég segi eitthvað, sem hann hefur heyrt áður. Ég vissi ekki, þegar seinni kosningarnar haustið 1959 fóru fram, hversu illa var komið í okkar þjóðlífi, og ég vissi það raunar ekki heldur, þegar stjórnin var mynduð. Og sannleikurinn var sá, að umhorfið varð æ því svartara sem dýpra var kafað í lindir sannleikans og fleiri upplýsingar lagðar á borðið — tölulegar upplýsingar — um efnahagsafkomu þjóðarinnar. Við komumst þá að því, að við höfðum á 5 árum notað 1050 millj. kr. meira en við öfluðum, að meðaltali er það 210 millj. á ári. Við komumst að því, að af þessu leiddi, að greiðslubyrðin, þ. e. a. s. sá hluti af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, sem nota þurfti til að greiða vexti og afborganir af því skuldafeni, sem við vorum að sökkva í, — greiðslubyrðin var orðin meira en helmingi hærri en hæst þykir fært í siðuðum þjóðfélögum. Hún var talin mundu komast í 12% árið 1961 af gjaldeyristekjunum í staðinn fyrir 5%, sem talið er hámark. Af þessu leiddi, að Íslendingar gátu hvergi fengið lán. Þær stofnanir, eins og Alþjóðabankinn, gjaldeyrissjóðurinn, sem við eigum aðild að, neituðu algerlega að lána Íslendingum meira, af því að þær töldu, að það lægi fyrir utan ramma þeirra lagaheimilda, sem þessar stofnanir starfa eftir, að lána þjóð, sem þannig væri komin. Við vorum þess vegna dýpst sokknir í þessum efnum allra þjóða í veröldinni, sem ég veit um, nema ef til vill að einni þjóð undanskilinni. Þannig hafði sú stefna blessazt, sem hv. þm. var að miklast af. Við höfðum líka á fjórum árum þurft að horfa upp á gjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar versna um 300 millj. Við höfðum í árslok 1955 átt 220 millj. innistæður í frjálsum gjaldeyri, en í árslok 1959 er þannig komið, að þessar innstæður voru allar uppétnar og við höfðum fengið í staðinn skuld upp á 65 millj. Jafnframt hafði gjaldeyrisaðstaðan í jafnkeypislöndunum versnað um 15 millj. Þ. e. a. s.: gjaldeyrisaðstaðan hafði versnað á þessum 4 árum um 300 millj. Og það er satt, að við vorum þannig komnir, að í janúarmánuði 1960 vorum við með lifið í lúkunum á hverjum degi um, að öllum gáttum yrði lokað fyrir okkur og að Ísland kæmist í opinbert gjaldþrot eða greiðsluþrot út á við, sem hlaut að gereyðileggja áhrif þjóðar, sem þannig fór með sinn efnahag, án þess að illt árferði eða aðrar aðsteðjandi hættur eða voði hefði orðið á okkar vegi. Við vorum þannig komnir. Við vorum yfirleitt í flestum efnum þannig, að við höfðum yfirstigið það hámark, sem talið var fært nokkurri þeirri þjóð, sem vildi halda áliti umheimsins sem sjálfstæð þjóð í efnahagsmálum.

Svo kemur það til viðbótar, að kerfið, sem við byggðum á og urðum að breyta, — kerfið, sem þessir menn segja um: Það var hægt að lagfæra þetta smátt og smátt, — bar feigðina í skauti sér. Útflutningssjóðurinn, sem átti að standa undir uppbótunum, var allur byggður á því, að maður, sem flutti út fyrir 100 kr., átti kröfu að meðaltali upp á 87 kr. á sjóðinn. Þegar svo var flutt inn fyrir þessar 100 kr., fékk þessi sjóður ekki 87 kr. sínar til baka, heldur aðeins kr. 68.50. M. ö. o.: þarna hlaut að skapast geigvænlegur halli. Hvaða ráð voru til þess að bæta úr þessum halla? Annaðhvort hlaut útflutningssjóður að stöðvast og þar með kerfið að verða gjaldþrota eða við yrðum að finna ný úrræði til að bæta úr hallanum. Til þess voru tvö úrræði. Annað var að flytja inn meira af lúxusvörum, hátollavörum. Þetta úrræði reyndi bæði vinstri stjórnin og stjórn Emils Jónssonar til að reyna að halda sjóðnum fljótandi. En báðar ráku sig á, að það hámark, sem þær höfðu hugsað sér að flytja inn af lúxusvöru, stöðvaðist af því, að sjóðinn vantaði gjaldeyri. Hitt ráðið var svo að taka lán eða éta upp sjóði. Við vorum búin að éta upp alla sjóði, eins og ég var að lýsa, og lán fengum við hvergi. Og kerfi, sem lifir á lánum, er dautt, þegar enginn vill lána okkur lengur. Þó að menn að öðru leyti hefðu viljað flana út í þessa feigðargöngu, hafði vantraustið á þjóðina sett slagbrand við því, að við gætum álpazt þessar ógæfuleiðir lengur en gert var undir forustu Framsfl. Auk þess gaf auga leið um það, að ef við hefðum haldið lengra á þessari braut, þá var endirinn enginn annar en sá, að einhvern tíma kom að því, að við yrðum að gera það, sem við erum nú að reyna að gera, en því lengur sem það dróst, því örðugra hlaut það að verða.

Ég segi þess vegna, að því fer víðs fjarri, að

það sé efnislega rétt, sem hv. ræðumaður sagði, að það hafi aldrei verið bjartara umhorfs í íslenzku þjóðlífi en þegar hann yfirgaf stjórnarskútuna. Það er miklu nær sanni, að þrátt fyrir einstakt góðæri höfum við aldrei verið komin nær því að glata efnahagslegu sjálfstæði en einmitt þá, og það er þess vegna, sem menn urðu að grípa til þeirra úrræða, sem auðvitað flestir hefðu viljað forðast.

Það er svo rétt, þó að hann deildi ekkert sérstaklega á það, að eitt af því, sem stjórnin gerði og ekki var gert áður, var að hindra kaupgreiðslur eftir vísitölu. Það er vegna þess, að reynsla þjóðarinnar hefur sannað, að þessi kaupskrúfa hefur reynzt öllum til bölvunar. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hefur nú margbent á það hér, að afleiðing kaupskrúfunnar hafi verið launþegum til bölvunar. (EOl: Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ég hef margsannað, að verðbólgan hafi verið auðmönnum til góðs.) Þessi hv. þm. hefur margsagt hér, að kaupmáttur tímakaupsins hafi verið minni í fyrra en 1947, þó að krónutalan breyttist úr kr. 8.88 yfir í kr. 22.19, að mig minnir. (Gripið fram í.) Jæja, þá erum við sammála um það. Þetta eru náttúrlega hörð tök, en þetta er gert á grundvelli þeirrar reynslu, sem þjóðin hafði fengið, þeirrar illu reynslu. Hitt er líka rétt, að ein af ástæðunum fyrir því, að gengisfellingar okkar hv. 1. þm. Austf. fóru út um þúfur, var, að okkur láðist að gera ýmsar hliðarráðstafanir, sem eru óhjákvæmilegar, þótt harðar séu og bölvaðar. Það er ástæðan fyrir því, að þegar við felldum saman gengið 1950, þá vorum við svo illa komnir, hann og ég, að 1951 beittum við okkur saman fyrir bátagjaldeyrinum. Það var a. m. k. ein af ástæðunum fyrir því. Ég veit vel, að það er ekki vinsælt að skerða lánsfé manna. Ég veit vel, að það er afar óvinsælt að hækka vexti. En ég veit líka, að ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að hindra verðbólguaukningu með starfsemi bankanna, þá er engin von að ná tökum á málinu.

Annars vil ég leyfa mér að segja það út af þessum vaxtahækkunum, að mér finnst Framsfl. og raunar aðrir vilja gleyma annarri hlið á málinu. Það er rétt eins og bankarnir tækju þetta fé allt til sín. Hver fær þessa vaxtahækkun? Er það ekki að langsamlega verulegasta leyti sparifjáreigandinn á Íslandi? Og hvernig hafa þeir mörgu tugir þúsunda, sem eiga sparifé, verið leiknir á undanförnum árum? Þeir hafa verið þannig leiknir, að vextirnir hafa verið svo lágir, að verðfall peninganna hefur verið meira en allir vextir til samans. Og nú er látið eins og það sé alveg goðgá, að þessir menn fái einhverja vexti, og ef þeir eiga að fá vexti, þá verða einhverjir að borga þá. Ég ætti ekki að vera formælandi þeirra, sem vilja þyngja bagga þeirra, sem eru skuldugir. Ég er það ekki heldur. En ég þori að horfast í augu við nauðsynlegt verk, þó að það sé óvinsælt, — það þori ég. Auðvitað er ég meðal þeirra, sem af skilningi á atvinnuháttum og atvinnulífi þjóðarinnar munu fagna þeirri fyrstu stund, sem auðið verður að lækka vextina, og mun sækjast eftir því, að hún renni upp sem allra fyrst, — ég fer ekkert leynt með það.

Við vitum sjálfir, að það er örðugt að lifa, þegar verið er að komast út úr verðbólguhugsunarhættinum og yfir í það, sem heilbrigt er. Það kostar fórnir, og það kostar að reyna að vekja skilning manna á því, að það er ekki alltaf hægt að segja: Mér gengur illa, ríkissjóður á að borga. — Það verður að reyna að koma þessu þannig fyrir, að atvinnurekendur, stórir og smáir, og ekki síður smáir en stórir, geti haldið uppi sínum rekstri, komið honum á heilbrigðan grundvöll, — greiða fyrir þeim, eftir því sem hægt er, en að reyna að kenna mönnum, að þeir verða sjálfir að gæta fjár síns og láta nægja, að ríkisvaldið greiði fyrir í aðalefnum og a. m. k. drepi þá ekki niður með skattafarganinu, eins og var mjög gert undir forustu hv. 1. þm. Austf.

Það er eitt, sem mig langar til að benda hv. þm. á, eða spyrja hann um: Hefur hann hitt nokkurn sérfræðing í þessum efnum, — hann er það nú ekki, ég er það ekki heldur, — sem er ekki sammála um, að það hafi verið nauðsynlegt að gera þetta? Það hljóta að vera hagfræðingar, sem hann ber traust til, sem hann getur spurt um þetta. Ég hefði gaman af að heyra nöfn þeirra hagfræðinga, sem eru á því máli, að það hafi verið hægt að halda áfram á fyrri braut.

Það er nú að vísu orðinn háttur hér að nota það eiginlega sem skammaryrði að vera sérfræðingur. (Gripið fram í: Eða hagfræðingur.) Eða hagfræðingur, já, það er líka sérfræði. En hvernig stendur á því, að hásetinn á þilfarinu, sem er nú kannske kjarkkarl og tilþrifamaður og vanur sjómaður, er þó ekki látinn stýra skútunni, þegar siglt er yfir hafið, nema eftir fyrirmælum sérfræðingsins í skipstjórastöðu? Það er af því, að þekkingin hefur sína þýðingu. Við höfum auðvitað vissa þekkingu hér í þingsölunum. Mér dettur ekki í hug að falla fram og tilbiðja sérfræðinganna almennt talað og þá ekki heldur hagfræðinga. En ég segi bara það, að ef allir þeir, sem hafa lagt æsku sína og manndómsár í að læra þessi fræði, eru sammála um það, sem gert er, þá er varla algerlega stýrt í öfuga átt. Ég held, að við verðum að gera okkur grein fyrir því.

Ég skal ekki fara að ræða hér um það, hvernig horfur eru í þessari baráttu okkar. Þær eru að sjálfsögðu örðugar. Sumt horfir vel, annað miður. Hv. þm. var að tala um, að það væri svo sem ekki mikið að marka, hvernig gjaldeyrisaðstaðan væri, hvort hún væri 7 millj. betri en á góunni. Það er nú talið, að við stöndum 95 millj. skár en við gerðum um áramótin.

Það hefur verið sagt, að við höfum tekið 800 millj. kr. lán og eytt því öllu. Ekki einum einasta eyri af þessum 800 millj., yfirdráttarheimild okkar, hefur verið varið til annars en að greiða óreiðuskuldirnar, sem við vorum í, þegar við tókum við völdum, óreiðuskuldir bankanna, vanskilaskuldirnar, og gjaldeyrisaðstaðan er 95 millj. kr. skárri en þegar við tókum við. Og eins er með sparifjáraukninguna. Ég hjó í það í Hagtíðindunum, að sparifjáraukningin hafði í apríl—september í ár verið 39 millj. kr. meiri en á sama tíma í fyrra. Það er gott merki, svo langt sem það nær. Og mér þykir ákaflega gleðilegt, að allir spádómar hagfræðinganna um vísitöluna virðast ætla að standast. Ef ekki koma einhver ófyrirsjáanleg óhöpp, þá verður visitalan 104 stig. Það var það, sem við höfðum gert ráð fyrir.

Þá er það ekki heldur í samræmi við spádóma stjórnarandstöðunnar, að atvinnan í landinu hefur verið mjög blómleg, og meðan svo er, þá er miklu borgið.

Ég játa hins vegar, að það er náttúrlega marga örðugleika við að etja núna og suma, sem var ekki hægt að sjá fyrir. Það út af fyrir sig vissum við að mundi kosta vissar fórnir að eiga að hætta að éta árlega 200 millj. kr. af annarra fé, eins og við höfum gert, og fara í stað þess að borga skuldir.

Það er einnig staðreynd, að andvirði síldaraflurða annars vegar og verðfall á lýsi og mjöli hins vegar umfram það, sem við áttum von á, munar hvorki meira né minna en 300 millj., eða 12% af andvirði útflutningsvörunnar. Svo kemur hv. 1. þm. Austf. og segir: Þetta er nú meira kerfið. Það þolir þá ekki verðfall og aflabrest og annað því um líkt. — Ég vil segja, að ég skammast mín fyrir margt meira en það, þótt mér hafi ekki tekizt að finna út kerfi, sem við getum blómgazt í, þó að aflabrögð séu afleit og verðfall enn þá verra. Ástandið er þannig núna, að fyrir utan, að við erum hættir að éta annarra fé og byrjaðir að borga, þá höfum við orðið fyrir aflabresti og verðfalli. Aflabresturinn á togurunum er svo mikill, að hann er alveg óþekktur í sögu þjóðarinnar. Ekki bætir lokun brezka markaðsins. Og það eru líka miklir örðugleikar, sem stafa af því, að útgerðarmenn hafa fjárfest allt of mikið. Ég veit ekki, nema sumir útgerðarmenn, sem nú kvarta sáran, gætu spurt sjálfa sig, hvað þeir hefðu fjárfest mikið á þessu ári, áður en þeir fara að skrifa meira í blöðin en búið er að gera.

Ég sé, að fundartími er liðinn, og skal ég þess vegna ekki orðlengja þetta meira. Það er náttúrlega afar margt, sem væri hægt að segja í sambandi við þetta, en það verður þá að gerast síðar af öðrum eða mér, eftir því sem atvik standa til.

Ég leyfi mér að enda þessi orð með því að segja, að þetta böl, sem við erum að stríða við núna, er arfur eigin synda og áreiðanlega ekki sízt synda Framsfl. — og að því er varðar stjórnir ekki sízt að rekja til synda vinstri stjórnarinnar. Og ég segi enn þá, að menn munu fá að sjá, hvað af hlýzt, ef þeim tekst með rangfærslum og útúrsnúningum og öðru verra að brjóta niður viðreisnina, sem nú horfir sæmilega um, ef menn fást til að una henni enn um nokkurt skeið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þótt hv. 1. þm. Austf. (EystJ) hafi gefið til þess ríkulegt tilefni í hinni löngu ræðu sinni að ræða efnahagsástandið almennt, mun ég ekki gera það nú, enda, eins og hv. forseti tók fram, venjulegum fundartíma lokið, en til þess mun áreiðanlega gefast tilefni mjög bráðlega að ræða þau mál ýtarlega við hv. þm.

En ég vildi aðeins segja örfáar setningar um þetta frv., fyrst og fremst vegna þess, að í hinni löngu ræðu sinni gat hv. þm. ekki um allt það, sem í frv. felst. Hann lýsti frv. sem frumvarpi um lækkun á útlánsvöxtum bankanna. En frv. er meira. Það er líka um lækkun á innlánsvöxtum af sparifé, en þetta láðist hv. þm., þótt hann talaði mjög lengi, að taka fram í ræðu sinni. En það er sannarlega ekki þýðingarminni þáttur málsins, að það fjallar um lækkun sparifjárvaxtanna, en hitt, að það fjallar um lækkun útlánsvaxtanna.

Það, sem mig langaði til þess að benda á, og það er hið eina, sem ég vildi segja við þessa umr., er, hverja þýðingu þessi þáttur frv. raunverulega hefur.

Meðalupphæð sparifjár í bönkum og sparisjóðum, síðan vaxtabreytingin kom til framkvæmda 22. febr. s. l., hefur numið 2070 millj. kr.

Á þeim tæpum 8 mánuðum, sem liðnir eru, síðan vaxtabreytingin kom til framkvæmda, hafa sparifjáreigendur eignazt rúmar 53 millj. kr. vegna vaxtahækkunarinnar. Eins og allir vita, er vöxtum bætt við sparifjárinneignir manna um áramót. Sparifjáreigendur í landinu munu um næstu áramót fá 67 millj. kr. meira en ella vegna vaxtahækkunarinnar, sem þetta frv. á nú að ógilda eða afturkalla. Á heilu ári græða sparifjáreigendur 80 millj. kr. á vaxtahækkuninni. Þetta frv. er um það að svipta sparifjáreigendur í landinu 80 millj. kr. á ári.

Það fæst ekki rétt mynd af frv., nema þetta sé einnig haft í huga.

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. gaf hér nokkrar upplýsingar síðastur ræðumanna í þessu máli um það, hvað sparifjáreigendur mundu fá í ár sakir hækkaðra vaxta.

Við fáum öðru hverju upplýsingar frá stjórnarvöldunum og þeirra hagfræðingum, en það vill svo undarlega til, að þessar upplýsingar eru ekki aðeins af skornum skammti, heldur beinlínis, að því er virðist, valdar úr sérstakar upplýsingar um þjóðfélagið og þess fyrirbrigði, en öðrum upplýsingum sleppt eða erfitt að fá þær.

Ég vil þess vegna einmitt í tilefni af þeim upplýsingum, sem hæstv. viðskmrh. gaf, beina þeirri fsp. til hans, hvort hann eða hagfræðingar ríkisstj. hafi reiknað út, hvað verkamenn og aðrir launþegar hafi misst í krónutölu, miðað við það, að þeirra samningar, frjálsir samningar, sem þeir gerðu við atvinnurekendur, hefðu staðið án afskipta ríkisvalds á síðasta ári og þessu ári, ef það hefði ekki verið gripið inn í ránshendi af hálfu ríkisvaldsins í þágu auðmannanna í landinu, — hvað verkamenn og launþegar hefðu þá fengið í sinn hlut. Og ég vildi mega mælast til þess, ef einhver snefill á að vera til af óhlutdrægni í sambandi við þær upplýsingar, sem Alþingi eru veittar, að þetta væri reiknað út og lagt fyrir okkur. Það er ein hlið að koma með myndir eins og þær, hvað sparifjáreigendur muni fá, en sleppa því aftur á móti, — og við skulum segja, að eitthvað af launþegum séu sparifjáreigendur, — hvað hinir sömu sparifjáreigendur hafi tapað í misstum launum vegna ráðstafana ríkisstj.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar alveg sérstaklega um breytingu á vaxtaákvæðunum í sambandi við lög ríkisstj. frá síðasta Alþingi um

efnahagsmál. Ég vil leyfa mér í því sambandi, af því að þetta frv. mun fara til þeirrar nefndar, sem ég á sæti í, að óska eftir því, að ríkisstj. sé við því búin, ef hún getur það ekki nú þegar, að gefa okkur fullkomnar upplýsingar um, hverju nema allar vaxtagreiðslur í íslenzku þjóðfélagi, sem sé, hvað vaxtagreiðslur af fjármagni og til fjármagns séu mikill hluti af veltu hins íslenzka þjóðfélags, hve mikið af öllu því, sem verkamenn, bændur og aðrir vinna á Íslandi og afla, verður að fara til þess að greiða skatt af fjármagni. Ég hef óskað þess, að þetta liggi alveg ótvírætt fyrir og nákvæmlega útreiknað, og svo fremi sem það ekki gerir það, þá lít ég þannig á, að ríkisstj. hafi þarna hluti að dylja, sem hún vill ekki að komi fram, og það mun þá þýða, að launþegar í landinu almennt munu líta þannig á í sambandi við sínar ráðstafanir, að ríkisstj. kæri sig ekki um að upplýsa þetta, vegna þess að það sé henni óþægilegt í þeim átökum, sem fram fara.

Ég hef þegar upplýst hér á Alþingi ofur lítinn hluta af þessu. Ég hef þegar upplýst í sambandi við eitt einasta fyrirtæki, áburðarverksmiðjuna, þar sem vinnulaunin eru 5 millj., að gróði sé þar 11 millj., vaxtagreiðslur 5 millj., auk lögmætra afskrifta af eigninni.

Ég hef reynt að fá hið sama viðvíkjandi sementsverksmiðjunni, hvernig það stendur. Ég hef ekki fengið það enn þá. Ég mun gera ráðstafanir til þess að reyna að fá það.

Ég veit af reikningum síldarverksmiðja ríkisins, hvernig þetta hlutfall hefur verið þar mörg undanfarin ár. Það hefur mjög oft verið þannig, að vextir hafa verið 5 millj. og vinnulaunin hafa verið 5 millj., og mig langar til þess að fá það upplýst, hvort þetta sama eigi sér stað með allmikið af þeim fyrirtækjum, sem almennt eru rekin í þjóðfélaginu.

Einn af helztu atvinnurekendum landsins, einn af þeim, sem talinn hefur verið — ég held mér sé óhætt að segja með efnuðustu og áreiðanlegustu atvinnurekendum landsins, Haraldur Böðvarsson á Akranesi, gaf nýlega upplýsingar. Samkvæmt þeim upplýsingum áleit hann, að fjögur fyrirtæki á Akranesi hefðu þann part af árinu, sem nýju vaxtaákvæðin hafa verið í gildi, orðið að borga, ef ég man rétt, 8 millj. kr. í vexti, sem samsvara, að væri um heilt ár að ræða með slíkum vöxtum, hefðu þau orðið að borga um 12 millj. kr. í þennan skatt, vaxtaskatt. Hann upplýsti um leið, að hann og hans fyrirtæki, sem mér skildist að veittu ekki aðeins mesta atvinnu, heldur jafnvel kannske upp undir helming af öllum verkalýð í Akranesi atvinnu, hefðu borgað í vinnulaun á milli 20 og 30 millj. kr. Af því má nokkuð sjá, hvernig hlutfallið er þar á milli vinnulauna og vaxta. Og ég gæti trúað, að það væri ekki óalgengt, að áður en þessir okurvextir komu upp, hafi vextir móts við vinnulaun verið undir þriðjungi.

Ég veit, að það eru nokkur ár síðan og voru þá lágir vextir, 5% vextir, sem nú er kallað lágt, þá upplýsti Finnbogi í Gerðum, að það munaði sig meira að fá vextina minnkaða um helming í láni til síns hraðfrystihúss heldur en þó kaupið væri lækkað um 15% hjá verkalýðnum.

Ég hef séð útreikninga eftir menn, sem eru vel kunnugir byggingarmálum á Íslandi og hafa sérstaklega lagt sig eftir almennt að athuga, hvern þátt vextirnir hafa átt í dýrtíðaraukningu á Íslandi, áður en okurvextir núverandi ríkisstj. komu til greina. Þeir hafa haldið því fram, að þriðjungurinn af allri verðbólgu, þriðjungurinn af allri dýrtíð á Íslandi orsakaðist af hinum háu vöxtum, sem þá þóttu, þegar þeir voru á milli 5 og 8—9%.

Hér eru ýmsir hv. þm., ekki sízt í Sjálfstæðisflokknum, í þessari hv. deild, sem eru miklir athafnamenn og skulda vafalaust allmikið. Þeir gætu máske gefið okkur upplýsingar, ef þeir fengju að tala fyrir ríkisstj., um, hvað þeirra fyrirtæki þurfa að borga í vexti. Ég býst við, að megnið af þeim mönnum muni hafa þá sögu að segja, að þeir séu að sligast undir þessum vöxtum, og gott ef það er ekki svo, að ríkisstj. hafi með sinni okurpólitík þegar farið þannig með þessa menn, að það sé ekki búið að gera þá upp af því einu, að þeir eru þingmenn, eða þá að það hefur orðið að bæta við þá stórlánum, þegar öllum öðrum var bannað að fá lán, svo að þeir færu ekki á hausinn, þótt þeir væru stórríkir. M. ö. o.: þessi vaxtapólitík, sem ríkisstj. rekur, er svo fyrir neðan allar hellur, að það er ekki til það þjóðfélag í Evrópu, sem gæti staðizt með svona vaxtapólitík, og það er undarlegt að taka upp á því að reka slíka pólitík eins og þessa og láta hana viðgangast, þó að það sé ekki nú nema rúmt hálft ár. Þess vegna vil ég óska eftir því og mun leggja á það ríka áherzlu og mun draga þær ályktanir af því, ef ég fæ ekki þær upplýsingar, sem rétt er, að vaxtaupphæðin, sem íslenzkt þjóðfélag verður að borga innan okkar eigin þjóðfélags, sé orðin svo gífurleg, að ríkisstj. vilji dylja þetta fyrir almenningi. Það á að segja sparifjáreigendum og kasta því framan í þá, hvað þeir fái mikla vexti af fé. En því má ekki segja þjóðinni, hvað hún borgar í vexti?

Hverjir eru þeir sparifjáreigendur, sem hæstv. viðskmrh. átti við? Hefur hann nokkurn tíma sundurgreint, hvert vextirnir af öllu þessu fara? Það væri fróðlegt.

En einn aðila, sem er ekki inni í sparifjárvöxtunum, er rétt að minnast á í sambandi við þessar vaxtagreiðslur, Seðlabankann. Ég óska eftir því, að fá upplýsingar um, hve mikill gróði Seðlabankans er orðinn, það sem af er þessu ári. Ég hef getað fylgzt með á undanförnum árum, hver gróði bankanna hefur orðið. Sá gróði hefur verið eftir gömlu krónunni frá 70 upp undir 100 millj. kr. á ári, og þó hafa þeir reikningar verið þannig úr garði gerðir, að ég hef meira að segja séð ástæðu stundum til að greiða atkvæði á móti þeim í bankaráði Landsbankans. Bankarnir hafa ýmsir haft þann hátt á að fela í sínum svokölluðu afskriftum eða jafnvel láta aldrei koma inn í afskriftir svo og svo mikið af milljónaeignum, sem þeir kaupa, þannig að þeirra auðsöfnun í varasjóði og afskriftareikning sýnir alls ekki rétta mynd af þeirra ríkidæmi.

Nú á þessu síðasta ári hefur brugðið svo við, að jafnvel þótt bankarnir kunni eitthvað að græða, þá mun það verða minna en oft hefur verið undanfarið. En það er einn banki, sem hlýtur

alveg sérstaklega að hafa verulega grætt, það er Seðlabankinn. Seðlabankinn hefur hækkað sína vexti meira að segja af afurðalánum upp í 9%, jafnvel við framlengingu 9½%, og var þó ósvífið, meðan hann hafði 4½% vexti, og engin ástæða til að greiða honum þá. Seðlabankinn hefur þar að auki tekið upp 16% vexti, — það er eitt heimsmetið enn, — ef einhverjir bankar hafa sýnt sig í því að vilja annaðhvort reyna að hjálpa mönnum til þess að halda sínum húsum undan okurklóm ríkisstj., bjarga sínum húsum frá ránsklóm hennar eða hafa sýnt sig í því að vilja halda útveginum gangandi. Og nú vil ég spyrja: Hver er gróði Seðlabankans? Og þá ætlast ég til þess, að það sé ekki búið að svindla neitt á afskriftum áður, það sé ekki búið að kaupa neinar eignir, sem búið sé að stinga undan og hvergi komi fram, sem sé að fá rétta reikninga. Við erum búnir að fá frá ríkisfyrirtækjum hérna nóga meira eða minna ranga og lögbrotareikninga. Ég vildi gjarnan fara að fá að sjá og það strax, hvernig Seðlabankinn kemur út þetta ár. Ég segi þetta vegna þess, að vaxtaupphæðin, sem íslenzkir þjóðfélagsþegnar greiða, hlýtur að nema mörg hundruð millj. kr., og það er nauðsynlegt, að þessi tala liggi fyrir, þegar við förum að gera upp efnahagsmálin. Þeir menn, sem skapa arðinn í þessu landi, verkamenn og aðrir, sem fá of lítið í sinn hlut, vilja fá að vita, hvert hitt rennur, og fá það sundurliðað. Og ef hæstv. ríkisstj. og allur hennar hagfræðingaskari útvega þetta ekki, þá er það vegna þess, að hún er að leyna þjóðina þessu, — og fyrir hverjum? Það er engin afsökun til fyrir að láta þetta ekki liggja á borðinu. Það er búið svo oft að tala um þessa hluti, að ein ríkisstj., sem er að skipta sér af efnahagsmálunum, ekki sízt á þennan hátt, getur gert svo vel að veita þessar upplýsingar, og ég er satt að segja orðinn þreyttur á því að ræða hér áratug eftir áratug efnahagsmál án þess að geta nokkurn tíma fengið yfirlit yfir, hvernig þjóðfélagið er skipulagt í þessum hlutum og hvernig arðurinn, sem sjómenn, verkamenn og aðrir skapa, skiptist.

Ég hef hvað eftir annað bent á það, að í Bandaríkjunum, því mikla kapítalíska landi, getum við flett þessu upp í opinberum skýrslum og aðgreint það nákvæmlega. Við getum séð hjá hverjum auðhring Bandaríkjanna, hve mikið hann greiðir í vinnulaun, hve mikið hann fær í gróða, hve mikið er greitt í vexti. Þetta álíta Bandaríki Norður-Ameríku sjálfsagða þjónustu við almenning í sínu landi. Ég er búinn að minna á þetta margoft hér og sérstaklega því meir sem amerískt hugsandi hagfræðingar hafa verið kvaddir til ráða af ríkisstj. En þetta hafa þeir aldrei viljað leggja fram. Af hverju ekki? Af hverju á að leyna þessu? Rannsókn á þessum hlutum þarf að fara fram. En það er ekki til neins fyrir neinn mann að koma með neinar ásakanir á hendur verkalýðnum, þegar hann kemur til með að gera sínar kröfur í þrotabú þessarar stjórnar, að það þurfi nú að fara að athuga, hvernig eignaskiptingin, arðskiptingin í þjóðfélaginu sé, það liggi ekki fyrir enn þá.

Viðvíkjandi því, sem farið er fram á í þessu frv., 1. gr., að vextir af afurðavíxlum megi ekki vera meiri en 5½%, þá er þetta í raun og veru táknrænt. Þessir vextir eru nú 9 og 9½%. Það er farið þarna fram á, að þeir megi ekki vera meira en 5½%. Það er vissulega mikið stig í rétta átt. En sannleikurinn er, að það var alltaf hneyksli, meðan þessir vextir voru 5½%, meira að segja þegar þeir voru 4½%, vextirnir af afurðavíxlunum. Hvernig hefur það verið með þá? Viðskiptabankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa fengið ½% fyrir alla áhættuna, og hún sýnir sig nú á tímum, á tímum þessarar ríkisstj., vera mikil. Þeir fá ½% fyrir sín lán til útgerðarmannanna eða hraðfrystihúsanna, og ef einhverjir svindla, kunna jafnvel bankarnir að tapa milljónum króna á því. Þá er ekki lengi að fara allt þetta ½%. En Seðlabankinn hefur fengið 4½% upp í 5%. Þetta hefur ekki náð nokkurri átt. Seðlabankinn hefur aldrei haft neina áhættu af þessu. Það hefur alltaf verið óréttlátt ð skipta þessu svona. Eðlilegt hefði verið, að hann hefði fengið ½% eða 1%, eins og kostar fyrir hann kannske að sjá um seðlana og sinn rekstur í sambandi við það, og þannig mundi það vera, við skulum segja ef við lítum til Noregs. En hér á Íslandi viðgengst þetta, og síðan hverfur þessi gróði, sem Seðlabankinn fær, bókstaflega. Hann er einskis nýtur fyrir þjóðfélagið.

Seðlabankinn er ekki í neinum vandræðum með veltufé. Það mætti segja, að fyrir viðskiptabankana væri það kannske einhver munur, svo framarlega sem þeir græddu eitthvað. Seðlabankinn hefur ekkert með það að gera að græða, þannig að frá öllum venjulegum viðskiptasjónarmiðum er þetta hringavitlaus skipting, fyrir utan hve hún er óréttlát. Það er hægt að athuga þá hluti í nefnd. En þetta er þó aðeins eitt af því, sem verkalýðurinn þarf að fá upplýst og bezt væri, að hæstv. ríkisstj. sæi sóma sinn í að upplýsa sem fyrst, þegar verið er að ræða þessi mál.

Þá er rétt að koma með aðra spurningu, sem vaknar skjótt fyrir manni, þegar maður kynnist ofur lítið rekstri bankanna nú, eftir þessa nýju efnahagsstefnu ríkisstj., og heyrir hins vegar þau slagorð, sem hér eru höfð í frammi.

Það er sagt og hefur verið haldið hér fram, að útgerðarmenn og aðrir atvinnurekendur eigi að standa á eigin fótum og þeir verði að venja sig við þann hugsunarhátt. Ég veit nú ekki til þess, að atvinnurekendur á Íslandi hafi yfirleitt getað staðið á eigin fótum. Ég veit ekki til þess, að það sé til það einkaauðvald hér á Íslandi, að undanteknum kannske innan við 10 mönnum, sem nokkuð verulegt reka, þannig að þeir geti staðið á eigin fótum. Þessir menn eru allir meira og minna gerðir út af ríkinu og hefur verið dýr útgerðarkostnaður á því. Nú er sagt, að þeir eigi að standa á eigin fótum. Hvað þýðir það? Má ég spyrja hæstv. viðskmrh. Þegar nú tugir útgerðarmanna og annarra atvinnurekenda geta ekki staðið í skilum við ríkið, hverju á þá að slá af og eftir hvaða reglum? Það er sagt, að þeir, sem skulda svo mikið, að þeir geti ekki borgað það, að það eigi að láta þá fokka. Og sannleikurinn er sem sé, að frá sjónarmiði þeirrar stefnu, sem sérfræðingar ríkisstj. boða, er þetta rétt. Stefnan, sem liggur á bak við þetta allt saman, er, að

það þurfi að skera niður millistéttina á Íslandi, þessa bjargálna, smáu atvinnurekendur, og láta framleiðslutækin og atvinnufyrirtækin safnast saman hjá einum eða tveimur stórum hringum, sem reki þau skynsamlega.

Þetta er sú stefna, sem vakir fyrir í þeim ráðleggingum, sem t. d. Jónas Haralz og aðrir slíkir gefa ríkisstj., og þetta er það, sem mundi verða sú eðlilega þróun, ef þetta væri látið viðgangast. En þetta er hins vegar sú stefna, sem ríkisstj. er dálítið hrædd við að viðurkenna, m. a. vegna þess, að það væru nokkuð margir af hennar eigin útgerðarmönnum og jafnvel stóratvinnurekendum, sem yrðu slegnir af, ef svona væri farið að.

Þess vegna vil ég spyrja: Nú reyna bankarnir það daglega, að maður, sem á íbúð, sem er 2—3—4 hundruð þús. kr. virði, að hann sé að missa hana, af því að hann vantar lán upp á 10, 20 eða 30 þús. Í venjulegu auðvaldslandi, við skulum segja Danmörku, getur maður, sem á slíka íbúð, gengið inn í næsta banka og fengið strax út á veðrétt slík lán. Það koma ekki fyrir þar hneyksli eins og þau, sem gerðust hérna, að maður varð að selja íbúð sína, varð að selja hús sitt inni á Hverfisgötu, sem var skuldlaust, af því að hann gat ekki fengið 10 þús. kr. lán til þess að borga skatta. Það gerðist fyrir 4—5 árum. Þeir menn eru margir, sem eru að missa sínar íbúðir, af því að bankarnir lána þeim ekki nokkra tugi þúsunda króna. Einstaka bjargast. Einstaka sinnum sjá bankastjórarnir í gegnum fingur, reyna að bjarga þessum mönnum, og eru kallaðir á fund Seðlabankans og ríkisstj. til þess að fá áminningar út af lánunum. Á sama tíma eru svo aðrir, sem eru stórskuldugir. Hvað er gert við þá? Eru þeir gerðir upp? Er bætt við lánið hjá þeim? Og eftir hvaða reglum? Er farið eftir því, hvort þeir séu þægir ríkisstj. eða ekki, hvort þeir séu hennar menn eða ekki? Hvaða reglur eiga þarna að gilda? Það er vert, að ríkisstj. geri sér það alveg ljóst, þegar hún ætlar að fara að framfylgja svona hlutum.

Í auðvaldslöndum eru bankarnir að mestu leyti einkaeign. Það þýðir, að þegar atvinnurekandi kemur og talar við bankastjóra, þá dæmir sá bankastjóri fyrst og fremst út frá fjármálalegum forsendum, og hvort þessi fer á hausinn eða ekki, fer venjulegast eftir slíku. Það getur verið, að slíkir bankastjórar taki stundum einhverja áhættu, en venjulega ganga þessi lögmál þess kapítalíska fjármálalífs einfaldlega svona.

Hér er um annað mál að ræða á Íslandi, og það verða þeir menn að gera sér ljóst, sem ætla að fara að innleiða hér kapítalíska hætti. Bankarnir eru fyrst og fremst ríkisbankar, bankastjórarnir eru settir inn meira eða minna af pólitísku valdi, Þess vegna kemur eðlilega sá grunur upp, þegar ráðstafanir eru gerðar viðvíkjandi einstökum atvinnurekendum, að það séu meira eða minna pólitískar ástæður til þess, hvaða ákvarðanir séu teknar. Og hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að firra sig grun af því, að vald ríkisbanka og bankastjóranna í þjóðfélaginu sé misnotað í pólitísku skyni? Það er ekki auðhlaupið að því að ætla að fara að breyta Íslandi, sem búið er í meira en 30 ár að vera mjög undarlegt kapítalistískt skipulag, svo að ekki sé sterkara að orði komizt, — ætla að fara að breyta því í eftirmynd af Bandaríkjunum. Það er ekkert auðvelt. Og þetta, sem ég hér hef minnzt á, er alvarlegt. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að það, sem úr þessu getur komið, er, að ef hún fengi að halda áfram með þá pólitík, sem nú er rekin, þá velji bankastjórar ríkisbankanna úr, hvaða fyrirtæki skuli standa á Íslandi, hver skuli fara á hausinn, og að lokum sé búið að sameina, alls ekki eftir því, hvaða menn hafa verið raunverulega sterkastir fjárhagslega eða rekið fyrirtækin bezt, heldur eftir því, hverjir hafa fundið náð fyrir augum bankastjóranna, — búið að sameina meginið af öllum fyrirtækjum Íslands í hendur einnar eða tveggja pólitískra klíkna. Ég geng út frá því, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér þessa hluti algerlega ljósa, þegar hún lagði út í þá viðskiptapólitík og þá vaxtapólitík og bankapólitík, sem hún rekur.

Hæstv. ríkisstj. hefur með sinni stefnu almennt bannað bönkunum að auka lánin, og bankastjórarnir verið kallaðir hvað eftir annað á fund Seðlabankans og ríkisstj. til þess að hljóta áminningar fyrir of mikil lán. En má ég spyrja hæstv. viðskmrh. um leið: Hefur ekki ríkisstj. sjálf snúið sér til bankanna til að biðja þá um aukin lán eða hlutast til um, að veitt væru sérstök aukin lán, þar sem einstakir atvinnurekendur höfðu sérstaklega óhlýðnazt öllu því, sem bankarnir höfðu reynt að gera viðvíkjandi því að framkvæma viðskiptapólitík ríkisstj., þannig að fyrir utan þá almennu, ljótu stefnu og tilhneigingu, sem í þessu er, þá sýnist mér eftir þeirri litlu þekkingu, sem ég hef á þessu, vera þar að auki tómur ruglingur í þessu hjá hæstv. ríkisstj.? Máske er hún sjálf orðin hrædd við afleiðingarnar af sinni eigin pólitík?

Hæstv. ríkisstj. hefur talað mikið um frelsi í sambandi við þessa hluti. Hvernig stendur á um frelsið viðvíkjandi lánum? Hvernig stendur það hjá hæstv. ríkisstj.? Er frelsi um lántökur? Er frelsi um að fá að taka lán með lágum vöxtum? Eða er Íslendingum bannað — og af hverju — að taka lánin með lágum vöxtum? Mér sýnist pólitík hæstv. ríkisstj. hafa verið framkvæmd á þann hátt, að það sé verið að knýja íslenzku þjóðina til þess að una við vexti, sem séu allt frá 5 og upp í 12%, en hindra hana í því að geta fengið vexti, sem væru frá 2—5%, þannig að það, sem nú sé að gerast, sé svo fjarri því að vera frelsi, að það sé þvert á móti einokun um okurlán.

En hér átti að innleiða almennt kapítalískt skipulag. Hvernig er það þá í almennu kapítalísku skipulagi um arð af fyrirtæki? Ég býst við, að í flestum auðvaldsþjóðfélögum þyki það sómasamlegt, — ég á þar ekki við nýlenduarðrán eða neitt slíkt, — þá þyki það sómasamlegt, þegar atvinnurekandi hefur 10% ágóða af sínu fyrirtæki. Ég býst við, að mörg gróin, góð fyrirtæki muni álíta það vera mjög sæmilegt, þegar menn hugsa sem öruggir atvinnurekendur, en ekki sem braskarar. Af slíku verða menn kannske stundum að greiða eitthvað dálítið í vexti og slíkt, en meginið af slíkum 10% er sem sagt gróði atvinnurekandans og fyrir hans ábyrgð. Hvernig er þetta í því kapítalistíska skipulagi,

sem ríkisstj. er að innleiða hér á Íslandi? Hún lætur 12% verða þann almenna vaxtafót í landinu, þannig að það væri raunverulega enginn möguleiki, — og það í landi, sem alltaf lifir að mestu leyti á lánsfé ríkisins, — til þess að reka neitt eðlilegt atvinnulíf. Og ég spyr hæstv. ríkisstj.: Hvernig dettur henni í hug og hvernig hefur henni dottið í hug yfirleitt að hafa slíkt lengi, eins og hún er búin að hafa þetta í hálft ár? Á þetta að vera aðferð til þess að skera niður meginið af atvinnurekendastétt landsins, sérstaklega þeirri smærri, með svona óeðlilegum aðferðum, og síðan væri farið að lækka vextina, þegar aðeins væru enn á lífi, efnahagslega séð, þeir, sem ríkisstj. og hennar bankar hefðu velþóknun á? Á að banna þessum atvinnurekendum að njóta lægri vaxta, ef þeir geta fengið þá? Ég spyr að þessu vegna þess, að ég vil heyra það hjá hæstv. ríkisstj., hvort hún geri sér sjálf grein fyrir afleiðingum þeirrar stefnu, sem hún hefur í frammi, — hvort hæstv. ráðh. gera það vitandi vits að ætla þannig að kverka niður millistéttina í landinu eða hvort þeir ætla að segja á eftir: Ja, mér datt þetta nú aldrei í hug og hagfræðingarnir minntust aldrei á þetta. — Ég verð að segja, að ég lít þannig á þessar aðfarir, að ég skoða þær skipulagðan þjófnað: það að framkvæma annars vegar lánabönn gagnvart öllum þorra af atvinnurekendum í landinu, setja samtímis á okurvexti í þjóðfélaginu, þar sem ríkisbankarnir verða svo að segja að lána allt fé sitt í umferð, velja svo samtímis nokkra menn úr, sem fái að lifa þrátt fyrir þetta og fái að lifa fram yfir þann tíma, sem allir hinir séu drepnir, og vextirnir svo aftur lækkaðir, til þess að réttir menn fái rétt lán. Menn eru að byrja að missa sín hús og íbúðir. Útgerðarmenn eru að byrja að missa sína báta, nema ríkisstj. verði of hrædd við þann missi. Ég sé ekki betur en hraðfrystihúsin fari að sligast líka. Maður heyrir öðru hverju í blöðum um gífurlegar samsteypur, sem sumir bankastjórar séu að hugsa um. Hvað er það, sem þarna er að gerast? Það er verið að beita bönkum ríkisins sem ránsklóm gagnvart atvinnulífinu. Þeir eru látnir sjúga út vexti, sem ná ekki nokkurri átt og ekkert atvinnulíf ber. Og síðan á að kverka niður svo og svo mikið af atvinnurekendunum og láta svo nokkra volduga rísa upp og standa upp úr á eftir. Þetta er pólitík, sem er þveröfug við alla pólitík, sem rekin hefur verið á Íslandi síðustu 30 árin.

Þegar ráðizt var í að reyna að efla íslenzkt atvinnulíf, eins og hæstv. forsrh. var að tala um að hefði verið gert stórt átak til, hvernig voru vextirnir settir þá? 2½%. Af hverju? Af því að það þótti rétt að gera atvinnurekendum mögulegt að reka sín fyrirtæki og kaupa fyrirtæki. Og hvað voru lánin há? 75—80% af kostnaðarverðinu. Þetta var gert, þegar gert var átak hjá þjóðinni til þess að endurskapa sitt atvinnulíf. Nú er verið að gera átak af ríkisstj. til þess að drepa atvinnulíf þjóðarinnar. Þá var verið að gera ráðstafanir til þess að dreifa framleiðslutækjunum á sem flestar hendur, þannig að hér væri bjargálna þjóð og bjargálna menn. Sveitarfélögum, sem voru fátæk, var gert mögulegt að eignast togara, sem þau hafði aldrei dreymt um áður. Hvað er verið að gera nú? Það er verið að rýja sveitarfélögin að togurunum og henda þeim í braskarana hér í Reykjavík. Það er verið að rýja smáatvinnurekendurna að framleiðslutækjunum og láta þá auðugustu, sem hafa velþóknun bankanna og ríkisstj., gleypa það með þessari vaxtapólitík, — þveröfugt við alla þá stefnu, sem hér hefur verið, þegar eitthvað stórt og mikið hefur verið gert. M. ö. o.: ríkisbankarnir eru gerðir að ránsklóm einokunarauðvaldsins í landinu. Það er það hlutverk, sem þeir eru látnir gegna núna.

Ég þurfti einu sinni að standa í því hér að reyna að sjá um, að ríkisbankarnir hjálpuðu atvinnurekendunum í landinu með lágum vöxtum og góðum lánum, og þurfti að heyja nokkra baráttu við bankana til þess. En það tókst. Alþingi sigraði í þeirri baráttu og þjóðin. Nú aftur á móti er það einokunarauðvald, sem ætlar að fara að stjórna hérna. Það beitir ríkisbönkunum í þessu skyni, sem ég nú hef lýst. Ég vona, að hæstv. viðskmrh. og ríkisstj. sé ljóst, að verið er að gera þetta. Og ég vil ekki a. m. k. eiga sök í því, að hún uppgötvi það ekki fyrr en eftir á. Það, sem gerzt hefur, er, að það hafa verið skekkt öll hlutföllin í þjóðfélaginu. Fjármagnið er látið taka ofsagróða til sín, eins og ég þegar hef sýnt í sambandi við áburðarverksmiðjuna, hve gífurlegt það er, en vinnulaunum haldið niðri með lögum og öðru á sama tíma.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri nauðsynlegt fyrir ríkisstj., að almenningur vildi una þessu enn um skeið. Almenningur er búinn að una þessu lengi, kannske fulllengi. Þessi ríkisstj. er búin að fá betra tækifæri en nokkur önnur ríkisstj. hefur fengið á Íslandi og meiri frið til þess að sýna, hvert hennar pólitík leiðir. Og það er máske ekki verst við hana, að hún sé gjaldþrota og vitlaus, heldur hitt, að hún er svo ranglát, að hún er svo svívirðileg, að hún rænir almenning með þessu móti og flytur ránsfeng með ríkisbönkunum yfir til nokkurra einstakra manna í landinu.

Það hefur verið talað um það hér, að nú væri verið að reyna að framkvæma kapítalismann hér á Íslandi. Og ég veit það, að fyrirmyndin, sem vakir fyrir þeim mönnum, sem ríkisstj. nú tekur tillit til og trúir á, eru Bandaríki Norður-Ameríku. Ég vonast til þess, að þeir menn, sem standa að þessari pólitík, geri sér ljóst, hvert hún hlýtur að leiða. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku eru það raunverulega 8 hringar, sem ráða atvinnulífinu. Það eru 200 stærstu einokunarfélögin þar, sem fá 57% af öllum gróðanum, sem þar er skapaður, og hann er ekki lítill. Þessi sömu 200 stærstu einokunarfélög fá 90% af öllum þeim gróða, sem Bandaríkin hafa af fjárfestingu sinni í öðrum löndum. Við höfum í Bandaríkjunum algert einræði örfárra auðhringa. Ef á að gera tilraun með íslenzka þjóðfélagið, hvort svona búskaparhættir eins og í Bandaríkjunum gætu gengið þar, þá eru þeir gersamlega óhugsandi á kapítalistískan máta nema með tvennu móti: annaðhvort að hér verði það svo að segja eitt fyrirtæki, sem ræður öllu atvinnulífi landsins, og það býst ég við, að meira að segja enginn úr hæstv. ríkisstj., ekki einu sinni þeir, sem stærst fyrirtæki hafa átt hér áður sjálfir, mundi láta sér detta í hug að yrði, — eða þá að Ísland yrði innlimað í það ameríska hag-

kerfi og þeir amerísku auðhringar hver á sínu sviði stjórnuðu okkar atvinnulífi sem litlum hreppi í sínu stóra landi.

Ef venjuleg frjáls kapitalísk þróun ætti að fá að þróast á Íslandi án afskipta ríkisvaldsins, þá endar það ekki í öðru en hringamyndun, eins og hvert einasta kapitalískt þjóðfélag gerir. Og vegna þess að Íslendinga frá upphafi, frá því að þeir kynntust fyrirkomulaginu í Bandaríkjunum strax um 1890, — vegna þess að Íslendinga hefur hryllt við þessu skipulagi, þá hefur því aldrei verið komið á hér á Íslandi. Og það er bezt fyrir þá, sem dreymir um að ætla að koma því á núna, að horfast í augu við afleiðingarnar af því.

Hæstv. forsrh. er því miður ekki við. En kannske hæstv. viðskmrh., sem er lærðari en hann í hagfræði, — og ég býst við, að hæstv. forsrh. verði oft að treysta á það, sem hæstv. viðskmrh. segir, enda lýsti hann alveg sérstaklega, forsætisráðherra, trú sinni á hagfræðingum í síðustu ræðu sinni, — hann sé nú kannske til í annaðhvort að segja honum það, sem ég kynni nú að segja út af hans ræðu, eða svara fyrir hann á eftir. Hæstv. forsrh. spurði að því, hvort við héldum, að í ríkisstj. væru fantar eða flón. Það er náttúrlega erfitt að segja um svona hlut. Sannleikurinn er, að ríkisstj., þó að við vitum, að þetta séu allt mjög gáfaðir og ágætir menn, sem í ríkisstj. eru, þá hagar hún sér í efnahagsmálum eins og flón, sem erlendir fantar nota í tilgangi, sem ríkisstj. virðist ekki gera sér ljósan. Hæstv. forsrh. orðaði þetta á þann mjög einfalda máta hér áðan: Maður verður nú alltaf að taka tillit til sérfræðinga. Er ekki bezt að láta hagfræðingana stjórna? — Því er hann þá að bisa við að vera forsrh., ef hagfræðingarnir eiga að stjórna þessu? Það eru ekki hagfræðingarnir, sem eiga að ganga til kosninga á eftir og fá dóminn hjá þjóðinni. Það er hann og aðrir hæstv. ráðh. og þm. Sjálfstfl. og stjórnarinnar, sem eru ekki hagfræðingar. Ég hef spurt hagfræðinga að því, hvort þeir álitu það takmark hagfræðinnar að segja þjóðum, hvaða skipulag eigi að vera í efnahagsmálum, svo að fólkinu líði sem bezt. Ég lagði þessa spurningu einu sinni fyrir núverandi höfuðhagfræðing ríkisstj. Hann sagði, að það væri fjarri lagi, að hagfræðingar ættu að segja þjóðum slíkt. Nei, hagfræðingar ættu að segja: Ef þetta væri gert, hver mundi þá verða afleiðingin. M. ö. o.: ef hæstv. forsrh. hefur haft þá hugmynd, að hagfræðingarnir ætluðu að stjórna fyrir hann, þá er það fjarri lagi. Þeir hafa aðeins þá hugmynd, að ef það sé lagt fyrir þá að reikna eitthvert dæmi, þá eigi þeir að geta reiknað það. Að vísu, eins og við þekkjum allt of vel, þá reikna þeir það oftast nær skakkt. En þó getur stundum verið, ef það er einfalt, að það verði rétt útkoma. Þeir eru því stundum nýtilegir sem reiknivél, en ef eitthvað mikið þarf á að halda, þá þarf að hafa mjög gott eftirlit með þeim. Þess vegna er alger misskilningur hjá hæstv. forsrh., ef hann heldur, að hagfræðingarnir vilji taka að sér að stjórna þjóðfélaginu. Það vilja þeir alls ekki. Þeir hafa aldrei álitið það í sínum verkahring, þessir borgaralegu hagfræðingar, að segja til um, hvernig þjóðfélagsskipulag eigi að vera, til þess að fólkinu líði vel, það eina, sem þeir segjast kunna, er að reikna út: Ef svona er farið að undir svona kringumstæðum, þá verður afleiðingin þessi. Það þýðir t. d., af því að þessir hagfræðingar, sem ríkisstj. hefur sem sérfræðinga, þekkja ekki íslenzkt þjóðfélag, þá framkvæma þeir reikninginn venjulega með tilliti til þess, hvernig viðkomandi hlutur hefði komið út í Ameríku. Þess vegna verður útkoman alltaf vitlaus hér. Þetta er mjög slæmt. Satt að segja fengum við alveg nóg af þessum vitlausu útreikningum 1950, þó að það væri ekki farið að endurtaka þá 1960. En hæstv. ríkisstj., — það eru nú komnir sumir ungir menn þarna inn í, sem voru ekki þá mikið með, — virðist þurfa að reka sig nokkuð oft á til þess að læra.

Þá kom hæstv. forsrh. með þá fyrirspurn, — ég held, að hann hafi beint henni til hv. 1. þm. Austf., hvort honum dytti í hug, að hann, hæstv. forsrh., væri orðinn einhver umskiptingur frá nýsköpunarárunum. Það er vissara fyrir hæstv. forsrh. að tala gætilega um það. Hvað var það, sem gerði það mögulegt, þegar við vorum búnir að kaupa fyrir peninga, sem við áttum erlendis, öll framleiðslutæki þá, að koma þessum framleiðslutækjum inn í landið þrátt fyrir mótspyrnu bankanna? Það var talað um, að við yrðum að beygja bankana undir það að lána 75—80% af kostnaðarverði framleiðslutækjanna með 2½% vöxtum til 15—20 ára. Sú barátta kostaði heilt ár. Það var skynsamleg pólitík, það var nauðsynleg pólitík fyrir Ísland, það er sú pólitík, sem hæstv. forsrh. sagði, að landið byggi við enn í dag. En af hverju er hann orðinn slíkur umskiptingur í þessum málum, að hann setur nú 12% vexti til þessa sama fólks, sem verið var að bjarga með 2½% vöxtum 1945? Er það vegna þess, að nú sé hann á þeirri skoðun, að það eigi að slá þá af, sem hann vildi láta hlífa þá?

Það er vert að athuga þessa hluti. Þarna hafa orðið alger umskipti í pólitík, og það er þá bara vegna þess, að hæstv. forsrh. fylgist ekki vel með í því, sem gerist í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. kom inn á það í þriðja lagi, að það hefði verið ljóta ástandið hér á árunum: ríkissjóður hefði hirt allt. Má ég spyrja hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. viðskmrh.: Hver hirðir núna afraksturinn af atvinnulífi Íslands? Hvað tekur Seðlabankinn sem ríkisbanki og skyldur ríkissjóði? Hvað tekur hann? Hvað er gróðinn orðinn í ár? Getur hann látið það gufa upp, þegar hann tekur 11—12% blóðskatt af almenningi í landinu og atvinnulífinu?

Hæstv. forsrh. sagði: Það, sem fyrir okkur vakir, er, að sem flestir megi eignast framleiðslutæki. Það er okkar hugsjón, að sem flestir megi eignast framleiðslutæki. — Hví í ósköpunum framkvæmir ekki ríkisstj. þessa hugsjón? Öll hennar stefna gengur út á það að rýja menn að framleiðslutækjum, rýja þá bjargálna atvinnurekendur að framleiðslutækjum, eyðileggja það efnahagslega sjálfstæði þessarar millistéttar á Íslandi til þess að skapa hér auðhring.

Svo kom hæstv. forsrh. með fyrirspurn, af hverju Framsókn hafi sagt af sér í des. 1958. Það stendur nú öðrum nær að svara því heldur en mér. En ég vildi a. m. k. frá mínu sjónar-

miði gefa eitt svar við því. Hún sagði af sér, af því að hún hafði í efnahagsmálum, — ég veit ekki, hvort ég á að segja idjótiska eða ameríska ráðgjafa um, hvað hún ætti að gera. Hún tók tillit til ráðlegginga manna, sérstaklega tveggja, sem líka hafa í tíð þessarar ríkisstj. verið volduugastir í þessum efnum. Það er svo með þessa menn, þessa undarlegu hagfræðinga, að það er eins og þeir hrópi upp og haldi, að allt sé að farast, ef þjóðin leggur í það að eignast eitthvað verulegt af framleiðslutækjum, sem gefa af sér. Þá finnst þeim þjóðin sokkin í eitthvert skuldafen og allt sé að fara norður og niður. Og ef það eru til ráðherrar í ríkisstj., sem taka tillit til svona hagfræðinga, þá eiga þeir til með að verða dauðhræddir, þegar þessir hagfræðingar fara að mála upp myndirnar og reka þá á dyr, þó að það sé engin ástæða til þess, ekki nokkur minnsta ástæða. Þeir ráðgjafar, sem vinstri stjórnin þannig tók mest tillit til, flæmdu hana þannig frá völdum. Þeir hafa verið enn meira ráðandi hjá núverandi ríkisstj. og munu áreiðanlega koma henni á kaldan klaka og það illa, ef þeir fá lengi að ráða stefnunni.

Það er nú verið að gera allt okkar þjóðfélagskerfi vitlaust, verið að gera það tilraunakerfi, verið að eyðileggja það, verið að brjóta undan því allar stoðir. Það er verið að gera það að vígvelli, þar sem auðmenn, sem eiga náð hjá ríkisbönkunum og ríkisstj., geti saxað niður alla sjálfstæða atvinnurekendur í landinu. Hæstv. forsrh. veit venjulega sjálfur ekki mikið um efnahagsmálin. Það fer mest eftir því, hvers konar menn það eru, sem hann hefur tekið tillit til, hvað vel hefur tekizt með þeim ríkisstjórnum, þar sem hann hefur setið að völdum. Og ég lái honum það ekki, þótt hann verði að byggja þannig á öðrum. Það er ekki von, að menn, sem hafa í eins mörgu að snúast og form. stærsta stjórnmálaflokksins og forsrh., geti sett sig inn í öll þau mál, sem um er að ræða. En það vil ég segja við hann og mundi segja við hann, ef hann væri hér, að hann hagar sér nú í þessari ríkisstj. eins og ef hann 1954 hefði tekið tillit til þeirra tillagna, sem þá komu fram um að lána Bretum allt það fé, sem við áttum á vöxtum erlendis, til þess að ávaxta það á skynsaman kapítalískan hátt. Nú fer hann að eins og hann hefði tekið tillit til slíkra ráðlegginga. En hann bar þá gæfu til þess að taka tillit til þeirra ráðlegginga að kaupa fyrir þetta atvinnufyrirtæki, sem gátu verið raunverulegur grundvöllur undir íslenzkt þjóðlíf.

Ég hef síðar, þegar sumir bankastjórar, — og það var bankastjóri, sem ráðlagði honum þetta, — hafa verið að kvarta undan efnahagskreppum á Íslandi á undanförnum árum, spurt þá að því: Hví seljið þið ekki allan togaraflotann eða alla bátana og allar vélarnar, sem við höfum keypt, og fáið gull í staðinn og látið það liggja hér í Landsbankanum og sjáið, hvað þjóðin kemst vel af? En það er sá hugsunarháttur, sem til slíks mundi leiða, sem þeir hagfræðingar, sem ráðleggja ríkisstj., raunverulega ganga út frá.

Efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. hefur sýnt hæstv. forsrh. spéspegil og hrætt hann, eins og hann hefur hrætt sumar ríkisstj. áður, og hæstv. forsrh. fór að nefna hér eitt dæmi, eitt einasta dæmi tók hann um, hvernig allt hefði verið að fara á vonarvöl, þjóðfélagið hefði verið að glatast 1958. Hann tók það dæmi, sem einmitt Jónas Haralz hampaði þá allmikið, að það hafi þá verið hvorki meira né minna en 10%, það sem þjóðin hefði orðið að greiða í vexti og afborganir af erlendum skuldum á komandi árum, svona ægilega hefði vinstri stjórnin verið búin að fara með þjóðarhaginn. Það er rétt hjá honum, að Jónas Haralz var með þessar tölur, t. d. í fyrra.

Ég lét í fjhn. Jónas Haralz og hagfræðingana halda áfram að reikna. Þeir reiknuðu þessar tölur þá til, held ég, 1962. Ég lét þá halda áfram að reikna og leggja þann reikning fyrir í fjhn., og ég skýrði frá honum hér við umræðurnar um málið. Og hvað kom í ljós? Ég skýrði frá því í nál., sem ég skilaði 12. febr. í ár. Með leyfi hæstv. forseta, þá setti ég þarna eftirfarandi í það nál:

„Undirstöðurnar að tillögu sérfræðinganna eru veikar. Of mikið er úr því gert, hve erfitt þjóðinni verður að standa undir greiðslu afborgana og vaxta af erlendum skuldum á árunum 1960—62. Og strax eftir þau ár minnkar það hlutfall stórum. Strax eftir 1962 fer „hættulega“ hlutfallið niður í svipað og var fram að 1958 og verður eðlilegt. Og þó ber að gæta þess, að þjóðin er færari um að standa undir greiðslu vaxta og afborgana, er nema 5,7% af gjaldeyristekjunum 1958, en hún var að standa undir 3.2% 1951, sökum þess að lánin, sem aukið hafa afborganir og vexti, fóru að mestu til framleiðsluaukningar.“

Það, sem Jónas Haralz kom með og hæstv. forsrh. segir nú í þessum umræðum hér, var hrakið í þessum umræðum þá. Það var sýnt fram á, að þetta var blekking. Hagfræðitölurnar voru búnar til og stanzað við sérstakt ár, til þess að það væri hægt að blekkja með þessu þá. Og það kvað svo rammt að þessum blekkingum, að meira að segja Benjamín Eiríksson bankastjóri Framkvæmdabankans sá ástæðu til þess að hrekja þetta í Morgunblaðinu. Með því að slá svona tölum fram er verið að reyna að telja mönnum trú um, að þjóðfélagið sé að fara á hausinn. Hvað sýndi hann fram á? Benjamín Eiríksson sýndi fram á, að þjóðfélagið stóð sterkar og betur að vígi með alla þessa vexti en 1951 á eymdarárunum með að greiða 3,2% þá.

Hæstv. forsrh. hefur náttúrlega ekki fylgzt með umræðunum, sem voru, þegar verið var að setja þetta í gegn. Hann hefur ekki fylgzt með starfinu í fjhn. Hann hefur ekki lesið einu sinni nál., sem við höfum flutt þar. Það er nákvæmlega sama sem gerðist 1950, þegar við sýndum fram á, þegar gengið var lækkað þá, hvaða vitleysur voru meira að segja í útreikningum hagfræðinganna, og árið eftir kom það í ljós, þannig að ríkisstj. varð að fallast á það.

En það er barið hausnum við steininn, ekki tekið nokkurt tillit til neinna raka, þægar hendur réttar upp í þingsölunum og málið pískað í gegn, og árið eftir, að búið er að sýna fram á þessar vitleysur, endurtekur hæstv. forsrh. þær.

Svo kom hæstv. forsrh. síðast inn á það, hvað hann væri ánægður yfir, hvað allir útreikningarnir hefðu staðizt, og vitnaði þar sérstaklega til mín um, að ég hefði sýnt fram á, að kaupgjald verkamannanna væri raunverulega lægra

nú en það hefði verið 1947, og vildi segja, að þess vegna væri það allt saman unnið fyrir gýg, sem verkamenn hefðu unnið, öll sú barátta, sem þeir hefðu háð á þessum árum, og verðbólgan væri eingöngu kauphækkunum að kenna.

Allar þessar hugleiðingar hæstv. forsrh. sýna, svo að ég orði það mildilega, hve erfitt honum veitist að athuga sjálfstætt fyrirbrigðin í efnahagslífinu, nema honum — og það vil ég alls ekki ætla honum — þyki svo gaman að reyna að rugla þetta, að hann þess vegna vilji ekki látast skilja neitt af þessu sjálfur.

Hvað er það, sem hefur gerzt á þessum tíma? Þegar kaupgjald er hækkað í einu þjóðfélagi, þá er það yfirleitt reglan, að atvinnurekendur grípa þá til þess ráðs að endurbæta sinn atvinnurekstur og skipuleggja hann betur til þess að standa undir þeirri kauphækkun. Ég vil vekja eftirtekt á þessu. Þetta er reglan í venjulegu auðvaldsskipulagi, og þetta er það, sem veldur framförunum í venjulegu auðvaldsskipulagi, að verkafólkið knýr fram kauphækkanir. Atvinnurekendurnir hafa ekki almennt þá möguleika að velta slíku yfir á almenning með hækkuðu verði, það eru önnur öfl, sem ég skal koma inn á, sem hindra það. Þeir eru knúðir til þess vegna þessara kauphækkana að skipuleggja sinn atvinnurekstur betur, framleiða vörurnar þannig ódýrar, og á þennan hátt gerast framfarirnar og lífskjarabætur í þjóðfélaginu.

Hvað er það, sem hindrar erlenda atvinnurekendur í því að geta velt yfir á þjóðfélagið með verðbólgu kauphækkun á verkalýð? Það er það, að bankarnir og fjármagnið er einstakra manna eign. Einkaauðmagnið í hverju landi hefur engan áhuga á verðbólgu, heldur þvert á móti. Einkaauðmagnið í landinu er fyrst og fremst „finance capital" eins og það mundi vera kallað á útlendu máli, fjármálaauðvaldið eða bankaauðvaldið, eins og það stundum hefur verið kallað. Það eru voldugir auðmenn, sem eiga peningana og lána þá út og vilja fá jafngóða peninga til baka og krefjast þess af atvinnufyrirtækjunum, sem fá þessa peninga lánaða, að þau skili jafngóðum peningum aftur, og þess vegna sér þetta fjármálaauðvald til þess, að peningarnir rýrni ekki óhóflega í verði. Þess vegna er það venjulega svo, skulum við segja í því gamla, gróna kapítalistíska landi, Englandi, að það er ekki sagt verra við menn þar heldur en að sterlingspundið eigi að falla, og allir þjóta upp til handa og fóta til þess að lýsa yfir, að slíkt sé ósennilegt.

M. ö. o.: auðmannastéttin í viðkomandi þjóðfélagi reynir að hindra verðbólgu, vegna þess að hún á sjálf peningana, sem eru í umferð, hún á sjálf fjármagnið og vill ekki láta rýra þetta fjármagn. Hvernig er þetta á Íslandi? Þveröfugt. Og ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. gerir sér það ljóst. Á Íslandi er þetta þveröfugt. Féð, sem er í veltu á Íslandi, er ekki eign einkaauðvalds, það er eign annars vegar ríkisins, — lánsfé ríkisins er þorrinn af öllu því fé, sem er í veltu á Íslandi, — og hins vegar sparifé almennings. Mér þætti vænt um að fá útreikning hjá ríkisstj. á því, hve mikið af því fé, sem er í veltu á Íslandi, er eign einstakra auðmanna. Það er ekki stór hluti. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að þegar svokallaður auðmaður hér, atvinnurekandi, kemur og ætlar að fara að reisa fyrirtæki, þá fer hann í bankann að fá lán, og 90% af íslenzkum atvinnurekendum reka sín fyrirtæki með fé ríkisins, með sparifé úr bönkunum og með lánsfé úr bönkunum. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að þessir sömu skuldunautar, þessir atvinnurekendur hafa hagsmuni af því að fella í sífellu íslenzku krónuna, fella í sífellu gengið, — ekki sömu hagsmuni og einkaauðvald erlendis af því að halda krónunni í gildi.

Hvað þýðir þetta? Það þýðir þess vegna, að þegar verkamenn hækka sitt kaup, notar atvinnurekendastéttin sitt pólitíska vald og hefur gert í 20 ár til þess að koma af stað verðbólgu. Það er verk atvinnurekendastéttarinnar í landinu. Í hennar þágu, á móti hagsmunum verkalýðsins, móti hagsmunum almennings, móti hagsmunum ríkisins, hefur verðbólgan verið aukin allan þennan tíma. Það hefur jafnvel skapað, eins og oft hefur verið talað um, alveg sérstaka stétt, verðbólgubraskarana, og það hefur líka skapað þann áhuga hjá þeim, sem hafa verið í náðinni hjá bönkunum, að skulda sem mest, fá sem mest lán og borga sem seinast.

Þess vegna er það í raun og veru hart, að hæstv. forsrh. skuli koma hér fram og segja: Það er ekki til neins fyrir verkamenn að hækka sitt kaup. Það hefur sýnt sig allan þennan tíma. — Það, sem hann átti að segja, var: Atvinnurekendur hafa í 20 ár gert þá ósvinnu að velta yfir á þjóðfélagið öllu því, sem þeir áttu að bera að mestu leyti með því að reka sinn atvinnurekstur skynsamlega, með því að skipuleggja betur, með því að taka upp nýrri aðferðir og með því að koma atvinnulífinu á hærra tæknilegt stig. Þetta hefur verið gallinn í íslenzku efnahagslífi. Þetta er það, sem verður að horfast í augu við.

Það, sem væri eðlilegt, er, að raunveruleg hækkun hjá verkafólki og raunveruleg kaupgjaldshækkun væri 5—6% á ári. Og ef þessi ríkisstj. hefði ætlað sér að koma hér á heilbrigðu kapítalistísku skipulagi, þá átti hún aðeins að gera eitt, og það var að segja við atvinnurekendur: Þið megið hækka kaup eins og þið getið, en þið veltið því ekki yfir á almenning. — Hvað hefur ríkisstj. gert í staðinn? Hún hefur alltaf verið, frá því að hún byrjaði, með áróður um það, að verkamennirnir ættu ekki að hækka sitt kaup. Hún hefði þvert á móti átt að segja: Gerið þið svo vel, hækkið þið kaupið, þið hafið enga kauphækkun fengið í 15 ár. Nú er kominn tími til að hækka kaupið. — Og hún átti að segja við atvinnurekendurna: Sýnið þið nú, að þið séuð menn til þess að skipuleggja ykkar atvinnurekstur af einhverju viti.

Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj., af því að hún hefur svikizt um að gera þetta, ekki aðeins orðið tæki í höndum atvinnurekendanna, heldur hefur hún orðið tæki í höndum stöðnunarinnar og afturhaldsins í þjóðfélaginu. Kaupgjaldshækkun er hverju einasta þjóðfélagi brýn nauðsyn, og það að standa á móti slíkri kaupgjaldshækkun er svívirða gagnvart framförunum í þjóðfélaginu.

Og hvað er svo gert til þess að reyna að dylja þetta? Það eru falsaðar skýrslur, það eru brot-

in lög, það er reynt að leyna menn upplýsingum, það er gripið til þess að láta Seðlabankann taka tugi, jafnvel hundruð milljóna króna af atvinnurekstrinum og segja síðan: Aumingja, vesalings atvinnureksturinn getur ekki staðið undir hækkuðu kaupgjaldi.

Mér þætti vænt um að fá frá hæstv. viðskmrh. útreikninga um það, hve mikið hefði verið hægt að hækka kaup á Íslandi, ef vextir á Íslandi væru almennt 2½%, eins og þeir gætu verið.

Það er nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst, þegar er verið að ræða þessi mál, að það er ekki verið að ræða neina kalda reikninga. Það er verið að ræða um lífsafkomu og eignir hverrar einustu fjölskyldu á Íslandi. Sá maður, sem er að missa íbúðina sína í dag fyrir aðgerðir hæstv. ráðherra, spyr ekki um einhverjar vitlausar teoríur ameríkst hugsandi hagfræðinga. Hann spyr um, af hverju hann megi ekki eignast íbúð yfir höfuðið á sér, þegar hann hefur þrælað myrkranna á milli í 15 ár, lengur en nokkrir aðrir verkamenn í Evrópu hafa unnið, sjáandi á sama tíma t. d. í Danmörku, að út á íbúðir er veitt lán til 80 ára með vöxtum, sem eru sumpart 2%, sumpart 4%, lán, sem nema 85—90% af kostnaðarverði.

Svo ætlar hæstv. ríkisstj. með tilvísun til þess, að við séum í OEEC og ýmislegu slíku, víst að reyna að sætta menn við það hér á Íslandi, að þeir hafa verið rændir eignum sínum, rændir launum sínum, sviptir frjálsum samningum sínum.

Við verðum að gá að því, að hér er enginn gamanleikur á ferðinni, þó að einhverjir hagfræðingar kunni að hafa gaman af því að reyna að leika sér með íslenzka þjóðfélagið eins og eitthvert brúðuleikhús. Ég veit ósköp vel, að það væsir ekki um slíka hagfræðinga. Þeir geta farið til Ameríku á eftir og fengið há laun þar og eignazt sín hús eða þá að það yrðu settir undir þá sérstakir bankar á Íslandi, þegar þeir þykja ekki lengur nothæfir sem ráðunautar ríkisstj. En almenningur á Íslandi getur ekki farið eins að, og það, sem veldur því, að almenningur á Íslandi á ekki að bíða lengur, er, að afleiðingin af þessari pólitík ríkisstj. verður atvinnuleysi og er byrjað á Íslandi nú þegar og vofir meira að segja yfir í vissum iðngreinum í Reykjavík nú þegar fyrir beinar aðgerðir ríkisstj. og ekkert annað.

Að lokum spurði hæstv. forsrh., hvernig ríkisstj. ætti að gera annað, þegar hagfræðingarnir, sem ættu að hafa vit á þessu, væru sammála um þetta. Það er vitleysa, hagfræðingarnir eru ekki sammála um þessa hluti. Hagfræðingar eru á ákaflega ólíkri skoðun um þessa hluti, — alveg gerólíkri skoðun — þannig að það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að benda til þess, þegar um þetta er að ræða. Hitt er annað mál, að það er hægt að fá vissa borgaralega hagfræðinga, sem hafa trú á vissum amerískum hagfræðikenningum, til að vera sammála um þessa pólitík, þ. e. a. s. þá tegund hagfræðinga, sem eru trúmenn á vald peninganna til að stjórna mönnunum. Þeir hagfræðingar, sem ríkisstj. hefur tekið tillit til og farið eftir, trúa á það, að ef peningarnir séu látnir leika lausum hala, þá komi út úr þeim lögmálum, sem peningarnir raunverulega skapa í þjóðfélaginu og þeirra vald, það, sem eðlilegast sé. Þeir vilja láta gamaldags auðvaldsskipulag fá að njóta sín og lofa því að koma út úr því, sem koma vill. Það þýðir m. ö. o., að þessir menn eru trúmenn á það, að mennirnir eigi að gefast upp fyrir valdi peninganna og láta peningana svo að segja stjórna sér. Það er það skipulag, sem verið er að reyna að innleiða hér. Þetta var reynt fyrir hundrað árum. Það leiddi til þess í Bandaríkjunum, að peningarnir söfnuðust á hendur 8 voldugra fyrirtækja, sem ráða Bandaríkjunum, algers einræðis örfárra auðmanna. Það leiddi til þess í öðrum löndum, að þessu skipulagi var bylt og sósíalistískt skipulag tók við. Það leiddi til þess í enn öðrum löndum, sem enn eru borgaraleg, að það var tekin upp önnur hagfræði. Og sú nýtízkuhagfræði, líka borgaraleg, sem reynt hefur verið að beita í ýmsum borgaralegum löndum, á ekkert skylt við þær tilraunir, sem hér er verið að gera. Það, sem við Íslendingar fórum að mestu leyti eftir, t. d. í stríðslokin, til að skapa þjóðfélag, þar sem ekki væri atvinnuleysi, styðst ekki við þær hagfræðikenningar, sem nú er verið að beita hér. Við Íslendingar höfum reynt með mismunandi árangri í 30 ár, eftir að við rákum okkur á kreppuna, — og kreppan var afleiðingin af því þjóðfélagi að láta peningana ráða, þeirra lögmál, og beygja mennina undir þá og láta mennina drepast og svelta í hel og verða atvinnulausa og bændurna flosna upp, allt til þess, að lögmál peninganna fengi að ráða, — við rákum okkur á það þá, 1930 og á árunum á eftir, að þetta þjóðfélag hefði drepið okkur sem þjóð, og þess vegna höfum við verið að baksa við að reyna aðra hluti síðan. Og þó að margt hafi verið misheppnað í því hjá okkur, af því að við höfum aldrei farið þær leiðir, sem heppilegastar hefðu verið, þá höfum við samt þessi ár, sérstaklega eftir 1940 og að sumu leyti líka á vissum sviðum á krepputímabilinu á milli þrátt fyrir erfiðleikana, skapað þær miklu framfarir, sem á Íslandi hafa orðið. Og ekkert af þeim framförum hefur verið skapað eftir þeim hagfræðikenningum, sem nú er farið eftir. Þegar þær hafa verið reyndar að nokkru leyti, eins og eftir 1950, staðnaði allt.

Það, sem er í vændum, ef verkalýðurinn skerst ekki í leikinn og stöðvar þetta, ef ríkisstj. og Alþingi hefur ekki vit á því að stöðva það, er atvinnuleysi og verðfall. Það er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að koma hér, eins og hæstv. forsrh. gerði, og vera að afsaka eitthvað með verðfalli úti í heimi. Það er ekki til neins. Hæstv. ríkisstj. er að stefna að verðfalli á öllum afurðum Íslands vitandi vits. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að gera sér það ljóst, að þetta skipulag, sem hún hefur innleitt, þýðir að eyðileggja markaðina í sósíalistísku löndunum, þýðir að eyðileggja þá, og hún er þegar búin að fá aðvaranir um það frá sínum sendiherrum í þeim löndum. Það hefur markvisst verið unnið að því að grafa undan viðskiptunum, það sem af er þessu ári. Það þýðir, að ríkisstj. er að kasta meiru og meiru af afurðum Íslands á kreppumarkað auðvaldslandanna. Svo kemur hún og kvartar yfir því, að það verði verðfall þar. Hvert er lögmálið á þeim

mörkuðum? Lögmálið er verðsveiflur, lögmálið er kreppur, og lögmálið er hrun, sérstaklega hjá þeim smáu, svo að þeir stóru geti gleypt þá og rekið hlutina hagkvæmar. Hæstv. ríkisstj. verður að gera sér það ljóst, að hún er að fara vísvitandi inn á slíka markaði. Gangur atvinnulífsins í auðvaldsskipulagi er, að þorrinn af atvinnurekendum — sérstaklega hinir smærri — fari á hausinn og þeir stóru gleypi þá. Það er reglan. Og Ísland er frekar smátt í þeim kapítalistíska heimi. Það ætti engan að undra, þótt meginið af okkar atvinnurekstri, þegar það er sett meira og meira inn í þann kapítalistiska heim, fari á hausinn. Hvað skapar atvinnuleysi, og hvað skapar kreppa hér á Íslandi? Hvað skapaði það 1931—32? Öll fyrirtæki á Íslandi hefðu farið á hausinn þá, meira að segja Kveldúlfur og Alliance, meira að segja Landsbankinn, svo framarlega sem ríkisstj. hefði ekki gert sérstakar ráðstafanir, en atvinnulíf kapítalismans hefði verið látið ganga sinn gang. Þess vegna dugir engin slík afsökun.

Ríkisstj. afsakar sig með því, að það hafi orðið minni síldveiði í ár. Hvað bar ríkisstj. að gera, ef hún ætlaði að hugsa eitthvað fyrir atvinnulífinu, ef það væri minni síld? Henni bar að sjá til þess, að það yrði gerð dýrmætari vara úr henni. Ég vil segja það við hæstv. ríkisstj., að það þýðir lítið að kvarta, þó að við getum ekki saltað nema 100 eða 150 þús. tunnur af síld. Bara 10—20 þús. tunnur af þessari síld getum við með því að leggja hana niður, sumpart sjóða hana niður kannske, gert að tífalt verðmætari vöru. Og við höfum opna markaði fyrir slíkt. Við gátum fengið margfalt meira í ár fyrir þá síld, sem hér hefur verið framleidd, þó að illa færi með síldarvertíðina, ef það hefði verið einhver hugsun í þessum málum. Það er ekki ársverk að koma hér upp síldarniðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju og tífalda verðmæti útflutningsins. En ef það er einhver af hæstv. ráðh., sem heldur, að einhverjir einstaklingar komi þessu upp í stórum stíl hér á Íslandi, þá er það blekking, þá er það tálvon. Ríkið gat gert það og það í einu vetfangi, og það verður ekki gert öðruvísi. Það er engin afsökun, að Íslendingar fái minna fyrir sína síld. Það er hægt að tífalda verðmæti útflutningsins með því að vinna þetta af viti. En það þýðir, að það verður að gera þetta eftir ákveðinni áætlun, með skynsamlegri fjárfestingu, með ráðstöfunum til langs tíma um viðskiptasamninga til þess að tryggja þetta. Allt verðfall, sem hefur verið á þessum hlutum, er hæstv. ríkisstj. sjálfri að kenna fyrir að draga Ísland í svo ríkum mæli inn í kapítalistísku markaðina. Það er ekki til neins að koma á eftir og afsaka sig með þessu. Menn verða að taka afleiðingunum af sínum gerðum.

Ég held þess vegna, að það væri heppilegt í sambandi við þær umr., sem nú fara fram um þetta mál, þó að þær fari vafalaust nokkuð út fyrir efnið, eins og oft er hjá okkur, að hæstv. ríkisstj. gæfi vissar upplýsingar um þessi mál, þannig að við hér í þinginu stæðum ekki frammi fyrir því, eins og við höfum staðið ár eftir ár við allar umr. um efnahagsmálin, að vanta svo og svo mikið af öllum grundvellinum að því, sem um þarf að ræða, af því að okkur er neitað um upplýsingar, af því að þeir menn, sem eru látnir rannsaka þetta og varið til þess stórfé, þeir rannsaka ekki nema vissa þætti og láta hitt liggja hjá. Enn liggur ekki neitt fyrir um, hvernig tekjuskiptingin í íslenzka þjóðfélaginu er. Þetta, sem liggur fyrir í hverju einasta þjóðfélagi, höfum við ekki getað fengið hér. Og svona getur þetta ekki gengið áfram. Það verður aldrei gert að trúarsetningu á Íslandi, að menn eigi að skorta, þegar nóg er til af öllu og nóg er hægt að skapa, að menn eigi að missa sínar eignir, þegar þjóðfélagið er ríkara en það hefur verið nokkru sinni fyrr og þegar eignir safnast fyrir á hendur fárra manna eða stofnana í ríkara mæli en nokkru sinni áður hefur gerzt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. nr. 4 1960, um efnahagsmál, fjallar að mínum dómi um stórmál, er snertir hag alls almennings í landinu með þeim hætti, að hin mesta nauðsyn er á, að það nái fram að ganga sem allra fyrst. Frv. er borið fram til lagfæringar á því ástandi, sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar og er svo alvarlegt, að til hreinna vandræða horfir, ef ekki verður að gert hið bráðasta. Ástand þetta er að miklu leyti afleiðing þeirrar efnahagsmálastefnu, sem upp var tekin fyrra hluta þessa árs og framkvæmd var með margvíslegum ráðstöfunum. Ein þeirra var, sem kunnugt er, sú, að vextir í landinu voru hækkaðir svo gífurlega, að nálgast heimsmet, almennir fasteignalánavextir hækkaðir úr 7 í 11% og aðrir vextir eftir því. Meira að segja þarf að nota 16% vaxtatöflu, sem torvelt var að fá nokkurs staðar í veröldinni, og gott, ef ekki varð að reikna hana út hér heima.

Tilgangurinn með þessu vaxtaokri átti að vera sá að stuðla að auknmgu sparifjár í landinu, og nú er sagt frá því af opinberum aðilum, að þeim árangri hafi verið náð að nokkru marki, þar eð sparifjáraukningin sé á þessu ári meiri en hún var á sama tímabili í fyrra. Ekki skal rengt, að slíkt megi í skýrslum finna. En nokkur vafi virðist þó vera á því, hver raunveruleg sparifjáraukning er, og það getur verið allbreytilegt eftir því, við hvað er miðað, t. d. hvort innstæður á ávísanareikningum og hlaupareikningum eru taldar til sparifjár eða ekki.

Mörgum mundi þykja fróðlegt að fá upplýsingar um það, hjá hvaða lánastofnunum sparifjáraukningin hefur aðallega orðið, og eins hitt, hverjir það eru, sem hið aukna sparifé eiga. Hvaða stéttir þjóðfélagsins eru það, sem hin svokallaða viðreisn hefur auðgað svona verulega? Hverjir eru nú svo aflögufærir að geta lagt til hliðar sparifé í miklu ríkara mæli en áður hefur þekkzt? Það vill vefjast fyrir almenningi að átta sig á þessu.

Launamönnum finnst t. d., að kaupið endist þeim ekki betur nú en áður var. E. t. v. er þar um að kenna óráðsíu og eyðslu? Slíkt er nauðsynlegt að athuga og bæta úr, ef svo skyldi reynast. Til glöggvunar á þessu mætti í fyrsta lagi gera samanburð á kaupi í dag og eins og það var t. d. 1. október 1958, þ. e. á síðustu valdadögum hinnar svokölluðu vinstri stjórnar. Kaup Dagsbrúnarverkamanna var hinn 1. okt. 1958 kr. 21.85 á klst.

og hélzt þannig óbreytt til 1. des. 1958, en þann dag komu til útborgunar þau vísitölustig, sem samkv. þáverandi efnahagslögum hafði verið frestað að greiða. Við þetta hækkaði kaupið í kr. 23.86 á tímann. Svo kom stjórn Alþfl. til valda og hennar úrræði var að lækka kaupið, þó ekki í kr. 21.85, sem hafði þótt of lágt nokkrum mánuðum fyrr, heldur í kr. 20.67, og þannig hefur það verið síðan. M. ö. o.: kaup Dagsbrúnarverkamanns hefur frá því 1. okt. 1958 lækkað um kr. 1.18 á klst., og kaup annarra launastétta hefur yfirleitt breytzt hlutfallslega við þetta. Það er því alveg augljóst, hvað sem öðru líður, að launafólk hefur ekki getað aukið sparifjársöfnun sína vegna þess, að kaupið hafi hækkað.

Þá mætti e. t. v. hugsa sér, að svo miklu ódýrara væri að lifa núna en haustið 1958, að þess vegna væri kaupið þrátt fyrir lækkunina svo miklu drýgra nú en þá, að meira væri hægt að leggja fyrir. Þessu er þó auðvitað alveg þveröfugt farið og þarf tæpast um að ræða. Þó væri ekki úr vegi að gera sér grein fyrir því, hversu mikið vöruverð yfirleitt hefur hækkað á þessu tímabili, og er þá nærtækast að gera samanburð á útsöluverði nokkurra vörutegunda. Ég hef hér samanburð á örfáum tegundum algengustu lífsnauðsynja. Verðið er miðað við 1. sept. 1958 og 1. sept. s. l., og ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, að þessar vörutegundir eru ekki valdar vegna þess, að þær hafi hækkað óeðlilega mikið í hlutfalli við aðrar, heldur eru þær valdar af handahófi. Eru því miklar líkur til þess, að hér sé um raunverulegan þverskurð að ræða af verðhækkun innfluttra neyzluvara og að hækkunin sé almennt eins og hér, þetta frá 35 og upp í 114%. En þessi örstutti sýnishornalisti er svona:

Hinn 1. sept. 1958 kostaði 1 kg af molasykri kr. 6.43, kostar nú 8.45, hækkun kr. 2.02, 1 kg af strásykri 4.28, kostar nú 7.75, hækkun 3.47. 1 kg af flórsykri 5.13, kostar nú 9.70, hækkun 4.57. 1 kg af kartöflumjöli 5.83, kostar nú 11.55, hækkun 5.72. 1 kg af rúgmjöli 2.99, kostar nú 4.50, hækkun 1.51. 1 kg af hveiti 3.36, kostar nú 5.90, hækkun 2.54. 1 kg af hrísgrjónum 4.96, kostar nú 9.40, hækkun 4.44. 1 kg haframjöl 3.08, kostar nú 6.70, hækkun 3.62. — Þannig mætti auðvitað lengi telja, en hér skal staðar numið. Sömu sögu er að segja af öllum sviðum. Alls staðar blasa verðhækkanirnar við. Ég vil þó aðeins bæta því við hér, af því að mig minnir, að ég hafi heyrt talað sérstaklega um verð á skófatnaði sem dæmi upp á það, hvað verðhækkunin yrði nú raunverulega lítil, að 1 par af íslenzkum karlmannaskóm kostaði haustið 1958 305 kr., kostar nú 360 kr. og hefur því hækkað um 55 kr., en það svarar til þess, að verkamaður, sem var tæpar 13 stundir að vinna fyrir einu pari haustið 1958, þarf nú að nota rúmar 16 vinnustundir í sama skyni. Verðhækkun á innfluttum skóm er þó miklu meiri, en samanburðartölur um það efni hef ég ekki.

Af þessu örstutta yfirliti má glögglega sjá, að útilokað er, að um sparifjáraukningu geti verið að ræða hjá almenningi af völdum verðlækkana. Ótalin eru enn stóraukin útgjöld manna vegna vaxtahækkunarinnar, ekki hafa þau getað orsakað sparifjáraukningu, svo mikið er alveg víst. Sú röksemdafærsla, sem væri fólgin í því að halda því fram, að lækkuð laun plús stórfelld verðhækkun af völdum gengislækkunar og söluskatts plús gífurleg vaxtahækkun í landi, þar sem nálega allir skulda, gæfi útkomuna sparifjáraukning, hlýtur hvarvetna að vera talin markleysa.

Nú kann einhver að segja, að í þessa mynd vanti ljósu litina, hér sé ekkert getið um þá lækkun skatta og útsvara, sem framkvæmd hefur verið jafnhliða þessum efnahagsráðstöfunum. Hygg ég þó, að menn komist fljótlega að raun um við athugun, að þeir, sem lægri hafa launin, verða lítið sem ekkert varir við þá búbót, sem til þeirra fellur af þessum sökum, af þeirri einföldu ástæðu, að skattar þessara manna voru alveg hverfandi, áður en viðreisnin sá dagsins ljós. Með margvíslegum lagfæringum á skattakerfinu var þegar búið að jafna svo metin gagnvart þessu fólki, að litlu sem engu var þar við að bæta. Hitt er vafalaust rétt, að tekjuskattur og útsvör hafa lækkað, svo að verulegum fjárhæðum nemur. En það snertir bara ekki almenning. Aðrir hafa notið þeirra kjarabóta. E. t. v. getur það orðið til leiðbeiningar um sparifjáraukninguna, ef til kemur.

Hvort sem menn velta þessu fyrir sér lengur eða skemur, er alveg áreiðanlegt, að niðurstaðan getur ekki orðið nema á einn veg, þ. e. að hagur almennings í landinu hefur stórkostlega versnað á því rúma hálfa ári, sem liðið er, síðan efnahagsráðstafanirnar frá 20. febr. s. l. gengu í gildi, og er þó langt frá því, að öll kurl séu þar komin til grafar.

Þá mætti spyrja, hvernig tekizt hafi að nota þessa óumdeilanlegu kjaraskerðingu til þess að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl og tryggja þeim rekstrargrundvöll, eins og lofað var. Hefur ekki hagur bænda blómgazt með afbrigðum síðan í vor? Ekki heyrist manni það nú á þeim. Manni heyrist, að þeir telji afkomu sína ekki hafa batnað við það t. d., að verð á dráttarvélum hefur hækkað úr 53 þús. kr. upp í 88 þús. kr., né við þá stórkostlegu verðhækkun, sem orðið hefur á öllum rekstrarvörum til landbúnaðarins, samfara afskaplegum hækkunum á vaxtagjöldum og öllu, sem til þarf. Þar á móti segir lítið 7% hækkun á verðlagsgrundvellinum, sem þar að auki er ævinlega langt á eftir verðhækkunarflóðinu, enda er ástandið þannig í mörgum sveitum, að efnaminni bændur eru að flosna upp. Þeir grónu þrjózkast eitthvað lengur, en varla nokkur maður getur byrjað búskap við þessar aðstæður.

Um útgerðina er það að segja í stuttu máli, að vitað er, að hún er nú yfirleitt í algeru greiðsluþroti, svo að við borð liggur, að allur rekstur stöðvist, ef ekki verður að gert. Útgerðin stendur ekki undir vaxtabyrðinni. Útgerðin getur ekki borgað veiðarfærin. Útgerðin getur ekki greitt vátryggingariðgjöldin. Til þess verður að koma fé annars staðar frá, eins og komizt er að orði í grein eins vel þekkts útgerðarmanns um þessi mál. Lýsing hans er óglæsileg, en vafalaust alveg rétt, enda mælir þar sá, er til þekkir. Svona hefur þá viðreisnin leikið þann atvinnuveginn, sem allar hennar ráðstafanir voru miðaðar við samkvæmt yfirlýsingum höfundanna. Og þarna sést, þótt ekkert annað kæmi til, hversu gersamlega ráðstafanirnar hafa brugðizt. Þegar svo er komið, að vaxtaútgjöldin leggjast svo þungt á þann atvinnu-

veg, sem ríkisvaldið telur sér óhjákvæmilegt að hjálpa, þá er hjólið búið að snúast heilan hring.

Verzlunin er í kröggum. Kaupmenn barma sér yfir örðugleikum. Þá vantar rekstrarfé, og vextirnir eru þeim ofviða mörgum hverjum. Mjög er einnig þrengt hag samvinnufélaganna í landinu, og kannske er þar líka að finna þá einu af fyrirætlunum viðreisnarinnar, sem hefur þó ekki alveg brugðizt. Iðnaður berst í bökkum vegna skorts á rekstrarfé, auk þess sem byggingariðnaðurinn sér fram á óhjákvæmilegan verkefnaskort í næstu framtíð vegna samdráttarins, og óseljanlegar birgðir hrúgast upp hjá sementsverksmiðjunni.

Svona mætti halda áfram, og verður ekki annað séð en viðreisninni hafi í stórum dráttum alveg mistekizt það hlutverk, sem henni var ætlað, og að óhjákvæmilegt sé því að gera nú þegar raunhæfar ráðstafanir til bjargar, áður en allt er um seinan.

Er þá útilokað, að nokkur geti hagnazt á þessum ráðstöfunum? Ekki segi ég það nú. Þeim, sem tekizt hefur áður að eignast fjármagn, eru vitaskuld ýmsar leiðir færar til að auka auð sinn, þegar hinir efnaminni verða að láta af hendi eigur sínar fyrir hvaða verð sem býðst, og þannig skapast möguleikar fyrir hina ríku til að verða enn ríkari á kostnað hinna fátæku.

Þetta frv., sem hér er til umr., er flutt sökum þess, að með lögfestingu þeirra ákvæða, sem það hefur að geyma, mundi einn versti agnúi viðreisnarinnar vera burt numinn. Hér er um hentuga og fljótvirka leið að ræða til þess að snúa frá villunni og gera ögn lífvænlegra í landinu en nú er. Fullvíst er, að hin stórkostlega hækkun lánsfjárvaxta er það atriði efnahagsráðstafana hæstv. ríkisstj., sem einna harðast kemur niður á öllum þegnum þjóðfélagsins, snertir flesta og mestri röskun veldur, enda þótt margar aðrar séu mjög tilfinnanlegar. Undan byrðum vaxtahækkunar kemst nálega enginn maður og enginn rekstur í þjóðfélagi hraðrar uppbyggingar, mikilla umbrota og takmarkaðs eigin fjármagns fyrirtækja. Og afleiðinganna gætir á öllum sviðum, ekki hvað sízt þegar vaxtabreytingin er látin fylgja í kjölfar stórkostlegustu verðhækkunaröldu, sem yfir landið hefur gengið. Daglega kemur á fund forráðamanna lánastofnana hópur manna, sem sjá enga möguleika til þess að geta haldið húsum sínum og eignum aðra en þá að taka ný lán, og eftirspurn eftir lánsfé hefur áreiðanlega sízt minnkað nú á síðustu mánuðum. Allir sjá þó, hvert slíkar lántökur leiða með þeim kjörum, sem gilda í dag. En menn standa frammi fyrir því vandamáli að leggja annaðhvort árar í bát og missa eigur sínar nú strax eða reyna að bjarga sér í bili með því að taka lán, ef hægt er, í þeirri von, að betri tímar séu ekki allt of langt undan og þeim takist að þrauka. Sem betur fer, er hægt að segja með fullum rétti, að á undanförnum árum hefur mörgum tekizt að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ekki hefur það þó yfirleitt verið kleift án þess að taka lán í því skyni.

Það segir sig sjálft, að útgjaldaaukning, sem af vaxtabreytingunni leiðir, er ákaflega tilfinnanleg fyrir menn, sem hafa miðað útreikninga sína við lægri vaxtaútgjöld. Af 100 þús. kr. skuld hækkar þessi eini útgjaldaliður t. d. um 4 þús. kr., og það munar um minna, ekki sízt þegar greiðslugetan hefur áður verið skert með stóraukinni dýrtíð og lækkuðu kaupi. Þó er þetta sagan af þeim heppnu, þeim, sem voru búnir að koma íbúðunum upp. Saga hinna, þeirra ungu og þeirra, sem af einhverjum ástæðum hafa tafizt, er þó enn alvarlegri. Tæpast er hugsanlegt, að nokkur einstaklingur geti ráðizt í nýjar byggingarframkvæmdir með því verðlagi, sem nú er á byggingarefni og öðru, sem til bygginga þarf, með þeim lánskjörum, sem nú gilda, og með þeirri lánsfjáreklu, sem hér ríkir. Þessu fólki er því alveg settur stóllinn fyrir dyrnar.

E. t. v. hefur uppbygging undanfarinna ára verið þjóðinni of dýr. En alger stöðvun nauðsynlegustu framkvæmda er ekki það viðbragð, sem leysir vandann. Ör fólksfjölgun í landinu kallar óhjákvæmilega á nýja bústaði, og auk þess höfum við verið og erum enn að vinna upp aldagamla vanrækslu og getuleysi í byggingu varanlegra íveruhúsa. Framleiðslan og atvinnuvegirnir þurfa sína uppbyggingu til að mæta nýjum og auknum verkefnum. Vegna þessa er ekki hægt að nema alveg staðar. En það var hægt og er enn hægt að takmarka fjárfestingu í landinu og halda henni innan viðráðanlegra marka. Leiðin til þess er að halda aðeins áfram þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegastar eru, en láta aðrar bíða og dreifa uppbyggingunni þannig á lengra tímabil. Þetta er sú leið, sem nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, t. d. Danir, fara nú til þess að hafa hemil á fjárfestingu í landinu. Einnig og ekki síður má ná þessum árangri með því að leita að og finna leiðir til þess að lækka allan byggingarkostnað, sem áreiðanlega er hægt hér í mjög stórum stíl. Er þar um að ræða hið mesta nauðsynjamál, sem þarf að hrinda í framkvæmd hið bráðasta.

Þegar svo er komið, að hvorki atvinnuvegirnir né einstaklingarnir geta með nokkru móti risið undir byrðunum, þá er augljóst, að breyta þarf um stjórnarstefnu. Samþykkt þessa frv. gæti orðið fyrsti vísirinn til lagfæringar á öngþveitinu, sem efnahagsráðstafanirnar hafa leitt þjóðina í. Auðvitað þarf miklu fleira að koma til, áður en jafnvægi er náð, en hér gefst hv. alþm. kostur á heppilegri og fljótvirkri leið til nokkurra úrbóta.

Annað atriði þessa frv. vil ég gera hér að umtalsefni sérstaklega með örfáum orðum. Í 3. gr. frv. er lagt til, að síðasti málsl. 2. mgr. 16. gr. l. nr. 63 frá 1957 verði orðaður þannig, að „stjórnum banka og sparisjóða skuli skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán.“ Hér er um það að ræða, að horfið verði frá þeim ákvörðunum frá 23. febr. s. l., að bankar, sparisjóðir, Söfnunarsjóður Íslands og innlánsdeildir kaupfélaga skuli skyldar til að geyma á reikningi í Seðlabankanum helming innstæðuaukningar sinnar. Heimild laga nr. 63 1957 var ekki notuð fyrr en á þessu ári, og með l. nr. 4 1960 var ákveðið, að innlánsdeildir kaupfélaga skyldu lúta sömu reglum, og kom hvort tveggja til framkvæmda frá sama tíma. Ákvæði þessi eru mjög til þess fallin að færa á eina hönd allt vald yfir fjármunum þjóð-

arinnar, en slíku er alltaf samfara nokkur hætta á misrétti, og eðlilegra virðist, að innlánsstofnunum þessum sé, eins og áður var, falin varðveizla og ráðstöfun innstæðufjár, fyrst þeim á annað borð er sýnt það traust, sem í löggildingu þeirra felst. Í þeirri ráðstöfun að láta fyrrgreind ákvæði ná til innlánsdeilda kaupfélaganna kemur fram annaðhvort óvild í garð samvinnufélaganna og tilraun til að veikja aðstöðu þeirra ellegar grundvallarmisskilningur á eðli innlánsdeildanna og því, hvaða fé velst þangað til geymslu. Ekki legg ég á það dóm, hvor ástæðan megi líklegri teljast.

Í 28. gr. laga um samvinnufélög, nr. 46 1937, segir, að samvinnufélög hafi heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé. Það fer ekkert á milli mála, að með þessu hefur löggjafinn viljað greiða fyrir því, að menn gætu eflt hag samvinnufélags síns með því að fela því til ráðstöfunar sparifé sitt, hliðstætt því, að eigendur hlutafélaga hafa eigið fé í rekstrinum. Lög um samvinnufélög eru upphaflega frá árinu 1921, og hefur þetta ákvæði verið óbreytt alla tíð síðan. Í meðferð Alþingis hlaut þessi grein þá breytingu 1921, að n., sem um það fjallaði, bætti við orðunum „sem rekstrarfé“. Um þetta fórust framsögumanni, *Sigurjóni Friðjónssyni*, orð á þessa leið á þinginu 1921, með leyfi hæstv. forseta:

„Breyt. nefndar var í því einu fólgin að bæta við: „Á eftir orðunum „til ávöxtunar“ komi orðin „sem rekstrarfé“, því að n. ætlast til, að það fé sé notað til starfrækslu í félögunum, en ekki til útlána.“

Hér er allt skýrt og greinilegt. Og hvers vegna halda menn, að fólk geymi sparifé sitt í innlánsdeildum kaupfélaganna? Það er ekki fyrir neina nauðung eða vegna þess, að ekki sé hægt að ná til banka eða sparisjóða til viðskipta. Slíkt er alls staðar hægt og öllum frjálst. Ástæðan er sú og sú ein, að með því að geyma sparifé í innlánsdeild eru menn að efla samvinnufélag sitt og þar með eigin hag. Félagarnir eru allir eigendur kaupfélagsins, og þeim er sú staðreynd alveg ljós, ð það er kaupfélagið, sem er og hefur verið styrkasta stoð fólksins í mörgum byggðarlögum þessa lands. Það er kaupfélagið, sem hefur haldið uppi verzlunarrekstri, séð um sölu afurðanna og útvegun verzlunarvarnings, oft við hin erfiðustu skilyrði, löngu eftir að kaupmaður staðarins var fluttur burt með allt það, sem honum hafði tekizt að hagnast á viðskiptum sínum á staðnum. Þessa staðreynd þekkir fólkið, bæði í sveit og við sjó, og það er vegna hennar, sem það tekur æ fleira höndum saman undir merkjum samvinnuhreyfingarinnar og vinnur henni eftir getu, m. a. með því að hjálpa félagi sínu um rekstrarfé, eftir því sem ástæður leyfa. Vegna þessa ber að leiðrétta sem fyrst það ranglæti, sem fólgið er í þeirri tilhögun, sem nú gildir og ég hef lýst og ótvírætt er algerlega öndverð efni og anda laganna frá 1921. Einnig hér er því tækifæri til að koma fram sanngjarnri og nauðsynlegri lagfæringu með samþykkt frv. á þskj. 31.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál.

Mér fannst það mjög eftirtektarvert, að hæstv. forsrh., sem flutti hér langa ræðu, reyndi ekki að sýna fram á, að þessi vaxtapólitík gæti staðizt. Hann reyndi ekki að bera brigður á þá fullyrðingu, sem ég flutti og rökstuddi, að þessir vextir, sem nú hefðu verið ákveðnir, væru miklu hærri en nokkur atvinnurekstur á Íslandi gæti borið. Og hann reyndi ekki heldur að hnekkja því, sem nú liggur brátt fyrir sem staðreynd, að þetta vaxtaokur og lánsfjárkreppan, sem ríkisstj. hefur búið til í landinu með ráðstöfunum sínum, þetta samanlagt ásamt dýrtíðaraukningunni er búið að keyra algerlega föst fjölmörg framleiðslufyrirtæki í landinu. Í stað þess að ræða þessi atriði og hnekkja þeim, ef það var unnt, sneri hæstv. forsrh. sér að allt öðrum efnum. Ég skal nú víkja að því, sem hann ræddi um, í stað þess að endurtaka það, sem ég sagði hér í minni framsöguræðu.

Hæstv. ráðh. hefur nú sýnilega alveg gefizt upp við að mótmæla því, að núv. stjórnarflokkar hafi brugðizt sínum kosningayfirlýsingum. Hann hefur *algerlega gefizt upp við það, enda er það* auðvitað alveg vonlaust verk, því að það vita allir, að þeir lýstu yfir stöðvun dýrtíðarinnar og bættum lífskjörum, en beittu sér fyrir mögnun dýrtíðarinnar og rýrnandi lífskjörum. Það er því alveg vonlaust fyrir hæstv. ráðh. — og það hefur hann líka fundið — að reyna lengur að bera á móti þessu. En nú hefur hann fundið upp alveg nýja aðferð, og hún er sú, að hann hafi ekki gert sér ljóst, þegar kosningarnar fóru fram, hvernig ástandið í efnahagsmálunum væri. Hina afstöðuna hefur hann alveg gefizt upp við að verja. Þetta er sú nýja. Ekki er nú þessi afstaða stórmannleg hjá hæstv. ráðh., hjá foringja stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, enda vitum við ákaflega vel, að hæstv. ráðh. var vel kunnugt um, hvernig ástatt var í efnahagsmálunum. Hann hafði stutt stjórn meira að segja nærri því heilt ár, þegar síðari kosningarnar fóru fram, og haft allan aðgang að því að kynna sér rækilega, hvernig ástatt var, og hafði vafalaust látið sína menn gera það, enda hafði hann látið sérfræðinga Sjálfstfl. í þessum efnum gefa út eins konar úttekt á þjóðarbúinu. Þannig er alveg vonlaust fyrir hæstv. ráðh. að skjóta sér á bak við það, að honum hafi ekki verið fullkunnugt um þetta.

Hvernig gat hann þá fullyrt við þjóðina, að hann og valdasamsteypan nýja gæti haldið dýrtíðinni í skefjum og bætt lífskjörin, ef honum var *ekki kunnugt um höfuðþætti efnahagsmálanna*? Þá var slík yfirlýsing jafnósvífin og hefði hæstv. ráðh. verið kunnugt um, að það væri ekki hægt að standa við hana.

Þá sagði hæstv. ráðh., að fullyrðingar mínar um, að stjórnarstefnunni væri beint gegn sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim framleiðendum, sem hefðu ekki fullar hendur fjár, og því fólki, sem hefði komið sér upp eignum og ekki hefði fullar hendar fjár, — þessar ásakanir mín-

ar væru úr lausu lofti gripnar. En hæstv. ráðh. rökstuddi þetta ekki neitt og hnekkti engu af því, sem ég sagði þessu til sönnunar. Hann lét aðeins við það sitja að flytja hér yfirlýsingu með almennum orðum um, að hæstv. ríkisstj. vildi styðja sem allra flesta landsmenn til þess að vera sjálfstæðir efnalega, og þar fram eftir götunum. Slíkar skrumyfirlýsingar hafa ekkert gildi. Það eru verkin, sem skipta máli í þessu sambandi, og þau liggja alveg ljóst fyrir. Og þau finna menn nú daglega á sér, þeir sem hér eiga hlut að máli, og þarf ekki að fara lengra út í það mál í dag.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði haft forustu um gífurlegar skattaálagningar, en nú væri skipt um í því efni, og mættu menn taka það til greina, þegar skoðað væri viðhorfið nú. Í þessu sambandi vil ég rifja upp, að það voru fjármálaráðherrar Sjálfstfl., sem á árunum fyrir 1950 beittu sér fyrir þeirri langþyngstu skattalöggjöf, sem nokkru sinni hefur verið lögleidd á Íslandi. Það voru fjármálaráðherrar Sjálfstfl., sem höfðu forustu um þessa lagasetningu. Og síðan Sjálfstfl. tapaði forustunni í fjármálunum á tímabilinu 1950—58, var sífellt verið að gera lækkanir og lagfæringar á þeirri skattalöggjöf, sem fjármálaráðherrar Sjálfstfl. höfðu beitt sér fyrir.

Í því sambandi vil ég minna á eftirfarandi: Árið 1950 voru sett lög um lækkun skatta á lágtekjum. Árið 1954 var sparifé gert skattfrjálst. Árið 1954 voru sett ný skattalög og tekjuskattur annarra en félaga lækkaður stórkostlega, eða um 29% að meðaltali. Fiskimenn fengu þá ný frádráttarhlunnindi og sömuleiðis giftar konur, sem leggja í kostnað vegna vinnu utan heimilis. 1956 var tekjuskattsviðauki félaga felldur niður. 1957 var enn lækkaður skattur á lágtekjum og aukinn skattfrádráttur til handa skipverjum á fiskiskipum. 1958 var sett ný löggjöf um skattgreiðslur félaga, þar sem stighækkandi skattur á þeim var afnuminn, en lögfest jafnt skattgjald af skattskyldum tekjum félaga. Þá var enn á því ári lækkaður skattur á lágtekjum og aukinn sérstakur frádráttur vegna fiskimanna, enn fremur leyfður meiri frádráttur á lífeyrissjóðsgjöldum en áður var. Loks var á þessu sama ári sett merk löggjöf um skattamál hjóna, þar sem sérákvæði voru lögleidd, þegar svo stendur á, að bæði hjónin vinna fyrir skattskyldum tekjum. Var hér um réttlætismál að ræða, sem vandasamt var að finna heppilega lausn á. En það er þó enginn vafi á því, að þessi ákvæði voru til stórkostlegra réttarbóta, þar sem þannig stóð á, að kona vann fyrir skattskyldum tekjum utan heimilis.

Allir þessir lagabálkar gengu í þá átt að lagfæra og leiðrétta þá skattpíningarlöggjöf, sem fjmrh. Sjálfstfl. höfðu haft forustu um að lögleiða.

Síðan kemur hæstv. forsrh. hér og segir, að ég hafi haft sérstaka forustu um það að setja á óhóflega beina skatta, og talar eins og það hafi orðið hlutskipti annarra að lagfæra þetta. En öll þessi ár, sem verið var að samþykkja þessar lagfæringar og skattalækkunarlöggjöf, sem ég var að lýsa, var ég fjmrh. og beitti mér fyrir þessum ráðstöfunum.

En það, sem aftur á móti sjálfstæðismenn voru að aðhafast á þessum sama tíma, sérstaklega undir forustu núv. fjmrh., var að festa veltuútsvarakerfið í Reykjavík, sem að dómi erlendra sérfræðinga er vitlausasta skattafyrirkomulag, sem þekkist. Og síðasta innlegg í því máli var svo það, að núv. hæstv. fjmrh. tók þetta veltuútsvarafargan úr Reykjavík með sér upp í stjórnarráð og lét lögfesta það hér í fyrra, þannig að það væri tryggt, að þetta gilti einnig fyrir allt landið. Þetta var forusta Sjálfstfl. í skattamálunum og útsvarsmálunum, sem er ein þýðingarmesta grein þeirra mála.

Ég undrast það satt að segja, að hæstv. ráðh. skuli telja sér hagfellt að innleiða í þetta mál umr. um þessi atriði.

Þá ræddi hæstv. forsrh. um viðskilnað vinstri stjórnarinnar að gefnu tilefni frá mér. Hann gat auðvitað alls ekki hnekkt því, að þegar vinstri stjórnin fór frá, var greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum, gjaldeyrisstaðan var hagstæð og framleiðsluaukning mjög mikil, bæði orðin og sérstaklega mikil í vændum vegna þeirra mjög miklu tækjakaupa, sem búið var að ráðstafa, og atvinnulíf stóð með blóma. Þessu gat hæstv. ráðh. alls ekki mótmælt. En hann sagði: Ný dýrtíðaralda var skollin yfir. Það þurfti hann ekki að taka fram, því að það tók ég líka fram. Það var ný dýrtíðaralda skollin yfir, einmitt að tilstuðlan Sjálfstfl., stjórnarandstöðunnar. Og því miður náðist ekki samkomulag um, hvaða aðferðir skyldi viðhafa til þess að koma í veg fyrir, að þessi dýrtíðaralda risi hærra. Þó var að okkar dómi hægt að finna í því tiltölulega einföld úrræði og mjög umfangslítil, samanborið við þau ósköp, sem yfir menn hafa dunið síðan. En um þetta náðist ekki samkomulag, og skal ég ekki fara lengra út í það.

Undirrót dýrtíðaröldunnar voru skemmdarverk Sjálfstfl. í stjórnarandstöðunni. En það, sem þá lá fyrir, gaf hæstv. ríkisstj. og valdasamsteypunni, sem nú hefur farið með þessi mál, ekkert skálkaskjól og því síður nokkra raunverulega ástæðu til þess að leggja út í allt það, sem hún hefur gert í efnahagsmálunum. Þar verður ekki að leita neinnar afsökunar fyrir því, sem mönnum hefur verið boðið upp á síðan. Það var hægt að viðhafa allt aðrar aðferðir, eins og þá var þrautrætt og margsinnis hefur verið greint frá og hæstv. forsrh. er kunnugt um.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann hefði uppgötvað það, seint og um síðir skildist manni, að greiðsluhalli hefði orðið yfir þúsund milljónir síðustu fimm árin, áður en þessi valdasamsteypa tók við. Og þegar hann hefði orðið þessa var, þá hefði orðið að leggja út í allt þetta og þverbrjóta öll loforð, sem gefin höfðu verið í kosningunum. Það var margupplýst í fyrravetur, og hæstv. ráðh. er það vel ljóst, að þessar tölur eru hreinar blekkingar. Þegar hann talar um 1050 millj., þá telur hann með í þeirri fjárhæð öll framkvæmdalánin, sem tekin hafa verið á þessum árum og munu nema álíka fjárhæð og þessari samtals. M. ö. o.: hann leyfir sér enn, þrátt fyrir það, sem upplýst var í fyrravetur og síðan, leyfir sér enn þá ósvinnu að kalla það halla á þjóðarbúskapnum, að lán voru tekin til að byggja t. d. Sogsstöðina, sementsverksmiðjuna og önnur hliðstæð fyrirtæki í land-

inu. Ég efast um, að nokkur forráðamaður nokkurrar þjóðar utan þessa lands mundi leyfa sér að viðhafa málflutning eins og þennan. En þetta var það, sem gert var í fyrravetur, þegar verið var að reyna að tína fram ástæður fyrir þeim „panik"-ráðstöfunum, sem þá var lagt í. En það sýnir bezt, hve blekkingarnar hafa gengið langt, að í grg., sem þá var flutt með efnahagslöggjöfinni, var greiðsluhallinn 1958 talinn rúmar 200 millj., með þessari blekkingaraðferð, en nú kemur út hefti af Fjármálatíðindum Landsbankans, og í þessu hefti stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Á árinu 1958 nam hallinn 42 millj. kr." Þannig er ekki glóra í þeirri uppsetningu, sem ríkisstj. gekk frá í fyrravetur í því skyni að gefa þjóðinni villandi upplýsingar um, hvernig mál hennar stæðu. Inn í þetta 42 millj. kr. uppgjör nú vantar svo, að því er mér skilst, alla íhugun á því t. d., hvaða útflutningsbirgðir voru til, og annað þvílíkt. En bara þetta, að þarna er nefnd talan 42 millj., sem ég skal enga ábyrgð bera á, en hún er tekin úr skýrslu Seðlabankans núna, sýnir það, hve glórulaus vitleysa þessi greiðsluhallaáróður í fyrra var.

Það var fenginn hingað, eins og menn vita, norskur hagfræðingur til að gefa eins konar álit um þessi mál. Hann segir, að hann eigi mjög erfitt með það, því að hann sé þeim tiltölulega ókunnugur, þó að hann hafi verið hér örfáa daga — og þá setið með reiknimeisturum ríkisstj. náttúrlega þá daga. Hefur hann allan fyrirvara um, að sér geti meira en lítið skjátlazt. En einn kafli í þessu áliti — eða hvað á að kalla það — fjallar um nauðsyn þess að gera stórkostlegar ráðstafanir, og þá er málið sett upp eins og það hefur verið flutt fyrir honum af ríkisstj., sem sé þannig, að það hafi verið þessi stórkostlegi halli, sem verði að vinna upp. Það sé draugur, sem verði að glíma við. Og ekki nóg með það, heldur verði líka að leggja á þjóðina byrðar til þess að standa undir afborgunum af þessum lánum undanfarinna ára. M. ö. o.: dæmið er sett upp þannig, að erlendar framkvæmdalántökur komi ekki til mála, Íslendingar eigi að gerast útflytjendur að fjármagni á næstu árum. Nú sjá allir, að slíkt er með öllu glórulaust, að land eins og Ísland, svo lítið uppbyggt á allan hátt og jafnfátækt að lausu kapítali, geti gerzt útflytjandi að fjármagni í stórum stíl. Auðvitað er það eðlilega í þessu, að uppbyggingin haldi áfram og erlend lán séu tekin til arðgæfra framkvæmda, a. m. k. sem svarar afborgunum af þeim lánum, sem fyrir eru, þannig að það sé þó a. m. k. ekki flutt út fjármagn. En allri þessari hringavitleysu er stillt þannig upp, auðvitað eftir bendingum íslenzkra yfirvalda, að það sé verið að yfirvinna þennan greiðsluhalladraug, sem er alveg tilbúningur frá rótum, og að flytja verði út fjármagn í stórum stíl og því verði allt þetta að leggja á þjóðina. Þetta eru forsendurnar, sem hagfræðingnum eru gefnar, þegar hann á að bollaleggja um, hvort þessar ráðstafanir hafi verið hyggilegar eða óhyggilegar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefði legið fyrir, að Íslendingar gætu ekki fengið meiri lán. Ég hef margsinnis krafizt þess að fá að vita, hverjir það voru, sem lýstu því yfir, að Íslendingar gætu ekki fengið meiri lán, og ég krefst þess enn að fá að vita, hverjir það voru. En ég veit, að þetta er tilbúningur, og það sést bezt á því, að rétt áður en þessir hæstv. ráðh. og ríkisstj. fóru í stólana, var búið að leggja drög að 6 millj. dollara framkvæmdalántöku, sem þeir gengu svo að segja strax frá, þannig að það er augljóst, að þessar fullyrðingar fá ekki með nokkru móti staðizt.

Í framhaldi af þessu sagði svo hæstv. ráðh. þennan sama vísdóm, sem við höfum heyrt svo oft, að kerfi, sem lifir á lánum, sé dautt. Ég veit ekki, hvernig á að skilja þetta. Ber að skilja þetta svo, að íslenzkt þjóðfélag geti ekki staðizt, nema það sé algerlega hætt að taka framkvæmdalán? Það væri náttúrlega í beztu samræmi við þessa kenningu, sem haldið var fram í fyrra, en er vitaskuld alveg út í hött, og þeir munu sízt af öllu geta staðið við, þó að þeir gætu nú haldið eitthvað áfram.

Loks var eitthvað um það talað af hæstv. forsrh., sem fullyrt var í fyrra, að Íslendingar hefðu lifað um efni fram. Hvernig fer fyrir þeim, sem lifir um efni fram? má ég spyrja. Hlýtur hann ekki að verða fátækari? Enginn hefur getað lifað um efni fram, sem verður efnaðri. Á þá að fara að halda því fram, að íslenzka þjóðin hafi verið fátækari í árslok 1958 en hún var nokkrum árum áður? Er það það, sem er átt við með því, að íslenzka þjóðin hafi lifað um efni fram? Vitanlega hefur enginn getað lifað um efni fram án þess að verða fátækari. Ef hann er efnaðri, þá hefur hann ekki lifað um efni fram. Hver vill svo leyfa sér að halda því fram, að íslenzka þjóðin hafi lifað um efni fram? Það hafa þessir menn gert, sem nú hafa tekið að sér stjórnarforustuna á Íslandi. En allir Íslendingar vita, að það er ósatt, og það er hægt að sanna bara á þennan einfalda hátt. Hver vill koma og halda því fram, hver vill leyfa sér að segja, að íslenzka þjóðin hafi orðið fátækari með hverju árinu sem leið á undanförnum árum?

Það er enginn vandi að fá svona niðurstöður með því að telja það til eyðslu og óráðsíu að koma upp fyrirtækjum eins og sementsverksmiðjunni og Sogsvirkjuninni t. d. En af þess háttar hringavitleysu höfum við engin not.

Í þessu sambandi sagði hæstv. ráðh., að grundvallarhugsunin í þessu öllu saman hefði verið sú, að Íslendingar yrðu að hætta að éta 200 millj. kr. árlega af annarra fé. Þetta er þá kenning ráðh., að það fjármagn, sem fengið hefur verið hingað til landsins til framfaranna, hafi Íslendingar étið út og því verði þeir að gera svo vel að hætta, þess vegna verði að leggja á menn allar þessar búsifjar.

Hæstv. ráðh. sagði, að Framsfl. hefði ekki alltaf gætt þess, áður en til kosninga hefði verið gengið, að gera þjóðinni ljóst, hvað mundi verða á eftir, og nefndi í því sambandi gengislækkunina 1950. Þetta var mjög óheppilegt fyrir hæstv. ráðh., vegna þess að málið liggur þannig fyrir, að fyrir kosningarnar 1949 lýsti Framsfl. yfir því, að hann mundi beita sér fyrir því, að þá yrði gert nýtt átak í efnahagsmálunum, annaðhvort með því að lækka gengi krónunnar eða með niðurfærsluleiðinni, sem kölluð var, ef það við útreikning sýndist hagfelldara. Þetta var það,

sem Framsfl. sagði þá í kosningunum, svo að það var mjög óheppilegt fyrir hæstv. ráðh. að vitna í þetta. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að flokkar geti ætíð sagt nákvæmlega, hvað á að gerast eftir kosningar, þegar kosið er. En þeir geta sagt, hvaða höfuðstefnu þeir ætli að fylgja og hvernig þær úrlausnir séu í megindráttum, sem þeir hugsa sér. Og þeirri reglu hefur Framsfl. reynt að fylgja. Ég man nú sannast að segja ekki eftir því, að það hafi nokkru sinni komið fyrir áður hér, að flokkar hafi farið alveg þveröfugt að við það, sem þeir boðuðu við kosningar. En það varð við síðustu kosningar af hendi þeirrar valdasamsteypu, sem nú hefur tekið við.

Hitt er svo annað mál, að þegar Framsfl. stóð að gengislækkuninni 1950, þá neitaði hann að fallast á samdráttarstefnuna um leið og skildi sig þannig algerlega frá Sjálfstfl., sem hefur sótt á það, en ekki fengið því ráðið fyrr en hann fékk Alþfl. með sér. Og það er þess vegna, sem þeir eru alveg óþreytandi að lýsa því hér yfir, bæði forráðamenn sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna, að Framsfl. hafi aldrei haft skilning á því, að samdráttarstefnan þyrfti að fylgja leiðréttingum á genginu. En Framsfl. hefur verið algerlega ófáanlegur til þess að taka upp samdráttarstefnuna og þá stefnu yfirleitt, sem núverandi stjórnarflokkar hafa tekið upp.

Hæstv. ráðh. reyndi í raun og veru ekki að færa ástæður fyrir því, að þessi stefna væri heppileg, sem hefði verið tekin upp, og reyndi ekkert að rökræða efnið. Hann kastaði fram þessum tölum um hið skelfilega ástand, sem verið hefði. En hann sagði annað. Hann sagði, að það væri æskilegt, að ég benti á, hvort það væri hægt að finna nokkra hagfræðinga, sem væru mótfallnir stefnu ríkisstj., og talaði mikið um sérfræðinga, sem yrði að taka til greina í þessu sambandi. Það er nú ekki orðið hærra risið á hæstv. ráðh. en það, að hann vill láta líta á sig, að því er manni skilst, sem eins konar stýrisvél, sem sé stillt af þeim, sem ráði stefnunni, einhverjum öðrum, sérfræðingum, sem geti reiknað stefnuna út eins og stefnu skips, og þá væntanlega, að þeir ákveði um leið, hvert á að fara. Hann sé orðinn aðeins eins konar stýrisvél. Auðvitað er þetta allt saman fjarstæðutal, og undir niðri ber þetta vott um vantrú á það, sem verið er að gera, þetta fjas.

Það er vitað mál, að hagfræðingar eru ekki sammála í pólitík og ekki sammála um það, hvaða leiðir eigi að fara í þjóðfélagsmálum, enda er það alls ekki þeirra verk að ákveða um leiðir í efnahagsmálum. Þráfaldlega heyrir maður yfirlýsingar frá hagfræðingum einmitt um það, að það sé alls ekki þeirra verk. Þeir eigi, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði í gær, að geta svarað ákveðnum spurningum, geta t. d. sagt eitthvað um, hvaða afleiðingar yrðu af þessu eða hinu, sem gert væri.

En að það sé hægt að læra það í hagfræðideild í háskóla, hvernig eigi að stjórna þjóðfélagi, það er auðvitað barnaleg fjarstæða. Það er ætlazt til þess, að hagfræðingarnir þekki það, sem kalla mætti kannske viss lögmál í efnahagslífinu, og geti verið leiðbeinandi, eigi að hafa æfingu í að leita að staðreyndum og upplýsa, hvernig ástatt er, og eins hjálpa til að segja fyrir um það, hvaða áhrif tilteknar ráðstafanir hafi, enda vitum við, að þegar þessu sleppir, sem er hreinlega tæknileg vinna, þá eru hagfræðingar ósammála eins og aðrir menn. Þess er skemmst að minnast, að sumir af hagfræðingum stjórnarinnar sögðu henni, að Ísland hafi verið komið í hinn mesta vanda að standa undir lánum sínum, en einn af myndarlegustu hagfræðingum landsins, bankastjóri Framkvæmdabankans, lét í ljós þá mjög vel rökstuddu skoðun, að Íslendingar hefðu í raun og veru aldrei verið jafnvel færir um að standa undir lánaskuldbindingum sínum og einmitt um árslokin 1958, vegna þess að áhrifin á gjaldeyrisbúskapinn af þeim framkvæmdum, sem kostaðar voru af erlenda lánsfénu, hefðu verið og mundu verða hagstæð og því væri léttara eftir lántökurnar en áður að ná jöfnuði í þjóðarbúskapnum. Þarna voru hagfræðingarnir alveg ósammála, og þannig mætti endalaust telja.

Ég býst við því, að þessir sérfræðingar eða hagfræðingar, sem þeir ráðgast við þarna í stjórnarráðinu, hafi einhverja sérstaka tröllatrú á því að hafa okurvexti, — það fer víst ekkert leynt, — haldi, að það sé allra meina bót að hafa vextina svo háa, að allur atvinnurekstur í landinu fari hreinlega á höfuðið. En svo er fenginn erlendur hagfræðingur, norskur, sem lætur uppi álit um ýmsa hluti, þó með fyrirvara mjög svo, og það er að heyra á hans áliti, að hann telji, að vaxtahækkun nái alls ekki þeim tilgangi, sem með henni sé hugsaður, í þessu kerfi og að reynslan í Noregi sé sú, að vaxtahækkun hafi alls ekki þau áhrif til að draga úr útlánum, sem sumir virðist halda, og þar fram eftir götunum. Þannig mætti lengi telja ótal þýðingarmikil atriði, sem hagfræðingar eru alveg ósammála um, vegna þess, að það eru ekki tæknileg atriði, það eru ekki atriði, sem eru lærð í háskólum, — það eru atriði, sem menn verða að gera upp hug sinn um án stuðnings af nokkru því, sem menn geta lært í skólum. Það er náttúrlega ekki skemmtilegur vottur um örugga forustu, ef menn fara að reyna að skjóta sér á bak við hina og aðra sérfræðinga, þegar fer að halla undan fæti.

Þá er það um vexti og innistæðueigendur. Hæstv. viðskmrh. sagði, að með þessu frv. væru innistæðueigendur sviptir miklum hagnaði, og nefndi í því sambandi 80 millj. kr. Það er nú alveg nýr flötur á þessu máli, ef nú á að halda því fram, að þetta vaxtaokur hafi verið sett á til ágóða fyrir innistæðueigendur. Það er alveg nýtt sjónarmið og stangast algerlega á við það, sem áður hefur verið haldið fram úr stjórnarherbúðunum. Því var lýst í fyrra með sterkum orðum, að þetta væri fullkomið neyðarúrræði, sem yrði að grípa til til þess að draga úr lánaþenslunni, eins og það var kallað, og mundi standa aðeins til bráðabirgða. Það var ekki flutt þá sem neinn sérstakur búhnykkur fyrir innistæðueigendur. Og hæstv. forsrh. sagði líka hér í gær eða fyrradag, þegar þetta var til umr., að hann yrði þeirri stundu fegnastur, eða eitthvað í þá átt, þegar hægt væri að lækka vextina aftur. Af þessu sjáum við, að þetta vaxtaokur hefur ekki verið innleitt til hagsbóta fyrir innistæðueigendur, enda er sannleikurinn sá, að sú efnahagsmálastefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið upp og beitt

sér fyrir, er stórhættuleg innistæðueigendum, jafnvel þó að þeir fengju um einhvern stuttan tíma auknar vaxtatekjur, og það af þeirri einföldu ástæðu, að hér er svo illa að búið, að þessar ráðstafanir hljóta að hafa í för með sér stóraukna dýrtíð í landinu og stórkostlega rýrnun á innistæðum á næstunni, því er nú verr og miður. Því er þessi stefna mjög hættuleg og óhagstæð fyrir innistæðueigendur.

Í þessu sambandi vil ég taka undir það með hv. 7. þm. Reykv. (EÁ) að spyrja hæstv. viðskmrh.: Hverjir eru þessir innistæðueigendur, sem nú í bili fá þennan hagnað af lánaokrinu? Gæti hæstv. ráðh. upplýst, hvernig þessar innistæður í heild skiptast á milli sjóða og stofnana annars vegar og einstaklinga hins vegar? Ég vil einnig taka undir, að það væri mjög þýðingarmikið að fá upplýsingar um, hvað Seðlabankinn hagnast mikið á þessu vaxtaokri, sem innleitt hefur verið, hvað það skattgjald er hátt, sem lagt er á íslenzkan atvinnurekstur og íslenzkan almenning til þess að leggja það fé dautt í Seðlabankann. Þetta væri mjög fróðlegt að fá upplýst, til þess að sjá betur þessa hlið á málinu.

Annars vil ég að lokum segja, að ég trúi því tæpast, fyrr en ég tek á því, að ekki verði fallizt á að breyta vöxtunum, lækka þá, og draga úr lánasamdrættinum, því að það er alveg augljóst mál, að þetta getur ekki staðizt, eins og nú er. Það er fjöldi einstaklinga og fyrirtækja kominn gersamlega í greiðsluþrot, og það er ekki hugsanlegt, að út úr því verði komizt nema breyta stefnunni, — nema þá ríkisstj. ætli nú strax að láta verða úr því, sem auðvitað er lokatakmarkið, og hún ætli að halda fast við það að koma efnalega öllum þessum sæg einstaklinga og fyrirtækja í strand, láta eignir allra þessara aðila koma til sölu fyrir lítið nú þegar, til þess að þeir, sem meiri fjárráð hafa, geti tekið við þjóðarbúskapnum yfirleitt. Ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda fast við þetta, hlýtur það að vera meiningin að koma á þessari þjóðfélagsbyltingu strax.

Sjái ríkisstj. hins vegar, sem maður verður að vona, að það er ekki fært að framkvæma þessa þjóðfélagsbyltingu eins og hún hefur hugsað sér, og hún getur ekki gert það, vegna þess að hún hefur ekkert umboð til þess, þá er náttúrlega einfaldast að byrja að laga þetta með því að lækka vextina strax og slaka á lánsfjárhöftunum. Og þá er eðlilegast að slaka á lánsfjárhöftunum með því að hætta að draga fé sparisjóðanna og viðskiptabankanna inn í Seðlabankann og enn fremur með því að lána út á afurðirnar úr Seðlabankanum eins og áður hefur verið gert og ekki hefur verið talið verðbólguaukandi, fyrr en þessi nýja speki var fundin upp.

Hitt úrræðið, sem hæstv. ríkisstj. lætur skína í, þó að hæstv. ráðh. gerði það ekki, eða látið er skína í úr stjórnarherbúðunum, að halda sér dauðahaldi í þetta, sem ákveðið hefur verið, en setja upp stóra kreppulánasjóði til þess að lána mönnum eins konar neyðarlán til að greiða okurvextina og bæta þannig upp að einhverju litlu leyti lánsfjárkreppuna, slíkt er auðvitað fullkomið neyðarúrræði. Hvaða vit er í því að vera að heimta af mönnum slíka okurvexti eins og nú er gert, taka svo sparifé og drífa það inn í Seðlabankann og lækka útlánin á afurðirnar, skrapa síðan saman fé með einhverju móti til þess að koma öllum atvinnurekstri í landinu á kreppulán? Það er gersamlega ómögulegt að skilja þennan hugsunarhátt og ég er þess vegna að vonast eftir því, að það verði við nánari íhugun fallizt á að gera þær ráðstafanir til að byrja með, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég var ekki hér, þegar umr. hófust um þetta mál, en ég las ræðu hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu. Hann segir þar orðrétt: „Það raskar þó ekki því, að til lengdar eru þessir vextir óbærilegir fyrir skulduga menn.“ Á öðrum stað segir hæstv. forsrh.: „Hin mikla fjárfesting“ — í sjávarútveginum á hann vafalaust við — „á sinn þátt í örðugleikum útgerðarinnar.“ Ég er hæstv. forsrh. algerlega sammála um þessi atriði bæði, og ég hygg, að við séum það framsóknarmenn. En mér kom í hug Páll postuli, þegar ég las þetta, en honum varð einu sinni að orði: Hið góða, sem ég vil, geri ég ekki, en hið vonda, sem ég ekki vil, það geri ég. — Hæstv. forsrh. gæti raunar breytt þessu þannig, að segja: Það vitlausa, sem ég vil ekki, það geri ég, en það viturlega, sem ég vil, það geri ég ekki. — Þetta er alveg hárrétt. Vextirnir eru óbærilegir fyrir skulduga menn, og það er líka hárrétt, að aðalerfiðleikar ríkisstj. núna eru hin heimskulega fjárfesting í útgerðarmálunum.

Ég skal ekki eyða mörgum orðum um það, sem hæstv. ráðh. deildi á vinstri stjórnina. Það er fáránlegur hlutur, þegar sjálfstæðismenn hafa viljað halda því fram, að kjaraskerðingin hafi numið 1200 millj. í tíð vinstri stjórnarinnar, og þetta er marghrakið. Það er einhver, sem dettur ofan á að segja þetta, og svo éta þeir þetta hver upp eftir öðrum. Það, sem skeður í tíð vinstri stjórnarinnar, er, að gengið smáfellur, en það hefur bara alltaf fallið í tíð allra stjórna síðan 1939, var raunar búið að falla þá sem svarar svona 10% á ári. Og þar var ekki um kjaraskerðingu að ræða, heldur hitt, að það var raunverulega um gengislækkun að ræða. En sú gengislækkun var fólgin í bótum, bæði með vísitölunni og bændum var bætt upp hækkun á áburði og fóðurbæti með hækkuðu afurðaverði. Hér var því ekki um kjaraskerðingu að ræða. Gjöld til ríkisins sjálfs hækkuðu ekki nema lítið. Kjaraskerðing kom raunverulega fram í fyrra, því að þá hækkuðu vörurnar til fólksins, án þess að það fengi kauphækkun tilsvarandi. Um hitt er ég ekki sammála flm., að kjaraskerðingin hafi verið 1100 millj. Ég álít, að hún hafi verið um 700 millj. Og það er vafasöm aðferð hjá stjórnmálaflokkum og blöðum að slá einhverri vitleysu fram og hamra hvað eftir annað á því, sem er bæði rangt og ósanngjarnt. Það bætir ekki úr.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að við hefðum eytt 1500 millj. kr. fram yfir það, sem við hefðum aflað, í tíð vinstri stjórnarinnar. Þetta er líka alrangt. Skuldir uxu í tíð vinstri stjórnarinnar um 430 millj. Það voru tekin lán upp á 480 millj., en það voru líka greiddar niður fastaskuldir. Þetta birtist í Fjármálatíðindum. Heildarskuldir, þegar Framsfl. fer úr ríkisstj., eru um 730 millj., fastaskuldir bæði ríkisins og einstakl-

inga, en voru 300 millj., þegar þeir slitu sinni ástríku sambúð, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. En á þessu tímabili er varið margfaldri þessari upphæð í fjárfestingu. Það, sem um er að deila, er, hvort átti að framkvæma þessa fjárfestingu eða ekki. En það er ekki hægt að halda því fram með nokkrum einustu rökum, að þarna hafi þeir étið þetta beinlínis upp, því að sum árin er fjárfestingin um 1600 millj. Við græðum stórkostlega þessi ár. En það er hægt að deila um það, hversu ör fjárfestingin átti að vera.

Frv. þetta gengur út á það, að fá vextina lækkaða ofan í það, sem þeir voru áður. Það má segja, að það er ekki komin full reynsla á þessar ráðstafanir ríkisstj., en nokkur reynsla, er óhætt að segja, er komin. Og hvað sýnir hún? Það er talað um, að við höfum haft óhagkvæman greiðslujöfnuð. Það er talað um, að erlendar skuldir hafi verið of miklar. En hvað hefur skeð, síðan vinstri stjórnin sagði af sér? Það hefur skeð það, að á árinu 1959 hækka erlendar skuldir — föst lán — um allt að því 200 millj. Og eftir þeim upplýsingum, sem maður getur dregið af Fjármálatíðindum eða Hagtíðindum og hæstv. viðskmrh. hefur skýrt hér frá, þá er sennilegt, að þær hafi aukizt um 600 millj., það sem af er þessu ári. Breytum við þessum 200 millj. í núverandi gengi, þá eru þetta fullar 1000 millj. Breytum við þeim 430 millj., sem erlendar skuldir — föst lán — hækkuðu í tíð vinstri stjórnarinnar, þá er það eitthvað á 10. hundrað. Þá hafa sem sagt föst lán erlendis hækkað meira á rúmlega hálfu öðru ári hjá núverandi ríkisstjórn, jafnaðarmönnum og sjálfstæðismönnum, heldur en í tíð vinstri stjórnarinnar.

Hafa þær umbætur eða sú fjárfesting, sem hefur verið framkvæmd núna, verið hagkvæm í tíð ríkisstj.? Ég hygg ekki. Þá var unnið að því að reisa verksmiðjur, eins og sementsverksmiðjuna, nokkurn hluta áburðarverksmiðjunnar, rafvæða landið. Þetta er allt gjaldeyrissparnaður. En nú eru flutt inn skip, sem ómögulegt er að reka án rekstrarhalla og við höfum ekki þörf fyrir.

Það er ekki hægt fyrir sjálfstæðismenn, — og ég vil ekki halla ranglátlega á þá og raunar engan, — það er ekki hægt fyrir sjálfstæðismenn að segja, að þeir hafi ekki borið ábyrgð á stjórn jafnaðarmanna á tímabilinu frá því að Framsfl. fer úr stjórn í desemberbyrjun 1958 og þar til þeir taka við stjórn í desemberbyrjun 1959. Vitanlega báru þeir ábyrgð á þessari stjórn. Það er í raun og veru ekki sæmandi fyrir þá að segja, að þeir hafi ekki haft hugmynd um, þegar þeir tóku við stjórninni, hvernig ástandið var. Þeir höfðu aðstöðu til þess að kynna sér öll gögn og gátu kynnt sér þau, og áttu vitanlega að byrja á því að kynna sér þetta. Það er ekki hægt fyrir þá að segja, að þeir beri enga ábyrgð á innflutningsleyfum fyrir skipum og þeim ábyrgðum, sem bankarnir urðu að taka á sig út af þeim skipakaupum, sem nú eru. Ég benti á það í fyrra, viðvíkjandi gengislækkuninni, að með því að fella gengið svona mikið kipptu þeir algerlega grundvellinum undan framtíðarrekstri á þeim skipum, sem verið var að kaupa, og þeir gerðu þeim mönnum, sem voru að fara af stað með atvinnufyrirtæki, hvort heldur voru bændur eða aðrir, lífið ómögulegt. Nú er verið að kaupa togara, sem kosta 30—40 millj. Með núverandi vöxtum og tryggingargjöldum eru sennilega vextir og tryggingargjöld af þessum togurum um 6 millj. kr. á ári, en afli lítill. Ímyndið ykkur, hvernig á að reka þetta. Mennirnir eru komnir efnalega flatir, jafnvel þótt þeir væru vel efnaðir fyrir, á 2—3 árum. Ég er sannfærður um, að rekstrarhalli á þessum togurum, ef búið er að þeim með vaxtakjör og lánsfjárkreppu og annað líkt og nú er, verður 5—6 millj. kr. á ári. Meira að segja maður eins og Haraldur Böðvarsson á Akranesi, einhver allra efnalega sterkasti maður á landinu, sem hefur rekið sinn sjávarútveg af mikilli prýði, þolir þetta ekki. Sennilega sú viturlegasta grein, sem hefur birzt í Morgunblaðinu s. l. ár, og er það blað engan veginn verra en önnur blöð, er grein, sem birtist eftir Harald Böðvarsson um útgerðina. Það er alveg rétt, sem hann segir. Það er í fyrsta lagi, að lánin eru allt of lítil, sem fást, miðað við það, að verðgildi krónunnar hefur lækkað.

Það, sem ríkisstj. hélt fram í fyrra, að hún gæti komizt af með að lána svipaðar fjárhæðir og áður, er eins og hver annar barnaskapur. Útlán bankanna í landinu hafa aukizt um 900 millj. síðan Framsfl. fór úr ríkisstj., og þó vitum við, hversu gífurlegur lánsfjárskorturinn er enn þá. Það er því ekki rétt, sem vissir menn í ríkisstj. héldu fram í umræðum um efnahagsmál í fyrra, að það sé hægt að komast af með svipaða fjárhæð, því að það þarf miklu meira rekstrarfé, ef lag á að vera á hlutunum, en nú er, til þess að hægt sé að starfrækja atvinnulíf í landinu. Og við vitum, að það verður að leggja skipunum hér og þar við land af fjárskorti. Það er verið að flytja inn skip með dýrum tækjum og dýr skip, og það verður til þess, að sjómennirnir vilja frekar fara á þessi nýju skip, því að þeir hafa nokkurn veginn tryggt, að þeir fá kaup sitt borgað, þótt allt strandi, og þá verður bara að leggja gömlu bátunum. Hugsið ykkur þessa hagfræði: Það eru keypt dýr tæki, en tækjum, sem hafa möguleika til þess að bera sig, skipum, sem standa ekki í háu verði, verður að leggja. Við höfum ekki efni á slíkri fjármálapólitík, og ég hygg, að engin þjóð hafi það.

Við öflum miklu meiri fisks en Norðmenn, en það er eftirtektarvert, að Norðmenn, sem afla lítils, fara bara betur með fiskinn, hafa tilkostnaðinn í hófi, þeir fara betur með veiðarfærin og hafa ekki svo dýr skip, að þau geti ekki nokkurn veginn borið sig. Þeir fara ekki inn á það að fella gengið, þó að aflist illa eina og eina vertíð. Hingað er fenginn norskur hagfræðingur til þess að leggja blessun sína yfir hlutina, og þó að hann sé tregur til að fullyrða, að allt sé ágætt, sem gert hafi verið, þá er tilgangurinn sá að fá hann til þess. Hvernig í ósköpunum stendur á því, að norska ríkisstjórnin notar ekki þennan speking sinn og fer að eins og við, fellir krónuna, hækkar vextina? Hvar vita menn þess dæmi, að önnur eins ósköp hafi skeð og hér í fyrra, að vextirnir eru hækkaðir um 4%, — það er 70—80% vaxtahækkun á útgerðinni og 50—60%

á almennum útlánum, — samhliða því, að framkvæmd er jafnstórfelld gengislækkun og þetta. Annað hvort hefði átt að nægja.

Ég skal játa, að það er orðinn meiri sparnaður í landinu en var, og það út af fyrir sig er gott. Það má vel vera, að við höfum verið heldur eyðslusamir og ekki kunnað með fé að fara. Ég get vel fallizt á það. Alþýða manna er farin að eyða minna. En þá átti bara ríkisstj. að nota samhliða ráðdeild. Hún átti að draga úr fjárfestingunni. Það er gagnslaust að vera alltaf að fella krónuna. Það er alveg ámóta og þegar kona kemur með mjólk úr fjósinu og til þess að drýgja 6 lítra af mjólk, þá bætir hún í 4 lítrum af vatni. Það bara skemmir mjólkina, en það gerir ekki næringargildið meira.

Hver einasta þjóð, sem vill hafa fjármál sín í lagi, leggur áherzlu á það, að hafa stöðugt gengi. Það, sem örvar sparifjármyndun í hverju landi, er að hafa gengið stöðugt, að fólkið geti treyst því, að sparifé verði ekki verðfellt, en ekki það, þó að eigi að hækka vextina í eitt og eitt ár.

Ríkisstjórnirnar hafa haft þann sið undanfarið að fá hagfræðinga til þess að segja sér, hvað þær ættu að gera. Þetta er hliðstætt því, að bóndi sendi greindan vinnumann, sem hann hefur, til þess að læra að slá með dráttarvélarsláttuvél. Svo kemur vinnumaðurinn og segir, að hann hafi lært þetta bóklega, og segir húsbóndanum, hvernig hann eigi að fara að þessu. Húsbóndinn hlustar á, sezt svo upp á dráttarvélina og fer á stað og mölbrýtur svo náttúrlega allt saman, áður en dagurinn er liðinn. Í staðinn fyrir, að ráðh. ættu að setja sig inn í hlutina sjálfir, skilja þá alveg til botns, læra sem sagt sjálfir það, sem þeir þurfa að gera, þá láta þeir aðra læra það og læra þó aðeins takmarkað, því að við vitum um alla þessa blessaða hagfræðinga, að þeir hafa afar litla raunhæfa þekkingu allir þrír. Það er hægt að læra t. d. bóklega, hvernig maður á að hirða og slá með sláttuvél. En þegar kemur til framkvæmdanna, þá kann maður ekkert og brýtur allt saman. Það er nefnilega allt annar hlutur. Og þessir hagfræðingar hafa takmarkaða hagnýta þekkingu og eru auk þess misjafnir eins og aðrir menn. Ríkisstj. hafa alltaf verið að fá tilsögn hjá þessum mönnum, aldrei hafa þessar kenningar staðizt, og aldrei hefur þó kastað tólfunum jafnmikið og nú, eins og ég mun koma að síðar.

Raunar er ekki hægt að segja, hvort hagfræðingarnir beri fullkomlega ábyrgð á þessu. Við vitum, að það getur öllum yfirsézt, og það er enginn af okkur alvitur í þessu þingi, og þó að við hefðum einhvern, sem væri alvitur, þá fengi hann áreiðanlega ekki að fá sitt fram. Og það er vitanlega eins með hagfræðingana, að þeim er misjafnlega sýnt um þessa hluti, og svo er ótalmargt, sem kemur til greina, sem er ekki hægt að sjá fyrir fram. Ég skal játa, að afkoma bátaútvegsins í fyrravetur var betri í krónutölu, vegna þess að gengið var fellt. En afkoma síldarútvegsins í sumar var mun verri, vegna þess, hvað gengisfellingin er mikil. Meðaltekjur af báti á síldveiðum voru tæpar 400 þús. í sumar. Af því fara um 60% í kaup. Við skulum segja, að þetta hafi verið 400 þús., og þá hefur útgerðin sjálf 160 þús. Nú kostar nótin að meðaltali um 500 þús. Ef það er tekið lán upp á 12% vexti, þá er það 60 þús. Afskriftir af nótinni mundu vera hæfilegar allt að því 100 þús. Þá eru meðalbrúttótekjur bátsins svipaðar og kostar að eiga nótina og borga af henni vexti og afskriftir. Á því getum við séð, hvernig tapið í krónutölu hefur verið miklu meira vegna gengisfellingarinnar, því að næturnar hækkuðu t. d. um 200 þús. vegna gengisbreytingarinnar, þannig að það er ekki einhlítt að fella krónuna. Sjávarútvegurinn þarf að kaupa svo mikið erlendis frá.

Því var haldið fram, að það yrði að hækka vextina, til þess að sparifjáraukning yrði í landinu. Ég vil benda á það, að sparifjáraukningin 1958 var 104 millj., sparifjáraukningin 1959 var 158 millj., en sparifjáraukningin, það sem af er þessu ári, er 165 millj., og er það 57 millj. kr. meira en á sama tíma í fyrra. En við verðum líka að gæta þess, að krónan er ⅓ verðminni eða allt að því. Og sparifjáreign landsmanna nær skemmra nú til að fullnægja lánsfjárþörfinni en var, áður en gengið var fellt svo stórkostlega eins og gert var í fyrra, af því að það þarf alltaf ⅓ fleiri krónur til að geta rekið sama atvinnurekstur nú heldur en þurfti þá. En sparifé hefur aðeins vaxið um 165 millj., það sem af er þessu ári.

Svo er einhliða sparifjármyndun enginn mælikvarði á efnahagsástandið í einu landi, eins og kemur fram glöggt núna, því að skuldir út á við hafa stóraukizt, og þess ber auk þess að gæta, að þau lán, sem tekin eru á þessu ári, eru óhagstæð að því leyti, að þau eru til fárra ára. Núv. ríkisstj. fjasaði mikið um vaxtabyrðina, en vaxtabyrðin hefur allt að því tvöfaldazt, síðan Framsfl. fór úr stjórninni, af því að skuldir okkar hafa allt að því tvöfaldazt. Ég sé því ekki, að það verði læknaðar neinar meinsemdir með þessu.

Því var haldið fram, að allt hefði verið að fara fram af brúninni, steypast fram af og brotna náttúrlega og bramlast hjá vinstri stjórninni. Og ég held, að það hafi verið einn hagfræðingur, sérfræðingur ríkisstj., sem kom með þessa setningu, en þetta glumdi yfirleitt á framboðsfundunum og víðar. Maður skyldi þá ætla, að vagninn hefði ekki verið settur fram af brúninni hjá núv. ríkisstj., að núv. ríkisstj. hefði sett í bakgír, en ekki sett í framgír. En það, sem skeður, er nú bara það, að í staðinn fyrir að bakka, þá er ekið áfram og meira að segja stigið vel á benzínið. Ef við hefðum verið að fara fram af brúninni í árslok 1958, þá værum við áreiðanlega komnir fram af henni núna, og það erum við vitanlega, þó að við deyjum e. t. v. ekki af fallinu, því að nú er ríkisstj. komin í algera sjálfheldu.

Því var lýst yfir í fyrra, að það kæmi ekki til greina að hjálpa sjávarútveginum frekar en gera ætti með þessari gengisfellingu. Því var raunar ekki haldið fram, að það ætti að hjálpa honum með vaxtahækkuninni, en gengisfellingin ætti að nægja. Nú vil ég spyrja: Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera? Það er búið að flytja inn skip á árinu 1959 fyrir 159 millj. Það er búið að flytja inn skip á árinu 1960 fyrir 260 millj. Alls eru þetta á 5. hundrað millj. Það eru alltaf að koma skip og ekki nein smáskip. Ég veit ekki, hvað þetta verður endanlega, þegar skipin verða komin, sem búið

er að leyfa innflutning á. Ætli það verði ekki 6, 7 eða 8 hundruð millj., eitthvað svoleiðis? Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera, ef ekkert af þessum skipum getur borið sig? Það vita þeir, og það viðurkenna þeir, sem eru að kaupa þau. Það er nefnilega ægileg yfirsjón, sem ríkisstj. og bankar hafa gert að ganga í greiðsluábyrgðir og gera mönnunum fært þess vegna að kaupa þetta. Og það er beinlínis komið aftan að mönnunum, því að þegar þeir panta þessi skip, þá gera þeir ekki ráð fyrir þeim ósköpum, sem gerast eftir þetta. Skipin hækka um þriðjung í verði, og vextir eru hækkaðir um 60%, eitthvað svoleiðis. Og menn, sem hafa jafnvel verið vel stæðir og þetta hefði verið vel gerlegt, áður en þessar efnahagsaðgerðir voru gerðar, standa algerlega ráðþrota núna. Nei, þetta er ekki fjármálapólitísk fyrirmynd.

Ég skal játa, að náttúrlega hefur verið hægt að finna eitthvað að öllum stjórnunum og þar á meðal vinstri stjórninni. Og ég skal játa, að ég taldi hana fara fullgeyst í fjárfestingunni. Ég skal líka játa, að það voru gerðar yfirsjónir, t. d. eins og það að kaupa austurþýzka togara. Þeir voru ekki hentugir. En þetta eru bara smámunir hjá þeim ósköpum, sem hafa skeð síðan. Gjaldeyrisstaða bankanna 1. des. 1959 er óhagstæð um 35.3 millj. Eftir það versnar gjaldeyrisstaða bankanna og verður lökust í febrúar í ár. En 1. sept. nú er hún óhagstæð um 67 millj. Er það verra en þegar vinstri stjórnin skildi við. Ég held því um sjálfstæðismenn, þó að þetta séu ágætir menn, — og ég hef aldrei dregið í vafa, að þetta séu drengskaparmenn og vilji vel, það hefur aldrei hvarflað að mér, — þá held ég satt að segja, að nú væri réttara að fara að endurskoða þeirra eigin ráðstafanir og gera það rækilega og reyna að hugsa, hvernig þeir ætla að komast úr þessari sjálfheldu, sem þeir eru komnir í, heldur en að vera alltaf sí og æ að skamma vinstri stjórnina, þó að henni hafi yfirsézt um ýmsa hluti. Það, sem ríkisstj. átti að gera í fyrra, og þá væri hún betur á vegi stödd, var að standa við það, sem hún lofaði fólkinu. Hún átti að stöðva gengið, þar sem það var. Það var í raun og veru loforð hennar við kosningarnar. Og þá væri hún miklu betur á vegi stödd, því að þá væri hún ekki í annarri eins sjálfheldu með nýju skipin og hún er núna. Það er nefnilega ekki neinn smáræðisfloti, sem er að koma inn í landið. Það er ekki borið við að rannsaka, hvaða skipastærð beri sig bezt að reka hér við land. Menn eru látnir ráða þessu sjálfir. Það er bara leyft og leyft, og bankarnir ganga í ábyrgð á ábyrgð ofan. En ef menn vilja gera þetta af einhverju viti, þá þarf að þrautathuga, hvaða skipastærð sé bezt og hentugast að hafa á hverjum stað. Ég skal játa það, að hér fyrir Suðvesturlandinu og Norðurlandi þurfa bátarnir ekki að vera eins stórir og fyrir Austurlandi. Þeim er vorkunn, þó að þeir vilji hafa bátana dálítið stóra. En að kaupa 150 tonna skip, sem kostar núna með veiðarfærum um 7 millj., það er vonlaust. Vextir og tryggingar af þessum skipum eru um 1 millj., og það eru litlar líkur til, að þeir geti borgað nema lítinn hluta af þessari millj., þannig að það er árlegur greiðsluhalli.

Hvað á að gera? Það, sem ríkisstj. átti að gera, í staðinn fyrir að ganga lengra í gengisfellingu og vaxtahækkun en orðið var, þegar hún tók við, var að reyna að reka atvinnuvegina á hagkvæmari hátt. Við getum aldrei rekið okkar síldarútveg sæmilega, nema reyna að koma aflanum í meira verðmæti en nú gerist. Við verðum að reyna að koma síldarafurðunum í betra verð, við verðum að reyna að koma fiskafurðunum í betra verð, og við verðum að reyna að eyða minna í veiðarfæri en við gerum. Ég hygg, að hægt væri að koma að miklu leyti í veg fyrir, að veiðarfæraeyðslan yrði jafnmikil, með því að hásetarnir tækju sinn hluta af veiðarfærakostnaðinum og hlutaskiptunum yrði breytt á þann hátt, að hann yrði dreginn frá óskiptu. Ég hygg, að með því að hagnýta síldina á annan hátt en gert hefur verið væri hægt að koma henni í miklu meira verð. Hvaða vit er í að bræða hana og fá sama og ekkert fyrir það, því að við vitum, að þó að síldin sé misfeit, þá er þetta allt saman næringarmikill og góður matur. Það var þetta, sem átti að vinna að, en ekki að fella krónuna svo að segja athugunarlaust.

Ég skal játa, að útflutningssjóðurinn var gallaður, kerfið var gallað. Það var ákaflega hættulegt að hafa ekki sama gengi á krónunni, hvort sem varan var keypt eða seld, og ég var sammála sjálfstæðismönnum um það. Ég var líka sammála þeim um, að það var betra að hafa heilbrigt gengi heldur en hafa þessar stöðugu uppbætur, sem komu seint og illa. En ég var ekki sammála þeim um það, að þeir ættu að ganga lengra en orðið var.

Þeir þurftu ekki að ganga lengra í því að fella krónuna en gert var, enda hefur niðurstaðan orðið sú, að þeir eru komnir í sjálfheldu með þennan nýja skipastól, sem er sennilega ¼ eða ⅓ hluti af öllum fiskiskipastóli landsins. Þessar ráðstafanir voru svipaðar því og ef einhverjum hagfræðingi væri falið að áætla, hvað Íslendingar yrðu margir eftir 10 ár, og hann tæki bara dauðsföllin, en athugaði ekki, hvað margir fæddust. Það var alveg hliðstætt hjá ríkisstj. í fyrra. Ríkisstj. athugaði ekki, að það þurfti að halda við skipastólnum, að menn þurftu að reisa sér hús, menn þurftu að koma sér upp bústofni, byggja upp sínar jarðir, sumir áttu það eftir, og mönnum var gert þetta ókleift. Það var ekki hugsað um framtíðina, heldur bara litið til baka. Ég las það í Alþýðublaðinu eftir umræðurnar um þetta mál, að þar voru þeir að tala um, að sparifjáreigendur græddu 80 millj. á þessum háu vöxtum. Já, svo er nú það. En hvað töpuðu þeir miklu á þessari miklu gengisfellingu? Það var ekki reiknað út. Og hvað ætlar nú ríkisstj. að gera við víkjandi þessu, að nú er ómögulegt að reka þessi nýju fiskiskip? Mér hafa komið fjórar leiðir í hug og eru þó allar illar. Í raun og veru er aðstaða ríkisstj. svipuð og kindanna, sem lentu í sjálfheldu vestur á Snæfellsnesi. Þær fóru upp á fjallið, þær sáu grastopp á stalli niðri í klettabelti, og þær þyrftu að komast upp aftur. Og svo þegar þær voru búnar að éta upp þessa grastoppa, komust þær kannske á einhvern annan stall og átu þar líka, en fæstar komust upp aftur, flestar hröpuðu. Aðstaða ríkisstj. er í raun og veru hliðstæð í sjávarútvegsmálum. Það er aðeins bráðabirgðalausn. Það er aðeins lítill toppur á syllu, sem er

hægt að seðja hungrið með í bili, að fella gengið. Svo rekur að því, að það dugir ekki.

Viðvíkjandi þessum nýju skipum eru fjórar leiðir til í raun og veru. Það er að láta þá verða gjaldþrota, þessa menn, sem hafa keypt skipin, og það er í raun og veru alveg í samræmi við kenningarnar, sem var haldið hér fram í fyrra. En leiðinlegi liðurinn í þessu öllu saman er, að það var komið aftan að þessum vesalings mönnum af sjálfu ríkisvaldinu. Í öðru lagi er að greiða skipin niður, þ. e. að greiða skipin öll fyrir þá erlendis og fella svo gengið þar á eftir til þess að gera þeim mögulegt að reka skipin. Þeir þurfa vitanlega að gera það. Þriðja leiðin er að greiða fyrir þá nokkurn hluta skipsverðsins og freista að halda sama gengi áfram. Fjórða leiðin er að reyna að taka aftur vitleysuna, sem gerð var í fyrra, og má það þó heita ókleift. Það er eins og að komast af stallinum þarna vestur í fjöllunum, það var hér um bil ómögulegt. En það væri þó ef til vill að sumu leyti skásta leiðin.

Nú eru þau kynni, sem ég hef haft af bankastjórum, þannig, að þetta séu velviljaðir og góðir menn, og ég er ekki sammála þeim flokksmönnum mínum, sem halda því fram, að þetta hafi verið beinlínis fyrir fram hugsað allt saman. Það var það ekki, því miður. Og ég er ekki sammála þeim um, að þetta sé fryst í Seðlabankanum, þetta fé, sem þeir eru að narta í frá sparisjóðunum. Og viðvíkjandi innlánsdeildunum er það nú allt í lagi, þeir fá ekkert úr þeim. Það var bara af hreinni heimsku, sem þeir settu þetta lagaákvæði, bara til að gera sig óvinsæla, vegna þess að þeir, sem leggja inn á innlánsdeildirnar, ráða, hvort þeir hafa peningana sína á reikningnum eða í innlánsdeildunum. Þeir fá aldrei neitt úr innlánsdeildunum, það var bara til þess að láta rægja sig fyrir eitthvað að vera að vitleysa þessu í lögin. Og það sýnir sig nú, að þegar Útvegsbankinn getur ekki lánað Haraldi Böðvarssyni, sem er einhver öflugasti útgerðarmaður landsins, þá er þó verkalýðssparisjóðurinn á Akranesi, sem hleypur undir baggann og lánar honum 3 millj., svo að hann kemur bátunum á flot. Það eru þó þessir smábankar heima fyrir, sem skilja það, að með því að stöðva atvinnurekstur Haralds Böðvarssonar á Akranesi, hvað sem honum sjálfum líður og hans fjárhag, þá er verið að gera hálft Akranes atvinnulaust, og það vill sparisjóðurinn vitanlega ekki og þeir, sem honum stjórna. Ég hef ekki trú á, að þeir geymi nú neinn sérstakan seðlabunka þarna uppi í Seðlabankanum. Nei, ónei, það er nú eitthvað annað. Svoleiðis er, að bankastjórarnir við þessa banka hafa reynt að hjálpa atvinnuvegunum eins vel og þeir geta, en þá skortir bara rekstrarfé, vegna þess að það þarf svo mikið, síðan krónurnar voru minnkaðar, og það er enginn leikur fyrir þá að tapa á yfirdráttarlánum. Það er ekki af því að bankastjórar Útvegsbankans hafi ekki viljað lána Haraldi Böðvarssyni, heldur bara að þeir höfðu peningana semnilega ekki til. Það er enginn leikur fyrir viðskiptabankana að lána fyrir 12% og eiga svo að borga Seðlabankanum 16%. Þetta er nefnilega hrein endileysa.

Nú er náttúrlega hægt að halda áfram með þessa vexti áfram. En það, sem skeður, er, að þeir verða ekki borgaðir nema að nokkrum hluta. Því var lýst yfir í fyrra, eins og ég hef talað um, að nú ætti ekki að styðja útgerðina frekar, en hún þyrfti þessa góðu gengislækkun. Nei, ónei. En það, sem skeður núna er það, að það er farið að leggja fé í hlutatryggingasjóð, til þess að hann geti bætt ofur lítið úr, mýkt mestu sárin, og er það þó lítið. Og svo er meira. Það á að fara að lána út á næturnar. En haldið þið, að þessar nótaskuldir verði borgaðar? Nei, það verða ekki nema fáir, sem borga þær. Næturnar verða notaðar, þangað til þær verða ónýtar, og þá verður bönkunum boðið að hirða þær. Nú er það, sem skeður viðvíkjandi þeim skipum, sem bera sig ekki, að annaðhvort verður þeim lagt eða bankarnir verða að lána peninga til þeirra, og þá skeður það, að þessar skuldir verða hreinlega ekki borgaðar.

Það er vafalaust mikið um lán í bönkunum, sem aldrei verða borguð, og það á eftir að verða enn meira, ef það verður búið þannig að atvinnuvegunum að hafa vextina jafnháa og þeir eru núna. Það getur skeð, að verzlanirnar flestar geti borgað. Það getur skeð, að millistéttin borgi sína vexti. En ég fullyrði, að stærri atvinnufyrirtækin geta aldrei borgað þau lán, sem stofnað væri til á þessum grundvelli.

Viðvíkjandi bændunum vil ég segja það, — ég þekki til þeirra, því að ég hef starfað með þeim, — að þeim bændum, sem eru núna að gera framkvæmdirnar, er gert gersamlega ómögulegt að halda áfram búskap. Og það verður að gera einhverjar ráðstafanir viðvíkjandi því, ef þeir eiga ekki að guggna. Ég hef sagt við þá, að þeir skyldu ekki missa kjarkinn, þetta lagaðist allt saman, og það er mín skoðun, að það geri það, það verði einhver úrræði höfð. Þetta er kannske ekki stór hópur af bændum. Ég get trúað, að það séu 400—800 bændur á öllu landinu, sem eru í þessari aðstöðu. En ef þeir fá ekki betri lánskjör en þeir hafa núna, þá er gersamlega útilokað fyrir þá að halda áfram búskapnum eða gera þær umbætur, sem nauðsynlegar eru. En þetta á við um alla, allar stéttir. Það er því alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að þessir vextir eru algerlega óbærilegir til lengdar. Það er það, sem við erum að segja, framsóknarmenn. Þess vegna förum við fram á, að þeir séu lækkaðir. Og það er líka rétt hjá hæstv. forsrh., að fjárfesting sjávarútvegsins núna er það, sem kemur honum í mestan vanda, í raun og veru í þá sjálfheldu, að illfært er að komast úr henni.

Það má vel vera, að þetta frv. verði ekki samþykkt og að þessir okurvextir verði látnir gilda áfram, eitthvað fyrst um sinn. En ég er sannfærður um, að það verður ekki lengi. Það getur skeð, að ríkisstj. ætli að hafa þá talsvert lengi, en henni er það bara ekki gerlegt. Ég hef ekki trú á því, að útgerðarmenn sætti sig við þessi lánskjör framvegis.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í þeim almennu umræðum um vaxtamálin eða efnahagsmálin, sem átt hafa sér stað nú í tvö skipti, þegar þetta frv. hefur verið til umræðu. Til þess mun án efa gefast annað tilefni síðar, þar sem þær umræður

gætu orðið á nokkru breiðari grundvelli. En það var eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ), þar sem honum missagðist svo hrapallega, að ég get ekki látið vera að leiðrétta þau ummæli hans. Hann bar saman tölur, sem hann sagði að nýlega væru komnar út í Fjármálatíðindum um greiðsluhallann, eins og hann orðaði það, 1958, bar þessar tölur saman við áætlanir, sem ríkisstj. hefði birt með frv. sínu um efnahagsmál, þegar það var lagt fram á síðasta þingi, og sagði, að þar skakkaði sannarlega miklu. Hann viðhafði allstór orð um þetta, sagði, að þetta væri eitt dæmi af mörgum um það, að valt væri að treysta þeim útreikningum, sem ríkisstj. birti, og þeir sérfræðingar, sem hún hefði í þjónustu sinni, væru vægast sagt harla varhugaverðir menn. Þessu til sönnunar nefndi hann, að sjálfur Seðlabankinn hefði nú gert upp gjaldeyrishallann 1958 og talið hann vera 42.3 millj. kr., en sérfræðingar ríkisstj. og ríkisstj. hefði í fyrra skýrt frá því, að greiðsluhallinn hefði verið um 200 millj. kr.

Ég hef aflað mér og hef hér fyrir framan mig þau gögn, sem hv. þm. vitnar til, og skal nú gera svolitinn samanburð á þeim tölum, sem hann ber saman og notar til þess að leggja út af á þann hátt, að hann fellir harðan áfellisdóm yfir ríkisstj. og hennar sérfræðingum. Þó að ég geri mér ljóst, að ekki sé þægilegt fyrir hv. þm. að átta sig nákvæmlega á því, sem hér er um að ræða, nema þeir hafi tölurnar fyrir framan sig, þá skal ég samt gera tilraun til þess að gera þetta mál eins ljóst og unnt er, og niðurstaðan mun svo reynast sú, að hv. þm. geri sig hér af mjög vítaverðu gáleysi sekan um að bera saman tölur, sem ekkert eiga sammerkt, — tölur, sem þær skýringar eru birtar með í textum í báðum plöggunum, sem taka af öll tvímæli um, að þær má ekki bera saman, og hefur aldrei verið ætlazt til, að nokkrum dytti í hug að bera þær saman.

Í Fjármálatíðindum, á bls. 57, er birt tafla um gjaldeyrisviðskipti bankanna, og þar er sagt, að greiðslujöfnuðurinn á árinu 1958 hafi verið neikvæður um 42.3 millj. kr. Ef lesinn er textinn, þá er tekið alveg skýrt fram, hvað þetta sé. Þetta er mismunur á innkomnum og útlátnum gjaldeyri gjaldeyrisbankanna. Útlátni gjaldeyririnn hefur reynzt 42.3 millj. kr. meiri en innkomni gjaldeyririnn.

Nú vita það allir og án efa enginn betur en hv. þm., að þegar rætt er um halla eða afgang á vörum og þjónustu og vöruviðskiptum og þjónustu í viðskiptum landsins, þá fara ekki öll gjaldeyrisviðskipti, sem lúta að vörum og þjónustu, í gegnum bankana. Það eru ýmis gjaldeyrisviðskipti, sem hafa áhrif á það, hvort halli telst verða á vöruviðskiptum og þjónustuviðskiptum þjóðarinnar út á við eða afgangur. Ýmis stór fyrirtæki hafa heimildir til þess að ráðstafa gjaldeyri á eigin spýtur, og á þeim gjaldeyrisviðskiptum getur annaðhvort verið halli eða afgangur. Til þessa verður auðvitað að taka tillit, þegar rætt er um halla eða afgang á vöruviðskiptum og þjónustuviðskiptum þjóðarinnar.

Í grg. fyrir efnahagsmálatill., sem hv. þm. vitnaði einnig til, er yfirlit á bls. 31 um greiðsluhallann við útlönd, og þar segir: „Halli á vörum og þjónustu er 90.8 millj. kr.“ — ekki 208, eins og hann talaði um. Þetta er eina talan, sem nokkurt vit er í að bera saman við töluna í Fjármálatíðindum Landsbankans, þar sem hallinn er talinn 42.3 millj. kr., og þó eru tölurnar ekki sambærilegar, vegna þess að Fjármálatíðindatalan lýtur eingöngu að gjaldeyrisviðskiptum bankanna í sambandi við vöru og þjónustu, en talan 90.8 millj. kr. í grg. með efnahagsmálafrv. lýtur að öllum gjaldeyrisviðskiptum í sambandi við vöru og þjónustu.

Nú skal ég láta þess getið hér, að þegar þetta yfirlit um greiðsluhallann frá 1955—58 var gert á árinu 1959, voru ekki allar tölur til í endanlegu formi fyrir næstliðið ár á undan, sem engan þarf að undra. Þegar fengizt er við útreikninga á miðju ári um næstliðið ár á undan, er ekki við því að búast, að öll kurl séu komin til grafar. Þessar tölur hafa verið endurskoðaðar rækilega síðan og byggt á algerlega endanlegum tölum, og niðurstaðan hefur orðið sú, að hallinn á vörum og þjónustu 1958, sem talinn var 90.8 millj., hefur reynzt 72 millj., þ. e. a. s. 18 millj. kr. lægri. Þetta er mismunur, sem sjálfsagt er að játa að hefur komið fram við endanlega endurskoðun. Gjaldaliðurinn er 1626.9 millj. kr. og tekjuliðurinn 1536 millj., og þá þarf engan að undra, að við endanleg reikningsskil reynist breyting yfir 18 millj. kr.

Það, sem hv. þm. hefði átt að bera saman, ef hann hefði viljað flytja mál sitt rétt, var á þessa leið: Halli á vörum og þjónustu, sem ríkisstj. áætlaði 90.8 millj. kr., reyndist 42.3 millj. kr. Að vísu hefði þetta ekki verið rétt, vegna þess að í áætlun ríkisstj. er, eins og ég sagði áðan, tekið tillit til gjaldeyrisviðskipta utan bankanna, og að réttu lagi hefur halli á þeim viðskiptum reynzt um 30 millj. kr. Endanlegu tölurnar eru því: 1958 reyndist halli á vörum og þjónustu 72 millj. kr., þar af var halli á gjaldeyrisviðskiptum bankanna 42 millj. kr., halli á öðrum gjaldeyrisviðskiptum 30 millj. kr. Þetta eru endanlegar tölur og fullkomið samræmi á milli talna Seðlabankans um þetta efni og grundvallartalnanna í grg. efnahagsmálafrv. í fyrra.

Það, sem hv. þm. gerði, var að bera saman hluta bankanna af halla á vörum og þjónustu, og allan gjaldeyrishalla alls þjóðarbúsins á því sama ári, sem er svo fullkomlega óviðurkvæmilegur málflutningur, að ég undrast það, að hann skuli heyrast hér.

Auðvitað myndast heildarhalli eða heildarafgangur á greiðsluviðskiptum þjóðarbúsins af öðru og meira en halla eða greiðsluafgangi á vöruviðskiptum og þjónustuviðskiptum. Þar þarf að taka tillit til afborgana af erlendum lánum. Ég veit, að hv. þm., sem jafnmikið hefur fengizt við lántökur og hann, er þetta ljósara en okkur öllum hinum. Heildargjaldeyrishallinn verður ekki metinn nema við halla, sem verða kann á vöruviðskiptum og þjónustuviðskiptum, sé bætt nauðsynlegum greiddum afborgunum og vöxtum af erlendum lánum, en sú tala reyndist á árinu 1958 62.5 millj. kr. Enn fremur verður að taka tillit til annarra fjármagnshreyfinga en þessara, afborgana og vaxta af erlendum lánum, og þær reyndust tæpar 55 millj. kr. á árinu 1958, og var þar að langmestu leyti um að ræða fyrirframgreiðslur

upp í erlend skipakaup, en það vænti ég, að engum detti í hug að draga í efa, að fyrirframgreiðslum upp í erlend skipakaup í gjaldeyri verður að bæta við halla á vöru- og þjónustuviðskiptum og við afborganir af erlendum lánum, ef gera á sér almenna grein fyrir því, hver heildargreiðsluhallinn gagnvart útlöndum hefur orðið á ákveðnu ári. Ef þessar tölur eru lagðar saman, hallinn, sem talað var um á vörum og þjónustu, 90.8 millj., afborganir af erlendum lánum, 62½ millj., og aðrar fjármagnshreyfingar, aðallega fyrirframgreiðslur upp í skipakaup erlendis, 54.9, kemur út talan 208.2 millj. kr., sem heildargreiðsluhalli alls þjóðarbúsins var áætlaður fyrir árið 1958. Þessi tala hefur við endanlega endurskoðun lækkað um 18 millj. kr., eins og ég gat um áðan, þannig að heildarhallinn á árinu 1958 reyndist þannig 190 millj. kr. í staðinn fyrir þær 208, sem hann var talinn í grg. í fyrra. Þessi halli var jafnaður að langmestu leyti með lántökum opinberra aðila og gjafafé, rúmum 200 millj. kr., og með versnandi gjaldeyrisaðstöðu um 31 millj. kr.

Þó að ekki sé kannske auðvelt að átta sig á þessum talnalestri fyrir þá, sem hafa ekki beinlínis tölurnar fyrir framan sig, hygg ég þó, að engum geti blandazt hugur um, að sá samanburður, sem hér var gerður og notaður var sem rökstuðningur fyrir þungum dómum, var algerlega úr lausu lofti gripinn, fyrir honum er enginn fótur.

Í þessu sambandi vil ég líka fara nokkrum orðum um það, sem hv. þm. sagði um, hvað greiðsluhalli væri, og þetta eru röksemdir, sem við höfum oft heyrt áður í sambandi við umr. um efnahagsmálin. Hann segir: Það er rangt að telja greiðsluhallann þannig, því að hann er jafnaður með erlendum lánum, sem varið hefur verið til arðbærra framkvæmda hér innanlands. — Um þetta vildi ég fara fáeinum orðum, þó að ástæða væri raunar til þess að ræða það mál miklu ýtarlegar en hér er tími eða ástæða til.

Við hvað er átt, þegar talað er um greiðsluhalla? Með greiðsluhalla gagnvart útlöndum hjá þjóðarbúi er einfaldlega átt við mismun á þeim greiðslum, sem þjóðin fær erlendis frá, og þeim greiðslum, sem hún innir af hendi til útlanda. Mér er ekki kunnugt um nokkra aðra skilgreiningu á þessu hugtaki en þessa. Ég hef aldrei séð hana í nokkurri bók eða nokkru blaði og eiginlega aldrei heyrt nokkurn mann, ekki einu sinni hér, skilgreina hugtakið greiðsluhalla öðruvísi. Það er munurinn á þeim greiðslum, sem þjóðarbúið í heild innir af hendi til útlanda, og þeirri upphæð, sem það fær frá útlöndum. Ef þetta hugtak er skilgreint svona, getur enginn verið í vafa um, að það er rétt reiknað og rétt skilið, að greiðsluhallinn gagnvart útlöndum árið 1958 var þessar 190 millj. kr., svona fengnar, eins og ég hef gert grein fyrir. Mér skilst líka, að hv. þm. í sjálfu sér dragi þetta ekki í efa. En hann bætir við, — og það get ég vel skilið, — hann bætir við: Þetta er enginn halli. Þjóðin er ekki að verða fátækari sem þessu nemur, af því að þessi halli er jafnaður með lánum eða á einhvern annan hátt. Lánin hafa verið notuð til þess að koma upp þjóðnytjafyrirtækjum, sem auka eignir þjóðarinnar.

Nú hef ég aldrei og mér vitanlega enginn, sem ég hef heyrt tala um þessi mál, haldið því fram, að greiðsluhallinn jafngildi því, að þjóðin sé að verða fátækari sem greiðsluhallanum svarar. Því hef ég aldrei haldið fram, enda væri það fjarstæða. Það þarf ekkert samband að vera á milli greiðsluhallans annars vegar og þess, hvort eignir þjóðarinnar eru að aukast eða minnka hins vegar. Það hefur enginn haldið því fram, að þar þurfi nokkurt samband að vera á milli. Þar fyrir eru það engin rök fyrir því, að óhætt sé að hafa mikinn greiðsluhalla, að lán séu notuð til þess að koma upp þjóðnytjafyrirtækjum. Til þess að gera sér grein fyrir því, er einfaldast að taka dæmi úr innanlandsviðskiptum, sem allir gera sér ljóst, hvað raunverulega þýðir. Dettur nokkrum í hug, að alltaf sé rétt fyrir atvinnurekanda eða einstakling að taka lán, ef hægt er að koma láninu í eitthvert verðmæti, sem talið er jafnmikil eign og láninu nemur? Er nokkur sá atvinnurekandi til í víðri veröld, sem lifir eftir þeirri reglu að taka lán, lán á lán ofan, lán endalaust, einungis ef hann getur keypt eitthvað fyrir lánið, sem hann getur talið jafnmikils virði og svarar til þunga skuldarinnar? Nei, auðvitað ekki. Hvar eru takmörkin þarna? Takmörkin eru auðvitað við það bundin, að atvinnurekandinn eða einstaklingurinn treysti sér til þess að greiða afborganir og vexti af láninu af venjulegum tekjum sínum. Ef hann treystir sér til þess að greiða afborganir og vexti af rekstrartekjum sínum eða launatekjum sínum, eftir að hann tekur lánið, þá eru það a. m. k. ekki rök á móti því að taka lánið, svo að ég segi ekki meira. En ef það er augljóst mál, að rekstrartekjur hans eða launatekjur standa ekki undir greiðslu afborgana og vaxta af láninu, þó að það sé komið í einhverja sæmilega eign, þá á hann ekki að taka lánið. Þetta er regla, sem hver einasti hygginn atvinnurekandi gerir sér ljósa og hver einasti hygginn launþegi gerir sér fullkomlega ljósa. Nákvæmlega sama máli gegnir um þjóðarbúið í heild. Þjóðarbúið í heild á ekki að taka meiri lán erlendis, það á ekki að taka meiri lán í erlendum gjaldeyri en það treystir sér til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af með venjulegum tekjum sínum í erlendum gjaldeyri. Þetta er sú einfalda markalína, sem þjóðarbúið má ekki fara yfir um. En það getur hæglega verið, að þessari markalínu sé náð, jafnvel þó að ákveðin lántaka sé skynsamleg, jafnvel þó að hægt sé að verja henni til eignaaukningar hér innanlands. Ef greiðsluhalli er orðinn svo mikill, að þjóð tekur u. þ. b. 200 millj. kr. á ári í lánum erlendis til þess að jafna hallann, en hallinn jafnar sig að sjálfsögðu alltaf upp á einhvern hátt, og þetta er þjóð, sem hefur gjaldeyristekjur eins og við, þá er alveg augljóst mál, að komið er yfir þá markalínu, sem varkárleg eða skynsamleg verður talin, og þá skiptir bókstaflega engu máli, jafnvel þótt verulegur hluti af þessu fé sé notaður til arðbærra fyrirtækja innanlands. Við erum komin yfir mörkin, þunginn af afborgunum og vöxtum verður þá svo mikill, að það truflar heilbrigð gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar í framtíðinni.

Það getur farið svo fyrir þjóð eins og fyrir einstaklingi, sem reisir sér hurðarás um öxl, að því er snertir öflun lánsfjár, að þjóðin verði gjaldþrota, — alveg eins og einstaklingur getur orðið gjaldþrota, jafnvel þótt hann hafi varið lánum sínum til eignaaukningar. Ef hann getur ekki staðið við þá samninga, sem hann hefur gert, ef hann getur ekki staðið við greiðslu afborgana og vaxta, verður hann gjaldþrota, jafnvel þótt eignir hans séu meiri en skuldunum nemur. Þetta getur líka hent þjóð. Það er þetta, sem við, sem stóðum að þeirri stefnubreytingu, sem ákveðin var fyrr á þessu ári, töldum, að væri að henda íslenzku þjóðina, við værum komnir yfir það mark, sem telja yrði varlegt eða skynsamlegt að íþyngja greiðsluviðskiptunum með afborgunum og vöxtum af erlendum lánum.

Þetta, sem ég hef verið að gera að umtalsefni, eru allt saman atriði, sem mér finnst ástæðulaust að deila jafnoft og jafnmikið um og gert er. Þær tölur, sem hér liggja til grundvallar, eru þannig, að þó að það sé oft þreytandi að skoða þær og kannske enn þá meira þreytandi að heyra um það talað, þá eru þær engu að síður, þegar skoðað er ofan í kjölinn, alveg óumdeilanlegar. Það er eingöngu í skjóli þess, að ekki hafa allir áttað sig á því eða ekki haft fyrir því að setja sig inn í málið, sem hægt er að bera fram jafnósambærilega hluti og hv. þm. gerði áðan í sinni ræðu. Að því er snertir greiðsluhallann, þá er það líka svo, að í raun og veru þarf enginn ágreiningur að vera um það, sem blasið er upp sem mikið ágreiningsatriði, þ. e. hver þýðing greiðsluhallans sé, því að um það getur enginn skoðanamunur í raun og veru verið, að greiðsluhallinn á árinu 1958 var tæpar 200 millj. kr., en með greiðsluhalla er átt við mismun á gjaldeyristekjum og gjaldeyrisgreiðslum. Um hitt getum við svo deilt endalaust, að hve miklu leyti þau lán, sem tekin voru til þess að jafna þennan halla, og lánin eru rúmar 200 millj. kr., voru notuð vel eða illa. Um það getum við deilt endalaust. Það er mjög erfitt að gera nákvæmlega upp. Um það getum við deilt. Þá erum við í raun og veru farnir að deila um, hvernig þjóðarbúinu í heild hafi vegnað, hve mikil eignaaukning hafi orðið á þjóðarbúinu 1958 eða hve lítil eignaaukning, en það mál er miklu viðfeðmara en þetta. Þá verður að taka tillit til afleiðinganna af framleiðslustörfunum innanlands, sem líka hafa leitt til eignaaukningar — eða kannske á einhverjum öðrum sviðum til eignarýrnunar, og það má ekki taka út úr þeirri heildarmynd þá eignaaukningu, sem rekja má til útlendu lánanna. Það er að skekkja myndina í raun og veru. Það, sem skiptir meginmáli í þessu sambandi, er, að það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir upphæð greiðsluhallans, reiknaðs eins og ég talaði um áðan, af því að í kjölfar hans hljóta að sigla erlendar lántökur, sem greiðsluhallanum svarar, og afleiðingar af erlendum lántökum eru greiðslur afborgana og vaxta í framtíðinni. Þar er um að ræða ákveðið mark, ákveðinn þröskuld, sem þjóð, sem vill kunna fótum sínum forráð, má ekki fara yfir. Yfir þann þröskuld vorum við þegar stignir, og það er það spor, sem við nú erum að stíga til baka.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi ræða hæstv. ráðh., langa ræða og flókna, sýnir, í hvaða ógöngur menn lenda, ef menn flytja mál sitt ógætilega og gefa rangar upplýsingar. Það þarf ekki langa ræðu til að sýna fram á, hvernig þetta er. Ég vil taka það fram, að ég vék aldrei að því í minni ræðu, það var alveg tilfundið hjá hæstv. ráðh., að sérfræðingar ríkisstj. væru nokkuð varhugaverðir menn. Ég sagði ekkert í þá átt. Það, sem ég sagði, var, að hæstv. ríkisstj. hefði í fyrra, í grg. með frv. sínu, sagt, að greiðsluhallinn hefði 1958 numið samtals 208 millj., og ef menn vilja kynna sér þetta sjálfir, sem er mjög æskilegt, þá ættu menn að fletta upp á bls. 31 í grg. með efnahagsmálafrv. í fyrra. Þar stendur. „Yfirlit um greiðsluhallann við útlönd 1955—1958.“ Síðan er dæmið gert upp og stendur: „Greiðsluhalli samtals 208 millj.“ En núna kemur skjal frá Seðlabankanum, hagfræðideild hans vafalaust, í Fjármálatíðindum, þar sem stendur. „Samkvæmt töflunni var greiðsluhallinn á árinu 1959 139 millj. kr., sem er meira en nokkru sinni hefur verið áður, en á árinu 1958“ — taki menn eftir því — „nam hallinn 42 millj. kr.“ (Gripið fram í.) Greiðsluhallinn. **(Gripið fram í:** Bankanna, já.) Það stendur alveg orðrétt eins og ég las það: greiðsluhallinn á árinu 1959 nam 139 millj., en á árinu 1958 nam hann 42 millj. M. ö. o.: nú má kalla hlutina sínu rétta nafni, og það er hæstv. ríkisstj., en ekki ég, sem hefur leikið sér að því að kalla allt annan hlut greiðsluhalla í fyrra en nú er kallaður greiðsluhalli í þessu skjali frá Landsbankanum, sem ég hef lesið.

Hæstv. ríkisstj. lék sér að því í fyrra til þess að falsa það fyrir þjóðinni, hvernig ástatt væri, að kalla greiðsluhalla við útlönd það, sem var ekki greiðsluhalli við útlönd, þar sem hún reiknaði alls ekki með innkomnum lántökum. En þá hét það, sem núna heitir greiðsluhalli á máli Landsbankans, í yfirlitinu, eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur, ekki greiðsluhalli, heldur halli á vörum og þjónustu. Og þeirri fjárhæð var ekki haldið á lofti sem greiðsluhalla, þó að það heiti núna greiðsluhalli í yfirliti Landsbankans. En það, sem gert er, er það, að það er allt önnur niðurstaða kölluð greiðsluhalli nú en var þá.

Það kom fleira fram, og ég bið menn, hv. þm. og aðra, ef þeir hafa áhuga fyrir því, til þess að sjá, hvernig þessi vefur er ofinn, að lesa annars vegar á bls. 31 í grg. með efnahagsmálafrv. og hins vegar á bls. 54 í Fjármálatíðindum, og þá sjá þeir, að nú er allt önnur niðurstaða í þessu kallaður greiðsluhalli en var í fyrra. Það, sem þá var kallað halli á vörum og þjónustu og ekki var talin nein endanleg niðurstaða, sem þyrfti að ræða, er nú kallaður greiðsluhalli. **(Menntmrh.:** Bankanna já, ekkert meira.) Það stendur: Greiðsluhallinn samkvæmt töflunni var á árinu. — Og það er verið að gera upp gjaldeyrisviðskiptin, það er verið að gera upp gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar. Hverjir hafa gjaldeyrisviðskipti aðrir en bankarnir? Hvað á þetta

að þýða? (Gripið fram í.) Hefur það sín eigin gjaldeyrisviðskipti? Það er ekki satt. Það eru bankarnir, sem hafa gjaldeyrisverzlun og gjaldeyrisviðskipti í sínum höndum. Og hæstv. ráðherra væri sæmst að játa, að það, sem nú er kallað greiðsluhalli, var kallað halli á vörum og þjónustu og falið inni í millidálki í fyrra, en þá var greiðsluhalli kölluð allt önnur tala til þess að geta veifað því, að það hefði orðið halli á *þjóðarbúinu yfir 200 millj. 1958 og 1000 millj. á 5 árum.*

Nú segir þessi sami hæstv. ráðherra, sem er að fimbulfamba hér um, hvað sé raunverulegur greiðsluhalli, að það þurfi ekki að vera neitt fast samband á milli greiðsluhalla, eins og þeir töldu í fyrra, og afkomu þjóðarbúsins, það sé atriði, sem þurfi að íhuga alveg sérstaklega, m. a. í hvað lánin fara o. s. frv. En hvað sögðu þeir í fyrra? Þá dundi það í marga mánuði, að það hefði verið það, sem þeir kölluðu þá greiðsluhalla, lántökurnar meðtaldar, upp á 1050 millj. kr. á 5 árum, og það sýndi, að það hefði verið raunverulegur halli á þjóðarbúskapnum í 5 ár, sem nam 1000 millj. kr. Og hæstv. forsrh. er ekki kominn lengra en það, að hann lýsti því hér yfir í fyrradag, að þjóðin hefði étið út 200 millj. á ári, og hafði þá til stuðnings þessar skýrslur, sem hæstv. ríkisstj. blygðaðist sín ekki fyrir að láta fylgja efnahagsmálafrv. í fyrra og áttu að sýna, að það hefðu verið étnar út 200 millj. á ári, það hefði verið greiðsluhallinn.

Svo kemur hæstv. viðskmrh. hér og er að ásaka mig um, að ég nefni hlutina röngum nöfnum og nefni ekki sömu tölur greiðsluhalla nú og í fyrra. Það eru aðrir en ég, sem gera það. Það var hæstv. ríkisstj., sem kallaði greiðsluhalla í fyrra allt aðra niðurstöðu en nú er kallaður greiðsluhalli í Fjármálatíðindum. Þó að hæstv. ráðherra sé að reyna að rugla þessu með því að kalla, að þetta séu greiðslur bankanna út og inn, þá veit hæstv. ráðherra það mjög vel, að bankarnir hafa gjaldeyrisviðskiptin með höndum einir. (Gripið fram í.) Gjaldeyrisbankarnir. (Gripið fram í.) Þeir hafa gjaldeyrisviðskiptin einir. Þeir hafa einkarétt til sölu og kaupa á gjaldeyri, og það er alveg þýðingarlaust fyrir ráðherra að vera að reyna að gera villu úr þessu. Þetta er það, sem í þessu yfirliti er kallaður greiðsluhalli, en í fyrra var heildarniðurstaðan, sem við vorum að ræða, kölluð greiðsluhalli. Vill hæstv. ráðherra kannske mótmæla því, að því hafi verið haldið að þjóðinni, að þessi niðurstaða, sem hæstv. ríkisstj. kallaði greiðsluhalla í fyrra, sýndi, að þjóðin hafi eytt um efni fram 1000 millj. kr. á fimm árum? Vill hann kannske mótmæla því, að því hafi verið haldið fram?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Skólakostnaður.

Á 5. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum [35. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

A 8. fundi í Nd., 21. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir á þskj. 35, var flutt á síðasta þingi af þeim Sigurði Bjarnasyni, sem þá sat sem varaþm. fyrir mig í fjarveru minni, og Sigurði Ágústssyni, hv. 2. þm. Vesturl. Þetta frv., sem var 140. mál Nd., á þskj. 346, kom svo seint fram, að því var fyrst vísað til hv. menntmn. 12. maí, eða nokkru áður en þingi var slitið. N. sendi frv. til umsagnar þann 16. maí til fræðslumálastjóra og til ráðunautarins Aðalsteins Eiríkssonar, en umsagnir þeirra komu ekki til n. fyrr en eftir að þingi var slitið. Málið fékk því enga afgreiðslu á s. l. þingi.

Við frv. á s. l. þingi bar hv. 4. þm. Sunnl. fram brtt. á þskj. 456 í fimm liðum, sem breyttu að sjálfsögðu allmikið frv., ef samþ. hefðu verið. Hafa brtt. hv. þm. einnig verið athugaðar af Aðalsteini Eiríkssyni og hann einnig sent umsögn um þær, og skal ég ræða nokkru nánar um það síðar.

Okkur flm. þótti rétt að bera frv. fram á ný hér óbreytt, eins og það var borið fram á síðasta þingi á þskj. 346. Það er ekki vegna þess, að við teljum, að ekki beri að athuga brtt. þær, sem fram komu, eða við séum út af fyrir sig ósammála um brtt., heldur þótti okkur rétt að bera frv. fram algerlega óbreytt og sjá, hvort kostur væri á því að fá það samþykkt þannig eða með þeim breyt., sem fram voru bornar á síðasta þingi og ég geri ráð fyrir að komi a. m. k. til umr. eða ef til vill verða þær bornar fram aftur nú á ný.

Þetta frv., sem er í þremur megingreinum, er þess efnis, að ríkissjóður taki nokkru meiri þátt í kostnaði við héraðsskólahald en nú er. Það er vitað, að þeir aðilar, sem halda uppi þessum skólum, hafa enga fjárhagslega möguleika til þess að standa undir þeim kostnaði, eins og hann er nú ákveðinn í lögum, og árangurinn verður sá, að skólarnir níðast niður, viðhaldið verður miklu meira árlega en það þyrfti að vera, og skólarnir geta engan veginn sinnt því hlutverki, sem þeir eiga að sinna, eins og ef hægt væri að halda þeim í fullkomnu ásigkomulagi.

Ég skal ekki eyða tíma hv. d. í að ræða mjög um frv. sjálft, heldur vísa til ýtarlegrar grg. um þetta mál, en þó einkum til þeirra umsagna, sem hafa komið fram frá þeim tveimur aðilum, sem ég minntist hér á áðan, en þær liggja nú fyrir hv. menntmn. Vildi ég mega mælast til þess, að þau gögn yrðu athuguð mjög gaumgæfilega af n., sem fær þetta mál til meðferðar. Þessi gögn eru mjög ýtarleg, einkum og sér í

lagi frá Aðalsteini Eiríkssyni, og skal ég ekki fara ýtarlega út í hvert atriði þar, en aðeins minnast á nokkur atriði, sem sýna, hversu það er aðkallandi, að málið verði leyst, og um leið vil ég leyfa mér að minnast á bréf frá fræðslumálaskrifstofunni, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslumálastjóri dvelst nú erlendis um mánaðartíma, en af viðræðum við hann er mér kunnugt um, að hann er fylgjandi því, að stofn- og rekstrarkostnaður héraðs- og húsmæðraskóla verði að fullu greiddur úr ríkissjóði.“

Í hinni löngu og ýtarlegu umsögn frá fjármálaeftirlitsmanni skólanna er sagt m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel, að sá kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, ca. 384500 kr., sem af lagabreytingunni sjálfri leiðir, ef frv. á þskj. 346 yrði samþykkt, eða að sporið yrði stigið til fulls, eins og gert er ráð fyrir í brtt., þar sem kostnaður yrði aukinn um 1034300 kr., sé hverfandi á móti því, sem ynnist við breytinguna. Benda má á, að sá mismunur á útgjaldaaukningu ríkissjóðs, ef brtt. yrði samþykktar í stað frv., þ. e. 1034300 kr. á móti 384500, eða 649800 kr., mundi geta jafnazt og vel það með því, að ríkisvaldið fengi þá eitt umráð yfir þessum stofnunum, m. a. til ráðstöfunar fyrir gistihús að sumrinu til.

Ég tel, að frv. á þskj. 346, með þeim breyt., sem ég hef lagt til að væru á því gerðar, sé til mikilla bóta, en leysi þó ekki þann vanda í þessum málum, sem ég tel höfuðatriði og skiptir mestu máli, það að leysa skólana undan forsjá hins fjárframlagatrega og oft getulausa aðila, sýslufélaganna, og að losa ríkissjóð við þann samstarfsaðila, af ástæðum, sem áður er greint frá.

Kostir frv. umfram þær reglur, sem nú gilda, eru þessir: Meira samræmi milli skólanna og sýslufélaganna innbyrðis í rekstrarkostnaði. Óeðlilegar sjóðsmyndanir verða engar, sbr. það, sem áður er sagt. Hækkun á stofnkostnaðarhlutfalli ríkissjóðs nemur meira en rekstrarhækkun sýslufélaga og ætti að tryggja haldbetri stofnkostnaðarframkvæmdir, af ástæðum, sem áður eru tilgreindar.

Með hliðsjón af því, sem ég hef reynt að gera grein fyrir í bréfi þessu og fylgigögnum þess, eftir þeirri reynslu, sem ég hef fengið í þessum málum undanfarinn áratug, leyfi ég mér að mæla eindregið með brtt. á þskj. 456, ásamt viðbót minni við 5. lið þeirra, en til vara með frv. á þskj. 346 ásamt þeirri breyt., sem ég hef á því gert.“

Þetta eru ummæli hv. fræðslumálaráðunautar ríkisstj. í skólamálum.

Ég vil því vænta þess, að þetta frv., sem hér er borið fram, verði samþykkt á þessu þingi. Það er vitað, að þeir skólar, sem hér um ræðir, eru ekki lengur skólar sérstaklega fyrir þau héruð, þar sem þeir starfa, heldur sækja þangað orðið nemendur svo að segja úr öllum fjórðungum landsins, og slíkt mundi ekki vera, ef skólarnir hefðu ekki fengið það álit, að þeir séu góðar menntastofnanir, þar sem það er torveldara fyrir aðra aðila að sækja og dveljast þar við nám en vera í þeim skólum, sem til eru í þeirra heimahéruðum.

Ég vil leyfa mér að óska, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og vænti þess, að hv. menntmn. afgreiði fljótt þetta frv., þar sem fyrir henni liggja nú gögn, sem ég hef rætt hér um, og engin ástæða er því til að tefja málið með því að senda það á ný til umsagnar. Vænti ég einnig, þegar það kemur frá n., að þessi hv. d. fallist á þær tillögur, sem gerðar verða af n., og afgreiði málið til hv. Ed. og að hún síðan afgreiði málið svo fljótt, að það mætti verða að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 527).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., hefur legið alllengi hjá menntmn., sem ég hef átt sæti í í fjarveru hv. 4. þm. Sunnl. N. hefur orðið sammála um að mæla með frv. með þeim breyt., sem hún flytur á þskj. 527. Hv. 8. þm. Reykv. skrifar þó undir álitið með fyrirvara.

Ég skal ekki lýsa aðdraganda þessa frv., sem er orðinn æði langur. Frv. hefur legið nokkrum sinnum áður fyrir hv. Alþ., en í stórum dráttum er efni þess að auka hlut ríkissjóðs í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla úr ¾ hlutum upp í ⁹⁄₁₀ hluta. Vandinn, sem frv. er ætlað leysa, er í rauninni tvíþættur: í fyrsta lagi féleysi sýslusjóðanna og þar af leiðandi vanmáttur þeirra til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem ákvæði núgildandi laga leggja á þá, og í öðru lagi er hin hlið vandans sú, að skipting byrðanna af þessum skólum á sýslufélögin er talin verða mjög ranglát, þar sem sum sýslufélög reka engan skóla af þessu tagi, en önnur reka skóla þar sem allt að 9 af hverjum 10 nemendum eru úr öðrum héruðum.

Það hefur verið leitað umsagnar fræðslumálastjórnarinnar um þetta frv. og eins fjármálaeftirlitsmanns skólanna, Aðalsteins Eiríkssonar. Þetta frv. lá, eins og hv. þm. vita, fyrir seinasta þingi einnig, og þá var þessa álits leitað og hefur það nú verið athugað enn á ný af nefndinni.

Fjármálaeftirlitsmaður skólanna sendi mjög ýtarlega álitsgerð um þetta og mælir með samþykkt frv., telur það þó ganga fullskammt. Hann mælti þess vegna með till., sem lágu fyrir seinasta þingi og gengu öllu lengra, en þær liggja nú ekki fyrir.

Í áliti fjármálaeftirlitsmannsins segir um fyrra atriðið, sem ég nefndi áðan, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með fræðslulöggjöfinni 1946 voru héraðsskólar og húsmæðraskólar gerðir að sameign ríkis

og einstakra sýslu- og bæjarfélaga og skyldur lagðar þeim á herðar um greiðslu rekstrarkostnaðar. Þetta var gert án þess að kanna vilja þessara aðila og án þess að sjá þeim fyrir auknum tekjumöguleikum. Þess hefði a. m. k. verið þörf hvað sýslufélögin varðar. Sýslunefndir, að undanskildum þeim, sem standa að héraðsskólanum í Skógum, hafa ekki nema að nokkru leyti viðurkennt skyldur sínar í þessu efni, og er óhætt að fullyrða, að sú tregða ásamt fjárhagslegu getuleysi sýslufélaganna kemur mjög hart niður á skólunum. Hálfkaraðar byggingar og mjög takmarkað viðhald bera þess vitni. Hvort tveggja bitnar á ríkissjóði sem óeðlilega hár viðhalds- og jafnvel endurbyggingarkostnaður, þegar í algert óefni er komið."

Enn fremur fylgja áliti fjármálaeftirlitsmanns ýtarlegar skýrslur um það m. a., hvaðan nemendur við þessa skóla eru, og kemur þar í ljós, að mjög mikill hluti þeirra er úr öðrum héruðum en þeim, sem ásamt ríkissjóði standa undir kostnaði við skólana. Ég skal ekki lengja mál mitt með að rekja þetta, en þetta atriði kemur mjög glögglega í ljós.

Enn fremur er í þessu áliti gerð grein fyrir því, hvern kostnað það muni hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, að þetta frv. yrði samþ., og hefur fjármálaeftirlitsmaður skólanna reiknað út, að það væru 384500 kr. á ári, og er þá miðað við rekstrarkostnað ársins 1958 og fjárveitingar á fjárlögum 1960, að því er lýtur að stofnkostnaði. En jafnframt var í þessu áliti bent á nauðsyn þess að gera breyt. á skiptingu tekna af skólunum. Um það segir í áliti fjármálaeftirlitsmanns:

„Með þeirri breyt., sem gerð var á 17. gr. laga nr. 41 1955 með setningu laga nr. 18 1958, þar sem ákveðið var, að tekjur þessara skóla skyldu óskiptar ganga til þess að greiða niður rekstrarhluta sýslu- og bæjarfélaga, þá var raunverulega létt öllum rekstrarkostnaði af sumum sýslufélögunum, en öðrum ekki. Þetta misræmi stafaði af því, hvað tekjumöguleikar skólanna eru mismunandi. Nokkrir skólar eru þegar farnir að mynda rekstrarsjóði af árlegum tekjuafgangi sínum. Það lítur að vísu vel út, að sjóðir geti myndazt, en eins og málum er háttað í þessu efni, þ. e. a. s. að tveir rekstraraðilar eru að hverjum skóla, ríki og sýslufélag, en sjóðsmyndunin kemur aðeins öðrum aðilanum í hag, heimaaðilanum, sem ber þó minni hluta kostnaðarins, þá er þetta ekki einhlítt og ekki heppilegt. Nokkur hætta er á því, að lögð verði áherzla á sjóðsmyndanir, m. a. með því að vanrækja viðhaldið. Það gæti svo síðar sagt til sín sem óeðlilega hár viðhaldskostnaður og endurbyggingarkostnaður."

Það var fjármálaeftirlitsmaður skóla, sem sagði þetta í áliti sínu. En menntmn. hefur fallizt á þessi sjónarmið, og í samræmi við það flytur hún á þskj. 527, í nál. sínu, brtt., sem ganga í þá átt, að tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskólanna skuli ganga óskiptar til greiðslu rekstrarkostnaðar og jafnframt yrðu þá felld úr gildi lög nr. 18 frá 1958.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. menntmn. fyrir að hafa þó að lokum skilað áliti um þetta mál. Ég hygg, að því hafi verið vísað til n. 21. okt., svo að það hefur tekið alllangan tíma. En með því að n. er sammála um afgreiðslu málsins, þykist ég mega vænta þess, þótt liðið sé langt á þingtímann, að koma megi málinu í Ed. Það hefði hins vegar verið æskilegt, að þetta mál hefði komið miklu fyrr hér til umr. í deildinni, svo að það hefði mátt reyna á það, hvort hægt yrði að gera það að lögum.

Ég vil fyrir hönd okkar flm. lýsa því yfir, að við getum fallizt á þær brtt., sem fram eru settar á þskj. 527, og að málið verði afgreitt þannig.

Ég sé, að hv. fundaskr. n. hefur skrifað undir með fyrirvara, en geri ekki ráð fyrir, að hann sé svo alvarlegur, að það verði neinn ágreiningur um málið þess vegna.

En í tilefni af þessu vildi ég mega beina orðum mínum til hæstv. forseta, sem hefur einnig skrifað undir þetta nál., um að setja þegar að loknum þessum fundi annan fund og taka málið til 3. umr., því að það er sýnilegt, að ef það verður ekki gert, muni málið tæplega komast í gegn. Það verður sjálfsagt ekki deildarfundur á morgun, og þá verða ekki fundir fyrr en á fimmtudag. En ef málið væri tekið hér til 3. umr. og það afgr. frá þessari hv. d., þá gæfist Ed. tími til þess að afgreiða málið, þar sem enginn ágreiningur hefur verið um það. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti verði við þessum tilmælum, þar sem enginn ágreiningur er um málið og hann hefur sjálfur skrifað undir nál. ágreiningslaust.

Forseti (BGr): Út af þessari ósk, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, er nokkur vandi á höndum. Skömmu áður en hann tók til máls, kom fram hein ósk um það frá einum hæstv. ráðh., að 3. umr. færi ekki fram, nema hæstv. menntmrh., sem er fjarverandi þrjá eða fjóra daga, geti verið viðstaddur. Ég mun reyna að verða við þeirri ósk hans, en verða jafnframt við þeirri ósk hv. þm., að það verði ekki til þess að stöðva málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HÁ, HS, IG, JSk, JP, SÁ, SI, SkG, DÓ, JKs, HB, BF, BFB, EðS, EI, EOl, VH, GíslJ, BGr.

JR, MÁM, ÓTh, RH, BBen, EmJ, GÍG greiddu ekki atkv.

14 þm. (JPálm, GJóh, GÞG, HV, IngJ, KGuðj, LJós, PS, ÞÞ, BK, BP, GeirG, GíslG, GuðlG) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 527,1 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 527,2 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr, með 22 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 552).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

13. Erfðafjárskattur.

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt [36. mál] (þmfrv., A. 36).

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir á þskj. 36, var flutt á síðasta þingi af mér ásamt nokkrum öðrum hv. þm. og fékk þá ekki afgreiðslu. Frv. er því flutt hér á ný og þess vænzt, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Eftir langa og harða baráttu fékkst loks samkomulag um það hér á Alþingi, að stofnaður skyldi með l. nr. 12 30. júlí 1952 erfðafjársjóður. Skyldi allur erfðafjárskattur samkv. l. nr. 30 frá 27. júní 1921 og arfur samkv. 33. gr. erfðalaganna frá 1949 renna í þennan sjóð. Með samþykkt þessara laga frá 1952 var ákveðið, að erfðafjárskatturinn skyldi frá 1. jan. 1953 hætta að verða eyðslufé ríkissjóðs, svo sem hann hefði verið alla tíð, en í stað þess sinna ákveðnu hlutverki í þjóðfélaginu, hlutverki, sem allt í senn er fagurt, mannúðlegt og þjóðhagslega hagkvæmt og svo aðkallandi, að því verður ekki lengur skotið á frest. En hlutverk þetta er að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni. Hygg ég, að um það sé enginn ágreiningur hér á Alþ., að þörfin fyrir slíkar stofnanir sé meir en nóg, og lágmarksskyldur þjóðfélagsins við þetta fólk, sem slitið hefur út kröftum sínum við að skapa þær framfarir, sem hér hafa orðið og fært hafa þjóðina á skömmum tíma frá örbirgð til velmegunar, eða hefur misst orku sína við áhættusömustu störfin og það oft á bezta skeiði ævi sinnar, störfin, sem þjóðfélagið má ekki og getur ekki verið án, eru tvímælalaust þær að búa þessu fólki mannsæmandi lífskjör, þegar það getur ekki lengur staðizt samkeppnina á hinum almenna vinnumarkaði í landinu. Um þetta getur ekki heldur verið neinn ágreiningur. Hitt má svo deila um, á hvaða hátt afla skuli þessum sjóði fjár, sem nauðsynlegt er til þess að inna af hendi þessar skyldur við öryrkja og gamalmenni, sem ekki ganga lengur heil til skógar.

Að fornu voru það lög, að menn skyldu sjá fyrir fjórmenningum sínum og öðrum nálægari ættingjum, ef þess þætti þörf, enda tækju þeir og arf eftir þá. Nú er þetta að því leyti breytt, að framfærsluskyldan er horfin, en eftir situr erfðarétturinn. Veldur hér um fullur skilningur á félagsmálaþróun, hvað snertir fyrra atriðið, en skilningsskortur á afleiðingum breyttrar löggjafar til mannúðarmála, hvað snertir hið síðara, því að ekkert er eðlilegra en erfðarétturinn færist hlutfallslega til þeirra aðila, sem framfærsluskyldan er færð yfir á. Frv. það á þskj. 36, sem hér er til umr., er aðeins lítið spor í þá átt, ef að lögum verður.

Ég hef orðið þess var, að sumir hverjir hv. þm. líta svo á, að með frv. þessu, ef að lögum yrði, væri verið að draga mikið fé úr höndum einstaklinga yfir til ríkissjóðs og með því sé verið að rýra einstaklingsframtakið og eignarrétt manna. En þessi skoðun er byggð á miklum misskilningi og takmarkalausum ókunnugleika á eðli málsins.

Samkv. 1. gr. frv. er lagt til, að erfðafjárskattgreiðendum sé skipt í 3 flokka, aðeins einum færri en nú er í lögum. Í fyrsta flokki verði skipað öllum sömu aðilum og nú eru í fyrsta flokki. En auk þess eru foreldrar, afar og ömmur færð í þennan flokk, svo að þeir greiði erfðafjárskatt eftir lægsta skattstiga, en þeir greiða nú eftir hærri skattstiga en börn, sem taka arf eftir foreldra sína. En svo náin tengsl eru á milli allra þessara aðila, að ekki sýnist rétt að gera hér upp á milli um skattgreiðslu af erfðafé. Lagt er til, að skattstiginn í þessum flokki sé nokkuð hækkaður frá því, sem nú er, þ. e., að strax sé greiddur hámarksskattur, 10%, en ekki stighækkandi upp í þá upphæð eftir því, hve erfðafjárupphæðin er há, eins og nú er í lögum. Erfðafjárskattur, sem greiða skal samkv. frv. af þessum aðilum, sem skipað er hér í annan flokk, er örlítið hærri en þessir aðilar greiða nú eftir gildandi lögum, að undanskildum þeim, sem arf taka samkv. sérstökum gjafabréfum, en þar er lagt til, að skatturinn hækki úr 10% í 25%. Til réttlætingar þessu vil ég taka það fram, að ég tel, að það sé mjög vandfundið hlutverk, sem á sér meiri rétt í þjóðfélaginu en það, sem rækja á fyrir þetta fé, og þótt svo færi, þá nýtur það þó enn 75% af gjafaupphæðinni, þótt frv. yrði að lögum. Hitt fullyrði ég, að fjöldi annarra hlutverka, sem fé er gefið til með gjafabréfum, er þjóðinni ekki jafnnauðsynlegur og hlutverk það, sem erfðafjársjóðurinn skal rækja í framtíðinni. Langveigamesta hækkunin er á því fé, sem fellur til þeirra arftaka, sem heyra undir þriðja flokk arftaka, ef frv. verður að lögum. Hér er eingöngu um að ræða útarfa, sem oftast standa í engu sambandi við hinn látna, voru honum til engrar aðstoðar eða gleði í lífinu. Hann er ekki að inna af hendi neinar skyldur við þessa niðja sína eða önnur skyldmenni, sem hann e. t. v. hefur engin kynni haft af, en með þeim hluta eigna hans, sem fellur til erfðafjársjóðsins samkv. þessu frv., ef að lögum verður, er hann að uppfylla skyldur við fólkið, sem sleit kröftum sínum við að skapa honum betri starfsskilyrði í lífinu.

Það verður ekki um langan aldur spyrnt fótum við að koma upp og starfrækja þær stofnanir, sem koma skal upp fyrir fé úr erfðafjársjóði. Spurningin er því sú og sú ein: Á að afla sjóðnum fjár með hærri erfðafjárskatti, svo að hann geti sinnt þessu hlutverki, svo að viðunandi sé, eða á að taka þetta fé á annan hátt og þá fyrst og fremst beint úr ríkissjóði með hærri sköttum á þurftarvörur almennings í landinu og með því að fara enn dýpra ofan í vasa framleiðenda og annarra, sem halda uppi atvinnurekstri í landinu? Það er þetta og þetta eitt, sem hv. þm. verða að gera upp við sig, er þeir greiða atkv. um þetta frv.

Mér þykir rétt að benda hér á, að ég tel það engan veginn eðlilegt eða rétt, að stefnt sé að því, að komið sé upp elliheimilum og öryrkjavinnustofum einungis í höfuðborg landsins eða í umhverfi hennar. Hinar dreifðu byggðir þurfa

engu síður að leysa þennan vanda heima fyrir. Það eru síður en svo öll gamalmenni, sem óska þess að flytja úr sveit sinni beint í yfirfull elliheimili þéttbýlisins og vera þannig slitin úr tengslum við allt, sem þeim er kærast og hugþekkast, og bíða síðan lokaþáttarins, oftast án nokkurra starfa, sem þó hvort tveggja í senn heldur við lífsorkunni og skapar þjóðarbúinu tekjur, auk þess sem það viðheldur sjálfri vinnugleðinni, en hún er sí og æ frumskilyrði allrar lífshamingju. Þessu fólki á hvorki né má dreifbýlið stjaka frá sér. Yfir þetta fólk á og verður að byggja heimili, þar sem það getur lifað og starfað í sem allra nánustu samræmi við eðli sitt og lífsstörf, þótt kraftarnir þverri, svo sem eðlilegt er. Slíkum stofnunum verður að koma upp í dreifbýlinu, þar sem nægilegt er landrými og nægilegur jarðhiti. Án þess að ég vilji hér hefja nokkurn áróður fyrir ákveðnum stöðum, sem tilvaldir eru til að koma upp slíkum stofnunum, því að mér er ljóst, að þeir eru margir á landi hér, get ég þó ekki látið vera að benda á, að bæði á Reykhólum í Barðastrandarsýslu og Reykjanesi við Ísafjarðardjúp sýnast ákjósanlegir staðir til að koma þar upp slíkum stofnunum, og þó einkum vegna þess, að auk þess sem þeir báðir hafa öll skilyrði, þá mundi slík ráðstöfun leysa jafnframt það vandamál þessara héraða að tryggja þeim læknisþjónustu, sem þar búa, því að læknir yrði að sjálfsögðu staðsettur við slíkar stofnanir. En þetta er í dag einn sá mesti vandi, sem þessi héruð eiga að glíma við. Án framlags til stofnunar og rekstrar úr erfðafjársjóði er ekki hugsanlegt, að slíku yrði fram komið, nema ríkissjóður væri fús til þess að leggja fram það, sem til þess þyrfti að koma slíkum stofnunum upp og starfrækja þær. Hér er því beinlínis um að ræða veigamikinn þátt í baráttu fyrir jafnvægi í byggð landsins.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, eins og ég gat um áðan. Því var þá vísað að lokinni 1. umr. til 2. umr. og hv. fjhn. Erfðafjársjóðurinn er samkv. lögum í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins, og stjórn þeirrar stofnunar ræður því yfir því fé, hvernig því er varið á hverjum tíma, og með því að hér er ekki um að ræða neitt fjárhagsmál fyrir ríkið, þar sem erfðafé er þegar tekið út af fjárlögum, er hér raunverulega um hreint félagsmál að ræða. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn., einkum þó vegna þess, að frv. var á síðasta þingi aldrei tekið til umr. í fjhn. og ekki leitað álits neinna aðila um efni þess. Það er víst, að svo aðkallandi mál sem hér um ræðir má ekki þing eftir þing fá slíka meðferð. Vænti ég, að hv. d. fallist á það og samþykki að vísa þessu máli til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn. og að sú nefnd að sjálfsögðu leiti umsagna réttra aðila um málið og afgreiði það síðan til umr. hér í þessari hv. d. Ég vænti þess einnig, að þá fái frv. fullnaðarafgreiðslu, svo að það geti orðið að lögum hér á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá heilbr.- og félmn., á þskj. 188, var útbýtt 9. des., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Vegalög (frv. GH o. fl.).

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [39. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 5. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Garðar Halldórsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr. og flutt er af okkur hv. 2. og 3. þm. Norðurl. e., er efnislega nálega eins og brtt., er við á s. l. vetri fluttum hér í þessari hv. d. á þskj. 64, 104 og 110 við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Vegalög hafa ekki verið opnuð síðan 1955, svo að tæplega mun verða hægt öllu lengur að komast hjá því að gera á þeim nokkrar breytingar til samræmis við breyttar aðstæður og aukna samgönguþörf. En þróun undanfarandi ára og áratuga hefur óðfluga stefnt í þá átt að gera búsetu óhugsandi, þar sem ekki er sæmilegt vegasamband við umhverfið. Hvort sú þróun er æskileg eða æskileg ekki, er það staðreynd, sem verður að horfast í augu við, að ef ekki er hægt að koma nútímaþægindum til fólksins í hinum dreifðu byggðum, þá kemur fólkið til þægindanna, það flytur búferlum þangað, sem það getur gert sér vonir um að geta lifað við svipuð lífskjör og almennust eru á hverjum tíma, og undirstaða svo til allra framkvæmda og framfara er vegasamband. Það tilheyrir liðnum tíma, sem varla kemur aftur, að allur varningur, jafnvel byggingarefni í hús, sé fluttur á klyfjahestum eða hestakerrum, eins og títt var fyrir ekki ýkjalöngu, og jafnvel steypumöl til bygginga var flutt á klyfjahestum. Það er ekki lengra síðan en það, að ég man vel slíkt. Það er fyrst og fremst vegleysið, sem veldur því, hve ræktun og byggingum er mislangt á veg komið í hinum ýmsu sveitum og sveitahlutum á landi hér, en ræktun og byggingar valda mestu um það, jafnframt samgöngum, hvort lífvænlegt er á einum stað. Vegakerfi hefur stundum verið líkt við æðar mannslíkama, og er það vissulega rétt líking.

Nú er það svo að vísu, að þótt vegur sé tekinn í þjóðvegatölu, verður hann ekki fær af því einu saman, hafi hann verið ófær áður. Það þarf meira til. Það þarf mikið fjármagn til að leggja vegi um allt okkar land og halda þeim við. Það þarf svo mikið fjármagn, að hinir smærri aðilar, sem með vegi hafa að gera, þ. e. sýslur og hreppar, eru næstum máttvana til þeirra átaka að leggja og viðhalda löngum vegum, og því er það, að þar verður ríkið að koma til. Það er aðeins á þess færi að valda þeim verkefnum, enda alveg eðlilegt, að það beri höfuðþungann af slíkum framkvæmdum.

Vegagerð þjóðfélagsins er ekkert sérmál þeirra, er í dreifbýlinu búa. Það er kannske minnst um vert fyrir Pétur eða Pál sjálfan, þótt hann treystist ekki til að búa lengur á einangruðum stað og flytji í þéttbýlið. Slíkt varðar þjóðfélagið í heild meira vegna sameiginlegrar þarfar ört stækkandi þjóðar að nytja landið allt. Og eftir því sem þeim fækkar meir, sem búa við ófullnægjandi samgöngur, verður þeim það erfiðara vegna samanburðarins við hina mörgu, sem þjóðfélagið hefur búið betur að. Þess vegna verður að leitast við að hraða sem mest samgöngubótum til þeirra hlutfallslega fáu, sem enn búa við frumstæðar og lélegar samgöngur.

Vegir þeir, sem hér er lagt til að taka í þjóðvegatölu, eru langflestir sýsluvegir, en mjög misjafnlega langt á veg komnir í uppbyggingu, einstaka vegur nálega eða alveg fullbyggður. En eigi að síður teljum við þörf á að létta þeim af sýsluvegasjóðunum vegna fjárskorts þeirra. Við flm. þessa frv. höfum leitazt við að meta samgöngulegar ástæður í kjördæmi okkar og teljum okkur með þessum tillögum ekki leggja til, að meira sé létt á sýsluvegasjóðunum en nauðsyn ber til, til þess að líkur séu fyrir, að þeir valdi þeim verkefnum, sem þeir hafa samt eftir.

Ég skal þá víkja fáum orðum að brtt. hverri fyrir sig.

Hin fyrsta till. er um Norðurlandsveg. Er þar lagt til, að í stað orðanna „til Akureyrar“ komi: um Akureyri, en núverandi Norðurlandsvegur liggur að bæjarmörkum Akureyrar að norðanverðu og frá þeim aftur að sunnanverðu og þaðan áleiðis austur yfir Vaðlaheiði, en götur Akureyrarbæjar tengja hann saman. Aðalumferðargatan er gömul og fremur þröng íbúðagata, sem er ekki hægt að reikna með að valdi umferðinni í framtíðinni. Hugmyndin er, að þessi samtenging Norðurlandsvegar færist upp fyrir aðalbyggðina og verði þannig til minni óþæginda í bæjarumferðinni.

2. till. er um framlengingu á Hörgárdalsvegi ytri, og er efnislega um það, að álma, sem nú nær inn að Sörlatungu í Hörgárdal, framlengist niður á Hörgárdalsveg innri utan við Þúfnavelli. Er þessi vegarspotti ekki nema á annan km að lengd, en hefur allmikla þýðingu fyrir daglegar samgöngur og mjólkurflutning til Akureyrar.

3. till., um Hauganesveg, er flutt samkv. beiðni sveitarstjórnarinnar í Árskógshreppi og er um að fá veg á milli þorpanna Hauganess og Litla-Árskógssands. Er hér um að ræða um 2 km leið, sem nú er veglaus, en aðstaðan er slík, að í báðum þorpunum er nokkur og vaxandi útgerð. Á Hauganesi er verzlun sveitarinnar, og þar er frystihús til beitugeymslu, sem útgerðin á Árskógssandi verður einnig að nota. Auk þessa eru svo tveir bæir í leiðinni, sem fengju gott vegarsamband, en eru veglausir nú. Vegarstæði er þarna eins og það getur bezt verið og ofaníburðurinn nærtækur.

4. till. er um Svarfaðardalsveg, að hann framlengist frá Urðum og fram að Skallá. Þessi leið er um 8 km, og þar er þéttbýli mikið og góðar bújarðir. Vegurinn er undirbyggður og að nokkru mölborinn, nema um 1 km, sem er að heita má ógerður.

5. till. er um nýjan veg, sem mundi nefnast Skíðadalsvegur. Það er um 7½ km og helmingurinn nýlega gerður, góður vegur, og hinn hlutinn nokkuð gamall vegur og að nokkru aðeins sumarfær ruðningur. Á þessari leið er einnig þéttbýlt, og framkvæmdamöguleikar eru þar góðir.

6. till. er um nýjan veg, sem nefndur yrði Ósvegur og liggur af Hjalteyrarvegi og um nokkra bæi á Dalvíkurveg norðan við Hof. Á þessari leið, sem vegurinn mundi liggja um, er frábært og mikið ræktunarland og hann tengir nokkra bæi við þjóðvegakerfið. Vegurinn er núna í því ástandi að hann er fullgerður að undirbyggingu, en malarlítill.

7. till. er um framlengingu á Dagverðareyrarvegi, sem liggur af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga. Það er um 7 km leið og kæmi til með að liggja um nokkra bæi, sem þarna eru úti á skaganum, ef hafa mætti svo stórt orð um það land, sem þar er, og þessi vegur er mjög nauðsynlegur vegna daglegra samgangna og mjólkurflutninga, sem nú er ekki hægt að koma fyrir á hagfelldasta hátt, af því að þessi vegur er ekki kominn alla leið. En meiri hluti hans er þó nú þegar fullbyggður.

8. till. er um nýjan veg, svonefndan Efribyggðaveg, af Eyjafjarðarbraut utan við Hólshús og um nokkra bæi og liggur á Djúpadalsveg við Litla-Garð. Þetta er fullbyggður vegur, mikill umferðarvegur og því eðlilegt, að hann sé gerður að þjóðvegi.

9. till. er um örstutta framlengingu á Vatnsendavegi í Eyjafirði, þ. e. að tengja hann vestur yfir Eyjafjarðará við Eyjafjarðarbraut. Það er hvort tveggja, að með þessari framlengingu fengist þarna hringkeyrsla, sem er nauðsynleg vegna daglegs mjólkurflutnings, og jafnframt, sem raunar er enn meira virði, að þannig hagar þarna til, að Eyjafjarðarbraut liggur á nokkrum kafla norðan við þessa fyrirhuguðu samtengingu í gegnum eða yfir klif, sem er langtímum saman ófært vegna snjóalaga á vetrum, þótt ekki séu torfærur annars staðar, og mundi því með þessari umbót fást mjög aukið öryggi í samgöngum fyrir alla þá bæi og íbúa, sem innar eru í Eyjafirðinum. (**Forseti**: Ég vildi spyrja hv. þm., hvort hann hefði nokkuð að athuga við það, þótt við frestuðum núna umr., svo að við þyrftum ekki að halda fundinum lengur áfram.) Ég á eftir um 3 mínútur.

10. till. er um Sölvadalsveg, sem yrði nýr þjóðvegur. Það er nálega 9 km leið. Hann er að nokkru leyti uppbyggður, en að sumu leyti lítið meira en sumarfær. Hann liggur um ágæta sveit, og þar eru stórar jarðir með mikla framtíðarmöguleika. Og við það bætist svo, að nú er byrjað að vinna við veg fram úr Sölvadalnum og upp á öræfin. Eftir þeim athugunum, sem gerðar hafa verið, er þarna um tiltölulega létta og auðvelda leið að ræða til þess að komast upp á hálendið. Þarna uppi er að sumrinu hægt að keyra á bílum langs og þvers endilangt um hálendið, og þarna yrði eflaust mikil ferðamannaleið í framtíðinni allt til Suðurlands.

11. till. er um nýjan veg, Vaglaskógarveg, sem er að mestu akfær, en þarfnast talsverðra um-

bóta til þess að vera fær, þegar ekki er sumartíð, en það er inn Fnjóskadalinn að austanverðu.

12. till. er um nýjan veg, Fremstafellsveg, sem liggur af Kinnarvegi hjá Landamóti og um nokkra bæi á Norðurlandsveg við Kvíslarbrú við Skjálfandafljót. Þessi vegur liggur um nýbýlahverfi og meðfram bæjum, sem nú hafa ófullkomið vegasamband, einnig mundi vegurinn stytta mjög leiðir. Vegurinn er undirbyggður að talsverðu leyti og búið að brúa þarna Djúpá, sem hefur lengi verið farartálmi á þessari leið.

13. till. er um tvo nýja vegi, og er sá fyrri Hvammavegur, sem er að meiri hluta byggður. Honum er nú ætlað að enda við Laxá, en í framtíðinni mundi hún væntanlega verða brúuð nálægt þessum vegarenda og þá stytta mjög vegalengdir fyrir marga bæi þarna í Aðaldalnum. Sandsbæjavegur er að talsverðu leyti undirbyggður vegur. Honum er ætlað að enda hjá Sandsbæjum í Aðaldal.

14. till. er um Bárðardalsveg vestri. Þar er um að ræða að framlengja núverandi þjóðveg um nokkra km inn Bárðardalinn, eða frá Stóruvöllum að Halldórsstöðum. Þessi vegur er að nokkru leyti byggður, en þarfnast meiri umbóta, þar sem þetta er eina samgönguleið þeirra, sem búa í framanverðum Bárðardal, vestan Skjálfandafljóts.

15. till. er um tvo nýja vegarspotta. Uppsveitarvegur í Norður-Þingeyjarsýslu má heita akfær. Hann liggur um ofanvert Kelduhverfi, en þar hefur undanfarið átt sér stað mikil ræktun og stofnun nýbýla, og er því mikil þörf þarna að bæta um samgöngur. Og í öðru lagi er það Vestur-Sandsvegur í Kelduhverfi, sem liggur af Þingeyjarbraut hjá Lindarbrekku um Vestursand að Bakkahlaupi. Þessi vegur má heita akfær.

16. till. er svokallaður Austur-Sandsvegur. Hér er að nokkru leyti um nafnbreytingu að ræða. Hann er nú nefndur Sandsvegur. Jafnframt er þar einnig um framlengingu að ræða. Hann á að enda við Bakkahlaup á móti veginum, sem ég nefndi áðan, en Bakkahlaup er aðalafrennsli Jökulsár til sjávar. Á því er þarna ferjustaður og ferja, og mundu vegirnir tengjast saman með ferjunni og verða mikil og nauðsynleg samgöngubót.

17. till. er um nýjan lið, Frambæjaveg í Þistilfirði. Hann er að nokkru akfær, en þarna er mikil þörf úr að bæta um samgöngur, því að þessi hluti sveitarinnar hefur sérstaklega dregizt aftur úr með umbætur vegna vegleysis og langræðis. En þarna er víðlendi mikið og sauðfjárland með ágætum, og væri illa farið, ef ekki tekst að halda þarna við byggð.

18. og síðasta tillagan er Tunguselsvegur. Hann er að miklu leyti uppbyggður og akfær, en nokkurs er þó ávant, að nægilega greið leið sé að Tunguseli, sem er næsti bær við afrétt, og mikil umferð þar á haustum vegna gangna.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en legg til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. samgmn.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Á þskj. 50 á ég ásamt tveim öðrum hv. þm. Suðurlands brtt. við frv. til l. um breyt. á vegalögunum frá 1947. Þar er lagt til, að nokkrir sýsluvegir í Suðurlandskjördæmi verði teknir í þjóðvegatölu.

Ekki mun þess þörf að viðhafa mörg orð um nauðsyn góðra vega og þeir séu sem víðast um byggðir landsins. Það er undirstaða þess, að fólkið fái lifað og starfað á heilbrigðan og eðlilegan hátt í stóru, en strjálbýlu landi. Þetta vita allir og skilja margir. Alþ. hefur á undanförnum áratugum átt sinn ríka þátt í því að halda uppi og færa út vegakerfið. Og oft hafa verið lagðir miklir fjármunir af mörkum í því efni og mikið áunnizt. Þó er að sjálfsögðu margt eftir, og ætíð þarf að halda við þessu viðamikla vegakerfi. Allt kostar þetta mikið fé, nýbyggingar vega og brúa ásamt viðhaldi hvors tveggja. Það er því mjög athugavert, þegar svo er komið, að framlög til þessara framkvæmda fara á síðustu tímum ört lækkandi, um leið og þörfin fyrir aukinn styrk í þessu efni er vaxandi og aldrei meiri. Það er auðsýnt, að vegna aukinnar tækni og hraða í verklegum efnum öllum ásamt síauknum og öflugri farar- og flutningskosti færist sífellt í aukana nauðsyn traustara og öruggara vegasambands. M. a. þarf tvennt að ske. Annars vegar að leggja fullan þunga á fjárframlögin til þessara framkvæmda og spara sízt. Það má þess vegna engan veginn eiga sér stað, að slíkt framkvæmdafé verði dregið inn undir aðra rekstrarþætti ríkisbúskaparins. Það getur ekki gengið til lengdar, án þess að stórtjón verði að og óbætanlegt, að halda þá braut, að vega- og brúakerfið fái ekki það fjármagn, sem því er brýnasta nauðsyn að ná til sín. Og þjóðin getur ekki þolað heldur þá stefnu, því að slíkt leiðir vitaskuld að lokum til hörmungarástands og landauðnar. Í þessu efni þurfa fjárlögin að taka fjörkipp, sem verulega munar um. Hins vegar þarf svo að leggja stóraukið kapp á að byggja vegina upp úr varanlegu efni og traustara en verið hefur. Við það sparast viðhaldsféð að sjálfsögðu til mikilla muna, sem kæmi haganlegum nýbyggingum mjög til góða. Auk þessa yrði allur farkostur, sem slíkra vega nýtur, margfalt endingarbetri. Mundi það spara stórfé, bæði einstaklingum og þjóðfélaginu. Allt er þetta okkur að sjálfsögðu ljóst, og þetta er engin ný kenning. En eftir er að fylgja fram þessum nauðsynjamálum frekar en verið hefur. Allt, sem horfir þar til bóta og gert er til hægri verka, kemur aftur margfaldlega til þjóðarbúsins í aukinni hagsæld fólksins og atvinnuveganna. Ríkisfé getur ekki orðið betur varið.

Þá vil ég leyfa mér að víkja örfáum orðum almennt að þeim tillögum, sem eru á þskj. 50.

Svo sem kunnugt er, er óvíða í landi hér utan Reykjavíkur og nágrennis meiri umferð en á Suðurlandsundirlendinu. Á Suðurlandi eru fjölbýl héruð og blómleg mjög. Landbúnaður er þar rekinn í stóru sniði og flutningaþörfin alveg geysileg. T. d. eru daglegir flutningar mjólkur um svo að segja allt Suðurlandsundirlendið. Þarna eru svo margs kyns umsvif önnur og atvinnurekstur, og vafalaust bíður þessa landshluta mikil framkvæmdaöld og framfara sakir landkosta og legu. Hafnleysi við strendur fyrir Suðurlandi hefur

svo orsakað, að vegaþörfin er í þessum héruðum mun meiri og ríkari en annars staðar. Á Suðurlandi eru af þessum sökum einhverjir stærstu sýsluvegasjóðir og mikill fjöldi sýsluvega og hreppavega. T. d. í Rangárvallasýslu einni eru 87 sýsluvegir fyrir utan hóp af hreppavegum, og í Árnessýslu eru 110 sýsluvegir, og er sá sjóður, sýsluvegasjóður Árnesinga, sá stærsti hér á þessu landi. Það er því ofur eðlilegt, þegar vegalög eru tekin til athugunar og endurskoðunar, að frá þessum héruðum komi óskir um upptöku sýsluvega í þjóðvegatölu til þess að létta á þeim þrýstingi, sem er heima fyrir, svo að hægt verði þá samsvarandi að taka við nýjum sýsluvegum.

Um einstaka vegi í þessum brtt. tel ég ekki ástæðu til á þessu stigi máls að ræða. Þeir eru úr Árnessýslu 6 talsins, 16 úr Rangárvallasýslu, 4 úr Vestur-Skaftafellssýslu og einn úr Vestmannaeyjum. Það má segja um Vestmannaeyjar, að þær hafi ekki verið þungur baggi í vegalegu tilliti á ríkissjóði. Aftur á móti hefur ríkissjóður gert mjög mikið fyrir vegi hjá okkur á Suðurlandsundirlendinu, og það vil ég strika undir. Það sýnist rétt að láta þessar till. fara til n., sem verður sjálfsagt samgmn. Ef að venju lætur og þar eð um svona marga sýsluvegi er að ræða, þá er það skiljanlegt, að fáir einir þeirra verði teknir inn í senn. Er það mikið vandamál að velja úr, sérstaklega úr þeim vegum, sem eru á þskj. 50, því að erfitt er að gera upp á milli flestra þessara vega. En það verður þá að vera háð samkomulagi þm. kjördæmisins, hverjir vegir verða fyrir því, ef vegalög verða opnuð á annað borð.

Ég vil svo að lokum vænta þess, að hv. samgmn., sem þessar till. væntanlega ganga til, taki vel og myndarlega á þessum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 50, 60, 61, 68 og 73.

---

15. Eftirlit með happdrættum.

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með happdrættum og almennum fjársöfnunum [62. mál] (þmfrv., A. 67).

Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frv. um eftirlit með happdrættum og almennum fjársöfnunum á þskj. 67 var flutt snemma á þessu þingi af Pétri Péturssyni, meðan hann sat hér sem varaþm. Frv. þetta hafði hann áður flutt á árinu 1958, en náði þá ekki fram að ganga.

Eins og hverjum manni er kunnugt, er mjög algengt hér á landi, að ýmiss konar félagsskapur efni til happdrætta til að afla fjár. Það er mikið um þessi happdrætti, og sum þeirra eru stórfyrirtæki. Nákvæmar skýrslur munu ekki vera fyrir hendi um það, hversu miklir fjármunir fara um hendur þeirra, sem standa fyrir happdrættum, en öruggt mun að segja, að þjóðin verji árlega tugum milljóna til kaupa á happdrættismiðum.

Þetta frv. er þess efnis, að tekið verði upp opinbert eftirlit með happdrættum, þannig að það sé fylgzt með, hvernig hvert þeirra gengur, hversu miklir fjármunir þar koma inn, hvernig þeim er varið og hve mikill hagnaður verður eftir. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, en það er eins einfalt og hægt er að hafa slíkt eftirlit. Með þessu frv. er ekki verið að kasta rýrð á nokkra þá, sem hafa staðið fyrir happdrættum, eða gefa tilefni til neinnar tortryggni, en aðeins bent á það, að hér sé um þátt í þjóðlífinu að ræða, sem dregur til sín svo mikla fjármuni, að það sé verulegur ábyrgðarhluti að hafa ekki nákvæmara eftirlit með happdrættum en gert hefur verið hingað til.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Vega- og brúasjóður.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um vega- og brúasjóð [69. mál] (þmfrv., A. 76).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 76 höfum við nokkrir þm. Framsfl. hér í hv. d. leyft okkur að flytja frv. til laga um vega- og brúasjóð. Ég mun af hendi okkar flm. gera nokkra grein fyrir frv. og einnig ræða samgöngumál á landi yfirleitt.

Í öllu viðskiptalífi eru öruggar og greiðar samgöngur veigamikið undirstöðuatriði. Lífnaðarhættir menningarþjóða krefjast hraða, svo að neyzluvörur berist fljótt á markaðinn og lítill tími fari til flutninga staða á milli. Hjá fámennri þjóð, er býr í strjálbýlu landi, eins og hér er háttað, þarf mikið átak til þess að koma samgöngumálum í viðunandi horf og verður ekki gert, nema stórhugur og framsýni komi til. En hagsmunir okkar Íslendinga sem annarra menn-

ingarþjóða krefjast þess, að góðum samgöngum sé á komið.

Fram á þessa öld voru sjóleiðir aðalleiðir landsmanna til aðdrátta og troðnir götuslóðar, er menn og hestar höfðu troðið á leiðum sínum héraða á milli. Með vegalögum 1893 var ákveðið, að flutningabrautir, 375 km á lengd í 6 þéttbýlustu héruðum landsins, skyldu gerðar færar. En þjóðvegum, samtals 1500 km að lengd, skyldi viðhaldið sem reiðvegum. Í umr. um þetta mál á Alþ. kemur fram skilningur þingmanna á samgöngum, því að þar er því yfir lýst, að samgönguleysi sé þyngsta þraut þjóðarinnar. Að vísu komu þó fram raddir um það, að hér væri of mikið að gert, miðað við fjárhagsgetu þjóðarinnar.

Framkvæmdum í vegabótum miðaði hægt áfram fyrstu tugi aldarinnar. Þó voru ný vegalög sett árið 1907 og þá gert ráð fyrir, að þjóðvegirnir yrðu einnig gerðir akfærir. Þá er talið, að 241 km vegar sé akfær og auk þess séu sundurlausir kaflar, þar sem ekki sé hægt að komast að með vögnum. Árið 1924 eru akfærir vegir taldir 612 km, kerrufærir 712.

Þegar hér var komið, taka framkvæmdir í vegamálum að gerast með meiri hraða, og árið 1927 eru akfærir þjóðvegir orðnir 1300 km, en tíu árum seinna, eða 1937, eru þeir 3300, 1947 eru þeir 5500 og 1957 eru akfærir þjóðvegir orðnir 7300 km. Auk þess voru svo akfærir hreppa- og sýsluvegir, þannig að í árslok 1958 er talið, að 10726 km séu akfærir. Við þetta er því að bæta, að jafnhliða þessum vegabótum höfðu á þessu tímabili verið byggðar 643 brýr, sem voru 10 m og lengri og náðu yfir 17.5 km að lengd, 581 smábrú, eða samtals 1224 brýr, sem eru 21 km á lengd. Sú stefna var tekin í samgöngumálum okkar að kappkosta, að samgöngukerfið næði til sem flestra.

Ef ástand vegakerfisins er svo athugað, þá kemur í ljós, að þrátt fyrir það, sem gert hefur verið, er mikið ógert. Í árslok 1958 eru vegir taldir vera 12273 km. Af þeim eru óakfærir 1547 km, og er nær helmingur þeirra í tölu þjóðvega. 4400 km eru aðeins ruddir vegir, en lagðir vegir eru 6321 km eða rúmlega 50%. Hins er svo að geta, að ástand þeirra þjóðvega, er lagðir voru fyrstir, er víða mjög ábótavant, vegna þess að þeir voru gerðir með handverkfærum og hugmynd manna um fjölda samgöngutækja og burðarmagn þeirra var mjög takmörkuð.

Þrátt fyrir það, sem gert hefur verið og ég hef hér lýst, kemur í ljós, að í árslok 1958 eru 357 bæir hér á landi án þess að hafa vegasamband og 765 vatnsföll eru óbrúuð. Þetta yfirlit, sem ég hef hér gefið, færir okkur heim sanninn um það, að enda þótt mikið hafi áunnizt í vega- og brúagerð, mun þó ekki skorta verkefni, þó að vel verði unnið á næstunni. Því má hér við bæta, að óviðunandi ástand er víða á fjölförnum leiðum, þar sem aðeins er um rudda vegi að ræða. Vil ég þar nefna Hvalfjörð, vegasambandið við Dali, Hrútafjörð á Norðurlandsleið, sambandið við Norðausturland og víða og víða, þar sem fjölfarnir vegir eru aðeins ruddir.

Ég hef lýst hér í fáum orðum þróun þeirri, sem orðið hefur í vegagerð landsins síðustu áratugina, og einnig því ástandi, sem nú blasir við af verkefnum, þ. e. að halda áfram að koma þeim í vegasamband, sem í vegleysi eru, að leggja þá vegi, sem ruddir eru, brúa þær ár, sem óbrúaðar eru. Hér er þó ekki allt talið. Auk þess þarf að endurbyggja mikið af vegum og brúm frá þeim tíma, er vegagerð hér á landi var á frumstigi. Þá hafa á síðustu árum skapazt ný verkefni í vegagerð, sem áður voru óhugsandi, svo sem jarðgöng í erfiðum fjallvegum, vegagerð úr varanlegu efni o. fl., o. fl. Með hverju ári, sem líður, verða þeir fleiri og fleiri vegirnir, sem nauðsyn ber til að gera úr varanlegu efni. Kemur þar fyrst til, að viðhald þeirra vegna mikillar umferðar er orðið svo kostnaðarsamt, að óhugsandi er þess vegna að halda þeim við sem alfaravegum, auk þess sem meðferð þeirra á ökutækjum er slík, að ekki verður með tölum talið, hve miklu af fjármunum landsmanna er fórnað á því altari. Enn fremur eru stór landssvæði svo stödd, að malartekja til vegagerðar fyrirfinnst engin. Þessi staðreynd knýr þungt á, svo að fram hjá henni verður ekki gengið. Það kemur því fleira til en fjárhagshliðin ein, er meta þarf það, hvort gera á vegi úr varanlegu efni eða eigi. Þar á einnig að taka fullkomið tillit til hins óeðlilega slits, sem á ökutækjum er, miðað við það, að vegirnir væru sæmilegir. Þar er um mikla fjármuni að ræða.

Þá höfum við flm. bent á það í grg. fyrir frv. okkar, að á síðasta Alþingi fluttu nokkrir þm. Framsfl. till. til þál. um aðstoð við bæjar- og sveitarfélög vegna gatnagerðar úr varanlegu efni. Hér er mikið verkefni óunnið, verkefni, sem krefst úrlausna fyrr eða síðar, verkefni, sem, ef leyst verður, mundi gerbreyta útliti kaupstaða og kauptúna og skapa snyrtimennsku og fegurð. Þetta verkefni verður tæplega leyst, nema aðstoð ríkisins komi til á einn eða annan hátt.

Ég hef viljað með þessu yfirliti um verkefni minna hv. alþm. á það, hve mikið er hér ógert í vegagerð, enda þótt mér sé það ljóst, að hv. alþm. sé þetta að vísu kunnugt. Þó hef ég orðið var við þá skoðun hér á hv. Alþ., að úr fjárveitingum til vegagerða mætti draga, við hlytum víða að vera komnir á leiðarenda. En svo er þó ekki, svo sem raun ber vitni um. En hvað sem skoðun þeirra líður, sem þannig hugsa, þá er okkur öllum hollt að rifja upp verkefnið fyrir okkur endrum og eins.

Þessu næst vil ég minna á það með nokkrum orðum, hvernig farið hefur verið að því að leysa þau verkefni, og þá einnig, hvert horfi um fjárveitingu til þeirra nú og hvaða möguleikar eru til að leysa verkefni framtíðarinnar.

Í yfirlitsgrein, er fyrrv. vegamálastjóri, Geir Zoëga, birti í 1. hefti Fjármálatíðinda 1956, er gerð grein fyrir fjárveitingu ríkissjóðs til vega- og brúagerða fram til ársins 1955. Til viðbótar þeim upplýsingum hefur hagstofan látið mér í té upplýsingar um gjöld ríkissjóðs til vegagerða og tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og varahlutum til þeirra fram til ársloka 1959. Þessar upplýsingar vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, láta hv. alþm. í té, enda verður hv. þm. þá ljósara, hvert stefnir og hvað unnt sé að gera í vegagerð.

Á tímabilinu frá 1876—1915 var varið 3.3 millj. kr. til vegagerða hér á landi. Meðalútgjöld á ár voru 83 þús. Frá 1916—1920 var varið 2.3 millj., eða 461 þús. á ári, frá 1921—1925 2.5 millj., frá

1926—1930 7.3 millj., 1.47 millj. á ári, frá 1931—1935 7.8 millj., eða 1.5 millj. á ári, 1936—1940 er varið 11.1 millj., eða 2.2 millj. á ári, 1941—1945 65.6 millj., eða 13.1 millj. á ári, 1946—1950 er varið 144 millj., 28.8 millj. á ári að meðaltali, og 1951—1954 185 millj., eða 46.2 millj. á ári. Á árinu 1955 er varið 57.9 millj., 1956 75.2, 1957 74.6, 1958 83.3, 1959 87.3, 1960 94.9, 1961 97.9. Þegar þetta er tekið samtals, kemur í ljós, að á þessu tímabili hefur ríkissjóður varið til vegagerðar einum milljarð. Ef gerður er samanburður á útgjöldum ríkissjóðs til vegamála og heildarútgjöldum ríkissjóðs, kemur í ljós, að flest árin eru þetta 10—12% af heildarútgjöldunum. T. d. voru það 1940 10%, 1950 10.4%, 1960 er þetta aftur 6.9%. Til skýringar á þessum tölum vil ég taka það fram, að ég hef tekið hér með 4 millj. á 20. gr. fjárlaga 1960 og á fjárlagafrv. 1961 ásamt þeim gjöldum, sem eru á 13. gr. fjárlaga. En hins vegar er ekki tekið í þetta yfirlit það, sem varið hefur verið af tekjum af benzínskatti til vega og brúa og beint hefur gengið til þeirra samkv. lagaákvæðum, enda mun ég ræða sérstaklega um þann þátt á eftir.

Eins og ég tók fram áðan, er hér um 1 milljarð að ræða, sem ríkissjóður hefur lagt til vegagerðarinnar í landinu á þessu tímabili.

Þessu næst vil ég athuga nokkuð, hvort ríkissjóður hefur haft af því nokkurn hag að verja sínum fjármunum á þennan hátt. Ég hef upplýsingar mínar um tekjur af bifreiðum og varahlutum til þeirra til ríkissjóðs frá sömu aðilum og ég vitnaði til hér áðan. En upplýsingar þessar ná ekki aftur nema til ársins 1949, en það ár voru lögin um bifreiðaskatt o. fl. sett. Yfirlit þetta, er ég nú greini frá, nær því yfir 11 ára tímabil eða til ársloka 1959, en hins vegar eru tölurnar fyrir 1960 og 1961 áætlaðar að því leyti, að gert er ráð fyrir sömu tekjum af bifreiðum fyrir utan benzínskattinn og þungaskattinn eins og þær voru 1958. Yfirfærslugjaldinu er sleppt í þessu yfirliti. Árið 1949 hafði ríkissjóður 30 millj. kr. í tekjur af umferðinni, þ. e. benzínskattinn, þungaskattinn og aðrar tolltekjur í sambandi við bifreiðar og varahluti til þeirra. 1950 og 1951 eru þetta 28 millj. hvort árið, 1952 eru það 33 millj., 1953 43, 1954 70 millj., 1955 121 millj., 1956 95 millj., 1957 108 millj., 1958 143 millj., 1959 217 millj. og með þeirri áætlun, sem ég tók hér fram áðan, er gert ráð fyrir, að þetta verði 176 millj. árin 1960 og 1961. Þegar þessar tölur eru teknar saman, eru þær samtals 1 milljarður 271 millj. kr., eða um 270 millj. umfram þau gjöld, sem farið hafa til vegagerðarinnar frá 1874 til ársloka 1961.

Ég hygg, að hv. alþm. verði það ljóst, að hér hefur ekki verið illa varið fjármunum, þó að í þrengstu merkingu sé tekið, þ. e. að þeim sé skilað aftur með vöxtum. Hitt hlýtur að verða alþm. nokkurt áhyggjuefni, hvernig þessi þróun er og hefur verið nú síðustu árin og er þannig, að því minni hluta af ríkisútgjöldunum hlutfallslega er varið til útgjalda í þágu vegakerfisins, því meira sem af vegfarendum er tekið, og svo langt er gengið, að árið 1959 eru tekjur umfram gjöld um 130 millj. kr.

Þegar þessi þróun er athuguð og verkefnin í vegagerð höfð í huga, er ástæða til að stinga við fótum og athuga, hvort ekki sé heppilegra að leita að nýjum leiðum, svo að nýbygging vega og brúagerð verði ekki alveg fyrir borð borin.

Eins og áður er fram tekið, var með lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl., ákveðið að verja hluta af innflutningsgjaldi af benzíni til brúagerða og þá fyrst og fremst til að byggja stórbrýr, þ. e. brýr á stærstu vatnsföllin. Lögin ákváðu, að brúin á Þjórsá skyldi verða fyrsta brúin, sem byggð yrði fyrir fé þetta. Alls hafa verið byggðar 10 brýr fyrir þetta fé á þessu tímabili. Má þar nefna brúna á Blöndu hjá Löngumýri, Jökulsá á Fjöllum, Lagarfljót, Jökulsá í Lóni, Hvítá hjá Iðu, Mjósund í Eyrarsveit og Ytri-Rangá hjá Hellu. Kostnaður við þessar brýr, sem búið er að greiða, er 26 millj. kr. Tekjur brúnna af skattinum voru auknar 1958, og gert er ráð fyrir, að þær verði 9½ millj. á þessu ári. Óhætt er að fullyrða, að þessi ráðstöfun á innflutningsgjaldi af benzíni hefur gefizt vel.

Með lögum nr. 3 1956 var innflutningsgjald af benzíni hækkað og þá varið 5 aurum til millibyggðavega, og 1958 var þetta hækkað upp í 11 aura. Á yfirstandandi ári var það enn á ný hækkað upp í 14 aura. Allar tekjur samkv. þessari ráðstöfun á benzínskattinum hafa orðið til ársloka 1960 21.5 millj. kr. Ekki orkar það tvímælis, að þessi þróun hefur gefizt vel og fleygt vega- og brúagerð lengra fram en ella hefði orðið, ef ekki hefði verið að þessu ráði horfið. Eftir breyt. þá, er gerð var með l. nr. 4 1960, um innflutningsgjald af benzíni, er það orðið kr. 1.47 á hvern lítra. Þessi fjárhæð skiptist þannig, að til ríkissjóðs ganga 114 aurar, eða 58 millj. kr., til brúagerðar 19 aurar, eða 9½ millj., og til vegagerðar 14 aurar, eða 7 millj. kr. Hér er um að ræða fjárhæð upp á 74.5 millj. kr.

Með því frv., sem hér er til umr., er lagt til, að allt innflutningsgjaldið af benzíni gangi til nýbygginga í vega- og brúagerð. Skal nú athugað, hvaða áhrif þetta hefði.

Ef frv. verður að lögum, missir ríkissjóður tekjur, sem nema samkv. fjárlagafrv. 1961 58 millj. kr. En á móti því kæmu aftur lækkuð útgjöld sem hér segir: Framlag til nýbygginga þjóðvega samkv. 13. og 20. gr. fjárlagafrv. 20 millj. 480 þús., til endurbyggingar þjóðvega 800 þús., til fjallvega 760 þús., til nýbýla- og ræktunarvega 268 þús., til brúagerða 11 millj. 280 þús. og til endurbyggingar gamalla brúa 1 millj. 425 þús. Samtals er þetta fjárhæð upp á 35 millj. kr. Aukið framlag til nýbygginga í vega- og brúagerð yrði því á næsta ári, ef frv. yrði samþ., 23 millj. kr.

Nú mun vafalaust einhver hugsa sem svo: Hvernig á að taka tekjur á móti þeim tekjumissi, sem þarna á sér stað hjá ríkissjóði? Ég vil svara því til, að við höfum ekki efni á því að vanrækja samgöngukerfi okkar á landi, svo sem við höfum nú gert, þar sem nýbyggingar í þjóðvegakerfinu minnka ár frá ári vegna verðhækkunar. Ég vil bæta því við, að við höfum ekki leyfi til þess að skattleggja vegfarendur, svo sem sýnt hefur verið fram á að gert hefur verið, á sama tíma sem uppbygging vegakerfisins er vanrækt. Ef skattlagningin heldur áfram, verður meira fé að vera lagt til vegagerðarinnar, svo sem er ætlazt til með

þessu frv., og það verður að endurskoða fjárlögin frá þessu sjónarmiði.

Ég hef hér að framan sýnt fram á það með ljósum rökum, að sú þróun hefur átt sér stað síðustu árin, að vegfarendur leggja ríkissjóði til stórfé. Ég hef einnig sýnt fram á, að með þeirri litlu fjárhæð, sem gengið hefur til vega- og brúagerða beint af innflutningsgjaldi af benzíni, hefur stórkostlegt átak verið gert í samgöngubótum á landleiðum. Okkur flm. þessa frv. er það ljóst, að þessa reynslu þarf að hagnýta til framdráttar í samgöngumálum. Með þeirri breyt., sem lögð er til með þessu frv., mundum við geta byggt upp vegakerfi landsins lausir við átökin um lausn dægurmála, en til þeirra hluta hefur tekjum af vegfarendum verið ráðstafað síðustu árin. Hér er lagt til, að sú eðlilega þróun verði í þessum málum, að þeir byggi upp vegakerfið, sem nota það. Ef þessi stefna verður upp tekin, geta vegfarendur metið það á hverjum tíma, hvað þeir vilja á sig leggja til þess að fá bætta vegi. Annað veigamikið atriði einnig í þessu máli er, að vegagerðinni er ætlaður viss tekjustofn til nýbygginga í vega- og brúagerð. Það hefur skapazt sú reynsla um þær fjárhæðir, sem gengið hafa beint til vegagerðarinnar, að með því hefur t. d. í brúagerð verið hægt að gera áætlanir nokkuð fram í tímann. Þetta yrði gert í ríkari mæli, ef nokkurn veginn væri vitað, hvað mikið fjármagn yrði til ráðstöfunar í nýbyggingu í vegagerð nokkuð fram í tímann. Þannig yrði þessu háttað, þegar þetta kerfi væri komið í framkvæmd, sem hér er lagt til.

E. t. v. mun einhver láta sér til hugar koma, að þessir tekjustofnar, innflutningsgjald af benzíni og þungaskattur af bifreiðum, séu ekki öruggir tekjustofnar. Skal því nokkuð að því vikið.

Af bifreiðaeign landsmanna er það að segja, að bifreiðar voru 10716 talsins 1950, en 1959 eru þær orðnar 20256, eða hafa nærri tvöfaldazt á 9 árum. Þessi þróun sýnir, að ekki er ástæða til að ætla, að þessi tekjustofn haldist ekki. Bifreiðum heldur áfram að fjölga í landinu, þar sem þungavöruflutningar á landleiðum aukast ár frá ári og bifreiðar eru að verða nauðsynleg tæki í daglegu lífi manna. Hins vegar gæti sú þróun átt sér stað, að þeim bifreiðum fjölgaði, er brenna öðru en benzíni. Þar af leiðandi er eðlilegt, að þungaskattur af bifreiðum sé einnig gerður að tekjustofni, svo að hægt sé að tryggja vegagerðinni tekjur, þó að tilfærsla ætti sér stað þarna í milli. Þessir tveir tekjustofnar hafa verið taldir óbreyttir, eins og þeir eru innheimtir nú. Það segir þó ekkert um það, hvort hlutfall þeirra á milli sé réttmætt að dómi flutningsmanna. Athugun á því þarf að fara fram af sérfróðum mönnum og getur gerzt alveg eins, þó að þessi breyting eigi sér stað nú, enda framkvæmd á því, að þungaskatturinn falli undir vega- og brúasjóð, frestað, svo sem frv. sýnir.

Í sambandi við fjölgun bifreiða, eins og sýnt hefur verið fram á, má benda á það, að þörfin fyrir bættar samgöngur er brýn. Hv. alþm. þurfa að gera sér grein fyrir því, að það er orðið mikið fjárhagsspursmál fyrir þjóðina í heild, hvort bifreiðin endist árinu lengur eða skemur, þegar smæsta gerð bifreiða kostar allt að 100 þús. kr., venjulegir flutningabílar yfirbyggðir um ½ millj. og áætlunarbílar til fólksflutninga allt að milljón. Rekstrar- og viðhaldsvörur til bifreiða kosta orðið þær fjárhæðir, að það skiptir sköpum, hvort vegabætur eru í lagi eða eigi. Það er mál alþjóðar, hvernig fyrir þessu verður séð.

Ég vil undirstrika það, að verkefni í vegagerð eru mikil, þörfin á vegabótum er gífurleg. Möguleikarnir til þess að framkvæma vegabætur nú eru meiri en fyrr, þar sem ríkissjóður lagði vegagerðinni til fé fram til ársins 1954, en hefur nú tekjur umfram gjöld, svo að í verulegum mæli er.

Herra forseti. Ég mun nú senn ljúka máli mínu, enda hef ég skýrt þetta mál að nokkru. Ég vil þó bæta því við, að almenn ákvæði frv. eru mjög svipuð og eru í lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Að lokum vil ég svo segja þetta: Ég treysti hv. alþm. til þess að samþ. þetta frv. nú á þessu þingi. En þó að svo fari gegn von minni, að það nái ekki fram að ganga að þessu sinni, er það vissa mín, að það hefur fólgið í sér það réttmæti og þann lífsþrótt, að það mun þola þær fæðingarhríðir, er því verða búnar, vegna þjóðarinnar og Alþingis. Því fyrr sem það verður samþykkt, því betra.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., utan dagskrár, mælti

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Skömmu eftir að Alþingi hóf störf sín í haust, flutti ég ásamt nokkrum öðrum þm. frv. til laga um vega- og brúasjóð. Máli þessu var útbýtt hér á Alþingi þann 25. okt. s. l. og tekið til 1. umr. 1. nóv. s. l. Þann dag var því vísað til hv. samgmn., og síðan hef ég ekkert af málinu heyrt. Þar sem liðnir eru nær þrír mánuðir, síðan þetta mál fór til samgmn., vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta d., að hann grennslist um það, hvað störfum nefndarinnar líður um afgreiðslu á þessu máli, og hlutist til um, að n. skili áliti um það sem fyrst.

Forseti (JóhH): Forseti mun inna eftir framgangi þessa máls og vill um leið láta í ljós áskorun til nefnda að hraða, eftir því sem verða má, afgreiðslu mála, sem hjá þeim kunna að liggja og hafa legið um lengri tíma óafgreidd.

Nefndarálitum frá meiri og minni hl. samgmn., á þskj. 631 og 671, var útbýtt 24. og 27. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Landnám, ræktun og byggingar í sveitum (frv. BP o. fl.).

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 28. maí 1957, um

landnám, ræktun og byggingar í sveitum [77. mál] (þmfrv., A. 85).

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, er flutt vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á verðlagi í landinu undanfarin ár, og þó einkum vegna laga um efnahagsmál, sem samþykkt voru á þessu ári.

Samkv. 5. gr. nefndra laga leggur ríkissjóður fram 5 millj. kr. árlega til að undirbúa ræktun lands vegna byggðahverfa og nýbýla einstaklinga. Þetta framlag var ákveðið í maí 1957, og hefur því verðgildi hverrar krónu minnkað mjög síðan. Grasfræ er t. d. tvöfalt dýrara nú, jarðræktarvélar einnig. Áburður hefur hækkað og vinnulaun nokkuð. Öll hækkunin er þó ekki komin fram enn, því að lítið sem ekkert hefur verið keypt af jarðræktarvélum síðan efnahagslögin voru samþykkt á þessu ári.

Í framkvæmd hefur fé því, sem ríkissjóður greiðir samkv. 5. gr. landnámssjóðsl., verið varið þannig, að hvert nýbýli hefur fengið 35 þús. kr. framlag til jarðræktar. Verði þetta frv. samþykkt óbreytt, er gert ráð fyrir, að hvert býli fái 50 þús. kr. Er það sízt meira framlag en verið hefur, þegar tekið er tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á verðlaginu.

Hvert nýbýli hefur fengið 25 þús. kr. framlag til þess að byggja íbúðarhús. Ríkissjóður hefur greitt árlega 1½ millj. í því skyni samkv. 26. gr. nefndra laga. Þetta framlag hefur alltaf verið of lítið, en nú er það algerlega ófullnægjandi. Við leggjum því til, að 26. gr. breytist þannig, að framlag ríkissjóðs verði 2 millj. árlega, en styrkur til að reisa íbúðarhús á nýbýlum hækki úr 25 þús. í 40 þús. kr.

Í 12 ár hefur verið unnið að stofnun nýbýla hér á landi samkv. sérstakri löggjöf, og á þessu tímabili hafa 740 nýbýli fengið framlag frá ríkissjóði. Í fyrstu var framlagið aðeins til jarðræktar og nam þá ekki nema 12 þús. kr., en frá 1957 hefur einnig verið veitt framlag til húsabóta. Það skal tekið fram, að nokkuð af þessum 740 nýbýlum eru jarðir, sem farið hafa í eyði, a. m. k. í bili, og víða mun vera um skiptingu jarða að ræða. Þetta skiptir ekki svo miklu máli. Aðalatriðið er, að nýbýlalöggjöfin hefur borið árangur. Sveitabýlin eru sennilega 10% fleiri vegna þess stuðnings, sem nýbýlin hafa notið, og flest þessi býli hafa sæmilegan húsakost og eru frekar vel í sveit sett. Hitt gefur auga leið, að verði framlag ríkisins ekki hækkað og lán aukin að krónutölu með tilliti til breytts verðlags, þá getur þessi þróun ekki haldið áfram.

Á síðasta þingi voru samþ. lög þess efnis, að heimilt væri að veita bændum, sem hefðu þröngan fjárhag, jafnt framlag til að byggja íbúðarhús og þeir fá, sem reisa nýbýli. Slík framlög áttu að greiðast af því fé, sem landnám ríkisins hefur til umráða samkv. 41. gr., en ekki var gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu. Á frv. til fjárlaga fyrir árið 1961 er ekki heldur gert ráð fyrir fjárveitingu í þessu skyni. Við höfum fengið það upplýst hjá landnámsstjóra, að hann geti í mesta lagi lagt fram 750 þús. kr. á þessu ári eða næsta ári af því fé, sem ríkið leggur fram samkv. 41. gr.

Verðlag og byggingarefni hefur hækkað um 50—70% á þessu ári. Ég hygg, að kostnaður við að byggja íbúðarhús hafi allt að því tvöfaldazt s. l. 3 ár. Þeir bændur, sem hafa verið að byggja íbúðarhús s. l. 2 ár eða eiga það eftir, eru flestir efnalitlir eða hafa haft slæma aðstöðu á einhvern hátt. Mikill meiri hluti bænda hefur þegar byggt upp á jörðum sínum. Hitt hlýtur öllum að vera ljóst, að þeir, sem eiga eftir að byggja íbúðarhús, geta það ekki nema fá meiri aðstoð en verið hefur. Árið 1959 voru færri íbúðarhús byggð en 1957 og 1958. Og í ár munu mjög fáir hafa byrjað á byggingu íbúðarhúsa.

Það vita allir, sem til þekkja, að þeir bændur, sem staðið hafa í byggingarframkvæmdum s. l. 2—3 ár, eru yfirleitt mjög skuldugir. Mikill hluti slíkra skulda eru lausaskuldir með háum vöxtum. Lánsfjárskortur er mikill og fast gengið eftir, að skuldir séu greiddar. Þetta veldur því, að slíkir bændur verða þreyttir á erfiðleikunum og hætta búskap, nema þeir geti fengið lán með skaplegum kjörum og í sumum tilfellum fjárhagsaðstoð. Ríkisvaldinu er skylt að leysa úr þessu vandamáli nú, því að efnahagslöggjöfin var þess valdandi að auka erfiðleika allra, sem eru að byggja, þannig að það, sem áður var framkvæmanlegt, er nú ógerlegt.

Íslendingar urðu á eftir flestum eða öllum menningarþjóðum með ræktun og húsabætur. Þeir þekktu tæpast plóginn og bjuggu í hálfgerðum jarðhúsum. S. l. 30 ár hefur orðið á þessu mikil breyting. Fullkomnar jarðvinnsluvélar eru nú notaðar og yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar býr í góðum húsum. Ýmsar ástæður valda því, að þetta hefur tekizt. Viðurkenna verður, að félagsleg aðstoð hefur átt sinn mikla þátt í því. En þrátt fyrir þetta eigum við meira af óræktuðu landi, sem auðvelt er að rækta, en flestar aðrar þjóðir, sé miðað við stærð landsins og fólkstölu, og enn búa nokkrir við lélegan húsakost.

Það er ekkert athugavert við það, þó að nokkur býli hafi farið í eyði, sem í mörgum tilfellum hafa verið illa staðsett, en önnur verið byggð í staðinn, þar sem ræktunar- og samgönguskilyrði hafa verið betri. Slíkt getur verið hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Við eigum nýbýlalöggjöfinni það að þakka, að bændabýlum hefur lítið eða ekkert fækkað, þó að margar jarðir hafi farið í eyði. Við þurfum ekki að efast um, að þrátt fyrir misjafna fjárhagslega og pólitíska veðráttu heldur þróunin áfram og á að halda áfram. Við eigum að rækta okkar land eins og aðrar þjóðir. Hér er hægt að rækta korn og kartöflur, a. m. k. í vissum landshlutum. Sauðfjáreign okkar getum við margfaldað, þó að beitartilhögun þurfi að verða önnur en nú er. Það er ekki til neins að ætla að hafa allt féð að sumrinu á misjöfnum afréttum og láta það hanga við

girðingar, þegar haustar. Heimalöndin þarf að rækta og girða í sundur og beita búpeningnum meira og minna á ræktað land.

Ég er sannfærður um, að við höfum möguleika til þess að flytja út sauðfjárafurðir fyrir mörg hundruð milljónir króna árlega, þótt enn sé fjármagnið of lítið og hendurnar of fáar, sem að því vinna, til þess að það sé framkvæmanlegt í bili. En þetta á allt eftir að breytast. Fólkinu fjölgar, og fjármagnið vex.

Ég hef drepið á þetta hér vegna þess, að við verðum að gera það upp við okkur nú, hvort við viljum, að hætt sé að reisa nýbýli, og hvort við viljum, að þeir bændur, sem eru að byggja eða eiga það eftir, yfirgefi býli sín vegna fjárhagsörðugleika og þau fari í eyði. Flestir slíkir bændur eru búnir að rækta meira eða minna, kaupa vélar og byggja útihús. Þarna er því um tugmilljóna verðmæti að tala, sem fara að miklu leyti forgörðum, ef engin fyrirgreiðsla er veitt. Það þarf ekki alltaf þungt lóð, til þess að vogarskálarnar verði jafnar, og tiltölulega lítil aðstoð getur ráðið úrslitum í mörgum tilfellum. Flestar eða allar nágrannaþjóðir okkar styrkja nýbýli og nýbyggingar með beinum framlögum og hagkvæmum lánum. Norðmenn lána t. d. 90% af byggingarkostnaði til 47 ára með 3½% vöxtum. Í vissum tilfellum er hluti af lánunum vaxtalaus. Hámarksstyrkur er allt að 20 þús. kr. norskar, sem gerir á annað hundrað þús. ísl. kr. Írland veitir um 275 punda styrk út á 5 herbergja íbúðir. Jafnvel Belgir, sem búa í einhverju þéttbýlasta og bezt ræktaða landi álfunnar, veita allt að 20% styrk til þess að byggja gripahús í vissum tilfellum.

Því verður ekki neitað, að sjómenn og bændur eru í fremstu víglínu íslenzks atvinnulífs. Hygginn hershöfðingi veit, að hermennirnir berjast illa, ef þeir eru svangir og kaldir. Vitanlega eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að greiða há vinnulaun og hve mikla opinbera aðstoð er hægt að veita.

Vera má, að einhverjir bendi á, að við förum með frv. þessu fram á, að útgjöld ríkisins séu aukin um 5½ millj. kr., án þess að benda á leiðir til tekjuöflunar. Því vil ég svara þannig, að samkvæmt 16. gr. fjárlagafrv. eru framlög til jarðræktar og framræslu áætluð 26 millj. Er það sama upphæð og á s. l. ári. Vitað er, að mjög hefur dregið úr framkvæmdum, sennilega er um samdrátt að ræða, sem nemur frá 25 til 30%, þó að endanlegar skýrslur séu ekki komnar. Þetta þýðir það, að 16. gr. fjárlaga þarf ekki að hækka, þó að frv. þetta verði samþykkt. Á það má einnig benda, að ýmsir útgjaldaliðir samkv. 16. gr., þótt ekki sé lengra farið, hafa ekki mikla hagnýta þýðingu og væri skaðlítið fyrir íslenzka bændastétt og þjóðarbúið, þótt sumir væru lækkaðir eða felldir alveg niður. Hitt fullyrði ég, að engin útgjöld samkv. 16. gr. fjárlagafrv. eru jafnnauðsynleg og það er að veita þeim bændum aðstoð, sem nú eru að gefast upp fjárhagslega vegna þeirra aðgerða, sem þing og stjórn hafa þegar gert.

Ég get ekki fullyrt, hve margir þeir bændur eru, sem á aðstoð þurfa að halda. Væri ekki fjarri lagi, að þar væri um að ræða 10% íslenzkra bænda.

Frv. því, sem hér liggur fyrir, er ekki ætlað að ná nema til þeirra, sem hafa verið að byggja íbúðarhús s. l. 2—3 ár. Ég get ekki nákvæmlega fullyrt, hversu mörg hús hafa verið byggð s. l. 2 ár, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, má ætla, að það hafi verið eitthvað milli 50 og 60 hús s. l. ár og eitthvað rúm 100 árlega árin 1957—58. Þetta er náttúrlega ekki há tala. En athuga ber, þegar þetta mál er rætt, að aðstaða bænda hefur verið ákaflega misjöfn.

Ég skal játa það, að við, sem byrjuðum búskap fyrir 30 árum, höfðum erfiða aðstöðu frá tæknilegu sjónarmiði. En við vorum búnir að gera hlutina áður en verðlagið breyttist. Þeir, sem hafa verið að byggja síðustu 3—4 árin, hafa haft allt aðra aðstöðu, og þeir, sem eiga eftir að byggja, hafa hana enn verri, þannig að verð á húsum, sem þeir hafa byggt, hefur verið margfalt hærra. Það má heita, að nú sé útilokað fyrir bónda að ráðast í að byggja íbúðarhús nema fá miklu meiri aðstoð en verið hefur, annaðhvort með lánum eða beinum framlögum. Ég skal játa, að yfirleitt er ég á móti beinum framlögum. Ég álít, að það sé bezt, að hver reyni að vera ábyrgur sinna gerða, en í vissum tilfellum getur það verið nauðsynlegt, og það getur verið hyggilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Við förum fram á samkv. 3. gr. í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, að tillagið sé hækkað um 2½ millj. Landnámsstjóri hefur upplýst, að hann geti í mesta lagi misst 750 þús. af því fé, sem honum er ætlað til þess að styrkja stækkun á þeim túnum, sem minnst eru eða fyrir innan 10 hektara. En þetta þýðir það, ef miðað er við 25 þús. kr. framlag, eins og er nú til húsabóta á nýbýlum, að það er aðeins hægt að styrkja 30 bændur í bili. Það er aðeins búið að veita 5 bændum lán, og þetta eru smámunir. Það getur verið, að þið, sem að ríkisstj. standið, álítið, að við gerum allt í óróðursskyni. En ég vil lýsa því yfir, að þetta er ekki gert í áróðursskyni af minni hálfu, og ef þið trúið okkur ekki, framsóknarmönnunum, um örðugleika þeirra bænda, sem í framkvæmdum hafa staðið, sem hafa að nokkru leyti og raunar mestu leyti hlotizt af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið af ríkisvaldinu, þá skuluð þið bara spyrja ykkar eigin menn, sem eru kunnugir úti í byggðum landsins.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það engan veginn hyggilegt að láta jarðir fara í eyði, sem búið er að gera mikið fyrir. Það má heita, að flestir bændur séu búnir að rækta meira og minna af véltæku landi, og þeir eru búnir að byggja að einhverju leyti upp, annaðhvort peningshús eða íbúðarhús. Yfirgefi þeir þessi býli af fjárhagsörðugleikum, verða þessi verk ónýt, og þarna fara því dýrmæt verðmæti forgörðum. Það er ekki hyggilegt. Við förum ekki fram á stóra upphæð. Við förum fram á, að þetta sé hækkað alls um 5½ millj., bæði til að undirbúa ræktun á nýbýlum og til stuðnings þessum mönnum, sem hafa verið að byggja og eiga það eftir, og til þess að hægt sé að hækka styrk til bygginga á þeim nýbýlum, sem er verið að gera og verða gerð í framtíðinni.

Það er hlutfallslega ekki eins mikil hækkun og verðbreytingarnar eru.

Þeir, sem byggt hafa nýbýli, hafa fengið 25 þús. kr. styrk til að byggja íbúðarhús. En verði þetta frv. samþ., sem við leggjum hér fram, gæti sá styrkur numið 40 þús. Heildarstyrkur, sem þeir, er reistu nýbýli, fengju, yrði þá um 90 þús. í stað 60 þús., sem verið hefur. Það má deila um, hvort þessi hækkun er ekki allt of lítil, en of mikil er hún ekki.

Stjórnarflokkarnir unnu að því á síðasta þingi, að það var samþykkt lagagrein þess efnis, að það væri heimilt að veita jafnháa upphæð handa bændum, sem væru að byggja upp hjá sér, eins og þeim, sem eru að byggja nýbýli. Ég hygg, að margir bændur hafi gert sér vonir um að fá þarna aðstoð. Ég var með þessu frv., og ég lýsti því yfir, að þrátt fyrir það, þó að þetta væri of lítil aðstoð, þá væri það þakkarvert, miðað við það, ef um engan stuðning væri að tala, því að í þessu tilfelli sýndi ríkisstj. það, að hún vildi að nokkru bæta fyrir þá kjaraskerðingu, sem efnahagslöggjöfin hefði valdið þessum mönnum. En við nánari athugun hefur komið í ljós, eins og ég hef tekið fram, að það er ekki veitt fé í þessu skyni. Þarna verður því að koma fram, hvort af hálfu stjórnarflokkanna hefur aðeins verið um sýndartill. að ræða eða hvort það er meining þeirra, að þetta komi til framkvæmda, og þá sé veitt fé í þessu skyni á fjárlögum, til þess að hægt sé að aðstoða þessa menn, því að vitanlega er ekkert gagn að einhverjum lögum, ef ekki er neitt fjármagn veitt til að framkvæma þau.

Sem betur fer eru nú flestir bændur búnir að gera meiri og minni umbætur á jörðum sínum, þannig að aðstaða þeirra er gerbreytt frá því, sem mundi vera, ef þeir væru ekki búnir að gera þessar umbætur. Allmargir bændur eru búnir að byggja yfir fólk og fé og heyja eingöngu á ræktuðu landi. Ég er í engum vafa um, að það er hyggilegt og réttlátt að hætta að styðja þessa menn með lánum og jafnvel framlögum til jarðræktar, en veita þeim meiri stuðning, sem orðið hafa á eftir. Jarðræktarstyrkurinn er ekki svo hár, að hann dragi verulega bændur, sem eru búnir að koma upp fyrir sig góðum búum og hafa talsverða veltu, þannig að það skiptir þá tiltölulega litlu máli, hvort þeir fá styrk til jarðræktar eða ekki. En hina getur munað það mikið, þótt ekki sé um háar upphæðir að ræða. Það þarf ekki miklar fjárhæðir til að gera þeim kleift að halda áfram búskap og þó sérstaklega að þeir missi ekki kjarkinn, því að það er undirstaðan að verða ekki vonlaus. Ég er ekki að gera þetta að till. minni, en ég bendi á, að það er sanngjarnara og það er hyggilegra frá þjóðhagslegu sjónarmiði að hætta að lána okkur, sem búnir erum að rækta og byggja, hætta að lána okkur frekar til húsabóta en búið er og hætta að láta okkur hafa styrk til jarðræktar, en styðja því betur þá menn, sem hafa orðið á eftir með jarðrækt og húsabætur, til þess að þeir þurfi ekki að yfirgefa sín býli.

Það er staðreynd, að það er ákaflega erfitt að fá fólk til að flytja úr kaupstað og upp í sveit. Það er ekki eingöngu af því, að fólkið kunni ekki verkin eða vilji ekki vera í sveitinni, en það er hitt, að það hefur ekki fjárhagslega aðstöðu til þess. Ef bændurnir yfirgefa jarðirnar, þá er dálítið erfitt að fjölga þeim aftur og verður enn dýrara en að veita þeim einhverja lítilfjörlega aðstoð, til þess að þeir þurfi ekki að yfirgefa býli sín.

Ég hef trú á því, að við höfum mikla möguleika, bæði á sviði iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar. En fjárfestingin hefur verið ör, og við höfum takmarkað fjármagn. Það er enginn efi, að í íslenzkum landbúnaði gætum við gert stórvirki. Það eru stór svæði, sem liggja óræktuð í landinu. Það má nefna Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Húnavatnssýslurnar t. d. Þarna eru stór flæmi af graslendi, sem eru óræktuð. Þetta þekkist yfirleitt ekki í nágrannalöndum okkar. Þau eru að mestu leyti ræktuð, a. m. k. allt það land, sem auðvelt er að rækta. Við erum þarna á eftir tímanum, sem ekki er óeðlilegt, því að ræktunaraðgerðir hófust ekki í stórum stíl fyrr en fyrir rúmum 30 árum. Okkur skorti tækni. Við höfðum ekki fylgzt með tímanum. Við vorum hér einangraðir og fátækir í margar aldir. Með aukinni ræktun eykst beitarþol landsins geysilega, og ég get t. d. bent á það, að í Nýja-Sjálandi, sem er bezta sauðfjárræktarland í heimi, beita bændurnir ekki fénu nema á ræktað land. Í framtíðinni hlýtur það að verða þannig, að við ræktum þetta land, sem er auðræktað. Við notum það að nokkru leyti til slægna og að nokkru leyti til beitar, og þá getum við haft margfaldan bústofn á við það, sem verið hefur. Það er ekki hægt að ímynda sér, að það sé hægt að reka á afréttir að sumrinu miklu fleira fé en gert hefur verið. Raunar eru íslenzku afréttirnar ákaflega misjafnar. Á Norðausturlandi eru þær yfirleitt gróðurrikar og stórar, en víða á landinu eru afréttarlönd takmörkuð, þannig að ef um aukinn bústofn er að ræða, þá verður að hagnýta beitina betur í byggðunum sjálfum. Og það getum við með því að rækta landið, með því að girða ræktaða landið í sundur og beita í hólfum, og þetta er gert alls staðar, þar sem kvikfjárrækt er stunduð í heiminum. Ég er sannfærður um, að það er auðvelt hér á landi að hafa sauðfé um 2 millj. og það gæfi allt að þrefalt kjöt-, ullar- og gærumagn á við það, sem verið hefur, og á þann hátt gætum við flutt út sauðfjárafurðir í stórum stíl, og ég hef enga ástæðu til að ætla, að sá atvinnuvegur geti ekki borið sig. Það er því ekki hyggilegt af okkur, jafnvel þótt um erfiðleika sé að ræða í bili, að aðstoða ekki þá menn, sem þegar standa í fremstu víglínu í okkar atvinnulífi hvað landbúnað snertir, að aðstoða þá ekki jafnlítið og farið er hér fram á, til þess að þeir þurfi ekki að yfirgefa býli sín. Þar ættu ekki flokkspólitísk sjónarmið að koma til greina. Þetta er þjóðhagslegt mál, sem hyggilegt og skynsamlegt er að leysa á réttan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. landbn., á þskj. 343, var útbýtt 7. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

18. Sveitarstjórar.

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 14. febr. 1951, um sveitarstjóra [8. mál] (þmfrv., A. 89).

Á 14. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Með lögum nr. 19 14. febr. 1951 er sveitarstjórnum í hreppum, sem hafa 500 íbúa eða fleiri, heimilað að ráða sér framkvæmdastjóra, sem í lögunum er nefndur sveitarstjóri. Þessi heimild hefur verið notuð á allmörgum stöðum, þar sem svo stendur á, að íbúar í hreppi eru fleiri en 500, og er það aðallega eða eingöngu í kauptúnahreppum. Þar sem þessi heimild er notuð, verður starf oddvita svipað og starf forseta bæjarstjórnar í bæjum, þar sem ráðinn er sérstakur bæjarstjóri eða borgarstjóri. Þessi lög voru sett og þessi heimild veitt á sínum tíma vegna þess, að það þótti sýnt, að störf oddvita, einkum í hinum fjölmennari hreppum, hefðu aukizt svo mjög, að þess væri varla að vænta, að hægt væri að sinna þeim eingöngu sem aukastarfi.

Nú er okkur flm. kunnugt um það, að sums staðar hafa verið uppi óskir um það að ráða slíka framkvæmdastjóra, en hefur strandað á því, að íbúatalan náði ekki 500. En þannig getur staðið á sums staðar, að enda þótt íbúatala sé ekki þetta há, þá séu störf oddvita eigi að síður mjög mikil og meiri en almennt gerist og engu minni en í hreppum, sem hafa 500 íbúa eða fleiri. Hér kemur það til m. a., að sums staðar er mikill atvinnurekstur einhvern hluta úr árinu og fjöldi af aðkomufólki kemur á staðinn til þess að leita sér atvinnu í sambandi við atvinnurekstur, sem aðeins er árstíðabundinn, og þetta hefur í för með sér að sjálfsögðu mikla aukningu á störfum oddvita í þeim hreppi, meðan á þessu stendur, og jafnvel allt árið. Á öðrum stöðum hagar þannig til, og þetta hvort tveggja á nú einkum við þá hreppa, þar sem meginbyggðin er í þorpum við sjávarsíðuna, að hreppar hafa með höndum miklar framkvæmdir, eins og t. d. hafnargerðir og vatnsveitur, húsabyggingar eða annað þvílíkt, sem stundum stendur yfir árum saman, og þetta hefur í för með sér mikil umsvif fyrir hlutaðeigandi oddvita.

Nú leggjum við það til, flm. að þessu frv., að heimildin til þess að ráða sveitarstjóra verði ekki lengur bundin við, að hlutaðeigandi hreppur hafi 500 íbúa eða fleiri, heldur sé heimildin einnig til staðar, ef atvinnurekstur í hlutaðeigandi hreppi er svo mikill, að störf oddvita séu að dómi ráðuneytisins mun meiri en almennt gerist. Við gerum ráð fyrir, að til þess að nota heimildina þurfi leyfi rn. hverju sinni, enda verður einhver aðili að dæma um það, hvort skilyrði greinarinnar sé fullnægt, og er eðlilegt, að það sé ráðherra.

Í 2. gr. frv. leggjum við svo til, að hreppum, sem hafi færri íbúa en 500, sé heimilað að gera samkomulag sín á milli um það að ráða sér framkvæmdastjóra eða sveitarstjóra sameiginlega. Við teljum það eðlilegt, að svona heimild sé í lögum, enda þótt við gerum ekki ráð fyrir því, að hún mundi verða mikið notuð fyrst um sinn. Ef hreppar eru þannig í sveit settir eða þannig settir, að þeir gætu sameinað sig með eðlilegum hætti um einn mann sem sveitarstjóra, þá sýnist ekki nema eðlilegt, að þeim væri heimilað að gera það samkomulag og ráða manninn. Ef sú heimild yrði notuð, mundi gangur málsins væntanlega verða sá, að sveitarstjórinn væri ráðinn sameiginlega af hlutaðeigandi hreppum, hvort sem þeir nú væru tveir eða þrír eða fleiri, og hefði þá aðsetur á þeim stað, sem samkomulag yrði um, en hreppsnefndirnar héldust auðvitað eins og áður, og í hverri hreppsnefnd væri oddviti, sem boðaði til fundar í hreppsnefndinni, þegar þess þætti við þurfa, og þessi sameiginlegi framkvæmdastjóri yrði þá að mæta á fundum hinna einstöku hreppsnefnda. Ég held, að það sé sanngjarnt, að hreppsnefndir hafi þessa heimild, ef þær geta notað sér hana, og áreiðanlega miklu heppilegra en fara inn á þá leið, sem nokkuð hefur bryddað á, að sameina með lögum fámenna hreppa. Það hygg ég, að muni almennt ekki verða vinsælt og ekki ástæða til að ganga á sjálfstæði sveitarfélaganna. En þarna kynni að vera um úrræði að ræða, sem þær gætu notað sér til hagræðis.

Ég legg svo til fyrir hönd okkar flm., að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Áætlunarráð ríkisins.

Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um áætlunarráð ríkisins [81. mál] (þmfrv., A. 90).

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 90 frv. til l. um áætlunarráð ríkisins. Ég hef áður flutt frv. mjög svipað og upp á síðkastið nokkurn veginn alveg eins og þetta og gert mjög ýtarlega grein fyrir höfuðatriðunum í þeim frv. Ég vil að þessu sinni ræða þetta frv. með hliðsjón af því ástandi, sem nú er í efnahagsmálum landsins og að hve miklu leyti felst í þessu frv. lausn á þeim erfiðleikum og leið út úr þeim vandræðum, sem nú er stýrt í, en að öðru leyti vísa til fskj. I, þar sem saga baráttunnar fyrir þessu frv. er allmikið rakin.

Það hefur af hálfu ýmissa þeirra, sem deila um efnahagsmálin í okkar þjóðfélagi, verið sagt, að það væri þarna um tvennt að ræða, um tvennt barizt: annars vegar þá leið, sem alþýðusamtökin og flokkar alþýðunnar venjulega hafa lagt til að fara, leið skipulagningar, leið heildarstjórnar á

þjóðarbúskapnum, en hins vegar um frelsi, um það að láta hina einstöku aðila og þeirra samtök um það, hvað gerist í þjóðarbúskapnum.

Ég vil taka það fram, ef einhverjir í þessari hv. d. skyldu halda, að það hafi verið farið inn á þá leið að hætta afskiptum ríkis og gefa allt frjálst í þjóðfélaginu með þeirri stefnu, sem hæstv. núv. ríkisstj. tók upp fyrir tæpu ári, þá vil ég leggja áherzlu á, að því fer mjög fjarri. Það er ekki um það að ræða í þjóðfélaginu nú, hvort annars vegar skuli taka upp þá stefnu, sem felst í þessu frv. um áætlunarráð, eða hins vegar, hvort koma skuli á algeru frelsi, heldur um hitt, hvers konar skipulagningu og hvers konar ríkisafskipti skuli hafa, að hverju þau ríkisafskipti skuli miða og í þágu hverra þau skuli framkvæmd.

Nú sem stendur er það svo, að sérstaklega á fernan hátt skiptir hæstv. ríkisstj. og hennar ríkisvald sér af efnahagslífi þjóðfélagsins og stjórnar því á sinn undarlega máta í þágu þeirra, sem ég nánar mun koma inn á:

1) Hér er ríkjandi það ástand, að allir bankarnir eru ríkisbankar, meira eða minna undir pólitiskri stjórn, sem sýnir sig í öllum daglegum rekstri bankanna að vera háð ríkisstj. og hennar fyrirmælum og hennar óskum, þannig að í gegnum ríkisbankana, — og hér er um lítt annað að ræða en ríkisbanka, — þá stjórnar ríkisstj., eins og sakir standa, öllum lánsfjármálum þjóðarinnar. Það, sem nú er skapað í þjóðfélaginu, — við skulum segja lánsfjárkreppan og allt annað slíkt, — er þess vegna bein, skipulögð ráðstöfun ríkisvaldsins, ríkisstjórnarinnar, sem framkvæmd er í krafti þess, að bankarnir eru allir ríkisbankar.

2) Allur útflutningurinn er háður leyfum. M. ö. o.: verzlunin er ófrjáls. Það þýðir, að það er ríkisstj., sem með afskiptum sínum af útflutningnum stjórnar og ber ábyrgð á útflutningnum og ræður þeirri helstefnu, sem núna ríkir í útflutningnum.

3) Leyfi til þess að taka erlent lánsfé er háð leyfum ríkisstj., þannig að hún stjórnar algerlega því, hvaða erlent lánsfé kemur inn í landið, hve mikið og í hvaða tilgangi. M. a. stjórnar hún t. d. því, að mikið erlent lánsfé hefur streymt inn í landið á þessu ári, en allt þetta lánsfé farið eingöngu til neyzlunnar og í verzlunina, en ekkert af því til þess að byggja upp framleiðslu landsmanna.

4) Ef einhver skyldi halda, að hér ríkti verzlunarfrelsi, þá er rétt að minna á það, að sú skylda hvílir á öllum þeim, sem framleiða gjaldeyri í þjóðfélaginu, að afhenda hann ríkisvaldinu, þannig að enginn af þeim mönnum, sem gjaldeyrinn framleiða, er, svo að við vitum, frjáls um sinn gjaldeyri.

M. ö. o.: ríkisstj. hefur með sínum afskiptum tekið að sér ábyrgðina og stjórnina á efnahagslífinu. Það er ekkert venjulegt frelsi, eins og ella tíðkast í svokölluðum auðvaldslöndum í þessum efnum, en afskiptum ríkisstj. er að mínu áliti hagað hins vegar með það fyrir augum að skapa betri aðstöðu gagnvart lítilli, pólitiskri klíku peningamanna í landinu. Og til þess að skapa þessa betri aðstöðu fyrir þessa litlu valdaklíku er með þessum skipulögðu ríkisafskiptum verið að framkalla fyrirbrigði, sem eru mjög óheppileg.

Það, sem nú er verið að skipuleggja í íslenzku þjóðfélagi, er í fyrsta lagi kreppa, og það er vert að gera sér það ljóst, að sú kreppa, sem hæstv. ríkisstj. er nú að skipuleggja á Íslandi, á engar eðlilegar orsakir, heldur er einvörðungu framkölluð annaðhvort af vítaverðu gáleysi og stjórnleysi ríkisstj. eða vísvitandi. Í öllum auðvaldslöndum í kringum okkur, Danmörku t. d. og öðrum slíkum, er það, sem kallað er á kapítalistísku máli há-konjunktur, eða m. ö. o. tiltölulega mjög mikil atvinna og mjög öflug og greið viðskipti, þ. e. góðir tímar, eins og kallað er á efnahagsmáli.

Það, að kreppa skuli vera að ríða í garð hér á Íslandi, er einvörðungu vegna þess, að ríkisstj. er að skipuleggja þessa kreppu. Hún er að framkalla hana með þeim ráðstöfunum, sem hún hefur gert í krafti þess valds og í krafti þeirra afskipta, sem hún hefur af efnahagslífi landsins. Það er sérstök íslenzk kreppa, sem þessi kreppustjórn framkallar.

Hér ríkir stjórnleysi, sem ríkisstj. skipuleggur, og það er e. t. v. undarlegasta fyrirbrigðið í því efnahagsástandi, sem við búum við. Ríkisstj. hefur allt valdið enn þá til að stjórna efnahagslífinu, en hún kýs að beita þessu valdi og þessum afskiptum sínum, þessu valdi sínu yfir bönkunum, úthlutuninni á lánsfénu og gjaldeyrinum, til þess að koma á stjórnleysi, skipulagsleysi í efnahagslífinu. Sú ringulreið, sem nú er að skapast í efnahagslífinu, er beinlínis framkölluð með beinum ráðstöfunum ríkisstj.

Hér er að verða efnahagslegt hrun. Menn þurfa ekki nema líta í Lögbirtingablaðið. Hér eru sem stendur tugir, ef ekki hundruð manna, sem á undanförnum árum hafa lagt í það að reyna að koma upp yfir höfuð sér þaki, reynt að eignast íbúðir, hér eru þeir á góðri leið með að missa þessar íbúðir og jafnvel sumir búnir að missa þær. Það er sívaxandi fjöldi uppboðsauglýsinganna í Lögbirtingablaðinu á íbúðum, og það er sífellt erfiðara að selja íbúðir, vegna þess að það hefur verið skipulagt kaupgetuleysi og kaupgetuminnkun, sem gerir það að verkum, að menn geta ekki keypt slíkt. M. ö. o.: það er verið að skipuleggja efnahagslegt hrun hjá þeirri millistétt, sem dreymdi um það að verða efnahagslega sjálfstæð og trúði því m. a., sem Sjálfstfl. hafði sett sem sitt efnahagslega takmark, að hver maður ætti að geta eignazt sína eigin íbúð. Það er verið að framkalla hér fjöldagjaldþrot.

Í öðru stjórnarblaðinu stóð 1. nóv. með stærsta fyrirsagnaletri á fyrstu síðu, í Alþýðublaðinu: „Bátaflotinn allur á uppboði.“ M. ö. o.: annað stjórnarblaðið og það einmitt blað hæstv. sjútvmrh. lýsir því yfir, að allur bátaflotinn sé nú á uppboði, og það er vitað, að það stendur til að bjóða upp meginið af bátunum í landinu, ef farið er eftir þeim venjulegu reglum, sem ríkisstj. segir að nú skuli fara eftir, að hver maður, sem á bát, skuli standa á eigin fótum. Sú ríkisstj., sem slíkt segir, hlýtur að vita það, að útvegsmenn á Íslandi hafa aldrei staðið á eigin fótum. Þeir hafa alltaf fengið að standa á fótum ríkisins. Það hafa verið ríkisbankarnir á Íslandi, allt frá því að fyrsta bankanum er komið hér upp, sem hafa skoðað það sem sitt verkefni að sjá um, að útgerðin gæti

gengið. Og þegar menn hafa gert einhverjar tilraunir um að láta þetta verða frjálst, þá hafa menn orðið svo hvekktir við afleiðingarnar, eins og sýndi sig bezt í kreppunni 1931, að menn hafa sem skjótast afnumið slíkt frelsi og ekki komið því á aftur.

Hér vofa yfir fjöldagjaldþrot. Þessi fjöldagjaldþrot eru ekki afleiðing neinnar eðlilegrar kreppu, heldur afleiðing kreppu, sem skipulögð er af ríkisstj. með afskiptum ríkisstj. af efnahagsmálum þjóðfélagsins með lánsfjárkreppu, sem hún fyrirskipar ríkisbönkunum að koma á í þjóðfélaginu.

Ég hef grun um, eftir mínum kunnugleik af bankamálunum á Íslandi, að það sé meiningin, að pólitískir bankastjórar eigi síðan að velja á milli, þegar að þessum fjöldauppboðum kemur, hverjir skuli lifa og hverjir skuli deyja, hverjir skuli missa sína báta og hverjir skuli halda bátum og í höndum hverra eign bátanna sé saman safnað. Ég þori auðvitað ekkert um það að segja, hvort þetta er tilætlun ríkisstj. „Oss er ei nýrnanna rannsókn veitt". En ef þeir menn, sem ráða þeirri pólitík, sem nú er rekin í efnahagsmálunum, þeirri skipulagningu kreppunnar, sem nú er framkvæmd, kunna ekki að leggja saman tvo og tvo, ef þeir kunna ekki að gera sér ljósar afleiðingar verka sinna, þá eru þeir sannarlega ekki færir um að vera að skipta sér af stjórnmálum á Íslandi, þannig að það verður að ætla þeim mönnum, sem valda nú fjöldagjaldþrotum og eignaráni, að þeir stefni að þessu. Það verður að ætla þeim, að þeir geri þetta vitandi vits. Það verður frekar að gruna þá um græsku heldur en að frýja þeim vits.

Þetta, sem ég nú hef mælt, snertir skipulagningu kreppunnar fyrst og fremst hjá atvinnurekendum og hjá millistéttinni og þeim, sem hafa reynt að verða bjargálna. Fyrir utan það hefur ríkisstj. gert beinar ráðstafanir til þess að minnka kaupgetuna í landinu með því að rýra þannig lífskjör almennings, að hann gæti ekki keypt það, sem honum væri nauðsynlegt. Ég skal taka það fram, að það hafa alltaf, allan þann tíma, sem rætt hefur verið um efnahagsmál og vandamál þeirra, sérstaklega síðustu 20 árin, á Íslandi, verið til tvær leiðir að fara í þessum efnum til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum út á við. Önnur leiðin hefur verið að auka framleiðslu landsmanna, þannig að íslenzka þjóðin yrði að ríkari fyrir og hverjum einstaklingi hennar liði betur. Hin leiðin hefur verið sú að minnka kaupgetu landsmanna. Það er á því gamla máli að gera menn fátækari, skipuleggja fátæktina, til þess þannig að minnka það, sem menn keyptu inn til landsins. Hið síðarnefnda hefur alltaf verið mjög þægileg leið fyrir þá, sem kæra sig ekki um framfarir eða lífskjarabætur. Og sú leið hefur nú verið skipulögð. Ég segi: skipulögð. Eins og ég hef þegar sýnt fram á, eru það bein afskipti ríkisins og ríkisvaldsins, sem til þess leiða, að þessi kaupgetuminnkun hefur nú verið framkvæmd. Ég hef látið reikna út, hver sú kaupgetuminnkun er, miðað við tímakaup verkamanns, eftir þeim mælikvarða, sem reiknað hefur verið undanfarin ár, og ég hef birt sem fskj. II með þessu frv. þennan útreikning. Ég birti hann líka með því síðast, og ég man sérstaklega eftir, að annað stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, fagnaði mjög þeim útreikningi og birti hann í sínu blaði mér til mikillar ánægju, og ég vonast til þess, ef það er einhver Alþýðuflokksmaður hér inni, að þeir birti líka þennan útreikning. Þá birti Alþýðublaðið útreikninginn undir þeirri fyrirsögn, að þegar Alþfl. væri í stjórn, þá væri auðsjáanlega kaupmáttur tímakaupsins mjög hár. Og nú er rétt að lesa þróunina, með leyfi hæstv. forseta, eins og hún hefur verið nú 1960. Miðað við kaupmátt 1945 sama sem 100, hefur hún verið þessi í hverjum mánuði 1960: janúar 99, febrúar 99, marz 98, apríl 93, maí 92, júní 89, júlí 88, ágúst 88, september 88, þ. e. 87.5 hækkað upp, október 86, eða nákvæmlega séð 86.2. M. ö. o.: í október er visitalan um kaupmátt tímakaupsins komin niður í 86. Hún hefur aðeins á tveim árum síðustu tuttugu árin verið lægri. Það var á árunum 1951 og 1952. Þá var hún 84.7 og 84.9, sem sagt tæp 85. Það munar rúmlega einu stigi, að hún sé að komast niður í það sama. Árin 1951 og 1952 voru árin rétt eftir gengislækkunina, árin áður en verkalýðssamtökin höfðu gert nokkrar stórfelldar ráðstafanir til hækkunar, árin þegar upp undir 2000 manns voru atvinnulausir í Reykjavík, árin þegar aftur fór að sjá á börnum verkamannafjölskyldnanna hérna í Reykjavík, vegna þess að þau höfðu ekki nóg að borða, í fyrsta skipti þá í tíu ár.

Nú er undir þessari stjórn kaupmáttur tímakaupsins að nálgast hið sama. Og fram undan blasir atvinnuleysi, byrjað nú þegar víða úti á landi, orðið tilfinnanlegt fyrir t. d. þær stúlkur í hraðfrystihúsunum, sem sérstaklega hafa byggt á þeirri vinnu, þannig að það, sem er kórónan á skipulagningu þeirri, sem núv. ríkisvald er notað til að framkalla, atvinnuleysið, er þegar á næstu grösum.

Ég ræði hér ekki um sviðin, sem að vísu snerta efnahagsmálin, en eru enn nánar tengd menningarmálum þjóðarinnar. En ég býst við, að flestir þm. eða a. m. k. hafi þingflokkarnir fengið þá aðvörun frá Sambandi íslenzkra barnakennara, að þegar sé í hættu uppeldisstarfið í barnaskólum þjóðarinnar og jafnvel fleiri skólum, og þegar er farið að minnka kennslu sums staðar á landinu, af því að efnahagsráðstafanir ríkisstj. hafa bitnað þannig á kennurum, að það fást ekki lengur nægilega margir menn til þess að inna kennslu af hendi í því landi, sem eitt sinn stóð einna fremst í Evrópu um alþýðufræðslu. Ég ætla ekki heldur að fara inn á, hvað þetta þýðir fyrir listamenn og menntamenn okkar. Það er líka búið að sýna nægilega vel fram á, að það, sem einu sinni voru sultarlaun á Alþingi fyrir skáld, á tímum Þorsteins Erlingssonar, 600 krónurnar, það er nú langt fram yfir það, sem nokkurt skáld dreymir um að komast í í dag. En við skulum láta það eiga sig.

Ég býst við, að það sé nokkurn veginn skýrt af því litla, sem ég hef um þetta sagt, að sú skipulagning, sem nú er verið að framkvæma, er skipulagning kreppunnar, skipulagning fátæktarinnar á Íslandi. Og í þágu hverra? Í þágu þeirra auðmanna á Íslandi eða pólitískra valdamanna, sem hafa þann aðgang að bönkunum að geta farið að kaupa upp eignir annarra, þegar þær nú verða

boðnar upp, og safnað í sínar hendur því valdi, sem felst í því að ráða atvinnutækjunum í þjóðfélaginu.

Það, sem nú ríkir í þjóðfélaginu, er ekki frelsi, heldur vísvitandi skipulagning kreppu og fátæktar með það fyrir augum að skapa hér alræði nokkurra peningamanna og pólitískra braskara. Spurningin, sem nú liggur fyrir, er, hvort þessari skipulagningu, svona ríkisafskiptum, í þágu þessa fólks, þessa valds, skuli haldið áfram, eða hvort skuli horfið að því ráði, sem ég legg til að sé tekið upp með þessu frv.

Það, sem þetta frv. miðar við, er að sameina þjóðina um stórfellt átak í hennar efnahagsmálum til að skapa stórkostlegar efnahagslegar framfarir á Íslandi, að leggja ákveðna áætlun til grundvallar, sem allar stéttir og allir flokkar þjóðarinnar, allt ríkisvald og allt almannavald í landinu sé sameinað um að hrinda í framkvæmd. Það hafa verið gerðar smátilraunir í þá átt áður hér á Íslandi, og þessar litlu tilraunir, sem aðeins hafa þó verið tilraunir og aðeins fengið að standa skammt, hafa þó sýnt, að með þeim hefur verið hægt að leggja þann grundvöll í þjóðfélaginu, sem enn er staðið á. Þetta frv. miðar að því að skipuleggja slíkt átak hjá þjóðinni, sameina hana til slíkrar stórfelldrar, efnahagslegrar uppbyggingar og efnahagslegra framfara, fullrar atvinnu og skipulagðra atvinnuframkvæmda, í stað þess að skipuleggja fátækt og kreppu.

Þetta frv. og þær framkvæmdir, sem samkv. því yrðu gerðar, ættu að hafa það sem höfuðtilgang að tryggja bætur á lífskjörunum. Það eðlilega, sem hægt væri að skipuleggja í því sambandi á Íslandi, ef rétt væri stjórnað í þágu þjóðarheildarinnar og fjöldans, er kauphækkun eða lífskjarahækkun, með hverju móti sem hún er framkvæmd, sem mundi samsvara frá 3% upp í 8% á ári, og þá náttúrlega án allrar verðbólgu, án allrar rýrnunar á sparifé, án allrar verðbólgu í þjóðfélaginu, þ. e. raunveruleg kauphækkun eða raunveruleg lífskjarabót frá 3—8% á ári. Meira að segja í ýmsum auðvaldslöndum í kringum okkur hefur verið knúin fram lífskjarabót, sem hefur samsvarað upp í um 3% á ári, og samt hefur á þeim tíma sá gróði, sem runnið hefur til auðmannastéttarinnar af framkvæmdunum í þjóðfélaginu, orðið hlutfallslega miklu meiri en þessar lífskjarabætur almennings. Í þeim sósíalistísku þjóðfélögum, sem eru að byggja upp á grundvelli sósíalismans sinn þjóðarbúskap, hefur sú lífskjarabót, sem eins og sakir standa er verið að framkvæma þar, verið frá 6% og jafnvel upp undir 8% á ári. Ég minni, um leið og ég segi þetta, á það, að á síðustu 18 árum á Íslandi höfum við staðið í stað og nú á þessu ári tekið stór skref aftur á bak í þessum efnum, þannig að væri nú hægt að skipuleggja örugga lífskjarabót, sem á ári hverju samsvaraði eitthvað á þessu bili, sem sagt 5 eða 6%, þá mundi það þýða öruggar áframhaldandi lífskjarabætur án allrar verðbólgu, sem mundi fljótt bæta íslenzkri alþýðu upp það, sem hún hefur nú verið að missa, og mundi koma henni upp á hærra sig lífsafkomu en hún hefur verið á á undanförnum árum. Til þess að framkvæma þetta hins vegar þarf átak allrar þjóðarinnar, það þarf heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, og það er það, sem er lagt til að framkvæma með þessu frv.

Ég hef rakið nokkuð áður þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessa átt, og mun ég ekki fara út í það hér nú, og þá baráttu, sem sérstaklega alþýðusamtökin hafa háð fyrir því, að þetta sé gert, og hef minnt á það í fskj. I, þar sem saga þessa máls er nokkuð rakin. En ég vil aðeins hér skjóta einu inn, ef það mætti verða þeim, sem um þetta mál vilja hugsa af alvöru, til nokkurrar glöggvunar á málinu.

Það hefur verið talað um, að fjárfestingin hafi verið mikil á Íslandi á undanförnum árum og samt hafi lífskjör þjóðarinnar ekki batnað. Og það er alveg óhjákvæmilegt að svara þeirri spurningu, hvernig á því stendur, að svo er. Á bls. 6 í fskj. með þessu frv. minu eru birtar skýrslur, sem svara þessu algerlega. Þar er sýnt fram á, hvernig fjárfestingin á Íslandi er jafnvel allt upp undir 35% af þjóðartekjunum, en neyzlan hins vegar um 70% og þar í kring. Fjárfesting okkar hefur þess vegna verið með mestu fjárfestingu, sem þekkist í Evrópu. Af hverju hefur þessi fjárfesting ekki gefið þjóðinni eins mikið í aðra hönd og hún ætti að gera? Mitt svar er það: Hún hefur ekki gefið það vegna þess, að hún er stjórnlaus, vegna þess, að hún er ekki skipulögð frá sjónarmiði heildarinnar. Við skulum bara taka dæmi, sem flestir þekkja. Segjum, í einu kauptúni er eitt hraðfrystihús, og þetta hraðfrystihús getur verið hvort heldur er í eigu t. d. kaupfélagsins á staðnum eða í eigu einstaks aðila. Ef það er í eigu kaupfélagsins, höfum við hvað eftir annað rekið okkur á það, að vissir einstaklingar segja: Þetta getur ekki gengið, ég verð að fá að koma upp hraðfrystihúsi. — Ef það er í eigu einstaklinga, þá er máske oft beitt þannig völdunum yfir því, að kannske bæði kaupfélagið og jafnvel stundum sjómenn á staðnum segi: Ég vil fá að koma upp sjálfur hraðfrystihúsi. — Og hver hefur afleiðingin orðið af svona togstreitu? Hún hefur orðið sú, að það hefur risið upp annað hraðfrystihús. Hvaða aðilar það eru, sem valda því, skiptir ekki máli í þessu efni. Það, sem skiptir máli í þessu efni, er, að það er efnahagslega séð ópraktískt upp á rekstur, að á einum litlum stað séu máske tvö hraðfrystihús, sem gætu hvort um sig tekið á móti, jafnvel á hávertíð, öllum þeim fiski, sem þar berst á land, eða jafnvel þótt annað hraðfrystihúsið hefði ekki getað það, þá hefði þó verið praktískara að stækka það hraðfrystihús, sem fyrir er. Spurningin, sem þarna var, var um valdið yfir viðkomandi hraðfrystihúsi. Það, sem var nauðsynlegt viðvíkjandi þessum hlutum, var að tryggja, að almenningur, þjóðarheildin, frá sínu sjónarmiði gæti ráðið þessu húsi, en það væri ekki hægt að nota það í neina einokunarþágu. M. ö. o.: vegna stjórnleysis á þjóðarbúskapnum hefur verið fest miklu meira fé en þarna var nauðsynlegt, og vegna þess að menn þorðu ekki að horfast í augu við það, að þjóðnýting í einu eða öðru formi var óhjákvæmileg ráðstöfun á Íslandi til þess að taka upp skynsamlegasta rekstrarformið á þessum sviðum. Það eru ekki bara hraðfrystihúsin, sem þetta á við. Sama dæmið hefur komið fyrir t. d. um fiskimjölsverksmiðjur. Svo hefur verið komið upp slíkum fyrir-

tækjum, reksturinn á þeim verið ópraktískur, síðan hefur verið komið til verkafólksins og sagt: Ja, fyrirtækin, með sínum rekstri og sínum vöxtum, sem þau verða að borga, og öllu öðru slíku, þau bera ekki þennan rekstur, og verkalýðurinn verður að lækka kaup. — M. ö. o.: verkalýðnum á að blæða fyrir allt stjórnleysið á atvinnulífinu í þjóðfélaginu, og þetta eru hlutir, sem geta ekki gengið.

Verkalýðurinn hefur nú í 18 ár barizt fyrir breytingu á þessu, sýnt fram á, hvernig hægt væri að stjórna þjóðfélaginu skynsamlega. Nú koma valdhafarnir í þjóðfélaginu, sem vilja hindra það, að tillögur verkalýðsins yrðu framkvæmdar, og segja: Verkalýðurinn verður að borga, því að við höfum stjórnað því eins og vitleysingar. — Þetta er nauðsynlegt að þeir menn geri sér ljóst, sem ræða um fjárfestinguna á Íslandi á undanförnum áratug.

Þá er vert líka að minna í því sambandi á annað, og það lagði ég sérstaka áherzlu á í minu nál. um þetta mál í fyrra, þegar það var afgr. frá fjhn., sem birtist þá á þskj. 513. Ég birti þar tölur um, hvernig fjárfestingin skiptist hjá nágrannaþjóðum okkar. Fjárfestingin er talin skiptast í tvennt: neyzlufjárfestingu, og hún gefur bætt lífskjör í aðra hönd, meiri lífsþægindi, en hún gefur ekki aukna framleiðslu í þjóðfélaginu, — það skiptist sem sé annars vegar í neyzlufjárfestingu og hins vegar í framleiðslufjárfestingu. Hvernig hafa nú þessi hlutföll verið á undanförnum árum, t. d. hjá okkur annars vegar og hjá Dönum og Norðmönnum hins vegar?

Hjá Dönum og Norðmönnum hafa 75%, t. d. á tímabilinu 1950—54, af allri fjárfestingu farið til framleiðslufjárfestingar, en 25% til neyzlufjárfestingar. M. ö. o.: ¼ hjá þessum þjóðum fer í neyzlufjárfestinguna, en ¾ til framleiðslufjárfestingar til þess að bæta þannig lífskjörin.

Hjá okkur eru samsvarandi tölur t. d. 1955 og 1956 þannig, að meiri hlutinn af allri fjárfestingunni fer til neyzlufjárfestingar, 54—56%, en minni hlutinn, eða 44—46%, til framleiðslufjárfestingar.

Þarna kemur í ljós líka afleiðingin af stjórnleysinu í fjárfestingunni. Við, sem fjárfestum einna mest af öllum þjóðum Evrópu, fjárfestum hlutfallslega minna í framleiðslufjárfestingu heldur en okkar nágrannaþjóðir og líklega heldur en nokkur þjóð í Evrópu. M. ö. o.: við, sem fjárfestum einna mest af öllum þjóðum Evrópu, fjárfestum frá framtíðarsjónarmiði þjóðfélagsins vitlausast af öllum. Þetta eru staðreyndir, sem liggja fyrir, — staðreyndir, sem ég lagði hér mjög greinilega fyrir síðasta vetur, þegar þetta frv. var rætt, — staðreyndir, sem enginn af hagfræðingum ríkisstj. hefur treyst sér til þess að hrekja og enginn af fulltrúum ríkisstj. treyst sér til þess að ræða.

Ég vil aðeins leggja áherzlu á þetta, vegna þess að þetta eru ein af þeim rökum, sem undirbyggja þær till., sem ég flyt hér f. h. Alþb. um lausn, um algera lausn, framtíðarlausn, á öllum núverandi efnahagsvandamálum Íslands. Ísland á nægan auð, ef hann er rétt notaður. Ísland og íslenzka þjóðin fær nægar tekjur á hverju ári, ef þeim tekjum er rétt stjórnað. Íslendingar fjárfesta nóg á hverju ári, ef þeir fjárfesta það skynsamlega, ef það er hugsað frá heildarinnar sjónarmiði, hvernig þetta er fjárfest. Og ég vil minna á, að þegar hinu svokallaða einkaframtaki hefur verið sleppt lausu á Íslendinga eins og óargadýri, þá hefur fjárfestingin aldrei verið vitlausari en þá. Ég vil bara minna á, þegar sami einkaframtaksfagnaðarboðskapurinn var fluttur við gengislækkunina 1950 eins og núna við gengislækkunina 1960 og einkaaðilarnir áttu að sýna sína vizku og Framkvæmdabankinn var settur á stofn, til þess að einkaaðilarnir gætu látið blessunina af sér leiða. Hvað var eitt aðalatriðið, sem þá var gert og lagt í af hálfu Framkvæmdabankans? Það var glerhöllin, glerverksmiðjan, sem stendur enn þá sem óbrotgjarn minnisvarði yfir framsýni og hyggni einkaauðvaldsins á Íslandi undir amerískri handleiðslu.

Þess vegna væri það æskilegt, ekki sízt ef einhver á meðal hv. þm. ríkisstjórnarflokkanna, ég tala nú ekki um, ef einhver hæstv. ráðh. hefði eitthvert smásamvizkubit út af því, að það væri að verða kreppa og vaxandi eignamissir og kaupgeturýrnun sem afleiðing af pólitík ríkisstj., og hefði ekki ætlazt til þess, þá vil ég biðja þann viðkomandi að íhuga þessi mál, ræða þessi mál, og í fjhn., sem ég legg til að þetta mál fari til, væri tækifæri til þess, ef það er hægt að koma einhverjum rökum að, fá upp einhverjar viðræður um þessi mál, þannig að menn komi ekki á eftir einu sinni enn þá, eins og menn gerðu eftir gengislækkunina 1950, og segi: Við gengum aldrei út frá, að svona mundi það verða.

Ég álít, að með því frv., sem hér er flutt, ef sameiginlegt átak þjóðarinnar yrði framkvæmt um það, væri verið að vinna í alþjóðarþágu að stórkostlegri breytingu og stórkostlegri uppbyggingu á atvinnulífi landsins og til að tryggja öruggar árlegar lífskjarabætur án allrar verðbólgu, sem þýddi, að kjör íslenzkrar alþýðu færu batnandi ár frá ári. Ég álít velferð íslenzka þjóðfélagsins á næstu árum, hina efnahagslegu velferð þess, undir því komna, að þessi stefna verði upp tekin.

Ef hins vegar ríkisvaldið verður nú notað til niðurrifs í atvinnulífinu í staðinn fyrir til uppbyggingar, notað til árása og rýrnunar á lífsafkomu almennings í staðinn fyrir til lífskjarabóta, notað til eignaráns gagnvart þeim, sem hafa verið að reyna að verða efnahagslega sjálfstæðir í þjóðfélaginu, í staðinn fyrir til þess að auka eignir manna og gera þá bjargálna, þá getur hæstv. ríkisstj. og sú valdaklíka, sem bak við hana stendur og nú ætlar að sópa til sín eignum og tekjum landsmanna eða drjúgum hluta af hvoru tveggja, ekki undrazt það, þó að risið verði upp gegn slíku framferði.

Verkalýðssamtökin hafa beðið mjög róleg og rólegri en jafnvel nokkru sinni fyrr, til þess að allir mættu sjá, hvað leiðir af þeirri stefnu, sem tekin var upp af hæstv. ríkisstj.

Ég vil segja eitt í þessu sambandi. Ef hæstv. ríkisstj. eða einhverjir innan hennar skyldu óttast þetta frv. svo mjög vegna þess, að talað er þarna um áætlunarráð og heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, og þeim þyki slíkt smakka of mikið af bolsévisma, þótt eitt sinn hafi annar stjórnar-

flokkurinn ekki verið neitt hræddur við hann — (Gripið fram í.) Það var Alþfl., og jafnvel Sjálfstfl. hefur komið nærri því líka að smakka eitthvað á slíkum áætlunum og áætlunarbúskap. (Gripið fram í.) Alþfl. hefur haft það á sinni stefnuskrá. Já, hann kvað hafa það á sinni stefnuskrá. En það er nú sitt hvað orð og verk. Það er nú sitt hvað teoría og praksís. En ef hæstv. ríkisstj. skyldi nú óttast meira að segja það, sem hún hefur á sinni eigin stefnuskrá, vegna þess að það smakkar um of af bolsévisma, þá vil ég minna hana á, að hér í einu næsta nágrannalandi okkar, Noregi, er starfandi eitt áætlunarráð og er búið að vera starfandi núna í 15 ár. Hvert einasta ár eru skipulagðar af hálfu ríkisstj. í Noregi og áætlunarráðs hennar þær framkvæmdir, sem gera skal í þjóðfélaginu. Það er nákvæmlega útreiknað, hve miklu þurfi að verja til fjárfestingar í hverjum einstökum lið þjóðarbúskaparins, hvort sem það er t. d. nýbygging skipa, nýbygging verksmiðja eða önnur aukning á því, sem þjóðarbúskapnum er mögulegt. Ég hef nú í 15 ár á hverju ári fengið þetta lagafrv., sem er fyrsta málið, sem lagt er fyrir norska Stórþingið á hverju ári, Stortingsmelding nr. 1, Nationalbudgettet 1961, heitir það, sem mér var að berast nú í fyrradag. Ég hef á hverju ári, sem ég hef flutt þetta frv. hér, sagt frá þessu máli og sagt frá því, hvernig Norðmenn vinna að þessu. Þetta, sem þeir leggja fyrir á hverju ári, sem fjmrn. leggur fram sem heildarstefnu í þjóðarbúskapnum, er þingskjal upp á 64 síður, unnið af sérstakri stofnun, áætlunarráðinu, síðan í samráði við bankana, öll möguleg samtök í landinu, eins og gert er ráð fyrir líka í mínu frv., og tekið alveg nákvæmlega til um, hvað gengið sé út frá að verði næsta ár. T. d. í þessu fyrsta þingskjali norska Stórþingsins stendur, þar sem rætt er um áætlunina fyrir 1961, á bls. 4, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja, mun fjárfestingin að fráreiknuðum birgðum 1960 vera hér um bil 35% af heildarþjóðartekjunum."

35% reikna þeir, að fjárfestingin hafi verið á þessu yfirstandandi ári, og reikna með að minnka hana ekki á því ári, sem fer í hönd, 35%. Norðmenn leggja sjálfir áherzlu á það í næstu greinunum þarna á eftir, að þeir haldi áfram að vera með hæstu fjárfestingarprósentuna af kapítalistískum löndum Evrópu, og jafnvel eru hin sósíalistísku lönd ekki með hærri fjárfestingarprósentu en þetta. Það þýðir m. ö. o.: Norðmenn eru ekkert hræddir við það, þó að fjárfestingarprósentan geti farið upp í 35%. Þeir álíta ekki, að fjárfestingin sé meinið í þjóðarbúskapnum. En þeir taka að sér að stjórna þeirri fjárfestingu, stjórna henni alveg ákveðið, stjórna henni þannig, að það er lagt fyrir þingið af ríkisstj. sem það mál, sem mest liggur á af öllu, mál, sem bókstaflega fylgir fjárlagafrv., hvernig þjóðarbúskapurinn skuli verða næsta ár.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því og hef gert það hér ár eftir ár án þess að geta komið vitinu fyrir þær ríkisstj., sem hér hafa verið starfandi, hver nauðsyn er á að taka upp slíka fasta heildarstjórn á okkar þjóðarbúskap. Satt að segja er það enn nauðsynlegra fyrir okkur en nokkurn tíma Norðmenn.

Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta frv., því að um hin einstöku atriði þess hef ég rætt hér svo oft, að þess á ekki að vera þörf. Ég vil aðeins að lokum taka það fram, að ég álít, að eftir afstöðu hv. þm., sem þeir taka gagnvart þessu frv., ráðist það, hvort þeir vilji leggja hönd að verki til þess að skapa hér á Íslandi framfarir á næstunni eða hvort þeir ætla að horfa upp á, að það sé skipulögð hnignun, — ég segi skipulögð hnignun. Það, sem nú er að gerast í þjóðfélaginu, sú hnignun, sem nú er að fara fram, er ekki afleiðing af hinu svokallaða frelsi, þó að hið svokallaða frelsi í efnahagsmálum gæti ósköp vel skapað slíkt fyrirbrigði. Sú hnignun, sem nú er að fara fram, er afleiðing af beinum aðgerðum ríkisstj., af hennar afskiptum, afskiptum ríkisvaldsins af stjórn á efnahagslífinu. Ég vil taka það fram, að undir því, hvaða afstöðu menn taka til þessa frv., er ekki aðeins komin spurningin um, hvort það verða framfarir eða hnignun á Íslandi á næstunni í okkar efnahagsmálum, heldur líka hitt, hvort það verður stríð eða friður í íslenzku efnahagslífi, hvort það verður gert sameiginlegt átak þjóðarinnar um að skapa framfarir og bæta lífskjörin eða hvort það verður haldið áfram, eins og nú er stefnt, að hagnýta ríkisvald þjóðfélagsins til þess að skipuleggja afturför í efnahagslífinu, skipuleggja kreppu í þjóðfélaginu, skipuleggja efnahagslegt hrun hjá millistéttunum, skipuleggja kaupgeturýrnun og launalækkun hjá verkalýðnum í þágu örfárra peningamanna og pólitískra valdamanna í þjóðfélaginu. Það er um þetta, sem baráttan stendur.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Áburðarverksmiðja (frv. EOl).

Á 15. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [88. mál] (þmfrv., A. 97).

Á 16. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef áður flutt þetta frv. í sama formi og það nú liggur fyrir á þskj. 97 og þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. sjálft, því að ég ætla, að flestum hv. þm. sé orðið það kunnugt, sérstaklega þó þeim, sem lengi hafa þegar setið á þingi.

Á síðasta Alþ. var þessu frv. af meiri hl. fjhn. vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar, og var grg. með nál., sem sýndi, að þeir hv. þm., sem sæti eiga í n. ásamt mér, viðurkenna mjög greini-

lega, að þetta mál þurfi að fá afgreiðslu. Þeirra nál. var stutt, en hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sams konar frv. eða svipað hefur verið áður flutt á þingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Verður að viðurkenna, að hér er um mjög veigamikið mál að ræða, þar sem eigi er talið ótvírætt um eignarrétt áburðarverksmiðjunnar samkv. 3. og 13. gr. áburðarverksmiðjulaganna. Í 3. gr. er svo ákveðið, að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, í 13. gr. er hins vegar ákvæði um, að ríkisstj. sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og að verksmiðjan skuli þá rekin sem hlutafélag. Eftir að þessi heimild var notuð, hafa komið fram á Alþ. nokkuð skiptar skoðanir um eignarréttinn að verksmiðjunni. Meiri hl. fjhn. telur rétt, að málið fái afgreiðslu á þinginu, og leggur til, að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar til athugunar."

Þetta var 2. mai í vor. Undir þetta skrifuðu allir þeir sömu menn, sem nú eru aftur með mér í fjhn., Birgir Kjaran, formaður, Sigurður Ingimundarson, fundaskrifari, Jóhann Hafstein, hæstv. forseti þessarar deildar, frsm., og Skúli Guðmundsson, sem skrifaði undir með fyrirvara.

M. ö. o.: það er viðurkennt af öllum þingflokkum og öllum þeim þm., sem um þetta mál hafa fjallað, að hér sé um mjög veigamikið mál að ræða og að það séu skiptar skoðanir á Alþ. um eignarréttinn að verksmiðjunni. Það liggur í augum uppi, að svona mál er ekki hægt að láta vera óafgreitt þing eftir þing, án þess að ákvörðun sé tekin um það.

Nú var þessu máli vísað til ríkisstj. til athugunar, og ég held ekki, að það hafi a. m. k. áður á Alþ. verið samþ. að gera það undir svo ákveðnum forsendum eins og þeim, sem meiri hl. fjhn. þarna setti fram. Ég hef nú þegar í sambandi við það stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir um breyt. á lögunum um áburðarverksmiðju, spurt hæstv. ríkisstj. að því, hvort hún hafi nokkuð í þessu máli gert. Og það er þegar upplýst, að hæstv. ríkisstj. hefur ekkert í málinu gert, þannig að hv. alþm. verða að gera sér ljóst, að það er Alþ. sjálft, sem verður að láta til sín taka um þetta mál og taka ákvarðanir í því. Það er verkefni Alþ. að bjarga þessari almenningseign, sem hér er um að ræða, stærsta fyrirtækinu, a. m. k. stærsta einstaka fyrirtækinu, sem til er á Íslandi, bjarga því, þannig að það verði áfram örugg almenningseign, en lendi ekki í annarra höndum. Það hefur þegar komið fram, að þetta fyrirtæki, sem þegar það var byggt kostaði 130 millj. kr., er nú talið 245 millj. kr. virði, þannig að það er ekki um neitt smáræði að ræða í sambandi við þetta. Tveir flokkar þingsins hafa allan þann tíma, sem þessi mál hafa verið til umr., staðið alveg saman um þetta, og ég held, að það hafi ekki verið tekin ákveðin flokksafstaða í neinum flokki á móti þessu máli, þannig að það muni vera mjög skiptar skoðanir, eins og meiri hl. hv. fjhn. komst að orði, um þetta. En það þarf að skera úr. Það verður því hættulegra og því verra með hverju árinu, sem líður.

Ég skal til viðbótar við þær upplýsingar, sem ég áður hef gefið um, hvernig á stóð, þegar þetta mál var samþ., án þess að ég fari að rifja nokkuð upp af því, aðeins bæta því við, að þessi hv. d. afgreiddi 1949 áburðarverksmiðjulögin, eins og þau líta út, án 13. greinarinnar, m. ö. o. svipað og ég legg til að þau verði, og í öðru lagi, að sú n. í Ed., — ég man ekki, hvort það var fjhn. eða landbn. þá, sem hafði með málið að gera, — hún afgreiddi líka málið á sama hátt, sem algera ríkiseign, án núverandi 13. gr. Báðar n. þingsins, sem um málið fjölluðu, þegar lögin voru sett, afgreiddu þetta frv., sem var stjórnarfrv., eins og það var lagt fyrir, ákveðið sem ríkiseign og án allrar heimildar til að mynda hlutafélag til að reka það. Það er fyrst undir 3. umr. í Ed., 6. umr. í þinginu, sem þessari undarlegu brtt. er skotið þarna inn og hún af einhverjum undarlegum ástæðum þá samþykkt.

Í sambandi við 3. gr. í því frv., sem ég legg hér fram um heimild til þess að innleysa hlutabréfin í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f, skal ég taka það fram, að ég er reiðubúinn til hverra þeirra samninga um öll þessi atriði, sem hægt væri að gera til þess að tryggja það, að úr því fáist skorið, að áburðarverksmiðjan sé ótvírætt ríkiseign. Ég geng út frá því, að það sé eðlilegt að bæta þeim hluthöfum, sem þarna hafa lagt sitt fé fram, sem nú hefur rýrnað í verði, kannske hafa gert það undir forsendum, sem ekki reynast réttar, — ég álít, að það sé rétt að bæta þeim almennilega upp, og legg þess vegna þarna til, að það sé sett sérstök þingnefnd, sem allir þingfl. tilnefni menn í, sem megi fallast á það ásamt ríkisstj. að greiða þarna hærra verð fyrir, ef hluthafarnir krefjast, sem sé að semja við hluthafana um að kaupa þessi hlutabréf af þeim, þannig að engin vandkvæði verði við það. Hins vegar skal ég viðurkenna, að það er auðvitað til sá möguleiki, svo framarlega sem engir samningar yrðu hugsanlegir við huthafa, sem mér þykir nú satt að segja ólíklegt, því að flestir, sem eiga nú í svona hlutafélögum, sem gefa ekki nú sem stendur neinn stóran arð, eru í þeim lánsfjárskorti, sem nú ríkir, venjulega reiðubúnir til sæmilegra samninga um slíkt. Ég skal viðurkenna hins vegar, að svo framarlega sem engir samningar fengjust og 13. gr. er fallin niður, þá stendur málið þannig, að það eru hluthafarnir, sem verða að sækja þetta. Þá er búið að kippa öllum rekstrargrundvelli undan rekstrarhlutafélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f, og það er eingöngu sú ríkisrekna ríkisverksmiðja, sem starfar, þannig að aðstaða ríkisins, ríkisstj., gagnvart hluthöfunum ætti að vera mjög sæmileg þannig. En hins vegar ætlast ég alls ekki til þess, að það sé á nokkurn hátt á þeim níðzt.

Ég vil aðeins taka þetta fram, um leið og ég legg það til, að þetta frv. fari til hv. fjhn., og ég vil eindregið leyfa mér að óska þess, að sú n. afgreiði nú þetta mál þannig, að það þurfi ekki að verða hér á fleiri þingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Lífeyrissjóður togarasjómanna.

Á 16. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna [89. mál] (þmfrv., A. 98).

Á 17. og 18. fundi í Nd., 7. og 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Frv. til laga um stofnun sérstaks sjóðs til þess að tryggja togarasjómönnum, ekkjum þeirra og börnum lífeyri var borið fram á hv. Alþingi árin 1955, 1956, 1957 og síðan 1958, er það var að lokum samþykkt sem lög. Setning þessara laga hafði í rauninni tvenns konar tilgang. Í fyrsta lagi var um að ræða sanngirnissjónarmið gagnvart sjómönnunum sjálfum og fjölskyldum þeirra. Eftir að margar stéttir manna, sem unnu hæg störf í landi og stuttan vinnutíma, höfðu fengið tryggð lífeyrisréttindi, var í rauninni óafsakanlegt, að þannig skyldi vera búið að þeim, sem erfiðustu og áhættusömustu störfin vinna og lengstan vinnutíma búa við og slitna því fyrr og verða að hverfa frá störfum á undan öðrum, að þeir urðu að afloknu ævistarfi að ganga í land án nokkurrar tryggingar fyrir lífsframfæri, eftir að heilsa og starfsorka hafði bilað við afkastamestu, erfiðustu og lífshættulegustu störfin, sem unnin eru í þjóðfélaginu. Og færi svo, að þeir féllu í valinn við þessi störf, hafði ekki verið svo um hnútana búið, að fjölskyldum þeirra væri tryggður lífeyrir til framfærslu, þótt ýmsar aðrar stéttir hefðu þá þegar tryggt sér hvers konar lífeyri. Það var því löngu kominn tími til, að úr þessu yrði bætt, þegar lögin um lífeyrissjóð togarasjómanna loks voru sett árið 1958, svo skammt sem liðið er síðan. Störf togarasjómanna, sem þjóðinni er lífsnauðsyn að unnin séu og eru ein aðalundirstaðan undir þjóðarbúskap landsmanna, gera þær kröfur til þeirra, sem þau stunda, að þeir afsali sér að miklu leyti heimilislífi og samvistum við fjölskylduna, séu nánast gestir á sínum eigin heimilum, og bitnar það vitaskuld á togarasjómönnunum sjálfum, konum þeirra og börnum. Fyrir afraksturinn af starfi togarasjómanna, meðal annarra, rekur þjóðin margháttaða félags- og menningarstarfsemi, sem togarasjómenn fara svo til alveg á mis við. Allt þetta veldur því, að togarasjómenn eiga nokkra kröfu til þjóðfélagsins umfram aðra, þar sem allt leggst á eitt: Þeir vinna langan vinnudag, hin erfiðustu og lífshættulegustu störf, sem um er að ræða í þjóðfélaginu, afkasta líklega mestu, en fara á mis við það, sem flestir telja ómissandi, enda er það ekki að ófyrirsynju, að iðulega, þegar rætt er um refsivist sakamanna, kemur til tals, að sú refsing væri þyngri að láta þá taka út sinn dóm með skylduvinnu á togara en láta þá vinna af sér sektir á vinnuhæli í landi.

Eins og ég tók fram áðan, hafði lagasetningin um lífeyrissjóð togarasjómanna tvenns konar tilgang, þann, sem snýr að togarasjómönnum sjálfum og heimilum þeirra, að tryggja framgang sanngirnismáls, og hins vegar þann, sem varðar þjóðarbúskapinn, að tryggja það, sem þjóðfélaginu er hagkvæmt. Lífsafkoma þjóðarinnar er öll háð sjávaraflanum, störfum sjómanna á fiskiflotanum, og togararnir eru afkastamestu veiðitækin. Á togurunum eru afköst hvers sjómanns að jafnaði mest. Hver þau afköst eru hverju sinni, verður þó jafnan mjög undir því komið, hversu hæfum og vönum togarasjómönnum þjóðin hefur á að skipa. Jafnvel þegar fiskigengd er lítil, ræður það ekki síður úrslitum, að togararnir séu mannaðir vönum togarasjómönnum, sem eru fljótir að koma út trolli, taka inn troll, gera að fiski, koma fiski í lest, og síðast, en ekki síst, fljótir að gera við veiðarfæri. Þegar fiskigengd er lítil og óvíða fæst fiskur, þarf ekki annað en togari lendi í hrotu einn eða tvo daga, þá nýtist sú hrota að fullu fyrir togara með vönum mönnum, en tapast að miklu leyti með óvönum mönnum og þar með sú veiðiferð, sem annars væri borgið. Undir öllum kringumstæðum, hvort sem um er að ræða fiskigengd eða ekki, varðar það því mjög miklu fyrir þjóðarbúið, að til sé stétt manna, sem gerir það að lífsstarfi sínu að stunda sjómennsku á togurum, svo ógirnileg sem þau störf eru að ýmsu leyti. Þessi stétt manna var til, en nú blasir sú hætta við, að hún sé að hverfa og meir verði um hitt að ræða, að menn hlaupi í þessi störf stund og stund, sem bezt sést á því, að ekki er óvanalegt, að á sama togara séu skráðir svo margir menn samtals á ári hverju, að nemur mörgum áhöfnum.

Annað lítið dæmi sýnir þá breytingu, sem er að verða. Til er talsvert af ljósmyndum, hópmyndum af áhöfnum togara frá fyrri árum, en mér er til efs, að slíkar myndir hafi verið teknar um talsvert skeið, vegna þess einfaldlega, að á flestum togurum er ekki ein áhöfn að staðaldri, heldur margar áhafnir á ári hverju. Það, sem veldur, er einfaldlega það, að miðað við kjör annarra stétta, sem búa við styttri vinnutíma, áhættulaus störf og njóta frítíma síns í landi, hafa kjör togarasjómanna stórversnað.

Það var því stefnt að því með setningu laga um lífeyrissjóð togarasjómanna að gera ráðstafanir til þess, að sjómenn fengjust frekar en áður til þess að starfa á togurunum að staðaldri. Auk þess, að setning laganna var sanngirnismál gagnvart togarasjómönnum og fjölskyldum þeirra, var hún hagsmunamál þjóðarinnar allrar, og er nauðsyn, að lögin séu þannig úr garði gerð, að þau nái þessum tvíþætta tilgangi sínum. En það spor, sem stigið var 1958 með setningu l., eftir breyt. á frv. sjómönnum í óhag, var þó of stutt til þess, að það hefði úrslitaáhrif í þá átt, að togarasjómenn héldu sig að staðaldri við togarana.

Til úrbóta í þessu efni höfum við hv. 11. landsk. þm. flutt nokkrar brtt. við lögin á þskj. 98.

Í 11. gr. núgildandi laga eru togarasjómönnum, sem starfað hafa 10 ár á togurum, tryggð lífeyrisréttindi, ef þeir hafa náð 65 ára aldri. Þetta aldursmark teljum við of hátt. Það er að vísu látið gilda um opinbera starfsmenn, en aðstæður þessara stétta eru á engan hátt sambærilegar

og svo gerólíkar, að óeðlilegt er að miða við sama aldursmark. Það ætti öllum að vera ljóst.

Ég minntist áðan á, að tilgangur 1. væri tvenns konar, annars vegar sanngirni gagnvart sjómönnum og fjölskyldum þeirra og hins vegar viðleitni þjóðfélagsins til að örva unga menn til þess að gerast togarasjómenn og stunda það starf að staðaldri. Sanngirni mælir með því, að aldursmarkið verði lækkað, sé lægra hjá togarasjómönnum en skrifstofumönnum. Um það ættu allir að geta verið sammála, hversu mikið sem þeir vilja svo lækka það. Við, sem þetta frv. flytjum, teljum ekki óeðlilegt, að það sé lækkað í 55 úr 65, svo mjög sem störf togarasjómanna eru erfiðari, vossamari og hættulegri en störf opinberra starfsmanna. Og jafnvel þótt vinnutími togarasjómanna hafi verið styttur í 12 klst. á sólarhring, þá endast þeir, sem gera togarasjómennsku að ævistarfi, svo miklum mun skemur en skrifstofumenn, sem vinna hægari störf miklum mun styttri vinnutíma, að ekki getur talizt óeðlilegt, að eftirlaun komi til 10 árum fyrr en hjá opinberum starfsmönnum.

Upphæð eftirlauna er ákveðinn hundraðshluti af meðallaunum sjóðsfélaga síðustu 10 ár, sem hann hefur starfað, og leggjum við til, að sá hundraðshluti, sem er lægri en hjá opinberum starfsmönnum, hækki til jafns við það, sem um er að ræða hjá þeim. Verður að teljast óeðlilegt, að hundraðshluti þessi sé ekki a. m. k. jafnhár hjá togarasjómönnum, enda eiga þeir án efa erfiðara með að fá vinnu við sitt hæfi, er þeir ná aldursmarkinu og vildu þá hætta til sjós, og eiga í færri hús að venda en opinberir starfsmenn, sem vilja vinna áfram, eftir að þeir hafa náð aldursmarkinu.

Þá leggjum við til, að ótvírætt sé tekið fram í lögunum, að sá hluti launa togarasjómanna, sem felst í hlunnindum, svo sem fæði og skattfríðindum, verði með talinn við ákvörðun meðallauna.

Við teljum, að sanngirni mæli með samþykkt þessara tillagna. Varðandi þann tilgang núgildandi laga að örva unga menn til sjómennsku á togurum, þá held ég, að lögin nái naumast þeim tilgangi sínum, að bætt verði úr þeim vankönt-um, sem ég hef minnzt á. Með samþykkt þessara brtt. yrðu þau hlunnindi, sem lögin veita, raunverulegri og nærtækara mark hinum ungu mönnum, sem þjóðinni ríður á að fáist til þess að stunda störf á togurum.

Fjölmargar aðrar úrbætur þarf að vísu að gera í kjaramálum sjómanna, en þau lög, sem hv. Alþ. hefur sett varðandi þeirra lífeyrismál, er skylt að bæta. Lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn er takmarkið. En við flm. lítum svo á, að með því að lagfæra lífeyrissjóð togarasjómanna, þann eina lífeyrissjóð sjómanna, sem til er, og gera hann að einhverju leyti að fyrirmynd lífeyrissjóðs sjómanna, styttist leiðin að því takmarki.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögunum, valda vitaskuld útgjöldum, þegar frá líður, og leggjum við flm. til, að ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkv. lögunum.

Leitað hefur verið álits Guðjóns Hansens tryggingafræðings um aukin útgjöld sjóðsins vegna brtt. Telur hann, að iðgjöld til sjóðsins þyrftu að hækka úr 10% í 20% eða meir, en tekur fram, að ekki hafi farið fram athugun á hag sjóðsins, skiptingu sjóðsfélaga eftir aldri, hagnaði af úrgöngu o. fl.

Þjóðinni er slík höfuðnauðsyn á því, að afkastamestu framleiðslutækin, sem hún á, séu fullnýtt og skili hámarksafköstum, að frá beinu hagsmunasjónarmiði er eðlilegt, að nokkuð sé lagt af mörkum til að tryggja, að í næstu framtíð hafi togararnir jafnan á að skipa vönum mönnum og kjör togarasjómanna gerð svo viðunanleg, að ungir menn fáist til að gera togarasjómennsku að lífsstarfi. Aflaverðmæti togaranna upp úr sjó nemur a. m. k. 300—400 millj. kr. á ári. Talið er, að afköst með óvana skipshöfn séu nær helmingi minni en ef vanir menn eru um borð. Þótt ekki munaði nema 10%, þá er um 30—40 millj. kr. að ræða, miðað við óunninn fisk. Hér veltur því á miklum fjárhæðum, sem tiltölulega fáir menn vinna þjóðarbúinu. Það er því bæði sanngjarnt og hagkvæmt að búa þeim sem bezt kjör.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, að breyting sú á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem þetta frv. felur í sér, er mjög mikilsverð fyrir þann hluta íslenzkra sjómanna, og það segir mjög réttilega í grg. frv., að lögin, með þessari fyrirhuguðu breytingu áorðinni, mundu stuðla enn frekar að því markmiði, sem lögin m. a. stefndu að í upphafi.

Ekki ætla ég að draga úr því, að þetta frv. nái fram að ganga. En hvort sjómenn almennt og samtök þeirra telji, að þetta breytingaratriði eitt geti samrýmzt óskum þeirra um sanngjarnar og nauðsynlegar breytingar á lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna, það læt ég ósagt um á þessu stigi málsins. En í beinu áframhaldi af fram komnum vilja frá samtökum sjómanna í þessu efni leyfi ég mér að benda á það, að varhugavert geti verið að leita eftir samþykkt þingsins á þessari einu breytingu, þegar fyrir liggja eindregin tilmæli frá sjómannasamtökunum um mjög róttækar breytingar á þessum lögum, sem þessi sjómannasamtök telja stórkostlegt hagsmunamál fyrir meginþorra meðlima sinna.

Ég efa ekki góðan hug flm., sem standa að frv. þessu, og þess vegna veit ég, að hv. flm. muni ekki taka mér það illa upp, þótt ég strax við þessa 1. umr. málsins og áður en málið fer til nefndar, rifji upp þá staðreynd, að haustið 1958 var að tilstuðlan Sjómannasambands Íslands flutt frv. hér í Ed. hv. Alþ. um breyt. á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna. Meginbreyt., sem fólst í því frv., miðaði að því, að lífeyrissjóðurinn yrði fyrir alla sjómenn, sem skráðir væru á skip, burtséð frá því, hvaða þátt sjómennskunnar þeir stunduðu. Við 1. umr. var frv. vísað til heilbr.- og félmn. Ed., og sendi sú hv. nefnd ýmsum aðilum frv. til umsagnar, og meðal umsagna, sem bárust, var umsögn frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, sem mælti eindregið með samþykkt frv., Samband matreiðslu- og framreiðslumanna sömuleiðis, einnig Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, en þó með nokkrum breyt. Þá tók 26.

þing Alþýðusambands Íslands afstöðu til málsins og samþykkti einróma eftirfarandi tillögu, með leyfi hæstv. forseta:

„26. þing Alþýðusambands Íslands skorar á Alþingi það, er nú situr, að samþykkja fram komið frumvarp um, að lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna verði breytt þannig, að lífeyrissjóðurinn verði fyrir alla sjómenn, sem lögskráðir eru á íslenzk skip, svo og fyrir sjómenn á landróðrabátum."

Það kom fljótlega í ljós hjá hæstv. n., að það var við ýmsa erfiðleika að etja, og því til sönnunar má benda á umsögn um þetta frv. frá stjórn lífeyrissjóðs togarasjómanna og Tryggingastofnun ríkisins, sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Framangreindir aðilar hafa athugað frumvarpið," — þ. e. a. s. stjórn lífeyrissjóðsins og Tryggingastofnun ríkisins, — „og á fundi stjórnar lífeyrissjóðsins hinn 21. þ. m." — en bréfið er dags. 22. des. 1958, — „var eftirfarandi fært til bókar:

Stjórn lífeyrissjóðsins telur, að áður en lögfest verður, að allir lögskráðir sjómenn verði sjóðfélagar í lífeyrissjóði togarasjómanna, þurfi að fara fram ýtarleg rannsókn, bæði tryggingafræðileg og varðandi ýmis framkvæmdaatriði, hliðstæð þeirri, sem fram fór, er lög þessi voru upphaflega sett varðandi togarasjómenn. Einkanlega á þetta við um bátasjómenn, sem búa við breytileg kjör og eru mjög fjölmennir. Aðalskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins innheimtir iðgjöld vegna togarasjómanna beint frá útgerðarmönnum, enda eru þeir aðeins rúmlega 20 talsins. Mundi litlu breyta í því efni, þótt lögin tækju einnig til farmanna. En verði lögin einnig látin taka til bátasjómanna, verður ekki aðeins mikil fjölgun sjóðfélaga, heldur munu útgerðarmenn, sem ábyrgir eru fyrir greiðslu iðgjalda til sjóðsins, skipta hundruðum um land allt. Yrði þá ekki hjá því komizt, að umboðsmenn önnuðust innheimtuna, og er nauðsynlegt, að athugað verði vandlega, hvernig því innheimtukerfi verður bezt hagað, og mælt fyrir um það í lögunum.

Þá vekjum vér athygli á því, að allir útreikningar, sem gerðir voru við undirbúning laganna, eru byggðir á athugunum á starfstíma og starfsháttum togarasjómanna. Það er vitað, að árlegum starfstíma a. m. k. margra bátasjómanna er mjög á annan veg háttað en togarasjómanna. Hins vegar mun starf farmanna að jafnaði vera nokkuð stöðugt allt árið og í því efni svipa mun meira til togarasjómanna. Verður því að teljast mjög til athugunar, hvort sömu reglur geti átt við um lífeyrissjóð allra sjómanna sameiginlega eða hvort heppilegra væri og eðlilegra, að um einhvers konar deildaskiptingu væri að ræða, og á þetta einkanlega við um bátasjómenn. Hér verður ekki reynt að telja upp tæmandi þau atriði, sem til athugunar eru, en benda má þó á, að kveða þarf á um iðgjaldagreiðslu eigenda skipa, sem sjálfir eru skipverjar, og þeirra, sem reka útgerð í félagi og eru skipverjar án þess að vera ráðnir upp á samningskjör, aðild landmanna við línuveiðar að sjóðnum o. fl.

Það er því álit vort, að nauðsynlegt sé, að framkvæmd verði gagnger endurskoðun á lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna, áður en lögfest verður, að þau taki til allra lögskráðra sjómanna."

Síðasta umsögnin, sem þessari hv. n., heilbr.- og félmn. Ed., barst um þetta frv., var frá Sjómannasambandi Íslands, sem hafði haft forgöngu um það, að þetta mál yrði flutt í Ed., og ég vil leyfa mér, áður en ég held áfram máli mínu, með leyfi forseta, að lesa þessa umsögn frá Sjómannasambandi Íslands líka:

„Síðan frumvarp til breyt. á lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna var flutt, hefur sú breyt. orðið á, að við samninga um kaup og kjör bátasjómanna varð það að samkomulagi, að nefnd manna yrði skipuð til að gera tillögur um lífeyrissjóð fyrir bátasjómenn, svo að hæpið er, að frumvarp það, sem fyrir liggur, geti haldið áfram óbreytt. Hins vegar er mjög aðkallandi, að lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna verði breytt á þann veg, að sjóðurinn verði einnig fyrir farmenn. Í flestum þeim umsögnum, er hv. heilbr.- og félmn. hafa borizt um frv., eru ekki talin nein vandkvæði á, að sjóðurinn taki einnig til farmanna. En svo stendur á, að á s. l. sumri var svo um samið, að lífeyrissjóður fyrir þá skyldi koma til framkvæmda um áramótin síðustu. Aðeins hjá einu skipafélaganna er þetta komið í framkvæmd." — Þetta er skrifað 3. febr. 1959. — „Það er eindregin ósk undirmanna á farskipum að fá að vera í lögskipuðum lífeyrissjóði með öðrum sjómönnum, og því treystum vér hv. heilbr.- og félmn. til þess að gera þá breyt. á frumvarpinu, er með þarf, svo að þetta nái fram að ganga, og þá einnig, að aðild farmanna að sjóðnum taki gildi frá 1. janúar síðastliðnum."

Þetta var umsögn Sjómannasambandsins.

Frá þeim degi, að þessi umsögn barst til hv. heilbr.- og félmn. Ed., virðist sögu þessa máls vera lokið hér í þinginu. En þessi saga er ekki öll þrátt fyrir það. Hæstv. félmrh. setti nefnd manna til að reyna að finna grundvöll, sem byggja mætti á viðunanlega lausn í þessu vandasama og að ýmsu leyti viðkvæma máli. Þessi nefnd, sem hæstv. félmrh. skipaði, var skipuð fulltrúum frá sjómannasamtökunum, útgerðarmönnum og frá Tryggingastofnun ríkisins. Nú er mér kunnugt um, að þessi nefnd klofnaði og skilaði tveimur álitum. Voru fulltrúar sjómannasamtakanna annars vegar með sérálit. Ég get persónulega að mörgu leyti skilið, að það færi svo, enda eru satt að segja ýmis ljón á veginum, sem í fljótu bragði virðist mjög örðugt að yfirvinna, og má þar bæði nefna lagalega og tryggingafræðilega örðugleika, auk beinna hagsmunaatriða og jafnvel líka tilfinningamála í sambandi við þá lífeyrissjóði sjómanna, sem fyrir eru.

Fyrir skömmu var sagt frá því í blöðum hér í bæ, að minni hl. stjórnar Alþýðusambands Íslands hefði lagt fram kröfur, sem var vísað frá þar, en í þessum kröfum var m. a. farið fram á, að komið yrði á almennum lífeyrissjóði fyrir alla launþega.

Með hliðsjón af þessu og einnig vegna þess máls, sem ég hef verið hér að ræða, hef ég leyft mér nú í dag að leggja fram fyrirspurn í Sþ. til hæstv. félmrh. um störf nefndar, sem skipuð var í ágúst frekar en í desember 1958 og átti að fram-

kvæma athugun, sem Alþ. hafði ályktað þann 31. maí 1957 með samþykkt sinni að framkvæmd yrði. En þetta var athugun um stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem nytu ekki lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Þessi nefnd hlýtur að hafa rekið sig á sömu örðugleikana og nefndin, sem fjallaði um breytingarnar á lífeyrissjóði togarasjómanna, og væntanlega hefur hún lagt fram tillögur til ríkisstjórnarinnar um, hvaða úrbóta yrði þörf, áður en auðið væri að koma slíkum sjóði eða slíkum lífeyrissjóðum á stofn.

Ég hef dregið fram í stórum dráttum gang þessa máls hér á þingi, frá því að áðurnefnt frv. kom fram í Ed., vegna þess að það eru eindregin tilmæli mín til þeirrar hv. nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, eftir að umr. um það er lokið hér, að hún kanni vandlega sögu þessa máls og **reyni að leita úrræða, sem geti leyst þennan vandræðahnút**, sem málið er komið í nú.

Ég vil svo endurtaka, áður en ég lýk máli mínu, að ég er ekki með þessum orðum mínum að leggjast gegn frv. hv. flutningsmanna, sem er hér til umr. Ég er aðeins að benda á þá staðreynd, að það geti verið varhugavert að gera tiltölulega smávægilega breytingu á lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna, meðan sú meginbreyting, sem ég hef lýst, er ekki komin lengra áleiðis en raun ber vitni um, þrátt fyrir það, að það er eindregin ósk alls þorra starfandi sjómanna.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. minntist á, að aðalatriðið í lífeyrismálum sjómanna væri sameiginlegur sjóður fyrir alla sjómenn, og það er alveg rétt, enda tók ég fram í minni ræðu, að það væri takmarkið. Eins og hann benti á, telja ýmsir aðilar, að það þurfi gagngerrar athugunar við, áður en lögfest verði, að lífeyrissjóður togarasjómanna, sem nú er til, nái til allra sjómanna. Og ég tel, að það sé ekki rétt að láta þær athuganir, sem fram þurfa að fara, tefja það, að lagfærður sé sá eini lífeyrissjóður, sem sjómenn eiga nú, heldur verði hann gerður þannig úr garði, að hann geti, þegar til kemur, verið fyrirmyndin að lífeyrissjóði allra sjómanna. Og togarasjómenn munu án efa vera óþolinmóðir að bíða eftir þeim athugunum, sem hafðar eru sem rök fyrir því, að ekki verði bætt úr þeirra eigin lífeyrissjóði og hann gerður þannig, að þeir geti við hann unað, og sú rannsókn á ekki að torvelda umbætur á lífeyrissjóði togarasjómanna, sem samkv. þessum tillögum eru ekki smávægilegar, eins og hv. þm. minntist á, heldur allstórvægilegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 550, var útbýtt 21. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Landsútsvör.

Á 19. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um landsútsvör [94. mál] (þmfrv., A. 105).

Á 20. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Helzti tekjustofn sveitarfélaganna til þess að standa undir sameiginlegum þörfum íbúanna í hverju sveitarfélagi, svo sem eins og gatnagerð, vatnsveitum, skólpræsakerfi, skólahaldi, fátækraframfærslu o. s. frv., hafa útsvörin jafnan verið.

Útsvörin hafa vissulega lagzt á með nokkuð misjöfnum hætti, ekki sízt eftir því, hversu miklar hinar sameiginlegu þarfir hafa verið í hinum einstöku sveitarfélögum. Því færri sem sameiginlegu þarfirnar eru, þeim mun lægri eiga útsvörin að öðru jöfnu að geta verið. En þar kemur einnig fleira til, sem gert getur mismun á því, hversu útsvörin leggjast þungt á einstaklingana í hverju einstöku sveitarfélagi. Útsvörin eru jafnan einkanlega tvenns konar, þ. e. a. s. **útsvör á fyrirtæki**, annaðhvort veltuútsvör eða útsvör á ágóða fyrirtækja, og í öðru lagi útsvör, sem leggjast á tekjur einstaklinganna. Það gefur auga leið, að eftir því sem stærri hluti útsvarsupphæðarinnar er fáanlegur með útsvari á fyrirtæki, þeim mun léttara geta einstaklingarnir komizt út af útsvörum á sínar persónulegu tekjur. Það er geysimikill munur á því, hver aðstaða hinna einstöku sveitarfélaga er til þess að ná útsvari af fyrirtækjum, og fer það ekki allajafna eingöngu eftir því, hversu mikil viðskipti eru í hverju sveitarfélagi, heldur stendur stundum svo á, að allt annað sveitarfélag hefur aðstöðu til þess að ná útsvari af þeirri verzlun, sem einstaklingar í einu sveitarfélagi raunverulega framkvæma.

Það kom líka greinilega í ljós á s. l. vetri, þegar lögfest var fyrir frumkvæði ríkisstj. sérstakt lagafrv. um útsvör, að þar varð að gera ráð fyrir slíkri mismunun á álagningu á einstaklinga, að þrenns konar útsvarsstigar voru þar lögleiddir: einn, sem skyldi gilda fyrir þá íbúa, sem búa í kaupstöðum utan Reykjavíkur, og var sá langhæstur, annar, sem skyldi gilda fyrir íbúa í sveitum landsins og þorpum, og var sá nokkru lægri, og sá þriðji, sem skyldi gilda fyrir íbúa Reykjavíkur, og var sá langlægstur. Þar hafði sem sagt, áður en kom til þess, að meta þyrfti, hversu stóran hluta af tekjum einstaklinganna þyrfti að gera upptækan í útsvar, verið séð fyrir því, að þetta stærsta sveitarfélag landsins ætti þess kost að ná svo stórum fjárfúlgum í útsvör af fyrirtækjum, að hægt var að hafa útsvarsstigann á íbúum þess sveitarfélags, þ. e. Reykjavíkur, lægri en útsvarsstiga allra annarra.

Í framkvæmd má vera, að þetta hafi farið á ýmsa lund, þar sem sveitarfélögin eru ekki lögum samkvæmt bundin til þess að fara nákvæmlega eftir hinum lögleidda stiga, enda þótt til þess sé ætlazt og enda þótt svo hljóti að fara, þegar árin líða, og allt hnígur að því, að hinn lögleiddi út-

svarsstigi verði mestu ráðandi um upphæð útsvaranna á hverjum stað.

Því verður ekki móti mælt, enda kemur það glögglega fram í þeim lögum, sem ég hef hér vitnað til, að aðstaða eins sveitarfélags í landinu er öll önnur og miklu betri en allra hinna til þess að ná útsvari af fyrirtækjum. Nú væri að sjálfsögðu ekkert við þessu að segja, ef hér væri raunverulega um þau fyrirtæki að ræða, sem heyrðu til í einu og öllu höfuðborg landsins, ef hér væri um að ræða eingöngu sköttun á þeim viðskiptum, sem Reykvíkingar raunverulega eiga og ekki aðrir. En því er nú svo farið, að Reykjavík hefur samkvæmt lögum og samkvæmt allri sinni aðstöðu möguleika umfram alla aðra og möguleika, sem eru ósanngjarnir gagnvart öðrum sveitarfélögum landsins. Það má vel vera, að Reykjavík veiti ekkert af öllum þeim útsvarsstofnum, sem hún hefur. En um það verður ekki deilt, að það er óréttlátt gagnvart öðrum sveitarfélögum, að Reykjavík skuli t. d. ein allra sveitarfélaga landsins hafa möguleika á því að skattleggja fyrirtæki eins og t. d. Tóbakseinkasölu ríkisins. Tóbakseinkasala ríkisins er fyrirtæki, sem skiptir við alla landsmenn, öll tóbakskaup í landinu fara í gegnum þetta fyrirtæki, og þar af leiðandi er augljóst, að það er aðeins minni hlutinn af þeim viðskiptum, sem eru viðskipti við Reykvíkinga sjálfa, enda þótt Reykjavík ein allra sveitarfélaga hafi möguleika til þess að gera þessa verzlun að sínum útsvarsstofni, en það hefur Reykjavík samkvæmt sérstökum lögum um aukaútsvar ríkisstofnana. Sama máli gegnir um áfengiseinkasölu ríkisins að öðru leyti en því, að örlítið brot af því útsvari, sem hún greiðir, fer til þeirra fáu staða á landinu utan Reykjavíkur, þar sem áfengisútsala er. En eins og allir vita, eru viðskipti þessa fyrirtækis ekki bundin við íbúa þeirra staða einna, þar sem fyrirtækið hefur útsölu eða skrifstofu, heldur er þetta verzlun við alla landsmenn. Á sama hátt hefur Reykjavík möguleika til þess að gera að sínum tekjustofni tekjur eða veltu fyrirtækja, sem eru sameign svo að segja allra landsmanna eða manna hvaðanæva að af landinu, eins og til dæmis að taka sambönd eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga og fleiri slík fyrirtæki, sem að vísu hafa aðalskrifstofu sína eða aðsetur sambands síns hér í Reykjavík, en verzlunin eða viðskiptin, sem þau reka, eru ekki viðskipti, sem tilheyra Reykjavík frekar en öðrum landsmönnum, og í sumum tilfellum má segja, að síður sé en svo.

Það frv., sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því, að þetta misræmi í aðstöðu sveitarfélaganna verði í aðalatriðum jafnað með því, að tekin verði upp álagning landsútsvara á fyrirtæki, sem reka viðskipti við landsmenn í heild, og renni þau útsvör í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð þeirra á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra hvers um sig. Þau fyrirtæki, sem lagt er til að greiði landsútsvar, eru fyrst og fremst stofnanir, sem eru reknar í þjónustu landsmanna allra eða manna hvarvetna á landinu, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingafélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau önnur fyrirtæki, sem ráðuneytið úrskurðaði hverju sinni, að samkv. eðli málsins ættu að falla undir landsútsvör, að samþykktu því frv., sem hér liggur fyrir.

Það er gert ráð fyrir því, að niðurjöfnun þessara útsvara færi fram á vegum nefndar, sem Samband ísl. sveitarfélaga skipaði, og síðan er gert ráð fyrir því, að landsútsvarið ætti að leggjast á eftir þeim lögum, sem þar um gilda, gagnvart fyrirtækjum í Reykjavík á hverjum tíma.

Þá er gert ráð fyrir því, að þau fyrirtæki, sem lagt væri á landsútsvar, ættu þess kost að kæra útsvarsálagninguna eins og aðrir útsvarsgjaldendur, fyrst til þeirrar nefndar, sem jafnaði útsvörunum niður, en síðan, ef þau vildu ekki sætta sig við hennar úrskurð, þá ættu þeir útsvarsgreiðendur málskotsrétt til ríkisskattanefndar.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að landsútsvörin ættu að innheimtast á vegum félmrn., en það ráðuneyti hefur yfirstjórn þeirra mála, sem sveitarfélögunum eru sameiginleg, og má þá gera ráð fyrir því, að það ráðuneyti mundi fela innheimtuna einhverri ákveðinni stofnun, eins og t. d. jöfnunarsjóði sveitarfélaganna, og væri það ekki óeðlilegt.

Þá kveður þetta lagafrv. svo á, að þau fyrirtæki, sem gjaldskyld væru talin um landsútsvar, skyldu að sjálfsögðu vera undanþegin því að þurfa jafnframt að borga sveitarútsvör.

Og að lokum gerir lagafrv. þetta ráð fyrir því, að um leið og frv. tæki gildi sem lög, væru úr gildi felld lögin um sérstakt aukaútsvar ríkisstofnana, þ. e. a. s. þau lög, sem ákveða það, að ríkisstofnanir eigi að gjalda 5% af hreinum ágóða sínum til þeirra sveitarfélaga, þar sem þau hafa aðsetur, sem í framkvæmd er svo að segja eingöngu að gjalda 5% af ágóða sínum til Reykjavíkur. En sá einn tekjustofn nemur nú sjálfsagt fram undir 14 millj., og er það allmiklu hærri upphæð en öll útsvörin t. d. í Vestmannaeyjum nema árlega.

Frv. er, svo sem ég hef áður tekið fram, flutt í þeim tilgangi að jafna þann aðstöðumun, sem nú er hjá hinum einstöku sveitarfélögum til þess að geta náð réttlátlega útsvari af verzlun sinna þegna, og vænti ég þess, að þetta frv., ef að lögum yrði, bætti þar algerlega um og jafnaði þessa aðstöðu. Væntum við flm. þess að fá við jafnaugljóst réttlætismál og þetta er stuðning allra þeirra alþm., sem vilja líta af réttsýni á, hvernig þessum málum er eðlilegast fyrir komið.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 549, var útbýtt 21. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Ríkisútgáfa námsbóka.

Á 20. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 7. apríl 1956, um ríkisútgáfu námsbóka [99. mál] (þmfrv., A. 110).

Á 21. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fyrir því frv. á þskj. 110, sem hér er til umr., þarf naumast langa framsögu. Lagt er til, að úr lögum um ríkisútgáfu námsbóka verði felld þau atriði, sem gera ráð fyrir álagningu námsbókagjalds. Samkvæmt núgildandi lögum um ríkisútgáfu námsbóka er hún kostuð með innheimtu námsbókagjalds af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri.

Þegar lagt var fram í hv. Alþingi frv. til laga um að fela ríkinu að annast um útgáfu á þeim námsbókum, sem þörf er á fyrir börn á skólaskyldualdri, hefur sjálfsagt verið talið ólíklegt, að lögin fengjust samþykkt, ef ekki væri gert ráð fyrir sérstöku námsbókagjaldi, þar sem lagasetningin var að öðru leyti ágreiningsmál þá. Nú horfir málið nokkuð öðruvísi við, og úrelt er og óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að lagt sé sérstakt gjald á barnafjölskyldur til þess að kosta þennan einstaka lið af mörgum kostnaðarliðum í ríkisrekstrinum. Bæði álagning skattsins og innheimta veldur óþarfri skriffinnsku og kostnaði.

Síðastliðinn vetur hét hæstv. ríkisstjórn því við afgreiðslu efnahagsmála að fella niður þetta gjald og reiknaði út í sinni hvítu bók, hversu miklu það munaði vísitölufjölskylduna frægu að losna við námsbókagjaldið. Vísitölufjölskyldan margfræga hefur, frá því að það loforð var gefið, mátt bæta margs kyns nýjum gjöldum í búreikninga sína, en enn hefur hún ekki getað sett núll í dálkinn fyrir námsbókagjald. Efndirnar á loforði ríkisstjórnarflokkanna hafa á hinn bóginn orðið þær, að vísitölufjölskyldan, sem árið 1959 greiddi 95 kr. í námsbókagjald, greiðir nú á þessu ári 160 kr., eða rúmlega 68% meir. Auk þess var árið 1959 greitt námsbókagjald fyrir sjö aldursflokka barna, en á þessu ári fyrir átta. Í stað þess að enginn greiði námsbókagjald, svo sem heitið var, greiða það nú fleiri en áður og hærra gjald en nokkru sinni fyrr. Þar sem svo virðist sem við þessar efndir eigi að sitja, hef ég leyft mér að flytja þetta frv., til þess að úr því fáist hreinlega skorið, hvort ríkisstjórnarflokkarnir fást til þess að standa við loforð sitt um afnám námsbókagjalds.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru nokkur atriði í grg. þessa frv. og í ræðu hv. flm., sem ég vildi leiðrétta. Það er rétt, sem hann sagði í ræðu sinni og segir í grg., að ráð var fyrir því gert í grg. fyrir efnahagsfrv. ríkisstjórnarinnar á s. l. vetri, að námsbókagjald yrði fellt niður, og skyldi þetta vera einn liður í þeim niðurgreiðslum, sem ríkisstj. gerði ráð fyrir til þess að vega á móti þeirri verðhækkun, sem vitað var að sigla mundi í kjölfar gengisbreytingarinnar. Þetta er rétt. Hins vegar er það alrangt, sem hann sagði í framsöguræðu sinni og segir í grg., að í því felist nokkur svik af hálfu ríkisstj., að horfið var frá því að fella námsbókagjaldið niður. Ríkisstj. sagði í sambandi við setningu efnahagslöggjafarinnar, að hún mundi gera ráðstafanir til að vega á móti þeirri verðhækkun, sem sigla mundi í kjölfar gengisbreytingarinnar, annars vegar með því að auka fjölskyldubætur mjög verulega og mundi sú aukning lækka vísitöluna aftur um um það bil 8.5 stig, og hins vegar mundi hún auka ýmsar niðurgreiðslur, þ. á m. greiða niður námsbókagjald, þ. e. fella það niður, greiða það niður 100%. Nánari athugun á því máli leiddi hins vegar í ljós, að það fyrirkomulag var ekki alls kostar heppilegt af ýmsum ástæðum, sem ég skal ekki rekja hér. Um leið og tekin var sú ákvörðun að hætta við niðurgreiðslu námsbókagjaldsins, var sú ákvörðun tekin að hækka niðurgreiðslur á öðrum vörum, sem því svaraði og raunar heldur meira. Það var áætlað, að niðurgreiðsla námsbókagjaldsins mundi lækka vísitöluna um 0.2 stig, og var tekin ákvörðun um að auka aðrar niðurgreiðslur sem þessu svaraði og raunar heldur meira. Niðurstaðan hefur orðið sú, að síðan efnahagslöggjöfin var sett, hafa auknar niðurgreiðslur ekki lækkað vísitöluna um 1.8 stig, eins og gert var ráð fyrir í grg. með frv., heldur milli 3 og 4 stig, nær fjórum stigum. Á þessu sést, að því fer víðs fjarri, að í því hafi falizt nokkur brigð af hálfu ríkisstj. að hætta við niðurfellingu eða niðurgreiðslu námsbókagjaldsins.

Það, sem gert var, var, að í stað niðurgreiðslu námsbókagjalds var tekin önnur niðurgreiðsla, sem heppilegri þótti, fyrst og fremst vegna þess, að niðurgreiðslukerfi var fyrir hendi á því sviði.

Að því er það snertir, að námsbókagjald hefur hækkað nú á þessu ári úr 95 kr. í 160 kr., er þess að geta, að hér er um að ræða aukna þjónustu við þær fjölskyldur, sem börn eiga á skólaskyldualdri, svo að því fer víðs fjarri, að í þessari hækkun námsbókagjaldsins felist aukin byrði á þær barnafjölskyldur, sem eiga börn á skólaskyldualdri. Þegar það er haft í huga, að námsbókagjaldið er ákveðinn hluti af kostnaði ríkisútgáfunnar, á kostnaði við útgáfu skólabóka, en hinn hlutinn er greiddur á fjárlögum, þá er alveg augljóst mál, að þær fjölskyldur, sem eiga börn á skólaskyldualdri, fá miklu meira í sinn hlut en nemur þeirri hækkun, sem þær greiða í námsbókagjald. Ríkið eykur sína fjárveitingu á móti, hefur gert það á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og mun halda áfram að gera það samkv. tillögum í fjárlagafrv. núverandi ríkisstjórnar. Þess vegna er það líka á algerum misskilningi byggt, að þessi hækkun feli í sér auknar byrðar. Þvert á móti. Það kemur á móti aukin þjónusta af hálfu ríkisútgáfunnar, sem að mjög verulegum hluta er greidd af því opinbera, af ríkissjóði. Einnig þetta atriði í málflutningi hv. flm. er á algerum misskilningi byggt. Að því er þá þjónustu snertir, sem ríkisútgáfan veitir, hefur hagur almennings eða þeirra fjölskyldna, sem börn eiga á

skólaskyldualdri, beinlínis verið bættur mjög verulega með stóraukinni þjónustu við þau börn, sem skóla ríkisins sækja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. menntmn., á þskj. 573, var útbýtt 22. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Sömu laun kvenna og karla.

Á 21. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um sömu laun kvenna og karla [102. mál] (þmfrv., A. 114).

Á 25. og 29. fundi í Nd., 21. og 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég nú flyt ásamt 5 þm. Alþb., er þess efnis, að löggjafinn viðurkenni fullt launajafnrétti kvenna og karla. Í grg. er frá því skýrt, hvernig flutningi þessa frv. hefur áður verið hagað, í þau þrjú skipti, sem það hefur áður verið borið fram á Alþingi, allt frá því að það var fyrst flutt árið 1948. Í grg. er á það bent, að Ísland hefur, bæði með aðild sinni að Sameinuðu þjóðunum og aðild sinni að Alþjóðavinnumálastofnuninni, skuldbundið sig til þess að vinna að launajafnrétti kvenna og karla. Þar er einnig frá því skýrt, að Alþjóðasamband frjálsra verkalýðsfélaga, sem Alþýðusamband Íslands er aðili að, hafi lagt fyrir öll meðlimasambönd sín að berjast ötullega fyrir því, hvert í sínu landi, að sama kaup verði greitt konum sem körlum.

Málinu var vissulega dauflega tekið, þegar það var fyrst flutt á Alþingi fyrir 12 árum, en síðan hefur því aukizt fylgi með ári hverju.

Það eru ekki nema nokkrir áratugir, síðan það var algild regla hér á landi, að konur skyldu hafa um það bil hálft kaup á móti körlum, jafnvel þótt þær gengju að nákvæmlega sama verki og karlmenn, t. d. bæru fiskbörur við fiskvinnu móti karlmanni. Nú er það hins vegar orðin lögfest meginregla, að allar konur, sem eru opinberir starfsmenn, skuli hafa sömu laun og karlar. Aðeins skortir nokkuð á enn þá um, að þetta sé alls staðar komið í framkvæmd. En ekki efa ég, að það hlýtur að koma innan skamms tíma, enda er í 2. gr. þessa frv. ákvæði, sem ætti að gera ókleift að sniðganga ákvæði gildandi laga, þ. e. a. s. ákvæðið um færslu milli launaflokka, þegar konur eiga í hlut. En það er einmitt í sambandi við það, sem launajafnrétti kvenna er ekki enn þá komið í framkvæmd.

Þegar ég flutti þetta mál á þinginu 1954 og þá nákvæmlega samhljóða þessu frv., voru meðflm. mínir að því hæstv. núv. sjútvmrh., Emil Jónsson, hæstv. núv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og hv. 10. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson. Hef ég enga ástæðu til þess að ætla, að þeir hafi skipt um skoðun í þessu máli á þeim 6 árum, sem síðan eru liðin, og tel ég slíkan stuðning hæstv. ráðherra og áhrifamikils þm. úr röðum stjórnarliðsins mjög þýðingarmikinn fyrir framgang málsins.

Enn er þess að geta, að á þinginu 1954 fluttu einir 6 þm. Sjálfstfl., — ef ég man rétt, var núv. hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, meðal þeirra, — þáltill., þar sem skorað var á ríkisstj. að beita sér fyrir fullgildingu alþjóðasamþykktarinnar um *jöfn laun kvenna og karla af hendi Íslands*. Var því haldið fram, að þegar jafnlaunasamþykktin væri þannig orðin viðurkennd af Íslandi og prinsipið um sömu laun kvenna og karla viðurkennt, þá yrði auðvelt og næsta sjálfgert að koma á algeru launajafnrétti kvenna og karla eftir það. Þannig er ekki annað vitað en málið eigi vísan stuðning eins af núv. ráðherrum Sjálfstfl. og að hópur manna í þingliði þess flokks sé málinu einnig fylgjandi.

Nú hefur það einmitt gerzt, að Ísland hefur fullgilt alþjóðasamþykktina um jöfn laun kvenna og karla, og íslenzk verkalýðshreyfing hefur lýst því yfir hvað eftir annað, að launajafnréttismálið sé hér eftir ekkert sérmál kvenna, heldur sé það almennt jafnréttis- og mannréttindamál, sem varði verkalýðshreyfinguna alla, og hafi hún gert þetta mál að sínu sameiginlega baráttumáli.

Smátt og smátt hefur verkalýðsfélögunum tekizt að minnka kaupmismuninn milli kvenna og karla, þótt allt of hægt miði í þá áttina. Nú er almennt kvennakaup 78.08% af karlmannskaupi, þegar miðað er við kaup þeirra í almennri verkamannavinnu, en nálægt ¼ hluti af vinnu kvenna í fiskiðnaðinum er nú þegar goldinn með karlmannskaupi. Á liðnu sumri var samið um, að greiða skyldi karlmannskaup við alla síldarvinnu norðanlands, sem enn þá væri framkvæmd í tímavinnu. Þá hefur, svo sem kunnugt er, öll ákvæðisvinna við fiskþvott og síldarsöltun lengi verið greidd eftir afköstum einum, en alls ekki með tilliti til þess, hvort vinnan væri framkvæmd af karli eða konu. Og nú er krafa verkakvennafélaganna í landinu sú, að almennt kvennakaup verði ekki lægra en 90% af kaupi karla og jafnframt verði fjölgað nokkuð þeim vinnuflokkum, sem karlmannskaup er nú greitt fyrir.

Með þessum kröfum er sýnt, að verkalýðssamtökin hafi ákveðið að afmá launamisrétti kvenna í tveimur lokaáföngum: koma kvennakaupinu nú úr 80 eða um það bil í 90% af kaupi karla í næstu samningum og síðan úr 90% í 100%. Það er því hjáróma rödd og á eftir tímanum, sem vart verður við í öðru frv., sem flutt er nú á þessu þingi, þar sem gert er ráð fyrir að byrja fyrst á árinu 1962 að minnka bilið milli kvenna- og karlakaupsins og taka síðan einn sjötta af kaupmismuninum á ári hverju úr því, þar til hann sé horfinn á árinu 1967. Þetta munu konurnar áreiðanlega tákna með orðunum: Of seint og of lítið. — Einmitt nú er þetta að mínu áliti eins og eins konar hnífstunga í bak kvennasamtakanna.

Eg tel rétt að láta þess getið hér, að ein þeirra

krafna, sem danska alþýðusambandið ber nú fram, er algert launajafnrétti kvenna og karla.

Ég treysti á, að þeir hæstv. ráðherrar, sem áður hafa flutt frv. shlj. þessu, og þeir aðrir þm. og ráðherrar, sem auk þess hafa lýst stuðningi við málið, þegar búið væri að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykktina um sömu laun kvenna og karla, tryggi frv. þessu sigur og það hljóti örugga afgreiðslu og fljóta á þessu þingi. Um stuðning stjórnarandstöðunnar við málið leyfi ég mér að efast ekki á nokkurn hátt.

Málið er nú komið á slíkt lokastig, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar, að sjálfsagt virðist, að löggjafinn fylgist með þróun tímans og lögfesti launajafnrétti kvenna og karla. Það mundi vissulega verða Íslandi fremur til sóma á alþjóðavettvangi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 597, var útbýtt 23. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna.

Á 22. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna [104. mál] (þmfrv., A. 116).

Á 26. og 27. fundi í Nd., 22. og 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Eins og frá er skýrt í grg. þessa frv., hefur frv. efnislega samhljóða þessu verið flutt þrisvar sinnum áður.

Í 1. gr. frv. segir, að stofna skuli skóla, er nefnist félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Til þess er ætlazt, að hann starfi 6 mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí, þessum námstíma megi þó skipta í tvö þriggja mánaða námskeið og haga þá námsskrá í samræmi við þá tilhögun. Einnig er skólanum heimilað að hafa styttri fræðslunámskeið, og skal kennslu þá hagað í fyrirlestraformi og með námshópastarfsemi, svo sem mjög tíðkast í verkalýðsskólum nágrannalandanna.

Í 2. gr. frv. er gerð grein fyrir námsgreinum og öðru námsefni skólans. Helztu námsgreinar skulu vera: íslenzk tunga og bókmenntir, Íslandssaga, einkum saga atvinnuveganna, og þjóðfélagsfræði. Enn fremur á félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna að veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og störf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtaka atvinnurekenda, svo og um meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar. Þá ber að kenna í skólanum fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum í að setja hugsanir sínar og skoðanir fram skipulega í ræðuformi. Heimila má í reglugerð, segir í frv., að kenna eitt Norðurlandamál, svo og vélritun og grundvallaratriði í bókfærslu. Og enn segir þar, að söngur skuli iðkaður í tengslum við kennslu og starf skólans. Nemendur skulu ekki vera yngri en 16 ára, hafa óflekkað mannorð, vera eigi haldnir smitandi sjúkdómum, og félagsmenn skulu þeir og vera í verkalýðsfélagi.

Til þess er ætlazt, að skólinn lúti yfirstjórn félmrh., en dagleg stjórn hans sé í höndum 5 manna skólanefndar. Skal félmrh. tilnefna formann skólanefndarinnar, en miðstjórn Alþýðusambandsins tilnefna aðra nefndarmenn. Skólanefndin á að ráða skólastjóra og kennara. Á sama hátt og bændaskólarnir og sérskólar ýmissa annarra vinnustétta eru algerlega kostaðir af ríkinu, er einnig gert ráð fyrir því, að svo verði og um félagsmálaskóla verkalýðsstéttarinnar.

Í öllum lýðræðisríkjum þykir bezt á því fara, að verkalýðshreyfingin starfi óháð ríkisvaldinu. Þess vegna þykir sjálfsagt, að sérskóli verkalýðssamtakanna sé að mestu leyti undir stjórn Alþýðusambandsins, en lúti þó yfirstjórn félmrh. Sem hliðstæðu má nefna það, að sérskóli samvinnuhreyfingarinnar er, eftir því sem ég bezt veit, að öllu leyti undir hennar stjórn.

Tilgangurinn með skóla þessum er auðvitað sá, að skapa verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem nánast eru tengdar starfi verkalýðssamtakanna. Um þörfina á slíkum skóla verður naumast deilt. Störf forustumanna verkalýðsfélaganna verða æ fjölþættari og vandasamari með ári hverju, og það skiptir þjóðfélagið hreint ekki svo litlu máli, að t. d. samningagerðir verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur um laun og kjör og vinnuskilyrði öll séu í höndum manna, sem staðgóða þekkingu hafi, bæði á högum fólksins, sem þeir eru að semja fyrir, og á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöfinni, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, tryggingа- og skattalöggjöf og á rekstri atvinnuveganna og jafnvel þjóðarbúsins í heild.

Þessi og hin fjölþættu daglegu störf verkalýðsfélaganna yfirleitt eru í höndum mörg hundruð manna, sem á hverjum tíma skipa stjórnir stéttarfélaganna um land allt, og ýmsir þættir starfsins og eftirlit með framkvæmdum eru auk þess í höndum þúsunda trúnaðarmanna á vinnustöðunum. Það varðar þjóðfélagið áreiðanlega miklu, að sem allra flestir þessara forustumanna og trúnaðarmanna kunni sem allra bezt skil á þeim viðfangsefnum og vandamálum, sem þeir verða að fjalla um.

Ef einhver hreyfir þeirri mótbáru, að hingað til hafi þetta allt saman gengið þolanlega, þótt enginn verkalýðsmálaskóli hafi verið til, þá er því til að svara, að bæði gengu brautryðjendur og áhugamenn samtakanna fyrstu áratugina gegn-

um skarpan skóla reynslunnar og lærðu þar margvísleg gagnleg fræði, og svo er enginn heldur til frásagnar um það, að margt hefði ekki mátt betur fara, ef þeir, sem í baráttunni stóðu, hefðu átt nokkurn kost þess að afla sér meiri þekkingar í störfum sínum. En auk þess kemur það til, að öll verða störf þessi nú margþættari og flóknari og vandasamari með hverju árinu, sem líður.

Þörfin fyrir fræðslustofnun í verkalýðsmálum verður því sífellt brýnni, eftir því sem lengra líður. Þetta hafa nágrannaþjóðir okkar viðurkennt fyrir löngu. Í Danmörku var fyrsti verkalýðsskólinn stofnaður í Esbjerg árið 1910. Hann varð brátt viðurkenndur sem mjög gagnleg menningarstofnun og mikils metinn, ekki aðeins af forustumönnum samtakanna, heldur einnig af forráðamönnum fræðslumálanna þar í landi. Á stríðsárunum seinni tóku Þjóðverjar verkalýðsskólann í Esbjerg, og lagðist starfsemi hans þá niður um nokkur ár. En ekki var stríðinu fyrr lokið en dönsku verkalýðssamtökin beittu sér fyrir byggingu nýs verkalýðsskóla í Esbjerg. Hann var vígður þann 30. apríl vorið 1955. Hefur hann starfað síðan með miklum myndarbrag. Fastar námsgreinar hans eru: danska, reikningur og þjóðfélagsfræði, en að öðru leyti geta nemendur valið milli fjölda annarra hagnýtra greina. Nýjustu kennsluaðferðum og kennslutækni er þarna beitt við námið. Annan verkalýðsskóla eignaðist dönsk verkalýðshreyfing árið 1930, en það gerðist með þeim hætti, að hún yfirtók lýðháskólann í Hróarskeldu og breytti starfsemi hans í samræmi við þörf samtakanna. Og nú er langt komið byggingu þriðja verkalýðsskólans í Danmörku, rétt norðan við Helsingör. Verður aðalskólabyggingin 15 hæða háhús. Er augljóst af þessu, að Danir leggja mikla áherzlu á fræðslu- og menningarstarfið innan verkalýðshreyfingarinnar. Þar verður ekkert til sparað af ríkisins hendi, að öll ytri aðstaða verkalýðsskólanna geti fyllilega staðizt samanburð við æðstu menntastofnanir þjóðarinnar.

Sænska verkalýðshreyfingin hefur þó rekið fjölþættasta og umfangsmesta fræðslustarfsemi allra alþýðusambandanna á Norðurlöndum. Einn af forustumönnum sænsku verkalýðshreyfingarinnar, Oscar Olsson, sem síðar varð hátemplar, er talinn upphafsmaður þess kennslu- og fræðslufyrirkomulags, sem síðar hefur breiðzt út um víða veröld og nefnt hefur verið námsflokkar eða fræðsluhringar (studiecirkler). Þetta fræðsluform hefur allt til þessa dags verið iðkað mjög almennt í sænskri verkalýðshreyfingu og sennilega hvergi náð slíkum blóma. Einnig hefur sænska verkalýðshreyfingin ávallt haldið uppi þróttmiklu fyrirlestrastarfi um þjóðfélagsmál, haldið námskeið þúsundum saman og rekið kvöldskóla víðs vegar um landið. Öll er þessi fræðslu- og menningarstarfsemi viðurkennd af stjórnarvöldunum og nýtur ríflegs fjárhagsstuðnings frá sænska ríkinu. En höfuðstöðvar allrar þessarar fræðslustarfsemi í Svíþjóð á vegum verkalýðssamtakanna hafa þó auðvitað verið verkalýðsskólarnir þar í landi. Verkalýðsskólinn í Brunnsvik var stofnaður 1929 og átti því yfir 30 ára merka starfssögu að líta á s. l. ári, enda var þess hátíðlega minnzt, m. a. með þátttöku af hendi menntamálaráðherra Svía. Frá Brunnsvikskólanum eru komnir margir af núverandi leiðtogum sænskrar verkalýðshreyfingar. Má þar t. d. nefna forseta sænska alþýðusambandsins, Arne Geijer, sem einnig er nú forseti Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga.

Ekki létu Svíar sér, frekar en Danir, nægja einn verkalýðsskóla. Eftir stríðið byggðu þeir hinn mikla og stórmyndarlega verkalýðsskóla í Runö, skammt frá Stokkhólmi. Tók hann til starfa í desembermánuði 1952. Honum var séð fyrir landrými, sem eru 240 hektarar, skólabyggingarnar eru níu, stórar og veglegar. Auk allra annarra húsakynna eru þarna heimavistir fyrir 200 nemendur. Á árinu 1958 voru haldin 100 námskeið á vegum skólans, og voru nemendur samtals, ásamt föstum nemendum hans yfir vetrarmánuðina, 4000. Skólabragur virtist mér — því að ég kom þarna einu sinni — vera sérstaklega frjálslegur og lifandi.

Norðmenn byrjuðu upp úr aldamótunum á námskeiðum og kvöldskólum og síðan á bréfaskóla á vegum verkalýðshreyfingarinnar, en hins vegar fóru þeir seinna af stað með fastan verkalýðsskóla en Danir og Svíar. Það var fyrst 1933, sem þeir stofnuðu skólann í Malmöya, og verkalýðsskólinn í Sörmarka hefur starfað síðan 1939. Fyrsti skólastjóri hans var Halvard Lange, núverandi utanríkisráðherra Noregs.

Um finnsku verkalýðshreyfinguna er sömu sögu að segja og þá norsku. Hún hafði lengi haldið uppi margvíslegri fræðslustarfsemi með námsflokkakennslu og fyrirlestrafræðslu í kvöldskólum. Á árinu 1947 kom hún upp sínum fyrsta verkalýðsskóla í Kiljava. En ekki hafði Kiljavaskólinn starfað nema nokkur ár, þegar reynslan af honum hafði vakið sterka áhugaöldu finnskrar verkalýðshreyfingar fyrir því að reisa annan verkalýðsskóla. Og hann var reistur í Norður-Finnlandi og tók til starfa á árinu 1957. Hann fékk til umráða 8 hektara lands og kostaði um 80 millj. finnskra marka. Kennsluháttum er í öllum aðalatriðum hagað þar líkt og í hinum verkalýðsskólunum á Norðurlöndum.

Þannig er Ísland nú eitt þannig sett allra Norðurlandanna að eiga engan verkalýðsskóla. En það er sannfæring okkar flm. þessa frv., að svo búið megi í rauninni ekki standa, hér þurfi sem allra fyrst að koma upp verkalýðsskóli eða skólar með svipuðu sniði og þær þjóðir hafa komið upp, sem okkur eru skyldastar að uppruna, atvinnuháttum og menningu. Þess vegna leggjum við á það áherzlu, að hv. alþm. gefi málinu gaum og veiti því stuðning sinn. Það er sannfæring okkar, að góður félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna mundi ekki aðeins hafa þýðingu fyrir samtökin sjálf og verkalýðsstéttina, heldur fyrir öll samskipti verkalýðshreyfingarinnar við samtök atvinnurekenda, og jafnframt hafa þýðingu fyrir þjóðarheildina.

Þetta frv. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna er þess konar mál að minni hyggju, að menn úr öllum flokkum ættu að geta veitt því stuðning sinn. Og það verður að viðurkennast raunar, að íslenzk verkalýðshreyfing hefur látið fræðslumálin allt of lítið til sín taka fram að þessu. Verkefnin hafa miðazt við brýnustu og

mest aðkallandi nauðsynjamálin á hverjum tíma. En nú er að verða breyting á þessu til batnaðar. Á seinustu Alþýðusambandsþingum hafa verið gerðar ályktanir um aukna fræðslustarfsemi, og nú á nýliðnu Alþýðusambandsþingi var kosin milliþinganefnd til að starfa að fræðslumálunum á milli þinga. Einnig var á þessu þingi ákveðið að ráða sérstakan fræðslufulltrúa í þjónustu Alþýðusambandsins. Í sömu áttina, þ. e. a. s. um aukinn áhuga á fræðslu- og menningarmálum innan samtakanna, bendir líka það, að eitt af sambandsfélögunum, verkamannafélagið Dagsbrún, ræðst nú í það þessa dagana að opna bókasafn og hafa opinn lestrarsal, og er þar að mínu áliti um álitlegan vísi að góðri menningarstofnun að ræða, ef vel tekst til um framkvæmdina.

Ég hef svo ekki fleiri orð um málið að sinni. En við flm. heitum á hv. alþm. til fylgis og fulltingis við menningarmál þetta, — menningarmál, sem vinnustéttirnar í landinu eiga í rauninni fyllsta rétt á að ríkisvaldið hjálpi til að koma í framkvæmd.

Ég legg svo til, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 20 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 598, var útbýtt 23. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

26. Varðskip landsins.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim [122. mál] (þmfrv., A. 168).

Á 33. og 34. fundi í Nd., 6. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 12. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 168 að flytja frv. til laga um breyt. á lögum nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim. Sú breyting eða sú viðbót, sem í frv. þessu felst, er á þá leið, að þeir löggæzlumenn, sem stunda löggæzlustörf fyrir íslenzka ríkið á sjó, varðskipsmenn, fái sömu áhættuþóknun og löggæzlumenn, sem í landi starfa. Það er tekið fram í grg., að nú um nokkurt árabil hafi löggæzlumenn, sem í landi starfa, notið sérstakrar viðurkenningar á hættum þeim, sem eru starfi þeirra samfara, en hópur löggæzlumanna, sem vinnur störf sín á sjó úti, hefur ekki notið þessarar viðurkenningar. Með þessu frv., ef samþ. verður, er leitazt við að bæta úr þessu misræmi.

Það er enginn vafi á, að fáir munu draga í efa, að skipverjar á varðskipunum búi við sízt minni hættur í sínu starfi en þeir, sem vinna löggæzlustörf í landi, og það má vissulega benda á mörg dæmi því til stuðnings. Það má benda á það, að starf sitt þurfa þeir að stunda í baráttu við óblíð náttúruöfl, og þessi barátta þeirra nær jafnvel fram yfir eða út yfir aðra sjómenn okkar, því að þeirra starf hefur ekki sízt haft þýðingu í sambandi við björgun á sjó, en þá þurfa þeir að vera til taks til starfa, þegar önnur skip geta leitað vars eða til hafna vegna veðurs. Það má líka benda á þær sífelldu hættur, sem vofa yfir, þegar þeir þurfa að vera í sínum löggæzlustörfum, þurfa að fara á milli skipa, oft og tíðum í misjöfnu veðri í litlum bátum. Þeir þurfa að gegna störfum sínum um borð í erlendum skipum, þar sem oft er um að ræða óvinsamlegar og jafnvel beint fjandsamlegar skipshafnir, sem þeir þurfa að fara með, ásamt skipi þeirra, til hafnar. Samkvæmt l., sem gilda um þessa skipverja eða um varðskip ríkisins, sem ég minntist á áðan, eru þeir bundnir kaupi sjómanna á verzlunarskipum, sem eru í strandsiglingum, og þeir mega ekki taka þátt í neins konar kaupdeilu. Ég minnist á það í grg. með frv., að einmitt þetta atriði geti og hafi skapað misræmi á milli þessa starfshóps og þeirra, sem þeirra kaup jafnvel miðast við, og einnig á milli þessara löggæzlumanna og annarra löggæzlumanna, einmitt á þann veg, að skipverjar varðskipanna verða að taka á sig flestar skyldur opinberra starfsmanna, en hafa fengið lítið af réttindum þeirra.

Með þessu frv. er, eins og ég sagði í byrjun máls míns, ef að lögum verður, ætlunin að setja þessa starfsmenn landhelgisgæzlunnar að sama borði og aðra löggæzlumenn, sem stunda áhættusöm störf og fá greidda áhættuþóknun fyrir. Ég vil leyfa mér að stinga upp á því, að þegar umræðu er lokið, verði málinu vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Sjúkrahúsalög.

Á 23. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953, og l. nr. 31 25. maí 1960, um breyt. á þeim lögum [129. mál] (þmfrv., A. 186).

Á 35. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þetta frv. til breyt. á l. um sjúkrahús er flutt af okkur fjórum þm. Suðurlandskjördæmis í þessari deild.

Í þessu frv. felst það, ef að lögum verður, að þá fær sjúkrahús Vestmannaeyja sömu fyrirgreiðslu af hálfu ríkissjóðs, bæði um stofnkostnað og rekstrarstyrk, sem fjórðungssjúkrahúsum er ætluð í lögum.

Í Vestmannaeyjum ríkir mikill áhugi fyrir því, að byggt verði sem fyrst nýtt og hið fullkomnasta sjúkrahús, með öllum hinum bezta og nýtízkulegasta aðbúnaði. Sjúkrahús það, sem Vestmanneyingar og aðrir, sem þangað koma og þurfa á sjúkrahjálp að halda, hafa búið við, er yfir 30 ára gamalt, byggt á sínum tíma af hinum mesta myndarskap, en talið nú mjög úr sér gengið og ófullnægjandi á ýmsa lund.

Svo sem kunnugt er og ekki þarf að rekja, hefur læknavísindum fleygt mjög fram á síðustu áratugum og kröfur til læknis- og sjúkrahjálpar síaukizt. Og það er eðlilegt, að fólkið sætti sig ekki við í þessum efnum nema það bezta. Og við er sjálfsagt þessum málum vel fyrir komið. En þó er það vitað, að margt er eftir enn, sem kallar á, og þetta eru ákaflega fjárfrekar framkvæmdir, og það má sjá það í fjárlögum og í frv. til fjárlaga, sem hér hefur legið fyrir og liggur fyrir, að af hálfu ríkissjóðs er mörg skuldin enn ógoldin, og hefur þó ríkissjóður mjög á sig lagt, því verður ekki neitað. En hitt er svo annað mál, að það þarf að búa betur að þessum málum og koma t. d. þeim sjúkrahúsum, sem nú eru í hálfu kafi, upp og til fullkomins vegs. Þetta kostar mikið fé, en við verðum að hafa auga fyrir því, að þessar þarfir fólksins þurfum við alveg sérstaklega að taka til greina og reyna að uppfylla með öllum þeim hætti, sem auðið er á hverjum tíma. Í Vestmannaeyjum er það þannig, að að sjálfsögðu mun fólkið þar ekki sætta sig við annað en það, sem bezt og fullkomnast má telja annars staðar. Og það er ekki aðeins gert fyrir almenning, heldur líka þá, sem starfa við sjúkrahúsin, að búa sem bezt að, og því aðeins getum við vænzt þess að fá nýta og góða lækna að sjúkrahúsum, sem og í önnur læknisstörf, að sem bezt sé að búið, bæði þeim, hjúkrunarliði og öðru starfsfólki. En ef í þessum efnum er öllu vel til skila haldið, þá er það auðsætt, sem er í raun og veru og að sjálfsögðu aðalatriðið, að hagsmunum sjúklinganna verður þá bezt borgið. Allt er þetta mjög auðsætt.

Vestmannaeyjar hafa verið mjög afskiptar, svo sem allir vita, bæði sakir legu sinnar og afstöðu til annarra byggðarlaga, og einangrunin því verið hlutskipti þess fólks, sem þar býr, þó að hún hafi verið rofin að nokkru og í ýmsu reynt að bæta úr eftir föngum. En þrátt fyrir greiðari samgöngur er fullljóst, að bæjarfélagið verður í sjúkrahúsmálum sem mörgum öðrum málum, en þó fyrst og fremst í þeim málum að búa sem bezt og mest að sínu, svo sem verið hefur, og hér er auðsæilega um algera sérstöðu að ræða. Það er auðsætt, að hvorki sjúkrahúsið á Selfossi, sem væntanlega verður fjórðungssjúkrahús, né sjúkrahúsin í Reykjavík koma að haldi Vestmanneyingum nema að mjög takmörkuðu leyti. Íbúatala í Eyjum er um 4700. Á vetrarvertíð sækir fjöldi manna að til starfa þar, sennilega hátt á annað þúsund manns á hverri vetrarvertíð og kannske meira, enn fremur kemur þar fjöldi skipa að með hundruð manna innanborðs, sem þurfa að leita hvers konar þjónustu og þar á meðal sjúkrahjálpar.

Þá má geta þess, sem á að vera alkunna, að bæjarbúar, Vestmanneyingar, vinna að meginhluta í þágu sjávarútvegsins, og þau störf, sem þeir þannig vinna að, eru að sjálfsögðu hin áhættusömustu. Og þá sakar ekki að geta þess, að verulegur hluti af útflutningsverðmætum þjóðarinnar mun koma úr Eyjum. Sumir hafa talið, að það væri um 20%. Ekki kann ég full skil á því né veit, hvort rétt er, en það væri ekki ólíklega til getið. Einnig í þessu efni eiga Vestmanneyingar því nokkra sérstöðu. Þennan aðstöðumun bæjarbúa á ýmsa lund og þá ekki síst í sjúkrahúsmálunum ber þjóðfélaginu að jafna sem mest má verða. Og því er ekki aðeins rétt, heldur einnig skylt að koma hér til móts við eðlilegar óskir.

Svo hljóðandi ályktun hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir nokkru samþykkt:

„Bæjarstjórnin beinir áskorun til þingmanna Suðurlandskjördæmis um að flytja frv. á komandi þingi um fjárframlag til sjúkrahúsbyggingar í Vestmannaeyjum, og njóti sjúkrahúsið hliðstæðrar fyrirgreiðslu um fjárframlög og réttindi eins og fjórðungssjúkrahús hafa notið eða kunna að njóta.“

Þessari hóflegu ákvörðun af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hafa svo fylgt athafnir, svo sem búast mátti við af hálfu Vestmanneyinga. Þeir munu hafa safnað verulegu fjármagni til byggingar nýs sjúkrahúss, og mér er tjáð, að fjármagnið muni vera, sem þeir hafa handbært í sjóði um næstu áramót, nærfellt 1 millj. kr. Þannig er það auðsætt, að hugur fylgir máli af hálfu bæjarbúa um þetta mál, enda verður ekki um það villzt, að bæði er hér mikið í húfi og mikils um vert, að vel og fljótt tiltakist.

Það er von okkar flm., að þessu frv. verði vel tekið hér í hv. Alþ. og að allt verði gert til þess að koma hér til móts við óskir Vestmanneyinga í þessu efni.

Ég vil svo óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Menntaskóli Vestfirðinga.

Á 36. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:

Frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði [135. mál] (þmfrv., A. 201).

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 28 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. þetta um menntaskóla á Ísafirði var flutt á seinasta þingi, og fylgdi því þá grg. samhljóða þeirri grg., sem nú fylgir því. Flutningi þess er nú hagað á sama hátt og í fyrra, þ. e. a. s. á þann veg, að allir Vestfjarðaþm. standa að flutningi þess, en samkomulag var gert um, að þm. þeir fyrir Vestfirði, sem sæti eiga í Nd., tækju að sér flutninginn.

Það hefur einkum gerzt í málinu síðan í fyrra, að starfrækt er í vetur með heimild menntmrn. í sambandi við gagnfræðaskólann á Ísafirði framhaldsdeild, sem samsvarar fyrsta bekk menntaskóla. Menntaskólinn á Akureyri hefur lýst því yfir, að hann muni taka gilt próf úr þessari deild sem árspróf upp í 2. bekk hjá sér. Raunar ætti helzt ekki til þess að koma, að þetta unga fólk, sem nú hefur hafið menntaskólanám í framhaldsdeild gagnfræðaskólans á Ísafirði, þurfi að fara þaðan í annan skóla. Miklu æskilegra væri, að það gæti haldið áfram annars bekkjar námi næsta haust á Ísafirði og síðan næstu tvö árin, þar til stúdentsprófi væri lokið. En það gæti því aðeins orðið, að þetta frv. yrði samþ. á þessu þingi og þannig stofnað með löggjöf til menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Í frv. eru að öllu leyti gerðar jafnstrangar kröfur til nemenda og kennara og til kennslu og prófa og gerðar eru við menntaskóla þá, sem nú starfa í landinu.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að rekja nákvæmlega efni frv. Það gerði ég í fyrra við frumflutning þess f. h. okkar flutningsmannanna.

Það er skoðun okkar, sem að flutningi þessa frv. stöndum, að þjóðfélaginu beri skylda til að sjá um, að ungu hæfileikafólki sé tryggð sem allra jöfnust aðstaða til að afla sér stúdentsmenntunar, alveg án tillits til þess, hvar það r búsett á landinu, og einnig án tillits til efnahags, aðeins ef hugur þess stendur til mennta. Þessi aðstaða til æðra náms er ekki svo jöfn sem skyldi og hún ætti og þyrfti að vera. Æska Reykjavíkur á, sem betur fer, greiðan aðgang að menntaskólanámi. Hún getur valið um tvo skóla, sem rétt hafa til að brautskrá stúdenta. Norðlendingar eiga sinn menntaskóla og Sunnlendingar sinn. En vestfirzkur æskulýður og austfirzkur er stórum verr settur í þessu tilliti. Gáfaður unglingur úr þessum landshlutum getur því aðeins ráðizt í langskólanámið, að hann hafi efni á að kosta sig að heiman — norður eða suður. Algengast hefur það raunar orðið, að foreldrar slíkra unglinga, ef þeir hafa þá ekki lagt árar í bát af efnahagsástæðum, hafa tekið sig upp og flutzt búferlum til Reykjavíkur, þegar að því kom, að börnin voru komin á framhaldsskólaaldur.

Þetta hefur oft orðið vestfirzkum byggðum alltilfinnanleg blóðtaka, og svo mun enn verða, þar til Alþingi viðurkennir í verki, að það er hin mesta óhæfa, að nokkur aðstöðumunur sé á menningar- og menntunaraðstöðu æskulýðsins eftir landshlutum. Þess vegna er það tvímælalaust rétt stefna, að menntaskólar séu starfandi í öllum landsfjórðungum.

Hugmynd Jóns Sigurðssonar forseta um þjóðskóla var merkileg hugmynd á sinni tíð, og mun hún hafa leitt síðar til stofnunar Háskóla Íslands. En Jón forseti kom víðar við í till. sínum um skólamál. Skólunum vildi hann dreifa um landið víðs vegar, einkum ræddi hann þar um bænda- og sjómannaskólana, og vissulega voru skólamál almennt meðal allra fremstu áhugamála Jóns Sigurðssonar. Í ritgerð hans í „Nýjum félagsritum“ um skóla á Íslandi segir hann t. d.:

„Það eru einkum þrjú efni, sem oss Íslendingum standa á mestu að útkljáð verði bæði fljótt og vel. Það er alþingismálið, skólamálið og verzlunarmálið. Undir því, hvernig þessi mál verða útkljáð, hvernig þetta þrennt kemst á fót, er að miklu leyti komin framför vor og að vísu það, hve bráðgjör hún verður. Alþingi á að vekja og glæða þjóðlífið og þjóðarandann. Skólinn á að tendra hið andlega ljós og hið andlega afl og veita alla þá þekkingu, sem gera má menn hæfilega til framkvæmda öllu góðu, sem auðið má verða.“

Af þessu sést, að Jón Sigurðsson setti skóla- og menntamálin næst sjálfu alþingismálinu.

„Vér eigum að hefja hugann hátt,“ segir hann. „Engum peningum er varið heppilegar en þeim, sem keypt er fyrir andleg og líkamleg framför. Ef vér gerum oss það að reglu að hefja aldrei hugann hátt, þá snýst það bráðum til þess, að vér virðum fyrir oss hvað eina með lítilsigldu geði, hugarvíli og kvíða. Og meðan því fer fram, er engin von, að vér lifnum nokkurn tíma til þjóðlífs eða að velgengni vor vaxi, nema eftir því sem náttúran kann að leika við oss eitt og eitt ár í bili. En reynslan hefur sýnt, að slíkar framfarir eru byggðar á völtum fæti.“

Þetta voru ummæli Jóns Sigurðssonar forseta um skólamál, og í þessum orðum hans felst stefnuskrá hans í skóla- og menningarmálum þjóðarinnar um miðja nítjándu öldina.

Ég vil leyfa mér að minna hv. alþm. á, að á vori komanda á Jón Sigurðsson 150 ára afmæli, og ég varpa nú fram þeirri spurningu: Væri það ekki verðug athöfn af Alþingi Íslendinga að minnast 150 ára afmælis Jóns forseta Sigurðssonar einmitt með því að afgreiða lög um menntaskóla Vestfirðinga, sem staðsettur skyldi í miðju kjördæmi hans, Ísafjarðarkaupstað?

Við flm. þessa frv. viljum vona, að sú verði einmitt reisn Alþingis, sú rækt þess við minningu síns mesta manns.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

29. Áfengislög.

Á 26. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954 [144. mál] (þmfrv., A. 238).

Á 48., 51., 53. og 54. fundi í Nd., 23., 27. og 31. jan., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 3. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 238 um heimild ríkisstj. til að leyfa bruggun og sölu á áfengu öli og nú er til umr., hefur þegar verið allmikið rætt manna á meðal nú að undanförnu, margar greinar birzt um málið í dagblöðum, fundir haldnir um málið og það jafnvel lítillega rætt í ríkisútvarpinu. Allt það, sem fram hefur komið um málið, hefur meira verið áberandi fyrir ofstækisfullar öfgar heldur en raunhæft mat á fyrirliggjandi staðreyndum, og vegna þess að málið hefur verið rætt á svo breiðum grundvelli sem raun ber vitni um, hef ég ákveðið að gera það *líka nú hér strax við framsögu málsins.*

Eins og sjá má í grg. fyrir frv., bendi ég á það, að í gildandi íslenzkum lögum sé áfengi skilgreint sem vökvi, er hafi meiri vínanda en nemi 2¼% að rúmmáli, jafnframt séu sterkir drykkir talin þau vín, er hafi meira en 21% af vínanda að rúmmáli, en létt vín teljast þau hins vegar, er hafi minna en 21% af vínanda að rúmmáli. Ef frv. þetta verður samþ., veitist ríkisstj. heimild til að leyfa tilbúning og sölu öls á innlendum markaði og til útflutnings, sem hefur inni að halda allt að 3½% af vínanda að rúmmáli. Í reglugerð skal setja reglur um meðferð og sölu þess, og um þær reglur verða að sjálfsögðu skiptar skoðanir. En ég hef talið og tel að athuguðu máli, að heppilegast sé, að sala áfengs öls fari aðeins fram á stöðum, sem vínveitingaleyfi hafa, og á vegum Áfengisverzlunar ríkisins.

Öl með þessum styrkleika, 3½%, er talið mjög veikt meðal þjóða, er hafa öl á boðstólum. Þetta öl nýtur hins vegar mikilla vinsælda meðal flestra menningarþjóða, sem telja, að sterkt teljist öl ekki, fyrr en styrkleiki þess er orðinn 4½—6% og þar yfir. Það hefur lengi verið mín skoðun, eins og ég bendi á í grg. með frv., að lítið samræmi *virtist vera í þeirri ákvörðun hv.* Alþingis að leyfa sölu á sterku áfengi og fela ríkisvaldinu dreifingu þess, en banna framleiðslu og sölu á öli, sem er veikasta stig áfengra drykkja eftir skilgreiningu íslenzkra laga. Með íslenzku áfengislöggjöfinni er því slegið föstu, að það sé ekki framkvæmanlegt að banna algerlega sölu sterkra áfengra drykkja, og um leið undirstrikað, að óheppilegt og hættulegt sé að hafa á boðstólum fyrir Íslendinga áfengt öl, þótt jafnframt sé í umræddri löggjöf heimild ríkisstj. að leyfa bruggun og sölu á áfengu öli til varnarliðsins og til útflutnings. Ég bendi enn fremur á það í grg., að ég telji, að í áfengislöggjöfinni verði að vera samræmi, eins og í öðrum lögum, og ég telji það jafnframt vera meira en lítið misræmi að leyfa sölu á eldsterku brennivíni, en banna sölu á *veiku öli á þeirri forsendu,* að verið *sé* að *vinna* gegn áfengisbölinu.

Við þessar röksemdir hlýtur sú spurning að vakna, hvort þeir fulltrúar, sem eru á löggjafarþinginu og fylgja núverandi framkvæmd mála, séu sjálfum sér samkvæmir, ef þeir láta hjá líða að beita sér fyrir algeru banni á sölu sterkra vína, fyrst bruggun og sala á öli, veikasta stigi áfengis, er sá bölvaldur, er sömu aðilar telja vera. Ástæða þess hlýtur að vera sú skoðun þessara sömu aðila, að slíkt sé með öllu óframkvæmanlegt í nútímaþjóðfélagi sem okkar, er býr ekki aðeins við þær fullkomnu samgöngur, sem við búum við, heldur og þekkingu, vilja og getu almennings til bruggunar áfengra drykkja, auk þess atriðis, sem er ekki sízt, en það eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis, er renna til margs konar menningar- og framfaramála.

Það mun mála sannast, að við núverandi aðstæður sé *mjög mikið um leynibruggun* öls, sem hlýtur að skapast í þjóðfélagi, sem viðurkennir sölu og neyzlu sterkra áfengra drykkja og þar sem tiltölulega mjög auðvelt er að ná í efni þau, sem til ölgerðar og annarrar bruggunar þarf. Ég hef leyft mér að draga þessa ályktun af nokkuð mörgum hlutum. *Þannig er mér t. d. kunnugt um,* að undanfarin ár hafa flutzt og flytjast inn til landsins, svo að ég nefni eitt dæmi, glerkútar undir sýrur ýmiss konar í þúsundatali. Það hefur verið mjög lítið af þessum ílátum, sem hefur flutzt úr landi aftur að undanförnu, en hins vegar er mér tjáð, að svo sé mikil eftirspurn eftir þessum ílátum, að um biðlista kaupenda sé að ræða. Nú má vera, að einhverjir dragi þá ályktun af þessu, að 50 og 60 lítra glerkútar séu svo eftirsóttir til þess að geyma t. d. mjólk í þeim. En mínar ályktanir af þessu eru allt aðrar. Eins og ég segi, þá er það líka mála sannast, að almenningur mun hafa það almennt á tilfinningunni, að sá einstaklingur sé ekki afbrotamaður, sem bruggi öl fyrir sjálfan sig eða sitt heimili, eingöngu vegna þess, að bannið á bruggum öls sé alls ekki í samræmi við réttarvitund fólks almennt.

Ég bendi á það í grg., að auk þess mikla magns, sem þannig fari ótollað fram hjá ríkissjóði, megi benda á, að mikið magn hljóti að koma af tilbúnu öli til landsins í hendur þeirra, sem til þess hafa aðstöðu, og því til sönnunar má benda á þá staðreynd, að ölgerð sú, er framleiðir megnið af öllum bjór og pilsner í landinu, hefur ekki flutt inn eina einustu tóma flösku síðan 1956, og var þó tappað á yfir 4 milljónir flaskna á síðasta ári, og notar hún þó aðeins flöskur frá einu landi í Evrópu eða nánar tiltekið frá tveimur fyrirtækjum. Þetta skeður á sama tíma og þessi átöppun hefur á tiltölulega fáum árum aukizt um milljón flöskur og þrátt fyrir mjög mikla rýrnun slíkra umbúða.

Það er enginn vafi, að á næstu árum muni heimsóknir erlendra ferðamanna stóraukast, og það munu fáir efa, að það sé nauðsyn fyrir okkur að hafa á boðstólum þjóðlegan og frambærilegan drykk annan en „svartadauða", og það er enginn vafi á því, að slíkur drykkur getur orðið stór tekjulind af innanlandssölu einni saman. Auglýs-

ingagildi fyrir væntanlegan útflutning á erlenda markaði gæti orðið mjög mikið. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að þar gætum við orðið vel samkeppnisfærir, þegar þess er gætt, að niðurstöður liggja fyrir, sem byggðar eru eingöngu á vísindalegum rannsóknum, og þær hafa sannað það, að vatnið okkar er það bezta, sem fáanlegt er til ölgerðar, enda má segja, að það sé nærtækt dæmi því til sönnunar, þegar hægt er að benda á, að erlend sendiráð hér á landi, sem hafa heimsfræga ölframleiðslu í sínum heimalöndum, vilja heldur það íslenzka öl, sem framleitt hefur verið hér fyrir varnarliðið, heldur en sinn heimabjór. Það má benda á í þessu sambandi, að þau lönd, sem hafa stórkostlegar gjaldeyristekjur af sinni ölframleiðslu, eins og t. d. Danir, þurfa mjög mikla efnafræðilega og kostnaðarsama hreinsun á sínu vatni, áður en það er hæft til ölgerðar.

Ég hef hér nokkuð minnzt á tekjumöguleika, sem gætu orðið af framleiðslu öls hér á landi. Það hafa komið fram fleiri skoðanir um þessa hlið málsins, bæði þá atvinnulegu og tekjulegu, þótt ég sjái ekki ástæðu til þess að minnast á þær að sinni.

En meginröksemdir þeirra, sem vilja leyfa bruggun og sölu á áfengu öli, og þeirra, sem því eru andvígir, eru varðandi þau áhrif, er slíkt muni hafa á drykkjuskap þjóðarinnar í heild. Þeir, sem öl vilja, telja, að sala á áfengu öli geti að nokkru leyti bætt úr því öngþveiti, sem hér ríkir í áfengismálum, og breytt á ýmsan hátt til hins betra drykkjusiðum, sem hér ríkja. Hinir telja, að sala á öli skapi hér hömlulaust áfengisflóð og muni stórauka drykkjuskap, sérstaklega meðal unglinga, og enn fremur, eftir því sem ákveðinn hópur manna heldur fram, meðal verkamanna og jafnvel iðnaðarmanna. Ég vil sérstaklega benda á þann þráláta misskilning, sem fram hefur komið að undanförnu hjá ýmsum þeim, sem látið hafa skoðanir sínar í ljós um þetta mál, að þeir telja, að ef frv. þetta verði samþ., skapist hér hömlulaust áfengisflóð.

Þegar talað er um stefnur eða leiðir í áfengismálum okkar eða annarra, er oft talað um þrjár leiðir. Ein er sú að banna allan aðflutning og sölu á áfengi, hin svokallaða bannstefna. Hin gagnstæða er frjálsa leiðin eða hömlulítil sala áfengra drykkja. Og svo sú þriðja, sem hér hefur verið fylgt um nokkur ár, sem má segja, að sé bil beggja.

Ég tók það einmitt fram hér áðan og enn fremur skýrt í grg. með frv., að mín skoðun væri sú, að heppilegast væri og jafnframt rökrétt, ef heimild fengist til bruggunar og sölu á áfengu öli, þá yrði meðferð þess og sala að fara fram eins og á hverju öðru áfengi, og þannig fylgt skoðunum þeirra í hvívetna, sem telja, að slík meðferð áfengis vinni gegn misnotkun þess. Ef um hömlulaust áfengisflóð yrði að ræða, eftir að þetta frv. yrði samþykkt með slíkum reglugerðarákvæðum, er ég hef getið um, þá er slíkt áfengisflóð fyrir hendi í dag, og Alþingi ber þá að gera eitthvað til úrbóta, ef fylgja á þeim anda, sem áfengislögin eru mótuð í. Ég tel, að fjarstæða sé að tala um, að samþykkt þessa frv. skapi slíkt hömlulaust áfengisflóð, tel hins vegar, að meginbreytingin sé sú, að þessi tegund áfengis, veikasta stig þess, 3½%, mundi bætast við þær 200 tegundir af áfengi, sem nú þegar eru til sölu hér á landi í dag með styrkleikanum frá 11% og upp í 50%.

Ég mun nú víkja nokkru nánar að þeirri fullyrðingu, að aukinn drykkjuskapur muni skapast meðal verkamanna og jafnvel iðnaðarmanna, en í þeim efnum tel ég að dregnar hafi verið mjög hæpnar og vafasamar ályktanir frá ákveðnum stöðum í nágrannalöndum okkar, sem, eins og ég segi í grg., frekar styðjast við óskhyggju bannmanna heldur en raunveruleikann sjálfan. Og eins og ég segi þar, þá ber að mótmæla því harðlega, að íslenzkum mönnum í þessum stéttum sé búin frekari hætta á freistingum þessa heims en öðrum. Ég hef nú nokkuð á annan áratug átt þess kost að koma nokkuð oft í fjórar af heimsálfunum fimm og þar á meðal í margar af stærstu hafnarborgum heims, auk mikils fjölda smáborga, sérstaklega þó í nágrannalöndum okkar, þar sem ég hef bæði unnið með og kynnzt fólki úr öllum stéttum. Þegar vitnað er til þeirrar þjóðar, sem ég þekki einna bezt til og alls staðar er viðurkennt að standi með fremstu þjóðum á sviði vísinda, lista, menntunar, mannúðarhugsjóna og efnahagslegrar velmegunar, og sú þjóð talin búa við þjóðarböl og voða vegna ölflóðs, er drepi frelsi, menntun og framtak, og þessi ályktun er dregin af tiltölulega — ég segi tiltölulega fáum sjúklingum, er neyta áfengra drykkja í óhófi, þá tel ég, að rangar ályktanir hafi verið dregnar. Í umrætt land, Danmörku, er tíðast vitnað, þegar bent er á óhóflega áfengisneyzlu meðal okkur skyldra og nálægra þjóða, sem vera ber, enda að miklu leyti út í hött að miða við aðrar þjóðir en þær, sem búa við svipuð skilyrði, bæði landfræðileg, menningarleg og efnahagsleg, og eru skyldar okkur og líkar í öllum háttum.

Þessar tilvitnanir byggjast, að ég held, á þremur aðalatriðum. Í fyrsta lagi eru litlar hömlur á sölu áfengis í þessu landi og þess vegna allt ástand þar gagnstæða þess, sem bannmenn mundu kalla óskaástand í sínu landi. Í öðru lagi eru hagfræðilegar tölur um áfengisneyzlu, þ. e. hreinir alkóhóllítrar á mann á ári, hagstæðar ölfjendum í samanburði við t. d. okkar tölu, eða svo er talið af þeim, sem eru á móti öli, og mun ég víkja nánar að þessum tölum síðar. Að síðustu má benda á það, að allflestir þeirra, sem koma til erlendra þjóða af hinum tiltölulega mikla hóp íslenzkra ferðamanna, koma til Danmerkur. Þar sjá þeir á ákveðnum skemmtistöðum mikla áfengisneyzlu, og frá Kaupmannahöfn heyri ég oftast vitnað í ákveðinn hóp hafnarverkamanna, sem vinna að lestun og losun íslenzkra farþega- og vöruflutningaskipa, og það eru ferlegar sögur sagðar frá þeim, sem ég get allar tekið undir og jafnvel bætt við, svo að ef sagt væri frá, mundu það vera kallaðar ýkjusögur. Þetta ástand er í flestum tilfellum kennt öli, sem ég tel rangt, því að ef satt væri, því er þá ekki sama ástand ríkjandi meðal annarra hafnarverkamanna í Kaupmannahöfn, sem ég veit af reynslu að er ekki? Af hverju sést t. d. aldrei ölvaður hafnarverkamaður eða a. m. k. sárasjaldan t. d. í fríhöfn Kaupmannahafnar, þar sem flestir hafnarverkamenn vinna og áfengt öl er á næsta leiti fyrir þá, eins og annars staðar í Kaupmanna-

höfn? Af hverju er þetta ástand ekki ríkjandi á öðrum stöðum en þessum eina? Í öðrum hafnarborgum Danmerkur er mjög sjaldgæft að sjá ölvaða menn við vinnu, það er álíka sjaldséð og við höfnina hér í Reykjavík. Ég tel, að þessi ástæða sé nokkuð auðskýrð. Það er staðreynd, að í hverju einasta þjóðfélagi og þar á meðal okkar eru til einstaklingar, sem standa ekki undir sinni samfélagslegu ábyrgð. Þeir valda ekki óhjákvæmilegum þunga lífsbaráttunnar. Orsakir þessa geta verið jafnmargar og einstaklingarnir sjálfir, en afleiðingin verður oft ofneyzla áfengis í einni eða annarri mynd ásamt öllum þeim hörmungum, sem því fylgja. Þessir menn, sem eru burtrækir á flestum vinnustöðum Kaupmannahafnar, hafa haft höfnina til að leita til vegna mikillar fólksekla þar. Þeir fá ekki vinnu, sem stöðug er, t. d. í fríhöfninni, þar sem óreglusemi þekkist ekki. En íhlaupavinnu fá þeir vegna skorts á fólki, eins og ég gat um, og þannig stendur á því, að á stað þeim, sem flestir íslenzkir menn eiga leið sína um, sjá þeir það langversta, sem til er á vinnumarkaði Danmerkur. Og það er staðreynd líka, að þessir menn drekka sig ekki ölvaða í öli, heldur sterkum vínum, sem eru jafnt ölinu fáanleg á næsta leiti við þessa vinnustaði. Ef vinnuveitandi vildi losa sig við þetta fólk og ekki taka það í vinnu, þá er ekki nema um eitt að ræða, að tefja skipin. Þau mundu ekki stöðvast, því að þess ber auðvitað að geta, að á þessum stað, þrátt fyrir þennan mikla annmarka, þá er þar mikið um gott verkafólk.

En nú væri sjálfsagt að gera samanburð, ef slíkt væri hægt, og það er einmitt hægt. Sá samanburður er frá Gautaborg, þar sem mikil ölvun er oft sýnileg á ákveðnum stöðum við höfnina þar. En mismunurinn er bara sá, að samanburðurinn er frá þeim tíma, þegar enginn sterkur bjór var seldur í Svíþjóð á frjálsum markaði og allt áfengi var skammtað. En þessir hafnarverkamenn t. d. í Gautaborg drukku sig fulla í vinnunni af sænsku brennivíni eða ákavíti, sem þeir höfðu getað fengið hömlulítið eða hömlulaust, og þeir voru sízt betri starfsbræðrum sínum á hinum fyrrnefnda stað í Kaupmannahöfn. Og nú er mér spurn: hvaða öli á að kenna um í þessu tilfelli?

Ef farið er til annarra landa, sem öl hafa á frjálsum markaði, við getum t. d. byrjað á Englandi, þá fullyrði ég, að þar er ekki drukkið meira við hafnarvinnu heldur en hér í Reykjavík, og ég þykist töluvert dómbær um það. Í Bandaríkjunum sér maður aldrei drukkinn mann við lestun eða losun skipa, og ef einn slíkur sést, þá á hann ekki afturkvæmt í sína vinnu, því að hvað sem segja má um siðferðisstig vinnandi fólks í Bandaríkjunum að öðru leyti, þá er slíkt ekki liðið, enda sá vinnumarkaður Bandaríkjanna með þeim betri, sem leitað er til. Í Frakklandi aftur á móti hef ég oft séð vinnandi menn undir áhrifum áfengis, sárasjaldan í Belgíu, næstum aldrei í Hollandi. Slíkt þekkist ekki heldur í höfnum við Miðjarðarhafið. Það þekkist ekki í Rússlandi eða Póllandi eða Austur-Þýzkalandi, þótt hins vegar sé í þessum löndum um mjög mikla og áberandi áfengisneyzlu að ræða í landi.

Ég minnist þess að hafa heyrt talað um það síðast, er bjórmálið var á dagskrá þingsins, fyrir um það bil fimm árum, að vitnað hefði verið til eins stærsta atvinnurekandans í Danmörku, Burmeister & Wain skipasmíðastöðvarinnar, og þar bent á hámark mannlegrar niðurlægingar, vegna þess að verkamenn þar höfðu samningsbundinn rétt til öls með mat sínum, en þeir hafa frían mat í skipasmíðastöðinni. Ég er svolítið kunnugur á þessum stað. Ég vann þar t. d. í þrjá mánuði fyrir aðeins tveimur árum, vorið 1959. Að mikið veikt öl á okkar mælikvarða er drukkið á þessum stað, það skal ég viðurkenna, og ef hv. þm. hefðu önnur dönsk drykkjarföng frá vatni og upp úr til samanburðar, þá mundu þeir kannske skilja, hvers vegna slíkt þorstameðal er notað. En að halda því fram, að hjá þessu fyrirtæki, þar sem ég fullyrði að 99% af öllum starfsmönnum drekki öl, séu menn bæði skjálfhentir, þreyttir og sljóir af öldrykkju, á sama tíma og þar eru fundin upp tæki og vélar og smíðaðar, sem eru eftirsóttastar allra slíkra, hvar sem er í heiminum, það finnst mér vera alveg fráleit kenning, og ég fullyrði, að vinnubrögð á þessum stað, í Burmeister & Wain skipasmíðastöðinni, séu sízt lakari en í sömu greinum hér hjá okkur á Íslandi, öllausa Íslandi.

Ég get ekki varizt því í þessu sambandi að minnast á bæði verkstjóra og vinnuveitendur, sem hafa stigið nýlega fram á hinn vota völl ölmálsins og látið í ljós mikinn ótta um öldrykkju í vinnutíma og slappleika og jafnvel gluggaútstillingar tómra og hálftæmdra ölflaskna. Þessir menn virðast aldrei hafa séð menn daginn eftir ærlega brennivínsdrykkju og kynnzt slappleika og sljóleika þeirra vígstöðva, og ég leyfi mér að segja það, að þeir vinnustjórnendur hér á landi, sem hafa ekki kynnzt þessari hlið okkar áfengismála, þurfa sannarlega ekki að óttast drykkju á áfengu öli í vinnutímanum, öli, sem þyrfti að ná í til áfengisverzlunarinnar. Ef þeir hins vegar láta undan þessari eða annarri áfengisneyzlu eða öðrum vinnusvikum í vinnutímanum, sem undir öllum framkvæmdaformum áfengismála gæti verið reynt að fremja, þá eru þessir menn miklu sekari en neytandinn sjálfur og alls óhæfir til vinnustjórnar. Slík rök gegn áfengu öli tel ég alveg fráleit.

Því hefur verið haldið fram, að 40% allra slysa í byggingariðnaðinum hjá Dönum, held ég, að það hafi verið, yrðu undir áfengisáhrifum viðkomanda og af öldrykkju þeirra. Þessi tala er auðvitað algerlega út í hött, nema með fylgi tala allra slysa, fjöldi manna í iðnaðinum og síðan samanburður, t. d. við öllaust land eins og okkar, en jafnvel þá getur slíkur samanburður verið mjög vafasamur. Ég minnist þess frá fyrri árum, að það var talað sérstaklega um eina stétt byggingariðnaðarmanna, að þeir drykkju mikið öl. Nú heyrist ekki nefnt, að þeir séu öðrum fremri í því. En við þetta hljóta þær spurningar að vakna, hvort þeir hefðu drukkið sterkt vín, ef öl hefði ekki verið fyrir hendi, og ef svo væri, var það betra fyrir þá af tvennu illu, og að síðustu, þegar er um stéttir, hópa innan þeirra eða jafnvel heilar þjóðir að ræða í sambandi við ofneyzlu áfengis, þá hefur oftast nær skýringin verið hér á landi, að áfenginu og nú ölinu væri um að kenna. En má ekki vera, þegar um stéttir

hefur verið að ræða í þessu sambandi, að þá hafi þar verið um að ræða bæði kvíða og vonleysi um atvinnulegt og efnahagslegt öryggi, sem réð ofneyzlu áfengis? Geta t. d. hörmungar stríðsins og stöðugur stríðsótti, spilling og öryggisleysi í stjórnarfari, efnahagsleg vandamál nokkuð haft um það að segja, þegar þjóðarheildir eru kenndar við ofneyzlu áfengis? Geta ekki félagsleg vandamál, t. d. hörmulegt húsnæði o. fl., o. fl., verið sá neisti, sem orsaki ofneyzlu áfengis á meðal ákveðinna hópa, hópa, sem kannske sjá aldrei fram undan neina glætu í sinni samfélagslegu vellíðan þrátt fyrir stöðugt og sífellt brauðstrit? Ég hygg, að allir þessir þættir geti stuðlað að því og eigi sinn stóra þátt í því, þótt ég telji hins vegar, að slík ofneyzla sé í stærra mæli bundin persónulegum orsökum, og mun koma nánar að þeim þætti síðar.

Ég hef hér í höndum tölulegar upplýsingar frá ekki ómerkari stofnun en áfengisvarnaráði um áfengisneyzlu norrænu þjóðanna miðað við 100% alkohóllítra á hvert mannsbarn á ári. Ég mun ræða Finnland sérstaklega síðar í ræðu minni, en ræða nokkru nánar þessar tölur frá hinum löndunum. Nú vil ég strax undirstrika þá skoðun mína, að þessar tölur gefi alls ekki rétta hugmynd um ástand áfengismála í viðkomandi löndum, en ég mun samt sem áður, jafnvel burtséð frá þeirri staðreynd, gera þennan samanburð. Það ber að hafa í huga, að tvær flöskur af við skulum segja 4½% sterku öli á dag, t. d. ein flaska með hvorri máltíð, það svarar til 12 lítra af hreinum vínanda á ári eða rúmlega sexfaldri neyzlu okkar Íslendinga. Þegar neyzlan er svona reiknuð, þá er það enginn mælikvarði á skaðsemdir áfengisneyzlu eða þá hlið hennar, sem varhugaverð er, en það er ofneyzlan. Ég er ekki trúaður á, að það væri nokkurs staðar í heiminum talið, að slík neyzla, jafnvel þótt um 12 lítra ársneyzlu væri að ræða, væri skaðsamleg fyrir einn eða neinn. Eftir þeirri kenningu ætti ekki síður að vera hættulegur t. d. sá bruggdrykkur, sem drukkinn er úr hinum frægu Malto-pökkum, en bindindismönnum á Akureyri þykir sá mjöður góður eftir upplýsingum framleiðandans þar í einu dagblaði Reykjavíkur fyrir stuttu. Ef rétt er, að mjöðurinn verði ekki sterkari en 1½%, þá getur sá, sem drekkur tvö glös með hvorri máltíð á dag allt árið, hæglega komizt í 4—5 lítra af hreinu alkohóli á ári, en samt talizt baráttumaður bindindis á Íslandi.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér kafla úr bréfi, sem einu dagblaði bæjarins barst fyrir skömmu og undirstrikar einmitt, hve varasamt sé að byggja málflutning sinn í sambandi við þetta mál á köldum tölum einum saman, en í þessu bréfi segir, með leyfi forseta:

„Í málgagni vestur-þýzka frjálsíþróttasambandsins var fyrir rúmu ári viðtal við þekktasta þrístökkvara Vestur-Þjóðverja þá, Hermann Strauss. Hann hefur verið þekktur og vel metinn íþróttamaður í sínu landi og hefur stokkið langt á 16. m og mun því flokkast undir það að vera afreksmaður. En Strauss er líka ölgerðarmaður. Í þessu viðtali lýsti hann því yfir, að hann drykki daglega tvær flöskur af öli því, sem hér um ræðir. Þetta jafngildir, að hann neyti um 12 lítra af hreinum vínanda á ári, eða um sexfalt meðalmagn hér á landi. Engum mun þó hafa komið til hugar að brigzla þessum manni um áfengissýki eða ofdrykkju. Mýmörg dæmi eru til svipaðs. En það, sem athyglisverðara er í þessu sambandi, er sú fullyrðing, að Íslendingar búi við almennt áfengisböl þrátt fyrir meðalneyzluna 1.9 lítra af hreinum vínanda. Miðað við, að meðalneyzla hér á landi umreiknuð í hreinan vínanda sé 1.9 lítrar, þá mundi öll áfengisneyzla hér á landi svara til þess, að sjötti hver maður hér á landi drykki tvær flöskur af öli á dag á sama hátt og áðurnefndur maður, en engin önnur drykkja ætti sér stað.“

En bréfritari segir: „Hins vegar mætti einnig neyta 12 lítra af hreinum vínanda á annan hátt en sem tvær flöskur af öli daglega. Það mætti láta blanda brennivín úr þeim, og á þann hátt fengjust rúmlega 30 flöskur, 3 pela, af venjulegu brennivíni, sem mun vera rúmlega 40% að styrkleika. Ef neyzlu þess væri hagað þannig, sem nú mun tíðkast, þá mundu að meðaltali koma rúmar tvær flöskur á hvern mánuð ársins. Þannig mætti neyta sama áfengismagns og áður var umrætt, þannig að a. m. k. þrisvar í mánuði drykki viðkomandi hálfa eða ¾ úr flösku á einu kvöldi, en flestir þekkja áhrifin af slíku magni, þegar þess er neytt á einni kvöldstund. Þetta mætti gjarnan taka til athugunar, þegar menn koma fram fyrir alþjóð og reyna að telja henni trú um, að frv. um áfenga ölið sé lævísleg tilraun til þess að steypa þjóðinni í glötun. Hvora tegund drykkjunnar mundu menn telja æskilegri?“

Bréfritari heldur áfram og segir: „Ölið kemur aldrei til að útrýma drykkju hinna sterkari drykkja, þótt leyft verði. En gæti það ekki hins vegar aukið á skynsamlegri meðferð þeirra drykkja, sem innihalda áfengi, umfram það, sem nú er? Ef mark væri takandi á þeirri fullyrðingu, sem að framan er drepið á, að hér ríki almennt áfengisböl, þá er það böl sennilega frekar fólgið í neyzluvenjum en neyzlumagni.“

Þetta sagði umræddur bréfritari.

Það er athyglisvert í þeim áfengistölum um neyzlumagn, sem koma frá Noregi, að þar má segja, að neyzlan sé óbreytt frá ári til árs, þannig að þar hafi engin aukning orðið þrátt fyrir það, að þar er á boðstólum sterkt öl, að vísu með nokkrum hömlum. Árið 1955 var þessi neyzla í Danmörku 3.35 lítrar, en árið 1959 var neyzlan þar komin upp í 3.70 lítra. Aukningin er 0.35 lítrar á þessum tíma. Á sama tíma voru tölurnar hér á Íslandi, 1955 voru þær 1.45 lítrar, en 1959 1.90 lítrar, eða 0.45 lítra aukning af sterkum drykkjum hjá okkur, á sama tíma og aukningin í Danmörku var 0.35, með öllum bjórnum og frelsinu í áfengismálum og með því, sem ég tel eiga sinn stóra þátt í hærri tölu í Danmörku, miðað við okkur, en það er hin gífurlega aukning ferðamanna til Danmerkur á síðustu árum. Ég tel t. d., að þeir þumalputta-ferðamenn, sem hafa komið til okkar, verði ekki sakaðir um aukninguna hér, en mér hefur verið tjáð, þó að ég geti ekki upplýst það, vegna þess að tölurnar lágu ekki fyrir, að ferðamenn, sem komu til Danmerkur á s. l. ári, hafi verið um milljón að tölu, en íbúatala Danmerkur er hins vegar tæpar 5 milljónir. Tekjurnar af þessum ferðamönnum

voru 7—8 hundruð millj. danskra króna. Nú hefur Kaupmannahöfn oft verið kölluð París Norðurlanda og það með réttu. Skemmtistaðir hennar draga til borgarinnar ótölulegan fjölda fólks langt fram yfir aðrar borgir. Þá er hún og mikil siglingaborg, og það er mikið af skipum, sem kemur til Kaupmannahafnar og Danmerkur. Kaupmannahöfn er jafnframt mikil loftsiglingaborg. Og ég tel því alls ekki rétt að slá því föstu vegna fyrrgreindra talna, sem ég hef hér rakið, að halda því fram, að Danir séu helmingi verri en við, og það sé tekið eftir fullyrðingum þeirra, sem halda því fram, að við búum við almennt áfengisböl.

Ég hef því miður ekki hlutfall sterkra drykkja í þessum tölum frá Danmörku, en það hef ég hins vegar frá Svíþjóð. Og þar koma athyglisverðar staðreyndir í ljós. Áður en ég bendi á þessar tölur, sem eru frá áfengisvarnaráði, eins g ég benti á, langar mig til að vitna í grein, sem birtist í einu dagblaði bæjarins fyrir skömmu og sýnir bezt, með hvaða vopnum er barizt í þessu máli. Ég læt nafns höfundar ógetið, þótt ekki sé nema vegna afkomenda hans. Þessi spekingur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðan vínveitingar voru takmarkaðar í Svíþjóð og sala áfengs öls bönnuð þar, bar mjög lítið á drykkjuskap og unglingar undir áhrifum áfengis töldust til furðulegra fyrirbæra. En hvað hefur skeð þar, síðan bjórinn var boðinn frjáls um landið? Drykkjuskapur eldri sem yngri hefur stóraukizt, afbrotum fjölgað óskyggilega, vinnuafköstum hrakað, svo að til vandræða horfir í mörgum iðngreinum. Það eru óneitanlega sterkar líkur til þess, að afleiðing bjórsölu hér yrði svipuð eða sízt betri."

Þetta segir þessi bréfritari. Fljótt á litið mundi ég segja, að hvert orð af þessum fullyrðingum væri rangt, en ég skal þó undanskilja afbrotafjölda. Afbrot t. d. unglinga hafa aukizt um allan heim á síðustu árum, bæði þar sem ekkert öl er, eins og hjá okkur, og eins þar, sem áfengisneyzla hefur minnkað eða staðið í stað eða aukizt. Það er sameiginleg staðreynd. Þessi maður, sem skrifaði þessi orð, sem margir hafa tekið sér í munn síðan, hrósar mikið skömmtun. En hver er svo reynslan hér á landi af skömmtun? Jú, það var talið, að skömmtun sú, sem áður gilti, hefði reynzt einna verst af öllu því, sem gert hefur verið til þess að draga úr vínnautn almennings. Þessi sama reynsla fékkst í öllum löndum, þar sem henni var komið á, þar á meðal í Svíþjóð.

Ástandið í áfengismálum, áður en skömmtun var afnumin og bjór var leyfður, var orðið svo óskyggilegt, að það voru vandaðir og ábyrgir bindindismenn í Svíþjóð, sem sæti áttu í sænska þinginu, sem mæltu með því, að skömmtuninni yrði hætt. En hver er svo sannleikurinn um drykkjuskaparaukninguna í Svíþjóð, eftir að ölið kom á markaðinn? Árið 1952, meðan bannið á öli og skömmtunin var í gildi, var alkóhólneyzla Svía á mann á ári 3.71 lítri, og það er ekkert öl í þessari tölu. Síðan er verstu hömlunum aflétt og bjór leyfður. Hámarkið hækkar og nær árið 1956 4.40 lítrum. En hvað skeður svo? Neyzlan fer minnkandi, og árið 1959 er neyzlan komin niður í 3.76 lítra, eða hér um bil það sama og var, áður en hömlurnar voru afnumdar, og það, sem er enn þá eftirtektarverðara, er það, að af þessari neyzlu eru aðeins 2.90 lítrar sterkt áfengi. Neyzlan á sterku áfengi hefur því minnkað um tæpan lítra á mann á þessum stutta tíma og heildarneyzlan samt sem áður sú sama 1959 og hún var 1952.

Ég hef líka þær upplýsingar, hafðar eftir manni, sem hér var á ferð fyrir stuttu frá bindindisfélagi sænskra ökumanna, að ástand áfengismála hafi stórbatnað í Svíþjóð á síðustu árum, og það virðist mikið bera á milli þessarar fullyrðingar hjá þessum manni og bréfritaranum, sem ég vitnaði í áðan. Þá baráttuaðferð þeirra, sem eru á móti öli, að draga fram ákveðnar tölur, þegar þær henta áróðri þeirra, en fullyrða það gagnstæða við hinar sömu tölfræðilegu staðreyndir, ef samanburðurinn er óhentugur, tel ég engum til gagns, heldur þveröfugt.

Áður en ég vík orðum mínum að Þýzkalandi, sem mun vera talið einkennandi bjórdrykkjuland, vil ég harma, hversu langt við eigum í land með að geta gert tölfræðilegan samanburð við önnur lönd. Ég reyndi t. d. að fá sundurliðaðar afbrotaskýrslur og dóma fyrir líkamsárásir og aðra glæpi, tölur um afbrot unglinga, til að gera samanburð á okkar landi og öðrum. Þær gat ég ekki fengið, en var hins vegar vísað frá Heródesi til Pílatusar. Og það var eftirtektarvert svarið, sem ég fékk hjá áhrifamiklum einstaklingi í læknastétt okkar, þegar ég bað hann um upplýsingar um, hve margir drykkjusjúklingar væru hér á landi. Jú, hann vísaði í heilbrigðisskýrslurnar, en hann bætti því við, að þótt þessar tölur lægju fyrir þar, þá væri ekkert að marka þær, svo að í því tilliti verð ég að fara eftir fullyrðingum þeirra, sem ég nú í seinni tíð tel mjög varasamt að taka trúanlega, en verð nú samt að gera.

Það var upplýst fyrir skömmu af einum af þeim baráttumönnum, sem hafa barizt á almennum vettvangi gegn öli, að tala drykkjusjúklinga væri í Þýzkalandi 250 þús. manns. Honum þótti þetta, sem von var, stórkostleg tala, og það efar enginn, að þarna hafi ekki verið tíundað sem skyldi. Nú býst ég við, að þessar upplýsingar hafi aðeins átt að gilda um Vestur-Þýzkaland, og ég mun ganga út frá, að svo sé. Ef þessi tala er rétt, þá er tala áfengissjúklinga í Vestur-Þýzkalandi tæpt ½% af heildaríbúatölu landsins. Ef þessi prósenttala er yfirfærð á Ísland, þá mætti búast við, að hér væru um það bil 900 drykkjusjúklingar. En hvað segir umræddur gegn-öli-í-landi-maður um það? Hann fullyrti, að hér væru a. m. k. 2000 drykkjusjúklingar. Þegar þessar upplýsingar komu fram í ríkisútvarpinu fyrir skömmu, var enn fastar kveðið að orði og fullyrt, að einn af hverjum tíu, sem smökkuðu áfengi, yrði drykkjusjúklingur. Hér á landi hefur því verið haldið fram, og ég tel, að það sé með nokkrum sanni gert, að 4 af hverjum 5 Íslendingum smökkuðu áfengi í einni eða annarri mynd. Ef við aðeins tökum kosningabæra menn á Íslandi og segjum þá 100 þús., þá eru 4/5 af þeirri tölu 80 þús. manns. Eftir áðurnefndri fullyrðingu ættu að vera hér á landi um það bil 8000 drykkjusjúklingar eða 4.4% af þjóðarheildinni á móti ½% í Vestur-Þýzkalandi.

Hér er því haldið fram, að okkar ástand sé

betra, um leið og því er haldið einnig fram, að hér muni skapast ómögulegt ástand í áfengismálum, ef áfengt öl verði leyft. En á sama tíma eru dregnar fram tölur um áfengissjúklinga í Þýzkalandi og hér, eins og ég hef þegar bent á.

Þessar háu tölur, sem koma sem alkohólneyzla á mann í þeim löndum, sem mikils öls neyta, eru ekki hærri en raun ber vitni um í Þýzkalandi, með tilliti til þess, sem ég hef áður sagt um neyzluvenjur, en sem nemur á fjárhagsárinu 1960—61 7.2 lítrum af hreinu alkohóli á mann, eða sama og ca. hálf ölflaska af meðalsterku öli á hvern íbúa á dag. Þetta skeður á sama tíma og í landinu, Vestur-Þýzkalandi, dveljast hartnær 3 millj. útlendinga, hermenn og skyldulið þeirra, hverra neyzla kemur í stórum mælikvarða inn í innanlandsneyzluna, t. d. mestöll bjórneyzla þeirra. Á sama tíma og þetta skeður, þ. e. á þessu sama fjárhagsári, sem ég vitnaði í, komu yfir 10 millj. erlendra ferðamanna til landsins eða sami fjöldi og fimmtungur þjóðarinnar. Það vita allir um þorsta ferðamanna, a. m. k. íslenzkra, þegar þeir koma á erlenda grund. Þetta skeður á sömu árum og kaupmáttur launa í þessu landi, miðaður við vinnumínútur, eykst um tæp 40%, en vinnutími vísitölubúsins þar var árið 1950 8 tímar og 6 mín., en 1956 var hann orðinn 5 tímar 56 mín., sem ásamt mörgu öðru hefur skapað alveg nýja lífnaðarhætti í Þýzkalandi síðustu árin, og þrátt fyrir síaukið sparifé almennings hefur þessi öra velmegun aukið eyðslu manna í mat og drykk, fatnað, bíla og heimilistæki alls konar. Það hefur þannig verið reiknað út, að eyðsla verkamannafjölskyldu með fjóra meðlimi hafi verið árið 1950 285 vestur-þýzk mörk, en 1957 er hún orðin 538 mörk, og eyðsluaukningin stafar aðeins að litlu leyti af verðhækkunum, en að langmestu leyti af auknum kröfum um að njóta þeirra gæða, sem lífið hefur að bjóða, og það er staðreynd, að einn þáttur í þeim gæðum er, að Vestur-Þjóðverjar vilja hafa möguleika til að geta drukkið áfengt öl.

Ég segi í grg. með frv., að fullyrðingin um áhrif öls á unglingana virðist haldlítil, þegar á það sé bent, að hvorki peningaleysi né hömlur virðist forða frá því, að unglingar komist yfir eldsterkt, óhollt og hrátt brennivín eða aðra slíka drykki, allt að 60% sterka, sem þeir síðan blanda með sætum og kolsýrðum vökva, sem feli áfengisbragðið algerlega, en flytji áfengisáhrifin svo að segja á svipstundu út um allan líkamann, enda liggi sú staðreynd fyrir, að á sama tíma og öl sé forboðinn ávöxtur á Íslandi, aukist vínneyzlan með hverju ári, bæði sú, sem sjáist í skýrslum, og einnig hin, sem aldrei sjáist öðruvísi en í raun. Glæpir vaxi, afbrotum fjölgi, sívaxandi drykkja meðal unglinga valdi stórauknum glæpafaraldri, meðal þeirra slysum og jafnvel manndrápum. Á s. l. ári minnkaði að vísu nokkuð lítrafjöldi sá á mann, sem ég hef áður nokkuð um rætt, en ég hef þegar getið um það, sem ég tel vera meginástæðuna til þess. Ég tel, að neyzlan sjálf hafi ekki minnkað, eða a. m. k. má fullyrða, að ómenningarblærinn á neyzluvenjunum sé sá sami og verið hefur.

Mér finnst rétt að bæta því við í þessu sambandi, að sú staðreynd er vel kunn, að áfengur bjór á ekki við bragðsmekk unglinga. Þeir vilja heldur áfengisblöndu í sykruðu kolsýruvatni, eins og dæmi sanna hér á landi eins og alls staðar annars staðar, og um frekari hættur unglinga vegna þessarar tegundar áfengis, miðað við sama sölufyrirkomulag, vísa ég til þess, sem ég hef þegar sagt um skoðanir mínar á sölumeðferð allra áfengra drykkja.

Ég hef í þessu máli mínu leitazt við að mótmæla ýmsum hugmyndum manna, sem hefur verið haldið á lofti um áhrif öls á einstaklinga, hópa og jafnvel þjóðir, og draga fram staðreyndir um hið gagnstæða, sem ég mun koma að síðar.

Þegar rætt er um áfengi og ofnautn þess, má segja, að þar hafi margir um fjallað, sem hafi það eitt sammerkt, að þeir virðist vita, að þeir viti bezt. Það má vel vera, að ég verði flokkaður í þeim hópi. En hins vegar má flokka efnislega skoðanir manna niður nokkuð nákvæmt og segja þannig, að til sé hópur manna, sem telji, að öll neyzla áfengis sé hætttuleg, og annar fjölmennari hópur, sem telji, að ofneyzla áfengis sé það, sem hættulegt sé, og lifi samkvæmt þessari skoðun sinni og virðist ekki síður vera nýtir þjóðfélagsborgarar en hinir. Ég skal í þessu sambandi fúslega viðurkenna, að það væri æskilegast fyrir allar þjóðir heims og þar á meðal okkur Íslendinga, að þær þekktu ekki áfengi og hefðu það þar af leiðandi aldrei um hönd, en svo ætti þá að vera um marga aðra hluti. Ég hef hins vegar bent á þá skoðun mína, og ég tel, að sú skoðun hljóti að vera ríkjandi hjá mörgum hv. þm., að við getum ekki sniðgengið þá staðreynd, að neyzla áfengis muni eiga sér stað hér á landi um mörg ókomin ár, og í samræmi við þá staðreynd og það, sem ég hef áður sagt, tel ég, að bann á öli sé byggt á úreltum skoðunum um varnir gegn ofneyzlu áfengis.

Ég hef haldið því fram opinberlega áður og geri það hér, — ég held því hiklaust fram, að þegar rætt sé um áfengissjúkdóma og áfengissjúklinga, þá sé allt of oft gripið til hinna nærtæku og handhægu skýringa að telja áfengið orsökina, en ekki afleiðinguna af ýmiss konar hugsýki, eins og ég hef orðað það áður, sálrænum kvillum og jafnvel félagslegum vandamálum. Ég skal strax taka það fram, að þetta er alls ekki einhlítt, heldur getur ofneyzla áfengis bæði verið orsök og afleiðing, og þegar svo sé, þá skapist vítahringur, sem hafi í för með sér endurteknar gagnverkanir, og það er einmitt þess vegna, sem ég er fylgjandi því, að hér sé haldið við vissum hömlum, bæði í sölu og dreifingu og meðferð áfengis hér á landi. Ég mun nú fara nokkrum orðum um þessa skoðun mína og leitast við að finna rök fyrir henni.

Það er ekki lengra síðan en um það bil 20 ár, að heilsa manna var einkum miðuð við líkamlega heilsu. Þá voru talin algild sannindi, að heilbrigð sál fylgdi hraustum líkama. Það var í síðustu heimsstyrjöld, að augu manna opnuðust fyrir því, að þetta væri langt frá því að vera algild sannindi og alls ekki að treysta, og sú staðreynd var fljótlega viðurkennd, að sár og ígerðir, sem hlutust af morðtólum styrjaldarinnar, væru ekki það hættulegasta, heldur það stríð, sem háð var í hugum manna, alls konar hugsýki,

og eftir að síðustu heimsstyrjöld lauk, var hugtakið heilbrigði endurskoðað. Það voru 64 þjóðir innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem álitu þá, að heilbrigði fæli í sér fullkomna líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Með þessari stefnuyfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar var viðurkennd sú hætta, sem einstaklingum og þjóðfélögum stafar af sjúkdómum, sem rekja má til sálarlífsins, og sannanirnar hafa ekki látið standa á sér. Bæði sál- og geðlæknar halda því fram, að af hverjum 100 sjúklingum, sem til læknis leita, þjáist a. m. k. 30—40 þeirra að einhverju eða öllu leyti af huglægum kvillum, t. d. kvíðni eða líkamlegum þjáningum, sem stafa eða eiga sér sálræna orsök, og það eru margir læknar, sem telja, að þessi hundraðshluti sé miklu hærri. Þegar hefur verið talað um slíka sjúkdóma, sálarlífssjúkdóma, hefur þeim venjulega verið skipt í tvo aðalflokka, hugsýki og geðveiki, og það er kannske vegna nafnanna eða af öðrum orsökum, sem mikil andúð hefur stafað, bæði hjá lærðum og leikum, gegn því að viðurkenna sjúkdóma af slíkum orsökum. Það er í nýútkominni mjög aðgengilegri bók fyrir almenning eftir Karl Strand lækni fjallað um ýmis vandamál sálsjúklinga og þó einkum þeirra, sem þjást af hugsýki, og leyfi ég mér að vitna til orða hans um það efni. Hann segir m. a., með leyfi forseta:

„Sálfræðingar og geðlæknar hafa skilgreint sjúkdómsmynd hugsýkinnar sem afleiðingu ákveðinna tilrauna einstaklingsins til að komast hjá sérstökum tilfinningalegum vandamálum, ná á þeim tökum eða vega á móti þeim. Hún er tilraun til málamyndunar og verndunar persónuleikans.

Sameiginlegt þessum fyrirbærum er vanmætti eða mistök á að ráða við þá hugkreppu, sem til grundvallar liggur, ótti við vandamálið og kvíði fyrir afleiðingum þess.

Þetta sambland af ótta og kvíða, sem á rót sína að rekja í dulvitund sjúklingsins, nefnist kvíðni, og talið er, að hún sé sá möndull, sem hugsýkin snýst aðallega um. Sjúklingurinn grípur til ýmissa örþrifaráða gegn kvíðni sinni, því að í sjúkdómsmyndinni fléttast oft saman andleg og líkamleg einkenni, og því fylgir oft í kjölfarið ýmiss konar hátternisbreyting og þ. á m. ofneyzla áfengis.“

Þar sem ég hef tekið hér upp ákveðinn kafla úr þessari bók og þar er minnzt á þessa kvíðni, vil ég leyfa mér að benda jafnframt á það, hvernig þessi umræddi höfundur skilgreinir það hugtak. Hann segir:

„Kvíðni er hræðslukennt þensluástand, sem gefur til kynna, að einstaklingnum sé hætta búin. Í venjulegum ótta er tíðast óttavaldur,“ segir hann, „t. d. óvinur eða refsing, en í kvíðni er óttavaldurinn oft ímyndaður eða óraunverulegur og oftast dulvitaður.“

Hann heldur áfram og segir: „Kvíðni er höfuðþáttur í flestum huglægum vandamálum og kvillum og hefur víðtæk áhrif á hátterni manna og getur skapazt á hvaða aldursskeiði sem er. Sálfræðingar hafa dregið saman einkenni hugsýkinnar í sex flokka eða kerfi eftir athuganir á hátterni sjúklinganna. Þessir flokkar nefnast: 1) kvíðni, 2) fælni, 3) árátta og þráhyggja, 4) hugþreyta, 5) sút og þunglyndi og 6) sefasýki. Sálfræðingar sjálfir viðurkenna þó ósamræmi í flokkunaraðferðinni, þegar horft er á önnur og einangruð hugsýkisfyrirbæri, sem hafa afmarkað viðbragðssvið, eins og t. d. sjúkleg neyzla áfengis eða kynvilla. Í báðum þessum tilfellum er um hátterni að ræða, sem vafalitið má í flestöllum tilfellum rekja til huglægs uppruna. Og það sama má bæði segja um það, sem kallað hefur verið sadismi og exhibitionismi.

Viðbragðsform í þessum sjúkdómsfyrirbærum,“ heldur þessi geðlæknir áfram, „mælir með, að þau séu talin sérstakur flokkur hugsýki, en huglæga sjúkdómsmyndin er hins vegar oft samkynja þeim, sem finnast í öðrum fyrirbærum, eins og dulkvíðni.

Gott dæmi upp á þetta,“ segir þessi læknir, „telja sálfræðingar sjúklega neyzlu áfengis, þar sem kvíðni er megináflið í framvindu sjúkdómsins.“

Þegar við lítum á þær læknisfræðilegu kenningar, sem nú hefur nokkuð verið drepið á, mun sú staðhæfing koma fljótt fram, er bendir á, að sjúkleg ofneyzla þurfi ekki endilega að vera bundin við áfengt öl eða sterk vín, hún geti komið fram á miklu víðara sviði. Þetta er öldungis rétt, enda bent á það af læknum, að slíkt geti einnig komið fram í ofneyzlu lyfja og matar. Ég hef hér hjá mér annars vegar frétt úr dagblaði um misnotkun lyfja, hins vegar grein í vikuritinu Time um ofneyzlu matar og mataræði. Í Þjóðviljanum segir þann 6. jan., með leyfi hæstv. forseta:

„Misnotkun lyfja er ein af helztu sjúkdómsorsökum í Danmörku, eftir því sem sagt er í grein í danska læknablaðinu. Greinina skrifa tveir læknar, prófessor Krarup og Harvald. Athuganir, sem þeir hafa gert, leiddu í ljós, að um 6% af sjúklingum, sem lagðir eru á lyflækningadeildir sjúkrahúsa í Kaupmannahöfn, hafi veikzt vegna misnotkunar á lyfjum. Slík misnotkun er næstalgengasta sjúkdómsorsök hjá sjúklingum, sem á lyflækningadeildum liggja.

Það eru ekki hvað sízt nýrnasjúkdómar ýmsir, sem orsakast af misnotkun lyfja, og bendir margt til, að þeir stafi oft af ofnotkun kvalastillandi lyfja, eins og t. d. fenacetins og skyldra lyfja. Hingað til hafa þessi lyf fengizt í Danmörku sem reyndar einnig hér á landi án lyfseðils, en nýlega var þar ákveðið, að þau megi aðeins selja gegn lyfseðli.

Þá er talin ástæða til að ætla, að magablæðingar stafi a. m. k. stundum af ofnotkun lyfja, sem innihalda salicylsýru, eins og t. d. aspirín. Almenn vanlíðan, höfuðverkur, blóðleysi, þreyta stafar oft af mikilli notkun bæði kvalastillandi og róandi lyfja, en notkun síðarnefndu lyfjanna hefur farið mjög vaxandi á seinni árum.

Í forustugrein hins danska læknablaðs er einnig fjallað um þetta mál, og segir þar m. a.:

„Læknar hljóta að veita þessu máli athygli og maður verður að vona, að landsmenn almennt geri sér grein fyrir því, að dagleg notkun kvalastillandi og róandi lyfja er ekkert hégómamál. Það lítur út fyrir, að þessi lyf séu að verða ein af helztu sjúkdómsorsökum hér á landi.“

Þetta var úr hinu danska læknablaði.

Svo heldur áfram þessi frétt í Þjóðviljanum 6. jan.:

„Einnig í Svíþjóð hefur verið varað við ofnotkun fenacetinslyfja. Í læknablaðinu hafa læknarnir Gunnar Melin og dr. Hariet Sandring birt niðurstöður rannsóknar á sjúkdómum af völdum misnotkunar fenacetins. Þeir segja, að á árunum 1957—1959 hafi á Mölndals-sjúkrahúsi verið 28 sjúklingar, sem veikzt höfðu af of mikilli neyzlu fenacetins. Allir höfðu þeir fengið nýrnasjúkdóma, fjórir þeirra svo hættulegan, að hann varð þeim að bana."

Þetta var fréttin úr Þjóðviljanum.

Í áðurnefndu eintaki af tímaritinu Time frá 13. jan. segir í mjög fróðlegri grein um lífeðlisfræðing og rannsóknir hans, en þar eru einmitt birtar niðurstöður af rannsóknunum, en þær eru í stórum dráttum þær, að Bandaríkjamenn bæði éti of mikið og þeir éti of mikið af fitu. Í grein þessari segir, með leyfi forseta:

„Oftast stafar of mikil neyzla matar frá sálrænum þvingunum. Ofneyzlan getur m. a. orðið til vegna vonleysis, þunglyndis og öryggisskorts." Og nokkru síðar segir í grein þessari: „Matur getur verkað eins og deyfilyf, sem gefur huglægum kvillum stundarró, alveg eins og áfengi gerir fyrir suma."

Í þessari grein segist lífeðlisfræðingurinn telja ofát Bandaríkjamanna í heild aukaatriði í samanburði við það, sem valdi honum áhyggjum, en það er sá skyldleiki, sem sé milli ýmissa fæðutegunda og þess sjúkdóms, sem þar er kallaður þjóðarmorðingi nr. 1, en það mun vera sú tegund hjartasjúkdóma, sem nefnd hefur verið kransæðastífla og veldur nú helming allra dauðsfalla, sem verða af hjartasjúkdómum í Bandaríkjunum, og drepur a. m. k. hálfa milljón Bandaríkjamanna árlega, eða tvisvar sinnum fleiri en deyja af öllum tegundum krabbameins þar og fimm sinnum fleiri en dauðaslysin, sem bílar valda. Þessi lífeðlisfræðingur telur sig hafa sannað með þrotlausum rannsóknum og hagfræðilegum staðreyndum, að ofneyzla vissra matartegunda sé hinn ógnarlegi bölvaldur.

Hvaða ályktanir má nú draga af þessum dæmum, sem ég hef hér dregið fram? munu margir spyrja. Ef líking væri dregin af afstöðu sumra ofstækismanna til áfengs öls, þá ætti að banna allan mat og öll lyf. En þótt svo djúpt sé ekki tekið í árinni, heldur t. d. bannið aðeins bundið við ákveðnar fæðutegundir, t. d. þær, sem þessi vísindamaður telur að valdi kransæðastíflu, áður lýstum bölvaldi, skyldi þá ekki sumum hér inni í hv. þd. stökkva fróða um vit, þegar bent er á, að þessar fæðutegundir eru að langmestu leyti kjötmeti, mjólk og mjólkurafurðir?

Slík bönn eins og bann á öli tel ég auðvitað með öllu óraunhæf. Ég hef þegar lýst skoðunum mínum á því, hvers vegna ég vilji ekki bann á neinni tegund áfengis, heldur aðeins vissar hömlur á sölu allra tegunda þess. Og í framhaldi af því og öðru máli mínu finnst mér ég vera að nokkru leyti skyldugur til þess að benda á þau úrræði, sem ég telji, að til varna megi verða til þess að fyrirbyggja ofneyzlu áfengis og einnig til þess að lækna þá einstaklinga, sem sjúkdóminn hafa tekið og munu taka. Kannske skyldugur vegna utanaðkomandi áskorana og vegna fráleitra fullyrðinga um ímyndaða þjónustu við ímyndað áfengisauðmagn og aðra þess háttar vitleysu, sem aðeins getur orðið til í hugarórum sálsjúklinga, og skyldugur vegna þess, að heimild sú til bruggunar á áfengu öli, sem þetta frv. felur í sér, hefur verið nátengd áfengismálunum í heild í öllum umræðum manna á meðal og jafnvel haldið fram af sumum, að samþykkt þess muni jafnast á við pest svartadauða á sínum tíma, þá hef ég nú sjálfur við framsögu málsins kosið að ræða það frá sem flestum hliðum, eins og ég tók fram í upphafi máls míns. Ég vil þó taka það strax fram, að ég er ekki að benda á nein ný sannindi, heldur staðreyndir, sem hafa verið kunnar um langt skeið, og staðreyndir, sem hefur verið unnið eftir og það með góðum árangri.

Ég tel, að verkefni slíkra varna yrði að vera tvíþætt, til að fyrirbyggja orsökina annars vegar og til þess að létta og lækna þjáningar afleiðinganna hins vegar. Ég tel, að grundvöllinn eigi að leggja og byggja á strax í æsku barnsins, eða strax við þessa persónuleikasköpun á að móta afstöðu barnsins til áfengis, alveg eins og við gerum t. d. um trúmál. Þessu ætti auðvitað að halda áfram með aðild foreldra og skóla, sem sjá um hina þjóðfélagslegu aðlöðun barnsins, og þegar kemur fram á unglingsárin, sem eru oft og tíðum erfiðasta tímabilið í lífi mannsins, ber að hafa það í huga, að í kringum 15 ára aldur eru unglingar oftast búnir að taka eða yfirleitt búnir að taka út fullan greindarþroska. Tilfinningalífið heldur áfram að breytast og breytist að vísu alla ævi, en sálfræðingar hafa bent á þá staðreynd, að unglingurinn sé þrátt fyrir kunnáttu sína í ýmsum fræðigreinum bæði barn að reynslu og tilfinningaþroska, sem bæði langar til þess að sanna manndóm sinn, kunnáttu og sjálfstæði, en er samt sem áður uggandi um hæfni sína. Þeir benda einnig á, að það sé táknrænn háttur í allri lífsviðleitni unglinga að skoða og prófa og þreifa sig áfram og velja og hafna, og kannske þess vegna, eins og margir benda á, er það, sem höft og bönn, leyndardómurinn mikli í sambandi við áfengismál, séu svo hættuleg sem þau eru fyrir unglingana. Ég tel, að tómstunda- og félagsheimili ýmiss konar og íþróttastarfsemi undir stjórn vandaðra og fórnfúsra leiðbeinenda sé það þýðingarmesta, sem þjóðfélagið geti gert fyrir þegna sína á þessu tímabili ævinnar. Og það skal tekið fram hér, að á þessu sviði er þegar unnið mikið starf af fórnfýsi og góðum hug, sem því miður verður minna úr en skyldi vegna fjárskorts, sem ég tel þó vafasama ástæðu og allhjárænulega, ef samanburður er gerður annars vegar á togarakaupum og skurðgrefti í sveit, en hins vegar uppeldi æskunnar með það að höfuðmarkmiði að skapa henni, sem og öðrum þegnum þjóðfélagsins, líkamlega, andlega og félagslega velliðan. Ég tel happasælast meðal fólks, sem hefur náð fullorðinsaldri, ef skapa mætti meðal þess þá almennu skoðun, að ofneyzla áfengis væri vanvirðingarathöfn jafnt fyrir einstaklinga sem fyrir hópa. Það þarf, eins og raunar svo oft hefur verið bent á, að byggja upp sterkt almenningsálit, sem fordæmi siðleysi, sem samfara er ofnautn áfengis og því miður er nú ekki talið ámælisvert í huga þjóðarinnar, en

á samt sem áður eina stærstu sök á því ástandi, sem nú ríkir í áfengismálum. Skynsamleg og ofstækislaus áfengislöggjöf, ásamt aðgerðum þess opinbera í sama anda, er nauðsynleg til þess að ná þessu marki, og munu flestir mér sammála um það. Um hitt má deila, hversu mikil skerðingin á frelsi manna skuli vera vegna lagaákvæða, sem nauðsynlegt hefur verið talið að setja til þess að ná þessu setta marki. Ef það kemur í ljós hins vegar, að slík ákvæði vinni í beinni andstöðu við þann tilgang, sem ætlaður var með áfengislöggjöfinni, eins og ég held fram að ölbannið geri, þá ber tafarlaust að nema slíka þjónustu við ofstækið úr gildi. Ég tel einnig, að það opinbera, ríki og bær, ásamt áhrifamiklum einstaklingum í slíkri þjónustu og helzt utan eigi að ganga á undan með góðu fordæmi, verandi síminnugir máltækisins: Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það.

Ég hef nokkuð minnzt á skoðanir mínar um, hvað ég telji heppilegustu leiðir til að vinna gegn ofneyzlu áfengis. Hvað þeim viðvíkur, sem eru eða kunna að verða sjúklingar og neyta áfengis í óhófi, þá tel ég, að skilyrðislaust eigi þeir sjúklingar að eiga kost á spítala- eða hælisvist, meðan lækning fer fram. Í þeim málum eru ýmsar nútímaaðferðir á lofti, og það er sammerkt með öllum þeim aðferðum, sem ná árangri, að þá liggur til grundvallar viðurkenning þeirrar staðreyndar, að áfengi sé fyrir hendi í einni eða annarri mynd og það sé hægt að ná í það, ef vilji sé fyrir hendi, þótt hömlur séu á. Allar læknisaðferðir þessar eru byggðar á einhvers konar sállækningu, en hún er, eins og sálfræðingar hafa skilgreint hana, fólgin í endurheimt og endurskipulagningu á eigindum persónuleikans, nýrri tilraun til aðlögunar í stað þeirrar, sem mistókst, nýrri hagnýtingu gáfna og persónuþátta, sem sjúklingurinn verður að leggja til sjálfur. Það eru ýmsar stefnur uppi um það, hvaða leiðir séu heppilegastar til sállækninga, og ég mun ekki fara nánar út í það, en ég minni á það, að allsherjarlausn til lækninga þeim, sem þjást af sjúklegri ofneyzlu áfengis, er ekki til, því að orsakir og afleiðingar geta verið jafnbreytilegar og einstaklingarnir sjálfir, og það þyrfti hjá hverjum einum að finna það sandkorn, sem fyllti hans mæli.

Í framhaldi af þessu vil ég að lokum benda á tvö atriði, sem sameiginlega geta gert meira en nokkuð annað til að finna og fyrirbyggja þær orsakir, sem leiða til sjúklegrar neyzlu áfengis eða sjúklegrar ofneyzlu bæði fastra og fljótandi efna, og þær hættur, sem því eru samfara, en það eru stöðugar, hlutlausar vísindalegar rannsóknir og þrotlaus fræðsla um niðurstöður þeirra. Ég vil undirstrika sérstaklega þessi orð mín: hlutlausar vísindalegar rannsóknir, — ekki ofstækislegar fullyrðingar eða rangar ályktanir og jafnvel vísvitandi rangar fullyrðingar. Allur áróður, sem er byggður á slíkum forsendum, verður engum til góðs.

Ég minntist á það fyrr í ræðu minni, að ég mundi ræða um Finnland sérstaklega síðar. Ég geri það af því tilefni, að einn af þeim, sem hafa látið til sín heyra að undanförnu sem andstæðingar áfengs öls, fullyrti eða lét liggja að því í orðum sínum, að í Finnlandi hefði verið komizt að þeirri niðurstöðu, að öl væri miklu óheppilegra til drykkjar en brennivín. Að því sem ég hef næst komizt, hefur ályktun þessa manns verið dregin af minni háttar rannsóknaratriði, sem kom í ljós eins og svo margt fleira í víðtækum, vísindalegum rannsóknum, sem miðuðu að því að fá úr því skorið, hvaða áfengispólitík væri skynsamlegust fyrir Finna. Ég hef haft í höndum útdrátt úr því helzta, sem skeði á þriðja Norðurlandaþingi sálfræðinga í Helsingfors 1953. Á þessu þingi flutti dr. phil. Marti Takkala, sem nú er prófessor við háskólann í Helsingfors og er talinn meðal fremstu í sinni röð af þeim, sem nú eru uppi, fyrirlestur um rannsóknir þessar, sem voru gerðar undir hans stjórn að nokkru leyti á árunum eftir 1950. Einn íslenzkan sálfræðing þekki ég, sem fylgdist náið með þessum rannsóknum og sat umrætt þing og átti þá viðtöl bæði við umræddan prófessor og einnig Fagerholm, kunnan finnskan stjórnmálamann og forstjóra áfengisverzlunarinnar í Finnlandi, og raunar fleiri, sem höfðu unnið að þessum rannsóknum. Þegar bjórmálið svokallaða var síðast fyrir Alþingi, bauð þessi sálfræðingur ríkisútvarpinu erindi um þessar hlutlausu vísindarannsóknir, hélt kannske, að ríkisútvarpið íslenzka mundi vilja styðja að hleypidómalausu mati manna á þessum málum og til þess gæti þessi vísindafróðleikur stuðlað. Svar útvarpsins var hins vegar: Nei, við getum ekki tekið þetta erindi, því að þá verða templarar snarvitlausir. — Hvort þetta hefur verið rétt hjá umræddum starfsmanni útvarpsins, það læt ég alveg ósagt um, legg engan dóm á það. En mér var lánað handrit af þessu erindi, og vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að fara nokkuð í þetta erindi nú, þegar ég fer að ljúka máli minu, vegna þess að þar eru merkilegar staðreyndir, sem fram eiga að koma.

Höfundurinn byrjar á því að benda á erfiðleika þá, sem Finnar áttu í, eftir að síðustu heimsstyrjöld lauk, og þau grettistök, sem þeir lyftu á sínum uppbyggingarárum. Síðan segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„*Fyrstu árin, eftir að heimsstyrjöldinni lauk*, var mikið um verkföll í Finnlandi. Óánægja var almenn, og kom það einnig í ljós, þegar athugaðar voru útflytjendaskýrslurnar. Á þeim árum hurfu margir til Svíþjóðar og settust þar að. Ekkert gat verið Finnum hættulegra, eins og á stóð, en innbyrðis ósamkomulag. Viðfangsefnin kröfðust sameiginlegra átaka, en ekki sundurþykkju. Eitt af því fyrsta, sem gert var til þess að bæta samlyndið á vinnumarkaðnum, var að koma á fót stofnun, sem sjá skyldi um menntun verkstjóra. Iðnaðarmenn áttu forgöngu að þessari umbót, enda kreppti skórinn mest, hvað gott samkomulag snerti, innan ýmissa iðnaðarfyrirtækja. Er það eðlileg afleiðing þess, að á slíkum vinnustöðvum verður fjöldinn jafnan mestur og persónulegt samband yfir- og undirmanna minnst.

Um sömu mundir var komið á fót stofnun, sem kalla mætti á íslenzku vinnuheilbrigðisstofnun. Við stofnun þessa, sem er hin fullkomnasta í sinni röð í Evrópu, vinnur fjöldi vísindamanna. Þar eru verkfræðingar, læknar, sálfræðingar, félagsfræðingar, efnafræðingar og hagfræðingar, auk fjölda aðstoðarmanna. Segja má, að þessari

stofnun sé ekkert mannlegt óviðkomandi. Meðal rannsókna, sem þegar hafa verið gerðar, eru rannsóknir á áhrifum alls konar starfa á heilbrigði manna, athuganir á vinnustöðunum sjálfum, alls konar vinnuskilyrðum, t. d. sæti, ljós og loft, rannsóknir á atvinnusjúkdómum hafa verið gerðar, hæfniprófanir framkvæmdar, vinnufatlað fólk hefur verið rannsakað og því kennt í samræmi við hæfileika og starfshreysti. Slysni bílstjóra hefur verið rannsökuð og fundnar ýmsar orsakir til umferðarslysa. Loks hafa nokkrir af sérfræðingum stofnunarinnar ráðizt í það í samráði við stofnun, sem hefur það hlutverk eitt, að rannsaka á vísindalegan hátt, hvaða áhrif áfengi hefur á fólk. Stjórn stofnunarinnar er skipuð þjóðkunnum vísindamönnum og auk þess aðalforstjóra áfengisverzlunarinnar, K. A. Fagerholm, forseta finnska þingsins. Í starfsáætlun þeirri, sem samin var, áður en stofnunin tók til starfa, stendur m. a.:

„Áfengisvandamálið er, eins og kunnugt er, eitt hinna erfiðustu og mest aðkallandi allra félagslegra og mannlegra vandamála í Finnlandi. Ákvarðanir, sem teknar verða í þessu máli, má ekki byggja á tilfinningasemi og ekki heldur á pólitískri valdaaðstöðu, en aðeins á hlutlægum, vísindalegum sannleika. Margar vísindagreinar, og þó einkum læknisfræðin, sálfræðin, félagsfræðin, líffærafræðin og lögfræðin, verða að gera sitt bezta til þess að varpa ljósi yfir hinar ýmsu hliðar þessa mikla, mannlega vandamáls."

Hinn 28. des. 1949 var rannsóknastofnun áfengisvandamála stofnuð, og stofnun hennar var staðfest af dómsmálaráðuneytinu 20. jan. 1950. Síðan hefur verið unnið af kappi að alls konar rannsóknum í þessu sambandi."

Og nokkru síðar er sagt um þessar rannsóknir:

„Rannsóknir hafa verið gerðar á aukningu alkohólmagnsins í blóði og mænuvökva, eftir því sem drykkja eykst. Blóð áfengissjúklinga hefur verið rannsakað með ýmsum aðferðum, enn fremur blóð manna, sem látnir eru drekka ýmsar tegundir áfengis. Rannsókn á eiturlyfjanotkun hefur verið gerð, rannsókn á áfengisneyzlu og kynsjúkdómum, rannsókn á áfengisnautn og afbrotum, rannsókn á áhrifum antabus, áhrif leynisölu á heilsu manna og félagslega sviðið, áhrif opnunar nýrra vínbúða á áfengisnautn og loks hegðun fjöldans undir áhrifum áfengis.

Skoðanir höfðu verið allskiptar um það, hvort heppilegra væri að gera fólki sem erfiðast fyrir við að afla áfengis eða hvort rétt væri að gera aðganginn að því sem greiðastan, bæði til þess að koma í veg fyrir brugg og leynisölu og eins til þess að æra ekki upp í þeim tilhneigingu manna að vilja helzt ná í það, sem erfiðast er að afla."

Síðan segir höfundur þessa erindis frá ýmsum rannsóknum, sem fóru fram í þessu sambandi, og það voru þrír sérfræðingar, sem sérstaklega unnu að því að finna út, hver mundi verða heppilegasta lausnin í áfengismálum. Þeir athuguðu bara vísindalegu hliðina, og svo var það fyrrnefnd áfengisvarnanefnd, sem dró ályktanir af þeirra starfi, og þeir fundu það út, að heppilegasta lausnin á áfengismálunum væri sú að hafa létt vín og öl sem allra víðast til sölu, enda hafa bæði blóðrannsóknir og rannsóknir á hegðun fjöldans undir áhrifum áfengis staðfest þá skoðun. Rannsóknir á hegðun manna undir áhrifum áfengis gerði hinn áður nefndi dr. Takkala, sem er starfsmaður vinnuheilbrigðisstofnunarinnar, ásamt öðrum lækni. Síðan kemur löng frásögn af þessum rannsóknum, og vil ég að síðustu lesa niðurlag þessa erindis, sem ég hef vitnað í:

„Hegðun mannanna flokkuðu vísindamennirnir eftir svo nefndu Bales-kerfi, en einnig eftir kerfi, sem þeir höfðu fundið upp sjálfir. Bæði kerfin fela í sér mat á orðum og gerðum manna. Sem dæmi má nefna, að því var veitt athygli, hvort menn töluðu um sjálfa sig og mæltu í játningartón, prédikuðu siðferði, ræddu kynferðismál, voru ádeilugjarnir, hrósuðu sjálfum sér, gerðust háværir, misstu tök á efninu, endurtóku oft hið sama, komust í mótsagnir við sjálfa sig, töluðu ógreinilega eða sýndu beina árásarheigð.

Neikvæð viðbrögð manna jukust, eftir því sem þeir drukku meira. Þó var hin neikvæða afstaða alleinstaklingsbundin. Munur á viðbrögðum þeirra, sem drukku brennivínsblöndu og öl, var mikill, þótt vínandaprósenturnar væru alltaf þær sömu í því, sem neytt var. Þeir, sem drukku brennivínsblönduna, sýndu meiri tilfinningar, og einkum bar meira á árásarhneigð hjá þeim heldur en hinum, sem drukku ölið. Þeir, sem drukku brennivínsblöndu, gagnrýndu mjög marga hluti í þjóðfélaginu og ekki alltaf á sérstaklega hæverskan hátt.

Til samanburðar voru menn, sem ekki fengu neitt áfengi, látnir ræða sömu málin, og málsmeðferð þeirra var allt önnur og mun mildari en hinna, sem höfðu drukkið. Þó vissu vísindamennirnir, áður en rannsóknin hófst, að um svipaða menn var að ræða, enda gafst öllum kostur á að ræða mál, bæði án áhrifa áfengis, undir áhrifum öls og undir áhrifum brennivínsblöndu. Endurtekning á því sama kom meira fram hjá þeim, sem drukku öl en brennivínsblöndu, en gagnrýni þeirra var aldrei sérlega hvassyrt. Var því líkast sem ölið kæmi mönnum ekki eins mikið úr jafnvægi og sterku drykkirnir, en deyfði hins vegar alla andlega starfsemi, eins og allt áfengi gerir, þegar þess er neytt, svo að nokkru nemur. Ættu menn við einhverja persónulega erfiðleika að stríða, kom það greinilega fram í orðum þeirra og gerðum, þegar þeir höfðu drukkið brennivínsblönduna."

Tilgangurinn með öllum þessum rannsóknum er vitanlega sá að fá úr því skorið á hlutlægan hátt, hvaða áfengispólitík muni vera skynsamlegust. Ég hef áður getið um, hver starfsáætlunin var. Síðan heldur höfundur áfram og segir:

„Þegar ég spurði Fagerholm, einn þekktasta stjórnmálamann Finna, hvaða afleiðingar þessar rannsóknir, sem senn var þá lokið, mundu hafa á áfengispólitík Finna, þá sagði Fagerholm, að á því væri enginn efi, Finnar mundu reyna að draga úr neyzlu sterkra drykkja, eftir því sem við væri komið, en það yrði ekki reynt að gera það með banni og höftum, því að slíkt hefði sýnt sig að vera algerlega þýðingarlaust. Finnar mundu reyna að hafa á boðstólum sem víðast létt vín og öl og væri nú unnið að því að gera tilraunir með ölframleiðslu í því skyni að gera ölið sem

allra bragðbezt og aðgengilegast. Ofneyzla áfengis og óhappaverk þau, sem unnin væru í ölæði, væru svo mikið þjóðarböl, að sjálfsagt væri að hlíta niðurstöðum vísindanna og gera það, sem skynsamlegast hefði reynzt í slíku máli."

Þetta var útdráttur úr erindi því, sem ríkisútvarpið hafnaði til flutnings á áðurnefndri forsendu.

Ég efa ekki, að Finnar hafa farið að ráðum þeirra manna, sem drógu sömu skoðanir og Fagerholm af þessari rannsókn. Mér þykir það líklegt eftir þeim tölum, sem fyrir liggja. Árið 1952, en þá var fyrir skömmu leyft sterkt öl í Finnlandi, var neyzlan 1.87 alkohóllítrar á hvern íbúa, nær hámarki 1955, verður 1.97 lítri, sama og var hér 1959, en árið 1956 fer talan að lækka og fer þá í 1.80, 1957 lækkar hún enn og kemst í 1.72, 1958 í 1.62 og svo loks 1959 í 1.72. Þarna kemur nákvæmlega sama staðreyndin í ljós og í Svíþjóð, þegar hömlur eru losaðar og leyfður sterkur bjór. Neyzla sterkra drykkja minnkar og einnig heildarneyzla alkohóls, eftir að óhjákvæmilegu hámarki er náð.

Ég hef því miður ekki tölur frá Tékkóslóvakíu né upplýsingar um þær forsendur, sem ráðamenn þar lögðu til grundvallar þeirri ákvörðun sinni að stórhækka verð á sterkum drykkjum til að gera fólk fráhverfara þeirri tegund áfengis, en fá það hins vegar til að snúa sér frekar að léttum vínum og góðu og heilsusamlegu öli.

Ég læt nú máli mínu lokið, og ég legg til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. allshn. og 2. umr. Ég óska eindregið eftir því, að hv. n., sem fær málið til meðferðar, kynni sér til hlítar, hvaða skoðanir séu uppi um þessi mál hjá nágrannaþjóðum okkar, sem láta stjórnast af raunhæfu mati vísindanna eða vísindamanna, sem starfa á ári kjarnorku og tunglferða, en ekki á skoðunum, sem hafa til orðið fyrir síðustu aldamót. Ég teldi einnig nauðsynlegt, að hér væri gerður ýmiss konar samanburður á ýmsum þáttum okkar mannlega lífs, sem hefur verið talinn standa í beinu sambandi við áfengisneyzlu, ekki aðeins okkar, heldur og annarra þjóða.

Ég vona, að í þessum málflutningi mínum hafi komið fram skoðanir mínar á þessum málum. Ég geng út frá þeirri staðreynd, að hér verði áfengi um ókomin ár á boðstólum. Við getum kallað áfengi eitur, bölvald eða sáluhjálparmeðal, eftir því sem hver vill. En tilvist þess er staðreynd, og okkur ber að aðhæfa okkur á sem beztan hátt þeirri staðreynd. Við þurfum að forða ungum sem öldnum frá því að neyta þess í óhófi, en skapa aftur á móti þær umgengisvenjur, að þær séu sem við getum kallað vitrænar og menningarlegar og geti orðið bæði þeim, sem neyta þess, og öðrum að skaðlausu.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Nú á síðari árum hefur verið fremur hljótt um áfengismál hér í sölum hv. Alþingis. Má segja, að síðan 1947 hafi nær engar umræður farið hér fram um framleiðslu þess og sölu hér á landi. Sú var þó tíðin, að það mál var mikið hita- og baráttumál, bæði úti á meðal þjóðarinnar og hér á hv. Alþingi. Sú barátta endaði að lokum með samþykkt hinna svokölluðu bannlaga, sem stefndu að því að útrýma innflutningi, framleiðslu og neyzlu áfengra drykkja í landinu. Bannlögin töldu bindindismenn og aðrir andstæðingar vínneyzlunnar mikinn sigur og gerðu sér vonir um, að með þeim væri opnuð leið til útrýmingar áfengisneyzlunni og því mikla þjóðfélagsböli, sem svo mjög fylgir henni í svo mörgum myndum.

Bannlögin voru vitanlega frá upphafi gölluð, og andstæðingar þeirra lögðu ekki heldur árar í bát, heldur hömuðust gegn þeim á hvern þann hátt, sem tiltækilegt var og þeim þótti fært, og því er ekki að leyna, að það hefur margur talið, að óbeinan stuðning hafi þessir aðilar fengið í of mörgum tilfellum með áhuga- og afskiptaleysi þeirra, sem gæta áttu laga og sjá um, að þau væru í heiðri höfð.

Síðar barst andstæðingum áfengisbannsins kærkominn liðsauki, þegar Spánverjar kröfðust innflutnings á vínframleiðslu þeirra og hótuðu ella að hætta að kaupa af okkur saltfisk, sem þá var okkar stærsta útflutningsvara og gott verð fékkst ætíð fyrir á Spáni. Það, sem hér var um að ræða, var vín, sem framleitt var fyrst og fremst á Spáni og mun innihalda frá 10—20% af vínanda, en þó e. t. v. allt niður í 6—8%.

Þessi krafa Spánverja var auðvitað mjög alvarlegs eðlis, og niðurstaðan varð sú, að ráðamenn þjóðarinnar beygðu sig fyrir henni og leyfðu innflutning hinna svokölluðu Spánarvína. Og þar með var áfengisbannið í raun og sannleika úr sögunni, þótt enn væri í gildi bann við innflutningi sterkari drykkja.

Margir bannmenn börðust mjög á móti þessari niðurstöðu, en andstæðingar létu sér vel líka. Þeir töldu það vafalaust, að þjóðin væri þess allsendis ómegnug að taka á sig afleiðingar af innflutningsbanni Spánverja á saltfiski, og þeir hömpuðu líka mjög öllu því, sem þeir töldu sig geta fært áfengisbanninu til foráttu samkv. þeirri reynslu, sem þeir töldu að væri fengin af þeim lögum.

Bannandstæðingar töldu, að með tilkomu Spánarvínanna mundi upp renna merkilegt tímabil, ekki aðeins vegna þess, að þjóðin endurheimti þá mikilsverðan þátt athafnafrelsis með því að mega velja og hafna um notkun áfengis eftir geðþótta hvers og eins, heldur kæmi það einnig til, að menn mundu læra hóflega drykkjumenningu að hætti suðrænna þjóða, svo sem Spánverja, Frakka og Ítala, sem gegnum aldirnar hefðu lært að neyta hinna svokölluðu léttu vína sér til áhættulausrar gleði og gagns. Þessu til sönnunar var fullyrt, að hægt væri að ferðast um þessi lönd þver og endilöng án þess að rekast nokkurn tíma á ölvaðan mann, hvað þá drukkinn. Væri þar sjón í þessu efni um hóflega drukkið áfengi sögu ríkari. Í svipuðum stíl við þetta heyrðum við rétt áðan frásögn hv. flm., þar sem hann sagði sína ferðasögu og sína reynslu af því, sem fyrir augu hans bar í hinum ýmsu höfnum Evrópu, þar sem hann taldi, að hann hefði varla séð drukkinn mann, hvað þá ofdrukkinn. Þá var því einnig haldið fram, að hið væntanlega frelsi um notkun léttra vína mundi útrýma öllum lögbrotum á sviði ólöglegrar bruggunar áfengs öls og vínanda og jafnframt mundi áfengissmygl mikið hverfa. Þessar fullyrðingar voru vafalaust af mörgum settar fram í góðri trú og óraunhæfri óskhyggju,

en svo hafa aðrir verið, sem hugsa ekki um annað en skreyta þetta áhugamál sitt þeim búningi, sem líklegur var til þess að ganga í augu fólksins.

Og vinið kom. Það lét ekki á sér standa. En hins vegar lét svokölluð drykkjumenning á sér standa.

Og einnig var því þá haldið fram, að bruggun öls og áfengis mundi mikið hverfa. En það virtist ekki minnka, því að einlægt varð vart við áfengisbrugg í ýmissi mynd, fyrir utan þá staðreynd, sem var þá þegar fyrir hendi, áður en veitt var leyfi fyrir innflutningi Spánarvína, að víðs vegar um landið þekktist líka hið svokallaða læknabrennivín og konsúlaáfengið.

Þar sem ég þekkti til í sveitum og í þorpum, var ekki um teljandi áfengisneyzlu að ræða á bannárunum. En fljótlega eftir tilkomu Spánarvínanna fór að bera á slíku. Held ég þó, að slíkt hafi ekki eingöngu stafað af neyzlu Spánarvínanna, heldur ekki síður, að í skjóli þeirra var hægt að neyta annarra áfengra drykkja, hvernig sem þeir voru fengnir. Skapaðist þá smátt og smátt það almenningsálit, að ekki þótti tiltökumál, þótt fyrir kæmi, að ölvun ætti sér stað á almannafæri. Allt slíkt var útskýrt sem eðlileg afleiðing af frjálsri neyzlu Spánarvínanna. En alvarlegasta afleiðingin af innflutningi léttu vínanna mun þó ef til vill hafa verið sú, að með þeim var það áberandi, hvað áfengisneyzlan jókst meðal kvenfólks og unglinga. Spánarvínin urðu eins konar tízkudrykkur, miklu meira en góðu hófi gegndi, og sá hópur stækkaði smátt og smátt, sem í skjóli Spánarvínanna og neyzlu þeirra heimtaði einnig að fá sterkari drykki.

Það var öllum ljóst, að með tilkomu Spánarvínanna var áfengisbannið raunverulega úr sögunni, og það höfðu líka margir sagt fyrir. En eins og ég gat um áðan, þá stóð á þeirri drykkjumenningu, sem formælendur léttu vínanna höfðu spáð að þeim mundi fylgja. En gallarnir aftur á móti við tilkomu Spánarvínanna létu ekki á sér standa. Andstæðingar vínbannsins sáu því fljótt leik á borði að fá þau bannákvæði afnumin, sem eftir voru, og bentu þeir enn á, að ólögleg neyzla áfengra drykkja ætti sér stað og það í vaxandi mæli, þrátt fyrir léttu vínin, sem að dómi sömu manna áður áttu að vera til að bæta drykkjumenninguna, en voru raunverulega til að brjóta niður möguleikana til að standa á móti innflutningi sterkra drykkja. Þeir töldu því nú eina bjargráðið að afnema hömlur og leyfa sölu og neyzlu enn þá sterkara áfengis, og eins og komið var í þessum málum, kostaði það ekki mjög mikla eða langa baráttu að fá innflutningsleyfi og söluleyfi fyrir sterkum drykkjum.

Það er athyglisvert, að á hverjum tíma hefur komið fram viss tegund manna, sem hafa gert hróp að ástandinu í áfengismálum hér á landi og hafa einlægt haft mikið til síns máls út af fyrir sig, því að löngum hefur verið af nógu að taka í því efni. En kjarninn í umbótatillögu þessara manna hefur í raun og veru verið þessi einn: minni hömlur og meira áfengi.

Strax 1932 mun hafa verið lögð fram tillaga hér á Alþ. um að leyfa bruggun áfengs öls. Ég hef ekki kynnt mér umræður þess máls, en geri ráð fyrir, að meðrökin hafi verið meira persónufrelsi fyrir einstaklinginn um að fá sjálfur óskorað að hafna og velja í sambandi við áfengistegundir og áfengisneyzlu, jafnhliða prédikun um væntanlega siðbót, sem koma skyldi í kjölfar aukins svokallaðs frelsis í þessum málum. Vera má líka, að bent hafi verið á ölið sem álitlegan tekjustofn fyrir ríkið. Hvað sem þessu líður, þá fékk þetta mál samt svo varmar viðtökur hér á hv. Alþ., að það komst aldrei lengra en til 1. umr. í hinni fyrri þingdeild. Þessi ölmál munu svo hafa legið niðri og ekki skotið aftur upp kollinum hér á hv. Alþ. fyrr en 1947, að þrír mikilsmetnir þm. úr tveimur stærstu þingflokkunum báru fram frv. um bruggun öls. Í munni flutningsmanna var þetta mikið mannúðar- og menningarmál. Áfenga ölið átti að fullkomna hið frjálsa val um notkun áfengis, bæta drykkjusiði okkar, og auk þess átti ágóðinn að ganga til mikilsverðra líknarmála víðs vegar um land. En málflutningur flutningsmanna og yfirlýstur tilgangur þeirra með áfenga ölinu nægði ekki til að sannfæra hv. þm. um ágæti málsins, og svo fór eftir langa og mikla 1. umr. í fyrri þd., að málið aðeins skreið upp til 2. umr. og nefndar og kom ekki aftur fram í dagsljósið. Hér höfðu þó verið á ferðinni flutningsmenn, sem voru ekki líklegir til að láta sinn hlut eftir liggja og höfðu skreytt frv. sitt þeim fegurstu fjöðrum að formi og tilgangi, sem þeim hafði hugkvæmzt. En samt fékk málið strax þær móttökur, sem sjaldgæfar eru, nema um mikil óþurftarmál sé að ræða. Það hefði því mátt vænta þess, að unnendur áfenga ölsins hefðu þar með lagt árar í bát og látið málið kyrrt liggja, a. m. k. um langa framtíð. En sú hefur þó ekki orðið raunin á, því að enn hefur þetta mál verið tekið upp hér á hv. Alþ. Það er því enn auðséð, að hverju þeir stefna, unnendur áfenga ölsins. Nú senda þeir fram aðeins einn merkisbera, hinn síðasta úr hinni postullegu tölu fulltrúa höfuðborgarinnar hér á hv. Alþ., 12. þm. Reykv. (PS).

Ég tel það í raun og veru hraustlega gert, eins og þessa hv. þm. er von og vísa, að standa hér einn sem flm. að þessu mikla óþurftarmáli, og ef það er réttdæmi, að hér sé um óþurftarmál að ræða, þá er það ekki sízt gagnvart Reykjavík, og hefði því mátt vænta þess, að þessi ungi og upprennandi þm. reyndi að finna eitthvert mál til að berjast fyrir, sem líklegra væri til hagsældar og aukinnar menningar fyrir höfuðborgina og þá um leið fyrir allt landið. En sennilegast er, að hv. flm. hafi ekki nægilega hugleitt, hvað það er, sem hann hefur tekizt á hendur, og eru slíks auðvitað mannadæmi. En þótt hv. þm. standi að forminu til einn að þessu máli við flutning hér á hv. Alþ., veit hann sennilega af samherjum hér innan Alþ., bæði innan síns þingflokks og annarra, þótt þeir menn hafi ekki kært sig um að tengja svo mjög málið við sitt nafn með því að gerast meðflutningsmenn. Ekki er heldur ósennilegt, að hinir þorstlátu þreyjendur áfenga ölsins, sem utan þings standa, og þeir sem vænta sér nokkurs hagnaðar af framleiðslu þess og sölu, hafi átt sinn þátt í að ýta hv. þm. á stað og af stokkunum í þessu máli. Þetta skiptir auðvitað ekki svo mjög miklu máli.

En það er nú svo, að þegar furðuleg fyrirbæri gerast, þá þykir mörgum það forvitnilegt að íhuga líklegar ástæður og tildrög.

Þetta ölfrv., sem hér liggur fyrir til umr., er að formi mjög frábrugðið þeim ölfrv., sem áður hafa legið fyrir Alþ., og á ég þá fyrst og fremst við frv. frá 1947. Það frv. var tiltölulega ýtarlegt, eins og vera bar, og sagði fyrir um margt, sem máli skipti, um framkvæmd málsins o. s. frv. Þetta frv. er á annan veg að heiman búið: aðeins breyting á áfengislöggjöfinni, sem á að heimila ríkisstj. að leyfa að láta brugga hér áfengt öl til neyzlu innanlands og einnig með útflutning fyrir augum. Og enn fremur er það tekið fram, að það öl skuli innihalda 3½% af vínanda miðað við rúmmál. Þá á ríkisstj. einnig að vera heimilt að láta brugga áfengt öl af ótakmörkuðum styrkleika til sölu erlendis og til innanlandsneyzlu fyrir hið svokallaða varnarlið. Ekkert er vikið að því, hvernig skuli til haga um framleiðslu ölsins eða hvert skuli vera gjald af því til ríkisins, og ekki heldur, hvernig skuli að farið með dreifingu þess og sölu innanlands. Allt þetta og reyndar hvað eina nema áfengismagn ölsins, sem ætlað er innanlandsmönnum til drykkju, á að vera á valdi ríkisstj. án íhlutunar Alþingis. Það er rétt, að ýmis fordæmi eru um það í núgildandi áfengislöggjöf, að ríkisstj. hafi nokkurt ákvörðunarvald um framkvæmd einstakra þátta þeirrar löggjafar, en ég held, að nóg sé komið af slíku, ekki síst þegar um er að ræða að kveða á um, hvernig eigi að fara með þessa tiltölulega mjög hættulegu áfengistegund.

Við þekkjum þær reglur, sem nú gilda um meðferð áfengis hér á landi, um innflutning þess, tilreiðslu þess í hendur neytenda, sölustaði, álag ríkisins á þessar vörur og annað fleira. Um ýmis þau atriði eru nú þegar skiptar skoðanir, og hafa t. d. ýmsir borið fram tillögur, sem þeir trúa að séu til bóta í sambandi við áfengisneyzluna, svo sem að gera falt minna áfengi í einu en nú er, að hafa áfengisbúðir lengur opnar daglega til þess að draga úr sölumöguleikum leynivínsalanna o. s. frv. Þetta eru dæmi sem sýna, að ýmsir vilja leggja eitt og annað til málanna, sem þeir trúa að frekar en hitt sé til að færa sitthvað til betri vegar, þótt sjálfsagt í litlu sé, þegar um er að ræða þann mikla vanda, sem þjóðin er í vegna óhóflegrar áfengisneyzlu allt of margra landsmanna.

Mér finnst það því ekki til of mikils mælzt, þegar um er að ræða nýja hætti um framleiðslu og sölu áfengis, að betri grein sé gerð fyrir málinu og ýtarlegri ákvæði sett en fram kemur í þessu ölfrumvarpi. Og ég tel það í raun og veru að misbjóða þingmönnum að kasta svona frv. inn til þeirra og ætlast til þess, að þeir gíni yfir þeirri flugu. Allt á valdi ríkisstj., segir hv. flm. En ég ætla, að ekki muni öllum sýnast það forsvaranlegt ráð, að Alþingi kasti svo höndum til afgreiðslu þessa máls, að það geti látið sig engu skipta, hvernig slík heimild sem þessi ætti að framkvæmast í öllum meginatriðum. Mun það líka mála sannast, að hér ætti að vera um sérstök ýtarleg lög að ræða fremur en fáorða lagabreytingu. Hér ætti því að vera um ýtarlegt lagafrv. að ræða, þar sem fram væri tekið allt það, sem máli skipti í sambandi við hið áfenga öl.

En þótt hv. flm. láti sig litlu eða engu skipta um framkvæmd þessa máls, bara að hann fái áfenga ölið, þá trúi ég ekki, að hann hafi ekki hugleitt eitt og annað í sambandi við framkvæmd málsins, bæði sem veit að ríkinu og almenningi. Því vil ég spyrja hann og biðja um hreinskilin og undanbragðalaus svör. Í þessum fyrirspurnum mínum eru að vísu atriði, sem hann hefur vikið að, þ. e. í sambandi við, hvaðan áfenga ölið ætti að seljast, — ég endurtek það ásamt öðrum spurningum mínum, því að sú skoðun hans, sem hann lét í skína í sambandi við sölu ölsins, má gjarnan koma gleggra fram. Mínar fyrirspurnir eru þessar:

Hvað um framleiðslu ölsins? Á framleiðslan að vera öllum frjáls og þar með ríkja fullt athafnafrelsi í þessu efni? Ef ekki, ætlast flm. þá til, að ríkið hafi einkarétt á framleiðslunni? Og sé svo, er þá ætlazt til þess, að ríkið láti þann rétt af höndum til einstaklinga eða fyrirtækja — eða fyrirtækis — sem sagt eins eða fleiri? Hvað ætti slík leyfisveiting að gilda mörg ár, og ætti að koma fyrir gjald einu sinni fyrir allt eða árlega og t. d. miðast við framleiðslumagn? Og ef ríkið á að veita einkafyrirtæki einkaleyfi á framleiðslunni, hvernig skal þá að fara? Á að auglýsa eftir tilboðum, sem síðan verði valið úr, eða á ríkisstjórnin að fara hér eftir geðþótta og afhenda umboðið til þess aðila, sem hún hefur velþóknun á í þessum efnum? Ef ekki á að framleiða áfengt öl eftir einhverri slíkri leið, er þá ætlazt til þess, að Áfengisverzlun ríkisins framleiði það, og þarf hún þá ekki að koma sér upp ölgerð með öllu því, sem slíku tilheyrir? Og gæti þá ekki komið til álita, að slík ölgerð verði þá einnig látin framleiða óáfengar öltegundir og aðra óáfenga svaladrykki? Og gæti þá ekki jafnvel komið til greina, að slíkt ríkisfyrirtæki, eftir að það væri einu sinni stofnað, fengi einkaleyfi á gerð ýmissa slíkra drykkja, ef talið væri, að með því væri hægt að gera það arðbærara fyrir ríkið. Enn fremur: Hvað telur flm., að framleiðslugjaldið til ríkisins eigi að vera mikið af hverjum lítra, og á það að vera jafnt á hinu veikara og sterkara öli? Hvernig á svo eftirlitið með framleiðslunni að vera? Telur ekki flm., að óhjákvæmilegt sé að hafa strangt eftirlit með því, að ekki sé látið ganga út til almennings annað en fullgerjað öl, sem innihéldi ekki meiri vínanda en lögheimiluð 3½% að rúmmáli? Og á svo að treysta framleiðendunum einum í því efni, að þetta gangi svo til, eða á ríkið að hafa á framleiðslustað löggiltan smakkara og mælingamann?

Hvernig á svo að haga smásöludreifingu hins áfenga öls? Eins og ég tók fram, þá vék flm. aðeins óljóst að þessu, og vildi ég gjarnan fá skýrari svör við þessu. Á að vera hægt að fá þetta öl í hverri matvörubúð, hverjum greiðasölustað og hverri sjoppu? Það skildist mér raunar á flm. að væri ekki meiningin. Og á hverjum einum að vera heimilt að kaupa án tillits til aldurs? Það er ekki lítið atriði að fá að vita það. Eða á að haga sölu ölsins eins og nú tíðkast um sölu annarra áfengra drykkja hér á landi? Og á þá samkv. því aðeins að vera leyfi-

legt að hafa ölið á boðstólum í vínbúðum ríkisins og þeim greiðasölustöðum, sem hafa vínveitingaleyfi? Mér finnst ekki óeðlilegt, þótt fram komi fsp. til hv. flm., hvernig hann hafi hugsað sér þetta atriði í framkvæmd, og mætti auðvitað um fleira spyrja, og sýnir það, hvað hér er flaustурslega að unnið og af lítilli fyrirhyggju og ábyrgðartilfinningu í jafnviðkvæmu og vandasömu máli og hér er um að ræða. Mér skilst, að samkv. íslenzkum lögum teljist sá drykkur óáfengur, sem inniheldur mest 2¼% vínanda að rúmmáli. Samkv. þessu frv. á að heimila tilbúning og neyzlu áfengs öls, sem inniheldur 3½% vínanda að rúmmáli.

Flm. gerir því að till. sinni, að heimilað verði að framleiða öl til innanlandsneyzlu, sem inniheldur nálægt 50% meira áfengi en það, sem fyrir er. Hér er um stórt stökk að ræða. Samt mun mega telja þennan fyrirhugaða bjór með veikustu tegund þess áfenga öls, sem framleitt er. En hann er ekki síður hættulegur fyrir byrjendur, sem með neyzlu hans komast því auðveldara á það bragð, sem leiðir margan áfram til frekari áfengisneyzlu. En þessi 3½% bjór, er hann sá, sem þeir sækjast eftir, sem komnir eru á bragðið og þrá áfengan bjór? Ég held ekki, og styðst ég þar m. a. við ummæli ýmissa, sem telja, að ekkert sé varið í bjór til hressingar, nema hann innihaldi minnst 4% vínanda og helzt 5—6%, veikari bjór sé aðeins til að svala þorsta, en til þess sé hann í raun og veru allra drykkja óheppilegastur, því að það sé einn af leyndardómum bjórsins, að menn þyrsti af honum og hafi tilhneigingu til þess að fá sér meira, ef byrjað er að drekka. Ekki vil ég nú kalla bjór með 3½% vínanda heppilegan svaladrykk. En hitt mun mega fullyrða, að slíkur bjór mun vera furðu lævís og eggjandi og vekur löngun margra til framhaldsdrykkju. Getur það saman farið, að slíkur áfengur drykkur vekur löngun til meira áfengis, og einnig hitt, að í honum sé efni, sem viðheldur þorsta fremur en að slökkva hann.

Kunningi minn, sem átti orðræður við mig um þetta, sagði: Nei, má ég þá heldur biðja um ómengað Gvendarbrunnavatn, ef það á að vera svaladrykkur, en svokallað áfengt öl með 3½% vínanda. — Ég minnist á þetta hér vegna þess, að hér er brugðið upp þeirri kröfu, sem á bak við býr. Markmið ölmannanna er ekki 3½% áfengt öl, heldur á með því að brjóta niður varnarmúrinn á þessum vettvangi, og á eftir á að vera hægur leikur að fá það sterkara öl, eins og reyndist með hið sterkara áfengi, eftir að það léttara var komið í landið. Frá þessu sjónarmiði er þetta ölfrumvarp m. a. mjög hættulegt og lævíst. Og er ekki með því verið að boða þann sterka bjór, sem hv. flm. minnist á í grg. sinni, þ. e. bjór, sem innihaldi 4½—6% af vínanda, og ef til vill, eins og hjá sumum öðrum þjóðum, til hátíðabrigða öl, sem hefur allt að því 12% áfengisstyrkleika?

Í grg. segir hv. flm., að það sé lítið samræmi í því, að Alþingi hafi leyft sölu hinna sterku drykkja, — hann minnist ekki á hina léttu, — en banni Íslendingum neyzlu hins léttasta áfengis, sem sé ölið. Og mér skilst, að flm. telji fjarstæðuna kórónaða með því jafnframt að heimila tilbúning áfengs öls til útflutnings og neyzlu hérlendis handa hinu svokallaða varnarliði. Hv. flm. er svo sem ekki að finna að því, að tilbúningur áfengs öls sé heimilaður hér með þeim takmörkunum, sem þar um gilda, heldur hrópar hann: Hér er óþolandi ósamræmi í íslenzkri löggjöf, og ég krefst þess, að hér sé bót á ráðin og allir þjóðfélagsþegnar njóti góðs af. — Og leiðin er samræmi í áfengislöggjöfinni, en að vera nógu hógvær og biðja um nógu lítið í byrjun, því að þá muni allt hitt veitast fyrr en varir.

Þá víkur hv. flm. sér að þeim, sem vilja ekki stuðla að aukinni áfengisneyzlu meðal þjóðarinnar með því að vilja ekki leyfa áfengan bjór. Flm. er enn með samræmi og telur því samræmislaust, að slíkir menn skuli ekki líka beita sér fyrir banni á sölu og neyzlu áfengra drykkja. Hv. flm. svarar sér í raun og veru sjálfur í grg. og telur, að slík tilraun sem áfengisbann mundi engan árangur bera í okkar þjóðfélagi, og það er ekki laust við, að maður skynji, að flm. hlær hugur í brjósti við þá tilhugsun. Ég geri ráð fyrir, að tilraun til áfengisbanns sé ekki tímabær nú hjá okkur frekar en mörgum öðrum þjóðum, og ég tel, að áfengið og áróður þeirra, sem vilja hafa það óskorað, ráði nú yfir hugum of margra, til þess að vænta megi árangurs af vínbanni, og yfir þeirri staðreynd getur hv. flm. og aðrir skoðanabræður hans glaðzt. Já, þeir geta vafalaust hlakkað í kyrrþey og í heyranda hljóði, um leið og þeim frammi fyrir fólkinu þykir samt vissara að berja sér á brjóst og hástöfum harma það böl, sem ofnautn áfengisins hefur leitt yfir þjóðina.

Eitt m. a., sem hv. flm. telur til afsakana áframhaldandi áfengisneyzlu hér á landi, er það, að ríkissjóður hafi stórfelldan hagnað af áfengissölunni, sem gangi til margs konar menningar- og framfaramála. Af mér er það að segja, að ég kannast ekki við, að það fé, sem í ríkissjóð kemur vegna áfengissölu, gangi fremur öðrum tekjum ríkissjóðs til menningar- og framfaramála þjóðarinnar. Ég veit ekki betur en Alþ. og ríkisstjórn hafi yfir þessum áfengispeningum sem öðru ríkisfé alveg óskorað úthlutunarvald og að áfengisgróðinn gangi því ekki síður en annað til ríkisrekstrarins og þar á meðal, svo að maður nefni dæmi, til efnahagsmálaráðuneytisins og Kvíabryggju, svo að aðeins tvær virðulegar ríkisstofnanir séu nefndar. Hér fer því hv. flm. á athyglisverðan hátt með rangt mál, — eða meinar hann þetta óbeint þannig, að ef ekki væri um áfengistekjur að ræða, þá væri ríkið ekki fært um að leggja fram þær fjárfúlgur, sem nú eru veittar til menningar- og framfaramála — og má segja, að ljótt væri, ef satt væri? Hér er vissulega um ljótan og hættulegan áróður að ræða til framdráttar áfengisneyzlunni, sem maður að vísu hefur áður heyrt lítillega haldið á lofti, en mun tæplega fyrr hafa verið látinn á þrykk út ganga í skjölum Alþingis. Er það skoðun hv. flm., að ríkið sé orðið svo háð áfengistekjunum, að það geti ekki án þeirra haldið uppi framlögum til menningar- og framfaramála og þurfi þá væntanlega, ef vel á að vera, að auka þær tekjur með ágóða af sölu áfengs öls? Vill ekki hv. þm. hugleiða ásamt með skoðanabræðr-

um sínum, hvort þessu atriði sé ekki í raun og veru öfugt farið og verið geti, að Íslendingar væru betur, en ekki lakar settir í menningar- og framfaramálum, ef þeir hefðu ekki við það að stríða, sem í smærri eða stærri stíl er of almennur fylgifiskur áfengisneyzlunnar? Og vill ekki þessi hv. þm. einnig hugleiða það, hvað þessar áfengistekjur ríkissjóðs eru dýru verði keyptar? Hvað fara t. d. mörg dagsverk vinnandi manna á ári til spillis, og hvað eru mörg dagsverk, sem nýtast illa á ári af völdum áfengisneyzlunnar, og hvað þarf þjóðin að verja miklu fé árlega til aðstoðar þeim mönnum og þeim, sem þeir eiga fyrir að sjá, sem spilla eða eyðileggja heilsu sína með áfengisneyzlu? Hvað fara miklir fjármunir hér á landi forgörðum beint og óbeint af völdum vínneyzlunnar? Hvað þarf svo þjóðfélagið árlega mikið af mörkum að leggja til að halda niðri eða reyna að hindra hvers konar slys og glæpi, sem eiga rót sína að rekja til áfengisneyzlu? Og hvaða tjón hefur svo þjóðfélagið beðið við að missa að fullu og öllu af afleiðingum ofdrykkju góða og starfhæfa borgara? Svona má vitanlega halda áfram að telja eða spyrja, þó að maður aðeins haldi sig við þau atriði, sem að einhverju leyti er hægt að mæla á kvarða beinna verðmæta. Og ég held, að ef bara þessi hlið málsins væri skoðuð, mundi í ljós koma, að minna en lítið væri eftir af áfengisgróða ríkisins. En þá er eftir óskoðað og ógetið þeirra afleiðinga, sem ætíð munu ómældar eftir fjármunalegum leiðum. Það er allt það böl og öll sú eymd, sem er fylgifiskur ofdrykkjumannsins og hans skylduliðs. Ég held, að meðhaldsmenn áfengra drykkja ættu ekki að telja áfengistekjur ríkissjóðs sínum málstað til tekna, og þjóðin mun einhvern tíma sannfærast um það, að þær eru of dýru verði keyptar. Hitt er annað mál, að tekjur af áfengi eiga hvergi annars staðar heima en í ríkissjóði, meðan það er selt.

Hv. flm. frv. heldur áfram máli sínu í grg. og telur, að mikið leynibrugg áfengs öls eigi sér stað og einnig mikill óleyfilegur innflutningur. Það er ekki ótrúlegt, að óleyfileg áfengisbruggun eigi sér stað í landinu, bæði í líki öls og annarra sterkra drykkja, þótt ég hafi ekki nú fremur en áður heyrt borið orð á slíkt, þar sem ég þekki til. Og það er mín skoðun, að ekki sé mikið um slíkt yfir landið í heild. Að áfengu öli sé smyglað inn í landið í jafnstórum stíl og ætla mætti eftir orðum hv. þm., dreg ég líka stórlega í efa. Hv. þm. skýrir frá því, að hin starfandi ölgerð hér hafi ekki þurft að flytja flöskur inn síðastliðin fjögur ár, þótt t. d. hafi á síðastliðnu ári verið tappað á 4 millj. flaskna. En ég tel, að hv. flm. þurfi að segja þessa sögu nákvæmar, áður en menn geta dregið af henni nægilega traustar ályktanir. Og kemur þá m. a. þetta til athugunar: Hverjar voru flöskubirgðir fyrirtækisins eftir síðasta innflutning, og hverjar eru þær nú? Hver er eðlileg rýrnun á þessum flöskum? Og hafa ekki sjómenn á fiski- og kaupskipaflotanum fengið óátalið að flytja inn a. m. k. einn kassa af öli í hvert sinn, sem þeir koma úr siglingu? Þetta getur væntanlega hv. flm. upplýst. Og er ekki líklegt, að slíkum tómflöskum sé einmitt haldið til haga vegna þess, hve vel er greitt fyrir þær, ef þær eru á annað borð hæfar til notkunar fyrir þessa ölgerð? Og síðast, en ekki síst. Fer flöskuþörfin ekki eftir umsetningarhraðanum? Mér virðist, að vitanlega þurfi því færri flöskur til, sem umsetningarhraðinn er meiri og oftar á ári er hægt að láta í sömu flöskuna.

Hvað sem þessu líður og öðru í sambandi við ölsmygl, getur hv. flm. vitanlega engar fullnægjandi líkur fært fyrir því, að ölsmyglið minnki eða hverfi, þótt hér yrði farið að framleiða 3½% sterkan bjór. Og m. a. má vitna í það, sem ég gat um áður, fullyrðingu þeirra, sem vilja hafa áfengi sem fjölbreyttast, — fullyrðingu þeirra, þegar var verið að vinna að því að fá heimilaðan innflutning sterku drykkjanna, og þetta er alveg sambærilegt hvað snertir ölið.

Að lokinni umsögn sinni um ölsmyglið kemst hv. þm. inn á það að ræða hættu þá, sem ýmsir telja stafa af áfenga ölinu, og að menn hafi þá ekki sízt unglingana í huga. Flm. telur slíkan ótta ástæðulausan. Hann telur, að unglingar séu í minni hættu af áfenginu, eftir að áfenga ölið væri komið til sögunnar. Flm. telur sem sé, að nú séu engar hömlur, sem varni unglingum að komast yfir eldsterkt áfengi, í allt að 60% styrkleika. Hér held ég, að hv. flm. taki ef til vill 60% of sterkt til orða og það sé aðeins afsakanlegt með því, að meira sé kapp en forsjá í málafylgju. Ég veit eins og hv. flm. og aðrir, að eftirlit með framkvæmd áfengislaganna þyrfti og ætti að vera meira og betra en á sér stað, en sérstaklega þyrfti ábyrgðartilfinning fullorðna fólksins skilyrðislaust að vera meiri en oft er, þegar áfengi og unglingar eru annars vegar. Og vitanlega eru allt of mörg sorgleg dæmi um áfengisneyzlu unglinga. En ég mótmæli algerlega, að það, sem hv. flm. segir í þessu efni, eigi sér yfirleitt stað um æsku landsins, enda má nú fyrr vera en svo sé. En svo getur líka hver heilvita maður, sem eitthvað þekkir til áfengis, sagt sér það sjálfur, að óharðnaðir unglingar munu undantekningarlítið fremur sækjast í byrjun eftir að neyta áfengis með því að drekka mikið áfengt öl en rammt og eldsterkt brennivín, sem flm. minnist á, — og því fremur að grípa til ölsins, þar sem í eyrum unglinganna klingir við frá mörgum, hversu 3½% áfengt öl sé æskilegt, hættulaust og hollt. Slíkur áróður fyrir 3½% áfengu öli væri ekki ólíklegur til þess að bera einhvern árangur í hugum barnanna og unglinganna. Og ég gæti ætlað og hef orðið þess var, að þessi áróður um ágæti 3½% áfenga ölsins sé þegar eitthvað farinn að grípa um sig í hugum unglinga og barna. Ég heyrði það fyrir nokkrum dögum, að 13 ára skóladrengur hélt því fram, að þeir krakkarnir þyrftu endilega að fá þetta áfenga öl, það væri einhver munur að hafa svona drykk til þess að rífa sig upp á morgnana, áður en þau færu í skólann, og enn fremur væri þetta hentugt fyrir heimilin líka. Það væri ólíkt handhægara að grípa til ölsins á búrhillunni en þurfa að fara að hita og búa til kaffi eða te.

Svo víkur hv. flm. sér að verkamönnunum og telur það hneyksli og móðgun við þá stétt, að fram hafi komið sú skoðun, studd af erlendri

reynslu, að verkamönnum sé mikil hætta búin af áfengu öli, ef það yrði á boðstólum. Það má eyða löngum tíma að ræða um þetta, en ég sé ekki mikla ástæðu til þess. Hv. flm. vill gera mikið úr því, að verið sé með þessum orðum að móðga verkamannastéttina, að telja henni nokkra hættu búna af áfengu öli. En það er auðvitað mesta fjarstæða, að það sé verið að halda því fram, að því sé þannig varið, að það sé alveg sérstök ástæða til þess að óttast, að verkamenn fari illa út úr neyzlu ölsins. En þrátt fyrir það er réttilega undirstrikað, að það sé ekki sízt ástæða til að óttast afleiðingar ölsins í sambandi við verkamenn. Það er þó síður en svo verið að kasta rýrð á verkamannastéttina, þó að á það atriði sé bent. Og það er öllum vitanlegt, að það geta verið margar þær aðstæður hjá verkamönnum, að það geti verið handhægt fyrir þá að grípa til áfengs bjórs sér til hressingar, ekki sízt ef honum er haldið að þeim með því, að hann sé þeim heilnæmur, vítamínríkur og hollur drykkur. En það yrði þá ekki væntanlega látið fylgja með, að þeir skyldu athuga það, að mjór væri mikils vísir, að það mundi verða með verkamennina eins og aðra, að hættulegt sé að gera of mikið að neyzlu áfengs bjórs, vegna þess að það væru allt of mörg dæmi um allar jarðir, að slíkt leiddi til frekari og meiri áfengisneyzlu. Og það er svo sem ekki, að þetta álit, þessi ótti í sambandi við verkamennina sé orðinn til hér á landi. Það eru fróðir og óvilhallir menn, sem þekkja til þessara hluta erlendis, sem hafa gert athugun á þessum málum og varað við afleiðingum sterka bjórsins eða áfenga bjórsins í sambandi við verkamenn. Það má líka benda á, og það vita allir, að pyngja verkamannsins er ekki venjulega það full, að hann þoli að staðaldri að verja fjármunum til slíkra hluta eins og að kaupa áfengi. Það er þess vegna vafalaus staðreynd, að verkamenn hafa ekki síður en aðrir ástæðu til að óttast áfenga ölið og ættu ekki síður en aðrir að hugsa til gamla spakmælisins: Í upphafi skyldi endinn skoða.

Þá víkur hv. flm. að vínneyzlunni í landinu og kveður það staðreynd, að hún aukist hér ár frá ári og jafnframt fari slys og glæpir vaxandi og jafnvel sérstaklega af völdum unglinga. Hv. flm. vék að þessu í framsöguræðu sinni meir og ýtarlegar en hann kom að í grg. Manni getur ekki annað skilizt en til umbóta í þessu efni sé ekki sízt og líklega helzt það að fá áfenga ölið. Og hv. flm. kom reyndar víðar inn á það að láta skína í, að ölið væri lítið hættulegt og jafnvel ágætt. Og það mátti gera sér í hugarlund, að hans hugsanagangur væri sá, að áfengið sterka ætti að hverfa, en ölið eitt koma í staðinn. Hvers vegna útfærir þá hv. flm. ekki þessa hugsun með því að banna sterku drykkina og fá heimild fyrir, að 3½% ölið eitt væri hér til staðar í framtíðinni?

Þetta ástand, sem hv. flm. víkur að bæði í grg. sinni og í framsöguræðu, um ómenninguna í drykkjuskap og vaxandi glæpi og fram eftir götunum, það á í raun og veru, eftir því sem manni getur helzt skilizt, að vera að kenna því, að ekki er hér til staðar áfengt öl. Það má nú fyrr vera oftrúin. Og það er raunverulega ekki furða, þótt þessi umbótapostuli komi með þetta frv., ef hann trúir því í hjarta sínu, sem ég læt mér þó ekki detta í hug, að ölið eigi að færa svona mikla blessun í þjóðlífið, því að það er einatt fyrir manni sú röksemdafærsla, sem ekki virðist auðvelt að komast fram hjá, að það er ekki verið að fjarlægja neinar ákveðnar áfengistegundir, hvorki veikar né sterkar, heldur bara heimta meira áfengi. Þá á allt að lagast.

Þá harmar hv. flm. mjög í grg., að það skuli vera meðal þjóðarinnar málsmetandi menn og mikilsvirtir, eins og hann orðar það, sem berjast gegn veiku, en áfengu öli. Ég vona, að þessi hv. þm. verði ætíð að þola það bótalaust, að til séu menn og verði, sem berjast gegn áfenginu og vara þjóðina við of mikilli neyzlu þess og því böli, sem því fylgir. Slíkir menn hafa einlægt verið til og eru, og mér er nærtækt dæmi í huga hér í þingi. Meðal margra annarra ágætra manna vil ég minnast eins, án þess að gera hlut hinna lítinn, það er fyrrv. þm. Borgf., Pétur Ottesen. Og í sambandi við hans nafn vil ég segja það, að mér þykir vera kominn köttur í bjarnar ból, þ. e. Péturssæti Sjálfstæðisflokksins hér á Alþingi, ef dæma má eftir þessu ölfrv.

Þá víkur hv. flm. máli sínu að reynslu annarra þjóða af áfengu öli og telur það hafa bætt áfengisástandið hjá sumum þeirra. Þetta er vitanlega í raun og veru alls ekki svaravert. Slíkar fullyrðingar stríða á móti allri almennri reynslu í sambandi við notkun áfengis.

Þá kemur hv. flm. með það, að þetta áfenga öl hans eigi að vera snar þáttur í að laða erlenda ferðamenn hingað til landsins og um leið verði hér um þjóðlegan drykk að ræða. Já, sér eru nú hver þjóðlegheitin og landkynningin, og illa erum við Íslendingar á vegi staddir, ef okkur dytti í hug að grípa til slíks örþrifaráðs, sem einnig mundi reynast hálmstrá eitt, og yrði að telja, að sá lítilfjörlegi gjaldeyrir, sem gæti aflazt á þann hátt, væri dýru verði keyptur. En vill ekki líka hv. flm. láta sér nægja, svona til að byrja með, þann gjaldeyri, sem heimilt er að afla með því að framleiða áfengt öl til sölu erlendis og til hins svokallaða varnarliðs, og er ekki fróðlegt að reyna fyrst, hvort þetta áfenga öl ryður sér til rúms þar og hvernig það geðjast mönnum, áður en farið er að telja mönnum trú um, að það sé nauðsynlegur þáttur í að laða hingað erlenda ferðamenn?

Að síðustu slær hv. flm. fram í grg. sinni nokkrum stóryrðum, sem hann ætlast til, að dugi málinu til framgangs. (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi langt mál eftir af ræðu sinni.) Nei, ég á það nú ekki. En ég get hætt, herra forseti, það er ekki langt mál, það tekur nokkrar mínútur. (**Forseti:** Nei, það er rétt að halda áfram, annars er liðið að lokum hins venjulega fundartíma.) — Að síðustu slær svo hv. flm. fram í grg. sinni nokkrum stóryrðum, sem hann ætlast til að dugi málinu til framgangs, og það er hvorki meira né minna en það, að hann dæmir hverja mótspyrnu gegn áfenga ölinu móðgun gegn menningarþroska og frelsiskennd íslenzku þjóðarinnar. Mikið var, að hann skyldi ekki líka telja þessa mótspyrnu hrein landráð, það hefði ekkert frem-

ur munað um það. Í munni hv. flm. heitir það þá móðgun við eina æðstu hugsjón mannsins, þ. e. frelsiskenndina og menninguna, að staðið sé á móti því, að þjóðin fái aðgang að enn meira áfengi og það áfengistegund, sem varað er við af mörgum merkum mönnum, bæði erlendis og hérlendis, og vil ég þar aðeins í því sambandi nefna hérlendis fyrrv. landlækni og núverandi forstöðumann Vífilsstaðahælis.

Það er sagt, að fundartími sé liðinn, og ég vil ekki þreyta hv. þm. á lengri ræðu. Þó að ég hefði haft svo sem löngun til þess að víkja nánar að ýmsu í framsöguræðu hv. flm., skal því sleppt að sinni. En um málið í heild vil ég segja það að lokum, að ég dreg ekki dul á, að hæfilegasta afgreiðsla þessa óþurftarmáls sé, að það verði strax fellt við þessa umr., og ég tel, að með tilliti til málavaxta geti hv. flm. eftir atvikum vel unað þeirri afgreiðslu.

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 7. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Efni þess frv., sem hér er til umr. á þskj. 238, er einungis það að heimila ríkisstj. að leyfa tilbúning og sölu innanlands á öli, sem inniheldur 3½% af vínanda að rúmmáli, í stað þess að nú er leyft aðeins 2¼% af öli, sem búa má til og selja hér á innlendum markaði. Í gildandi lögum frá 1954 hefur ríkisstj. heimild til þess að leyfa að framleiða öl, sem inniheldur meira en 2¼% af vínanda til útflutnings. Á því yrði þá engin breyting, hvort sem þetta frv., sem hér er til umr., yrði samþykkt eða fellt, það ákvæði stendur þá óhaggað. Efnisbreytingin er því engin önnur en sú, að leyft verði að framleiða hér og selja öl með 3½% vínanda innihaldi í stað 2¼%, sem nú er leyft.

Öll ummæli hv. flm. um auknar útflutningstekjur af öli, ef frv. yrði samþykkt, eru staðlausir stafir, því að samkv. gildandi lögum eru hér engar hömlur settar á framleiðslu og sölu á öli til útflutnings, hversu mikið sem það kynni að innihalda af vínanda. Það er því beinlínis villandi, sem sagt er í grg. frv., að ef frv. þetta yrði samþykkt, veittist ríkisstj. heimild til þess að leyfa tilbúning og sölu öls á innlendum markaði og til útflutnings, sem hefur inni að halda 3½% af vínanda að rúmmáli, því að þetta leyfi er þegar fyrir hendi. Með þessu er verið að reyna að telja almenningi trú um, að nú sé fyrst verið að leyfa að búa til sterkara öl til útflutningsins og að það út af fyrir sig skapi þjóðinni svo og svo mikinn gjaldeyri, sem henni er sannarlega þörf á. Mér þykir rétt að benda á þetta atriði, og þá jafnframt á hitt, að breytingin, sem borin er fram í þessu frv., er sú ein að hækka vínandainnihald þess öls, sem leyfa skal sölu á innanlands, úr 2¼ upp í 3½%. Og breytingin á lögunum er engin önnur, ef frv. er samþykkt óbreytt.

Þó að menn greini mjög á um það, hvaða leið sé heppilegust til þess að draga úr neyzlu áfengra drykkja og jafnframt að milda þær afleiðingar, sem því eru samfara að neyta vínanda í óhófi, þá virðist þó lítill eða enginn ágreiningur vera um það, að of mikil áfengisnautn er böl. Hve mikið það böl er, fer svo allt eftir því, á hvaða stigi ofdrykkjan er. Ég tel, og ég er áreiðanlega ekki einn um þá skoðun, að áfengisnautn Íslendinga í dag sé svo stórkostlegt böl, að það sé eitt stærsta böl þjóðarinnar, miklu meira böl og miklu meira vandamál en nokkurt annað eitt vandamál, sem þjóðin á við að stríða. Ég veit ekki, hvort hv. flm. er sömu skoðunar, en ég vil þó benda á, að síðasti málsliður í 5. mgr. grg. á bls. 2 gefur fullt tilefni til að halda, að ástand það, sem hér ríkir í áfengismálunum, eftir því sem hann sjálfur lýsir því, sanni að verulegu leyti ummæli mín um þetta atriði, en þar stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Glæpir vaxa, afbrotum fjölgar, sívaxandi drykkja meðal unglinga veldur stórkostlegum glæpafaraldri meðal þeirra, slysum og jafnvel manndrápum.“ Þetta eru ekki mín orð, þetta eru orð hv. flm. í lýsingunni á ástandinu, eins og það er í dag, eftir að búið er að gefa þjóðinni það frjálsræði, sem sótzt var eftir 1954, sem ég mun koma að síðar.

Er unnt að benda á nokkurt annað böl, sem við eigum við að stríða, sem skapar landi og þjóð jafnmargþættar hörmungar? Ég fullyrði, að svo sé ekki. Ég hygg, að hv. flm. sé mér þar sammála. Og þetta ástand í áfengismálum okkar ríkir nú hér með vaxandi glæpum og afbrotum, sívaxandi drykkju meðal unglinga, stórauknum glæpaferli þeirra, stórauknum slysum og jafnvel manndrápum, þrátt fyrir breytingarnar, sem gerðar voru á áfengislögunum 1954 til mikils frelsis í sölu áfengis, — þótt ölið væri að vísu ekki leyft þá, — sem allt átti að bæta þáverandi ástand, en því miður hefur versnað á þann hátt, sem hv. flm. lýsir svo greinilega í grg. Mun þessi sorglega reynsla af því frelsisspori, sem þá var stigið, vera orðin þjóðinni æði dýrkeypt, úr því að árangurinn er orðinn svo sem hér segir og sjálfur hv. flm. hefur lýst svo raunalega í sinni grg.

Þegar það er viðurkennd staðreynd, að áfengismál okkar séu eitt mesta eða jafnvel allra mesta bölið, sem við eigum við að stríða, þá ber okkur skylda til að taka höndum saman og beita okkur fyrir því að leysa þann vanda, og það er alveg sérstaklega skylda hv. alþm. Fjöldi manna mælir svo, að þeir vilji það af heilum huga. En mjög stór hópur þeirra manna mælir hér af engum heilindum. Þeir meta langflestir meira gleði hins sterka við glasaglaum og nautn, sem veitir ákveðinn unað, á meðan henni er haldið innan takmarka skynsemi og velsæmis, en sorgir hinna veiku, sem falla fyrir freistingunum, sjálfum sér, fjölskyldu sinni og þjóðinni til ómetanlegs tjóns og armæðu, og í krafti þessa mats á málinu krefjast þeir meira frelsis fyrir þann sterka og meiri sorga fyrir þann veika, þótt það samtímis færi miklu meira böl yfir alla þjóðina í heild.

Þegar ég sat hér á Alþingi um allmörg ár sem formaður hv. fjvn., taldi ég það eina af skyldum mínum að kynna mér nokkuð ástandið í

áfengismálum þjóðarinnar, engu síður en ástand í ýmsum öðrum málum, til þess að geta myndað mér skoðun á því máli sem öðrum, er Alþingi lagði framlög til. Ég vissi áður, að hér mundi vera margt, sem þyrfti að umbæta, en mig dreymdi þó aldrei um það, að ég ætti eftir að sjá og kynnast því hyldýpi af ömurleika og sorg, sem ofdrykkjan hafði steypt ýmsum mætum þjóðfélagsþegnum í. Sé nokkur sá maður, sem ber á það brigður, að hér sé um mikið vandamál að ræða, þá er það vegna þess og þess eins, að hann hefur ekki lagt á sig að kynnast ástandinu, eins og það er raunverulega.

Þess er ekki að vænta, þó að við séum allir á einu máli um það, að hér séum við að glíma við eitt mesta vandamál þjóðarinnar og brýna nauðsyn beri til þess að ráða á því skjóta og góða bót, þá séum við jafnsammála um það, hvernig vandann skuli leysa. Og um það atriði eitt stendur deilan og torveldar allar viturlegar umbætur. Þessi afstaða til hins mikla vanda er mannleg, en hún er eigi að síður skaðleg fyrir alla þjóðarheildina. Það ber því ekki að harma það eða víta, að málið er flutt hér á Alþingi í því formi, sem það hefur verið flutt hér, þótt það sé á annan hátt en margir óska. Það gefur a. m. k. tilefni til umræðna. Og ég tel þeim tíma ekki illa varið, sem varið er til umræðu um þetta mikla vandamál hér á Alþingi. Vera mætti, að eitthvað gott mætti af því leiða.

Nú liggur hér fyrir hv. deild ein till. á þskj. 238, og ætlast hv. flm. til þess, að hún bæti að verulegu leyti úr því böli, sem áfengisnautnin leiðir yfir þjóðina.

Þótt till. þessi um tilbúning og sölu á öli innanlands, sem inniheldur meira en 2¼% af vínanda, sé ekki ný, því að hún er borin fram í frv. bæði 1947 og 1954 og felld í bæði skiptin, þá eru þó meginrökin fyrir flutningi hennar alveg spánný og hafa aldrei komið fram fyrr. En þau eru sem hér segir, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „En meginröksemdir sínar telur hv. flm. vera þær, að slíkt bann sem nú er á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenzkra þegna.“ — Þetta er meginástæðan fyrir því að bera tillöguna fram — og einnig að með slíku banni sé ekkert samræmi í framkvæmd áfengismála, þegar leyfð sé sala og neyzla sterkra drykkja, en fordæmd neyzla á veikustu tegund áfengis.

Önnur rök, sem hv. flm. leggur þó ekki eins mikla áherzlu á, eru, að frv., ef að lögum verður, mundi draga úr leynibruggi öls, gefa ríkissjóði drjúgum meiri tekjur og breyta á ýmsan hátt til hins betra drykkjuósiðum. En allt eru þetta rök, sem áður hafa verið færð fram af öðrum aðilum og eru ekki ný. Og í sambandi við það þykir mér rétt að skýra nokkuð frá þeim átökum, sem urðu hér á hv. Alþingi um þessi atriði, er núv. áfengislöggjöf var til umr. og endanlega samþykkt árið 1954. Ég þykist vera nokkuð kunnugur þeim málum, vegna þess að ég átti mjög mikinn þátt í því, hvernig gengið var frá þeim lögum á þeim tíma.

Á Alþingi 1950 var flutt þáltill. af Sigurði Bjarnasyni, þar sem skorað er á ríkisstj. að láta fara fram fyrir næsta Alþingi endurskoðun á áfengislöggjöfinni í þeim tilgangi að stuðla að hóflegri og skynsamlegri meðferð áfengra drykkja, eins og segir í tillögunni. Þessi till. fékk þó ekki afgreiðslu, en í umr. um hana tók þáv. og núv. hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, fram, „að áfengislöggjöfina verði að endurskoða, svo að skynsamleg og hófleg notkun áfengis geti átt sér stað.“ Þetta eru hans óbreytt orð. Hann segir enn fremur: „Ég þarf ekki að taka það fram, að ég vil láta þá skipun verða á þessum málum, að drykkjuskapur geti minnkað og orðið sem hneykslisminnstur.“

Hæstv. dómsmrh. skipaði síðan fimm manna nefnd, þann 28. apríl 1951, til þess að endurskoða áfengislöggjöfina og færa hana í það form, að unnt verði að ná þessum höfuðtilgangi, sem hann lýsti hér í sinni ræðu. Og ráðherra skipar nefndina þannig, að sem flest sjónarmið komi fram frá öllum þeim, sem um þessi mál höfðu rætt og töldu, að breytingar á löggjöfinni væru mjög aðkallandi fyrir þjóðina.

Á Alþingi 1952 leggur ráðherra fram frv. til áfengislaga á þskj. 33 ásamt ýtarlegri grg. frá þeirri n., sem hafði unnið að þessum málum og m. a. samið frv. og grg. Mesti ágreiningurinn í n. varð um 1. gr. frv., hvernig hún skyldi orðuð, enda skyldi sú grein marka þá stefnu, sem ætlazt var til að yrði ríkjandi í áfengismálum hér að lögunum óbreyttum. Fjórir af fimm nm. urðu sammála um, að greinin skyldi orðast þannig:

„Tilgangur þessara laga er sá að stuðla að hóflegri meðferð áfengis og vinna gegn misnotkun þess.“

Einn nefndarmannanna, Brynleifur sál. Tobíasson, vildi hins vegar orða greinina þannig:

„Tilgangur þessara laga er sá að stuðla að því, að meðferð áfengis verði með þeim hætti, að neyzla þess verði takmörkuð sem mest má verða og komið verði í veg fyrir drykkjuskap og hinar hættulegu afleiðingar hans.“

Um þessa orðun var raunverulega höfuðágreiningur í n. og raunverulega ekki um neitt annað.

Á þinginu 1952 fékk frv. ýtarlega athugun. Voru bornar fram eigi færri en 50 brtt. við frv., sem langflestar miða að því að tryggja sem bezt megintilgang frv., eins og hann var markaður í ummælum hæstv. ráðh. og af nefnd þeirri, sem undirbjó frv. M. a. kom fram till. um að fella niður heimild til þess að framleiða sterkt öl til sölu innanlands, því að það var upphaflega í frv. Frv. náði ekki fram að ganga á þessu þingi, en var flutt á ný á þinginu 1953 og þá óbreytt að öðru leyti en því, að heimildin til að leyfa framleiðslu á sterku öli til sölu innanlands hafði verið felld niður úr frv., og það var vegna umr. á Alþingi árið áður, er hæstv. ráðh., sem þá lagði frv. fram, vissi, að fyrir frv. óbreyttu fengist ekki nægjanlegt þingfylgi. Á því þingi komu fram flestar þær brtt., sem áður höfðu verið fram bornar, og voru ýmsar þeirra, sem miðuðu að því að tryggja meginstefnu frv., samþ., en aðrar felldar. Var þar m. a. samkomulag um að breyta 1. gr. laganna svo sem hér segir:

„Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.“

Með samþykkt þessarar tillögu fellir Alþingi

það ákvæði í frv. að stuðla að hóflegri meðferð áfengis í landinu, en tekur upp í greinina í staðinn ákvæði um að útrýma því böli, sem samfara er misnotkun áfengis í landinu. Og á þessu er reginmunur. Varð frv. að lögum á þessu þingi og 1. gr. þess samþ. þannig, og hafa lögin engum breytingum tekið síðan.

Það er engum vafa bundið, að það, að till. Brynleifs heitins Tobíassonar, að neyzla áfengis verði takmörkuð sem mest má verða, er felld í nefndinni og fæst ekki síðar tekin upp í þinginu, stafar beinlínis af því, að ekki þótti rétt að setja slíkt ákvæði inn í lögin, svo lengi sem ríkissjóður byggði afkomu sína á sölu áfengis og þeim gróða, sem af henni fékkst. Ef það hefði ekki verið, hefði engin fyrirstaða verið að fá greinina samþykkta eins og hún var orðuð af minni hl. nefndarinnar. En sé þetta athugað í ljósi þessara staðreynda, sést bezt á orðalagi 1. gr., hversu sterkur vilji er fyrir því í þinginu að takmarka svo sem unnt er áfengisneyzluna. Að gengið var inn á margvíslega rýmkun á sölu áfengis og meira frelsi, var beinlínis vegna þess, að sett voru ný ákvæði samtímis í löggjöfina um miklu meiri og víðtækari fræðslu í þessum málum og enn fremur ákvæði um miklu meira eftirlit með framkvæmd l., sem hvort tveggja átti að miða að því að skapa hér betri umgengnissiði í sambandi við vínnautn og meira frjálsræði, en það töldu andstæðingar allra hafta um notkun áfengis þá eins og nú höfuðnauðsyn, til þess að unnt væri að skapa hér drykkjumenningu á borð við þá menningu, sem komin væri á meðal flestra menningarþjóða utan Íslands. Hér tókst samkomulag á milli þeirra tveggja aðila, sem voru með og móti því að reyna þetta frelsi, gegn miklu víðtækara eftirliti og miklu víðtækari fræðslu í þessum málum.

Þau ákvæði l., sem gáfu meira frelsi, voru öll og eru öll enn notuð til hins ýtrasta. Hin, sem áttu að tryggja umbæturnar, hafa verið og eru enn meira og minna vanrækt, enda er árangurinn sá, sem sjálfur hv. flm. hefur lýst og ég hef hér bent á á öðrum stað í ræðu minni.

Hvernig hefur t. d. verið um framkvæmd 31. gr. l., en hún mælir fyrir um, hvernig haga skuli fræðslu um þessi mál í skólum landsins? Samkvæmt ákvörðun laganna hefur ráðuneytið gefið út reglugerð um, að eigi skuli varið minni tíma til kennslu í hverjum skóla en sem svarar tveimur klukkustundum á mánuði hverjum, og mörg önnur ákvæði til tryggingar fræðslunni. En ég spyr: Er framkvæmdin þannig í öllum skólum landsins? Mér er ljóst, að í sumum skólum þekkist hún ekki, í öðrum skólum er hún veitt sem svarar 45 mínútum á öllu skólaárinu — og alls staðar í meiri og minni molum og hvergi svo sem lög og reglur mæla fyrir um. Er þetta ærið íhugunarefni, og má ekki við svo búið standa lengur, því að það er vitanlegt, að einmitt fyrir það, að þessi þátturinn var ekki uppfylltur, er ástandið í málunum eins og hv. flm. lýsir í grg.

Þau skilyrði voru sett fyrir leyfi til vínsölu, að veitingahús hefðu á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði og væru enn fremur fyrsta flokks að því er snerti húsakynni og þjónustu. Hefur þessum ákvæðum verið fylgt? Er það t. d. hóflegt verð að selja gosdrykkjarflösku því verði, að ódýrara sé að drekka þar vín en gosdrykki? Eða selja þeir staðir, sem hvorki hafa á boðstólum óáfenga drykki við hóflegu verði né mat, áfengi ólöglega, og þeir eru alls ekki fáir hér í þessum bæ og kannske víðar á landinu? Og ef svo er, hvers vegna er þeim þá ekki lokað? Hve mikið böl leiða ekki þessir staðir, sem safna til sín stórum hópum manna og hafa allar dyr sínar opnar fyrir viðskiptavinum langt fram á nætur, yfir þegna þjóðfélagsins? Og hve oft er það ákvæði 16. gr. brotið, að áfengi má ekki afhenda né veita mönnum, sem bersýnilega eru ölvaðir? Ef þetta ákvæði eitt væri haldið, mundi áfengisbölið minnka stórkostlega og verða allt miklu auðveldara viðfangs. En í hvaða húsum hér er hætt að selja manni eða afhenda manni áfengi, þegar sér á honum? Hér er langt frá því, að sé staðar numið, og þarf eigi lengi að staldra við á veitingastöðunum til að sannfærast um það. Og ég vildi nú gjarnan mælast til þess, að hv. flm. gæfi sér tíma til þess að rölta á þessa staði til þess að sjá, hvort þessi ákvæði laganna hafi verið uppfyllt. Hann kynni þá að vilja a. m. k. taka inn í frv. einhver frekari ákvæði um viðurlög, t. d. að taka veitingaleyfi af þeim húsum, sem gerbrjóta ekki einu sinni, heldur daglega þetta ákvæði laganna.

Þegar þær tilslakanir voru gerðar að leyfa fleiri útsölustaði en áður var, voru þau rök þung á metaskálunum, að þetta mundi bæta úr þeim vanda, sem gistihússkorturinn skapaði. Þetta voru ein af þeim sterku rökum, sem voru færð fram fyrir því. En hafa menn þotið í það að koma hér upp gistihúsum vegna þeirra ákvæða? Nei, þessi fríðindi notuðu menn miklu fremur til þess að koma upp matstofum og samfara þeim einnig drykkjustofum og alls konar gleðikrám, sem mjög vafasamur menningarauki er að, þegar öll kurl eru komin til grafar. Það voru þeir aðilar, sem notuðu sér öll fríðindin.

Ég gæti rakið þessi mál miklu nánar, en skal þó ekki fara frekar út í þau atriði að sinni.

Þá þykir mér rétt að snúa máli mínu beint til hv. flm. frv. Telur hv. flm. raunverulega, að verði frv. að lögum óbreytt, þá bæti það verulega úr þeim vanda, sem hér er til staðar? Er það hans óraskanlega skoðun, að þá fækki glæpum, þá fækki afbrotum, þá dragi úr drykkju meðal unglinga, þá fækki slysum og manndrápum, þá minnki drykkjuósiðir og þá sé hreinþvegin af móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenzkra þegna? Þetta skilst mér að hafi verið hans skoðun, þegar hann flytur þetta frv. Eða er hv. flm. að mæla öll þessi stóru orð bara til að blekkja hv. alþm., sem eiga hér að gera upp huga sinn á undan atkvgr.? Heldur hv. flm. virkilega, að enginn hv. alþm. hafi á sinni löngu þinggöngu kafað dýpra en svo í sambandi við þennan þjóðarvoða, að hann við að hlusta á þessi rök finni þar allan sannleikann? Það getur vel verið, að hann, sem setið hefur svo skamman tíma á þingi, haldi, að þetta sé mögulegt. Ég get fullvissað hann um, að þingmenn þurfa miklu meira til þess að skipta

um skoðun í þessu máli heldur en það. Ef till. fylgdi einhver till., sem tryggði, að sala hinna sterku drykkja færi minnkandi með ölsölunni, eða einhverjar raunhæfar till. til þess að skapa drykkjumenningu, sem menn svo kalla, þá væri hægt að ræða um þessi atriði. En hér er aðeins um það eitt að ræða að bæta við áfengisneyzluna í landinu og síðan fullyrt, að allt hitt komi af sjálfu sér. En svo einfalt er málið því miður ekki. Heldur til dæmis hv. flm., að það yrði framvegis einhver þriggja og hálfs prósents ölblær á rússagildunum í háskólanum, burtfarargleðigildum menntaskólamanna eða árshátíðargildum skólamanna yfirleitt, ef frv. yrði samþykkt, svo að nefnd séu aðeins nokkur dæmi, þar sem menningarþroskinn og frelsiskenndin hafa jafnan verið í hávegum höfð, því að ekki verður það sagt um þessa staði, að þetta hafi þar verið útilokað? Mætti nokkurt mark taka á grg. frv., trúir hv. flm. þessu ekki. Hann telur þar að athuguðu máli, að heppilegast sé, að sala áfengs öls fari fram aðeins á þeim stöðum, sem veitingaleyfi hafa, og á vegum áfengisverzlunar ríkisins. Hann vill m. ö. o. ekki, að þetta ágæta meðal, sem örugglega á að draga úr eða stöðva ofnautn enn sterkari drykkja, fáist almennt og haftalaust. Er sýnilegt á þessu, að hann trúir ekki sjálfur á boðskap sinn. Svo örugglega treystir hann ekki á mátt ölsins til að bæta úr hinum þekktu drykkjuósiðum.

Ég hlustaði með athygli á öll þau rök, sem hv. flm. færði fyrir máli sínu í sinni löngu og ýtarlegu framsöguræðu, og þó að hún væri í alla staði mjög fróðleg og bæri vitni um þrautseigju og dugnað hv. flm. að afla margvíslegra gagna, verð ég samt að segja, að mér fannst meginið af ræðunni ekkert koma þessu frv. við og samanburður allur gerður af handahófi og engan veginn byggður á rökréttum athugunum, heldur teknar fullyrðingar, sem í fyrstu virtust styðja málstað hv. flm., en féllu sem spilaborg, ef andað var á þær jafnvel veikasta andblæ raunveruleikans. Skal ég taka hér nokkur dæmi.

Hv. flm. kvaðst aldrei t. d. hafa séð ölvaðan verkamann í Englandi, þótt þar væri mikil öldrykkja. Veit ekki hv. flm., að Bretar urðu að grípa til þess ráðs að loka ölstofunum frá kl. 12 til 6 eftir hádegi og opna þær aðeins á milli 10 og 12 árdegis, einmitt vegna þess, hversu sterk ásóknin var frá verkamönnum í ölið í vinnutímanum? Er honum alveg ókunnugt um það, að allar verksmiðjur og skipasmíðastöðvar í Bretlandi loka verkafólkið inni um vinnutímann og gæta þess alveg sérstaklega að hleypa engum út, fyrr en ölkrárnar eru allar komnar örugglega undir lás og loku? Þetta er ástandið þar. Eða treystir hv. flm. sér til þess að halda því fram, að þetta hafi engin áhrif á öldrykkju verkamanna í vinnutímanum, þegar er búið algerlega að útiloka þá frá möguleikum til þess að ná í það? Ég hef einnig, engu síður en hv. flm., átt þess kost að ferðast töluvert erlendis og setið m. a. allmörg hóf á flestum Norðurlöndum og víðar og viðurkenni fúslega, að þar ríkja allt aðrir og betri drykkjusiðir en hér á landi. En ég mótmæli því harðlega, að það sé vegna þess, að þar hafi ríkt sums staðar og ríki nú víðast frjáls drykkja á sterku öli, gagnstætt því, sem hér á sér stað. Ástæðurnar eru allt aðrar. Mun hér ekki ráða meiru um aldalöng og þrotlaus kennsla í umgengni, einnig þá er vín er haft um hönd, og að þess vegna hafi þessir siðir skapazt þar þrátt fyrir frjálsa sölu á sterku öli? Það er einmitt þessi fræðsla, sem ég hef hafið baráttu fyrir hér á þingi og vil, svo lengi sem ég á sæti hér, halda þeirri baráttu uppi.

Ég veit ekki heldur, að hve miklu leyti því megi treysta, sem hv. flm. fullyrti í ræðu sinni, að danskir verkamenn sæjust aldrei ölvaðir, gagnstætt verkamönnum Gautaborgar, sem ávallt hefðu verið augafullir, á meðan ölbannið var þar í landi. Þó að satt væri, sem ég skal engan dóm á leggja, gæti þetta átt sér aðrar orsakir en þær, að í Danmörku væri frjáls ölsala, en fjötruð í Svíþjóð. Það gæti eins vel stafað af hinu, að í Danmörku gilti sú regla og henni stranglega fylgt að leyfa engum að vera ölvaður á almannafæri, heldur væri hann samstundis fjarlægður af lögreglunni, svo sem vera ber, en í Gautaborg væri þessu öfugt farið. Vilji hins vegar hv. flm. halda fast við þá fullyrðingu, að aldrei sjáist ölvun á dönskum verkamönnum, hvorki úti né inni, vildi ég mega benda honum á að kynna sér nokkrar ölstofur í Nýhöfninni í Kaupmannahöfn, þar sem einkum og sér í lagi er selt öl og lítið af öðrum sterkum drykkjum, og sjá, hvernig ástandið er þar. Hann kynni þá að skipta um skoðun, ef hann legði leið sína um þessar ölkrár, og ekki vera þeirrar skoðunar, að danskir verkamenn geti ekki einnig fallið fyrir þessari freistingu og það á nærri því hvaða tíma dagsins sem væri, og er þó á flestum þeirra aðeins veittur sá drykkur, sem nefndur er danskur bjór. Enginn samanburður gefur rétta hugmynd, þegar dæmin eru valin þannig, að það bezta er tekið úr einu landi, en hið lakasta úr öðru, og það sýnist hv. flm. hafa gert, þegar hann ber saman ástandið í Danmörku og í Svíþjóð. Ég veit heldur ekkert um það, hversu vel má treysta því, að hér séu örugglega 2000 drykkjusjúklingar á Íslandi og ef til vill væri nær að færa þá tölu upp í 8000 eða rúmlega 1% til nærri 5% af allri þjóðinni, eins og mér skildist á ræðu hv. flm., en aðeins ½% í Þýzkalandi, þar sem öldrykkja væri þó hvað mest. Hitt er ljóst, að sé þetta svo, þarf áreiðanlega önnur og sterkari tök á þessu vandamáli en þau, sem felast í frv. hv. flm., enda játaði hann hreinskilnislega, að ölið gæti aldrei útrýmt ofdrykkju, í hæsta lagi gæti það dregið eitthvað úr henni.

Þá ræddi hv. flm. lengi um það, að samkv. nýjustu uppfinningum lækna og sálfræðinga væri nú ljóst, að það væri einkum kvíðni, sem orsakaði ofneyzlu áfengis og eiturlyfja. Ég hélt nú satt að segja, að þetta væru ekki nein ný sannindi, sem hér er um að ræða. Hefur það ekki verið venja öldum saman að gefa mönnum stríðsöl, áður en lagt væri til orrustu, og þá sjálfsagt til þess að auka eitthvað kjarkinn í göngunni á móti örugum dauða? Mundu ekki tillögur okkar, sem andvígir erum vínnautn almennt, vera þessum mönnum hollari en ölið, eða heldur hv. flm., að ölið sé nokkur lækning á þeim kvilla, eins og hann hélt fram í ræðu sinni?

Þá gaf hv. flm. í ræðu sinni mjög fróðlega skýrslu yfir vísindalegar rannsóknir, sem fram hefðu farið í Finnlandi á mönnum, sem neytt höfðu öls, léttara víns og sterkra drykkja. Fannst mér sú skýrsla öll sanna berlega, að ekki ætti að bæta öldrykkju við til frekari neyzlu, því að þar kom svo skýrt fram, að eigi verður um deilt, að öldrykkjan ein getur haft hin skaðlegustu áhrif. Og ummæli þau, sem hv. flm. hafði eftir herra Fagerholm um áfengismál Finna, voru svo almenn, að þau styðja á engan hátt tillögu þá, sem fram er borin á þskj. 238. Annars vill nú svo vel til, að ég þekki persónulega mjög vel herra Fagerholm, ég hef setið með honum mörg hóf og átt við hann samræður um ýmis þjóðfélagsvandamál, og mætti draga nokkra ályktun af þeim samræðum, þá yrði hún sízt af öllu til stuðnings því frv., sem hér er til umræðu.

Þótt ég hafi varið hér alllöngum tíma til þess að andmæla ýmsu því, sem fram kom í framsöguræðu hv. flm. og í grg. frv., skal þó viðurkennt, að ég er sammála hv. flm. um önnur atriði, sem fram komu í ræðu hans, og þó einkum eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að rétt sé að vinna að vernd barna gegn áfengisnautn allt frá upphafi og halda því síðan stöðugt áfram fram á fullorðinsþroska. Um þetta er ég honum sammála. En hvernig verður þetta bezt gert? Veitir frv. þetta slíka vernd? Ég held, að hvernig svo sem komið yrði fyrir tilbúningi og sölu 3½% öls, sé gersamlega útilokað, að það geti veitt þá vernd, sem hér um ræðir og er afar nauðsynlegt að unnt sé að veita. Alger afneitun öls og annars vínanda um meðgöngutímann og fram yfir þann tíma, er móðir hættir að næra barnið með brjóstmjólkinni, er áreiðanlega miklu sterkari vernd en dagleg neyzla öls, sem inniheldur 3½%. Sívakandi fræðsla um hættur og tjón af áfengisnautn, á meðan barnið er á þroskastigi og allt upp í fullorðinsárin, er áreiðanlega miklu farsælli vernd en daglegur drykkur þess öls, sem hér um ræðir, þótt ekkert annað sterkara kæmi til.

Hann sagði enn fremur, að skapa eigi þá skoðun, að ofneyzla áfengis sé siðleysi. Þessu er ég alveg sammála. Þessi skoðun verður ekki að mínu áliti sköpuð með þeirri viðbótarneyzlu, sem flm. leggur til að lögfest verði. Hér verður að taka upp aðra hætti, fallast meira á tillögur okkar, sem viljum skapa þetta með fræðslu og skynsamlegum áróðri. Við eigum skóla, við eigum kirkjur, blöð, kvikmyndahús, útvarp og væntanlega innan skamms einnig sjónvarp. Ef allir þessir aðilar vildu taka saman höndum og halda uppi fræðslu um þessi mál og sýna þjóðinni látlaust fram á þá þjóðfélagslegu nauðsyn að útrýma því böli, sem áfengisnautnin skapar og viðheldur, þá er enginn vafi á því, að mikill árangur næðist á skömmum tíma, og þegar þjóðin hefði brynjað sig þannig gegn voðanum, skapað sér sjálf öruggari varnir, þá og þá fyrst þolir hún að umgangast þá hættu, sem vínnautn ávallt býður heim.

Hann sagði enn fremur: Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir meina sér leyfist það. — Ég er honum sammála einnig um það atriði. Hér grípur hv. flm. í ræðu sinni á einum hinum raunverulegasta vanda í sambandi við baráttuna gegn vínnautn og misnotkun áfengis. Það hefur jafnan verið svo og mun jafnan verða svo, að múgnum þykir að því sómi að líkjast sem mest höfðingjunum í hvívetna, og þegar um það er að ræða, að hvatir hins almenna borgara falla í sama farveg og siðir höfðingjanna, þykir jafnvel ekkert við það að athuga, þótt undan þeim sé látið. Annaðhvort þykir það þá mjög fínt eða mjög afsakanlegt. Og hverjir eru hér hinir eiginlegu höfðingjar? Það eru allir þeir, sem aðrir líta upp til, hvort sem þeir eru settir hátt eða lágt í mannvirðingastiganum, leiðtogarnir, á hvaða sviði sem er, og þá ekki hvað sízt höfðingjar heimilanna, sem börnin líta upp til og keppast við að læra af allt, sem þau sjá fyrir sér, þar til þeim hefur vaxið svo skilningur, að þau fara að hugsa sjálfstætt og álykta sjálfstætt.

Sá boðskapur hæstv. ríkisstj., að fellt yrði niður vínblönduhóf á nýársdag, sem venja hafði verið að halda um mörg undanfarin ár, vakti óhemju fögnuð um allt land. Hér eygðu menn vísi að því, að skilningur á vandamálum, sem þjóðin á við að stríða, væri að koma ofan frá. Þjóðin mun því fagna því í vaxandi mæli, að það komi úrbæturnar gegn bölinu. En verði frv. það, sem hér er til umr., samþykkt óbreytt, styrkir það ekki þá von, að umbæturnar séu væntanlegar ofan frá.

Í grg. segir hv. flm., að í áfengislöggjöfinni verði að vera samræmi eins og í öðrum lögum. Telur hv. flm., að samþykkt þessa frv. sé í fullu samræmi við 1. gr. áfengislaganna, eins og hún er í dag óbreytt? Telur hann, að takmarkalaus sala á sterku öli útrými því böli, sem samfara er misnotkun áfengis? Er það hans raunverulega skoðun? Ef ekki, er hann að reyna að skapa ósamræmi í löggjöfinni í stað þess að samræma ákvæði hennar.

Þeir háttvirtu þingmenn, sem líta svo á, að þetta frv. útrými áfengisbölinu, ljá því fylgi. Hinir samþykkja þá breytingu, sem ég ber fram á þskj. 277 og ég skal hér gera nokkra grein fyrir.

Í brtt. minni legg ég til, að 1. gr. frv. verði orðuð um. Þykir mér rétt að vekja sérstaka athygli á því, að verði till. samþ., er jafnframt heimildin til innanlandssölu á öli með 3½% vínanda innihaldi felld, þar sem mín tillaga kæmi þá í stað 1. gr. frv., eins og hún er. Að ég tek þetta fram hér svo skýrt, stafar af því m. a., að hv. flm. sjálfum var það ekki alveg ljóst, þegar ég ræddi þetta mál við hann fyrst, og hélt hann þá, að hér væri aðeins um viðbótartillögu að ræða, er hann kvaðst vera mjög fylgjandi. Verði till. hins vegar felld og frv. samþykkt, vil ég á síðara stigi málsins freista þess að fá till. samþykkta sem viðbótarákvæði við frv. En ákvæðum þeim, sem í till. felast, er jafnnauðsynlegt að koma inn í löggjöfina, hvort sem 1. gr. frv. verður samþykkt eða felld. Og ég vil einmitt beina því til þeirrar hv. n., sem hér fær þetta mál til afgreiðslu, að afgreiða málið, því að till. mín er jafnnauðsynleg brtt. við lögin, eins og þau eru nú, og þarf þar af leiðandi að koma til atkv. hér í d., hvað sem líður

skoðun manna á því, hvort eigi að leyfa öl eða ekki. Skal ég nú bera till. saman við gildandi lög, eins og þau eru nú.

Í brtt. er lagt til, að 2. mgr. 31. gr. l. orðist um. Til þess að fá fullt samhengi er rétt, að ég, með leyfi hæstv. forseta, lesi 31. gr., eins og hún er nú:

„Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis."

Þessu ákvæði var komið inn í lögin, eftir að hæstv. ráðh. hafði lagt frv. fram hér 1953. Sú gr., sem ég óska að verði breytt, hljóðar í dag þannig:

„Fræðslumálastjóra skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi."

Verði mín brtt. samþykkt, verður niðurlag gr. þannig:

„Áfengisvarnaráð lætur gera kvikmyndir um öll þau atriði, sem talin eru upp í 1. málsgr. þessarar greinar. Skal fræðslumálastjórninni skylt að sjá um, að skólarnir eigi jafnan kost á að sýna kvikmyndir þessar í heild eða kafla úr þeim, eftir því sem við á á hverju skólastigi, og að þeir eigi enn fremur aðgang að hentugum kennslubókum og öðrum kennslukvikmyndum til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, enda sé haft fullt eftirlit með því, að haldið sé uppi slíkri fræðslu í skólum landsins. Kostnaður við kvikmyndagerðina greiðist úr gæzluvistarsjóði."

Ég legg því hér til, að samfara bóklegri kennslu sé einnig hafin kennsla með kvikmyndum. Mér er það fullkomlega ljóst, að kvikmyndakennsla er miklu áhrifarikari en bókleg kennsla, og það er þess vegna, sem ég legg þetta til, svo og af öðrum ástæðum, er ég skal aðeins ofur lítið skýra frá.

Ég hef alveg nýlega átt þess kost að horfa á kvikmynd, sem tekin hefur verið hér í bæ af einstökum þáttum þess mikla böls, sem ofnautn og misnotkun áfengis leiða yfir þjóðina. Þar voru einnig áhorfendur ýmsir leiðandi menn þjóðarinnar, ýmsir höfðingjar, bæði úr prestastétt með biskup landsins í fararbroddi, ýmsir úr kennarastétt, útvarpsstjóri og margir aðrir menntamenn. Ég held, að ég megi fullyrða, að engum viðstöddum hafi dulizt, að hér var mikið vandamál skráð í myndum, sem eru óhrekjanlegar og sumar allhrollvekjandi, og þó veit ég af eigin sjón, að hér var aðeins um að ræða brot af þeirri sorg og þeirri kvöl og þeim kvíða, sem umlykur þegna þessa fagra og góða lands, sem við byggjum. Hér var aðeins tekinn til meðferðar einn þáttur og hann engan veginn til fulls, hin almennasta ástæða fyrir fjarvistum barna og unglinga í skólum og vanræksla á uppeldi þeirra og vernd á heimilum, sem leiða til afbrota og villu, svo að börn, sem annars gátu orðið góðir og nytsamir borgarar, urðu þjóð sinni til ævarandi byrði og sjálfum sér til armæðu.

Með skipulagsbundnum myndum, teknum úr lífinu, ekki einasta af því, sem miður fer, heldur engu síður af hinu, sem vel fer, og sýna þá lífshamingju, sem fólgin er í því að berjast gegn hinu illa, — með skipulagsbundnum sýningum á slíkum myndum úr lífi og baráttu þjóðarinnar má m. a. ná stórkostlegum árangri í uppeldi þeirrar kynslóðar, sem jafnan tekur við til þess að færa þjóðina á sífellt hærra menningar- og þroskastig.

Á síðustu öld eignuðust frændur okkar, Norðmenn, tvo af sínum mestu andans mönnum, sem undirbjuggu sjálfstæði þjóðarinnar, svo að hún væri betur undir það búin að mæta þeim vanda að vera sjálfstæð þjóð. Þessir menn voru þeir Björnstjerne Björnson og Ibsen. Björnson dró jafnan fram það bezta, sem þjóðin átti í skapgerð, listum, menningu og athöfnum, og hvatti æskuna til að hafa það jafnan að leiðarvísi í lífinu, lifa og starfa eftir því lögmáli. Verk hans voru eins og ljós, sem logar í byggðinni og lýsir og hrópar til vegfarandans, sem ráfar í myrkrinu: Hér er ylur, hér er skjól. Hingað skaltu koma. — Ibsen dró hins vegar fram skuggahliðarnar, benti óvægt á veilurnar, sem þjóðin yrði að laga, ætti hún að halda velli. Verk hans voru eins og vitar á hinum stórbrimótta skerjagarði Noregs, sem að vísu skinu eins skært og oftast skærara en ljós Björnsons, en þetta ljós hrópaði til þjóðarinnar: Hér eru hættur. Hingað máttu ekki fara. — Það var lengi um það deilt, hvort ljósið væri þjóðinni farsælla, en nú, þegar bæði þessi stórmenni andans eru gengin og ævi þeirra öll, ber flestum saman um það, að hvor í sínu lagi hafi gefið þjóð sinni það, sem hún mátti ekki án vera, ef hún átti að vera sjálfstæð þjóð. Ber ekki að sama brunni hér? Verðum við ekki, ef vel á að fara, að láta bæði ljósin brenna, það, sem vísar veginn úr myrkri og villu í skjól og yl, og það, sem hrópar frá brimóttri strönd ofnautna og villu: Hér eru hættur. Hingað máttu ekki koma.

Till. mín á þskj. 277 miðar að því, að þjóðin viðhaldi báðum þessum leiðarljósum.

Ég heyrði, að hv. flm. óskaði eftir því, að þessari till. yrði vísað til hv. allshn. Mun hafa ráðið þar nokkru um, að málið var á sínum tíma í þeirri nefnd. Ég vil hins vegar gera það að till. minni, að málinu verði vísað til hv. menntmn. Mér er það ljóst, að mín till. fjallar um atriði, sem menntmn. á að fjalla um. Menntmrn. hefur m. a. allar framkvæmdir á vörn þeirri, sem veitt er unglingum, sem leiðast yfir á afbrotabrautir og langsamlega mest fyrir óreglu á heimilunum, og ég vil vænta þess, að hv. d. fallist á það, að þar eigi till. frekast heima. Er það því till. mín, að málinu verði vísað til hv. menntmn. og að hv. menntmn. eða hvaða nefnd sem annars kann að fá málið svæfi ekki þetta mál, heldur láti ganga um það hér atkv., hvort hv. Nd. vill láta brugga og selja hér innanlands sterkari bjór og þá hvort hún einnig samfara því vill láta gera þær umbætur á fræðslunni, sem í minni till. felast, eða hvort hún vill fella till. um ölið

og samþykkja mína till. um viðbótarfræðslu í þessum málum til þess að reyna að draga úr því stórkostlega böli, sem hér er á ferðinni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 238 er frv. til breyt. á áfengislögum. Efni þessa frv. er að heimila framleiðslu og sölu á áfengu öli. Að öðru leyti á ríkisstj. á hverjum tíma að ráða því, hvernig með mál þetta skuli farið.

Enda þótt ég hafi jafnan haft lítil afskipti af bindindismálum, hefur afstaða mín verið sú, að ég hef lagzt þar á sveif, er unnið hefur verið að minni áfengisneyzlu. Þess vegna hlýtur afstaða mín til þessa máls að miðast við það, hvort ég hef þá skoðun, að það mundi draga úr neyzlu áfengis eða eigi.

Ég hef gert mér sérstakt far um að fylgjast með umr. um þetta mál, síðan það kom hér fram, bæði í blöðum og útvarpi, til þess á þann hátt að geta skapað mér skoðun um það, að hvaða gagni málið mætti verða. Í því, sem ég hef leitað fyrir mér um þetta, hefur það orðið fyrst fyrir mér, hvernig ástandið er í áfengismálum okkar nú, og ég verð að segja það, að eftir því sem ég hef kannað þessi mál betur, sýnist mér, að ástandið í áfengismálum okkar sé mun verra en ég hafði gert mér grein fyrir. Máli mínu til sönnunar vil ég rekja hér nokkur dæmi, en þó fyrst og fremst grein, sem birtist í Morgunblaðinu þann 25. jan. s. l. og er eftir Helga Ingvarsson yfirlækni á Vífilsstöðum. Hér er um að ræða fullorðinn og reyndan embættismann, sem hefur mikla reynslu að baki, og ég verð því að álíta, að á þeim rökum, sem hann leiðir þar fram, megi mikið byggja.

Í upphafi greinar sinnar gerir læknirinn grein fyrir því, að barátta við alkohólið sé fram undan, ekki einungis hér á landi, heldur um veröldina yfirleitt. Og þar segir hann frá því m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Svíþjóð, Frakklandi og í mörgum öðrum menningarlöndum fer nú fram ýtarleg rannsókn á útbreiðslu drykkjuskapar og áhrifa hans á heilsufar, siðferði og glæpahneigð. Mest er haft á orði við rannsókn þessa og gagnráðstafanir, sem boðaðar eru, að þær séu gerðar vegna þess, að sívaxandi drykkjuskapur kvenna og unglinga sé uggvekjandi."

Þetta upphaf á grein læknisins segir nokkuð um það, hvernig er ástatt í áfengismálunum í heiminum yfirleitt og hvernig hinum svokölluðu menningarþjóðum í áfengismálum hefur tekizt að fást við áfengið. Frá því er skýrt, að það hafi verið gerð athugun á því í einu bæjarfélagi hér fyrir nokkru, hvað mikið væri þar af drykkjusjúklingum. Samkvæmt heilbrigðisskýrslu er talið, að hér væri um 1.3% af íbúunum að ræða. Reynsla sú, sem AA-samtökin hafa af sinni starfsemi, segir það, að 20 nýliðar komi inn á vistheimili þeirra árlega. Segir Helgi Ingvarsson læknir, að þetta sé hærri tala en hafi verið hjá berklasjúklingum hjá okkar þjóð, þegar veikin var á hæsta stigi. Ég verð að segja, að hér finnst mér vera mjög alvarlegt mál á ferðinni, og eins og ég tók fram áðan, tel ég, að hér sé enginn flysjungur á ferð, sem fer með þessar tölur.

Okkur er öllum ljóst, hvað við höfum gert mikið átak til þess að útrýma berklaveikinni hér á landi. Við leggjum nú á fjárlögum yfirstandandi árs fram milljónir króna í því skyni og höfum gert margt fleira, sem ekki kemur þar fram, og við höfum náð glæsilegum árangri við að útrýma berklaveiki. En ég held, að það séu miklu fleiri en ég, sem eru þannig á vegi staddir, að þeir hafa ekki gert sér grein fyrir því, að nýir áfengissjúklingar í okkar landi eru orðnir jafnmargir og berklasjúklingar voru, þegar þessi veiki var verst. Þegar þannig er komið, þurfum við að fara að gera okkur grein fyrir því í alvöru, hvað við eigum að gera í áfengismálum okkar til þess að missa ekki þegna þjóðfélagsins í áfengisflóðið. Hér þýða engin vettlingatök, þegar málið er komið á svo alvarlegt stig sem raun ber vitni um. Þess vegna hef ég haft það upp úr þeirri athugun, sem ég hef gert í sambandi við þetta mál, að reka mig einmitt á þessa staðreynd, sem mér var ekki ljós áður. Og ef þetta frv. yrði til þess að vekja athygli íslenzku þjóðarinnar á ástandinu í áfengismálum, væri nokkuð á unnið, og ég held, að hv. Alþ. þurfi að gera sér betri grein fyrir þeim málum en það gerir nú.

En það er fleira, sem kemur til, heldur en það í sambandi við áfengismálið, hvað margir verða áfengissjúklingar. Áfengisneyzla er ekki lítið atriði í fjárhagsafkomu einstaklinganna, þeirra sem þess neyta, og það þarf ekki að vera mikil áfengisneyzla nú til dags til þess, að fjárhagur manna yfirleitt þoli það ekki. Ég held, að það sé mál, sem Íslendingar þurfi líka að átta sig á. Þá þarf ekki orðum að því að eyða, að þetta fólk, sem ekki kann með áfengi að fara á neinn veg, á afkomendur, og það er ómælt, hvaða áhrif áfengisneyzla þess kann að hafa á næstu kynslóð. Við höfum nú þegar orðið að taka upp vistheimili fyrir börn, sem hafa lent á glapstigum, og munu flest þeirra hafa komizt þangað vegna áfengisneyzlu foreldranna. Þess vegna er það önnur saga og verður ekki metið til fjár, hvað áfengisneyzla einstaklinganna kann að hafa mikil áhrif á þá kynslóð, er við á að taka.

Þá er annað atriði, þar sem áfengi kemur mjög við sögu, og það eru slysin. Það er talið, að verulegur hluti af slysum eigi rót sína að rekja til áfengisneyzlu, og á fyrstu tíu mánuðum ársins 1960 hafa rúmlega 200 manns verið kærðir fyrir ölvun við akstur. Hvað af þeim hefur valdið slysum eða hvort slys hefur verið að miklu leyti í sambandi við þetta, kann ég ekki frá að skýra, en vitanlegt er þó, að ölvun er oftar á ferðinni, ef slys eiga sér stað.

Í Vísi 1. des. s. l. birtist grein eftir einn lögregluþjón í Reykjavík. Þar segir hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þið hafið sennilega ekki komið á slysstað, þar sem drukkinn maður hefur valdið slysi, farartækið sundurtætt, saklaust fólk slasað, þið hafið sennilega ekki heyrt neyðaróp hinna slösuðu."

Þetta er lítið dæmi um það, hvað áfengisneyzlan er mikill þátttakandi í slysum. Enn fremur er frá því skýrt í þessari umræddu grein, sem ég vitnaði hér til, að í Svíþjóð var nú fyrir stuttu í einu bæjarfélagi athugað vísindalega, hvað mikill hluti af glæpum ætti rætur sínar að

rekja til áfengisneyzlunnar. Kom í ljós við þessa rannsókn, að um 65% af glæpunum voru taldir eiga rót sína að rekja til áfengisneyzlu.

Það kemur að vísu fram í grg. fyrir frv. hv. flm., 12. þm. Reykv. (PS), að hann telur, að áfengisneyzlan sé verulegur aðili í því að auka glæpahneigð og alls konar óknytti, svo að um það þarf ekki að deila í þessu sambandi. En það er ljóst af þessu stutta yfirliti, sem ég hef hér gefið, að ástandið í áfengismálunum hjá okkur er miklu alvarlegra en við gerum okkur grein fyrir og miklu meiri þörf á aðgerðum til úrbóta en nú á sér stað. Drykkjuskapurinn hefur færzt mjög í vöxt á síðari árum, og ég tek undir það með hv. 1. þm. Vestf., að ástæðan fyrir því er m. a., að það hefur verið dregið úr hömlum, það er orðið auðveldara að fá vinið en áður, og það hefur aukið drykkjuskapinn. Það þýðir ekki, það er ekki hægt að halda því fram með nokkrum rökum, að því auðveldara sem sé að ná til áfengisins, því minna verði drukkið, það er alveg hið gagnstæða.

Ef litið er til annarra þjóða í þessum efnum, vil ég vitna til þess, að í opinberum skýrslum hefur verið á það bent, að í Frakklandi, þar sem hin ódýrari vín og bjór eru jafnódýr og kaffi og neyzla þeirra geysilega mikil, er talið, að jafnvel þriðji hver Frakki deyi af áfengisneyzlu og það á bezta aldri, 40% af slysum séu af völdum ölvunar og 60% af glæpum. Í frásögn, sem er birt í Vísi þann 30. nóv. s. l., en er prentuð upp úr New York Times, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Franska stjórnin hefur hafið róttæka baráttu gegn alkohólismanum, sem er eitt mesta vandamálið bæði í félags- og heilbrigðismálum Frakklands."

Þetta er þó það landið, sem oft er vitnað til vegna þess, að þar sé frjálsræði svo mikið, valið svo auðvelt, að löngun manna í áfenga drykki og meðferð þeirra verði þess vegna með miklu eðlilegri hætti en hér á sér stað. Það virðist samt ekki vera, þegar á þetta er litið.

Þennan inngang mun ég nú láta nægja í sambandi við áfengisneyzluna, en snúa mér aftur að frv. á þskj. 238.

Það, sem vekur athygli við þetta frv., er þá fyrst það, að það er aðeins gert ráð fyrir því að opna hliðið eða opna áfengislöggjöfina með því að heimila bruggun eða framleiðslu og sölu bjórsins, en ekkert um það rætt, hvernig með skuli fara. Það á að vera á valdi ríkisstj. á hverjum tíma, en hv. flm. leggur þar ekkert til, nema þar sem hann lýsir skoðun sinni. Það er mjög hæpið, að ekki sé meira sagt, að þegar á að taka til afgreiðslu mál eins og þetta, á að fara inn á nýja braut í áfengismálum okkar Íslendinga, ekki sízt mál, sem oft hefur valdið deilum hér á hv. Alþ., þá sé hægt að reikna með því, að Alþingi afgreiði málið án þess að vilja nokkuð frekar um það segja en það eitt, að heimila skuli bruggun ölsins. Ég held því, að hv. þm. hafi gert sér það ljóst, áður en hann flutti þetta frv., að það mundi ekki ná fram að ganga, og þess vegna hafi hann ekki viljað leggja í það meiri vinnu en þessa einu grein, því að ef hann hefði gert ráð fyrir því, að til framkvæmda gæti komið, hefði hann ábyggilega sagt fyrir um það í frv., hvernig meðferð öll skyldi vera á ölinu, bæði framleiðslu þess og sölu, því að það er í raun og veru meginmálið, hvernig það verður, en ekki ákvæðið sjálft. Í grg. fyrir frv. og í framsöguræðu hv. flm. er tekið fram, að tilgangur frv. sé í fyrsta lagi að samræma atriði í áfengislöggjöfinni, í öðru lagi, að hér sé mikið bruggað af bjór eða öli á ólöglegan hátt og því þurfi að gera það löglegt, og í þriðja lagi, að hér eigi að vera um menningu að ræða, að stuðla að drykkjumenningu, og sé móðgun við fólkið að fá ekki að neyta þessa öls. Í umr. um málið hafa svo komið fram hjá öðrum m. a. þau rök, að ölið innihéldi mikið næringargildi, það ætti að draga úr drykkju sterkra drykkja, og vék hv. flm. einnig að því í sinni framsöguræðu hér fyrir tveim dögum.

Ég vil nú ræða þessi atriði nokkuð.

Í sambandi við það, að það dragi úr neyzlu sterkra drykkja, vil ég leyfa mér að vitna til ummæla úr nál., sem birt voru á hv. Alþ. 1941, en þar er grg. frá þáv. landlækni, Vilmundi Jónssyni, um þetta mál. Þar segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er fánýt kenning, að veikar áfengistegundir komi í staðinn fyrir sterka drykki og útrými þeim. Þær vísa miklu fremur leiðina út í ófæruna og gera margan manninn að drykkjumanni, sem aldrei hefði orðið það."

Þessi ummæli landlæknis sýna, að það er a. m. k. ekki skoðun hans, þó að hann hefði af því nokkra reynslu, að veikari drykkir dragi úr neyzlu sterku drykkjanna, og satt að segja fannst mér, að það kæmi fram í framsöguræðu hv. flm., að hann teldi, að þeir mundu ekki útrýma sterku drykkjunum, veikir drykkir af áfengi. Þess vegna held ég, að þetta atriði sé ekki mikils virði.

Þá var það, að næringargildið í bjórnum ætti að vera svo mikið, að þess vegna væri nauðsynlegt að framleiða hann og selja. Ég tók eftir því í umr., sem fóru fram í útvarpinu um þetta mál, þá var Hinrik Guðmundsson verkfræðingur, sem mjög var búinn að halda á loft þeirri skoðun, að bjórinn hefði mikið næringargildi, spurður að því, hvort næringargildið ykist við það að gera hann áfengan. Hann skaut alveg fram hjá því að svara þessu. Hins vegar ræddi Björn L. Jónsson læknir þetta nokkuð á stúdentafélagsfundinum um daginn, og hans skoðun er ekki á þá leið, að næringargildi bjórsins sé svo mikið, að þess vegna eigum við að neyta hans, og sízt af öllu verði það þegar áfengið komi til, því að þá komi áfengið til með að upphefja þau næringaratriði, sem bjórinn innihaldi, og jafnvel meira en það. Og hann heldur því fram í útdrætti úr ræðunni, sem ég hef lesið, að það sé óhollara að drekka áfengi í öli en t. d. í hvítvíni. Þess vegna held ég, að þetta atriði muni ekki vera þungt á metunum, þegar á að velja eða hafna hinum áfenga bjór.

Þá eru það rök hv. flm., það var hans fyrsta atriði í þessu, að það væri að samræma áfengislöggjöfina. Nú langar mig til að spyrja hv. flm., þegar hann leggur nú til, að við framleiðum bjór, sem er 3½%, er þá ekki hægt með sömu rökum að segja, að það sé jafnmikið ósamræmi í áfeng-

íslöggjöfinni eftir sem áður, fyrst við framleiðum ekki bjór, sem er 4% eða 6%? Það er vitnað til þess, að við eigum að gera þetta eins og nágrannaþjóðir okkar. En þær framleiða sterkari bjór, og getur þá ekki næsti Pétur, sem hér kynni að flytja frv. um breyt. á áfengislögum, sagt: Það er ekkert vit í því, það er hlægilegt að halda því fram, að við megum framleiða hér bjór, sem er 3½%, en megum svo ekki framleiða bjór, sem er 4%? Mér finnst satt að segja, að það séu nákvæmlega jafnmikil rök hjá næsta Pétri, sem kynni að halda þessu fram, eins og hjá hv. 12. þm. Reykv. nú, ef það eru rök. Þess vegna finnst mér, að þetta samræmingaratriði sé ekki svo mikið atriði, að það geti orðið til þess að koma þessu máli áfram.

Þá er hitt atriðið, sem hér hefur líka komið fram, að það væri mikið bruggað af öli í landinu á ólöglegan hátt. Nú skal ég játa það fúslega, að ég er, eins og ég tók fram í upphafi, illa að mér í áfengismálum, því að ég hef haft afskaplega litinn áhuga fyrir þeim og lítið haft af þeim að segja. En ég hef ekki heyrt talað um það, að bruggun öls væri geigvænleg hér á landi fyrr en núna. Nú stendur þetta fram úr öllum þeim mönnum, sem vilja bjórfrumvarpið áfram, og þá mundi ég segja á einfaldan hátt, að hér væri ekki um neitt annað að ræða en áróður, áróður fyrir því, sem ætti að koma, og þess vegna ætti að nota þetta málinu til framdráttar. En ég vil segja það, að það er afskaplega hæpið hér á hv. Alþ. að halda því fram, að séu einhver lög brotin í landinu, þurfi bara að lögleiða lögleysuna, til þess að hún geti staðizt, það sé það, sem eigi að gera, en ekki reyna að virða lögin, sem eru í gildi. Þess vegna finnst mér, hvort sem er í þessu máli eða öðru, að það séu engin rök að setja löggjöf vegna þess, að einhver og einhver brjóti þau lög, sem fyrir eru. Það eru hæpin rök.

Annars er það, sem er mergur málsins í þessu máli, framkvæmdin á málinu. Ég er nærri sannfærður um það, að í augum þeirra manna, sem vilja ölframleiðslu og sölu í landinu, er hv. flm. ekkert meira virði en ég og aðrir bindindismenn, ef framkvæmdin yrði á þann hátt, að ölið yrði lokað inni í áfengisverzluninni og selt aðeins þar, sem áfengi er á boðstólum. Þá er ég líka sannfærður um það, að ef þannig yrði með málið farið, er þetta afskaplega lítið mál og hefði engin áhrif á okkar áfengisneyzlu. Reynslan hefur sýnt það, þar sem öl er á boðstólum, og okkar reynsla af sterkum og veikum vínum, að það eru sterku vínin, sem eru keypt, en veiku vínin ekki. Það er svo sáralítið brot af neyzlu okkar á áfengi, sem er í hinum veiku vínum, að það er hverfandi lítið. Það eru sterkari drykkirnir, sem seljast á áfengisstöðunum. Í þeim löndum, þar sem öl er framleitt og selt, eru það einmitt sterkari tegundir þess, sem seljast mest. Hér hef ég skýrslu frá Noregi. Þar er framleitt öl að styrkleika 3.5%, 5% og 6%. Af 3.5% öli selst 5—6%, en 50—60% af heildarölsölu var í styrkleikanum 5% og 20—30% af sterkustu tegundinni. Þetta sýnir, að það yrði ekki sótt í ölið, ef það væri á boðstólum, þar sem sterkt áfengi er.

Spurningin er ekki um þetta, því að það er á allra vitorði, að ef við á hv. Alþ. samþykktum þetta frv., legðum ríkisstj. það á hendur að ákveða, hvernig með skyldi farið, þá yrði ekki langt að bíða þess, að ölið yrði selt eins og það er selt nú, og það er það, sem um er að ræða í raun og veru. Það er breyting á meðferð áfengra drykkja og sölu áfengra drykkja, það er mergur málsins. Þó að hv. flm. haldi því fram, bæði í grg. og á hv. Alþ., að hann ætlist til, að þetta verði gert á sama hátt og við seljum áfengið núna, þá hefur hann ekkert um það að segja, eftir að málið væri komið út úr höndum Alþingis. Alþ. setur enga tryggingu fyrir því samkv. hans eigin frv. Og þó að hans skoðun hafi verið þetta og hitt, þá er ekki víst, að ríkisstjórn, sem um málið fjallaði, sýndist svo sem flm., enda ef Alþ. ætlaðist til, að það yrði framkvæmt á þennan hátt, mundi það setja undir lekann og ákveða það í löggjöfinni. En ég er jafnsannfærður um, að þó að það yrði gert núna, ef við heimiluðum að selja áfengt öl hér í landinu á þennan hátt, þá yrði ekki langt að bíða þess, að á því yrði gerð breyting, því að allir þeir, sem vilja fá áfengt öl í landið, vilja fá það til daglegrar neyzlu á þeim stöðum, þar sem öl er selt nú og gosdrykkir, og það er það, sem í raun og veru er verið að slást hér um, hvort eigi að gera eða ekki.

Öll rök hv. 12. þm. Reykv. um áhrif ölsins um daginn voru miðuð við það eitt, að það yrði farið með útsöluna eins og með áfengi er farið nú. En ef þetta yrði öfugt, ef það yrði selt í hverri búð, hverjum veitingastað, eins og nú á sér stað um öl og gosdrykki, hvað þá? Hv. þm. fór ekkert inn á þetta svið. En það er þetta, sem gerist. Það er þetta, sem við erum að ræða um, hvort við viljum láta taka upp almenna sölu á áfengum drykkjum. Þá mundi kannske hv. þm. segja sem svo: En nú eru áhrifin af áfengisneyzlu ölsins ekki eins hættuleg og af venjulegri áfengisneyzlu, þeirri sem við höfum kynnzt, og vitnaði hann í því sambandi í finnsku rannsóknirnar, sem hann gerði mikið úr og taldi að hefðu sýnt, að áhrif af áfengisneyzlu í öli og í sterkum drykkjum væru á allt annan veg. Nú vil ég í þessu sambandi leyfa mér að vitna hér aftur í fyrrverandi landlækni, Vilmund Jónsson, en hann sagði í því þskj., sem ég vitnaði til hér áðan, þetta um ölið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ofdrykkja öls er ein hin óhollusta áfengisnautn, því að þar koma ekki einungis til greina beinar verkanir áfengiseitursins á taugakerfið, heldur ofreynsla nýrna og blóðrásarfæra, er leiðir til ömurlegs orkutjóns og illkynjaðs heilsuleysis.“

Og svo sagði hv. þm., flm. þessa máls, hér um daginn þetta, sem er tekið upp úr útdrætti úr ræðu hans í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta, þegar hann er að segja frá rannsóknunum í Finnlandi:

„Var því líkast, sem ölið kæmi mönnum ekki eins mikið út úr jafnvægi og sterkir drykkir, en deyfði hins vegar alla andlega starfsemi, eins og allt áfengi gerir.“

Það er einmitt þetta, sem þeir, sem hafa talað á móti ölinu, hafa varað mest við, það eru hin deyfandi áhrif ölsins, það er sá slappleiki, sem fylgir því. Það er þetta, sem menn eru hrædd-

astir við. Það er þessi seigdrepandi kraftur, sem það hefur umfram hina sterku drykki. Það er miklu greinilegra, að þeir, sem neyta sterku drykkjanna, eru ölvaðir, heldur en hinir.

Þá hefur verið á það bent, að með því að fara að selja öl almennt í landinu, eins og verða mundi afleiðing þessa frv., ef samþ. yrði, mundi hættan á áfengisneyzlu unglinga verða miklu meiri en er, vegna þess að unglingur á ekki svo auðvelt með að ná til áfengis nú, en hann þyrfti þá ekki að fara á þá staði, sem hann veigraði sér við að fara í fyrstu, til þess að ná í áfengi. Enn fremur yrði það mikið notað á vinnustöðum. Nú er vitanlegt, að öl og gosdrykkir eru mikið notaðir á vinnustöðum. Þetta öl yrði ekki síður notað á vinnustöðum, ef farið væri að framleiða það og selja, eins og gert er ráð fyrir.

Þá vil ég líka benda á það, að einn af ræðumönnum á stúdentafundinum um daginn, sem er maður, sem hafði mikla reynslu af áfengisneyzlu, benti á þá staðreynd, að ef ölið kæmi til, yrðu allar læknisaðgerðir, allir möguleikar fyrrverandi ofdrykkjumanna til þess að hverfa frá sinni fyrri villu gerðir miklu erfiðari. Ölið mundi draga þá til áfengisins aftur. Þeir mundu leita til þess, meðan þeir héldu, að þeir væru að rétta sig af, en það mundi svo verða til þess að auka þeirra drykkjulöngun aftur.

Þess vegna er það mín skoðun, að með bruggun ölsins mundi verða hér meiri almennur drykkjuskapur en áður var.

Þá vil ég benda á það og segja frá því, að ég hef rætt þetta mál við nokkra menn og þ. á m. við löggæzlumenn og dómara, og ég ræddi þetta nú ekki alls fyrir löngu við einn dómara, sem er ekki neinn bindindismaður, en hann benti mér á það og aðvaraði mig beinlínis í því, hve mikil hætta væri fólgin í ölneyzlunni í sambandi við bifreiðaakstur. Nú er það vitað mál, að bifreiðaeign landsmanna er mjög almenn og notkun þeirra á bifreiðum er það líka. Þessi dómari sagðist ekki vera í nokkrum vafa um það, að ef við færum að selja áfengt öl í landinu, mundu mörg bifreiðaslysin standa í sambandi við ölneyzluna og slysin ættu eftir að aukast mikið vegna ölneyzlu, þó að okkur þætti þar nóg komið. Ég held líka, að það sé ekki of mikið gert úr þessari hættu. Hún er geigvænleg, einmitt af þeim ástæðum, sem ég hef hér talið.

Þá spurði hv. flm., hvort okkur stafaði meiri hætta af áfengu öli en öðrum þjóðum, og minntist á tal manna um minnimáttarkennd okkar Íslendinga gagnvart áfengisneyzlu, gagnvart ölbruggun og svo að áfengismenningu vanti hjá okkur. Því er fyrst til að svara, að okkar þjóð er mjög fámenn og við verðum að gera okkur grein fyrir því, að svo fámennri þjóð, sem ætlar þó að halda sínu sjálfstæði, er meiri hætta búin og það er meira tjón fyrir hana við hvern einstakling, sem heltist úr lestinni, heldur en hjá stórþjóðum. Ég vil líka halda því fram, að sala á áfengu öli í landinu mundi hafa meiri áhrif hér en í flestum löndum öðrum, vegna þess að við seljum ekki áfengið á frjálsum markaði. Þess vegna mundi neyzlan á áfenga ölinu verða meiri hér en annars staðar. Af þeirri ástæðu er okkur meiri hætta búin en öðrum þjóðum.

Þau atriði málinu til stuðnings, sem ég hef drepið á, finnast mér ekki vera þess eðlis, að það sé ástæða til að breyta áfengislöggjöfinni þeirra vegna. Þá er það hitt atriðið í grg., að ölneyzla muni auka áfengismenninguna og þess vegna nauðsyn að breyta áfengislöggjöfinni. Nú vil ég í fyrsta lagi spyrja: Er hægt að tala um það, að áfengisneyzla sé til þess að auka menningu? Er það hægt? Ég hef ekki komið auga á það, að svo sé, en það má vel vera, að þetta sé þrátt fyrir það. En ég vil þó máli mínu til sönnunar eða þessari skoðun minni til sönnunar vitna hér í þá, sem nokkra þekkingu hafa á þessum málum, og vil ég vitna í þingræðu, er Katrín Thoroddsen læknir flutti hér á hv. Alþ. 1947, en ræða sú er birt í Alþingistíðindum það ár, C-deild á bls. 230, en þar segir hún um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir áhrif áfengisins minnkar ábyrgðartilfinningin. Um leið losnar um hömlur siðfágunarinnar og menningarinnar.“

Þetta er hennar skoðun. Og læknirinn, sem ég vitnaði til hér í upphafi máls míns, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki hef ég séð bóla á neinni breyt. í því efni um menninguna seinustu 50 árin og svo mun enn fara. Allt rugl um erlenda drykkjumenningu eru staðlausir stafir.“

Mér er næst að halda, að þetta séu gild rök. Ég hef ekki komið auga á þá menningu, sem væri drykkjuskapnum samfara, og ég minnist þess, að einn ömurlegasti atburður, er fyrir mín augu hefur borið, var nú fyrir tveimur eða þremur árum, að ég síðla sumars kom í verstöð eina í sérstaklega fallegu veðri, svo dásamlegu, að það líður mér ekki úr minni, og staðurinn var einnig fallegur. Ég var einn í bifreið minni og fór rólega til þess að njóta þessarar fegurðar. Þegar ég kom á þennan stað, sem mér þykir bæði fallegur og vinalegur, stóð svo á, að togari var í landvari. En hvað sá ég? Það var skipshöfnin á togaranum. Þeir voru, þegar ég kom þar að, að reyna að komast upp í bifreið, sem þeir ætluðu að fara í ferðalag í, og þeir beinlínis skriðu á götunum, hrópuðu og örguðu eins og óargadýr, og mér líður það ekki úr minni að sjá þessa ömurlegu mynd af manninum, sem þykist vera æðsta skepna jarðarinnar, innan um þá dásamlegu fegurð, sem þarna var að öðru leyti. Og svo á maður að trúa því, að áfengi sé til að auka menningu. Það þarf fleiri rök en enn eru komin fram hér til þess að fá mig til að trúa því. Ég held líka, eins og á hefur verið bent, að það sé ekki um neina drykkjumenningu að ræða. Auk þess vil ég endurtaka það, að lítil þjóð, svo lítil þjóð, sem er eins og smáborg í stórum löndum, verður að gæta sín, að hún má ekki alltaf vitna til þeirra stóru. Hún getur ekki leyft sér ýmsa þá hluti, sem stærri þjóðir leyfa sér. Þess vegna getur hún aðeins með manndómi og hófsemi búizt við að halda landi sínu og sjálfstæði. Hver einstaklingur, sem fellur hér fyrir ofdrykkju, er okkur meira virði en þegn stórþjóðanna vegna þeirra fjölmennis. Og það hefur verið svo, ef veraldarsagan er skoðuð, að einmitt óhófsneyzla áfengis og sællífi hefur verið undanfari hnignunar hinna stóru þjóða. Þær

hafa ekki einu sinni þolað það, hvað þá litlar þjóðir, enda hef ég bent á það hér að framan, að ýmsar stóru þjóðirnar eru nú að gera sér grein fyrir því, að þær eru komnar á hættustig með sína áfengisneyzlu, — og ættum við, minnsta þjóðin, að reyna að feta inn á þá braut?

Hér á landi eru fáar hendur til þess að vinna mörg verk. Í landi okkar er gnægð af óleystum verkefnum. Við höfum ótal möguleika til þess að búa okkur góða framtíð, og við eigum að nota lífsorku okkar til þess. Þess vegna megum við ekki eyða henni í annað.

Í þessum orðum, sem ég hef hér sagt, hef ég lýst ástandinu í áfengismálum, og ég hef leitað eftir því að finna rök í málflutningi þeirra manna, sem fyrir þessu máli standa. Ég hef þegar farið nokkrum orðum um rök flm. og þeirra manna annarra, sem hafa rætt málið með rökum. Ég tel það ekki rök, sem komu fram hjá frummælandanum, sem talaði fyrir bjórnum á stúdentafundinum, ef rétt er frá skýrt, sem ég hygg vera, um hans ræðu, þegar hann segir: Bjórinn er sjálfsagður. Það á ekki að vera að skipta sér af neyzlu manna. — Það eru ekki rök, sem þessu máli né öðrum fleyti fram. Hins vegar þykist ég hafa gert hér nokkra grein fyrir þeirri skoðun minni, að ef framleiðsla og sala áfengs öls yrði leyfð hér í landinu, mundi það leiða til þess, að drykkjuskapur yrði almennari en áður er og mundi aukast frá því, sem nú er, og er þó nóg að gert.

Að lokum vil ég segja þetta og legg á það áherzlu: Ástandið í áfengismálum hjá okkar þjóð er mjög alvarlegt, og við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það er þörf á stóru átaki, ef ekki á illa að fara. Orka íslenzkra þegna á að fara í það að byggja land sitt, rækta það og fegra. Íslenzka þjóðin hefur ekki efni á því að leggja fram fjármuni sína né lífsorku í áfengisneyzlu. Ef hún gerir það í vaxandi mæli, á hún á hættu að glata því, sem verðmætast er og henni fyrir mestu, sjálfstæði þjóðarinnar.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns taka það fram, að ég er algerlega andvígur frv. því, sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. 12. þm. Reykv. Ég leyfi mér að halda því fram, að Íslendinga vanti flest annað en áfengan bjór. Hér á landi er engin vöntun á áfengi, því miður, og þeir, sem það vilja og telja sig hafa á því efni, geta án minnsta fyrirvara keypt sér áfengi, drukkið sig góðglaða, ef þeir vilja, eða þá útúrfulla, allt eftir því, sem menn telja við eiga í það og það skiptið.

Hér á landi er því miður drukkið meira áfengi en góðu hófi gegnir, og það er sízt ástæða til að stefna að auknum drykkjuskap unglinga og fullorðinna með því að leyfa innlenda framleiðslu á áfengum bjór til sölu hér innanlands. Menn deila mjög um það, hvort sala á áfengum bjór muni auka á drykkjuskap eða jafnvel draga úr neyzlu sterkra drykkja. Ekki er ég í neinum vafa um það, að sala á áfengum bjór mundi gera ástandið í áfengismálum þjóðarinnar stórum verra en það er nú. Áfengan bjór tel ég öruggustu leiðina til þess að kenna ungu fólki að drekka áfengi. Margur unglingur, sem máske hefur ekki efni á að kaupa sér heila flösku af „svartadauða“, mundi telja sig aftur á móti hafa efni á því að kaupa t. d. tvær eða fleiri flöskur af áfengum bjór, en þar með er brautin rudd. Það er alkunna, að eftir að menn hafa fengið sér tvo—þrjá bjóra og farnir að finna fyrir áhrifum, endar slíkt vanalega með því, að keypt er eitthvað sterkara, sem svo oft og tíðum endar með því, að þeir verða ofurölvi. Það er vitað, að áfengur bjór og sterk vín eiga mjög illa saman, þannig að maður, sem drekkur hvort tveggja á sama tíma, getur orðið útúrfullur, áður en hann veit af.

Einhvers staðar sá ég því haldið fram, að áfengur bjór væri mjög hollur drykkur, jafnvel betri en mjólk. Björn L. Jónsson læknir hefur í blaðinu Nútímanum sýnt fram á, að eggjahvituefni í öli séu 0.4%, eða ⅛ af eggjahvituefni mjólkur. Til þess að fullnægja eggjahvituþörf sinni þyrfti fullorðinn maður 2 lítra af mjólk, en 16 lítra af öli á dag. Þá segir læknirinn, að kolvetni sé 4% í öli eða álíka mikið og í mjólk. Kolvetni notar líkaminn einvörðungu sem hita- og orkugjafa. Það, sem umfram kann að verða, safnast saman sem fita, en hún er líkamanum til byrði meira en góðu hófi gegnir og ofreynir m. a. hjarta og lungu. Sjálfsagt eru þessar upplýsingar læknisins réttar, enda er allur samanburður á áfengu öli við mjólk hvað hollustu snertir hrein fjarstæða, þar hefur mjólkin margfalda yfirburði.

Því er haldið fram, að vínbann og allar hömlur á sölu áfengra drykkja séu skaðlegar, slíkt sé frekari skerðing á frelsi manna, það eigi að vera hverjum einum í sjálfsvald sett, hvort hann neyti víns eða ekki. Í öllum þjóðfélögum eru til margvísleg bönn og takmarkanir. Það er t. d. bannað að flytja inn og selja vissar tegundir eiturlyfja. Er nokkur, sem vill halda því fram, að sjálfsagt sé að afnema slíkt bann? Ég býst ekki við því. Þannig er ótalmargt, sem er bannað í okkar þjóðfélagi. Áfengið er í sjálfu sér ekkert annað en eiturlyf, sem full ástæða væri til að banna innflutning á eða a. m. k. að setja mjög strangar reglur um sölu þess. En vínd\u00fdrkendurnir hér á landi og annars staðar eru á allt annarri skoðun. Þeir vilja afnema öll bönn og afnema allar takmarkanir á sölu áfengra drykkja. Þessir sömu menn vilja láta leyfa framleiðslu á áfengum bjór og telja því margt til gildis. Áfengur bjór er talinn af þessum mönnum hinn hollasti drykkur, eins og ég hef áður bent á.

Þá er því haldið fram, að með tilkomu bjórsins mundi stórlega draga úr neyzlu hinna sterku vína og þar með batna ástandið í áfengismálunum stórlega frá því, sem nú er. Hér þarf að koma á hófdrykkju, segja menn. En mér er nú spurn: Sýnir það einhvern sérstakan menningarþroska að drekka áfengi? Getur neyzla áfengra drykkja, jafnvel þótt í hófi sé, aukið á menninguna í landinu? Allir hljóta að viðurkenna, að neyzla áfengra drykkja er í langflestum tilfellum skaðleg fyrir þann, sem þess neytir. Áfengið hefur lamandi áhrif á þann, sem neytir þess. Samkv. gildandi lögum er t. d. bílstjórum, sem aka bíl, bannað að neyta áfengra drykkja. Bílstjóri, sem staðinn er að því að aka bíl undir áhrifum, er um-

svifalaust tekinn úr umferð, vegna þess að af honum er talin stafa hætta fyrir öryggi sjálfs sín og annarra vegfarenda. Um þetta eru allir sammála. Vinneyzla á vinnustað er alls staðar talin óæskileg. Maður, sem neytir víns við vinnu, er í langflestum tilfellum látinn hætta. Ef slíkt endurtekur sig í mörg skipti, á viðkomandi maður á hættu að missa atvinnu sína fyrir fullt og allt. Vinnautn er talin skaðleg og hættuleg við öll störf. Ég þekki ekkert það starf, sem væri betur unnið af manni eða mönnum undir áhrifum áfengis en þeim, sem væru ekki undir áhrifum.

Því miður er saga áfengismálanna á Íslandi ein sorgarsaga. Allt frá því að land vort byggðist, hafa Íslendingar neytt áfengra drykkja úr hófi fram. Drykkjuveizlur fornmanna munu flestum kunnar. Fornsögur vorar skýra frá drykkjuveizlum, þar sem allt endaði í upplausn og illindum, en afleiðingar þess urðu svo vígaferli, útlegðardómar og stór fjárútlát.

Ekki virðist ástandið í áfengismálum Íslendinga hafa batnað eftir því, sem á aldir leið. Til eru í gömlum bókum og handritum skráðar lýsingar af drykkjumenningu veraldlegra og kirkjulegra valdhafa frá fyrri tímum, og eru sumar þær lýsingar hinar hroðalegustu. Á einokunartímabilinu var það alsiða, að kaupmenn hugsuðu fyrst og fremst um að birgja upp verzlanir sínar með brennivíni og áfengum bjór, en á sama tíma vantaði sömu verzlanir matvörur og aðrar nauðsynjar eða þá vörurnar voru stórskemmdar, svo sem maðkað mjöl, fúið timbur og ónýtt járn. Höfðingjar og kaupmenn og ruddalegir valdsmenn riðu útúrfullir um héruð og kúguðu alþýðu manna á hinn freklegasta hátt.

Eftir að rofa tók í verzlunarmálum Íslendinga, virðist lítið sem ekkert hafa dregið úr innflutningi áfengra drykkja, enda var aldarandinn sá, að sá þóttist maðurinn mestur, sem mest gat drukkið. Drykkjuveizlur voru tíðar. Má í því sambandi benda á brúðkaupsveizlur heldri manna, sem oft og tíðum stóðu dögum saman. Fátæklingarnir reyndu eftir beztu getu að líkjast höfðingjunum, og dæmi eru til þess, að örsnautt fólk hélt fjölmennar brúðkaupsveizlur og lét veita vín í ríkum mæli, sem kostaði það á eftir mörg ár að greiða upp. Þá voru erfisdrykkjur landsfrægar fyrir drykkjuskap viðstaddra, enda flaut þá vínið og bjórinn í stríðum straumum.

Í lok 19. aldarinnar fóru að heyrast raddir einstakra manna, sem töldu drykkjuskap Íslendinga hina mestu þjóðarógæfu. Fyrr fundust vitanlega menn, sem töldu hina miklu áfengisneyzlu landsmanna þjóðarböl, sem bæri að vinna á móti. En svo virðist sem slíkir menn hafi talað fyrir daufum eyrum, a. m. k. dró lítið úr drykkjuskap landsmanna, enda neyttu veraldlegir valdsmenn og kirkjunnar áfengis í ríkum mæli. Má segja, að hvað höfðingjarnir hafast það, hinir ætla sér leyfist það.

Eftir að góðtemplararegla festi hér rætur, en hún var stofnuð hér árið 1884, tók að rofa til í þessu svartnættismyrkri áfengisneyzlunnar. Góðtemplararegla hafði þegar í byrjun mörgum góðum mönnum á að skipa, sem ótrauðir sögðu Bakkusi stríð á hendur og kröfðust þess, að hann yrði útlægur ger. Templurum óx brátt fiskur um hrygg, og svo var komið árið 1909, að sett voru á Alþingi lög um algert aðflutningsbann á áfengi að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, sem var samþykkt með 60% gegn 40. Ég hef ekki kynnt mér baráttusögu góðtemplaranna frá þessum árum að neinu ráði. Hitt er mér ljóst, að þar hefur margur ágætur maður að verki verið. Í þessu sambandi má nefna nöfn eins og Skúla Thoroddsen, Jón Ólafsson, Björn Jónsson ráðherra, Einar Hjörleifsson skáld, Sigurð reglubóða, Ottó Þorláksson skipstjóra, Sigurð Eggerz ráðherra, Pétur Ottesen alþingismann, Jón Baldvinsson alþingismann, Jónas Jónsson fyrrv. ráðherra, Jörund Brynjólfsson fyrrv. alþingismann og síðast, en ekki sízt Sigfús heitinn Sigurhjartarson alþingismann, sem allra manna bezt vann á móti útbreiðslu áfengra drykkja og varð einn af aðalforustumönnum bindindismanna um langan tíma. Allir þessir menn ásamt ótalmörgum ágætismönnum öðrum voru eindregnir baráttumenn á móti áfengisflóðinu. Sumir þessara manna voru með að samþykkja á Alþingi bann við sölu og innflutningi áfengra drykkja. Aðrir, sem á eftir komu, voru ötulir forustumenn bannlaganna. Síðar, er farið var fram á að gefa hinar og þessar undanþágur, heltust menn úr lestinni, og enn síðar, þegar Spánarvínaundanþágan var veitt, voru allmargir, sem áður höfðu staðið mjög vel á móti áfengisflóðinu, sem biluðu.

Ég skal taka það fram, að ég er ekki meðlimur í samtökum bindindismanna. Þrátt fyrir það er mér vel ljóst, að góðtemplararegluan svo og önnur samtök bindindismanna, svo sem félagsskapur sá, sem stendur fyrir Bláa bandinu, bindindissamtök í skólum landsins og fleiri, hafa unnið mikið og gott starf í þágu lands og þjóðar. Vonandi halda þessi félagasamtök áfram sínu ágæta starfi, láta hvergi undan síga í baráttunni á móti áfengisneyzlunni.

Þá vil ég minna á, að frá fyrstu tíð hafa verkalýðssamtökin stutt bindindisstarfsemina í landinu, enda voru margir af forustumönnum þeirra áhrifamenn í bindindissamtökum landsmanna. Forustumönnum verkalýðssamtakanna hefur verið og er það fullljóst, að áfengið er einn mesti bölvaldur alþýðuheimilanna. Ég vil leyfa mér að færa þessum orðum mínum örlítið meiri stað. 31. jan. s. l. birtist í dagblaðinu Þjóðviljanum grein eftir einn af stjórnendum verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Tryggva Emilsson. Í þeirri grein segir Tryggvi m. a.:

„Minnugir mættu verkamenn og sjómenn vera þess, að það var með fyrstu gerðum alþýðusamtakanna og raunar þá einn höfuðgrunnur að stofnun þeirra að berjast gegn drykkjuskap og afleiðingum hans, en fyrir bindindi. Verkalýðshreyfingunni varð mjög ágengt við hlið annarra bindindissamtaka að kveða niður drykkjuskap, sem var þá einn höfuðbölvaldur alþýðuheimila og niðurlægjandi ástand. Verkamenn og sjómenn fengu með bindindi og þar með mannlegri reisn kraft og kjark til baráttunnar fyrir bættum kjörum og minnkandi þrælkun. Ég er sannfærður um, að nú í dag stendur verkamönnum og sjómönnum og reyndar allri alþýðu manna

sinni nær að spyrna nú hart gegn boðum launaskerðingar og fátæktar og draga hlut sinn í land en ljá eyru ákalli um aukinn drykkjuskap, sem skemmir manninn og minnkar og spillir lífsgleðinni."

Síðar í sömu grein segir:

„Ég vil leyfa mér að beina þeirri áskorun til alls vinnandi fólks að ljá aldrei eyru þeirri firru, að bruggað verði hér áfengt öl til sölu innanlands, og mætti þar hver hugsa til síns heimilis og sinna barna, sem hver heilbrigður maður vill forða frá áfengisneyzlu."

Þessi hógværa og vel skrifaða grein er sannarlega orð í tíma töluð og mætti verða til þess, að forustumenn verkalýðssamtakanna létu áfengisbölið enn meir til sín taka en gert hefur verið að undanförnu, enda eiga verkalýðsfélögin fjölmarga áhugasama bindindismenn, sem sjá og skilja, hvílíkur voði áfengisneyzlan er fyrir alþýðuheimilin.

Þá hefur annar þekktur forustumaður verkalýðssamtakanna, Eggert G. Þorsteinsson, hv. 10. þm. Reykv., tekið mjög ákveðna afstöðu á móti framleiðslu og sölu á áfengum bjór. Í viðtali, sem blaðið Nútíminn hafði við hv. þm., segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er hægt að drekka ákveðið magn af ákveðnu öli á hverjum einasta degi og samfellt án þess að um teljandi og finnanleg áhrif sé að ræða. Í þessari staðreynd felst að mínu áliti höfuðhættan af sölu áfengs öls. Þannig veldur bjórinn þeim lymskulegustu áhrifum, að starfsfélagar mínir erlendis í byggingariðnaði vilja telja hann beint og óbeint valdan að 40% slysa á vinnustað og hættulegastan þar, sem mestrar nákvæmni er krafizt. Áhrif sterkra drykkja leyna sér ekki og blekkja tiltölulega fámennan hóp. Bjórinn aftur á móti vinnur sitt verk á þann sérlega hátt, að hann getur blekkt flesta. Þess vegna er fyllsta ástæða til að spyrna fótum við slíku flóði yfir landið og þá öllu heldur gegn fylgikvillum þeirrar holskeflu."

Við þessi ummæli hv. þm. er ekki miklu að bæta. Annars er full ástæða til að undirstrika það sérstaklega, að bjórdrykkjan hefur sljóvgandi áhrif á menn. Menn verða máttlausir, viðbragðsflýtir þeirra minnkar og menn verða miður sín og þreyttir. Bjórdrykkjan mundi því auka á slysahættuna stórlega frá því, sem nú er, auk þess sem bjórinn mundi stórlega auka á drykkjuskap ungra sem gamalla. Finnst þó flestum ástandið í áfengismálum okkar fullalvarlegt, eins og það er nú, og sízt ástæða til að vinna að aukinni áfengisnautn með setningu nýrra laga þar um.

Fyrrv. formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Hannes Stephensen, segir í viðtali við sama blað:

„Það er skoðun mín, að núverandi ástand í áfengismálunum hér á landi muni ekki batna með tilkomu og sölu sterks öls. Það mundi heldur verða til þess að auka drykkjuskapinn, sem flestir eru þó sammála um, að sé orðið alvarlegt mál."

Síðar segir fyrrv. formaður Dagsbrúnar:

„Ölið yrði í fjárhagslegu tilliti til ills fyrir hinn almenna launþega, sem þarf á öllu sínu kaupi að halda sér og sínum til lífsviðurværis."

Ég hef leyft mér að benda hér á ummæli þriggja forustumanna verkalýðssamtakanna til þessa máls. Afstaða þeirra til frv. bendir ótvírætt til þess, að verkalýðssamtökin muni yfirleitt vera málinu jafnandvíg nú og þau hafa ætíð áður verið.

Þegar bannlögin voru sett á Alþingi, var strax smeygt inn í þau mjög vafasömum atriðum, sem sýndi sig síðar að varð lögunum til mikils hnekkis og andstæðingarnir notuðu sem árásarefni á lögin. M. a. var það ákvæði, að mönnum var heimilt að eiga svo mikið vín sem þeir vildu og gátu keypt, ef þeir höfðu átt það áður en bannlögin gengu í gildi. Þetta ákvæði l. var vitanlega notað sem árásarefni á sjálf lögin, enda ekki útilokað, að menn, sem áttu miklar vínbirgðir áfram, hafi á einhvern hátt misnotað það. Önnur undanþága frá bannlögunum var hið svokallaða konsúlabrennivín. Það var talið ófært að láta fulltrúa erlendra ríkja ekki hafa leyfi til þess að hafa áfengi um hönd að eigin ósk. Þá kom læknabrennivínið, sem mikið var deilt um, þar næst leyfi fyrir íslenzk kaupskip, þ. e. a. s. skip Eimskipafélags Íslands, til vínveitinga í utanlandssiglingum, og að síðustu var svo samþykkt á Alþ. 1922 og 1923 að leyfa innflutning léttra vína, hinna svokölluðu Spánarvína. Sá innflutningur var beinlínis neyddur upp á Íslendinga af Spánverjum, sem að öðrum kosti hótuðu Íslendingum afarkostum í sambandi við kaup þeirra á íslenzkum saltfiski. Ég vil segja, því miður létu Íslendingar undan hinni ósvífnu kröfu Spánverjanna. Alþingi samþykkti þessa undanþágu með öllum atkvæðum gegn 2, 4 voru ekki viðstaddir, þegar atkvgr. fór fram í Nd. Með því að leyfa innflutning á hinum spönsku vínum má segja, að bannlögin hafi verið afnumin. Margt fleira en hér hefur verið bent á stuðlaði að því, að bannlögin voru eyðilögð.

Í umr. um vínbannið á Alþingi 1917 farast Pétri Ottesen orð á þessa leið um eftirlit með bannlögunum og baráttu andstæðinga á móti þeim, með leyfi hæstv. forseta:

„Vitanlega hefur eftirlit með bannlögunum reynzt allörðugt, og liggja til þess ýmsar orsakir, er rekja má á ýmsa vegu. Þegar bannlögin gengu í gildi, var vindrykkja allmikil í landinu. Því var alltaf við því að búast, að drykkfelldir og nautnasjúkir menn mundu fyrst í stað neyta allra bragða til að svala fýsnum sínum og smygla víni inn í landið. Af þessu hefur það oft leitt, að einstöku menn hafa að sögn legið á því lúalagi að smygla inn víni og „spekúlerað" með því í drykkjugirnd náungans. Tolleftirlitið er ófullkomið hér á landi. Það hefur og leikið mjög á tveim tungum með það, hversu sumir lögreglustjórar hafi verið eftirgangssamir með það að gæta bannlaganna. Þeir hafa sjálfsagt allmiklar málsbætur, en því verður ekki á móti mælt, að allmisjafnlega hefur lögreglustjórunum tekizt í þessu efni."

Um andstæðinga bannlaganna segir hv. þm.:

„Svo er og eitt ótalið enn, sem sé það, að í landinu er flokkur manna, sem frá öndverðu

hefur verið mjög andstæður bannlagastefnunni, og er það sízt á þá menn logið suma hverja, þótt sagt sé, að þeirra starf hafi lítt að því lotið að glæða virðingu manna fyrir bannlögunum."

Ég gat þess áðan, að í lögunum hefðu verið glompur, sem andstæðingarnir notuðu til hins ýtrasta. Um þetta atriði segir Pétur Ottesen fyrrv. alþm.:

„Þegar alls þessa er gætt, er það sízt að undra, að nokkuð hafi bannlögin brotin verið. Svo hefur það og komið í ljós við starfrækslu laganna, að ýmsar glompur hafa reynzt á þeim, er lögbrjótarnir hafa snuðrað uppi. Þessar glompur hefur að sjálfsögðu þurft að bæta. Þetta er svo sem ekkert einsdæmi með bannlögin. Svo er það yfirleitt með öll lög og allar lagasetningar, hversu vel sem til þeirra er vandað og hversu vel sem þau eru huguð í byrjun."

Ummæli Péturs Ottesens og fjölmargra annarra þm. á Alþingi 1917 sýna það, svo að ekki verður um deilt, að andbanningarnir hafa ekki legið á liði sínu með að eyðileggja bannlögin og torvelda á allan hugsanlegan hátt eftirlit með því, að lögin væru ekki brotin.

Eins og ég hef áður bent á, barst andstæðingum bannlaganna nýtt vopn í hendur. Spánverjar, sem höfðu verið allstórir kaupendur að íslenzkum saltfiski og Íslendingar notið beztu tollkjara í sambandi við þau viðskipti, kröfðust þess, að Íslendingar keyptu í staðinn svokölluð Spánarvín, að öðrum kosti mundu Spánverjar hækka tollinn á íslenzkum saltfiski stórlega frá því, sem áður hafði verið. Ég mun ekki eyða tíma í að ræða það mál öllu frekar en ég hef gert hér. Alþingi varð við kröfum Spánverjanna illu heilli, og þar með má segja, að andbanningarnir hafi unnið sinn fyrsta afgerandi sigur í þessu mikla og viðkvæma máli. Nú var brautin rudd, enda notuðu andbanningarnir sér hin breyttu viðhorf til hins ýtrasta. Áfengissölur voru settar á stofn í helztu kaupstöðum landsins, sumar þvert á móti vilja héraðs- og bæjarstjórna.

Þegar tilskipun um undanþáguna frá bannlögunum var sett, var ákveðið, að undanþágan skyldi aðeins gilda í eitt ár, en á þinginu 1923 var þessu breytt og undanþágan látin gilda áfram óákveðinn tíma.

Ekki leið langur tími, þar til andbanningarnir hófu nýja herferð móti slitrum þeim, sem eftir voru af bannlögunum, og var krafizt innflutnings á sterkum vínum. Árið 1933 var svo innflutningur sterkra vína leyfður, en af einhverjum ástæðum var ekki leyft að flytja inn eða framleiða áfengan bjór innanlands. Þessu undu andbanningarnir mjög illa, enda hafa þeir barizt af miklum ákafa fyrir því að fá áfengan bjór framleiddan í landinu sjálfu til sölu. Fyrst er leyfður var innflutningur á sterkum vínum, voru settar ýmsar hömlur fyrir sölu áfengra drykkja. T. d. voru gefnar út áfengisbækur, sem hljóðuðu upp á vissan skammt af áfengi og hver maður gat fengið. Þetta fyrirkomulag reyndist að sumu leyti sæmilega og varð til þess að draga að einhverju leyti úr neyzlu áfengra drykkja. En þetta fyrirkomulag töldu andbanningar algerlega ófært. Fór svo, að þessar hömlur voru afnumdar. Um tíma var hótelum t. d. og kaffihúsum bannað að selja áfenga drykki nema undir sérstökum kringumstæðum, og þurfti þá að sækja um sérstakt leyfi í hverju einstöku tilfelli. Ekki liðu nema nokkur ár, þar til þessu banni var aflétt. Nú er t. d. hér í Reykjavík fjöldi kaffihúsa ásamt Hótel Borg, sem fengið hafa vínveitingaleyfi og selja áfengi í snöfsum á margföldu verði miðað við það, sem áfengið er selt hjá áfengisverzlun ríkisins og þykir þó nægilega dýrt. Þannig hafa andbanningarnir stöðugt verið að færa sig upp á skaftið og notað til þess stuðning þings og stjórnar, sem ekki virðast hafa séð margt í þessu máli annað en auknar tekjur af áfengissölu til handa ríkissjóði. Rétt er þó að geta þess, að frá þessu eru þó allvirðingarverðar undantekningar.

Ekki hafa vinir Bakkusar hætt baráttu sinni fyrir auknu frelsi í áfengismálunum. Nú er hafin á ný barátta og áróður fyrir framleiðslu á áfengum bjór innanlands. Aðalrök bjórmanna eru þau, að fyrst leyfður sé innflutningur á sterkum drykkjum, sé það hin mesta fjarstæða að banna framleiðslu og sölu á áfengum bjór hér innanlands. Á Alþingi hefur verið flutt frv. til laga, eins og ég hef áður getið um, af hv. 12. þm. Reykv. um, að leyft skuli að framleiða hér bjór, sem hafi að innihaldi 3½% að styrkleika. Sá bjór, sem framleiddur er til sölu hér innanlands, mun hafa að innihaldi 2¼% af áfengismagni, svo að munurinn virðist ekki mjög mikill. En af þeirri reynslu, sem við höfum haft af baráttu andbanninganna fyrir að opna allar gáttir fyrir áfengisflóðinu, er ég sannfærður um, að svo framarlega sem þetta frv. yrði nú samþ., mundi ekki líða á löngu, þar til flutt yrði á Alþ. breyt. á l. um það að auka áfengismagnið allverulega frá því, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Þrátt fyrir það, að Íslendingar drekka mikið áfengi, eru þeir þó enn þá lægstir með prósenttölu á mann í neyzlu áfengra drykkja, miðað við aðrar þjóðir, eftir því sem skýrslur liggja fyrir um. Ef maður athugar neyzlu annarra þjóða á áfengum drykkjum, kemur í ljós, að Frakkar drekka 21.7 lítra af óblönduðu alkóhóli á hvert einasta mannsbarn í landinu, Þjóðverjar drekka 6.10 lítra á mann, England 6 lítra, Sviss 8.4 lítra, Ítalía 9.2 lítra, Bandaríkin 5.7 lítra, Svíþjóð 3.76, Danmörk 3.70, Noregur 3.34 og Ísland 1.70 lítra á hvern mann. Á það má þó benda, að á skýrslur kemur sjálfsagt ekki allt það áfengi, sem neytt er, því að töluvert er um smygl að ræða og hefur alltaf verið, sem mun þá hækka prósenttöluna að einhverju leyti. Allar þær þjóðir, sem ég hef hér talið, drekka mikinn bjór, enda er hann framleiddur í löndunum sjálfum. Mér finnst, að þessi dæmi sýni alveg ótvírætt, að áfengur bjór eykur drykkjuskap, en dregur ekki úr neyzlu sterkra drykkja, eins og bjórmennirnir leyfa sér að halda fram í málflutningi sínum.

Það væri hægt að tala langt mál um skaðsemi áfengis og um hina miklu nauðsyn þess að stemma stigu við áfengisflóðinu, sem er hinn mesti bölvaldur hvers einasta þjóðfélags. Þau eru ótalin þau mörgu mannslíf, sem orðið hafa áfenginu að bráð. Árlega falla í valinn fleiri eða færri einstaklingar meðal þjóðar vorrar vegna neyzlu áfengra drykkja. Mörg hinna mörgu bílslysa undanfarinna ára má rekja til áfengis-

neyzlu svo og sumar aðrar slysfarir. Mörg af þeim afbrotum, sem framin eru, eru fyrst og fremst framin undir áhrifum áfengis, og þannig mætti lengi telja. Þó eru til menn og því miður allt of margir, sem halda því fram og það, eftir því sem virðist, í fullri alvöru, að sala á áfengum bjór ásamt hömlulausri sölu áfengra drykkja sé það, sem koma skal. Menn með slíkar skoðanir eru sannarlega ekki að hugsa um velferð meðbróður síns. Vonandi ber þjóð vor gæfu til þess að sigrast á áfengisbölinu, en því aðeins getum við vænzt góðs árangurs af starfi þeirra manna, sem barizt hafa og munu halda áfram að berjast á móti áfengisnautninni, að virðulegasta stofnun þjóðarinnar, Alþingi, láti sig aldrei henda það að samþykkja framleiðslu á áfengum bjór til sölu innanlands eða leyfa innflutning slíks drykkjar. Að leyfa slíkt væri að fara úr öskunni í eldinn. Það sýnir saga vorrar eigin þjóðar frá fyrstu tímum og fram á þennan dag, og reynsla annarra þjóða í þessum málum sannar þetta, svo að ekki verður hrakið með rökum.

Hin ískyggilega mikla áfengisneyzla landsmanna er tvímælalaust eitt mesta vandamál, sem verður ekki komizt hjá að taka til alvarlegrar rannsóknar og leita eftir að finna leiðir til úrbóta. Hin mörgu og tíðu slys, bæði á mönnum og tækjum, sem orðið hafa að undanförnu, verða ekki tölum talin. Íslendingar geta ekki og mega ekki láta slíkt ástand sem nú ríkir í áfengismálum okkar láta fram hjá sér fara án þess að **gera nauðsynlegar gagnráðstafanir.** Hvert mannslíf, og þau eru því miður sorglega mörg, sem ferst af völdum áfengis, kallar á hvern einasta hugsandi mann til starfs á móti þessum mikla skaðvaldi þjóðfélagsins. Þó eru ótalin þau heimili á Íslandi í dag, sem þjást undir voða áfengisneyzlunnar. Þá eru þau heimilin og ótalin, þar sem áfengisneyzla heimilisföðurins hefur sundrað heimilunum til ómetanlegs og óbætanlegs tjóns fyrir börn, eiginkonu og þjóðfélagið í heild. Áfengisneyzlan breiðist mjög ört út á meðal æskulýðs þjóðarinnar, og virðist stefna í hreinan voða, ef áfram verður haldið á þessari óheillabraut.

Allt þetta, sem ég hef hér minnzt á, og ótalmargt fleira hrópar til hvers einasta heilbrigðs, hugsandi manns um að taka upp harðvítuga baráttu á móti áfengisbölinu og hjálpa til að skapa slíkt ástand, að vínguðinn verði útlægur ger. Íslendingar eru fámenn þjóð, sem býr í landi með mikla möguleika, og ótal verkefni bíða óleyst og okkur vantar meira af dugandi fólki, — en ekki fólki, sem er drykkjusjúkt, — sem er tilbúið til að takast á við ný verkefni, sem okkur vantar að koma í framkvæmd. En okkur vantar ekki meira áfengi, hvorki áfengan bjór né neitt annað slíkt. Fyrir því ber okkur að fella fram komið frv.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég gerði mér það fyllilega ljóst, þegar ég flutti þetta frv. eða lagði það hér fram, að um það mundi verða mjög mikill ágreiningur. Þess vegna kaus ég að ræða málið á sem breiðustum grundvelli strax í framsöguræðu, og reyndar má segja, að flestum þeim atriðum, sem komið hafa fram hjá þeim hv. þm., sem andmælt hafa og mælt gegn þessu frv., hafi þegar verið svarað í fyrri ræðu minni. Það eru samt sem áður nokkur atriði úr ræðum þeirra hv. þm., sem mælt hafa gegn frv., sem mig langar til að fara nokkrum orðum um.

Ég vil þá fyrst og fremst benda á, að það hefur komið fram hjá tveimur hv. þm., að einmitt það, að frv. skyldi vera lagt fram, hafi þó orðið til nokkurs góðs, þess, að um þetta mál hafi skapazt umræður, sem eftir lýsingum a. m. k. tveggja hv. þm. bera það með sér, að á því hafi verið full þörf.

Ég vil leyfa mér að þakka hv. 3. þm. Vesturl., Halldóri Sigurðssyni, fyrir hans innlegg í þessar umr. Þar koma að vísu fram skoðanir aðrar en ég aðhyllist, en það var þó talað á móti málinu öfgalaust og frá hans bæjardyrum með fullum rökum. Ég vil fyrst snúa mér að nokkrum fullyrðingum, sem hann hélt fram í ræðu sinni.

Hann flutti mjög athyglisverðan inngang að sinni ræðu, þar sem hann tók fram, að sín skoðun á þessu máli eða á samþykkt frv. mundi byggjast á því, hvort það yrði til þess að draga úr áfengisneyzlu eða ekki. Hann sagði og frá því, **að þegar hann fór að kynna sér ástand** þessara mála hér á landi, hefði hann séð, að það ástand var miklu verra en hann hefði talið. Hann vitnaði svo í þessum inngangi sínum í mjög athyglisverða grein, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir skömmu, eftir einn af okkar ágætu læknum, Helga Ingvarsson yfirlækni á Vífilsstöðum. Hann vitnaði einmitt í málsgrein í þessari grein, sem ég ætlaði mér að vitna í, og ég held, að góð vísa sé aldrei of oft kveðin, en í þessari mgr. segir, með leyfi hæstv. foseta:

„Í Sviþjóð, Frakklandi og mörgum öðrum menningarlöndum fer nú fram ýtarleg rannsókn á útbreiðslu drykkjuskapar og áhrifum hans á heilsufar, siðferði og glæpahneigð. Mest er haft á orði, að rannsóknir þessar og gagnráðstafanir, sem boðaðar eru, séu gerðar vegna þess, að sívaxandi drykkjuskapur kvenna og unglinga sé uggvekjandi."

Ég benti einmitt á í framsöguræðu minni, að slíkar rannsóknir hefðu þegar farið fram í nokkrum löndum, þ. á m. í Finnlandi, og þar hefðu þessar rannsóknir leitt til ákveðinnar niðurstöðu, sömu niðurstöðu og t. d. Tékkar virðast hafa komizt niður á í meðferð sinna áfengismála. En þessi ágæti læknir sagði meira í þessari grein. Hann sagði í niðurlagi hennar, með leyfi forseta:

„Ég legg til, að ölfrv. sé frestað, en í þess stað geri ríkisstjórn og Alþ. gagngerðar ráðstafanir til, að rannsökuð sé þegar í stað útbreiðsla drykkjuskapar hér á landi og samband alkohóls við óknytti og glæpi, örbirgð og ýmsa sjúkdóma, einkum geðveiki. Almenningur á heimtingu á að fá að vita það sanna í öllu, sem lýtur að alkohólinu. Ég veit, að það mundi opna augu margra. Að lokinni slíkri rannsókn legg ég til, að ábyrgar tillögur milliþinganefndar eða annarra tilkvaddra aðila til úrbóta verði lagðar fram, svo fljótt sem unnt er."

Þessi læknir virðist vera alveg óhræddur við það, að slík rannsókn verði látin fara fram og

að milliþinganefnd, eins og hann vill, leggi síðan slíkar niðurstöður fyrir hæstv. Alþ.

Ég benti einmitt á það í lok framsöguræðu minnar hér á dögunum, þegar ég lagði til, að málinu yrði vísað til allshn. og 2. umr., að ég óskaði eindregið eftir því, að hv. n., sem málið fengi til meðferðar, kynnti sér til hlítar, hverjar skoðanir væru uppi um þessi mál hjá þeim menningarþjóðum, eins og ég orðaði það, sem virðist þó heldur vera dregið í efa í hv. d. af sumum hv. þm. að séu það, — að þessi nefnd kynnti sér þær niðurstöður, sem hefðu orðið til vegna raunhæfs mats vísindamanna, sem, eins og ég orðaði það, störfuðu á ári kjarnorku og tunglferða, en ekki með það að leiðarljósi, sem mótað var í þessum málum fyrir síðustu aldamót.

Ég benti á enn fremur, að það væri nauðsynlegt, að hér heima færu fram ýmsar rannsóknir á ýmsum þáttum okkar þjóðlífs, sem einmitt hafa verið bendlaðir við okkar áfengisneyzlu eða dregnar líkingar af ýmsum framkvæmdum í þessum þáttum af henni. Ég benti á það einmitt í lokaorðum míns málflutnings við framsögu málsins, að ég mæltist til, að sú n., sem málið fengi til meðferðar, gerði þetta. Og ég tók einmitt fram í lok ræðu minnar þá, eins og ég held að hafi komið oftar fram hjá mér í þessari framsöguræðu, hverjar skoðanir mínar á áfengismálum væru almennt. En ég sagði, að ég gengi út frá þeirri staðreynd, að áfengi væri til og yrði á boðstólum hér á landi um ókomin ár, og ég endaði þau orð mín með því að segja, að áfengið mætti kalla eitur, bölvald eða sáluhjálparmeðal, eftir því sem hver vildi, en tilvist þess væri staðreynd og okkur bæri að aðhæfa okkur á sem beztan hátt þeirri staðreynd, reyna að forða ungum og öldnum frá því að neyta þess í óhófi, en umgangast það, eins og ég orðaði það, á vitrænan menningarhátt, sér og sínum að skaðlausu. Ég tók það fram, að ég héldi því fram í sambandi við áfengismál, að það væri hægt að umgangast það á vitrænan menningarhátt, en það, sem við þyrftum að gera í okkar áfengismálum til varnar, er að varna því, að einstaklingar og hópar verði ofneyzlunni að bráð.

Ég býst við, að út frá þessum orðum mínum hafi hv. 3. þm. Vesturl. ályktað, að ég hafi sagt, að með þessu frv. væri stuðlað að drykkjumenningu, eða þá frá þeim lokaorðum í grg. frv., sem virðast hafa farið mjög alvarlega í taugar sumra hv. þm., sem um málið hafa rætt, en þar sagði ég m. a., að slíkt bann sem nú sé á áfengu öli væri móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenzkra þegna. Nú má vera, að einhverjir hv. þm. hafi misskilið þetta, en ég tel, að það sé móðgun við okkar menningarþroska að álíta, að við verðum, eins og þeir vilja halda fram, ofneyzlu áfengis að bráð og sjúklingar ölneyzlu, á sama tíma og sú áfengislöggjöf, sem hér hefur verið nokkuð lýst og hennar tilorðningu, gefur okkur tækifæri, ungum sem öldnum, vil ég segja, til þess að kaupa og neyta eldsterkra áfengra drykkja, með þeim afleiðingum, sem hér hefur nokkuð verið bent á.

Þá var einn misskilningur, sem hann kom inn á. Hann sagði, að ég hefði haldið því fram, að ölið mundi útrýma sterkum drykkjum. Það hafa aldrei verið mín orð. Hins vegar hef ég bent á það, að ef öl kæmi hér á markað innanlands, áfengt öl, gæti það orðið til þess að draga úr neyzlu sterkra drykkja. Ég benti þessu máli mínu til stuðnings á tölulegar staðreyndir frá tveim nágrannalöndum okkar, sem þegar hefur verið vitnað í. Ég benti á það, að í Finnlandi hefði árið 1952 neyzla áfengis, miðað við alkóhóllítra pr. mann pr. ár, verið 1.87 lítrar, og þá hefði fyrir skömmu verið leyft sterkt öl. Alkóhólmagnið jókst nokkuð á fyrstu árunum eftir þetta, en síðan fór það minnkandi og var komið árið 1955 niður fyrir það heildarmagn alkóhóls, sem neytt var í Finnlandi, þegar sterka ölinu var veitt inn á markaðinn þar. Og mér hefur verið tjáð, að hlutur ölsins í þessari neyzlu, sem var árið 1959 1.72 l, hafi verið 18% af heildarneyzlunni, svo að þarna hefur gerzt tvennt, eins og raunar líka gerðist í Svíþjóð, þegar bjór var leyfður þar eða áfengt öl, að alkóhólmagnið, sem neytt var, hafi minnkað og jafnframt hafi sterka vínið verið í minna mæli, þess hafi verið minna neytt á þessum markaði en áður var. Ég benti á það með Svíþjóð, að áður en öl var gefið frjálst þar, hafi heildarneyzlan verið 3.71 alkóhóllítri af sterkum og léttum vínum, en eftir að fimm ár voru liðin, var þessi neyzla á sterkum og léttum vínum komin niður í 2.90 l og heildarneyzlan aðeins 3.76, eða það sama og hún var, áður en ölinu var veitt inn á þann markað.

Hann fór nokkrum orðum um það, hv. 3. þm. Vesturl., hvort ekki væri sama misræmið í því eftir sem áður, þó að leyft yrði að brugga og selja 3½% sterkt öl hér á innanlandsmarkaði. Nú skal ég viðurkenna, að þessi tala, sem þarna er valin af mér sem flm. frv., miðast nokkuð við persónulegt mat á gæðum drykkjarins, og ég skal viðurkenna það líka, að jafnframt miðast það við, að taka eigi fullt tillit til þeirra, sem mæla varnaðarorðum gegn þessari tegund áfengis, eins og ég hef raunar bent á í öllum mínum málflutningi. Þess vegna hef ég og haldið mig við það fyrirkomulag og einmitt bent á og undirstrikað, að það ætti að taka fullt tillit til þeirra manna, sem hefðu mótað 1. gr. áfengislöggjafarinnar, en þar segir, eins og hér var bent á áðan, að vinna eigi gegn misnotkun áfengis, en aftur á móti ekkert, sem bendir á það, að það eigi að banna það.

Ég vil nú aðeins geta þess út af þessum orðum hv. 3. þm. Vesturl., að þó að ég kunni ekki að fara með þann efnafræðilega „prósess“, sem liggur til grundvallar, þá er mjög mikill munur á tilbúningi öls og víns og vín allt annar drykkur.

Hann benti réttilega á það, að mergur málsins væri auðvitað framkvæmd áfengismála. En hann fór mörgum varnaðarorðum um, að ef ekki væri tekið fram í frv., hvernig sölumeðferðin á ölinu ætti að vera, mundi fljótlega koma fram sú eftirgjöf núverandi eða væntanlegra ríkisstjórna, að þessi sala yrði leyfð á frjálsum markaði, sem ég tel þó ekki ástæðu til að óttast, ef sú viljayfirlýsing kæmi fram hjá Alþingi, að sölumeðferðin ætti að vera á þann veg, sem ég hef mælt með. Og ég hef mælt með því og þóttist gera nokkra grein fyrir þeim skoðunum mínum, af

hverju ég vildi hafa hér vissar hömlur á sölu áfengra drykkja, og auðvitað, eins og ég hef þegar bent á, mun öl, sem er 3½% að styrkleika, vera talið áfengi eftir núverandi áfengislöggjöf.

Hann kom síðan nokkuð inn á þessar svokölluðu finnsku rannsóknir, sem ég vitnaði í í minni framsöguræðu, og dró fram þá skoðun sína, að hin deyfandi áhrif ölsins væru það, sem hættulegt væri. Nú held ég, að hv. þm. hafi ekki tekið eftir öllu því, sem ég las úr þessum skýrslum, og t. d. ekki því, að munurinn á viðbrögðum manna, sem drukku brennivínsblöndu og öl, væri mjög mikill, þótt vínandaprósenturnar, eins og ég benti á, væru alltaf þær sömu í því, sem neytt væri. Þannig dró ég það fram úr þessum skýrslum, að þeir, sem drykkju brennivínsblönduna, sýndu meiri tilfinningar, og einkum bar meira á árásarhneigð hjá þeim en hinum, sem drukku ölið. Þeir, sem fyrir þessari rannsókn stóðu, bentu á, að ölið hefði ekki komið mönnum jafnmikið úr jafnvægi og sterku drykkirnir, en tóku fram réttilega, að ef einhvers magns af öli er neytt, áfengu öli, þá auðvitað kemur það mönnum alveg jafnt úr jafnvægi og annað áfengi, enda væri hlægilegt að reyna að fara að verja það, — það er alveg sama, hvort það er þessi tegund áfengis eða önnur, ef þess er neytt í óhófi, þá kemur það auðvitað jafnmikið að sök.

Þetta atriði, sem hv. þm. benti á og hann virtist óttast mjög mikið, að ölið mundi verða fáanlegt á öllum stöðum og mundi orsaka, að það yrði notað til daglegrar neyzlu, — ég fæ nú satt að segja ekki séð betur en við þessu megi sporna. Málið er aðeins til 1. umr. Það á eftir, ef þingmeirihluti er fyrir, að ganga hér í gegnum þrjár umr. og svo aðra d. með þremur umr. Ég get ekki séð annað en að undir þennan leka megi setja í meðförum málsins.

Hv. ræðumaður, 3. þm. Vesturl., spurði, hvort menning væri í áfengisneyzlu. Ég gerði fulla grein fyrir þeim skoðunum mínum í framsöguræðu, að ég teldi, að íslenzku þjóðinni jafnt sem öðrum þjóðum væri það ábyggilega fyrir beztu, að áfengi hefði aldrei verið til. En ég sagði hins vegar, að vegna þess að tilvera þess væri staðreynd, ættum við að reyna að umgangast það, eins og ég hef þegar bent á í þessari ræðu, á það sem ég orðaði vitrænan menningarhátt. Mig langar að spyrja þennan hv. þm. aftur: Finnst honum vera ómenning í hóflegri neyzlu áfengis? Nú er obbinn af Íslendingum, sem neyta áfengis í einni eða annarri mynd, og því hefur verið haldið fram og ég held með nokkrum rétti, að fjórir af hverjum fimm Íslendingum neyti áfengis í einni eða annarri mynd. Eru þetta allt saman ómenningaraðilar, eru þetta menningarsnauðir Íslendingar? Ég held ekki. Ég held hins vegar, eins og ég hef þegar bent á og rækilega undirstrikað í minni framsöguræðu, að það sé ofneyzlan, sem sé hinn mikli þáttur í ómenningunni. En samt sem áður hef ég talið og tel enn, að ef áfengi væri ekki til, værum við a. m. k. ekki aftar á menningarstiginu en við erum nú.

Það er rétt, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði í lok sinnar ræðu, að það er mjög varasamt fyrir okkur að vitna í stórar þjóðir, og allra síst ættum við að fara lengra í þeim samanburði en til þeirra þjóða, hverra lönd eru ekki aðeins lík okkar landi landfræðilega séð, heldur og menningarlega og efnahagslega, og jafnvel að þær þjóðir séu skyldar okkur a. m. k. í framkomu og menntun.

Hv. 11. landsk. þm. hélt hér skörulega ræðu, sem ég er búinn að heyra oft áður. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í þau rök, sem hann flutti fyrir sínu máli. Ég vil þó aðeins benda honum á það, að þegar hann, eins og hann orðaði það, sagði, að andbanningar hefðu ráðið innreið Spánarvínanna, þá vil ég halda því fram, að þar hafi margt fleira komið til greina en bara einhver drykkjusýki ákveðinna manna. Ég vil benda honum á, að það voru margir góðir bindindismenn, sem áttu þátt í því að samþykkja það leyfi.

Hv. 1. þm. Vestf. flutti hér langa og skörulega ræðu, svo sem von og vísa var úr því horni. Hv. 1. þm. Vestf. er einn af þeim mikilvirku og samvizkusömu þm., sem einmitt við hinir yngri þm. eigum að bera og berum fulla virðingu fyrir, enda er hann og einn af þeim þm., sem láta sér fátt mannlegt óviðkomandi, enda rétt að hlíta í sem flestu því, sem hann hefur til mála að leggja. Nú er það svo í þessu máli, að hv. 1. þm. Vestf. virðist eftir máli sínu vera á móti allri neyzlu áfengis. Það er ég hins vegar ekki, ekki að svo stöddu, vil ég leyfa mér að segja, því að ég vil taka það einmitt fram hér, að ef ég sæi fram á, að það væri framkvæmanlegt að koma hér á banni við allri sölu og neyzlu áfengis, þá er ég ekki frá því, að ég mundi styðja það, en mig langar að fara nokkrum orðum um ræðu þessa hv. þm.

Hann sagði að vísu í þessari ræðu, — og það er nú í annað skiptið og við annan þm. hér í dag, — að ég hefði farið með rangt mál. Hann var búinn að nota þessi eða lík orð við hv. 4. þm. Reykn. Ég vil nú leyfa mér að andmæla þessum ummælum hans. Hann vitnaði í framsöguræðu mína og fór nokkrum orðum áður um væntanlegan útflutning á öli. Mér er fullkunnugt um, hvaða reglur hafa gilt hér um áfengt öl fram að þessu. Það hefur, eins og það er orðað, verið heimild til útflutnings á því, og það hefur verið heimild til sölu á þessu áfenga öli til varnarliðsins. Hins vegar hefur alls ekki verið framkvæmanlegt að flytja þetta út, vegna — ja, við skulum kalla það staðhátta, en hins vegar er það orðið framkvæmanlegt nú með samþykkt laganna um tollvörugeymslur á síðasta þingi, og mun nú á næstunni verða tekin upp sala og neyzla þess í íslenzkum flutningatækjum, bæði skipum og flugvélum. Ég orðaði útflutning í sambandi við öl í minni framsöguræðu á þá leið, að eftir að hér hefðu stóraukizt hingaðkomur erlendra ferðamanna, mundi sú innanlandssala á áfengu öli, sem í miklum mæli mundi fara til þeirrar neyzlu, skapa stórkostlegt og ómetanlegt auglýsingagildi. Þetta voru mín orð, svo að þarna hefur þessi ágæti og mikilvirki þm. hlaupið langt yfir skammt.

Hann tók undir það með mér, sem ég undirstrikaði rækilega í framsöguræðu minni, að öll ofnautn áfengis væri stórkostlegt böl. Undir það skal ég taka með honum. Hann sagði, að ástandið hefði versnað, frá því að hömlunum var aflétt á sínum tíma, og hann sagðist hafa spáð þessu þá

og margoft bent á það. En nú langar mig að spyrja þennan hv. þm.: Voru ekki einhverjar forsendur fyrir því, að þessum hömlum var létt af? Voru ekki einhverjar forsendur fyrir því, að skömmtuninni var aflétt? Það er eins og mig minni, að það hafi verið og jafnvel núv. 12. þm. Reykv. hvergi komið þar nærri, hvorki með þær forsendur né aðstoð í því að koma núverandi áfengislöggjöf í gegn.

Hann benti á og undirstrikaði rækilega, að það, sem tryggja hafi átt árangur núgildandi áfengislaga, hafi verið stórlega vanrækt. Hann benti t. d. á, að sú fræðsla, sem hefði átt að fara fram í skólum landsins, sem mig minnir að hafi verið ein klukkustund á viku í áfengislögunum, að það sé alls ekki meira en 45 mínútur á öllu skólaárinu. Undir þetta get ég tekið með hv. ræðumanni og undirstrikað jafnvel enn betur, og kannske er þá komið að einum af mínum meginröksemdum, þegar ég bendi á, að þegar ofneyzla eigi sér stað, þá sé ekki áfengið alltaf orsökin, heldur sá skortur á fræðslu og þekkingu, sem við þyrftum einmitt að búa okkar æsku og unglingum, og einmitt kannske þess vegna mæli ég eindregið með, að sú efnislega brtt., sem hann gerir við áfengislöggjöfina, verði samþ. Ég vil hins vegar taka fram um það, sem hann hafði á orði, að ég hefði ekki vitað um tilganginn með hans brtt., þá er það rétt, að þegar hann sagði mér frá því á fyrsta degi mínum hér í þinginu eftir mín veikindi, þá hafði ég ekki séð annað um þessa brtt. en það, sem í blaði birtist, og þar var ekki getið um, í hvaða formi þessi brtt. var, þannig að ég gat ekki annað en hváð við hv. þm., þegar hann dró þessa fullyrðingu fram, og þótti nú lítið leggjast fyrir kappann, þegar eftir það, sem hann hér hefur lýst og sagt frá að sé hið stórkostlegasta vandamál, sem þjóðin hafi nokkru sinni búið við, og ég skal að nokkru leyti taka undir, þá er hans brtt. við áfengislöggjöfina að koma upp þessu fræðslumyndasafni, sem ég annars skal ekki draga úr, því að það getur ábyggilega gert sitt gagn, og er alveg sjálfsagt að framkvæma það og kannske fyrst og fremst, eins og hann benti réttilega á, að framkvæma núgildandi lög um meðferð og notkun áfengis og fræðslu fólks um áfengi.

Hann spurði mig nokkurra spurninga. Hann spurði mig, hvort sá vandi mundi lagast, sem hér væri til staðar, hvort hér mundi fækka afbrotum og glæpum o. s. frv. Nú álít ég, að þetta mál sé ekki svo einfalt, að það sé eiginlega hægt að varpa fram svona spurningu, heldur ætti frekar að benda á, eins og ég gerði að vísu í minni grg. og þessi hv. þm. margbenti á, en hann benti þar á þau orð mín, er ég segi, að glæpir vaxa, afbrotum fjölgar, sívaxandi drykkja meðal unglinga valdi stórauknum glæpafaraldri meðal þeirra, slysum og jafnvel manndrápum. Hann gleymdi að vísu að lesa það, sem var undanfari þessarar setningar, en það voru þessi orð: „enda liggur sú staðreynd fyrir, að á sama tíma og öl er forboðinn ávöxtur á Íslandi, þá eykst vínneyzla með hverju ári, bæði sú, sem sést í skýrslum, og einnig hin, sem aldrei sést öðruvísi en í raun.“ Ég tel, að það megi heita, að verið sé að eltast við rófuna á sér, þegar farið er að benda á áfengt öl sem væntanlegan orsakavald um þessa þætti, sem hafa verið lagðir til grundvallar eða taldir mjög skyldir áfengisneyzlu, en ekki bent á, að þessi staðreynd liggur fyrir við núverandi skipan áfengismála.

Mér finnast ekki svaraverðar þær fullyrðingar hjá hv. þm., að ég sé að reyna að blekkja hv. þdm. með því að leggja þetta frv. fram eða þá grg., sem fylgir frv. Mér finnst fráleitt, að aldraður og virðulegur og lífsreyndur þm. skuli koma með svona lagað fram og það við 1. umr. málsins, þegar verið er að leggja það fyrir til umr. Mér finnst þetta alveg fráleitt.

Hann spurði mig jafnframt, hvort ég héldi, að rússagildi og önnur skólaböll fengju meira menningargildi, ef þetta 3½% öl yrði leyft. Ég er alveg sannfærður um og það er mín skoðun, að sú menning, sem ég vildi nú helzt hafa í gæsalöppum, sú menning, sem oft kemur fram á þeim stöðum, mundi alls ekki versna við tilkomu öls. Og ég vil hiklaust halda því fram, að það væri sízt verra fyrir unga menn og konur, ef þau vildu neyta áfengis á annað borð, að neyta öls heldur en brennivíns. Þetta er mín einlæga skoðun.

Það hefur nokkuð verið vitnað í fund, sem hér var haldinn á vegum stúdentafélagsins fyrir skömmu í Sjálfstæðishúsinu. Þar stóð upp ungur maður, sem á börn. Hann vitnaði í blaðafréttir frá hópi ungmenna í Þórsmörk í sumar, sem þóttu svo ofboðslegar, að blöðin sáu sig til neydd að geta um þetta hópferðalag. Þessi ungi maður sagði sama og ég segi: Ég vildi heldur, ef unglingar, sem væru mín börn, færu til fjalla og teldu sig endilega þurfa að hafa áfengi með sér, að þau hefðu með sér öl en brennivín. — Og þar er ég honum sammála, þótt ég hins vegar mæli algerlega á móti því, að börn eða fullorðnir séu að fara út um sveitir í okkar yndislegu náttúrufegurð til að kynnast henni með áfengisflösku í rassvasanum.

Hann minntist einnig á sölufyrirkomulagið, og svo sagði hann einnig, að ég hefði haldið því fram, að ölið drægi úr ofnautn áfengis. Þetta hafa aldrei verið mín orð. Þetta er algerlega rangt hjá þm., að ég hafi sagt, að ölið mundi draga úr ofneyzlu áfengis. Ég var hins vegar með ákveðnar skoðanir um það, af hverju ofneyzla áfengis skapaðist, en að ölið drægi úr ofneyzlu áfengis, hef ég aldrei sagt. Ég hef hins vegar bent á, að ölið gæti dregið úr neyzlu sterkra drykkja, og það eru staðreyndir, sem liggja fyrir frá nágrannalöndum okkar.

Hin hugljúfa postilla hans um andblæ raunveruleikans og sannleikans og samanburð af handahófi læt ég þm. einan um að dæma. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara orðum um þær röksemdir. Mér finnst þær einmitt vera af handahófi. En hann minntist þarna á þau orð mín, að ég hefði aldrei séð ölvaðan verkamann í enskum höfnum. Þessi orð hv. þm. eru eins og fleira, sem hann hefur gripið úr minni framsöguræðu, algerlega úr lausu lofti gripin — og þó ekki algerlega, því að ég sagði þetta, en setningunni var bara ekki lokið, þegar þessi hv. þm. skaut henni hér fram. Ég sagði eitthvað á þá leið, að ég hefði ekki séð meira af drykkju verkamanna

í enskum höfnum en ég hefði séð hér í Reykjavík, og þóttist geta, eins og ég sagði, um það dæmt, eins og ég veit að þessi hv. þm. getur líka. Hann benti á það, sem ég efa ekki að sé rétt hjá honum, að vegna ofneyzlu öls og annarra áfengra drykkja hafi á sínum tíma verið settar þær hömlur á áfengissölu að loka fyrir hina svokölluðu bjórbari í Englandi. Ég ætla ekki að rengja þetta. Þetta hins vegar styður það, sem ég hef haldið fram gagnvart mörgum þeirra, sem vilja hömlulausa sölu áfengis. Ég hef alltaf verið með vissum hömlum, og það sést kannske bezt á þessu atriði. Þarna eru settar vissar hömlur, það er ekki bannað, hvorki öl né sterkir áfengir drykkir, heldur settar vissar hömlur. Og þá kemur sú staðreynd, sem hv. 1. þm. Vestf. mótmælti ekki, — þá kemur sú staðreynd í ljós, sem ég held fram, að það sé ekki meira um drykkju verkamanna, sem vinna við losun og lestun skipa í Englandi, heldur en hér í Reykjavík í dag.

En hann tók mjög réttilega fram einmitt í þessu sambandi, að þótt svo væri, — ég held ég fari rétt með það, — þótt svo væri, að þetta fyrirbrigði þekktist ekki, verkamenn undir áhrifum áfengis í Englandi, þá væri það ekki vegna ölsins, heldur hins vegar vegna aldalangrar kennslu og fræðslu, sem hefði stuðlað að þessu. Þarna kemur að því meginatriði, sem ég hef haldið fram og hann virðist vera mjög sammála um, en það er, að það sé ekki ástæðan fyrir ofneyzlu eða of mikilli neyzlu verkamanna eða annarra, hver vintegundin sé, sem sé fyrir hendi, heldur hitt kannske frekar, þekkingarleysið og fræðsluleysið, sem þessir menn sem aðrir búa við í þessum málum. Einmitt þess vegna get ég fyllilega tekið undir þær skoðanir hv. þm., sem hann hefur látið í ljós um, að það liggi við, að það megi vera vítavert, að ekki skuli hafa verið framfylgt til fullnustu þeim ákvæðum núgildandi áfengislaga, sem hafa einmitt bent á ákveðnar leiðir til þess að halda þessari fræðslu og þekkingu uppi.

Þá kom hann með eina setningu, sem virtist hafa átt að vera orðrétt úr minni ræðu, á þá leið, að ég hefði aldrei átt að sjá ölvaðan verkamann í Kaupmannahöfn. Það er nokkuð einkennilegt að bera þetta fram fyrir hv. þd., þegar ég einmitt er búinn að eyða miklum tíma í að segja frá því, að á þeim stað, þar sem ég hvað oftast kem, — líklega svona 20—30 sinnum á hverju ári, sé einmitt mjög mikið um það, að verkamenn á þessum vinnustað neyti áfengis í óhófi. Hitt hef ég aldrei sagt. Hins vegar dró ég fram þá staðreynd, að á öðrum stöðum við höfnina í Kaupmannahöfn þekktist ekki slík áfengisneyzla sem þarna, og ég einmitt lét í ljós skoðun mína um það, hvað ég teldi skýra þetta.

Hann spurði mig jafnframt, þessi hv. þm., hvort ég hefði aldrei séð ölstofur í Nýhöfn í Kaupmannahöfn. Þegar hann sló fram þessari spurningu, datt mér í hug saga, sem gekk hér um Reykjavíkurbæ ekki alls fyrir löngu og var eitthvað á þá leið, að ógift kona, komin á efri ár, hringdi til lögreglunnar og kvartaði við hana yfir því, að það væri allsnakinn maður á ferðinni í íbúð handan götunnar frá hennar íbúð. Lögreglan kom upp til hennar og leit út um gluggann og sagði svo við konuna: „Nú, það er alls ekki hægt að sjá inn um þennan glugga.“ „Ef þér farið þarna upp á fataskápinn, þá má sjá þetta,“ sagði konan. Þessi hv. þm. benti einmitt á þessar ölstofur í Nýhöfn, sem ég tók einmitt til meðferðar og talaði um sem skemmtistaði, sem mikið væru sóttir í Kaupmannahöfn og það ekki af verkamönnum frekar en öðrum, ekki frekar en bara íslenzkum ferðamönnum, sem koma til Kaupmannahafnar. En ég get sagt honum frá öðrum fyrirtækjum í Nýhöfninni. Ég get sagt honum frá því, að í Nýhöfn Kaupmannahafnar er stofnun, sem heitir Söfartsklubben, sem er rekin fyrir sjómenn, bæði danska og erlenda, og einmitt við íslenzkir sjómenn höfum sótt mikið, — og það væri kannske full ástæða til, einmitt vegna þess líka, að hv. 3. þm. Vesturl. kom nokkuð inn á það, sem er líklega eitt mesta vandamálið á meðal vinnandi manna á Íslandi í dag, en það er drykkjuskapur ákveðinnar stéttar, sem ég ætla sízt að draga úr, þó að svo aftur á móti, hvað gera skuli til að forða því, sé annað mál, sem kannske verður tími til þess að hreyfa hér innan tíðar, — þá vil ég benda hv. 1. þm. Vestf. á, að þessi klúbbur, sem ég vitnaði í, er rekinn af stofnun, sem mætti þýða lauslega á íslenzku og kalla Velferðarráð farmanna. Svo er mál með vexti, að fyrr á árum og allt fram í síðustu heimsstyrjöld voru rekin sjómannaheimili í höfnum víða um heim, en sá var galli á gjöf Njarðar, að því er þeir sjómenn, sem áttu að njóta þeirra, töldu, að á þessum stöðum voru sífelldar, — ég hef heyrt marga eldri sjómenn einmitt minnast á þetta, — á þessum stöðum voru sífelldar prédikanir um eina og aðra ofneyzlu, sérstaklega áfengis, og spillingu í tómstundalífi þeirra. Í stríðinu aftur á móti og eftir stríðið var tekin upp ný stefna í þessum málum. Það voru eldri sjómenn, sem gengust fyrir því ásamt skipafélögum og fleiri stofnunum, sem lögðu fé til þess að koma á fót sjómannastofum, ekki aðeins þarna í Kaupmannahöfn, eins og ég hef bent á, og víðar í Danmörku, heldur og í höfnum um allan heim, þar sem t. d. farskip Norðurlandabúa koma. Og hver var meginskoðun þeirra manna, sem réðu þessum sjómannastofum, um áfengismál? Jú, hér höfum við ekki til sölu sterka, áfenga drykki, en við skulum hafa gott öl handa ykkur, og það var til sölu á þessum stöðum. Og hvernig snerust þessir sjómenn við þessu, þegar þeim var boðið upp á þetta? Jú, aðsóknin alveg stórjókst, og þessar sjómannastofur, þar sem komið var fram af nokkrum skilningi á skoðunum þessara manna og jafnvel þörf, — við getum sagt sálarlegri þörf fyrir vissan skammt af áfengi, — það var komið fram af skilningi við þessa menn, þeim var boðið upp á þær tómstundaathafnir, sem eiga að vera á slíkum heimilum, og það hefur líklega fátt gert meira til þess að draga úr því, sem ég kalla ofneyzlu áfengis meðal þessarar stéttar, en ekki var til staðar, áður en farið var inn á þessa braut.

Hv. 1. þm. Vestf. fór nokkuð inn á orð mín og samanburð á verkamönnum Gautaborgar og Kaupmannahafnar. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara

inn á það nánar, ég skal aðeins vísa til þeirra orða, sem ég hafði um þetta í framsöguræðu.

Hann kom einnig eins og hv. 3. þm. Vesturl. inn á hina mjög rómuðu skýrslu Fagerholms hins finnska og vildi halda því fram, að hans einkasamtöl við þennan mæta mann væru nokkuð á annan veg en segði í þessari skýrslu. Ég skal ekki fullyrða um það. Ég veit hins vegar, að sá Íslendingur, sem fylgdist með þessum málum, eins og ég sagði frá í framsöguræðu minni, átti viðtal ekki aðeins við þá vísindamenn, sem stóðu að þessum rannsóknum, heldur og umræddan Fagerholm, hann fullyrðir, að hann hafi talað við þennan finnska stjórnmálamann. Þessi stjórnmálamaður, eins og ég gat um í þeim tilvitnunum, sem ég hafði í minni framsöguræðu í þessar rannsóknir eða í það útvarpserindi, sem þessi vísindamaður hér heima ætlaði að halda, en fékk ekki að halda, vegna þess, eins og honum var tjáð í Ríkisútvarpinu, að þá mundu, eins og það var orðað þar, templarar verða bandvitlausir, hann einmitt tók það fram, að í þessari n., sem stóð fyrir þessum rannsóknum, hefði forstjóri áfengisverzlunarinnar, K. A. Fagerholm, átt sæti, og hann lauk þessu erindi á því að minna á orð Fagerholms, en ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna í þetta erindi, en þar segir í lokin:

„Tilgangurinn með öllum þessum rannsóknum er vitanlega sá að fá úr því skorið á hlutlægan hátt, hvaða áfengispólitík muni vera skynsamlegust. Starfsáætlunin“ — þ. e. starfsáætlun þeirra rannsókna, sem fram fóru — „hefst, eins og áður var sagt, með þessum orðum: Áfengisvandamálið er, eins og kunnugt er, eitt hinna erfiðustu og mest aðkallandi allra félagslegra og mannlegra vandamála í Finnlandi. Ákvarðanir, sem gerðar verða í þessu máli, má ekki byggja á tilfinningasemi og ekki heldur á pólitískri valdaaðstöðu, en aðeins á hlutlægum, vísindalegum sannleika.“

Svo segir í lokin:

„Þegar ég spurði Fagerholm, einn þekktasta stjórnmálamann Finna, hvaða afleiðingar þessar rannsóknir, sem senn er lokið,“ — þeim var ekki alveg lokið, þegar hann bauðst til þess að flytja þetta erindi í útvarpið, mundu hafa á áfengispólitík Finna, þá segir þessi höfundur, að Fagerholm hafi sagt, „að á því væri enginn efi, að Finnar mundu reyna að draga úr neyzlu sterkra drykkja, eftir því sem við yrði komið, en það yrði ekki reynt að gera það með banni og höftum, því að slíkt hefði þegar sýnt sig að vera algerlega þýðingarlaust. Finnar mundu reyna að hafa á boðstólum sem víðast létt vín og öl, og væri nú unnið að því að gera tilraunir með ölframleiðslu í því skyni að gera ölið sem allra bragðbezt og aðgengilegast. Ofneyzla áfengis,“ en svo endar erindið, „ofneyzla áfengis og óhappaverk þau, sem unnin væru í ölæði, væru svo mikið þjóðarböl, að sjálfsagt væri að hlíta niðurstöðum vísindanna og gera það, sem skynsamlegast hefði reynzt í slíku máli.“ (Forseti: Nú er spurningin, hvort hv. þm. á mikið eftir til að ljúka máli sínu eða hvort hann geti lokið því á stuttum tíma.) Ég á nú töluvert eftir ósagt. (Forseti: Ætli það væri þá ekki eðlilegast að fresta umræðunum núna, því að það eru sennilega fleiri, sem ætla að taka til máls?) Ég á alveg eftir að svara einum ræðumanni, en ég skal hætta að sinni. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 9. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Pétur Sigurðsson) [frh.]: Herra forseti. Þegar hæstv. forseti frestaði umr. um mál þetta s. l. þriðjudag, hafði ég nokkuð rætt um ýmsar þær fullyrðingar, sem komið höfðu fram hjá þeim þrem ræðumönnum, sem talað höfðu þann dag um frv. það, er hér liggur fyrir til umr. Ég hafði t. d. þakkað hv. 3. þm. Vesturl. fyrir meðferð hans á málinu. Hann er að vísu andstæðingur þess, en hann ræddi það málefnalega, hafði að nokkru leyti dregið afstöðu sína af dómum annarra, að vísu merkra manna, en þó einstaklinga, sem telja, að öll neyzla áfengis, í hvaða mæli sem er og hvaða mynd sem er, sé hættuleg. Ég hafði svarað nokkru af því, sem þessi hv. þm. hafði sagt og ég taldi mig sem flm. að þessu frv. þurfa að svara. Ég mun ekki tefja störf þingsins við að endurtaka meira en nauðsynlegt er til að sýna fram á, að mistúlkun annarra á orðum mínum hafi átt sér stað. Ég vil þó undirstrika enn á ný svör mín við ýmsu því, sem þessi hv. þm. sagði og reyndar fleiri hafa gert af þeim hv. þm., sem rætt hafa um þetta mál og móti því talað.

Sú fullyrðing þeirra, sem hafa andmælt þessu frv., um það, að ég hafi átt að telja, að sterkum drykkjum yrði útrýmt með samþykkt þessa frv., er alröng. Ég benti hins vegar á þær staðreyndir, sem fyrir lægju í ýmsum nágrannalöndum okkar um það, að úr drykkju sterkra drykkja mundi draga, ef samþykkt slíks frv. yrði gerð hér á hv. Alþ. Ég benti á tölur frá Svíþjóð og Finnlandi, sem sýndu bæði, að heildarneyzlan hafði minnkað við tilkomu ölsins þar, jafnframt því sem neyzlumagn sterku drykkjanna hafði stórlega minnkað. Ég benti á, að hjá sumum þjóðum hefði beinlínis verið af opinberum aðilum, af þeirra löggjafarþingum, hvatt til neyzlu öls frekar en neyzlu sterkra drykkja, í fullri vitund um það, að tala alkohóllítranna pr. mann pr. ár mundi hækka. Þeir gerðu sér þetta fyllilega ljóst, og þetta var einfaldlega gert vegna þeirrar staðreyndar, að neyzla sterkra vína er hættulegri fyrir einstaklinginn, sem neytir áfengis í þessari eða hinni myndinni, heldur en ölneyzlan, bæði á því stigi áfengisneyzlu, sem má kalla ofneyzlu, og eins á öðrum stigum. Það má líka geta þess einmitt í þessu sambandi, enda held ég, að einn af andmælendum hafi nokkuð komið inn á það, fyrir þá, sem halda því fram, að glæpir og lögbrot haldist í hendur við áfengisneyzlu, að í Þýzkalandi, sem er talið „typískt“ bjórneyzluland, er kostnaður hins opinbera vegna löggæzlu eða vegna baráttu við glæpi og afbrot, getum við kallað það, aðeins helmingur sama kostnaðar í Bandaríkjunum, sem verða ekki talin vera bjórneyzluland í neinum líkum mæli og Þýzkaland er.

Ég minntist einnig í svarræðu minni hér á

þriðjudaginn á fullyrðingar þessara andmælenda um það, að ég hefði sagt, að áfengisneyzla væri menningaratriði og jafnvel að aukin menning væri fólgin í þeirri breytingu áfengislaganna, sem hér er til umræðu. Þessum fullyrðingum mótmælti ég auðvitað, og ég benti á þá skoðun, sem ég held fram og hef alltaf haldið fram, að það hefði ábyggilega verið betra, ekki aðeins fyrir íslenzku þjóðina, heldur og fyrir allar þjóðir, að þær hefðu aldrei þekkt áfengið í einni eða annarri mynd. Hins vegar væri tilvist þess staðreynd, sem við yrðum að sætta okkur við og reyna að aðhæfa okkur þeirri staðreynd á sem beztan hátt. Ég hef sagt og ég segi enn, að við þurfum að forða ungum sem öldnum frá því að neyta áfengis í óhófi, en skapa aftur á móti þær umgengnisvenjur, að þær séu það, sem við getum kallað vitrænar og menningarlegar og geti orðið bæði þeim, sem neyta þess, og öðrum að skaðlausu. Þegar ég hef rætt um menninguna og áfengisneyzlu, hefur það eingöngu verið í sambandi við menningarlegar neyzluvenjur og menningarlegar umgengnisvenjur. Öllum öðrum orðum, sem mér hafa verið lögð í munn í sambandi við áfengi og menningu, vísa ég heim til föðurhúsanna.

Þeirri spurningu hefur verið varpað til mín, hvort ég teldi heppilega leið, þegar rætt væri um ólöglega bruggun, að lögleiða lögleysuna, og jafnframt, hvort lögleiða ætti stuld, ef einhver mundi stela. Þessi spurning gæti orðið tilefni mikilla umræðna, sem ég skal ekki stuðla að, en ég vil hins vegar benda á, að margir mundu nú telja, að skynsamlegt væri að ryðja þeim hindrunum úr vegi, sem gera margan einstaklinginn að lögbrjót. Ég hef áður bent á þá skoðun mína, að almenningur hefði það alls ekki á tilfinningunni, að sá einstaklingur væri að brjóta lög eða væri afbrotamaður, sem bruggaði öl fyrir sig eða sitt heimili, og eingöngu vegna þess, að bruggun á öli er alls ekki í ósamræmi við réttarvitund fólks né siðferðisvitund. Er þar alveg ólíkt um að segja og þegar verið er að gera samanburð á þessu atriði og þjófnaði. Í Biblíunni segir t. d., að menn eigi ekki að stela. En ég man ekki eftir því, að neins staðar standi í Biblíunni, að það eigi ekki að brugga öl eða neyta víns. Hins vegar bendir Biblían oft á, að það eigi að umgangast þessa hluti af hófsemi. En mig langar í þessu sambandi að varpa fram þeirri spurningu til þeirra, sem þetta hafa dregið fram, einmitt þetta atriði, hvaða ráð þeir sjái til þess að fyrirbyggja þessa bruggun, sem ég hef haldið fram og það með nokkrum rétti að eigi sér stað hjá einstaklingum, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur og um allt land. Hvernig ætla þeir að sjá fyrir því, að þau lög, sem við búum við, áfengislög, séu ekki brotin á þessu sviði? Á að senda réttargæzlumenn inn á heimili manna og gera leit þar? Ég á við í þessu tilfelli þá einstaklinga, sem brugga öl til sinnar eigin neyzlu, til sinnar heimilisneyzlu, ekki til þess að selja eða njóta ágóða af. Það væri gaman að fá svar við þessari spurningu frá þeim, sem hafa dregið þetta atriði fram.

Ég svaraði í minni fyrri ræðu af ásettu ráði ekki ræðu fyrsta andmælanda þessa frv., hv. 2 þm. Austf., Halldórs Ásgrímssonar, enda mun hann hafa verið veikur að undanförnu. En það er þó sumt í þessari ræðu, sem verður ekki komizt hjá að minnast á, en að sjálfsögðu mun ekki verða eins ýtarlega farið út í það og hún gefur tilefni til vegna fjarvistar hans.

Það er margt af því, sem kom fram í ræðu hans, sem ég hef þegar minnzt á og sé enga ástæðu til þess að endurtaka, og hinar almennu hugleiðingar hans ræði ég ekki, þó að mér finnist að mörgu leyti vera hlálegt af þessum hv. þm. að nota mikinn hluta af ræðutíma sínum til þess að sýna fram á, hve frv. sé illa undirbúið og að það hefði þurft að vera ýtarlegra á mörgum sviðum, en þegar hann er búinn að nota megnið af sínum ræðutíma til þess að sýna fram á þetta, leggur hann til, að það sé fellt við 1. umr. Þetta kallar maður nú að fara sparlega með tíma þingsins!

Þessi hv. þm. lagði fyrir mig allmargar spurningar, og eins og ég sagði, eru margar þeirra spurningar, sem ég hef þegar svarað. En það er þó eitt auðsætt á þessum spurningum hans, að hann hefur ekki minnstu hugmynd um, að hér á landi er bruggað áfengt öl í dag. Hann hefur ekki gert sér neina grein fyrir þeirri staðreynd. Ég veit ekki til þess, og hann a. m. k. gat þess ekki og ég hef aldrei heyrt talað um, að það hafi orðið nein misbrúkun á þeirri heimild, sem einmitt leyfir þá bruggun. Þessum hv. ræðumanni virðist líka algerlega ókunnugt um ákvæði áfengislaganna um áfengisvarnaráð og skyldur ríkisstjórna, allra ríkisstjórna, um að leita álits þessa áfengisvarnaráðs, áður en reglugerðir samkvæmt áfengislögunum eru gefnar út.

Þessi hv. þm. dró það út úr minni grg. með frv. og jafnframt af minni framsöguræðu, að ég hefði verið að tala um ölsmygl, þegar ég var að tala um þann mikla fjölda af bjórflöskum, sem hér væru í umferð á Íslandi í dag. Þetta er alrangt hjá þessum hv. þm. Ég hef aldrei nokkurn tíma minnzt á neitt ölsmygl, enda kom þessi hv. þm. með skýringuna á þessum bjórflöskum í sínu máli. Það er einkennilegur hugsunarháttur, sem hefur gripið þennan þm. að draga ölsmygl inn í þetta mál. Það er hvergi minnzt á það, hvorki í grg. né mínu máli. Hins vegar benti ég á, að það væru hér þegnar á Íslandi, sem ættu þess kost að fá áfengan bjór. Ég geri ráð fyrir fljótt á litið, að þeir séu um 1000—1200 að tölu, og þeir hafa aðstöðu til þess að fá þetta áfenga öl til sinnar neyzlu. Þessi skipan mála gagnvart þessum mönnum hefur verið viðurkennd, ekki aðeins af þessari núv. hæstv. ríkisstj., heldur af öllum ríkisstj., svo langt sem ég man, eftir að ég fór að fara á milli landa. Ég man ekki betur en það hafi einmitt verið sú ríkisstj., sem þessi hv. þm. studdi, sem kom þeirri skipan á þessi mál, sem við búum við í dag. Framkvæmd þessarar skipunar hefur verið í höndum ekki aðeins flokksbróður, heldur og náfrænda þess ráðherra, sem hafði með þessi mál að gera. Eftir þessum orðum þessa hv. þm. mætti helzt skilja, eftir því að dæma, hve bjórinn sé hættulegur nú í dag fyrir allan landslýð, að þessi ráðh. og þessi umræddi tollgæzlustjóri hafi viljað þessum 1000—1200 Íslendingum

allt annað en vel, sem ég leyfi mér þó að mótmæla. Ef ég á að vera slíkt illmenni með flutningi þessa frv., sem hér hefur komið fram hjá sumum mönnum, mætti alveg eins halda því fram, að þessir ráðamenn væru ekki síðri mér í illmennskunni, svo að ég segi ekki meira.

Hann kom inn á það í sinni ræðu, að hann hefði lesið í huga mér um ein og önnur atriði, bæði úr grg. og eins úr framsöguræðu. Ég vil leyfa mér að vísa þessu heim til föðurhúsanna, og það er leiðinlegt að þurfa að verða til þess hér á hv. Alþ. að lýsa því yfir, að maður, sem nýtur þeirrar trúnaðarstöðu, sem hann er nýbúinn að taka við, að vera bankastjóri á Austurlandi, að þessi maður sé algerlega ólæs, en það liggur beinast við að gefa þá yfirlýsingu eftir þessi ummæli hans.

Það var mjög merkilegt líka, sem þessi hv. þm. kom inn á, þegar hann fór að draga fram nafn hins virðulega þingskörungs, Péturs Ottesens, og vitna í hann. Ég segi nú bara: Fyrr mátti vera, að þessi hv. þm. viðurkenndi kosti þessa þm. En hann athugar það ekki, að um leið og hann er að bera mig og þennan nafna minn saman og mér til ófrægðar, vegna þess að við erum ekki og hefðum ekki verið, hefðum við átt hér sæti báðir, sammála um þetta mál og erum ábyggilega ekki enn þá, þá er hann um leið að níða niður og ófrægja sína eigin flokksbræður. Og mér finnst það vera lítil og léleg laun fyrir góða og dygga þjónustu, ekki aðeins hans málstað, heldur og þingsins, að á slíkan máta skuli vera farið með menn eins og t. d. Bernharð Stefánsson, núv. búnaðarmálastjóra, Bjarna Ásgeirsson og jafnvel hv. annan skrifara þessarar deildar, sem allir hafa átt einhvern tíma aðild að flutningi ölfrv. og það jafnvel ölfrv., sem fór fram á sterkari heimild en ég geri í dag. Og ég man ekki betur en nú fyrir skömmu hafi formaður Sambands ungra framsóknarmanna gefið út þá yfirlýsingu á prenti í blaði, sem nýfarið er að gefa hér út, að hann væri fylgjandi því, að hér væri leyfður áfengur bjór eða áfengt öl. Eru allir þessir menn slík illmenni, sem hefur komið fram í ræðum eða sérstaklega ræðu þessa hv. þm. að ég væri? Ég leyfi mér að mótmæla því. Ég skal alls ekki kveða upp neinn dóm um þeirra innra hugarfar, en hins vegar þori ég að taka það á mig að lýsa því yfir, að þeir séu ekki illmenni af því að hafa tekið þessa afstöðu til áfengs öls.

Þá vitnaði þessi hv. þm. og reyndar 3. þm. Vesturl. líka í tvo alkunna og glæsilega lækna, Vilmund landlækni og Helga Ingvarsson yfirlækni á Vífilsstöðum. Ég tók það einmitt fram í minni framsöguræðu, að jafnvel þótt kenningar, sem Vilmundur hélt á lofti fyrir 20—30 árum eða svo, hefðu verið taldar góðar og gildar þá, væru þær það alls ekki í dag, það væru komnar allt aðrar kenningar upp, bæði hjá læknum og öðrum vísindamönnum, sem hafa rannsakað þessi mál, sem eru byggðar á allt öðrum grundvelli. Ekki ætla ég mér hér á Alþingi að fara að tæta neitt utan af þessum góðu mönnum, því að þeir eiga það sízt skilið. En ég er ótrúaður á, að Helgi Ingvarsson yfirlæknir á Vífilsstöðum hefði látið sér það nægja í baráttunni við berklana, að það yrði sett í lög ákvæði um, að berklar væru bannaðir. Ég er anzi hræddur um, að hann hefði ekki látið þar við sitja, heldur hefði hann snúið sér að því, sem hlýtur að vera mál málanna, og það er lækning þess sjúkdóms, sem leiðir til ofneyzlu áfengis.

Þessi hv. þm., 2. þm. Austf., minntist á það snemma í sinni ræðu, að flutningur frv. væri óþurftarverk við Reykvíkinga. Og hann kom með þá furðulegu staðreynd, sem kom líka fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að þetta mundi leiða til þess, sagði hv. 2. þm. Austf., að öl yrði gefið skólabörnum hér á morgnana í stað mjólkur og hafragrauts, og 1. þm. Vestf. betrumbætti þetta, mig minnir, að hann hafi minnzt á, að öl mundi koma í stað móðurmjólkur. Svona ofstæki gengur of langt. En það er rétt að draga einmitt fram þessar yfirlýsingar þessara manna hér á þingi til þess að undirstrika það ofstæki, sem er á bak við hjá sumum mönnum, sem hafa rætt um málið.

Ég hafði að nokkru svarað hv. 1. þm. Vestf. í minni síðustu ræðu. En það voru þó nokkur atriði, sem ég átti eftir ósvarað. Hann varpaði þeirri spurningu til mín, hvort ég teldi, að þetta frv. væri í samræmi við 1. gr. áfengislaganna, ef takmarkalaus sala á öli yrði leyfð. Nú hef ég þegar tekið fram og margundirstrikað þá skoðun mína, að ég einmitt vil ekki takmarkalausa sölu, hvorki á þessari tegund áfengis né öðrum tegundum. En ef við lítum á 1. gr. áfengislaganna, þá segir í henni, að tilgangur þessara laga sé sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu. Þar sé ég hvergi, að eigi að vinna gegn notkun þess, heldur misnotkun, eða eins og ég mundi túlka það, gegn ofnotkun, og greinin heldur áfram: „og útrýma því böli, sem henni er samfara," sem sagt bölinu, sem er samfara misnotkuninni. En hins vegar er staðreynd, að þegar við lítum á ástandið í dag, þá má segja sem svo, að þessi 1. gr. hafi ekki verkað betur þrátt fyrir góðan vilja þeirra, sem áttu hlut í að setja hana inn í áfengislögin, en að bölinu hafi ekki verið útrýmt, en ölinu hafi verið útrýmt.

Ég var að nokkru leyti búinn að svara þeim orðum þessa þm. áðan, þegar hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að þetta frv. mundi útrýma áfengisbölinu. Það hef ég aldrei sagt, enda geri ég mér fulla grein fyrir því, að þessi tegund áfengis eins og aðrar getur skapað áfengisböl, ef um misnotkun er að ræða. En það er athyglisverð staðreynd, og ég hef reyndar bent á þá staðreynd áður, að um leið og við hér á Íslandi höfum ekkert öl, þá telja fróðustu menn, að tala drykkjusjúklinga okkar sé 1.3% af heildaribúatölu þjóðarinnar, en á sama tíma er tala drykkjusjúklinga í landi eins og Vestur-Þýzkalandi, sem er, eins og ég sagði líka áðan, „týpískt" bjórneyzluland, aðeins ½%, og samt má segja, að vinneyzlan þar eftir þessum kjánalegu alkóhóllítrum, sem hafa alltaf verið lagðir til grundvallar í öllum dómum um áfengismál, ekki aðeins þessarar þjóðar, heldur og annarra, sé meira en þrisvar sinnum meiri en okkar. Mér finnst þetta vera eftirtektarverð staðreynd, sem við ættum að líta kannske með meiri íhygli á en við höfum gert.

Ég held, að ég hafi nú minnzt á flest þau atriði, sem ég tel máli skipta. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð lengri að sinni. Ég vil aðeins taka það fram, að ég sé ekki ástæðu til þess að efna til langra umræðna um þetta úr þessu og mun þess vegna ekki svara, nema gefist sérstakt tilefni til. Mér finnst, að málið hafi verið nógu lengi hér til umr. Hér hefur ekkert nýtt komið fram, frá því að 3. þm. Vesturl. hélt sína ræðu hér. Hún var a. m. k. laus við það ofstæki, sem hér ríkir hjá mörgum, sem um þetta mál vilja ræða.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það var aldrei ætlun mín að fara að þreyta hér neinar kappræður um þetta mál, enda tel ég ekki, að ræða hv. flm. hafi gefið mér tilefni til þess. Það var aðeins eitt atriði í þeirri ræðu, þar sem hann misskildi mig. Má vera, að ég hafi ekki leitt það fram svo ljóslega sem þörf var á, en af því að það er mjög andstætt við það, sem er mín skoðun, vil ég leiðrétta það.

Það var það, sem ég talaði um, hvort áfengi gæti aukið menningu. Ég lét í ljós þá skoðun, að áfengi sem slíkt gæti ekki aukið menningu eða væri ekki menningarauki, og enn fremur, að ég hefði ekki trú á áfengismenningu, eins og oft hefur verið um rætt. Hv. þm. virtist hafa skilið þetta þannig, að ég teldi, að þeir menn, er áfengis neyttu, stæðu á einhverju lægra menningarstigi en við hinir. Slík hugsun hefur aldrei að mér flögrað, því þó að sumir menn neyti áfengis á þann hátt, þá er fjarri mér að dæma neyzlu áfengis yfirleitt á þann hátt, svo sem þm. virtist hafa álitið. Því til sönnunar vil ég benda á, að í upphafi máls míns gat ég þess, að ég hefði lítil kynni haft af áfengisneyzlu, og það er meðfram vegna þess, að þeir menn, sem ég hef kynnzt og áfengis hafa neytt, hafa yfirleitt flestir kunnað þannig með það að fara, að ég hef ekki talið það þeim til tjóns, þó að það breyti ekki þeirri skoðun minni, að ávinningur sé enginn af neyzlu þess.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér hefur farmaður, hv. 12. þm. Reykv., ýtt skipi sínu úr vör, frv. um breyt. á áfengislögum, sem hér liggur fyrir. Á siglingu þess í fyrradag gerðist sá óvenjulegi atburður, að vélameistarinn, hv. 1. þm. Vestf., neitaði að hlýða hringingu af stjórnpalli frá stýrimanni, hv. 12. þm. Reykv. Þegar stýrimaður gaf fyrirmæli um fulla ferð áfram, setti vélstjórinn aftur á bak. Hvernig verður nú með framhald ferðarinnar? Mér sýnist ríkja um það fullkomin óvissa eftir þessa uppreisn í vélarúminu, engu minni óvissa en var hér á dögunum um það, hvernig hinni ævintýralegu ferð portúgalska skipsins Santa Maria mundi ljúka, eftir að ráðin höfðu þar verið tekin af skipstjórnarmönnum. Skyldi hv. 12. þm. Reykv. nokkuð geta bjargað sér á seglum? Ætli hann hafi nokkra háseta, sem kunna að hagræða seglum? Ég efast um það. Þau eru heldur lítið notuð nú á seinni tímum á þessari öld vélvæðingarinnar.

Ég hef hlýtt á þessar umr. frá byrjun með vakandi eftirtekt. Ég hef m. a. heyrt hér ræður þeirra tveggja farmanna, sem ég nefndi, hv. flm. og hv. 1. þm. Vestf. Það er oft gaman að hlusta á frásagnir farmanna, sem víða hafa farið um önnur lönd, því að þeir kunna frá mörgu að segja. Þessir hv. þm. hafa komið til margra landa og skoðað lífið þar, eru kunnugir m. a. í hafnarborgum, hafa komið þar á öldrykkjustofur m. a., kynnzt drykkjusiðum þar og framferði manna. Það var fróðlegt á þetta að hlýða.

En það kom fram í þessum umr., að hv. 1. þm. Vestf. er reynslu ríkari en hinn, og er það reyndar eðlilegt, því að það er eldri maður. Hann sagði okkur ekki aðeins frá því, sem hann hefur séð á ölstofum í hafnarborgum, heldur sagði hann okkur frá því, sem reyndar er nú vitað áður, að hann hefur oft á liðnum árum mætt erlendis í fínum veizlum með stjórnmálaforingjum annarra þjóða og öðru heldra fólki, og það kom fram hjá honum, eins og reyndar vænta mátti, að í þeim samkvæmum fer allt siðsamlega fram. Í þeim veizlum ræðast menn við persónulega og kynnast persónulega, og m. a. sagði hv. 1. þm. Vestf. okkur frá því, að í þeim veizlum hefði hann komizt í kunningsskap við einn frægan Finnlending, sem heitir Fagerholm. Menn ræða sem sagt í þessum veizlum um ýmis vandamál mannkyns, og hv. þm. lét þess getið, að hann hefði rætt við þennan finnska Fagerholm m. a. um áfengisvandamálin og þeir skipzt á skoðunum um þau efni. Þegar ég hlýddi á þennan þátt í ræðu hv. 1. þm. Vestf., kom mér í hug vísa, sem er um það bil 60 ára gömul. Hún er í Alþingisrímunum. Þar er sagt frá því, að frambjóðandi einn — á Vesturlandi — var að tala við háttvirta kjósendur fyrir kosningar. Hann tíundaði ýmislegt sér til framdráttar og m. a. þetta:

Hef ég og með höfðingjum
heldur verið talinn
og í nefnd í útlöndum
öðrum fremur valinn.

Það kom hins vegar ekki fram í ræðum hv. 12. þm. Reykv., að hann hefði setið veizlur margar með fyrirmönnum í öðrum löndum. Má þó vel vera, að hann hafi einhvern tíma komið í slíkt samkvæmi. En hv. 12. þm. Reykv. hafði samt nokkuð hér til mótvægis, því að hann hafði í höndunum ritsmíð eina, einmitt eftir hinn sama finnska Fagerholm, og vitnaði óspart til hennar í ræðum sínum. En þrátt fyrir upplýsingar þeirra beggja er það enn langt frá því að vera nógu skýrt fyrir mér, hver afstaða Finnans Fagerholms er í þessu bjórmáli. Mér skildist á ummælum hv. 1. þm. Vestf., að sá finnski maður mundi hafa heldur andúð á bjór. En aftur á móti virtist mér flm. frv. vitna í ritverk Fagerholms til stuðnings sínu máli, því, sem hér liggur fyrir. Þetta væri mikils um vert að fá að vita greinilega, hvernig þessi merki maður þar austur í Finnlandi lítur á málið, og nú held ég, að einmitt bjóðist tækifæri til þess. Fundur Norðurlandaráðs mun eiga að verða núna seinna í þessum mánuði, að ég held í Kaupmannahöfn, og hv. 1. þm. Vestf. mun fara þangað. Ég held, að hann sé formaður íslenzku sendinefndarinnar, sem þangað fer. Nú tel ég eiginlega alveg víst, að Fagerholm hinn finnski verði líka á þessu móti. Og þá hittast þeir í veizlu. Því hefur nefnilega verið útvarpað yfir heimsbyggðina nú nýlega, að það

eigi að halda þeim veizlu í Kaupmannahöfn, og þar er sagt frá því, að aðalrétturinn þar verði heitar pylsur. Þetta er nú eitt dæmi um ágæta fréttaþjónustu nú á tímum, að menn skuli fá vitneskju um þetta löngu fyrir fram. En þarna gefst einmitt ágætt tækifæri fyrir hv. 1. þm. Vestf. að taka nú Fagerholm tali, endurnýja gamlan kunningsskap við hann og fá alveg hrein svör hans um það, hver afstaða hans sé í þessu bjórmáli. Það gæti verið ákaflega gott fyrir þá nefnd, sem fær þetta frv., að vita það, hvort sem það verður nú heldur allshn. d. samkv. till. flm. eða hv. menntmn. samkv. till. 1. þm. Vestf. Ég held, að það borgaði sig fyrir n. að fresta afgreiðslu málsins, þangað til þeir kæmu heim af Norðurlandaráðsfundi og þetta fengist greinilegar upplýst.

Ég hef ekki aðeins hlýtt með athygli á þær umr., sem hér hafa farið fram. Ég hef að sjálfsögðu einnig lesið frv. og grg., sem því fylgir, og satt að segja kemur mér sumt þar dálítið einkennilega fyrir sjónir. Hv. flm. segir t. d. í grg., að um þetta mál, sem hér er á ferð, hafi verið og séu mjög skiptar skoðanir. Og í framhaldi af því segir hann: „Því er þetta frv. komið fram.“ Sem sagt, hann flytur málið vegna þess, að það hafa verið um það skiptar skoðanir. Mér finnst það nú ekki sterk röksemd eða veigamikið atriði í þessu. Ég fæ ekki séð nauðsyn á því að flytja frumvörp hér á Alþ. um ákveðin mál eingöngu vegna þess, að þau séu um þau mál skiptar skoðanir. Ég hefði haldið, að menn ættu að flytja frumvörp fyrst og fremst vegna þess, að þeir sæju brýna þörf fyrir að koma fram með mál, sem einhverjum mætti verða til gagns og heilla. En ég hef ekki séð í grg. og ekki heldur heyrt í ræðum manna því haldið fram, að þetta væri neitt nytsemdarmál, nauðsynlegt fyrir þjóðina eða mundi verða landsmönnum til gagns.

Eitt af því, sem hv. flm. talaði um í framsöguræðu sinni, var það, að hér væri til mikið af glerkútum eða glerbrúsum. Þeir hefðu komið til landsins utan um einhverja sýru, skildist mér, og þeir væru eftirsóttir, þessir brúsar, — og hann taldi, að þetta væru hentug ílát fyrir bjór. Nú get ég ekki fallizt á, að það út af fyrir sig sé þýðingarmikið atriði í málinu eða sterk meðmæli með því að fara að brugga hér sterkan bjór, þó að það kunni að vera til einhver ílát hér, sem vel mætti geyma hann í, og sé ég ekki, að það skipti máli, hvort þau ílát eru úr gleri eða gamlir trékútar, eins og notaðir voru hér áður fyrr.

Á einum stað í grg. segir hv. þm., að vínneyzla aukist hér með hverju ári, bæði sú, sem sést í skýrslum, og einnig hin, sem aldrei sést öðruvísi en í raun. En þetta er nú ekki rétt hjá hv. flm., þetta hlýtur hann að hafa sett þarna af vangá, því að skýrslur, sem birtar hafa verið nú í vetur, sýna það, að árið 1960 var áfengisneyzla hér á landi 10% minni en 1959.

En í niðurlagi grg. teflir hv. þm. fram því, sem hann kallar meginröksemdir í þessu máli. Hann segir, að meginröksemdirnar séu þær, að slíkt bann sem nú er á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenzkra þegna. Ég skal viðurkenna það með hv. flm., að það getur verið hættulegt að móðga menningarþroskann. Við skulum segja, ef hann væri nú svo stórkostlega móðgaður, að hann þyti af landi burt, vegna þess að hann fengi ekki hér drykk við sitt hæfi. Þetta væri náttúrlega mjög slæmt. En ég er ekki eins hræddur við þetta og hv. flm. Ég held, að það sé engin hætta á því, að menningarþroskinn yfirgefi okkur, þó að hann fái ekki sterkt öl. Það eru ýmsar tegundir af drykk hér fyrir, sem hann ætti að geta bjargazt við.

Eins og ég sagði áðan, hef ég ekki séð í grg. eða heyrt í ræðum manna, að það mundi verða neinum til gagns eða heilla, þó að hér væri farið að brugga og drekka sterkan bjór. En ég tel ákaflega sterkar líkur fyrir því, að samþykkt frv. og ef eftir því væri farið mundi leiða til þess, að hér yrði meiri áfengisneyzla eftir en áður. En ef þjóðin eykur áfengisneyzluna, mun henni verr farnast en áður. Þess vegna tel ég rétt af hv. þd. að fella þetta frumvarp.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég býst nú ekki við, að mér takist að verða jafngamansamur í sambandi við þetta mál og hv. 1. þm. Norðurl. v., enda kannske ekki þess að vænta. Ég hef hlýtt hér á svarræðu hv. flm. og ekki orðið miklu fróðari af því, sem þar hefur verið fram flutt. En þegar eru tekin út öll persónuleg hnotabit, sem ég tel ekki að sé vert að vera að eyða tíma hv. þm. í og ég mun leiða hjá mér að svara, sýnist mér, að þessi meginatriði standi eftir:

Fyrst, að engin ný rök hafi komið fram frá hv. flm., sem styðji þá nauðsyn, að frv. verði samþykkt. Engin ný rök. Endurtekning fyrri raka, sem að langmestu leyti voru engin frambærileg rök, eru engin ný rök. Þar er aðeins um endurtekningu að ræða. Og rökleysi verður ekki að rökvísi, þó að það sé margendurtekið.

Hins vegar hafa mörg orð fallið hér af vörum hv. flm., sem beinlínis styðja það, að ekki eigi að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir, heldur verður þá að breyta því á þann hátt, sem ég legg til í brtt. minni hér í Alþingi, og skal ég nokkuð benda á það.

Hv. flm. lagði sjálfur til í seinni ræðu sinni, að samþykkt þessa frv. skuli frestað, en í stað þess verði skipuð milliþinganefnd til þess að rannsaka málið, — segist hafa bent hv. þingmönnum á þessa leið. Ég tel, að það sé ekkert útilokað að fá samkomulag um slíka afgreiðslu málsins. En ef samkomulag ætti að nást á þessum grundvelli, þarf að samþykkja mína brtt. og bæta svo við frv. nýrri grein sem bráðabirgðaákvæði um að skipa nefnd til þess að athuga ástandið í áfengismálunum og bera fram raunhæfar tillögur til úrbóta og m. a. sé þá athugað, hvort sala á sterku öli innanlands geti bætt ástandið, eins og það er í dag. Ég er tilbúinn til þess að ræða við hv. flm. um þessa afgreiðslu málsins. En ég segi: hvers vegna var þá verið að bera frv. fram í þessari mynd, ef það hefur legið á bak við hjá hv. þm. að vilja fara þessa leið? Ég skal ekki ræða frekar um það, en ég er fullkomlega til viðtals um, að málið sé þannig afgreitt.

En þegar nú hv. flm. hefur flúið úr öllum varnarstöðvum og hann hefur enn fremur viðurkennt, að við þurfum að varna því, að einstakl-

ingar og hópar verði ofdrykkjunni að bráð, því að þetta hefur hann viðurkennt í umr., að málið sé ekki svo einfalt, að sanngjarnt sé, að hann svari slíkum spurningum og þeim, er ég beindi til hans í minni ræðu í sambandi við umbætur á ástandinu, — því hefur hann einnig haldið fram, — og í þriðja lagi, að sala sterks öls hér geti ekki dregið úr ofnautn áfengis og því síður útrýmt henni, heldur í hæsta lagi bætt eitthvað drykkjumenninguna, því að betra sé þó að drekka öl en brennivín, — þegar allt þetta liggur fyrir og það liggur fyrir skjallega hér, er þá nokkuð ósanngjarnt að spyrja hv. flutningsmann: hvað knúði hann til þess að flytja þetta frumvarp og það í því formi, sem það er flutt? Hvaða aðilar eru það, sem hafa svo brennandi áhuga á þessu máli, að það nái fram að ganga í því formi, sem það var flutt, að hv. flm. þætti rétt og teldi nauðsynlegt að flytja það? Það hefur ekki komið fram hér í umr. Hv. þm. er einn af þm. Reykjavíkurbæjar. Ég spyr hann því: Var það Sjálfstfl., sem óskaði eftir því, að hann bæri þetta frv. fram? Mér er a. m. k. ekki kunnugt um það. Og þar til annað kemur fram, mótmæli ég því, að það hafi verið að hans tilhlutan, að málið hafi verið borið fram í því formi, sem það er, eða í nokkru formi. Ég spyr: Var það hæstv. dómsmrh.? Ég mótmæli því einnig, að það geti verið, og visa þar til ummæla hæstv. dómsmrh., sem hann hafði um þetta mál, þegar hann sjálfur bar það fram í frumvarpsformi, stjfrv. 1952 og aftur 1953, og tók þó út þetta ákvæði úr frv., sem hafði verið sett inn í af milliþinganefndinni. Ég á ekki von á því, að hæstv. dómsmrh. hafi nokkuð snúizt í því máli síðan, svo að þaðan getur það ekki verið runnið. Eru það þá stéttarbræður hv. flm., eru það þeir, sem hafa óskað eftir því, að málið væri borið fram hér á Alþingi, sjómennirnir í landinu? Ég fæ ekki trúað því, fyrr en eitthvað annað liggur fyrir til sönnunar því. Er það þá Reykjavíkurborg, eru það forustumenn Reykjavíkurbæjar, sem hafa óskað eftir því? Ég mótmæli því harðlega. Er það lögreglustjóri eða lögreglan í Reykjavík, sem hefur óskað eftir því, að frv. nái fram að ganga, til þess að fá enn meiri vandræði í þeim málum? Ég trúi því ekki. Er það heilbrigðiseftirlitið í landinu, sem hefur óskað eftir því, að það væri gert, m. a. landlæknir? Við höfum svörin frá lækni á Vífilsstöðum. Ég trúi ekki heldur, að læknar eigi þátt í flutningi þessa frv. Eru það þá einhver félagasamtök, t. d. kvenréttindafélögin eða kvennafélögin yfirleitt? Vart trúi ég því. Eru það verkalýðsfélögin í landinu? Hér hefur komið yfirlýsing um það á hv. Alþingi, að það séu ekki þau, sem standi á bak við það. Er það Bláa bandið, sem hefur óskað eftir því, að þetta frv. yrði borið hér fram til þess að hjálpa þeim í þeirra starfsemi? Ekki trúi ég því. Eða templarar? Varla trúi ég því, að það séu þeir. Er það áfengisvarnaráð, sem hefur óskað eftir því, að frv. væri borið fram? Því trúi ég ekki heldur. Eru það þá leynivínsalarnir? Nei, ég trúi ekki því, að þeir hafi heldur gert það. Ekki léttir það göngu þeirra um að græða peninga á smygli. Eða eru það smyglararnir? Eru það samstarfsmenn hans á flotanum, sem — (Hlátur.) Ég er líklega að verða eins gamansamur og hv. 1. þm. Norðurl. v. Eru það þeir, sem hafa óskað eftir því til þess að þurfa ekki að skera í sundur vatnsþéttu skilrúmin í skipunum, þar sem þeir eru að vinna, og fréttir segja um daglega, að sé verið að gera? Því trúi ég ekki heldur. Eru það tryggingafélögin, sem tryggja það tjón, sem ofdrykkjan veldur í landinu? Nei, það er ekki hægt að gera ráð fyrir því. Er það Tryggingastofnun ríkisins, til þess að fá enn fleiri menn í tuga- og hundraða- og þúsundatali til þess að komast á örorkustyrki þar? Nei, því trúi ég ekki heldur. Eru það ökumannafélögin, sem hafa beitt sér fyrir því til að draga úr vínnautninni? Nei, það geta ekki heldur verið þau.

Þá komum við að einu: Eru það ferðaskrifstofurnar, vegna þess að það auki ásókn erlendra ferðamanna að koma hingað til Íslands og njóta hins ágæta öls? Er það það? Ég skal ekki segja um það, það getur vel verið. En ég vil aðeins leyfa mér í því sambandi að benda á, að hér voru staddir á síðasta sumri margir erlendir ferðamenn, m. a. í sambandi við Norðurlandaráð, og einnig okkar ágæti Fagerholm. Og þegar þeir fóru héðan, var það tvennt, sem þeir voru mest undrandi yfir. Annað voru þau mörgu grettistök, sem íslenzka þjóðin hafði lyft á þessari öld. Þeir skildu bókstaflega ekki, hvernig svo fámenn þjóð hefði getað lyft öðrum eins grettistökum og hér hefði verið lyft og einkum og sér í lagi á síðustu árum. Þetta var annað, sem þeir voru undrandi yfir. Hitt var, hve mikið var drukkið á Íslandi. Þeir sátu, m. a. allir forsetar ráðsins að undanteknum mér, — ég var ekki með þeim það kvöld, — inni á einu mjög ágætu matsöluhúsi, og sögðu þeir mér, að þeir hefðu séð, sem þeir spurðu mig að, hvort væri venja yfirleitt, fjölda af ungu, glæsilegu fólki byrja með því að drekka vínblöndu, eins og gert er þegar menn fá sér miðdegisverð, drukkið svo eina tegund víns með hverjum rétti, endað með konjaki með kaffinu — og hefðu sjálfsagt einnig tekið öl með, ef það hefði verið fyrir hendi, til þess að njóta allra gæðanna, og endað svo með því að drekka sig kolfulla, kvenfólk og karlmenn, í viský, svo lengi sem opið var, og það undruðust þeir mest, hvernig þessi þjóð með slíkri áfengismenningu, eins og varð fyrir þeim hér, á sama tíma gæti verið leiðandi þjóð á mörgum sviðum í atvinnulífinu. Þeir sögðu líka við mig: Þetta hlýtur að vera fádæma gott land að þola þetta og samt sem áður er verið að byggja landið upp.

En hvaða aðrar leiðir eru svo til þess að laða hingað ferðamenn en að flytja sterkt öl inn í landið? Ég skal benda hv. flm. á, að það eru háværar raddir um það í dag, að við töpum milljónum á því að koma ekki betra skipulagi á hótelmenninguna í Keflavík, því að þúsundir manna fara þar um og geta ekki einu sinni fengið öl eða kaffibolla eða neitt til að hressa sig á frá því snemma á kvöldin þangað til snemma næsta morguns. Ég hygg, að hv. flm. ætti að taka sig til og beita sér fyrir því, að það yrði opnað þar fyrir almenning, ekki bjórstofa, heldur bara almennar veitingar, svo að þetta fólk þurfi hvorki að skjálfa í kulda þar né vera miður sín fyrir

það, að allt sé lokað á þeim ágæta stað, og um þennan stað fara þúsundir manna. Ég skal gjarnan vera með honum, ef hægt væri að koma því máli í eitthvað betra horf. Ég minnist líka, eins og ég sagði hér um daginn, að það var meginþátturinn í því að leyfa meira frelsi í áfengissölu 1953 en gert var, að það væri hægt að byggja hér upp betri hótel fyrir ferðamenn en áður hefði verið. En hefur það verið gert? Allt það hefur verið vanrækt.

Það sagði við mig einn ágætur maður í gær í samtali, að ástæðan fyrir því, að hann væri fylgjandi þessu frv., — þetta var einn af ágætum hv. þm., — væri sú, að hann eins og flestir aðrir, sem hefðu kynni af því, hvers vegna unglingarnir í dag héngju á sjoppunum, eins og kallað er, og drykkju þar gosdrykki, sem þeir blanda með brennivíni, telji sér skylt að vera með því, að þetta frv. nái fram að ganga. En ég vil spyrja: Er nokkur von til þess, ef þessir sömu unglingar hafa þá nákvæmlega sömu aðstöðu og e. t. v. sömu tilhneigingu til þess — ekki að blanda gosdrykkina með brennivíni, heldur ölið með brennivíni, af því að þeim þyki það ekki nógu sterkt, — er nokkur von til þess, að það verði til þess að minnka ósiðina í sambandi við drykkju í landinu? Ég held ekki. Ég held, að það verði mikil og stór hjálp til þess að auka þá stórkostlega, og þess vegna er ég á móti samþykkt frv. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda hv. flm. á, sem ég veit að hann mun þekkja, hver er reglan í þeim löndum, sem hann er svo kunnugur, — ég þekki nokkuð vel til líka, — þegar haldið er hádegisverðarboð með köldum rétti. Hver er reglan? Hún er almennt sú að byrja að drekka brennivín með síldarréttunum og á eftir brennivín með bjór, sterkum bjór, drekka síðan konjak með kaffinu og þar næst sterkari drykki á eftir. Ég hef ekki séð, að bjórdrykkjan við þessi hóf hafi dregið nokkuð úr viskýdrykkjunni, eftir að hádegisverðinum er lokið. Ég hef ekki séð það, og það sannar mér ekki, að það batni við bjórinn, nema síður sé, og það hefur hv. flm. viðurkennt, að það sé versta blanda, sem hægt sé að drekka, þegar farið sé að drekka bjór, sem blandaður sé sterkari tegundum, og það hafi hinar vísindalegu tilraunir í Finnlandi sýnt, að þar séu verst áhrif á taugakerfi manna og líkama allan, svo að ekki eigum við að óska eftir því.

En síðustu rökin og einu rökin, sem að nokkru leyti er hægt að hlusta á í sambandi við þetta mál, eru þó þau, að það sé hægt fyrir ríkissjóðinn að græða allmikið fé á þessari bjórsölu. Ég trúi því ekki, að núv. hæstv. fjmrh. hafi lagt á það áherzlu eða það sé frá hans brjósti runnið að flytja málið til þess að ná þannig nýjum tekjum í ríkissjóðinn. Ég trúi því ekki. En sé það aðalástæðan að fá nýtt fé í sambandi við sölu á þessari vöru, þarf náttúrlega frv. að verða miklu ýtarlegra en það er og alls ekki að láta þau mál koma fram í reglugerð, heldur í lögunum sjálfum.

Þá vil ég spyrja þá hv. þm., sem ef til vill kunna að fylgja þessu frv. í gegn, sem ég veit ekkert um, og þá hv. flm.: Vilja þeir vera til umr. við okkur hina, sem viljum ekki ölið, að allur sá gróði, hver einasti eyrir, fari til þess að útrýma áfengisbölinu á Íslandi?

Ég er rétt að ljúka mínu máli, herra forseti. Hv. flm. var að núa mér því um nasir, að ég væri með ofstæki í þessu máli. Ég er alveg viss um, að ef hann hefði varið jafnlöngum tíma til þess að kynna sér það böl, sem áfengið hefur skapað í þessu landi, og ég hef gert, og er þó engan veginn nema brot af þeim tíma, sem þyrfti að verja til þess, þá væri hann á nákvæmlega sama máli og ég í þessu máli, — nákvæmlega sama máli. En þegar hann fer með ummæli mín þannig, að ég hafi sagt hér fyrr í minni ræðu, að þetta ætti jafnvel að koma hér í staðinn fyrir móðurmjólkina, þá finnst mér nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn, því að orð mín um það féllu sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta, og eru tekin beint upp af segulbandinu:

„Alger afneitun öls og annars vínanda um meðgöngutímann og fram yfir þroskaskeið móður, frá því að móðir hættir að næra barnið með brjóstmjólkinni, er áreiðanlega miklu sterkari vernd en dagleg neyzla öls, sem inniheldur 3½%.“

Er nokkurt ofstæki í þessum orðum? Ég held, að hv. flm. verði að finna orðum sínum betri stað eða hafa einhver sterkari rök en þetta til þess að stimpla mig sem einhvern sérstakan ofstækismann.

Ég skal svo verða við þeirri ósk hv. 1. þm. Norðurl. v. að ræða þessi mál mjög ýtarlega við herra Fagerholm, þegar við komum saman eftir 14 daga og hittumst þar yfir öli og pylsum, ef hv. Alþingi vill bíða eftir þeim ummælum, sem frá honum kynnu að koma.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki misnota tímann lengur. Það er þó sannarlega gott, að eftir allar þessar umr. séu menn svo gamansamir sem þeir eru, sérstaklega 1. þm. Norðurl. v. Ég sakna þess sannarlega, að Framsfl. skuli ekki velja hann til þess að verða meðreiðarmann 1. þm. Vestf. í pylsuveizlu Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn, sem hefst innan skamms.

Ég tek undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði í sinni ræðu, að hér hafa ekki komið nein ný rök fram. Það hefur ekkert komið hér fram, sem ég hef ekki verið búinn að fara orðum um áður. En það er misskilningur í orðum 1. þm. Vestf., sem ég vil leiðrétta. Ég dró fram niðurlagsorð Helga Ingvarssonar yfirlæknis á Vífilsstöðum um, að hann óskaði eftir, að mþn. fjallaði um málið, vegna þess að ég hafði einmitt lokið minni framsöguræðu á því, að sú þingnefnd, sem fengi málið til meðferðar, tæki málið til ýtarlegrar meðferðar og skoðunar og kynnti sér einmitt þær nútímastefnur, sem uppi væru í þessum málum í nágrannalöndum okkar.

Þeirri löngu upptalningu hv. síðasta ræðumanns og spurningalista um það, hverjir hafi fengið mig til þess að flytja þetta frv., — að ég tali nú ekki um hið smekklega innskot hv. þm. um sína eigin stéttarbræður, sem eru einu mennirnir á íslenzkum farskipum, sem hafa logsuðutæki í höndum, þau hefðu verið betur ósögð, — ég get svarað því fljótt, þessari spurningu hv. þm., hver hafi fengið mig til þess að flytja þetta

frv. Það er sannfæring mín. Ég hef ekki aðeins heimild til þess, heldur líka skyldu samkv. stjórnarskrá Íslands, og ég tel, að einmitt þessi gamli, æruverðugi þm. hafi það ekki síður en ég. Þess vegna hef ég aldrei leyft mér einu sinni að bera fram slíka spurningu við þennan hv. þm. í þessari hv. d., jafnvel þótt ég hafi oft séð ærna ástæðu til þess að spyrja hann að því, hver hafi fengið hann til þess að bera sum af þeim málum inn í þessa deild, sem hann hefur borið hér fram.

Ég ætla að taka það fram að lokum, að ég held mig við þá till. mína, að málinu verði vísað til allshn. Það er mesti misskilningur, að ég hafi mælt með því, að hans till. væri samþykkt í þeirri mynd, sem hann hefur borið hana fram. Ég tel hins vegar, að þessi till. eða efni hennar ætti að samþykkjast, og því skal ég vera með. Þess vegna má hans till. fara til menntmn. En ég held fast við mína till., að þessu frv. verði vísað að umr. lokinni til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 10. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25:6 atkv.
Fellt með 23:1 atkv. að vísa frv. til menntmn.
Frv. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þann 10. febr. var vísað til allshn. 144. máli, um breytingu á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954, ásamt brtt. frá mér á þskj. 277, sem er þess efnis, að í staðinn fyrir meginmálsgreinina í l. komi inn sérstök grein, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengisráð lætur gera kvikmyndir um öll þau atriði, sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar. Skal fræðslumálastjórninni skylt að sjá um, að skólarnir eigi jafnan kost á að sýna kvikmyndir þessar í heild eða kafla úr þeim, eftir því sem við á á hverju skólastigi, og að þeir eigi enn fremur aðgang að hentugum kennslubókum og öðrum kennslukvikmyndum til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, enda sé hér haft fullt eftirlit með því, að haldið sé uppi slíkri fræðslu í öllum skólum landsins. Kostnaðurinn við kvikmyndagerðina greiðist úr gæzluvistarsjóði."

Af þeim umr., sem fóru fram um málið hér á Alþingi, varð ljóst, að málið sjálft hafði ekki þingfylgi. Hins vegar mátti gera ráð fyrir, að þessi brtt. hefði fullt fylgi í þinginu, og hefði því átt að vera búið að afgreiða málið. Nú er sýnilegt, að málið fær tæplega afgreiðslu á þessu þingi. Baráttu fyrir breytingu á löggjöfinni til þess að varna því böli, sem áfengið veldur í landinu, verður ekki hætt. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann knýi hv. allshn. til þess að gefa a. m. k. út nál. um þetta mál, áður en þingi lýkur. Þá liggja þó fyrir nokkur gögn til leiðbeiningar á næsta þingi, því að þá verður reynt á ný að knýja fram umbætur á löggjöfinni. — Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki þessu vel.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Út af ummælum og fsp. hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) vil ég taka fram, að það hefur ekki enn þá verið tekin ákvörðun um það í allshn., hvort eða hvernig þetta frv. yrði afgr. þaðan eða hvort yrði gefið út nál. um það. Hins vegar vil ég upplýsa, að það er ætlunin að halda fund í n. annaðhvort í fyrramálið eða á laugardagsmorguninn, og verður þá væntanlega þetta frv. rætt þar. Hins vegar get ég ekkert á þessu stigi málsins sagt um það, hvort út verður gefið nál. um frv. að þeim fundi loknum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. form. allshn. Nd. fyrir þessi svör. Ég vil vænta þess, að á þeim fundi verði gengið svo frá málinu, að það verði gefið út nál., því að það er til mikilla upplýsinga fyrir þá, sem taka upp baráttu fyrir umbótum á þessu sviði á næsta Alþingi.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á 45. fundi í Nd., 17. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins [150. mál] (þmfrv., A. 266).

Á 46. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og þetta frv. ber með sér, fjallar það um að fella niður þann einkarétt, sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur nú til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum. Þetta ákvæði var sett í lög fyrir 25 árum og þá að sjálfsögðu miðað við allt aðrar aðstæður en þær, sem nú eru. Sá ávinningur, sem ætti að hljótast af því, ef þessi breyting yrði gerð, er fyrst og fremst sá, að þá mundu fleiri aðilar en nú vinna að því, að ferðamenn kæmu hingað, og jafnframt mundi þá verða unnið meira að landkynningu erlendis en nú er gert.

Nú eru þegar starfandi nokkrar ferðaskrifstofur í landinu aðrar en Ferðaskrifstofa ríkisins, sem aðallega vinna að því að greiða fyrir ferðalögum Íslendinga til útlanda. Þessar ferðaskrifstofur gætu alveg eins unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað til lands. Jafnframt mundi það leiða af því, ef þær fengju leyfi til að gera þetta, að þær næðu sambandi við erlendar ferðaskrifstofur, sem mundu greiða fyrir því, að hingað kæmu útlendir ferðamenn, og á vegum þeirra mætti búast við verulega aukinni landkynningu. Þetta ætti hins vegar ekki að verða neitt til þess að skerða starf Ferðaskrifstofu ríkisins eða aðstöðu hennar til þess að vinna að þessum málum. Hún mundi eftir sem áður halda þeim samböndum við erlendar ferðaskrifstofur, sem hún hefur núna, og þær vinna að þessum málum í samráði við hana, eins og þær hafa gert.

Það, sem mundi gerast, ef þessi breyting yrði, væri, að það mundu fleiri aðilar koma til viðbótar, og því mætti búast við aukningu á komu erlendra ferðamanna hingað til lands og eins aukinni landkynningu út á við á vegum þeirra erlendu ferðaskrifstofa, sem ferðaskrifstofur einstaklinga hér innanlands hefðu samband við.

Það er mál, sem óþarft er að ræða sérstaklega að þessu sinni, að nauðsynlegt er að greiða á allan hátt fyrir því, að erlendir ferðamenn komi til landsins, því að það á að geta haft verulegan tekjuauka í för með sér. Við eigum því ekki að láta neitt ógert, sem gæti greitt fyrir því, að svo yrði. Það að afnema þær hömlur, sem nú eru á í þessum efnum, þ. e. að aðeins einn aðili skuli hafa leyfi til að vinna að þessum málum, mundi verða nokkurt spor í þessa átt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en legg til, að því verði vísað að umr. lokinni til samgmn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum láta í ljós andstöðu mína við þetta frv. Ég tel, að samþykkt þess mundi hafa illt eitt í för með sér, og vil undirstrika, að það er ekki sögð öll sagan varðandi efni málsins í þeim orðum, sem hv. frsm. mælti fyrir frv. Ferðaskrifstofan hefur verulegar tekjur af því að annast fyrirgreiðslu fyrir útlendinga. Ef hún yrði svipt einkarétti sínum til þess og þessi þjónusta flyttist á margar hendur, er enginn vafi á því, að tekjur ferðaskrifstofunnar, hennar almennu rekstrartekjur, mundu stórminnka. Það hefði á hinn bóginn í för með sér, að veita þyrfti stóraukið fé til ferðaskrifstofunnar á fjárlögum. Nú innir hún af hendi kostnaðarsama landkynningu erlendis og aflar sér að mjög verulegu leyti tekna til þess sjálf, fyrst og fremst með þessari starfsemi sinni. Það liggur því í augum uppi, að ef ekki á að draga verulega úr þessari landkynningarstarfsemi erlendis, sem engum mun þykja hyggilegt, þá mundi þurfa að stórauka framlög til ferðaskrifstofunnar á fjárlögum, ef frv. sem þetta næði fram að ganga. Þetta vildi ég láta koma fram þegar við 1. umr. málsins, af því að þetta veigamikla atriði kom ekki fram í ræðu hv. flm. fyrir frv.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég álít, að þessi aths. hæstv. menntmrh. sé á misskilningi byggð, af þeirri ástæðu, að Ferðaskrifstofa ríkisins kemur til með að halda áfram umræddri starfsemi, þó að þetta frv. verði samþykkt. Hún kemur til með að hafa áfram samband við þær erlendar ferðaskrifstofur, sem hún hefur áður haft, og vinna að því að greiða fyrir ferðum útlendinga hingað til landsins, og það er engin ástæða til að ætla, að það drægi neitt úr þeirri starfsemi, þó að fleiri aðilar bættust þarna við. Það, sem mundi gerast fyrst og fremst, væri, að ef fleiri aðilar tækju að vinna að þessum málum, mundi verða aukning á ferðum ferðamanna hingað til landsins. Sú aukning færi kannske að einhverju leyti fram á vegum annarra aðila en ferðaskrifstofunnar. En í þeirri samkeppni, sem væntanlega yrði í þessum efnum á milli ferðaskrifstofunnar og einkaskrifstofa, sem kynnu að starfa hér, á ferðaskrifstofan, ef hún er sæmilega rekin, að geta haldið sínum hlut og fullkomlega þeim hlut, sem hún hefur haft að undanförnu. Það, sem nýju ferðaskrifstofurnar mundu fyrst og fremst taka að sér og koma til leiðar, væri aukning á ferðamannastraumnum hingað. En hagur eða hlutur Ferðaskrifstofu ríkisins ætti ekki að þurfa að skerðast neitt a. m. k. frá því, sem hann er núna, ef hún er sæmilega rekin. Þess vegna held ég, að það sé alveg óhætt að ganga út frá því nokkurn veginn gefnu, að tekjur ferðaskrifstofunnar ættu ekki að þurfa að minnka, þótt þetta frv. væri samþykkt. Það væru hins vegar líkur til þess, að meira af ferðamönnum kæmi hingað og að hlutur ferðaskrifstofa einstaklinga mundi beinast að því að fá það í sinn skerf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Siglingalög.

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 [156. mál] (þmfrv., A. 274).

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á siglingalögum, sem hér liggur fyrir, hefur áður verið flutt í hv. d. að beiðni sjútvmrh. árið 1958. Frv. hlaut þá ekki afgreiðslu, og mun hafa verið til þess ætlazt, að mönnum gæfist kostur á að kynna sér þennan mikla lagabálk milli þinga, og kom þetta raunar fram í framsöguræðu. Frv. hefur verið sent nokkrum aðilum til umsagnar, og liggja fyrir bréf frá eftirtöldum aðilum, sem mæla með samþykkt þess: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Eimskipafélagi Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga, skipadeild.

Sjútvn. flytur frv. nú á ný að beiðni hæstv. sjútvmrh., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. við það eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Siglingalög þau, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1914, og hefur þeim nokkuð verið breytt með lögum nr. 67 1919, lögum nr. 40 1930 og lögum nr. 30 1936. En veigamesta breytingin, sem á þeim hefur orðið, er sú, að kaflinn um skipshöfn var tekinn til endurskoðunar og gerður að sérstökum lögum, þ. e. sjómannalögunum nr. 41 frá 1930. Að öðru leyti eru siglingalögin frá 1914 óbreytt, en þau voru upphaflega að mestu samhljóða sams konar löggjöf á hinum Norður-

löndunum, sem samræmdu sín lög um þetta efni þegar á síðari hluta 19. aldar. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa síðan sameiginlega endurskoðað siglingalög sín og breytt þeim til samræmis við alþjóðlegar samþykktir, en siglingar eru í eðli sínu svo alþjóðleg starfsemi, að það er til mikils hagræðis fyrir þau lönd, sem samskipti hafa á því sviði, að réttarreglur séu sem víðast hinar sömu, einkum að því er kaupför snertir.

Árið 1948 fól þáv. samgmrh., Emil Jónsson, þeim Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara, Gunnari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, Guðbjarti Ólafssyni hafnsögumanni og Sigurjóni Á. Ólafssyni alþingismanni að endurskoða hin íslenzku siglingalög, og var Þórður Eyjólfsson skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin frestaði störfum, meðan beðið var eftir árangri af endurskoðun siglinga- og sjómannalaga á hinum Norðurlöndunum, og meðan störf n. lágu niðri, bar að fráfall Sigurjóns Á. Ólafssonar, en hinir nm. luku við að semja frv. í þeirri mynd, sem það nú er.

Það er ekki á mínu færi að gera hv. d. eins ýtarlega grein fyrir þessu frv. og vert væri, en ég skal nefna örfá atriði til að sýna fram á, að endurskoðun siglingalaganna er tímabær og nauðsynleg.

Sum ákvæði l. frá 1914 eru komin svo langt frá veruleikanum, að dómstólar hafa neyðzt til þess að dæma þau ógild. VII. kafli laganna frá 1914 fjallaði um sjólán eða bodmeri, þ. e. a. s. skipstjóranum var gefið víðtækt vald til þess að taka lán og veðsetja skip og farm, ef á þyrfti að halda, til þess að tryggja áframhald ferðarinnar. Þetta gat stundum reynzt nauðsynlegt, ef skip voru fjarri heimahöfn og eitthvað það kom fyrir, sem ráða þurfti fram úr, áður en hægt væri að hafa samband við skipseigandann. Nú á dögum getur skipstjóri alltaf haft samband við útgerðina með símtölum eða skeytum, svo að segja hvaðan sem er af hnettinum, og eru þessi ákvæði þess vegna úrelt orðin. VII. kaflinn í heild er þess vegna felldur niður í frv.

Ákvæði um rétt skipstjóra og skipverja til þess að reka eigin verzlun á farskipum eru afnumin og skipverjum gert óheimilt að hafa með sér söluvarning á skipi fyrir sjálfa sig eða aðra, án leyfis útgerðarinnar.

*Ákvæði um skyldu skipstjóra til að gefa sjó*ferðaskýrslu eru sumpart rýmkuð og sumpart aukin. Bætt er við, að skipstjóra sé skylt að gefa sjóferðaskýrslu, þegar slys verður á mönnum, sem vinna í þágu skips eða skipi fylgja, hvort sem slysið verður innanlands eða utanlands. Einnig skal gefa sjóferðaskýrslu, ef skip veldur tjóni á hafnarmannvirkjum. Þessi ákvæði eru mikilvæg, bæði í sambandi við tryggingar og bótaskyldu.

Gildandi ákvæði um heimild skipstjóra til að selja af farmi skips, þegar fjár er vant til að halda áfram ferð, eru þrengd í frv. og heimild skipstjóra til að selja skip, eftir að það hefur verið dæmt óbætandi, eru felld niður. Skilyrði þau, sem nú eru fyrir hendi, til þess að skipstjóri geti haft samband við skipseiganda, gera ákvæði sem þessi óþörf lengur, sbr. það, sem áður var sagt um sjólán.

Samkv. frv. er víða breytt einstökum orðum, sem lýsa vel þróuninni frá setningu laganna. Þar sem áður stóðu orðin „konsúll“ eða „danskur konsúll“, „konungur“ og „konunglegar tilskipanir“ koma nú, eftir því sem við á, orðin „ræðismaður“, „íslenzkur ræðismaður“, „ráðherra“ og „reglugerð“. Í stað orðanna „gufuskip“ og „kolabirgðir“ koma orðin „vélskip“ og „eldsneytisforði“.

Samkv. frv. á V. kafli l., sem er mjög langur og ýtarlegur, að fjalla um flutningasamninga, en þeir greinast í farmsamninga um flutning á vörum og í farmsamninga um flutning á farþegum. *Þessi ákvæði eru í frumvarpinu samræmd al*þjóðasamþykkt, sem sett var í Brussel árið 1924. Meðal nýmæla í þessum kafla eru ákvæði um tímabundna farmsamninga, „time charter“, og eru þau ákvæði byggð á venjureglum, sem myndazt hafa um slíka samninga. Varðandi farþega er það nýmæli í frv., að lögð er skylda á farsala að sjá farþegum fyrir flutningi til áætlunarstaðar, hvort heldur með öðru skipi, flugfari eða flutningi á landi, ef skipi hlekkist svo á á leiðinni, að verulegum töfum valdi. Einnig er það nýmæli, að farsala ber að bæta tjón, sem farþegi bíður við það, að skip ferst eða er dæmt óbætandi eða af því, að för skips seinkar verulega. Þetta verður bótaskylt, nema ætla megi, að hvorki farsali né hans menn hafi átt sök á tjóninu. Sú regla er afnumin samkv. frv., að farmsamningshafi geti riftað farmsamningi hvenær sem er og sloppið með að greiða hálft farmgjaldið. Í stað þessa gamla ákvæðis er sett um þetta almenn bótaregla, og verður sá farmsamningshafi, sem riftar farmsamningi að ástæðulausu, að greiða fullar skaðabætur.

Engar verulegar breytingar eru gerðar á þeim kafla l., sem fjallar um sjótjón. Breytingar á kaflanum um tjón af árekstri eru aðallega í því fólgnar, að úr honum eru felld ákvæði, sem nú eru í öðrum lögum. Gerðar eru í frv. smávægilegar breytingar á X. kafla siglingalaganna um *björgun, og gerir n., sem frv. samdi, ýtarlega* grein fyrir afstöðu sinni til þessa atriðis í tilefni af því, að frv. um breytta skiptingu á björgunarlaunum var til hennar vísað. Niðurstaða n. er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„*Hér hefur verið gerð grein fyrir því í aðal*atriðum, hvaða sjónarmið hafa verið látin ráða skiptingu björgunarlauna í siglingalöggjöf þjóða. Við athugun á þeim hefur n. ekki séð ástæðu til að víkja frá núgildandi reglum, sem eru í samræmi við það, sem aðrar þjóðir og okkur skyldar hafa í sínum lögum, enda hafa þær látið þessi ákvæði haldast óbreytt, þrátt fyrir nýlega endurskoðun laganna.“

Þetta var niðurstaða nefndarinnar í grg. um 10. gr. frv.

Í 11. gr. frv. er gert ráð fyrir nýjum kafla í siglingalögunum undir fyrirsögninni „Um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna“, og segir í grg. n., að þarna sé að finna þýðingarmestu breytingarnar frá gildandi siglingalögum, sem í frv. felast. Reglur um takmarkaða ábyrgð útgerðar-

manna hafa meðal annarra þjóða verið settar með hliðsjón af því, að útgerð er áhættusamur atvinnurekstur og að útgerðarmaður getur oft ekki sjálfur haft hönd í bagga, þegar stofnað er til skuldbindinga, sem á hann kunna að falla, heldur á hann þar mest undir öðrum. Rakið er í grg., hvaða reglur hafa gilt um þetta hjá ýmsum einstökum þjóðum og einnig samkv. alþjóðlegum samþykktum. Tillaga n. í frv. er sú, að persónuleg ábyrgð útgerðarmanns á nánar tilteknum kröfum verði eingöngu miðuð við verð skips og farmgjalds og tvöfalda þá upphæð, þegar um tjón á mönnum er að ræða, og verði farmgjaldið ávallt talið 10% af skipsverðinu. Verði þessi regla um takmörkun ábyrgða lögleidd, leiðir af því, að útgerðarmenn verða að hafa skip sín vátryggð sem ábyrgðinni svarar.

Kaflinn um sjóveðsrétt og fyrningu á sjóveðskröfum hefur verið umsaminn í heild til samræmis við önnur ákvæði frv.

Loks er í frv. gert ráð fyrir kafla um refsingar og önnur viðurlög, og vil ég geta þess, að sjútvn. mun m. a. þurfa að athuga ákvæði þess kafla nánar með tilliti til frv. þeirra um breytingu á refsiákvæðum laga, sem lögð voru fyrir hv. d. í upphafi þings og hafa nú verið afgreidd til hv. Ed. Trúlega eru það fleiri atriði, sem skoða þarf betur, og leyfi ég mér að vænta þess, að hæstv. forseti hafi um það samráð við sjútvn., hvenær frv. verður tekið á dagskrá til 2. umr. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi, þannig að við þurfum ekki lengur að búa við siglingalög, sem eru orðin langt á eftir tímanum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Sjómannalög.

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930 [157. mál] (þmfrv., A. 275).

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. til laga um breyt. á sjómannalögum á þskj. 275 er samið að beiðni hæstv. sjútvmrh. af sömu nefnd og samdi frv. um breytingar á siglingalögunum. Er eðlilegt, að þetta tvennt fylgist að, því að upphaflega voru sjómannalögin sérstakur kafli í siglingalögunum, þ. e. a. s. kaflinn um skipshöfn, en með lögum nr. 41 19. maí 1930 var þessi kafli endurskoðaður og gerður að sérstökum lögum, sem nefnast sjómannalög. Við þessa breyt. var fylgt fordæmi hinna Norðurlandaþjóðanna. Sjómannalögunum frá 1930 hefur síðan verið breytt með l. nr. 36 frá 1941. Lutu þær breytingar, sem þá voru gerðar, aðallega að réttarstöðu loftskeytamanna, og eru breytingarnar frá 1941 felldar inn í þetta frv. Sjútvn. flytur frv. að beiðni hæstv. sjútvmrh. og áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég leyfi mér að vísa til grg. með frv. varðandi þau sjónarmið, sem fylgt hefur verið við samningu þess, en þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að ljóst er, að breytingar þær, sem aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert á sjómannalögum sínum, horfa yfirleitt til bóta og eru í betra samræmi við siglingastarfsemi nútíðarinnar en hinar eldri reglur, þá hafa gildandi sjómannalög þeirra verið höfð til fyrirmyndar við samningu frumvarps þessa. Það er og mikilsvert að rjúfa ekki samræmi það, sem um langt skeið hefur verið milli siglingalöggjafar Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða. Í nokkrum atriðum hefur þó verið vikið frá ákvæðum hinna norrænu sjómannalaga, þar sem annað þótti betur fara vegna íslenzkra atvinnuhátta og annarra ástæðna.

Með frv. þessu eru ekki gerðar neinar veigamiklar breytingar á réttarstöðu skipshafna. Hér er fremur um að ræða lagfæringar, ýmist til að nema burt úrelt ákvæði og setja önnur viðeigandi í staðinn eða til að fella fyrirmæli laganna betur að reglum almennrar atvinnulöggjafar."

Óþarft er að bæta miklu við þessa grg. nefndar þeirrar, sem frv. samdi. Sjómannalögin eru talsvert yngri en siglingalögin og þess vegna minni þörf breytinga á þeim.

Nýmæli er það í 4. gr. frv., að skipstjóri skuli ráðfæra sig við bryta og stýrimenn, þegar undirmenn þeirra eru ráðnir, hliðstætt þeim ákvæðum, sem nú gilda um það, að skipstjóri skuli ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu annarra vélgæzlumanna.

Tekin eru upp í 5. gr. ákvæði núgildandi barnaverndarlaga um það, að því er pilta varðar, að bannað sé að hafa við vinnu á skipi yngri börn en 15 ára, en gagnvart stúlkum er aldursmarkið hækkað í 18 ár. Er þar farið eftir dönskum og sænskum sjómannalögum, en norsku lögin banna að ráða yngri stúlkur en 20 ára til vinnu á skipi. Nýmæli er það einnig í sömu grein, að skipverjar skuli ganga undir læknisskoðun, áður en þeir hefja störf sín á skipi, og verður að telja þetta sjálfsagða heilbrigðisráðstöfun.

Tillögur frumvarpsins í 7. gr. um lengingu á uppsagnarfresti skipverja eru til mikilla bóta, en þar er lagt til, að uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna lengist úr einum mánuði í þrjá mánuði, sé eigi annað ákveðið um ráðningartíma. Á öðrum skiprúmssamningum skal uppsagnarfrestur samkv. frv. vera einn mánuður nema á íslenzkum fiskiskipum 7 dagar. Gilda í þessum tilfellum 7 dagar um aðra skipverja, nema á íslenzkum fiskiskipum aðeins einn dagur. Það síðastnefnda hefur einkum reynzt bagalegt, þegar fyrir hefur komið, að skipverjar á fiskibátum hafa notað sér þennan stutta uppsagnarfrest á

miðri vertíð og valdið með því tjóni bæði útgerð og skipsfélögum sínum, þegar ekki hefur tekizt að ráða menn í þeirra stað samstundis, en oft hefur það orðið torvelt vegna hinnar miklu eftirspurnar eftir vinnuafli hin síðari ár. Að mínum dómi kæmi til álita, að frestur til uppsagnar á ráðningarsamningum á fiskiskipum yrði einnig einn mánuður. Það er ekki ósanngjarnt með tilliti til þess, að skipverjar hafa nú allir kauptryggingu, sem jafngildir sæmilegu kaupi hjá fastráðnu fólki. Tillöguna um sjö daga tel ég þó spor í rétta átt.

Í 10. gr. frv. eru ákvæði, sem miða að því að kveða skýrar á um réttindi skipverja til launa í veikindum.

Ég tel svo ekki ástæðu til að rekja frekar efni frv., en legg til, herra forseti, að því verði vísað til 2. umr. og að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Þó vildi ég mega vænta þess, að samráð verði haft við sjútvn. um það, hvenær frv. verður tekið á dagskrá til 2. umr., þannig að n. fái frekara tækifæri til að athuga frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorma.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorma og æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra [159. mál] (þmfrv., A. 278).

Á 50. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 278, um varnir gegn útbreiðslu kartöfluhnúðorma og æxlaveiki í káljurtum og útrýmingu þeirra, er flutt af landbn. þessarar hv. d. samkv. ósk hæstv. landbrh., og svo sem síðast mun vera, þegar þingnefndir flytja frumvörp eftir ósk ráðuneytanna, höfum við nm. í landbn. óbundnar hendur um afstöðu okkar til frv. og áskiljum okkur rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við það.

Um frv. þetta þarf ég ekki að hafa mörg orð. Það lá einnig fyrir síðasta þingi, og hafa því hv. þm. átt þess kost að kynna sér efni þess. Með því er stefnt að skipulegri starfsemi til varna gegn útbreiðslu þeirra jurtasjúkdóma, sem í frv. eru nefndir, og annarra, er upp kunna að koma, og að útrýmingu þeirra. Frv. gerir ráð fyrir, að starfsemi þessi verði falin þriggja manna nefnd, jurtasjúkdómanefnd, sem sé þannig skipuð, að þrír aðilar, Búnaðarfélag Íslands, framleiðsluráð landbúnaðarins og Garðyrkjufélag Íslands, skipi sinn manninn hver. Landbrh., sem hafi yfirstjórn þessara mála, skipi síðan einn nm. formann, sem jafnframt sé framkvæmdastjóri jurtasjúkdómanefndar. Kostnaður, sem leiða kann af störfum þessarar nefndar, gerir frv. ráð fyrir að greiðist úr ríkissjóði.

Jurtasjúkdómar þeir, sem nefndir eru í frv., hnúðormar í kartöflum og æxlaveiki í káljurtum, eru orðnir allútbreiddir jurtasjúkdómar hér á landi, en finnast þó ekki enn í öllum landshlutum. Kartöfluhnúðormar eru allútbreiddir hér um Suðvesturland og Suðurland og finnast einnig á einstökum stöðum á Vestfjörðum og á Norðurlandi. Kálæxlaveikin hefur einkum fundizt á jarðhitasvæðum hér í nágrenni höfuðborgarinnar og í Árnessýslu, en mun þó vera að finna víðar, þó að ekki sé um vitað. Báðir þessir sjúkdómar valda þeim, sem garðyrkju stunda, verulegu tjóni í rýrnandi uppskeru, og væri því mikils um vert, ef hægt væri að útrýma þeim úr landinu, og það telja þeir, sem þetta frv. hafa samið, svo sem sjá má af grg. þeirra, vera mögulegt, ef unnið væri að sem frv. gerir ráð fyrir.

Þó munu menn ekki vera sammála um þetta. Á síðasta þingi bárust landbn. umsagnir frá ýmsum aðilum, sem hún vísaði málinu til, og þær umsagnir voru langt frá því að vera á eina lund. Einkum greindi menn á um ákvæði frv. varðandi útrýmingu kálæxlisins, t. d. benti garðyrkjuráðunautur Búnaðarfélags Íslands á, að torvelt mundi reynast og ærið kostnaðarsamt að útrýma kálæxlinu, sem leggst á allar jurtir af krossblómaætt, jafnt á villijurtir sem nytja- og skrautjurtir. Enn fremur er það álit plöntusjúkdómafræðinga, að æxlið geti lifað í jarðveginum í 7—8 ár, eftir að jurtirnar eru þó horfnar af þessum svæðum. Það mun því ekki auðvelt að útrýma þessum kvilla. En sjálfsagt er að stemma stigu fyrir útbreiðslu hans, eftir því sem framkvæmanlegt er, t. d. með því að banna sölu káljurta af sýktum svæðum, svo sem ráð er fyrir gert í þessu frv. En að banna algerlega ræktun káljurta á þessum svæðum er að minni hyggju ekki eins auðvelt, enda mun það vera svo, að sé réttum ræktunar- og varnarráðstöfunum beitt, þá er unnt að halda sýkinni svo í skefjum, að um tilfinnanlegt tjón þurfi ekki að vera að ræða.

Ég var farinn af þingi í fyrra, áður en allar umsagnir um frv. bárust landbn., en eftir að hafa gluggað lítillega í þær nú, þá hygg ég, að þetta mál sé ekki alveg eins einfalt og auðvelt til lausnar og frv. kann þó að benda til. Ég hygg því, að það sé rétt, að landbn. athugi málið nánar nú á milli umræðna, en ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Almenningsbókasöfn.

Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um almenningsbókasöfn [163. mál] (þmfrv., A. 287).

Á 53. og 55. fundi í Nd., 31. jan. og 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 6. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. flutti á síðasta þingi samkv. beiðni menntmrh. frv. til laga um almenningsbókasöfn. Frv. náði þá ekki fram að ganga, enda kom það seint fram. Nú flytur n. það öðru sinni samkv. ósk hæstv. ráðh. með litlum breyt.

Um þetta frv. gildir eins og flest frumvörp, sem nefndir flytja samkv. óskum ráðherra, að einstakir nm. áskilja sér allan rétt til að bera fram eða fylgja brtt., og ég vil taka fram strax í upphafi, að n. óskar eftir að fá að athuga þetta mál, eða þessi mál bæði, fyrsta og annað mál dagskrárinnar, milli 1. og 2. umr., enda þótt málið sé frá henni komið.

Þegar lög um almenningsbókasöfn voru samþ. fyrir nokkrum árum, var um að ræða algera nýsmíði. Um þessi mál höfðu engin heildarlög verið til fyrr, og má það merkilegt teljast, því að Íslendingar eru af fáu eins stoltir og því að geta kallað sig bókaþjóð. Árið 1937 voru samþykkt lög um lestrarfélög, þar sem ákveðið var að innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi og ⅔ hlutar álagsins skyldu renna til lestrarfélaga. Þessu fé var úthlutað af fræðslumálaskrifstofunni gegn skilyrðum um reikningsskil og skýrslugerð um aukningu bókakosts og tölu útlánaðra binda. Fræðslumálaskrifstofan gekk ríkt eftir, að þessi skilyrði væru uppfyllt, og um leið örvaði þessi lagasetning allmikið starfsemi lestrarfélaganna, komst mun betri skipan á þau mál en áður hafði verið. Þessi skipan fékk þó ekki að haldast, því að að því kom, að lestrarfélögin misstu aftur nokkuð af þeim tekjum, sem þeim höfðu verið tryggðar. Starfsemi bæjar- og sýslubókasafna var ekki háð neinu eftirliti af ríkisins hálfu, þó að lestrarfélögin væru krafin um reikningsskil og skýrslugerð, enda var ríkisstyrkur til þessara safna nauðalítill. Í sumum bæjum var almenningsbókasöfnum allmikill sómi sýndur, en í öðrum lítill eða enginn, og fæst af hinum gömlu sýslubókasöfnum voru starfandi. Sum, sem áður höfðu starfað af myndarskap og átt mikinn þátt í menningarlífi sinna héraða, voru nú lokuð inni í mismunandi hæfum, stundum algerlega ónothæfum húsakynnum, og almenningi gafst ekki kostur á því að nota þessi söfn. Ástandið í bókasafnsmálum Íslendinga var því algerlega ósæmandi og engan veginn sambærilegt við það, sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar, sem við berum okkur oftast saman við. Jafnvel í þeim bæjum hér á landi, þar sem bezt var búið að almenningsbókasöfnum, voru þau að húsakosti og möguleikum til virkrar starfrækslu langt fyrir neðan það meðallag, sem talið er hæfilegt og ríkir um slíkar stofnanir hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, að ekki sé skírskotað til safna í öðrum löndum, þar sem áherzla hefur verið lögð á góð almenningsbókasöfn.

Þegar lögin um almenningsbókasöfn voru sett 1955, var flestum ljóst, sem að þeim stóðu, að hér væri aðeins um byrjun að ræða, þessum lögum þyrfti að breyta, eftir því sem reynsla fengist, og sérstaklega gerðu menn sér grein fyrir, að söfnunum var fjárhagslega þröngur stakkur sniðinn; ættu þau að ná þeim tilgangi, sem menn óskuðu eftir, yrði að gera breytingar í þá átt að auka nokkuð fjárráð þeirra til bókakaupa og bættrar aðstöðu. Þegar lögin komu til framkvæmda, sýndi sig, að þau juku að miklum mun tekjur flestra lestrarfélaga, auk þess sem þau höfðu í för með sér stofnun sveitabókasafna, þar sem slík söfn höfðu ekki verið til áður. Lögin endurvöktu lestrarfélög, sem höfðu verið starfslaus um langt árabil, komu á bættri skipan og starfsemi margra safna í sveitum og þorpum og vöktu aukinn áhuga á bókasafnsstarfinu. Þá voru stofnuð bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem engin voru fyrir, og gömlu sýslubókasöfnin endurvakin, oft með nýjum nöfnum. Einnig jókst fyrir tilkomu laganna starfsemi flestra þeirra bæjarbókasafna, sem starfrækt höfðu verið.

Það varð fljótlega ljóst, að fjárframlög til þessarar starfsemi voru lítil og engan veginn nægileg til, að starfsemi safnanna gæti orðið svipuð því, sem sjálfsagt er talið í öðrum löndum. Fór svo, eftir því sem dýrtíð jókst hér á landi, að bilið milli fjárráða og þarfa bókasafna breikkaði.

Bókafulltrúi, Guðmundur G. Hagalín, sem mikið hefur unnið að þessum málum og lagt þar fram mjög mikilvægt starf, rökstuddi við menntmrn. haustið 1958, að á árunum 1954—58 hefði bókaverð hér á landi hækkað um nærfellt 70% og annað, sem hefur áhrif á rekstur safnanna, um a. m. k. 25%. Síðan hefur bókaverð enn hækkað, svo að hækkunin nemur um 85%. Er af öllu þessu auðsætt, hve aðstaða safnanna hefur farið versnandi ár frá ári, frá því að lögin um almenningsbókasöfn voru samin. Þótt á hafi hallazt á þessum árum, er talið rétt, þegar undirbúin er ný löggjöf um þessi mál, að láta það ekki nægja að koma söfnunum í það horf, sem þau áður voru, heldur reyna að setja markið nokkru hærra og koma þessum málum í viðunanlegra horf en verið hefur með ríflegri fjárframlögum.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er allýtarlega gerð grein fyrir nýjum tillögum um fjárhagsskipun bókasafnanna. Verð ég að láta nægja að vísa til frv. og grg. um þau efni, enda öllu skýrara að lesa á prenti heldur en lesa upp þá talnamergð. Ég vil þó geta þess, að samkv. grg. mun verða allmikil aukning á útgjöldum ríkissjóðs sjálfs vegna samþykktar frv. Samkv. áætlun bókafulltrúa, sem send var menntmrn. 16. júní 1959, munu útgjöld ríkisins til almenningsbókasafna verða á árinu 1960 eins og hér segir: Til bæjar- og héraðsbókasafna 640 þús., til sveitabókasafna og lestrarfélaga 500 þús., til bókasafna í skólum og öðrum opinberum stofnunum 110 þús. eða samtals 1 millj. og 250 þús. Undanfarin ár hafa verið

veittar á fjárlögum til byggingar bókasafna og húsabóta handa söfnum 175 þús. kr. árlega. Með þeirri upphæð yrðu þá öll útgjöldin 1 millj. 425 þús. En samkv. þessu frv. hækkaði sú upphæð í 2 millj. 575 þús. Hér er því um að ræða hækkun, sem nemur 1 millj. og 150 þús. kr.

Ég vil að lokum geta þess, að samkv. áliti þeirra manna, sem hafa undirbúið þetta frv. og lagt í það mikla vinnu, mundi með samþykkt þess vinnast eftirfarandi: Í fyrsta lagi, að bæjarbókasöfnin fá öll stórbætt skilyrði til viðhlítandi starfrækslu. Í öðru lagi, að héraðsbókasöfn, sem ekki eru um leið bæjarbókasöfn, öðlast sæmilega möguleika til að verða að gagni, en hafa verið með öllu vanmegnug til þeirrar þjónustu, sem þeim er ætluð. Í þriðja lagi, að bætt er að mun afkoma sveitabókasafna. Í fjórða lagi, að starfsskilyrði bókasafna í heimavistarskólum og hælum eru bætt og öllum barna- og framhaldsskólum gert fært að stofna og starfrækja bókasöfn. Í fimmta lagi, að möguleikar á húsabótum safnanna eru mjög auknir og þar með undir það ýtt, að víkkað verði starfssvið safnanna og stofnað til nýmæla í rekstri þeirra. Í sjötta lagi, að betur en áður er tryggt eftirlit með starfrækslu allra almenningsbókasafna. Í sjöunda lagi, að stuðlað verður að bættum íslenzkum bókakosti handa börnum og unglingum. Og í áttunda lagi, að möguleikar á stofnun og rekstri héraðsskjalasafna eru stórum auknir.

Herra forseti. Frv. þetta er flutt af nefnd og þarf því ekki að vísa til n., en eins og ég tók fram í upphafi máls míns, óskar menntmn. eftir að fá tíma til að athuga frv. ýtarlega á milli 1. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Bókasafnasjóður.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um bókasafnasjóð [164. mál] (þmfrv., A. 288).

Á 53. og 55. fundi í Nd., 31. jan. og 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 6. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Um frv. þetta er hið sama að segja og hitt, sem mælt var fyrir áðan: það er flutt af menntmn. öðru sinni samkv. beiðni menntmrh., og einstakir nm. áskilja sér venjulegan rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Í þessu frv. er fjallað um stofnun bókasafnasjóðs, um það, hvernig honum skal aflað tekna og hvernig þeim tekjum skal síðan varið. Frv. er í nánu samhengi við frv. um almenningsbókasöfn, sem hér var fjallað um áðan.

Samkv. þessu frv. skal afla tekna til bókasafnasjóðs ríkisins með þrennu móti. Í fyrsta lagi skal greiða gjald af öllum blöðum, nema dagblöðum, og tímaritum, sem út eru gefin á íslenzku af einstökum mönnum, hlutafélögum eða sameignarfélögum og einkum flytja frásagnir og skemmtisögur, frumsamdar eða þýddar, fróðleikstíning ýmiss konar, getraunir, myndagátur og ljósmyndir, enn fremur af þýddum skemmti- og glæpasögum, gefnum út í heftum eða bókaflokkum. Gjaldið skal vera 10% álag á útsöluverð ¾ hluta af upplagi þessara rita. Skal prentsmiðja sú, sem prentar ritið, innheimta gjaldið hjá útgefanda. Í öðru lagi er ætlunin, að greitt sé gjald af öllum erlendum blöðum og ritum, sem einkum flytja skemmtisögur, léttan fróðleik og myndir, enn fremur af erlendum skáldritum, sem gefin eru út í bókaflokkum með sama eða svipuðu sniði. Gjaldið skal vera 10% álag á útsöluverð 75% af innfluttum eintakafjölda slíkra blaða, rita og bóka. Menntmrn. úrskurðar, hvaða blöð og rit skulu vera gjaldskyld, og skal Innkaupasamband bóksala og aðrir innflytjendur senda ráðuneytinu skrá yfir blöð og rit, sem inn eru flutt, og einnig bókaflokka, sem innfluttir eru, og leita úrskurðar þess um gjaldskyldu. Í þriðja og síðasta lagi er bókasafnasjóði áætlað árlegt framlag úr ríkissjóði, sem skal vera 15 kr. á hvern íbúa í landinu samkv. niðurstöðutölum síðasta manntals, áður en fjárlög eru afgreidd hverju sinni.

Þá kemur að hinni hlið málsins, hvernig verja skal tekjum þessa bókasafnasjóðs. Í fyrsta lagi er það til greiðslu á framlögum samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn. Í öðru lagi til húsabóta handa almenningsbókasöfnum, skulu framlög aldrei fara fram úr 40% byggingarkostnaðar og ekki fram úr 30% til annarra húsabóta. Í þriðja lagi til bæjar- og héraðsbókasafna vegna greiðsluskyldu af íslenzkum bókum. Í fjórða lagi til héraðsbókavarða vegna eftirlitsferða samkv. tillögum bókafulltrúa og úrskurði menntmrn. Í fimmta og síðasta lagi til að verðlauna barna- og unglingabækur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara orðum um önnur ákvæði frv., en þessi er kjarni þess.

Samkv. áætlun, sem gerð hefur verið um tekjur bókasafnasjóðs af skatti á innlend og erlend blöð og rit, ættu þær að vera sem hér segir: 1) Af 10% álagi á ca. 75% af söluverði upplags íslenzkra blaða og tímarita 1 millj. 130 þús. 2) 10% gjald af söluverði erlendra blaða og tímarita 450 þús. Áætlað er því, að þessi gjöld mundu veita 1 millj. 580 þús. kr. tekjur.

Hér er einnig áætlun um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs samkv. frv., og sé ég ekki ástæðu til að lesa það allt, en vil aðeins geta þess, að þar er framlag ríkisins samkv. áætlun um mannfjölda í lok 1960 talið verða ca. 2 millj. 575 þús. kr.

Um þetta frv. gegnir sama máli og 1. mál dagskrárinnar í dag, að menntmn. óskar eftir að fá að fjalla um það frekar milli 1. og 2. umr. og mun væntanlega óska eftir umsögnum ýmissa

aðila, sem þetta mál mundi snerta, og væntir þess því, að það verði ekki tekið til 2. umr., fyrr en hún hefur lokið þeirri athugun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Kirkjubyggingasjóður.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð [165. mál] (þmfrv., A. 289).

Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 31. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 289, ber fyrirsögnina frv. til laga um breyt. á l. nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð. Frv. þetta er flutt af fjhn. hv. d. samkv. beiðni kirkjumrh. Meginefni frv. er, að gert er ráð fyrir, að fé það, sem ríkissjóður leggur árlega í Kirkjubyggingasjóð, skuli um næstu 20 ár verða 1 millj. kr. á ári. Áður nam upphæð þessi um 500 þús. kr., en á árinu 1960 voru útgjöld þessi hækkuð upp í 800 þús. kr. Eins og ég gat um, er frv. flutt samkv. beiðni kirkjumrh., og telja nm. sig allir hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. Það er tillaga mín, að máli þessu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

37. Kirkjuorganleikarar og söngkennsla í barna- og unglingaskólum.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjuorganleikara og söngkennslu í barna- og unglingaskólum utan kaupstaða [166. mál] (þmfrv., A. 290).

Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 31. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur flutt frv. á þskj. 290 að beiðni hæstv. kirkjumrh. Frv. ásamt grg. þeirri, sem prentuð er með því, er komið frá kirkjuþingi. Við, sem sæti eigum í menntmn., höfum ekki tekið afstöðu til frv. efnislega og áskiljum okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Með örfáum orðum vil ég rekja efni frv., en því mun ætlað að finna sameiginlega lausn á tilteknu vandamáli tveggja aðila, kirkju og skóla. Hér er um að ræða skort þann, sem verið hefur á hæfum mönnum til að standa fyrir tónlistarlífi safnaðanna annars vegar og til að annast hina lögboðnu tónlistar- eða söngkennslu í barna- og unglingaskólum hins vegar. Frv. fjallar um, að einn maður skuli í hverju byggðarlagi hafa með höndum þetta tvíþætta hlutverk. Til þessa hafa söfnuðirnir greitt laun organleikara og kostnað, en mörgum söfnuðum er fjárhagslega ofviða að fá færa menn til organleiks. Samkv. upplýsingum fræðslumálastjóra hefur söngkennurum aftur á móti verið greitt eins og venja er til um stundakennslu. Í frv. þessu er lagt til, að þeir, sem tækju að sér þetta tvíþætta hlutverk, yrðu launaðir úr ríkissjóði eins og kennarar við barna- og unglingaskóla.

Þetta er sem sé aðalefni þessa frv., og nefndin áskilur sér, eins og ég sagði áðan, rétt til frekari athugunar á því, en n. þótti rétt að leggja það fyrir Alþingi til athugunar á þessu stigi, eins og það kom frá kirkjuþingi.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég stend aðeins upp til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að frv. þetta á þskj. 290 um kirkjuorganleikara og söngkennslu í barna- og unglingaskólum utan kaupstaða skuli vera flutt hér í þinginu, og ég vil leyfa mér að þakka hæstv. kirkjumrh. og hv. menntmn. fyrir flutning þess.

Hér á Alþingi er nær daglega fluttur fjöldi tillagna og frv. um hin margvíslegustu efni. Flest snerta þau þó og fjalla um atvinnumál, efnahagsmál og fjármál, og um öll þessi mál verða svo hér langar og stundum snarpar umr., og er það að vonum. Öll þessi mál snerta að meira eða minna leyti efnahagslega afkomu þjóðarinnar, og þeim er að sjálfsögðu ætlað að efla og styrkja eða ýta úr hlaði nytsömum framkvæmdum í landi okkar. Ekki vil ég amast við flutningi slíkra mála, síður en svo. En ég tel það líka nokkurs virði, að hér séu einnig flutt mál, sem minna okkur hv. þm. á það, að fleira hefur gildi en það eitt, sem í askana er látið, og þetta litla frv., sem hér er til umr., gerir einmitt þetta og raunar fleiri mál, sem eru á dagskrá d. í dag.

Við, sem vinnum úti í sveitunum að þeim málum, sem frv. þetta snertir, finnum oft til þess okkur til ama og leiðinda, hversu margt er ábótavant hjá okkur í menningarlegum efnum og hversu erfiðlega vill ganga í fámenninu að halda uppi þróttmiklu og þroskavænlegu félagslífi. Eitt af því, sem veldur okkur ama, er það, að söngurinn í kirkjunum okkar er allt of víða næsta lélegur söngur. Ekki mun þetta þó stafa af

því, að söngkrafta vanti, þeir munu víðast vera til, heldur miklu fremur hitt, að það skortir menn, sem á hverjum stað geta séð um þessi mál, verið forsöngvarar, eins og það er gjarnan nefnt, menn, sem vekja áhuga fyrir söng og eru færir um að leiðbeina á þessu sviði.

Það er raunar ekki undarlegt, þótt deyfð ríki yfir safnaðarsöngnum víða úti í fámenninu, þar sem fá verður menn að láni úr fjarlægð til þess að koma í það og það skiptið til þess að leika á kirkjuorgelið, en svona er nú þetta víða, svo sem *réttilega er drepið á í grg. frv.*

Og svo er það söngkennslan í barnaskólunum. Það á að kenna söng í barnaskólum. Söngur er lögboðin námsgrein. En hvað skyldu þeir vera margir, barnaskólarnir í sveitunum, þar sem söngur er kenndur? Ég hygg, að þeir séu ekki ýkjamargir, og það, að þessi námsgrein er vanrækt, leiðir til þess m. a., — ég segi m. a., því að það er fleira, sem kemur til, — að iðkun söngs og hljóðfæraleiks á heimilum víðast hvar um landið fer mjög minnkandi, eins og stendur í grg. frv. Þetta er alveg rétt, og það er líka alveg rétt, að það er miklu minna um það nú en áður, að ungt fólk læri að leika á harmoníum. Og sannleikurinn mun líka vera sá, að margir sóknarprestar í sveitunum og söfnuðir þar eiga í örðugleikum með að fá fólk, karla eða konur, til forsöngvarastarfs, og þessir örðugleikar eiga fyrir sér að vaxa, en ekki að minnka í náinni framtíð, ef ekkert er að gert. Því er það mér vissulega fagnaðarefni, að þetta frv. skuli koma fram, og mér sýnist, að hér sé lagt til á raunhæfan hátt að leysa í einu þau vandkvæði, sem víða eru á að *halda uppi sæmilegum söng í sveitakirkjunum*, og stuðla að því, að börn okkar sveitamanna fari ekki á mis við þann þroska og menningarauka, sem iðkun söngs og söngnám er.

En um leið og minnzt er á vanda og örðugleika, á það, sem miður fer og hefur farið í þessum efnum, finnst mér rétt og skylt að minnast líka hins, að fyrir þau mál, sem frv. snertir, hefur verið og er unnið mikið og merkilegt starf víða hjá okkur úti í strjálbýlinu. Einkum á þetta þó við um kirkjusönginn, þó að honum sé í ýmsu áfátt. Víða eru starfandi, þó að í fámenni sé, myndarlegir kirkjukórar, sem eiga tilveru sína fyrst og fremst að þakka einstæðum áhuga einstakra manna. En það, sem verst er þó, er það, að flestir þessir áhugamenn eru ekki af yngri kynslóðinni, og þegar þeir hætta eða hverfa, skortir menn, sem taka upp merki þeirra. En ég vænti þess, að þetta frv., ef að lögum verður, stuðli að því, að ávallt verði til nægilega margir menn, sem vilji sinna þessum menningarstörfum fyrir okkur úti í fámenninu.

Ég vil svo ekki heldur láta hjá líða, þegar *minnzt er á þessi mál hér, mál*, sem snerta kirkjusönginn í landinu, sönglíf og söngkennslu, að nefna nafn hins nýlátna söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, Sigurðar Birkis. Hann vann okkur á þessu sviði mikið og gott starf, og ég tel, að Alþingi heiðri á verðugan hátt minningu þess mæta manns og þakki honum vel farsæl og mikilsverð menningarstörf, unnin í þágu þjóðarinnar, með því að samþykkja þetta frv., og ég efast ekki um, að hv. Alþingi muni gera það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Verðflokkun á nýjum fiski.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var úthýtt:

Frv. til l. um verðflokkun á nýjum fiski [167. mál] (þmfrv., A. 293).

Á 52., 53., 56., 57., 58., 62. og 64. fundi í Nd., 30. og 31. jan., 6., 7., 9., 13. og 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 17. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um það að binda þau ákvæði í lögum, að sé ákveðin verðflokkun á nýjum fiski, þar sem gert sé ráð fyrir mismunandi verðlagi á nýjum fiski eftir flokkum, þá skuli slík verðflokkun vera miðuð við sérstaka gæðaflokkun eða gæðamat, sem ferskfiskeftirlit ríkisins hefur ákveðið á hverjum tíma. Og í öðru lagi er lagt til, að lögfest verði með þessu frv., að jafnmargir aðilar fiskseljenda og fiskkaupenda skuli jafnan semja sín á milli um verðflokkun á fiski. Þannig er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að fulltrúar fiskseljenda, sex að tölu, verði í *þessum samningum og fulltrúar* fiskkaupenda, líka sex að tölu, séu þátttakendur í þessum samningum. Jafnframt er lagt til, að þessi samninganefnd starfi undir leiðsögn sáttasemjara ríkisins, og verði ekki samkomulag innan n. með fiskseljendum og fiskkaupendum, skuli sáttasemjari taka sæti í n. og n. þannig skipuð fella endanlegan úrskurð um verðið á fiski í hverjum verðflokki. Þetta er aðalefni þessa frv.

Ástæðurnar til þess, að frv. er flutt, eru í stuttu máli þær, að nú um þessi áramót hefur verið ákveðið að taka upp þá nýbreytni varðandi verðlagningu á nýjum fiski að ákveða mismunandi verðflokka. Hingað til má segja, að fiskurinn hafi verið verðlagður í einum meginverðflokki eða keyptur upp til hópa, ef svo mætti segja. Þessar verðflokkunarreglur, sem birtar hafa verið, eru settar af stjórn og verðlagsráði L. Í. Ú. með samkomulagi við samtök nokkurra fiskkaupaaðila. Það er hins vegar ljóst, að ýmsir þeir, sem eiga hér mikinn hlut að máli í sambandi við það að selja fisk og varðandi þær reglur, *sem í gildi eru á hverjum tíma* um verð á fiski, hafa ekki átt hér neina aðild að um að ákveða þessar verðflokkunarreglur. Nú hefur risið upp mikill ágreiningur á milli aðila um, hversu réttlátar þessar reglur eru, og það hefur gengið svo langt, að í ýmsum verstöðvum hafa útvegsmenn, bátaútgerðarmenn, beinlínis stöðvað rekstur skipa sinna um lengri eða skemmri tíma út af þessum ágreiningi um verðflokkunarreglurnar. Mótmæli hafa borizt víðs vegar að af

landinu gegn þessum nýju reglum. Og það er enginn vafi á því, að það er áframhaldandi hætta á árekstrum, ef ætti að reyna að framkvæma þessar reglur eins og þær hafa verið tilkynntar.

Þessar nýju verðflokkunarreglur eru byggðar í aðalatriðum á því að dæma fisk í mismunandi verðflokka eftir því, í hvernig veiðarfæri fiskurinn er veiddur og á hvaða tímum árs fiskurinn er veiddur og svo hversu gamall fiskurinn er, þegar hann kemur á sölustað. Hins vegar er ekki lögð til grundvallar við þessa verðflokkun gæðaflokkun eða gæðamat frá neinum óvilhöllum aðila, eins og t. d. ferskfiskeftirliti ríkisins. Það hefur hins vegar verið mikið um það rætt í sambandi við þessar nýju verðflokkunarreglur, að hér sé ætlazt til þess að verðleggja fisk eftir gæðum, þannig að gæðamesti fiskurinn sé jafnan í verðmætasta flokki, en sá, sem er lakari að gæðum, verður þá í verðlægri flokkum.

Ég hygg, að ekki verði um það deilt, að eins og þessar verðflokkunarreglur hafa verið tilkynntar, sé ljóst, að fiskurinn yrði ekki samkv. þessum reglum verðlagður samkv. gæðum. Í mörgum tilfellum mundi fyrsta flokks fiskur, sá sem verður síðar verkaður og seldur út úr landinu sem fyrsta flokks fiskur, verða verðlagður til fiskimannanna sem annars, þriðja eða fjórða flokks fiskur að verðmæti.

Nú vill svo til, að einmitt á þessu hausti er að taka til starfa sérstakt opinbert eftirlit, sem nefnt er ferskfiskeftirlit ríkisins, og þessi stofnun hefur fyrir stuttu gefið út reglugerð um gæðamat á nýjum fiski, sem lagður er inn til vinnslu. Samkvæmt reglum þessa ferskfiskeftirlits gerir það ráð fyrir því, að allur nýr fiskur skuli vera gæðaflokkaður í þrjá gæðaflokka. Í fyrsta flokk skal fara allur fiskur, sem telst vera gallalaus. Í annan gæðaflokk skal fara allur fiskur, sem telst ekki hæfur til frystingar, en er þó hæfur til verkunar í skreið og verkunar sem saltfiskur. En í þriðja verðflokk skal svo ganga allur sá fiskur, sem er ekki hæfur í hina tvo flokkana, fyrsta og annan flokk, eða m. ö. o. fiskur, sem er ekki hæfur til matvöruvinnslu.

Við leggjum til með þessu frv., að ákveðið verði, að sú verðflokkun, sem gilda skal á nýjum fiski nú á þessu ári, verði látin fylgja þessari gæðaflokkun þannig, að sá fiskur, sem metinn er af ferskfiskeftirliti ríkisins í fyrsta flokk, skuli einnig vera í fyrsta verðflokki, sá fiskur, sem þetta opinbera eftirlit metur í annan gæðaflokk, skuli vera í öðrum verðflokki og sá, sem fellur í þann þriðja, verður þá að vera í þriðja verðflokki. Við teljum, að það sé á allan hátt eðlilegt og nauðsynlegt til þess að forðast árekstra, að gæðamatið og verðflokkunin falli hér saman.

Ég vil útskýra þetta nokkru nánar miðað við þær verðflokkunarreglur, sem tilkynntar hafa verið frá hálfu landssambandsins og fiskkaupenda. Samkv. þeim reglum er gert ráð fyrir því, að í hæsta verðflokk geti einungis komið sá fiskur, sem veiddur er á línu og landað er daglega. Þó getur sá fiskur, sem veiddur er á línu og landað er daglega yfir sumarmánuðina, ekki komizt í þennan hæsta verðflokk, nema þá sá fiskur hafi einnig verið ísaður, þó að um daglega löndun sé að ræða. Af þessu verður ljóst, að t. d. handfærafiskur, sem landað er daglega og veiddur er á sama tíma og línufiskurinn, getur aldrei komizt samkv. þessum verðflokkunarreglum í hæsta verðflokk. Þá standa menn orðið frammi fyrir því, að fiskur, sem er veiddur á línu og er ekki á nokkurn hátt betri vara úr hendi veiðimannsins en fiskur, sem veiddur hefur verið á handfæri, er verðlagður hærra en jafngóður handfærafiskur. Auðvitað sjá allir, að eðlilegt er, að þetta leiði til árekstra og óánægju, því að það byggist í raun og veru ekki á nokkru réttlæti að haga verðflokkun á þennan hátt. Sama er að segja um fisk, sem veiddur er á annan hátt, t. d. í net. Það skiptir ekki máli samkv. þessum verðflokkunarreglum, sem nú er ætlað að framkvæma, hvort sá fiskur, sem veiddur er í net, er fyrsta flokks fiskur að gæðum eða eins góður og fiskur getur beztur orðið frá hendi veiðimannsins til þess, sem kaupir, hann er dæmdur til þess að verða í þriðja verðflokki samkv. þessum reglum, bara vegna þess að fiskurinn er veiddur á þennan hátt. Þetta er líka alger óréttur, og er fyrirsjáanlegt, að þetta getur ekki staðizt til langframa í framkvæmd. Og það hefur þegar komið í ljós í sambandi við framkvæmd á þessum reglum, að fiskkaupendur fara að hugsa sér að leggja sig meira eftir fiski, sem er í verðlægri flokkunum, t. d. netafiski. Þeir hafa séð, að það eru miklu meiri líkur til þess í mjög mörgum tilfellum, að þeir fái meiri hagnað út úr verkuninni, ef þeir ná sér í fyrsta flokks netafisk fyrir kr. 2.70 á kg heldur en fyrsta flokks línufisk fyrir kr. 3.11 á kg, þar sem hvor tveggja fiskurinn yrði verkaður á sama hátt og seldur út úr landinu á nákvæmlega sama verði til markaðslandanna. Þetta mundi sem sagt leiða það af sér, þveröfugt við það, sem til var ætlazt, að hætta væri beinlínis á því, að fiskkaupendur legðu sig fram um það að reyna að ná í netafisk fremur en línufisk, þegar þeir geta fengið netafisk sem fyrsta flokks fisk og komizt þannig yfir hann á lægra verði en annan fyrsta flokks fisk.

Ég er sannfærður um, að reglur eins og þessar geta ekki staðizt lengi í framkvæmd. Ég hygg, að það sé miklu réttara að hafa þá leið í þessum efnum, svipað og Norðmenn hafa, að miða mismunandi verðlagningu við það, hvernig fiskurinn er verkaður og fyrir hvaða markaði, þannig að ef gæðamat ríkisins staðfestir, að fiskur sé fyrsta flokks að gæðum, sem megi t. d. hraðfrysta og flytja út í verðhæsta flokki sem unna vöru, þá eigi einnig að greiða fyrsta flokks verð fyrir slíkan fisk til þeirra, sem hann veiða, hvernig svo sem þessi fiskur hefur verið veiddur og á hvaða tíma. Það er auðvitað mjög mikilvægt, að þeir, sem veiða fiskinn og eiga kaup sitt og afkomu undir fiskverði, finni, að þeir fái réttlátt verð fyrir fiskinn miðað við það gæðaástand, sem fiskurinn er í, þegar þeir láta hann af hendi. Eða hvaða rök geta verið fyrir því að haga verðlagningunni þannig, að hægt sé að kaupa eftir lægri verðflokkunum fisk, sem síðan er hægt að verka í gæðahæstu flokkana og selja á hæsta verði út úr landinu? Hvaða réttæti getur verið

í því að verðleggja slíkan fisk, sem er hæfur til slíkrar verkunar, í annan eða þriðja verðflokk? Ég get fyrir mitt leyti ekki séð, að það séu nokkur rök, sem mæla með slíku.

Ef farið yrði eftir tillögum þeim, sem koma fram í þessu frv., yrði t. d. alveg tryggt um allan fisk, sem er dæmdur af hlutlausu ríkismati sem fyrsta flokks fiskur, þannig að hann sé t. d. hæfur til hraðfrystingar, það megi hraðfrysta hann sem fyrsta flokks útflutningsvöru, þá ber skylda til þess að greiða hann á hámarksverði. En sé fiskurinn hins vegar kominn á það gæðastig, að hann þyki ekki hæfur til hraðfrystingar, en þó verkunarhæfur, t. d. í skreið eða saltfisk, þá er líka réttmætt, að hann sé greiddur nokkru lægra verði en bezti nýr fiskur.

Í frv. okkar höfum við gert ráð fyrir því, að sú skipan, sem þar er lagt til að lögfest verði, gildi aðeins út þetta ár. Við gerum okkur grein fyrir því, að hér er verið að þreifa sig nokkuð áfram um nýtt fyrirkomulag um verðlagningu á nýjum fiski, og það er því ekki óeðlilegt, að það séu settar um þetta reglur, sem gildi skamman tíma til að byrja með, og yrði þá hægt að taka málið aftur upp á nýjan hátt fyrir næsta ár. En þær reglur, sem við leggjum til að miðað verði við, eru í sjálfu sér mjög einfaldar, og þær styðjast við gæðaflokkun, sem opinbert eftirlit hefur sett upp. En í sambandi við þetta frv. er rétt að hafa það í huga, að verðlagningin á nýjum fiski er vitanlega gífurlega stórt atriði um það, hvernig tekst yfirleitt að halda friði á milli fiskframleiðenda og fiskkaupenda við fiskveiðarnar. Séu þær reglur, sem látnar eru gilda, mjög ósanngjarnar og óeðlilegar, þá er enginn vafi á því, að þær leiða af sér truflanir í atvinnurekstrinum fyrr eða síðar. Þetta hefur komið mjög berlega í ljós, eins og ég minntist á, nú í upphafi þessarar vertíðar, og það er líka skiljanlegt, þegar maður hefur í huga, hvað hér veltur á miklu fyrir bæði útgerðarmenn, sem fiskinn selja, og einnig fyrir sjómenn, sem miða kaup sitt við verðlagninguna á fiski.

Við höfum lagt til í þessu frv., að nú að þessu sinni verði höfð sú skipun á, að ef fulltrúar fiskseljenda og fiskkaupenda gætu ekki komið sér saman, skyldi þó horfið að því ráði í þetta skipti, að sáttasemjari tæki oddaaðstöðu í þessari fjölmennu nefnd og n. ætti síðan þannig skipuð að fella endanlegan dóm um verðflokkunina á fiski að þessu sinni. Reynt hefur verið að halda því fram af sumum, að hér væri verið að leggja til að taka upp gerðardómsaðferð í vinnudeilum. En það er í rauninni mesti misskilningur eða alger útúrsnúningur. Þessum málum hefur verið þannig háttað, að fulltrúar sjómanna hafa ekki fram til þessa verið beinir samningsaðilar að þessum ákvæðum viðvíkjandi verðlagningu á fiski. Þeir hafa í sínum kjarasamningum, fulltrúar sjómanna, samið um skiptakjörin á almennum grundvelli, en orðið að sætta sig við það fiskverð, sem útgerðarmenn og fiskkaupendur hafa ákveðið. En vegna þess að það er nokkur hætta á því, að svo geti farið, að fiskkaupendur og fiskseljendur yrðu ekki sammála um verðið eða verðlagninguna, — verðflokkunina fyrst og fremst nú að þessu sinni, — þá þykir ekki óeðlilegt, að einn slíkur aðili sem þessi myndi þannig oddaaðstöðu í nefndinni, að hún geti fellt endanlegan úrskurð um minni háttar þrætu, sem upp gæti komið um verðflokkunina að þessu sinni. Hins vegar hafa sjómenn eftir sem áður óbundnar hendur um það að hreyfa þá skiptaprósentu, sem þeir ráða sig upp á, og hér gæti því ekki orðið um neitt annað að ræða en auka rétt þeirra frá því, sem nú er, en ekki á nokkurn hátt til þess að skerða rétt þeirra til þess að semja um kaup sitt og kjör. Það verður vitanlega að gera hér mikinn greinarmun á, því að hér er ekki verið að leggja það til, að nein nefnd skipuð opinberum starfsmanni sem oddamanni eigi að fella neinn endanlegan úrskurð um kaup og kjör á almennum grundvelli, heldur einvörðungu að skera úr, ef þræta kemur upp að þessu sinni um verðlagninguna eða verðflokkunina, sem hefur verið svo að segja einvörðungu í höndunum á öðrum aðilanum.

Því verður ekki neitað, að það mál, sem þetta frv. fjallar um, er að verulegu leyti varðandi einmitt verðlagningu á fiski, en um það atriði hafa verið uppi allharðar deilur oft að undanförnu. Menn hafa ekki verið ásáttir með það fiskverð, sem hér hefur verið skráð á hverjum tíma. Í sambandi við verðlagið á fiski hefur oft verið á það bent, að verðlag á fiski hér er miklum mun lægra en í nálægum löndum. T. d. hefur verið á það bent, að fiskverðið í Noregi er miklum mun hærra en fiskverð hefur jafnan verið hér. Því hefur að vísu verið haldið hér fram, að það verð, sem hin nýja verðflokkun á fiski er nú miðuð við, þ. e. a. s. að hæsti verðflokkurinn kæmist upp í kr. 3.11 á kg, sé nú orðið jafnhátt eða jafnvel hærra en fiskverð það, sem t. d. er gildandi í Noregi. Ég hef í umr. um annað mál, sem snertir þessa verðlagningu, haldið því fram, að hér væri um rangan samanburð að ræða. Það væri enginn vafi á því, að það væri mjög verulega mikill mismunur á verðinu hér og verðinu í Noregi. Hæstv. sjútvmrh. kom hér að mínum dómi með mjög furðulega útreikninga til þess að reyna að sanna, að þetta nýja verð, sem nú væri hugsað hér, væri eins hátt eða jafnvel hærra en í Noregi. Síðan hef ég séð því haldið fram í stjórnarblöðunum, bæði í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu, að fiskverðið hér sé hærra en í Noregi. Mér þykir rétt í framhaldi af þeim umr. og einmitt í sambandi við þetta mál, sem svo mjög kemur inn á verðlagninguna, að víkja nokkuð frekar að þessu, því að þessi mál liggja nú enn ljósar fyrir en fyrr í umr.

Hæstv. sjútvmrh. miðaði við það í grg. sinni um fiskverðið í Noregi, að hann hefði skýrslu í sínum höndum, sem segði, að meðaltalsfiskverð þar í landi hefði verið í fyrra 82 norskir aurar á kg af þorski slægðum og hausuðum, — 82 aurar norskir meðaltalsverð. Og síðan sagði hann enn fremur, að samkv. upplýsingum, sem hann hefði fengið, hefðu verðbætur verið greiddar úr ríkissjóði Noregs frá 5 aurum á kg til 17 aura á kg og ef hann tæki meðaltal af þessari niðurgreiðslu, þá væru það 11 aurar á kg, og þá upphæð vildi hann draga frá þessum 82 aurum og fékk þannig út 71 eyri á kg, sem væri sambærilegt verð við það verð, sem hér gilti. Með því síðan að um-

reikna þetta verð, taldi hann, að íslenzka verðið, kr. 3.11 á kg, væri fyllilega eins hátt eða jafnvel aðeins hærra. Ég benti á það í þessum umr., að hér væri auðvitað um mjög villandi samanburð að ræða og greinilega rangan, vegna þess að hæstv. ráðh. bar hér saman fiskverð í Noregi, sem var í fyrra, og fór þó ekki rétt með staðreyndir í þeim efnum, eins og ég skal koma að nánar síðar, og svo aftur fiskverð það, sem áætlað er að verði hér á landi nú á þessu ári, nú 1961 eða einu ári síðar, og tók þá að sjálfsögðu aðeins hæsta verðflokkinn, kr. 3.11, sem augljóst er samkv. verðflokkunarreglunum að ekki nema sáralítið af íslenzka fiskinum getur komið í. Hér var því verið að bera saman verðlag í Noregi fyrir ári við verðlag á Íslandi, sem á að verða, og þó ekki farið rétt með tölur heldur. Ég benti á, að það væri vitanlega óhjákvæmilegt að gera samanburð í þessum efnum á verðlagi í Noregi eins og var í fyrra og verðlaginu á Íslandi eins og það var í fyrra — eða þá verðlaginu í Noregi eins og það verður 1961 og verðlaginu á Íslandi eins og það er áætlað 1961. En nú liggur þetta einmitt fyrir. Og nú liggja fyrir miklu ýtarlegri upplýsingar um þetta, sem sýna, að hæstv. ráðh. hefur farið algerlega rangt með staðreyndir í þessum efnum.

Ég vil þá fyrst víkja að fiskverðinu, sem gildandi var í Noregi í fyrra. Samkvæmt upplýsingum, sem Fiskifélag Íslands hafði gefið út í tímariti sínu Ægi og þar haft eftir hagfræðingi félagsins, eftir að hann hafði verið sendur til Noregs til að kynna sér málið, var talið í þeirri skýrslu, að fiskverð í Noregi hefði verið í fyrra 85—90 aurar, nokkuð breytilegt, á kg, en ekki 82 aurar á kg, eins og hæstv. ráðh. telur í sinni skýrslu. Nú er það eins og ég minntist á áður í umr., að þetta verð, sem hér var tilgreint frá Noregi í fyrra, var auglýst þar sem lágmarksverð, en hins vegar lá það fyrir, að verðið var allajafna miklum mun hærra í framkvæmd þar í landi, og ég gat þess þá hér í umr., að nú, þegar væri rætt um verðlagið í Noregi fyrir komandi ár eða 1961, væri talað um verðið 1 krónu til kr. 1.05 fyrir kg, sem væri miklum mun hærra en meira að segja verðið hefði verið. Ég skal hér tilfæra ummæli úr norska fiskveiðiblaðinu „Fiskaren" frá 18. jan. s. l. um þetta atriði, en þar segir orðrétt á þessa leið, þar sem verið var að ræða um verðlagið fyrir 1961:

„Þegar það er haft í huga, að í fyrra voru greiddar upp í kr. 1.05 fyrir Lófót-fiskinn eða 18 aura yfir lágmarksverðinu og markaðshorfur eru nú góðar, er vissulega ástæða til þess, að lágmarksverðið í ár við Lófóten verði 97 aurar pr. kg."

Þetta kom m. a. fram í þessu blaði, og í fleiri greinum í blaðinu var rætt um það, að sennilegt væri talið, að verðið yrði 1 kr. til kr. 1.05 á kg. Þetta sýndi, eins og ég sagði fyrr í umr., að það var ekki réttmætt á neinn hátt að ætla að taka verðið í fyrra í öðru landinu, en í hinu landinu verðið í ár, því að það var greinilega að breytast.

Nú hefur fiskverðið í Noregi nýlega verið ákveðið opinberlega, og þá er það ákveðið þannig, að fiskverðið á þorski á aðalvetrarvertíðarsvæðinu hjá þeim, á Lófótensvæðinu, hefur verið ákveðið ein kr. norsk á kg fyrir slægðan og hausaðan fisk. Hins vegar er verðið nú í ár miklum mun hærra á einstaka stöðum í Noregi heldur en þetta. Þannig er t. d. skýrt frá í þessu fiskveiðiblaði, „Fiskaren", frá 25. jan., að fiskverðið í Sogni og á Fjörðunum verði nú 10 aurum hærra en það var í fyrra, eða fyrir slægðan og hausaðan þorsk kr. 1.20 kg.

Sem sagt, nú liggur það fyrir, að sé fiskverðið nú í Noregi tekið til samanburðar við allra hæsta verð, sem gilda á hér, 1 kr. norsk á kg, þá gerir það fyrir hausaðan og slægðan fisk kr. 5.35 á kg. En ef við tökum allra hæsta verðið, sem gert er ráð fyrir að gildi hér á Íslandi árið 1961, þá er það kr. 3.11 fyrir slægðan fisk með haus, en það gerir kr. 3.89 á kg fyrir slægðan og hausaðan fisk, eða verðmismunurinn væri þá kr. 1.46 á hvert kg. Sé hins vegar tekinn fiskur til greina, sem veiddur er í net eftir þessum nýju verðflokkunarreglum, yrði mismunurinn miklum mun meiri, því að samkvæmt verðlaginu í Noregi yrði verðið fyrir slíkan fisk kr. 5.35 á kg líka, en hér aðeins fyrir hausaðan fisk kr. 3.37 á kg eða þá yrði verðmismunurinn kr. 1.98 á hvert kg.

Svo var hitt atriðið í röksemdum hæstv. ráðh., að hann taldi, að skýra mætti þennan verðmun í Noregi með niðurgreiðslum úr ríkissjóði eða beinum verðuppbótum á fisk, og reiknaði hann það út á þann hátt, að þar mætti reikna með meðaltalsniðurgreiðslu 11 aurum á kg, en hér var vitanlega farið rangt með í stórum atriðum.

Niðurgreiðslurnar á fiski í Noregi eru þannig, að þær koma til greina á vissum svæðum, sem sérstaklega þykja liggja þannig, að þörf sé á að hjálpa þeim sérstaklega, og mjög þýðingarmiklar framleiðslugreinar fá enga niðurgreiðslu á fiski, alls engar. Mér er t. d. sagt af kunnugum mönnum, en ég veit ekki bein deili á því sjálfur, að ekki sé þar um að ræða neina niðurgreiðslu á fiski, sem fer til frystingar. En hvað um það, ég veit um aðrar staðreyndir í þessu máli, sem taka hér í rauninni af öll tvímæli. Ég hef séð það, bæði í þessu norska fiskveiðiriti, „Fiskaren", og við höfum einnig fengið um það gögn send til Alþ., að allur stuðningur úr ríkissjóði Norðmanna til fiskveiðanna þar, þ. e. þorskveiðanna, þegar búið er að taka síldveiðina út úr, séu 14.2 millj. norskra kr. á árinu 1961. Ég hef líka í höndunum gögn, sem segja til um það, hvað þorskveiði Norðmanna var mikil á árinu 1959, en það eru seinustu skýrslur, sem segja til um heildarafla þeirra. Þá var heildaraflinn á þorski og líkum fiski 602200 tonn. Ef maður athugar þessar heildarniðurgreiðslur allar, sem ganga til þorskveiðanna, og heildaraflann á þorskveiðunum, kemur í ljós, að meðaltalsniðurgreiðslan, sé þessu jafnað jafnt niður á alla veiðina, er ekki nema 2.3 aurar norskir á kg, en ekki 11 aurar, eins og hæstv. ráðh. reiknaði. Til þess að slíkt kæmi út, þyrftu upphæðirnar að vera margfalt hærri en þær eru nú.

Það er því alveg augljóst mál, að þessar niðurgreiðslur, þó að þær séu þarna, eru ekki nema örlítið brot af þessum mikla mismun á verðinu, sem var í fyrra, og hann var rétt færður upp í grg. okkar, þegar við gerðum grein fyrir þessu, enda stuðzt við skýrslur Fiskifélagsins í þeim

efnum. Hér er ekki nema aðeins um örlítið brot að ræða til skýringar á þessum mikla mismun á fiskverðinu hér og í Noregi nú á þessu ári, 1961, þó að við miðum við lágmarksverðið, sem auglýst er í Noregi, og algert hámarksverð hér á landi, tökum út þann verðflokkinn, sem er hafinn langt upp yfir hina almennu verðflokkana og gefur vitanlega engan veginn rétta mynd af meðaltalsverðlaginu á fiski hér.

Það liggur því alveg ljóst fyrir, að verðmismunur á fiski hér í fyrra og eins í ár, miðað við fiskverðið í Noregi, er gífurlega mikill, og það er vissulega full þörf á því að fá hlutlausa rannsókn á því, hvernig á þessum mikla mismun stendur.

Ég hef minnzt m. a. á þetta í sambandi við þetta mál, sem nú er hér á dagskrá, vegna þess, að hér er um skyld atriði að ræða, sem mjög koma inn í þetta spursmál um verðflokkun á fiskinum, því að einmitt með því að hafa verðflokkana svona marga, eins og nú er gert ráð fyrir, sem séu ekki miðaðir við gæðamat á fiski, heldur eftir veiðiaðferðum og veiðitíma, er einmitt opnað fyrir þeirri hættu, að hér geti verið framkvæmd mjög óeðlileg verðlagning á fiski, sem vitanlega getur leitt af sér mikla árekstra í sambandi við fiskveiðarnar sem heild.

Ég álít því, að það sé mikil nauðsyn á því, að Alþ. eða löggjafinn grípi hér inn í og setji reglur um, hvernig í aðalatriðum skuli hátta þeim verðflokkunarreglum, sem í gildi eiga að vera á hverjum tíma um verðlagningu á nýjum fiski, og það sýnist vera eðlilegt, að aðalatriðið í verðflokkunarreglunum sé það, að þar skuli gilda gæðamat og verðflokkarnir skuli miðaðir við gæðaflokkun, en ekki í slíku handahófi og því, sem nú hefur verið sett fram í sambandi við þessar nýju verðflokkunarreglur.

Auðvitað gæti þetta verið svo, að ákveðin og rétt gæðaflokkun á fiski og þar með verðlagning á fiski gerði málið á allan hátt sambærilegra fyrir okkur, þegar við erum að bera saman okkar verð og annarra. En á því er líka mikil þörf, að við fáum þá alveg upplýst, hvernig á því getur staðið, að verðlagning þarf að vera svo mikið á annan veg hjá okkur en hjá keppinautum okkar á næsta leiti.

Ég vil nú vænta, að hæstv. sjútvmrh. viðurkenni, að það sé þörf á því til þess að koma í veg fyrir árekstra að setja hér nokkru fastmótaðri reglur samkvæmt þessu frv. um verðlagningu á nýjum fiski heldur en hér hafa verið í gildi, og að hann viðurkenni líka um leið þá miklu þýðingu, sem slíkt hefur varðandi sanngjarna og réttláta verðlagningu á fiski, og sjái einnig nauðsynina á því að láta hér fara fram hlutlausa samanburðarrannsókn á verðlaginu á nýjum fiski hér og í Noregi.

Ég vil svo óska eftir því, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að gera að umræðuefni fyrsta atriði þess frv., sem hér liggur fyrir, en það er að lögfesta þær flokkunarreglur, sem miða eigi við gæðamat á nýjum fiski.

Eins og þm. sjálfsagt muna, voru á síðasta Alþ. í fyrsta skipti sett lög um ferskfiskeftirlit, og er það algert nýmæli hér á landi, því að allt fram til þess, að þau lög fara að verka, hefur fiskur verið keyptur til vinnslu á einu og sama verði, án tillits til gæða. Menn hafa, eftir því sem veiðiaðferðir hafa breytzt á seinni árum, séð, að þetta gat ekki gengið svo til lengdar. Sérstaklega eftir að netaveiðar jukust, eins og raun ber vitni, hefur gæðum ferskfisksins hrakað. Við erum þess vegna byrjendur í gæðaflokkun á ferskum fiski, og þetta gerðu menn sér ljóst, þegar lögin um ferskfiskeftirlit voru sett á síðasta Alþ., því að eitt ákvæði þeirra er það, að fiskmatsráði, sem skipað er samkvæmt þeim lögum, ber á næstu tveim árum, frá því að lögin voru sett, að endurskoða lög og reglugerðir um fiskmat. Þessari endurskoðun er af eðlilegum ástæðum engan veginn lokið, og menn eru að þreifa sig áfram með gæðaflokkunina. Mín skoðun er sú, að meðan við höfum ekki meiri reynslu í þessu, sé ekki heppilegt að lögbinda þær reglur, sem farið skal eftir við gæðaflokkun á fiski, en 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, gerir einmitt ráð fyrir því. Ég hygg það vera svo með landbúnaðarvörur, að þó að settur sé í lögum nokkuð rúmur rammi utan um það, hvernig t. d. kjöt skuli flokkað, þá sé framkvæmdin á því gæðamati að mestu leyti samkv. reglugerðum. Þannig hygg ég að sé heppilegast fyrir okkur að hafa gæðaflokkun einnig hvað fiskinn snertir, a. m. k. enn sem komið er.

Í öðru lagi ætti samkv. þessu frv., ef að lögum yrði, að skipa nefnd til að ákveða verðflokkun á fiski, og eins og hv. flm. gat um, þá er það hugsað þannig, að í þeirri n. verði 12 menn, 6 aðilar frá hvorum aðila, og ef þeir nái ekki samkomulagi, þá taki sáttasemjari sæti í n. sem oddamaður og skeri úr.

Ég vil fyrst gera þá athugasemd við tillögu frv. um nefndarskipunina, að þar er ekki að finna fulltrúa frá Sjómannasambandi Íslands né heldur frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en bæði þessi samtök hafa að sjálfsögðu hagsmuna að gæta, ef farið yrði inn á þá braut, sem þarna er rætt um.

Í öðru lagi vil ég gera þá athugasemd við þessa till., að ef fela ætti sáttasemjara það hlutverk, sem þar er gert ráð fyrir, yrði að gerbreyta starfsreglum hans, og embætti hans yrði þá allt annað en það er nú. Hins vegar er það að sjálfsögðu athyglisvert, að fram skuli koma hér í þinginu till. um eins konar gerðardóm í vinnudeilum. Þótt hv. frsm. hafi sagt áðan, að það mundi ekki þýða það, að þessi n., með sáttasemjara sem oddamann, ætti að skera úr um kaup og kjör, þá er það nú engu að síður svo, eðli málsins samkvæmt, og í grg. með sjálfu frv. er einmitt gerð grein fyrir, að frv. sé fram borið í tilefni af þeim vinnudeilum, sem hafa staðið yfir að undanförnu, og þar sem leit svo út á tímabili, að ekki yrði samkomulag vegna verðflokkunarinnar á fiskinum.

Ég held, að í þessari grein frv. sé blandað saman tvennu óskyldu. Annars vegar er það verkefni, að setja reglur um, með hvaða hætti þeir, sem veiða fisk, og þeir, sem kaupa fisk, eigi að koma sér saman um verðið, og hitt er það atriði, hvernig úr skuli skera, ef ágreiningur verður um þetta,

sem vissulega getur varðað kjaradeilu, eins og það hefur gert núna. Þetta tvennt álít ég að ætti að aðgreina. Ef setja ætti um þetta reglur af ríkisvaldinu, þannig að skipað yrði eins konar verðlagsráð sjávarútvegsins, tilsvarandi við það, sem landbúnaðurinn hefur, ættu að gilda sérstakar reglur um það. En ef ágreiningur verður innan verðlagsráðs, ætti að skera úr þeim ágreiningi samkv. ákvæðum í almennri vinnulöggjöf. Ég hygg, að það geti alls ekki samrýmzt starfi sáttasemjara, eins og því er nú háttað, að hann taki að sér oddamennsku eins og frv. gerir ráð fyrir. Ef um það væri að ræða, ætti frekar að koma til einhver annar aðili, t. d. hæstaréttardómari.

Hv. frsm., 4. þm. Austf., ræddi um það í framsöguræðu sinni, að sjómannasamtökin hefðu ekki fengið aðild að verðflokkuninni að þessu sinni. Þetta er rétt, og það er eðlileg skýring á þessu. Eins og mönnum er kunnugt, hefur undanfarið gilt hér tvenns konar fiskverð: skiptaverð og svo það verð, sem útgerðin hefur endanlega fengið greitt. Þessi skipting á verðinu, sem er búin að haldast í nokkuð mörg ár, hefur í raun og veru verið viðurkenning á því, að með þeim kjarasamningum, sem útgerðin þurfti að starfa eftir, væri ekki hægt að gera út hér á landi. Nú hefur verið gerð róttæk breyting á þessu fyrirkomulagi, þannig að í þeim nýju samningum, sem víðast hvar er búið að ganga frá, er gert ráð fyrir, að skipshöfnin fái hlut úr öllum aflanum og að hún fái ákveðna prósentu úr heildarverðmæti aflans, þannig að reglan um sérstakt skiptaverð er ekki lengur til. En þegar Landssamband ísl. útvegsmanna hóf í haust að ræða við sölusamtökin um rekstrargrundvöll, hlaut fiskverðið að sjálfsögðu að bera þar á góma, og var þá ekki búið að gera hina nýju kjarasamninga. Það var þess vegna ekki eðlilegt, að sjómannasamtökin — eða Alþýðusambandið fyrir þeirra hönd — ættu aðild að fiskverðssamningum til að byrja með, meðan ekki var búið að breyta reglunni um sérstakt skiptaverð frá því, sem hún var. Hins vegar tel ég, að næst þegar kemur til svipaðra samninga og nú hafa víðast hvar verið gerðir, sé eðlilegt og sjálfsagt, að sjómannasamtökin fái öll aðild að verðsamningunum, eins og var, meðan samið var um sérstakt skiptaverð.

Það er sagt í grg. með þessu frv., að það sé sérstaklega fram borið til þess að leysa úr kjaradeilunni milli útvegsmanna og sjómanna, sem sums staðar tafðist nokkuð að leysa vegna ágreinings út af verðflokkun á fiski. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að sú óánægja, sem var með verðflokkunartillögur landssambandsins, sé nú víðast hvar úr sögunni.

Því atriði, sem hv. frsm. gerði hér að umtalsefni, að handfærafiskur gæti ekki komizt í 1. flokk, hefur verið breytt í flokkunarreglum landssambandsins á þá lund, að handfærafiskur á vetrarvertíðinni getur komizt í 1. flokk.

Það er að vísu ekki alls staðar búið að ganga frá sjómannasamningunum, en ég held, að þar sem ósamið er enn þá, en það er í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akranesi, snúist ágreiningurinn ekki lengur fyrst og fremst um verðflokkunaratriðin.

Hv. flm. notaði tækifærið til þess að hefja umr. á ný um verðmun á fiski hér og í Noregi. Það hefur verið löng deila milli hans og hæstv. sjútvmrh. um það mál. Ég ætla ekki að blanda mér í hana sérstaklega, en mér finnst það bera þess vott, að hv. frsm. telji sig hafa farið nokkuð halloka í umr. um það mál, að hann skuli nú taka það upp á ný í sambandi við annað mál, til þess að reyna að rétta hlut sinn.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. um verðflokkun á nýjum fiski, sem hér liggur fyrir til umr., eru raunverulega ekki nema tvö efnisatriði. Annað atriðið er það að lögfesta flokkunarreglurnar og hitt atriðið að ákveða, að verðið í hverjum flokki skuli ákveðið á þann hátt, sem þar segir, og ef ekki næst samkomulag, þá að mér skilst með nokkurs konar gerðardómi.

Mér finnst, að bæði þessi atriði séu allvarhugaverð. Hv. þm., 1. flm., sagði í sinni framsöguræðu, að ferskfiskeftirlitið hefði nú gefið út reglugerð um meðferð fisksins og mat á honum, og það er rétt. Sú reglugerð er gefin út í sjútvmrn. 13. jan. s. l., og þar er kveðið á um, hvernig fiskurinn skuli flokkaður.

Í grg. fyrir frv. segja flm., að með frv. þessu sé gert ráð fyrir, að verðflokkun fisks verði algerlega byggð á gæðamati fiskeftirlits ríkisins. Þetta er þó ekki rétt nema upp að vissu marki. Í þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir 3 flokkum og aðeins 3 flokkum, en í reglugerðinni, sem vitnað er til og sagt er að frv. sé byggt á, stendur, með leyfi hæstv. forseta, í 37. gr., að „meta má í fleiri flokka, ef verðlagsgrundvöllur eða aðrar ástæður gefa tilefni til". Þetta bendir til þess, að það sé haft í huga, að flokkarnir geti orðið fleiri, og þá er, að ég tel, ekki hagkvæmt að vera búinn að lögfesta þá skiptingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil í heild segja um það, að ég tel þetta miklu frekar reglugerðarákvæði en það eigi að setjast um það lög. Þetta er samkvæmt eðli sínu þannig, að það getur komið til, að skyndibreytingar þurfi á flokkunarreglunum að gera, og þá er það miklu þyngra í vöfunum að vera búinn að lögfesta þessar reglur heldur en hafa þær aðeins bundnar í reglugerð, því að lögum er utan þingtíma ekki hægt að breyta nema þá með útgáfu brbl., sem auðvitað ber að forðast í lengstu lög. Ég tel þess vegna, að það orki mjög tvímælis, að það sé heppilegt að fara út í það að lögfesta þessar flokkunarreglur, sem nefndar eru í 1. gr., beinlínis vegna þess, að ég tel, að það sé eðlilegra og rýmra að hafa þetta ákveðið í reglugerð heldur en í lögum.

Það kom líka fram í umr. hér áðan, bæði hjá hv. flm. og hjá hv. 5. þm. Vestf., að lögin um ferskfiskmatið eru tiltölulega ný, þau eru frá síðasta þingi, og það er þess vegna ekkert óeðlilegt, að við framkvæmd þeirra komi í ljós ýmsir byrjunarörðugleikar, þar sem reynslu skortir alveg um framkvæmdina. Hjá okkur hefur aldrei verið gerður sá greinarmunur á nýjum fiski upp úr sjónum, eins og nú er gert ráð fyrir, heldur hefur fiskurinn verið seldur á mikið til jöfnu verði, en nýmælið, sem í l. um ferskfiskmatið felst, er að gera mjög mikinn og strangan mismun á gæðavöru og lélegri vöru. Ég held þess vegna, að það þurfi og sé ekkert óeðlilegt, að það

þurfi nokkurn tíma til þess að koma þessum hlutum í fastar skorður og að það sé einmitt, á meðan þetta er ekki komið í fastar skorður, ástæða til þess að binda það ekki um of og allra sízt í lögum.

Hitt efnisatriðið, sem hv. flm. gat um líka og eins hv. 5. þm. Vestf., sem talaði hér áðan, er um, að fiskverðið í hverjum verðflokki skuli ákveðið á þann hátt, sem í greininni segir, í fyrsta lagi með samkomulagi á milli aðila, ef mögulegt er, fiskseljenda og fiskkaupenda, en ef það samkomulag næst ekki, þá verði sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum látinn taka sæti í þessari verðákvörðunarnefnd með fullum atkvæðisrétti, sem þá væntanlega í flestum tilfellum sker úr, þar sem seljendur og kaupendur eru jafnmargir eða fulltrúar þeirra, og hlýtur þess vegna þetta ákvæði að verka eins og gerðardómsákvæði um matið. Að vísu segir mjög mildilega í grg., að sáttasemjari ríkisins skuli hafa hönd í bagga með störfum samninganefndanna. Það þykir eitthvað mildara orðalag að segja það, að hann skuli hafa hönd í bagga með störfum samninganefnda, heldur en beint, að hann skuli vera oddamaður í gerðardómi. En ég tel, hvað sem hugsuninni um gerðardóminn líður, sem ég skal ekki fara út í að deila um hér á þessu stigi, að þá sé mjög hæpið að draga sáttasemjara ríkisins inn í þá aðstöðu að verða oddamaður í gerðardómnum. Sáttasemjari ríkisins þarf í öllum tilfellum að hafa trúnað beggja aðila, en það er ósköp hætt við því, að þeim aðilanum, sem undir verður í þessari gerðardómsákvörðun, finnist hallað á sig og hljóti þá að kenna sáttasemjara ríkisins um, þar sem hann beinlínis sker úr um það, hvernig þessi ákvörðun verður gerð. Ef endilega á til gerðardóms að taka, eins og hv. flm. endilega virðast vilja, þá álít ég, að sáttasemjari ríkisins sé sá sízti maður, sem ætti að vera oddamaður í þessum gerðardómi. Það mætti kannske vera, eins og hv. 5. þm. Vestf. orðaði hér áðan, einhver hæstaréttardómari eða einhver annar maður, sem þá yrði ekki dreginn inn í hin almennu viðskipti launþega og atvinnurekenda. Ég tel sem sagt, að sáttasemjari ríkisins sé um það bil sá óheppilegasti maður, sem hægt sé að draga inn í þetta.

En að öðru leyti verð ég að segja, að á meðan ekki er komin meiri reynsla á þetta mál heldur en komin er, þá tel ég líka óþarft og a. m. k. vafasamt, að það sé ástæða til að binda þessa verðákvörðun með lögum, eins og lagt er til í frv. að gert verði. Ég tel miklu nær, að það verði látinn nokkur tími líða og séð, hvernig tekst um frjálst samkomulag á milli aðila. Ég skal taka undir það líka með hv. 5. þm. Vestf., að ég tel sjálfsagt og eðlilegt, að fulltrúar sjómannasamtakanna í landinu verði aðilar að þessari verðákvörðun, ekki síður en útgerðarmenn, þó að þeir hafi ekki orðið það í þetta skipti, sem skýrt var frá líka af honum, hvernig stóð á, þar sem var enn í lögum ákveðið skiptaverð, sem byggt var á, þegar verðið var ákveðið.

Ég veit nú ekki, hvort ég hefði farið út í að ræða þetta mál sérstaklega á þessu stigi, ef ekki hefði komið annað til, sem var, að hv. 1. flm. notaði tækifærið til þess að ræða nokkuð um mismuninn á fiskverðinu í Noregi og hér heima og fór þar mjög í sama farið og hann gerði síðast, þegar þau mál voru til umr., en ég hélt, að þau hefðu orðið útrædd í bili þá, þar sem málið er nú komið til nefndar og nefndin hefur aðgang að öllum þeim gögnum, sem fyrir liggja, til þess að setja sig inn í það og skera úr um það, hvernig þeim málum er varið. En að þessu gefna tilefni skal ég fara um það nokkrum orðum.

Hv. þm. sagði í fyrsta lagi, að það væri óeðlilegt að bera saman verðlag í Noregi í fyrra við verðlag á Íslandi nú. Annaðhvort yrði að miða verðlagið í Noregi í fyrra við verðlagið á Íslandi í fyrra eða verðlagið í Noregi nú við verðlagið á Íslandi nú, og get ég út af fyrir sig fallizt á, að það sé rétt. En ég vil undirstrika enn og aftur, að það, sem gert er í till. til þál. um rannsókn á fiskverðinu eða samanburð á fiskverðinu hér og í Noregi, er það, að gengið er fram hjá því í till. við þennan samanburð, að það, sem þeir bera saman, er fiskverðið í Noregi í fyrra í hæsta verðflokki við verð á Íslandi, sem var nokkurn veginn sama verð fyrir allar gæðategundir af fiski hér. Þetta er það, sem gerir það að verkum, að sá mismunur kemur fram, sem fram hefur komið í grg. fyrir þeirra till. Og þetta er rangt og ósanngjarnt. Ef á að bera saman verðið í Noregi og hér, þá verður að bera saman verðið í tilsvarandi flokkum. Norðmenn höfðu bæði í fyrra og í hittiðfyrra og hafa sjálfsagt haft í langan tíma mjög mikla skiptingu á aflanum eftir gæðum, og þeir hafa líka greitt hann eftir gæðum. En hér er þessi gæðaskipting fyrst komin í framkvæmd nú á þessu ári. Ef þess vegna á að bera saman sambærilega hluti, þá er ekki hægt að taka aðrar tölur til samanburðar en þær tölur, sem nú liggja fyrir, eftir að farið hefur verið út í það hér að meta fiskinn eftir gæðum upp úr sjó. Það er algerlega rangt að bera saman fiskinn í hæsta gæðaflokki í Noregi við meðalverðið hér á Íslandi áður, en það er það, sem þeir hafa gert, hv. flm. þessarar rannsóknartill., bæði í grg. fyrir henni og eins í þeim umr., sem hér hafa farið fram.

Hv. 4. þm. Austf. sagði að vísu, að ég hefði látið mig hafa það að bera saman það, sem væri lágmarksverð í Noregi, við hæsta verð hér á Íslandi. Þetta er líka tilraun til þess að blekkja. Það, sem ég bar saman, var verðið á hæsta gæðaflokknum í Noregi, — í fyrra að vísu, því að ég hafði þá ekki tölurnar eins og þær verða í ár, — við verðið á hæsta gæðaflokknum hér á landi, eins og hann er nú, en útkoman úr þeim samanburði varð sú, að mismunurinn varð allt annar en þeir vildu vera láta og miklu minni, og ef öll kurl kæmu til grafar, þá heldur íslenzka verðinu í vil. Þetta ætla ég, að ég geti staðið við, samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef um þetta fengið.

Hv. 4. þm. Austf. sagði líka, að upplýsingar mínar um verðuppbæturnar í Noregi væru jafnvel rangar, eða a. m. k. vildi hann gera þær tortryggilegar. En ég sagði um þær skv. skýrslum, sem ég hef um þær fengið, að verðuppbæturnar hefðu numið á þorsk frá 5 til 17 aurum á hvert kg, og af því að þær voru mismunandi á hinum mörgu verðlagssvæðum, reiknaði ég með meðal-

tali á milli 5 og 17, þ. e. a. s. með 11 aurum á kg. Í till. þeirra hv. 4. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl. um rannsókn á fiskverðinu er því raunar alveg skotið undan, að um nokkrar verðuppbætur hafi verið að ræða. En það liggur alveg ljóst fyrir, að einmitt verðuppbæturnar koma mjög til athugunar í sambandi við verðútreikninginn, þegar um hæsta verðið er að ræða, því að hæsta verðið í Noregi helgast einmitt af hæstu uppbótagreiðslunum. Og uppbótagreiðslurnar fara, eins og ég sagði, upp í 17 aura.

Hv. 4. þm. Austf. vildi nú jafnvel vefengja það, að nokkrar uppbótagreiðslur væru fyrir fisk til frystingar. Í skýrslu Fiskifélagsins frá 29. nóv. 1960 voru ekki fyrir hendi niðurstöður um, hverjar uppbótagreiðslurnar hefðu orðið á öllu árinu 1960. En þá verð ég líka, eins og hv. þm. raunar sjálfur gerði, að miða við tölur frá árinu 1959, því að það eru einu fullkomnu tölurnar, sem fyrir liggja. Í þessum skýrslum Fiskifélagsins um árið 1959 er svo komizt að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt Årsmelding fra Norges råfisklag voru niðurgreiðslur til fiskkaupenda, sem óbeint koma fram í hærra verði til útvegsins, sem hér segir á árinu 1959, lokaskýrsla fyrir yfirstandandi ár hefur ekki borizt enn: Í fyrsta lagi fyrir þorsk 5—17 norskir aurar á hvert kg eftir verðlagssvæðum og vertíðum, fyrir ýsu til frystingar 13—21 eyrir norskur, fyrir ufsa 5—9 aurar norskir, fyrir löngu og keilu 5—10 aurar norskir og fyrir steinbít 10 aurar norskir, alls staðar miðað við slægðan og hausaðan fisk.“

Þessar upplýsingar ætla ég að séu réttar, og hef ég a. m. k. enga ástæðu til þess að vefengja þær. En séu þessar upplýsingar um uppbæturnar teknar til greina og uppbæturnar dregnar frá norska fiskverðinu og síðan tekin til greina sú gæðamatsskipting, sem á sér stað í Noregi og það verð er miðað við, sem hv. flm. till. hafa reiknað með í hæsta flokki, — þó að það sé þar lágmarksverð, þá er það ekki lágmarksverð á alla flokkana, það er lágmarksverð í hæsta flokknum, — þá verður mismunurinn, sem þeir vildu láta vera á meðalstórt frystihús, í kringum 3 millj., og á venjulegan vertíðarbát, 700—800 þús. kr., hann verður enginn. Þetta ætla ég svo ekki að ræða meir, en það er alveg sama, hvernig þessu er velt fram og til baka, niðurstaðan er þessi.

Um sjálft frv., sem hér liggur fyrir, skal ég aðeins segja það, að ég er í miklum vafa um, að það sé til nokkurs gagns fyrir þá, sem það á að vera til gagns, heldur geti það skapað erfiðleika og óþægindi í framkvæmd ferskfiskmatsins og að það sé ekki rétt að fara út í að svo stöddu að lögbinda verðákvörðunina, eins og frv. gerir ráð fyrir, fyrr en frekari reynsla er fengin af því, hvernig tekst um samkomulag á þessu sviði, þó að vel megi ef til vill athuga þetta, ef þetta samkomulag er ekki fyrir hendi og ef þessir hv. þm. leggja, eins og hér virðist koma fram, svona mikið upp úr því að lögfesta gerðardóminn í þessum vinnudeilum. Ég tel raunar, að ef til þess kæmi, að út í slíka lögfestingu yrði farið, þá væri sáttasemjari ríkisins óheppilegasti maðurinn til þess að taka sæti í og kveða upp úrskurð í slíkum gerðardómi.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Frv. um verðflokkun á nýjum fiski, sem hér er til umr., hefur vakið nokkurt umtal, og hv. stjórnarflokkar virðast hafa fyrir því nokkurn áhuga að reyna að snúa út úr því og koma inn hjá fólki röngum hugmyndum í sambandi við það. Einkum hefur verið lögð á það mikil áherzla, að hér væri í rauninni lagt til af hálfu okkar flm., að settur yrði upp gerðardómur í vinnudeilum. Ég vil strax taka það fram, að hér er um alrangan skilning að ræða, og skal ég færa þeim orðum mínum frekari stað.

Þegar kom til þess, að sjómenn gerðu samninga um kjör sín á þeirri vetrarvertíð, sem nú stendur yfir eða a. m. k. að öllu eðlilegu um stjórnarfar í landinu hefði mátt reikna með að stæði yfir um þessar mundir, þó að hún geri það nú reyndar ekki nema að takmörkuðu leyti, þá var búið strax á s. l. hausti að framkvæma að því talsverðan undirbúning, að unnt yrði að færa kjör sjómanna til þess horfs, að sama verðlag skyldi gilda um fisk, sem sjómenn ættu sem hlut í afla fyrir sín störf, og fyrir þann fisk, sem útgerðin sjálf fær greiddan. En á þessu hafði verið mismunur um skeið, þannig að sjómenn seldu sínum útgerðarmönnum aflahlutinn á lægra verði en útgerðin síðan fékk fyrir hann við sölu fisksins til fiskkaupenda, sem keyptu fisk til verkunar. Það var samkomulag um það milli atvinnurekenda, þ. e. a. s. útgerðarmanna og sjómanna, að að þessu skyldi stefnt, enda lögð í það mikil vinna að undirbúa það mál, og kom ekki til neins ágreinings, sem ekki reyndist unnt að jafna, við þann undirbúning. En þegar dró að áramótum og sjáanlegt var, að ekki var lengur unnt að skjóta því á frest að taka ákvörðun um sjálfan kjarasamning sjómanna, þá skeður það, að Landssamband ísl. útvegsmanna eða nokkrir forráðamenn þess gera verðsamning við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um það, með hverjum hætti fiskur skyldi keyptur. Ég segi verðsamning, því að svo hefur hann jafnan verið kallaður. Það er reyndar algert rangnefni. Verðsamningur var það ekki. Það var tillaga verðlagsráðs L. Í. Ú. og S. H. um verð á fiski. Þessi till. hefur enn í dag ekki fengið neina staðfestingu, svo að það er alrangt, sem hér hefur verið haldið fram, að hér sé um umsaminn hlut að ræða. Hér er þar á móti um umdeildan hlut að ræða, sem ekki hefur komið neitt endanlegt samþykki á frá hlutaðeigandi aðilum og er enn á deilustigi. Hv. 5. þm. Vestf. vildi halda því fram, að það hefði verið eðlilegt, að í þessum verðsamningi, eins og hann svo kallaði tillögurnar, hefðu sjómenn ekki átt aðild, vegna þess að þegar hann var gerður, þá var ekki búið að semja um það, að sama verð skyldi gilda til hlutarsjómanna og til útgerðarmanna. Hér er auðvitað hlaupið yfir kjarna málsins, sjálfsagt í þeim ákveðna tilgangi að réttlæta þau vinnubrögð, sem við voru höfð, svo fjarstæð sem þau þó eru.

Eftir að komið var heildarsamkomulag milli

sjómanna og útvegsmanna um það, að unnið skyldi að því, að nýir kjarasamningar byggðust á sama verði til sjómanna og útgerðarmanna, þá var auðvitað engin réttlæting fyrir því hjá einum eða neinum aðila að ganga fram hjá sjómönnunum sem samningsaðila um verðið. En þetta gerðu þeir forráðamenn L. Í. Ú., sem að þessu stóðu, og það virðist hafa verið gert í góðu samkomulagi við sjútvmrn., sem einmitt upp úr þessari samningsgerð, ef við svo köllum hana, gaf út reglugerð, sem að formi til var um gæðamat á fiski, en þar þó inn í rennt þeirri ákvörðun, sem menn nú mjög þekkja og hæstv. sjútvmrh. gat um hér áðan, að eftir að búið er að setja reglurnar um það, hvernig ferskfiskeftirlit ríkisins hugsar sér að flokka fisk, þá er tekið fram, að þó megi flokka eftir öðrum reglum, ef verðlagsgrundvöllur *gefi tilefni til* þess, Það virðist þess vegna hafa verið gert í fullkomnu samráði við sjútvmrn. að framkvæma þá verðflokkun á fiski, sem L. Í. Ú. og Sölumiðstöðin höfðu lagt til, enda þótt þar væri um ekkert samkomulag að ræða við sjómenn og enn fremur *algert ósamkomulag* við stóran hluta útgerðarmanna. M. a. af þessum ástæðum eða reyndar þó réttara sagt fyrst og fremst af þessum ástæðum héldu útgerðarmenn í Vestmannaeyjum, sem er, eins og allir vita, langstærsta útgerðarstöð landsins fyrir bátaflotann, uppi hreinu róðrabanni á sínum bátum í fimm vikur, allt til 4. febr., frá áramótum til 4. febr. Það hefði þess vegna mátt ætla, sérstaklega eftir að menn hafa nú heyrt skýringar hæstv. sjútvmrh. á því, að hann vildi ekki lögbjóða neitt um flokkunina, vegna þess að það eigi að vera reglugerðarákvæði, svo að það sé létt í vöfum og hægt að breyta því, hvenær sem þörf krefur, þá hefði mátt ætla, að sjútvmrn. hefði séð ástæðu til þess að nema burt þessa heimild úr reglugerðinni, þegar svo var komið, að stór hluti af framleiðslu landsmanna gat ekki farið af stað, gat ekki unnið með eðlilegum hætti, vegna þess að þarna hafði verið af ráðuneytisins hálfu gerð sú skyssa að leyfa ferskfiskeftirlitinu að framkvæma aðra flokkun á *fiskinum en gæðamat*. En þetta gerði hæstv. ráðh. ekki. Og svo furðar hann sig á því, að þm., sem að sjálfsögðu hafa ekki neinn tillögurétt um það, hvernig sjútvmrn. hagar sínum reglugerðum, en eiga þar á móti tillögurétt um það, hvernig lög landsins eru, skuli gera till. á þingi um það, að úr þessum hlutum sé bætt með nýrri löggjöf. Ég tel þar á móti sjálfsagt og eðlilegt, að í löggjöf sé farið, þegar komið er í ljós, að reglugerðirnar, sem rn. gefur út, eru ekki til þess fallnar að halda hér uppi eðlilegri framleiðslustarfsemi, heldur þvert á móti til þess að koma í veg fyrir hana.

Í sambandi við það, að því hefur verið haldið fram, að hér sé lagt til, að settur verði upp gerðardómur í vinnudeilum, vil ég sérstaklega undirstrika það, að þeim sömu mönnum, sem halda þessu fram, finnst eðlilegt að fara þannig að í sambandi við verkalýðsmál að láta aðila óviðkomandi sjómannastéttinni semja um það, hvert fiskverð eigi að vera til sjómanna, hleypa sjómönnum þar hvergi að, þeir leggja einnig kapp á, að þetta sé gert í svo miklu ósamræmi við hagsmuni allra þeirra, sem aðild eiga sem fiskseljendur, að þeir sjá sér ekki fært að ganga að þessum hlutum og hafa ýmist haldið uppi verkbanni eða verkfalli til þess að freista þess að fá hlut sinn leiðréttan, af því að þeir áttu enga aðild að samningnum sjálfir. Þessum aðilum finnst svo mikið í mun, að slíkum samningum sé haldið í heiðri, að ekki *megi leggja til*, þegar til vinnudeilna hefur komið og þegar framleiðslan hefur stöðvazt, að *setja upp* skynsamlegra fyrirkomulag á þessum samningum, sem vissulega snerta kaup og kjör, enda þótt þeim hafi verið svo vísdómlega fyrir komið af stjórnarvaldanna hálfu, að annar aðilinn í deilunni gat ekki átt neina hlutdeild að þessum þætti samninganna. Hér er þess vegna lagt til í frv., að sett verði á stofn nefnd kaupenda og seljenda, *sem eigi* að semja um þetta fiskverð, sem nú hefur verið ákveðið í raun af nefnd, sem hefur ekki *fengið* neinar staðfestingar á sínum gerðum, en hugsar sér í skjóli ríkisvaldsins og í skjóli þeirra stofnana, sem mikils mega sín í þjóðfélaginu, eins og fiskkaupendur óneitanlega gera, að þvinga í gegn þessar tillögur sínar án þess að leggja þær undir úrskurð þeirra, sem hlut eiga að máli, heldur varna þeir þeim aðgang að því að koma nálægt málunum, en láta hlutina dankast einnig í skjóli ríkisvaldsins og með ærnu tapi fyrir þjóðfélagið sem slíkt. Þegar svo er komið, finnst okkur flm. vera ástæða til þess að setja upp nefnd, þar sem viðkomandi aðilar eigast við um samninga um þetta. Og þar sem þessi mál hefur öllsömun borið mjög á góma í sambandi við vinnudeilur, sem staðið hafa, þykir okkur ekki óeðlilegt, að sáttasemjari ríkisins, sem auðvitað í gegnum starf sitt þar er málefnum allra utanaðkomandi aðila kunnugastur, hafi handleiðslu þess, að samningar gangi greiðlega. En náist ekki samningar, höfum við *lagt til*, að sáttasemjari taki sæti í samninganefndinni og hún *felli úrskurð þannig skipuð* að þessu sinni. Þar sem eðlilegt væri að öðru leyti, að um þetta yrði *samið fyrir hver áramót* og hvor aðilinn um sig gæti ákveðið að hefja ekki starfsemi sína, nema samningar næðust, þá er sá tími liðinn að þessu sinni. Og við flm. gerum ráð fyrir, að þetta frv., ef að lögum yrði, gildi einungis til næstu áramóta, en hér sé ekki um frambúðarskipan þessara mála að ræða. Það stendur í 3. gr. frv.: Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1961.

Ég ætla þá, að ég hafi skýrt, svo að ekki verður um villzt, að hér er ekki um það að ræða, að lagður sé til gerðardómur í vinnudeilum. Jafnvel þó að það ráð yrði haft í framtíðinni, að þetta verðákvæði yrði lagt undir gerðardóm hverju sinni, þegar til þyrfti, þá er það ekki heldur gerðardómur í vinnudeilu, því að að öllu eðlilegu á sá dómur að vera kveðinn upp fyrir áramót hverju sinni, ákveðið þannig, hvert fiskverðið er, og sjómenn geta þá ákveðið í sinn hóp og í sínum stéttarfélögum, upp á hvað mikla heildarprósentu af aflamagninu þeir vilja leggja fram sinn vinnukraft, svo að þeir *eiga* fullkomið frelsi til þess — án allra gerðardóma — eftir venjulegum leiðum að ákveða *sín kjör*, þrátt fyrir það þó að gerðardómur væri annars ákveðinn.

Ég veit ekki, hvort ég á að blanda mér inn í þær deilur, sem hér eru risnar og varða máske fremur annað mál en hér er á dagskrá í augnablikinu, en þó náskylt, þ. e. a. s. samanburðinn á fiskverðinu hér á landi og í Noregi. En þar sem því háttar svo, að það eru sömu flm. að báðum þessum málum, þ. e. a. s. við hv. 4. þm. Austf. flytjum bæði málin og höfum deilt við sömu aðila, þ. e. a. s. hæstv. sjútvmrh., um þessi efni, þá langar mig aðeins til að taka það fram í tilefni af því, að ráðh. heldur því fram, að í till. okkar um rannsókn á fiskverðinu sé vitnað til ósambærilegra talna, þ. e. a. s. til hæstu fiskverðstalna í Noregi, en meðaltalsfiskverðstalna á Íslandi, þá skal ég alveg sérstaklega taka fram, að þetta er rangt. Allar þær tölur um fiskverð, sem við birtum í grg. þeirrar till., eru teknar úr skýrslu starfsmanns Fiskifélags Íslands, sem nú er upplýst að m. a. fyrir áeggjan ráðuneytisins hafi hafið könnun á þessum hlutum. Þar er í báðum tilfellum vitnað í hæstu tölur, sem hann nefnir, þ. e. a. s. hann nefnir ekki íslenzku tölurnar, en það er vitnað í hæstu tölurnar, sem þekktar eru um íslenzka fiskverðið á þeim tegundum, sem fyrir eru teknar, og bornar saman við hæstu tölurnar, sem hann tilnefnir í Noregi. Nú er hins vegar vitað, að hæstu tölurnar, sem hann tilnefnir í Noregi, eru ekki hæstu tölurnar, sem raunverulega voru goldnar fyrir fisk, því að fiskur var a. m. k. sums staðar keyptur á hærra verði en þessu í Noregi.

Enn fremur er það eitt í málflutningi hæstv. sjútvmrh., sem ég kann ekki við. Það er að halda því fram, að í sambandi við till. um rannsókn á fiskverði í Noregi, sem fyrst og fremst er ætlazt til að beinist að því, á hvaða stoðum norska fiskverðið hvílir, þá sé ósköp einfaldlega hægt að afgreiða einn þáttinn í norska fiskverðinu, þ. e. a. s. uppbæturnar, með því að segja, að það eru engar uppbætur á Íslandi og þar af leiðandi drögum við þetta frá í Noregi. Auðvitað eru uppbæturnar líka liður í fiskverðinu þar. Og það er ekki það, sem tillagan fór fram á, að það yrði sannað, að miðað við allar aðstæður væri fiskverðið jafnólíkt í Noregi og Íslandi og tölurnar gefa tilefni til. Mér er það alveg ljóst, að það geta legið til þess ástæður, sem eru fullkomlega skýranlegar. Tillagan fer fram á, að framkvæmd verði hlutlaus rannsókn margra aðila, þ. e. a. s. nefndar, sem Alþingi kýs, á hvaða stoðum norska fiskverðið hvíli, og sjá, hvað við getum af því lært. Það á einnig að taka til uppbótagreiðslnanna. Og ég vil ekki viðurkenna, að uppbætur á norskan fisk séu ekki hluti af fiskverðinu þar í landi, enda þótt þær séu ekki sambærilegar við neinn lið í íslenzka fiskverðinu, eins og nú standa sakir.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni, að öll væri íslenzka verðflokkunin svo ný af nálinni, að vert væri, að nokkur tími liði, til þess að við gætum séð, hvernig hún gæfist, áður en við færum að hrófla við henni. Ég er honum sammála um, að það er varla til þess að ætlast, að hvorki hann né nokkur annar aðili setji slíkar frumreglur, sem hér er um að ræða, með þeim hætti, að þær reynist í framkvæmd fullkomnar. Auðvitað þurfa þær að eiga sitt þróunarskeið, eins og yfirleitt flest sambærileg mál, til þess að geta skilað þeim bezta árangri og þeim árangri, sem til er ætlazt. En á hinn bóginn lít ég svo á, að það sé þegar liðinn svo langur tími, nægilega langur tími í stöðvun á fiskibátaflotanum á öllum helztu verstöðvum landsins, til þess að það liggi ljóst fyrir, að reglurnar eru svo gallaðar, að á þeim þarf að gera breytingar þegar í stað. Og við það miðast frv. okkar hv. 4. þm. Austf., að því, sem greinilegt er nú þegar að er ábótavant um reglurnar, verði kippt í lag hið allra fyrsta, svo að það valdi þjóðinni ekki meira tjóni en það er þegar búið að gera, og á þeirri hugsun er byggð sú ósk okkar, sem við höfum látið í ljós og látum í ljós strax í grg. frv., að afgreiðslu þess beri að hraða hér í þinginu. En hæstv. stjórnarflokkar og þeir, sem fara hér með vald í Alþingi, virðast vera á öðru máli, því að nú eru liðnar nokkrar vikur, síðan þetta frv. kom fram, og það er fyrst í dag, sem það fæst rætt, og virðist þó svo sem sum þau mál, sem látin hafa verið ganga á undan því, jafnvel þó að þau séu seinna fram komin, séu ekki þess eðlis, að það sé meira í mun fyrir þjóðina að afgreiða þau heldur en það mál, sem hér um ræðir.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Mér finnst undirtektir hæstv. sjútvmrh. og hv. 5. þm. Vestf. heldur daufar undir það mál, sem þetta frv. fjallar um. Ég get ekki skilið undirtektir þeirra á annan veg en þann, að þeir séu beinlínis andvígir efni frv. Að vísu ræddu þeir þannig hér um málið, að þeir gáfu sig mest í rauninni að aukaatriðum eða atriðum, sem vitanlega er hægt að hafa nokkuð á annan veg, en fallast þó á meginhugsunina, sem stendur að baki frv.

Nú langar mig til þess að spyrja þessa hv. þm., hver þeirra skoðun sé í raun og veru um aðalefni frv. Það er mjög fróðlegt að fá það fram. Aðalefni frv. er um að slá því föstu, að verðflokkun á nýjum fiski skuli fylgja gæðaflokkun. Er t. d. hv. 5. þm. Vestf. á þeirri skoðun, að það sé ekki ástæða til þess, að fyrsta flokks fiskur, sem dæmdur er af hlutlausu ríkismati sem bezta vara, sé greiddur bezta verði? Er hann á því, að það megi gjarnan hafa þann hátt á, að fiskur, sem er dæmdur af ríkismati sem fyrsta flokks vara, sem bezti fiskur, megi flokkast niður í 2., 3. eða 4. verðflokk? Er þetta hans meining? Það er fróðlegt að fá að vita um það. Um það stendur einmitt deilan í þessu efni. Eiga þær verðflokkunarreglur að gilda, sem forustumenn landssambandsins nú hafa komið sér saman um við fiskkaupendur, að það megi dæma niður í 3. eða 4. verðflokk þann fisk, sem opinbert ríkismat hefur ákveðið að sé í bezta gæðaflokki? Það virðist af því, sem hæstv. sjútvmrh. hefur talað hér, að hann sé á þessari skoðun, við því sé í rauninni ekkert að segja, þó að fiskur, sem ríkismatið er búið að slá föstu að sé í bezta gæðaflokki, sé verðlagður niður í 2. eða 3. verðflokk. Menn hljóta vitanlega að spyrja: Til hvers er þá þetta gæðamat hjá ríkinu? Hvers vegna eru þeir að skipa heilan her af mönnum, 50—60 mönnum, um allt land, láta þá taka „stikkprufu“ af nýjum fiski, sem kemur upp úr bátum, láta þá gæða-

meta fiskinn og segja: Þetta er fyrsta flokks fiskur, þetta er annars flokks fiskur, þetta er þriðja flokks fiskur, — en svo á ekkert að fara eftir því, ekki í neinu tilfelli? Svo koma fiskkaupendurnir, þeir sem eiga frystihúsin, og segja: Það varðar mig ekkert um, vinur minn, þó að þetta sé fyrsta flokks fiskur samkv. stimplun fiskmatsins, ég verðlegg hann sem þriðja flokks fisk.

Út af þessu hafa deilurnar risið. Um það að leysa þennan vanda er þetta frv. Ég veitti því auðvitað athygli, að hæstv. sjútvmrh. og hv. 5. þm. Vestf. vildu sem minnst dvelja við þetta meginatriði. En fyrir mig og marga fleiri er mjög lærdómsríkt að fá það staðfest hér á Alþingi, hver er skoðun hæstv. sjútvmrh. í þessum efnum, og þá gjarnan, að hann vildi gefa skýringu á því hér á Alþingi, til hvers slíkt gæðamat og allur sá kostnaður á að vera að gæðameta fiskinn í fyrsta flokk, ef ekkert á eftir því að fara á eftir. Til hvers? Hvernig stendur á því, að þá er verið að leggja út í allt þetta? Við, sem stöndum að flutningi þessa frv., viljum slá því föstu með lögum, að hafi opinbert mat ríkisins ákveðið, að nýr fiskur sé í fyrsta flokki, þá skuli hann vera jafnframt í fyrsta verðflokki, þar skuli vera beint samband á milli. Og það er enginn vafi á því, að þetta er skoðun mikils meiri hluta manna í landinu, sem fást við sjávarútvegsstörf, þetta er krafa sjómannanna yfirleitt allra, sem hafa gert samþykkt um þetta mál, og þeir eru orðnir margir, og þetta er líka krafa bátaútgerðarmannanna í landinu, sem veiða fisk og selja fisk. En svo koma aðrir menn, sumir hverjir eiga báta líka, en eru fyrst og fremst fiskkaupmenn og ætla að kaupa fiskinn og væntanlega reyna að hagnast á verkun hans. Þeir segja auðvitað: Það er mjög hagstætt að geta fengið fyrsta flokks fisk, sem sjálft ríkismatið viðurkennir sem fyrsta flokks fisk, og þurfa ekki að borga hann nema eins og þriðja flokks fisk. Það er mjög hagstætt. Þetta er girnilegt, þetta er gott. Við skulum hafa reglurnar heldur á þessa lund.

Við bendum á það, flm. þessa frv., að ef á að reyna að þjösna í gegn svona vitlausum reglum, þá verður það aðeins til þess að trufla framleiðslustörfin í landinu, stöðva reksturinn um lengri eða skemmri tíma og jafnvel efna til beinna verkfalla út af þessu.

Ég tók eftir því, að bæði hæstv. sjútvmrh. og eins hv. 5. þm. Vestf. vildu gera aðalatriði úr því efni 1. gr. frv., að með henni væri verið að lögbinda gæðaflokkunarreglurnar, með því væri verið að binda í lögum, að í fyrsta flokk sem gæðaflokk skuli fara fiskur af tiltekinni tegund. En hvernig er nú þessu raunverulega varið? Jú, því er þannig varið, að sjálfur hæstv. sjútvmrh. hefur gefið út reglugerð 13. jan. um það, hvaða fiskur skuli teljast í fyrsta flokk að gæðum, hvaða fiskur í annan flokk að gæðum til og í þriðja flokk að gæðum. Þessi reglugerð er gefin út, eins og ég sagði, 13. jan. Við getum vitanlega ekki miðað við neitt annað í þessu frv., sem aðeins er gert ráð fyrir að gildi á þessu ári, en þessar reglur, sem þarna hafa verið gefnar út og væntanlega eiga þó að standa yfir þetta ár, en ekki að verða margbreytt á árinu. Ef málið liggur þannig fyrir, að hæstv. sjútvmrh. telur svo miklar líkur á því, að þessar gæðaflokkunarreglur, sem eru nýlega settar, standist ekki einu sinni út þetta ár og þeim verði breytt á árinu, þá mundi ég fyrir mitt leyti sætta mig við það líka að umorða greinina þannig, að þó skuli verðflokkunin alltaf fylgja gæðaflokkunarreglum þeim, sem í gildi eru á hverjum tíma, settum af réttum opinberum aðilum, eins og sjútvmrh. eftir till. ferskfiskráðsins.

Ágreiningurinn þarf vitanlega ekki að standa okkar á milli um þetta atriði. En spurningin er hitt, hvort á að slá því föstu, eins og við viljum, að fyrsti gæðaflokkur, sem stimplaður hefur verið af fiskmati ríkisins, skuli líka vera í fyrsta verðflokki. Um það er spurningin, og um það er, eins og þessir hv. tveir þm. vita mætavel, einmitt sá ágreiningur, sem hér er rætt um í þessu máli. Fiskkaupendurnir vilja hafa þetta á þennan hátt, sem ég lýsti, en fiskseljendur á hinn veginn.

Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvmrh. vitnaði hér í þessa reglugerð, sem hann hefur gefið út þann 13. jan. um mat á nýjum fiski, og hann taldi, að frv. okkar þræddi ekki nákvæmlega þessar reglur um gæðaflokkunina. Í þessum efnum þykir mér rétt að lesa nákvæmlega upp þá grein, sem fjallar um þetta efni í reglugerðinni, lesa hana alla, hún er ekki svo löng, með leyfi hæstv. forseta. Þetta er 37. gr. reglugerðarinnar, en hún hljóðar svona:

„Ferskfiskeftirlitið metur ferskan fisk í þrjá aðalflokka eftir gæðum, þannig:

1. fl. Fiskur, sem er gallalaus.

2. fl. Fiskur, sem ekki er hæfur til frystingar, en hæfur í saltfisk- og skreiðarverkun.

3. fl. Óvinnsluhæfur fiskur, t. d. fiskur, sem ber merki um súr eða ýldu eða er morkinn úr netum.

Meta má í fleiri flokka, ef verðlagsgrundvöllur eða aðrar ástæður gefa tilefni til.

Fiskmatsráð gefur eftirlitsmönnum fyrirmæli um nánari skilgreiningu flokkanna."

Ég hygg, að a. m. k. allir þeir, sem eru kunnugir þessum málum og vita, hvernig þetta hefur gengið til, sjái auðveldlega út úr þessari grein, að hún hefur tekið breytingum einmitt í sambandi við þetta ágreiningsmál, sem hér er verið að tala um, einni setningu er skotið inn í greinina, af því að það er greinilegt, að hún á þar ekki heima á neinn hátt. Það er þessi setning: „Meta má í fleiri flokka, ef verðlagsgrundvöllur eða aðrar ástæður gefa tilefni til." Fyrst er sagt, að það skuli meta allan fisk í þrjá gæðaflokka, þessir þrír gæðaflokkar eru nákvæmlega taldir upp, en svo er bætt við, að það megi hlaupa yfir þetta allt saman, ef einhverjir búi til einhverjar verðflokkunarreglur, sem séu ekki í samræmi við gæðaflokkana, og þá megi auðvitað meta eftir því, enda veit auðvitað hæstv. ráðh. mætavel, hvernig þessi setning er til komin og hvenær hún kom inn í þetta uppkast. Nei, auðvitað er það, að þegar útgerðarmenn, sem kaupa fisk, fundu út að setja upp verðreglur, sem eru ekki bundnar við gæðamat, þá er kominn verðlagsgrundvöllur, sem má meta eftir, sem sagt eftir einhverjum reglum, sem frystihúsaeigendur setja

upp, og þá á hið löggilta mat ríkisins að fara að elta það og hlaupa frá sínum eiginlegu gæðaflokkunarreglum. Við tókum upp í okkar frv. nákvæmlega gæðaflokkunarreglurnar, sem miðað er við í þessari reglugerð, og við viljum slá því föstu, að gæðaflokkarnir skuli fylgja þessum gæðaflokkum, sem ferskfiskmatið á að miða sín störf við.

Hitt er gefið mál, að þeir, sem eru á þeirri skoðun að hlaupa fram hjá gæðaflokkuninni og fara eftir einhverjum öðrum duttlungum, þurfa vitanlega að skjóta inn svona setningu eins og þessari, en það er það sama og að gefa upp á bátinn sjálfa gæðaflokkunina.

Nokkur orð vildi ég segja hér enn viðvíkjandi því, sem hér hefur fram komið um það, að við séum raunverulega að leggja hér til, að lögbundinn verði gerðardómur í vinnudeilum. Eins og ég hafði vikið að áður, er hér um hreinan útúrsnúning að ræða. Það vita allir, að það hafa engar vinnudeilur staðið sérstaklega um þessa verðlagningu. Þær vinnudeilur, sem voru uppi á milli sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar, fjölluðu ekki um þessa verðflokkun á fiski. Það var grundvallarsamkomulag hjá þessum aðilum, að verðið til sjómannanna skyldi vera hið sama og verðið til bátaeigenda. Þeir aðilar, sem eiga jafnan í vinnudeilum, þegar um vinnudeilur er að ræða, það eru verkamenn og sjómenn annars vegar, það eru launþegar annars vegar og atvinnurekendur hins vegar. Sú deila, sem hér var fyrst og fremst á ferðinni, var á milli tveggja hópa af atvinnurekendum, á milli bátaeigenda, þeirra sem áttu stærsta hlutann í fiskinum, og svo aftur hinna, sem voru að kaupa fiskinn. Og það var nauðsynlegt einmitt nú á þessu skeiði, ef þeir gátu ómögulega komið sér saman, tólf manna nefnd, eins og við leggjum til, sex frá hálfu fiskseljenda og sex frá hálfu fiskkaupenda, gat ekki komið sér saman um verðlagninguna, þá var alveg óhjákvæmilegt, eins og nú var komið málum, komið fram á vertíð, að gera ráð fyrir því í tillögunum, að einhver aðili gæti þar skorið úr um hið endanlega verð. En hitt stóð svo vitanlega opið fyrir þá, sem eiga almennt í vinnudeilum, t. d. launþegana í þessu tilfelli, að taka upp kjarasamninga við sína vinnuveitendur, ef þeir voru óánægðir með þá verðlagningu, sem sett var.

Í mínum augum er þetta, eins og þessum kjaramálum er komið, í rauninni alveg hliðstætt því, sem er um laun almennra launþega eða verkamanna og almennt verðlag í landinu. Auðvitað er hægt að segja, að hið almenna verðlag í landinu geti verkað mikið inn á kjör almennra launþega. En það er nú einu sinni svo, að kjarasamningar launþega og vinnuveitenda eru ekki um það að setja fastar reglur um almennt verðlag í landinu. Launþegarnir geta vitanlega sagt upp sínum samningum, ef þeir eru mjög óánægðir með það verðlag, sem er gildandi, og það gat vitanlega komið til greina að setja ákvæði um það, að um beinan gerðardóm gæti verið að ræða varðandi ákvörðun um almennt verðlag í landinu. En það er vitanlega sitt hvað eða deilur á milli launþega og atvinnurekenda. Um það var ekki að ræða í þessu tilfelli.

Í grg. segir ekkert um það, að hér sé um að ræða atriði til þess að leysa almennar kjaradeilur. Hins vegar er það, að ósanngjörn ákvæði um verðlagningu á fiski og verðflokkun á fiski geta vitanlega leitt af sér vinnudeilur. (Forseti: Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Ekki er það nú mikið, en nokkuð. (Forseti: Mundi hann þá geta lokið henni núna.) Já, væntanlega.

Önnur atriði, þau sem hér hafa komið fram og mér þykir ástæða til að víkja hér að nokkrum orðum, eru að vísu ekki ýkjamörg. Það atriði, sem kom fram hjá hæstv. sjútvmrh., að hann væri sérstaklega óánægður með það ákvæði, að oddamaðurinn í n. ætti að vera sáttasemjari ríkisins, er vitanlega ekkert aðalatriði frá hálfu okkar flm. Við gætum hæglega orðið ásáttir um að skipa hér einhvern annan oddamann, ef um það væri að ræða. Það er vitanlega ekkert aðalatriði, það er aðeins bent á þetta sem ekki óeðlilegt í þessu tilfelli.

Varðandi þetta mál að öðru leyti má minna á það, hve undirtektir hafa orðið almennar og ákveðnar við einmitt þetta frv. okkar, sem við höfum lagt fram um þetta efni, þar sem þegar hafa borizt umsagnir mjög margra aðila um, að þeir óski eftir því, að reglur svipaðar þessum verði lögfestar.

Svo eru það aðeins nokkur orð, — af því að komið er fram yfir venjulegan fundartíma, skal ég ekki eyða hér miklum tíma, — aðeins örfá orð viðvíkjandi þeim þrætum, sem hér hafa farið fram um verðlag á fiski í Noregi og á Íslandi. Ég sé satt að segja ekki mikla ástæðu til þess að orðlengja mikið um það, svo greinilega sem það hefur nú komið fram, að hæstv. sjútvmrh. hefur þar farið með rangar tölur, sem fá ekki staðizt, og þær upplýsingar, sem ég gaf um verðlagninguna í Noregi nú, gat hann vitanlega ekki hreyft til á nokkurn minnsta hátt. Það stendur vitanlega alveg ljóst fyrir öllum, að sú niðurgreiðsla á hvert kíló af þorski í Noregi, sem hann hefur miðað við, getur ekki komið til mála, þar sem vitað er um heildaraflamagnið, og þær tölur sýna, að meðaltalsniðurgreiðslan getur ekki verið nema á milli 2 og 3 aurar, en ekki 11 aurar, eins og hæstv. ráðh. miðar alla sína reikninga við.

Þá vil ég einnig segja það, að vitanlega er — mér liggur við að segja furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli endurtaka hér, að það verð, sem hann hafi miðað við frá Noregi og við höfum miðað við frá Noregi, hafi verið hæsti gæðaflokkur, hæsta verð á hæsta svæðinu. Þetta er fjarri öllu lagi. Ég las það hér upp áðan, að skýrt er frá því í því blaði, sem ég tilgreindi frá Noregi, að á s. l. vetri var verðið á þorski t. d. í Sogni og fjörðunum í kringum Bergen kr. 1.10 á kg, en ekki 82 aurar sem lægsta verð, eins og það var tilkynnt á þessu svæði. En nú í ár er það auglýst á þessu svæði kr. 1.20 á kg. Þannig voru auðvitað mörg svæði, sem höfðu hærra verð en þetta, sem hér er um að ræða. Það er líka mjög fjarri réttu lagi að segja, að verðið, sem tilgreint hefur verið hér á Íslandi, sé eitthvert meðaltalsverð. Við höfum aðeins tekið hæsta verðið, sem þekkist hér á landi. Það verð, sem miðað er við á Íslandi, er tekið sem hæsta verð, sem hér þekkist, en meira en helm-

inginn af árinu hefur verðið verið miklum mun lægra og á mörgum stöðum á landinu aldrei náð þessu verði, sem reiknað er með í plaggi okkar.

Það er svo vitanlega hægt að halda áfram, eins og ég hef sagt hér áður, — það er vitanlega hægt að halda hér áfram af hæstv. ráðh. og hverjum sem er og segja aðeins, þrátt fyrir allar upplýsingar og tölur: Samt skal fiskverðið vera eins hátt hér á Íslandi og í Noregi. — En það er það bara ekki og verður það ekki, hversu oft sem þetta er endurtekið. Það er enginn vandi fyrir menn að sannfærast um það, sem þá vilja, að komast að raun um, að hér er um mikinn verðmun að ræða, og sá mikli verðmismunur verður ekki skýrður með þessum litlu niðurgreiðslum, því fer fjarri. Af því er vissulega mikil þörf á því að fá þetta mál rannsakað á hlutlausan hátt, svo að menn séu ekki að lemja höfðinu við steininn á þann hátt, sem gert hefur verið hér.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 21. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér síðast til umr., beindi hv. fyrri flm., hv. 4. þm. Austf., til mín fsp. nokkurri, sem ég vil ekki láta ósvarað, þó að ekki gæfist tækifæri til að gera það þá, vegna þess að fundartíminn var á enda, þegar hann hafði lokið sínu máli. Hv. þm. spurði, hvort það væri álit mitt, að leggja bæri gæðamatið til grundvallar við verðflokkun fisksins, eða hvort ég væri þeirrar skoðunar, að frekar ætti að hafa annan hátt á. Ég skal svara þessu alveg eindregið, að til þess er gæðamatið sett á laggirnar, að til þess er ætlazt, að það geti orðið grundvöllur undir þá verðflokkun, sem gildir um verð fisksins, sem seldur er til vinnslu hverju sinni. Þó að það hafi orðið ofan á í þetta fyrsta skipti, sem gæðamatið kemur til framkvæmda, að nokkuð annar háttur hafi verið hafður á, þá álít ég það í fyrsta lagi enga frambúðarlausn og í raun og veru óheppilegt, að þá leið hefur verið farið. En skýring er þó til á því, sem er sú, að menn hafa litla eða enga reynslu enn af gæðamatinu og þess vegna kannske ekki óeðlilegt, að menn séu nokkuð bundnir við fyrri hugmyndir í þessu efni. En fyrri hugmyndir manna í þessu efni voru fyrst og fremst þær, að netafiskur og línufiskur væru mismunandi vara, sem strax gæfi tilefni til þess að verðflokka eða verðleggja fisk. Það er þess vegna sjálfsagt sá gamli hugsunarháttur, sem hefur ráðið því að einhverju leyti a. m. k., að þessi leið hefur verið farin. En ég tel, eins og ég sagði, sjálfsagt, að gæðamatið sjálft á fiskinum, þegar hann kemur í land, verði látið ráða því, í hvaða verðflokki hann lendir.

Ég skal svo ekki ræða það frekar. En ég skal aðeins, úr því að ég tók til máls á ný um þetta, minnast örlítið á það, sem bæði þessi hv. þm. og hv. 6. þm. Sunnl. komu inn á í sínum ræðum hér síðast um gerðardómsákvæði 2. gr.

Þessir þm. báðir vildu sem sagt reyna að smeygja sér fram hjá því, að í 2. gr. fælust nokkur gerðardómsákvæði af nokkru tagi. En þetta er vitaskuld fjarri öllu lagi. Það, hvað sjómaðurinn ber úr býtum, markast af tvennu. Annars vegar af því, hvað hann fær stóran hlut af aflanum, og í öðru lagi hinu, hvaða verði þessi aflahlutur hans er seldur. Og þetta síðara atriði, á hvaða verði aflahluturinn er seldur, er vissulega ekki þýðingarminna en hitt, hvað hann fær stóran hlut af aflanum. Ég er þeirrar skoðunar, að það muni mjög fljótlega komast á nokkuð föst ákvæði eða fastar reglur um skiptinguna á milli bátseigenda annars vegar og þeirra, sem á skipunum starfa, hins vegar og þess vegna verði raunverulega ekki neinn vafi um, hvað sjómaðurinn ber úr býtum, nema vegna þess, hvaða verð er greitt fyrir aflann. Ég tel þess vegna, að aflaverðið verði í framtíðinni það, sem nánast sker úr um það, hvað sjómaðurinn eða starfandi menn á skipunum bera úr býtum. Ég tel þess vegna, að það sé, — ég vil ekki orða það sterkara en að segja, að það sé mjög varhugavert að fara þessa leið og það sé langæskilegasta aðferðin, að aðilarnir komi sér hreinlega saman um það, eins og raunar er gert ráð fyrir líka í frv., þó að þar sé gert ráð fyrir aðferð, ef menn koma sér ekki saman, sem raunverulega getur orðið tekin til notkunar eða til framkvæmda mjög fljótlega, eftir að menn hafa byrjað að tala saman, því að það er ekkert um það í frv., hve langur tími á að líða, frá því að viðræður hefjast á milli fiskkaupenda og fikseljenda og þangað til sáttasemjari getur komið þar inn sem 13. aðili í ákvörðun verðsins. Ég held þess vegna, að það verði ekki með neinu móti fram hjá því komizt, að þessi aðferð er gerðardómur í málinu og ekkert annað. Og ég vil segja meira. Ég tel, að það liggi fyrir, að það sé ekki heppilegt að fara þessa leið, heldur að þetta eigi að vera samkomulagsatriði og verði að vera samkomulagsatriði á milli fiskseljendanna og fiskkaupendanna, hvert verðið verður.

Það er nú, sem betur fer, komið svo, að samkomulag hefur orðið á flestum stöðum landsins um þau mál, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta og einungis fyrir árið 1961. Ég tel þess vegna þegar af þeirri ástæðu, að frv. sé óþarft, hvað sem um það er að segja að öðru leyti.

Hv. 4. þm. Austf. kom inn á það í sínum tveim síðustu ræðum, hversu mikill verðmismunur væri á fiskinum upp úr sjó hér á Íslandi og í Noregi. Hann er raunar horfinn frá því, held ég, að mestu leyti að gera samanburðinn fyrir líðna tíð, heldur hefur hann nú fært sig yfir á þann vettvang að segja, hvað verðið muni verða, sem greitt verður í Noregi á þessari vertíð, og hefur talið, að það verð væri miklu hærra en okkar. Ég skal viðurkenna það, að ég hef ekki haft aðstæður til þess að kanna þetta. En af undanförnum fullyrðingum þessa hv. þm. tel ég rétt og sjálfsagt að taka þessum upplýsingum hans með nokkrum fyrirvara, þó að sjálfsagt verði farið út í að kanna það síðar.

Mér þykir rétt að geta þess að lokum, að ég hef fengið í hendur upplýsingar um það, hverjar tekjur norsks fiskimanns hafi orðið að meðaltali við Lófótfiskiríið á árinu 1960. Og þá kemur í ljós,

að meðaltekjur norsks sjómanns alla Lófótvertíðina í fyrra, á árinu 1960, varð með þessu háa fiskverði, sem hv. þm. hefur talið að væri, alls 1906 kr. norskar fyrir alla vertíðina eða rétt í kringum 10 þús. ísl. kr. Þetta þykir mér rétt að komi fram, vegna þess að þetta er, að ég ætla, þó allmiklum mun lægra en íslenzkir sjómenn hafa að launum fyrir sín vertíðarstörf.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. í hv. deild s. l. föstudag, benti ég á það, að hvorki væri tímabært né hentugt að *lögfesta reglur um mat á ferskum fiski eins og* frv. gerir ráð fyrir. Þessa skoðun rökstuddi ég með því, að slíkt mat væri nýlunda hér á landi og þyrfti þess vegna að afla nokkurrar reynslu af framkvæmd þess, áður en svo langt yrði gengið að lögfesta matsreglurnar. Einnig benti ég á, að yfirleitt mundi betur fara á því, að starfsreglur fyrir slíkt mat væru ákveðnar í reglugerð, en ekki í lögum, sbr. það, að gæðaflokkun á nýju kjöti er ákveðin með reglugerðum, sem mjög oft þarf að breyta. Og ég leyfi mér enn að halda fram þeirri skoðun, að það mundi vera býsna þungt í vöfum að setja lög í hvert skipti, sem breyta þarf ákvæðum um starfsreglur ferskfiskmatsins. Þess háttar ákvæði eiga heima í reglugerð, en ekki í lögum. Þetta byggist einfaldlega á því, að matinu hlýtur að vera ætlað að tryggja það, að kaupendur vörunnar, sem metin er, *fái* þann gæðaflokk, sem þeir óska eftir og hafa samið um, en kröfur kaupenda til gæða geta verið mismunandi og breytilegar, hvort sem um er að ræða fisk, kjöt eða einhverjar aðrar vörur.

Þetta sjónarmið út af fyrir sig hélt ég að væri auðskilið. En hv. fyrri flm. frv., 4. þm. Austf., lét a. m. k. svo í síðari ræðu sinni s. l. föstudag sem hann hefði ekki skilið þetta og greip þá til þess ráðs að ræða um aðrar hliðar á málinu sem svar við þessu. Hann krafði mig sagna um það, hvort ég teldi ekki, að verðflokkun á fiski ætti ávallt að fylgja gæðaflokkun, og spurði: Á að vera leyfilegt að verðfella fisk, sem ríkismatið hefur úrskurðað í fyrsta verðflokk? Þetta kalla ég að ræða aðra hlið á málinu, því að ég gerði eingöngu að umtalsefni, hvort hentugra væri í framkvæmd að hafa starfsreglur eða flokkunarreglur ferskfiskmatsins bundnar í lögum eða settar í reglugerð, og ég þykist vita, að hv. 4. þm. Austf., sem er fyrrv. sjútvmrh. og þekkir mætavel þá byrjunarörðugleika, sem ferskfiskmatið þarf að sigrast á, skilji í raun og veru þetta atriði miklu betur en hann vill vera láta. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hv. 4. þm. Austf.: Mundi hann treysta sér til að lögfesta reglur um gæðamat og verðflokkun á nýjum fiski? Hefði hann lagt það til sem ráðherra sjávarútvegsmála? Hvers vegna lét hann ekki lögleiða þetta kerfi í ráðherratíð sinni? Ég vænti þess, að hv. þm. svari þessu beint, en ekki með því að ræða eitthvað annað.

Áður en ég svara þeim spurningum, sem hann beindi til mín og ég gat um áðan, vil ég leyfa mér að benda á, hvers vegna hv. 4. þm. Austf. spyr umræddra spurninga. Það skilst mér að hljóti að vera af því, að hann telji, að ekki sé fullt samræmi milli gæðaflokkunar ferskfiskmatsins og þeirra verðflokka, sem L. Í. Ú. hefur samið um við fiskkaupendur. Sé eitthvað til í þessu, er einmitt sérstök ástæða til þess að fara að öllu með gát og lögbinda ekki reglur um gæðaflokkunina að svo komnu máli. Öll byrjun er erfið, og í þessum efnum er byrjunin óvenjulega erfið.

Ég skal þá snúa mér að spurningum hv. 4. þm. Austf. Á verðflokkun að fylgja gæðaflokkun? spurði hann, og á að vera leyfilegt að verðfella fisk, sem ríkismatið hefur úrskurðað í fyrsta verðflokk? Vitanlega á að greiða mishátt verð fyrir *fiskinn eftir gæðum, og er fiskmatinu ætlað* að úrskurða um gæðin, og hlýtur úrskurður þess að vera bindandi. Hins vegar er það mál milli fiskkaupenda og fiskseljanda, í hversu marga verðflokka þeir óski eftir að flokka fiskinn. Ferskfiskmatið hefur til að byrja með ákveðið þrjá gæðaflokka, en gerir, eins og eðlilegt er, ráð fyrir, að þeir geti orðið fleiri. Þessa reglu er auðveldara að setja fram með orðum heldur en framkvæma hana. Ég er ekki fyrir mitt leyti sannfærður um, að þessi gæðaflokkun sé svo fullkomin, að hana beri að lögfesta. Samkv. þessari flokkun er t. d. gengið út frá því, að allur fyrsta flokks fiskur fari í hraðfrystingu. En hvers vegna má ekki alveg eins hugsa sér, að fyrsta flokks fiskur sé unninn í saltfisk eða skreið? Og sé það svo, að úr annars flokks fiskinum, sem talinn er *hæfur í saltfisks- og skreiðarverkun, megi* framleiða útflutningsverðmæti, er geti gefið fyllilega sambærilegt hráefnisverð á við hraðfrysta fiskinn, hvers vegna á þá að ákveða þann fisk í annan verðflokk? Þannig mætti lengi spyrja í þessu sambandi, og við ýmsu þarf að fá skýrari svör en nú er hægt að gefa, áður en hægt er að lögbinda reglur um gæðaflokkun og þar af leiðandi verðflokkun á nýjum fiski, og skal ég víkja nánar að verðflokkuninni hér á eftir.

Ég gat þess í umr. s. l. föstudag að gefnu tilefni, hvernig á því stóð, að sjómannasamtökin eða samninganefnd þeirra var ekki aðili að samkomulagi um fiskverð 1961 milli L. Í. Ú. og fiskkaupenda. Meðan sérstakt skiptaverð gilti, voru sjómannasamtökin ekki aðili að þessum samningi, heldur var gerður sérsamningur milli þeirra og L. Í. Ú. um skiptaverðið. Þegar umr. hófust s. l. haust um nýjan skiptagrundvöll, sem miðast skyldi við prósentur úr heildarverðmæti aflans, kom í ljós, að fulltrúar sjómanna töldu sig ekki viðbúna til að segja neitt um þá meginbreytingu, fyrr en þeir fengju vitneskju um fiskverðið. Taldi L. Í. Ú. því nauðsynlegt að ljúka samningum við fiskkaupendur að mestu til þess að geta haldið áfram samningaviðræðum við gagnaðilann um sjómannakjörin. Þeir samningar um sjómannakjörin, sem síðar hafa verið gerðir, miðast við hið umsamda fiskverð og verðflokkunarreglur milli L. Í. Ú. og fiskkaupenda, og hafa sjómannasamtökin þannig að sínu leyti staðfest fiskverðið að þessu sinni, þó að þau væru ekki beinir aðilar að samningsgerðinni. Loks er þess að geta, að verðákvæðum um handfærafisk og ýsu var breytt, meðan samningar við sjómenn stóðu yfir, beinlínis fyrir áhrif frá samningamönnum þeirra.

Það gekk eins og rauður þráður í gegnum síð-

ari ræðu hv. 4. þm. Austf. s. l. föstudag, að hann óttaðist, að verðflokkunin yrði til þess, að fiskkaupendur sæktust eftir ódýrari verðflokkunum til þess að verða sér úti um ódýrt hráefni, en síðan mundu þeir selja fullunna vöruna sem fyrsta flokks vöru á hæsta verði. Ég neita því ekki, að þessi hætta gæti verið til staðar, og ef menn sæju ekki neitt annað við verðflokkunina en þetta, þá væri rökrétt ályktun af því sú að hverfa frá verðflokkuninni með öllu. En sem betur fer er önnur hlið á málinu, sem sé sú, sem snýr að sjómönnum og útgerðarmönnum. Það hlýtur að verða þeirra keppikefli, eftir að farið er að greiða mishátt verð fyrir fisk eftir gæðum, að fá sem mest af fiskinum í hæsta verðflokk. Þannig er verðflokkunin, sem núna er gengið út frá, við það miðuð, að þær veiðiaðferðir, sem allir viðurkenna að skili bezta fiskinum, njóti þess í verðinu, en það eru fiskveiðar með línu og handfærum, og ætti sú verðlagning að vera mönnum hvatning til þess að stunda þær veiðar í ríkari mæli en verið hefur. Verðið á línufiskinum slægðum með haus er kr. 3.11 kg, en á netafiskinum kr. 2.70. Mismunurinn er 41 eyrir á kg eða 41 þús. kr. fyrir hver hundrað tonn af fiski slægðum með haus. Þessi uppörvun til að koma með sem mest af fyrsta flokks hráefni að landi ætti að vega drjúgt á móti tilhneigingu fiskkaupenda til að næla sér í ódýrt hráefni.

Í þessu sambandi spyrja menn e. t. v., hvers vegna verið sé að reyna að flokka verðið eftir veiðiaðferðum, eins og raun ber vitni. Því er til að svara, að víðast hvar mundi vera mjög erfitt að framkvæma nákvæmt gæðamat á aflanum úr hverri veiðiför. Bátarnir koma oftast að á svipuðum tíma, og þeir þurfa að losna við aflann sem allra fljótast til þess að komast út í næstu veiðiför. Framkvæmd matsins má ekki verða til þess að tefja bátana. Á hinn bóginn vita menn það af reynslu, hvaða veiðiaðferðir og hvaða meðferð aflans gefur bezta vöru, og því er ekki nema eðlilegt, að stuðzt sé við veiðiaðferðirnar til að auðvelda framkvæmd matsins og um leið reynt að örva menn til meiri ástundunar þeirra veiðiaðferða, sem skila beztum fiski. Ég tel þetta rétta stefnu í höfuðatriðum, en það á eftir að sýna sig, hvernig verðflokkunin samkv. samningi L. Í. Ú. og fiskkaupenda reynist í framkvæmd.

Einhvers staðar hef ég séð því haldið fram í blaði, að ef einhver fiskkaupandi fengi eingöngu fyrsta flokks fisk á kr. 3.11, þá mundi hann stórskaðast eða jafnvel fara á hausinn, af því að ekkert útflutningsverð á neinni verkunartegund samsvaraði þessu hráefnisverði. Þessu er svarað þannig af kunnugustu mönnum, að ef eingöngu sé tekinn fyrsta flokks fiskur til hraðfrystingar t. d., þá eigi verðið að fást uppborið í betri nýtingu aflans. Hvort þetta fær staðizt, skal ég ekki leggja neinn dóm á. En því miður mun það ekki algengt, að fiskvinnslustöðvar fái eingöngu fyrsta flokks fisk. Samt sem áður gæti þarna verið um að ræða eitt atriði enn þá, sem gerir það að verkum, að umrætt frv. er ótímabært, og hefur hv. 1. flm. þess sjálfur raunar dregið fram önnur rök í umr., sem hníga að hinu sama.

Báðir hv. flm. frv. kepptust við það í ræðum sínum að neita því, að þetta frv. verkaði eins og eins konar gerðardómur í vinnudeilum, ef samþ. yrði. Hv. 6. þm. Sunnl. orðaði þetta á þá leið, að það væri um alrangan skilning að ræða, að með frv. væri lagt til, að gerðardómur skæri úr vinnudeilum. Mér finnst þetta furðulegur málflutningur. Í grg. frv. vitna hv. flm. hvað þetta snertir algerlega gegn sjálfum sér. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Meðal sjómanna er ekki síður mikil andstaða gegn reglum þessum, og hafa kjarasamningar víða ekki fengizt samþykktir í samtökum sjómanna af þeim sökum.“

Sem sé, kjarasamningar sjómanna hafa ekki fengizt samþykktir í samtökum þeirra vegna mikillar andstöðu gegn verðflokkunarreglunum, og til þess að binda endi á það ástand á 13 manna nefnd, þar sem sáttasemjari er oddamaður, að kveða upp úrskurð. Hvað er þetta annað en gerðardómur í vinnudeilum að sögn hv. flm. sjálfra? Ef þeir af einhverjum ástæðum sjá nú svo mjög eftir að hafa flutt þetta frv., þá væri þeim sæmra að taka það aftur heldur en vanvirða hv. d. með því að afneita nú þeirri staðreynd, sem þeir sjálfir viðurkenna skriflega og á prenti í plaggi, sem liggur á borðum allra hv. dm.

Að lokum þetta: Frv. er óþarft, af því að ekki er lengur deilt um þau atriði, sem því er ætlað að leysa. Sú till. flm. að gera sáttasemjara ríkisins að oddamanni í eins konar gerðardómi í vinnudeilu, er beinlínis hættuleg. Starf sáttasemjara hefur, svo erfitt sem það er og vandasamt, hvað eftir annað reynzt ómetanlegt við að leysa kjaradeilur. Áhrif hans og árangur í starfi byggjast á því, að hann nýtur trausts beggja deiluaðila sem óvilhallur maður. Þessu trausti mundi hann glata, ef farið yrði að ráðum þeim, sem í frv. felast. Og víst er um það, að okkur ríður á öðru meira en brjóta niður þær leikreglur í vinnudeilum, sem bezt hafa reynzt. Slík ráð geta ekki verið fram borin í neinum góðum tilgangi, þó að hér sé haft að yfirvarpi, að með þeim eigi að leysa tiltekna deilu.

Sjómenn og útgerðarmenn hafa nú komið sér saman um þá miklu grundvallarbreytingu á kjarasamningum að miða aflahlut skipverja við prósentu úr heildarverðmæti aflans. Sérstakt skiptaverð er þar með úr sögunni, og jafnframt eru sköpuð skilyrði til að eyða margvíslegri tortryggni, sem skiptaverðið áður olli milli sjómanna og útvegsmanna. Þar að auki eru menn orðnir ásáttir um að hverfa frá því að selja aflann á jafnaðarverði. Þessar tvær grundvallarbreytingar hafa eftir atvikum gengið tiltölulega greiðlega fyrir sig, og af þeim sökum er engin ástæða fyrir löggjafarvaldið að grípa inn í þessi mál með valdbeitingu í líkingu við það, sem umrætt frv. gerir ráð fyrir. Sjómannasamtökin, L. Í. Ú. og fiskkaupendur þurfa að koma sér saman um framtíðarskipun þessara mála. Leiðin að slíku samkomulagi hefur þegar verið rudd, og gefur byrjunin ekki ástæðu til annars en að ætla, að slíkt samkomulag geti tekizt án íhlutunar Alþingis. Verði reynslan hins vegar sú, að aðilar komi sér ekki saman, mætti hugsa sér, að til

kasta Alþingis kæmi, en þau afskipti þyrftu þá að vera með öðrum hætti og betur hugsuð og betur undirbúin en það frv., sem hér liggur fyrir.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra það hér í þessum umr., að hæstv. sjútvmrh. hefur komizt að þeirri niðurstöðu við að athuga efni frv. nánar eftir þær umr., sem hér fóru fram síðast, þegar þetta mál var hér á dagskrá, að hann lýsir því nú yfir, að hann telji, að þær verðflokkunarreglur, sem nú hafa verið settar af L. Í. Ú. og forustumönnum nokkurra fiskkaupasamtaka, séu óheppilegar. Hann telur, að það sé óheppilegt að fara þá leið, sem þar er farin, þar sem ekki sé byggt á raunverulegu gæðamati á fiski, og ég tók svo eftir, að hann lýsti því einnig yfir, að hann væri í grundvallaratriðum samþykkur því, að verðflokkun á fiski yrði miðuð við gæðaflokkun, einmitt við gæðamat ferskfiskeftirlits ríkisins. En þetta eru einmitt meginatriðin í því frv., sem við flytjum og er hér til umr., en hæstv. ráðh. hefur því miður, þrátt fyrir þessa skoðun, ekki séð sér fært að vilja styðja að þessu sinni. M. ö. o.: þó að hæstv. ráðh. sé samþykkur því, að sú grundvallarskoðun, sem flutt er í frv., sé rétt, vill hann ekki styðja frv., en leyfa þeim reglum að vera áfram í gildi, sem hann lýsir yfir að hann telji óheppilegar reglur og óeðlilegar. Mér þykir vænt um það samt sem áður að heyra, að skoðanir hæstv. ráðh. fara saman við skoðanir mínar og okkar flm. í þessum efnum, því að það vitanlega bendir þó til þess, að hæstv. ráðh. muni ætla sér að vinna að því að færa þessi mál í rétt horf, þó að hann geti nú ekki fallizt á að samþykkja frv. okkar. Og það verður auðvitað svo að vera, maður er orðinn svo vanur því hér á hæstv. Alþ., að það þykir ekki við eiga að samþykkja frumvörp andstæðinganna, en jafnvel að hirða efnið úr þeim og reyna þá að tileinka sér það síðar, að ég fyrir mitt leyti sætti mig mjög vel við, að það verði gert í þessum efnum, ef það mál nær fram að ganga, sem hér er hreyft og ég er sannfærður um að er nauðsynlegt að nái fram að ganga, ef ekki eiga að hljótast af vandræði í framtíðinni.

Hæstv. ráðh. vék svo nokkuð að þeim þrætum, sem hér hafa farið fram um svonefnd gerðardómsákvæði í frv., og það gerði einnig hv. 5. þm. Vestf. En það var greinilegt þegar við fyrstu umr. um málið, að þessir tveir hv. þm. vildu gera aðalatriði úr því, sem þeir þóttust sjá í frv. um gerðardómsákvæði í vinnudeilum. Við flm. frv. tókum skýrt fram, að hér er ekki um að ræða nein gerðardómsákvæði í þessu frv. varðandi lausn á vinnudeilum, og það er einfaldlega af þeirri ástæðu, að engin vinnudeila hefur staðið yfir um þetta atriði, — engin vinnudeila. Og ég skora á þessa tvo hv. þm. að nefna mér þá vinnudeilu, sem staðið hefur yfir að undanförnu út af þessu ákvæði. Ég skora sérstaklega á hv. 5. þm. Vestf. að tilnefna mér þá vinnudeilu, sem hér hefur verið út af þessu atriði, vegna þess að strax í upphafi vinnudeilna, sem hér stóðu yfir á milli útgerðarmanna og sjómanna, var það grundvallaratriði og því lýst yfir opinberlega og birt ég held í öllum blöðum hér, að aðilar væru báðir sammála um, að sá samningur, sem gerður yrði um kaup og kjör sjómanna að þessu sinni, skyldi verða miðaður við það, að sjómenn fengju sama fiskverð sér til handa og útvegsmenn fá. Þannig var samningurinn grundvallaður allan tímann, að þær vinnudeilur, sem hér spruttu upp, voru um kjarasamninga, vegna þess að báðir aðilarnir höfðu komið sér saman um að þræta ekki út af fyrir sig í þessari vinnudeilu um fiskverðið, en báðir skyldu verða að sætta sig við að búa við sama fiskverð. En vitanlega sjá allir menn, að það er hægt að fara þannig að í framkvæmd, að síðan sé farið að blekkja svo í framkvæmdinni, hvað sé hið raunverulega fiskverð, að menn hverfi frá því aftur og vilji hverfa að einhverju fastmörkuðu fiskverði.

Ég þykist vita, að hv. 5. þm. Vestf. þekki það úr sinni reynslu sem útgerðarmaður, að svo var málum háttað um margra ára skeið hér í kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna, að það gilti sama fiskverð til beggja, og það fóru aldrei fram neinir samningar þá um það, hvaða fiskverð sjómenn skyldu sérstaklega búa við, vegna þess að kjarasamningarnir voru byggðir þannig upp, að sjómenn áttu að taka sinn tiltekna aflahlut úr því fiskverði, sem endanlega átti að koma til skila, úr því fiskverði, sem útgerðarmaðurinn fékk. En þegar búið var að halda þannig á þessum málum í nokkur ár, að sjómenn gerðu sér ljóst, að það var alltaf verið að blekkja þá á fiskverðinu, það var verið að stinga undan stórum summum, sem raunverulega áttu að vera inni í fiskverðinu, það var búið að falsa fiskverðið raunverulega, þá töldu þeir sér ekki annað fært en fara að semja um hið svonefnda skiptaverð, það verð, sem þeirra skiptakjör skyldu miðuð við, hvað svo sem réttu fiskverði annars liði. Og svo var komið, að skiptaverðið til sjómanna var t. d. á s. l. ári kr. 1.66 á kg af fiski, á sama tíma sem útgerðarmennirnir fengu kr. 2.53 fyrir kg og kr. 2.63 fyrir kg, eða miklum mun hærra verð. En nú voru menn aftur á því, að þeir skyldu taka upp gamla lagið í þessum efnum og það yrði ekki samið um sérstakt fiskverð, heldur skyldu þeir koma sér saman um það, áður en gengið væri að samningaborði, að sjómenn fengju aðeins það fiskverð, sem útgerðarmenn fengju, báðir skyldu fá hið sama.

Sú hætta, sem er því á ferðum nú, er, að það sé enn verið að rugla þessu, sem nú var meiningin að reyna að halda sér við, með því að setja upp reglur, sem allir sjá að eru í eðli sínu rangar. Þegar svo á að fara, að opinbert fiskmat ríkisins metur fisk sem fyrsta flokks gæðafisk, en síðan er heimilt að verðleggja hann til sjómannsins og útgerðarmannsins sem þriðja flokks fisk, en það er heimilt nú samkv. þessum reglum landssambandsins, þá er hætt við, að það geti beinlínis síðar meir risið upp vinnudeilur út af fiskverðssamningum, eins og hér átti sér stað á tímabili. En um það var ekki að ræða nú í vetur. Engin slík deila hefur verið háð. Það hefur aðeins verið háð ein deila á milli tveggja atvinnurekendahópa um þessar verðflokkunarreglur. Það var þegar útgerðarmannafélagið í Vestmannaeyjum beinlínis lýsti yfir því, að það mundi ekki hefja róðra fyrr en fiskkaupendur þar vildu

breyta þessum verðflokkunarreglum. Þar var deila á milli tveggja hópa atvinnurekenda um þetta fyrirkomulag. En vinnudeilur í þess orðs venjulegu merkingu hafa ekki verið háðar um þetta mál. Það er fullkomlega rangt, og hér hefur því aðeins verið um beinan útúrsnúning þessara hv. tveggja þm. að ræða í sambandi við þau ákvæði, sem er að finna í þessu frv. Hitt var vitanlega ofur eðlilegt um frv., sem þannig er byggt upp eins og frv. okkar að reyna að finna lausn á því, hvað á að vera fiskverðið til útgerðarmanna og sjómanna samkv. þeirra samkomulagi, sem átti að vera það sama, þegar reynt er að finna rétt og réttlátt verð á fiskinn, þá sé miðað við, að það *opinbera fiskmat, sem sett hefur verið á* laggirnar, dómur þess um gæði fisksins sé viðmiðunaratriðið, en ekki einhver önnur gerviatriði eins og þau, sem hafa verið sett upp af landssambandinu. Það er ofur eðlilegt, að þessar kröfur komi fram, enda er nú viðurkennt bæði af hæstv. sjútvmrh. og hv. 5. þm. Vestf., að í rauninni séu þeir samþykkir þessari hugsun.

Af einhverjum annarlegum ástæðum er það t. d. svo, að hv. 5. þm. Vestf. hefur líka kosið sér að ræða um annað atriði í frv., sem líka er hreinn og beinn útúrsnúningur, eins og honum hefur verið bent á áður. Hann endurtekur það nú í sinni ræðu, að hann hafi sérstaklega um það talað, þegar málið var hér fyrst til umr., að með þessu frv. ætti að lögfesta gæðamatsreglurnar, og hann sé andvígur því að lögfesta gæðamatsreglurnar, vegna þess að það sé miklu eðlilegra að hafa í reglugerð ákvæði um það, hvað skuli teljast fyrsta flokks fiskur, hvað skuli teljast annars flokks fiskur o. s. frv. Auðvitað hefur aldrei verið neinn ágreiningur á milli okkar flm. og hans um það, að slíkar matsreglur séu eðlilegar í reglugerð, og hann veit það mætavel. En það, sem við höfum gert í okkar frv., er aðeins að segja, að við viljum, að verðflokkunin fylgi gæðaflokkunum, þannig að fyrsti verðflokkur sé fyrsti gæðaflokkur og annar verðflokkur sé annar gæðaflokkur. Vegna þess að nú nýlega hafa verið settar þessar reglur um gæðaflokkunina, segjum við í frv. nákvæmlega upp úr reglugerðinni um gæðamat, að það skuli telja á þessu ári fyrsta verðflokk fyrsta gæðaflokk, sem þannig sé tilgreindur, eins og stendur í reglugerðinni. Við erum ekki á nokkurn hátt með þessu frv., eins og hver maður sér, sem les frv., að berjast fyrir því að lögfesta, hverjar eigi að vera gæðamatsreglurnar. Frv. felur í sér, að það á aðeins að gilda út þetta ár. Meginkjarninn er sá að láta flokkana, verðflokkana og gæðaflokkana, falla saman, og síðan er tekin beint upp úr reglugerðinni um gæðamat skilgreining á því, hvað telst fyrsti flokkur og hvað telst annar flokkur o. s. frv. Hér er auðvitað um hreinan útúrsnúning hjá hv. þm. að ræða, þar sem hann reynir sí og æ að halda því fram, að frv. fjalli fyrst og fremst um það að lögfesta gæðamatsreglurnar. Það er rangt, enda benti ég líka á það í minni fyrri ræðu um málið, að ef menn væru með slíkan orðhengilshátt eins og þetta, sem er augljóslega hreinn útúrsnúningur, þá mætti auðvitað ganga til samkomulags við slíka menn með því að taka þarna af öll tvímæli. Við flm. værum ásáttir um það að segja, að ef þessum gæðamatsreglum yrði breytt á árinu, þá skyldi verðflokkunin líka fylgja því. En það vitanlega féll ekki í kramið hjá hv. þm. núna í hans útúrsnúningi á málinu að minnast á það, að þessu hefði verið yfir lýst, og af því gat hann vitanlega leikið sér að því að spila hér sömu plötuna upp aftur.

Nei, kjarni þessa máls er sá, hvort menn nú á þessu ári, fyrsta árinu, sem á að fara að taka upp mismunandi verðflokkun á nýjum fiski, sem annars hefur yfirleitt verið í einum flokki, — hvort menn vilja reyna að búa þannig um hnútana, að það séu líkur til þess, að þetta fái staðizt eða ekki. *Ég efast ekkert um, að það eru til* ýmsir fiskkaupmenn, sem vilja hafa þann hátt á, sem nú hefur verið hafður á af hálfu landssambandsins og samtaka fiskkaupenda. Fiskkaupendurnir hafa þegar sýnt það þessa fáu daga, sem reglugerðin er búin að vera í gildi eða reglurnar nýju eru búnar að vera í gildi, að þeir vilja geta keypt fisk í þriðja verðflokki, verka hann sem fyrsta flokks fisk og selja hann út úr landinu á hæsta verði. Þeir vilja geta fengið svona fisk og eru nú þegar á hnotskóg eftir því að fá svona fisk. Og þeir, sem eru að selja fiskinn, fá það beinlínis framan í sig: Ja, ég get ekki keypt af þér fisk, góði minn, vegna þess að þú ert með línufisk, þá þyrfti ég að borga kr. 3.11 fyrir fiskinn, en ég kaupi hins vegar fiskinn af hinum bátnum, sem lætur mig hafa hann á kr. 2.70, því að það er netafiskur, af því að ég fæ sem verkari jafnmikið fyrir hvorn tveggja fiskinn í útflutningsverði. — Þetta er þegar komið fram, og þetta hlýtur hv. 5. þm. Vestf. að vita. En þá er vitanlega tal hans hér í þessum efnum ekki skýranlegt á annan hátt en þann, að hér sé rödd fiskkaupandans að tala, og þá skilur maður hana. Öðruvísi verður hún ekki skiljanleg.

Það er rætt um það í þessum efnum, og það gerði hv. 5. þm. Vestf., að hann teldi æskilegast nú á þessu fyrsta ári, að um þetta mál gæti orðið samkomulag á milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Hann veit manna bezt, hygg ég, a. m. k. er í hópi þeirra, sem bezt vita um það, hverjir það eru, sem ákváðu þessar nýju reglur um verðlagningu á fiski af hálfu L. Í. Ú. og þeirra, sem við það sömdu. Ég hygg, að það megi segja, að þeir hafi allir saman verið fyrst og fremst fiskkaupendur, sem ákváðu þær reglur. (Gripið fram í.) Ætli hann hafi þá ekki verið það líka? Annars væri gaman að heyra nöfn þeirra allra, þá væri kannske hægt að segja þessum hv. þm. nákvæmlega, hvaða fiskkaupafyrirtæki hver þeirra á um sig. (**Gripið fram í:** Vissi þm. ekki um nöfnin?) Jú, ég veit um nöfnin líka, og ég gæti líka talið þau upp. Ég var hins vegar að vitna til þess, að hv. 5. þm. Vestf. hlyti að vita allvel um þetta, að hér voru nefnilega á ferðinni þeir aðilar að ákveða fiskverðið, sem voru fyrst og fremst fiskkauparar, og af því hafa líka borizt mótmæli frá samtökum útgerðarmanna, sem selja fyrst og fremst fisk, og frá samtökum sjómanna víðs vegar að af landinu, þar sem þeir hafa mótmælt þessum reglum og lýst óánægju sinni með þær. Sums staðar hefur það gengið svo langt, að bæði

sjómenn og útgerðarmenn hafa ekki viljað una við þetta og náð samkomulagi heima hjá sér um að láta fara eftir öðrum reglum en þessum.

Það er mesti misskilningur hjá hv. 5. þm. Vestf., að sjómannasamtökin í landinu hafi, eins og hann sagði, raunverulega samþykkt þessar verðflokkunarreglur. Það er alveg þvert á móti, að þau hafa einmitt lýst því yfir og það mjög greinilega, að þau hafi ekki átt hér neina hlutdeild að og samþykki þær ekki. Og þau hafa vitanlega alveg frjálsar hendur um að gera sínar ráðstafanir þar á móti, ef menn telja, að hér sé verið að fara raunverulega á bak við samtökin. Hins vegar getur vel svo farið, að menn verði að una þessu, a. m. k. víða á landinu, þar sem þeir geta ekki komið fram leiðréttingum heima fyrir á þessu ári. En ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að þessar reglur fá ekki staðizt til frambúðar, þær eru svo ósanngjarnar og óeðlilegar. Ég held því, að það hefði verið hið bezta í þessu máli að samþykkja frv. okkar um þetta atriði, enda hefur það þegar fengið mjög góðar undirtektir í samtökum útgerðarmanna, sem selja fisk fyrst og fremst, og sjómanna víðs vegar af landinu. En fáist ekki leiðréttíng á þessu núna, er auðvitað gefið mál, að þá sækir í það fyrir næstu vertíð, að annaðhvort verður á nýjan leik tekið upp lagið að semja sérstaklega um skiptaverð fyrir sjómenn eða þá að það verða að koma þær reglur fram í sambandi við verðlagninguna á fiski, að sjómenn sætti sig við það sem réttar leikreglur, en ekki rangar.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta miklu meira en orðið er. Ég tel, að það hafi komið allgreinilega fram í þessum umr., um hvað raunverulega er deilt í þessum efnum, og þau aukaatriði, sem hefur verið reynt að blanda inn í þetta, eins og varðandi gerðardómsákvæði í vinnudeilum, eru vitanlega hreinn útúrsnúningur. Og sama er að segja viðvíkjandi því, að hér sé verið að lögbinda þær flokkunarreglur, þær gæðamatsreglur, sem yfirleitt eiga að vera í gildi af hálfu ferskfiskmatsins. Um það er ekki að ræða.

En það voru aðeins nokkur orð svo í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði í sambandi við fiskverðið í Noregi. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Það var ekki svo mikið, sem hæstv. ráðh. sagði í þeim efnum nú. Hann sagði þó, að við, sem höfum nokkuð deilt við hann um fiskverð í Noregi, værum nú horfnir frá því að gera samanburð á fiskverðinu í Noregi, eins og það var í fyrra, og hér á Íslandi. Það er mesti misskilningur. Við höfum einmitt dregið það mjög skýrt fram í þessum umr., að við vildum halda okkur við samanburðinn á fiskverðinu í Noregi í fyrra og á Íslandi í fyrra. Sá samanburður kemur nákvæmlega fram í grg., sem fylgir okkar till., sem hér liggur fyrir hv. Alþ. um rannsókn á fiskverðinu. Samanburður á milli verðlagsins, sem var í Noregi í fyrra og á Íslandi í fyrra, kemur þar greinilega fram, og allar tölur, sem þar eru tilfærðar, eru réttar. Við höfum auk þess í þessum umr. gert samanburð á fiskverðinu í Noregi eins og það er nú og eins og það á nú að vera hér á Íslandi. Hvor tveggja þessi samanburður sýnir, að verðmunurinn er gífurlega mikill. En okkur ber ekki saman, hæstv. ráðh. og okkur, og það þýðir ekki að vera að þrátta frekar um það. En í þessum efnum sagði hæstv. ráðh., að hann vildi geta þess í leiðinni og hann hefði upplýsingar um það, að meðaltekjur norskra sjómanna á Lófótvertíðinni væru þar taldar vera 1906 norskar eða rétt um 10 þús. ísl. kr. Hann vildi geta þessa. Ekki skal ég draga í efa, að þetta sé rétt. En ég vil þá geta þess jafnframt í leiðinni, að þessi tala segir harla lítið í sambandi við samanburð á milli Noregs og Íslands. Eins og réttilega er tekið fram í grg. þeirri um fiskverðið í Noregi, sem birt var í tímaritinu Ægi af starfsmanni Fiskifélagsins, er útgerð við Lófóten á vetrarvertíð gersamlega ólík því, sem er hér á landi, í sambandi við rekstur bátanna og slíka aðstöðu. Þar ganga mjög smáir bátar, gerólíkt því, sem er á vertíð hjá okkur. Þar er aflinn á hvern bát og reyndar á hvern mann líka aðeins brot af því, sem er hjá okkur. Meðaltal yfir allan þennan gífurlega stóra smábátaflota, meðaltalskaup yfir vertíð þar og meðaltalskaup á vertíð hér hjá okkur, sú tala liggur ekki fyrir, ég hef aldrei séð þá tölu hér nokkurs staðar, að maður hefði hér meðaltalskaup uppfært í sambandi við rekstur allra okkar báta. Þar er vitanlega verið að jafna saman alveg gerólíkum hlutum, því að hér eru yfirleitt gerðir út á vetrarvertíð stórir bátar og af miklum krafti og skila vitanlega allt öðru en litlir bátar. En hitt er hins vegar auðvitað sambærilegt að athuga, hvaða fiskverð norsk frystihús og norskir fiskverkarar geta gefið fyrir nýjan fisk. Þegar þeir verka fiskinn á sömu markaði og við og selja hann þangað, að því er við bezt vitum á sambærilegu verði og við, þá er mjög sambærilegt að bera saman, hvaða fiskverð þeir geta borgað og hvaða fiskverð okkar fiskvinnslustöðvar geta borgað. En samanburður á meðaltekjum allra bátasjómanna við Lófóten á vertíð og þeirra, sem sjó stunda hér á vertíð, hefur ekkert gildi, af því að þar er svo gersamlega ólíkum hlutum jafnað saman.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en ítreka mína fyrri till. um það, að ég óska eftir því, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega alveg vitatilgangslaust að ætla sér að elta ólar við hv. 4. þm. Austf., því að hann er fljótur að slá úr og í, og ég skal þess vegna ekki ræða hér nema örfá atriði úr hans síðustu ræðu.

Hv. þm. sagði síðast, að það væri alveg fjarri lagi að bera saman tekjur sjómanna við Lófótveiðar og tekjur sjómanna á Íslandi, vegna þess að útgerðin væri rekin þar allt öðruvísi en hún er rekin hér á Íslandi og að mestu leyti á smábátum. Þetta vitum við. En þetta getur vissulega haft þýðingu, þegar athugað er, að hv. flm. till. um rannsókn á fiskverði hér og í Noregi hafa algerlega skotið undan í sínum málflutningi og grg. einu mjög veigamiklu atriði, sem eru verðuppbæturnar norsku. Þeirra er hvergi getið í grg., en það eru einmitt verðuppbæturnar, sem hafa mikla þýðingu í sambandi við það, hvað hlutur sjómannanna í Noregi er lítill. Því

verður ekki móti mælt, að heildartekjur fiskimannanna við Lófót á vertíðinni 1960 hafa reynzt þetta, sem ég sagði, í kringum 10 þús. ísl. kr. eða 1900 norskar krónur rúmar. Árið 1958 komust þær niður í 1200 norskar kr., og það náttúrlega gefur enn meira tilefni til þess fyrir ríkisvaldið í Noregi að styrkja þær veiðar, sem skila ekki meiri árangri en þetta, til þess yfirleitt að geta haldið mönnunum við veiðarnar. Í þessu sambandi hafa upplýsingarnar um heildartekjur sjómannanna vissulega þýðingu. En þeir létu sig hafa það, þessir hv. flm. tveir, hv. 4. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl., að skjóta því alveg undan, að það væru nokkrar uppbætur greiddar á aflann í Noregi. Annað er það, sem þeir hafa líka leikið, og það er að bera saman hæstu verðflokkana í Noregi við það meðaltalsverð, sem á Íslandi var greitt árið 1960. Þetta er líka rangur samanburður, því að samanburðurinn er ekki réttur, fyrr en svipaðir verðflokkar á Íslandi eru bornir saman við svipaða verðflokka í Noregi. En hvað verður um verðið í ár, skal ég ekki segja, ég hef ekki haft aðstöðu til þess að afla fullnægjandi upplýsinga um það, en eins og ég sagði hér áðan, ég vil taka upplýsingum hv. þm. með mjög miklum fyrirvara.

Svo eru aðeins tvö smáatriði önnur.

Hv. þm. sagði, að því aðeins væri hægt að tala um, að 2. gr. í frv. þeirra gerði ráð fyrir gerðardómi í vinnudeilum, að einhverjar vinnudeilur hefðu átt sér stað út af fiskverðinu. Og hann fullyrti, hv. þm., að engin slík deila hefði átt sér stað, og hann skoraði á mig og hv. 5. þm. Vestf. að nefna dæmi um það, að hér á Íslandi hefði nokkurn tíma staðið yfir vinnudeila út af fiskverði. Það þarf ekki að fara langt aftur í tímann til þess að benda hv. þm. á þetta. Ég man ekki betur en þegar tillögur samninganefndanna í sjómannadeilunni hér síðast voru bornar undir félögin, þá hafi þær verið felldar í félögunum, ekki vegna þess, að heildarsamningurinn í sjálfu sér hafi verið óaðgengilegur, heldur vegna þess, að fiskverðið var ekki á þann hátt, að meðlimir félaganna gætu við það unað. Þetta skeði hér í nágrannaverstöðvunum allt í kringum okkur, svo að ég vænti þess, að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm. Við þetta er svo því einu að bæta, að þetta samkomulag, sem hafði verið gert um fiskverðið, var nokkuð lagfært í þá átt, sem sjómennirnir óskuðu eftir, og ég veit ekki annað en um þetta sé nú komið fullkomið samkomulag, sem þurfi ekki að setja neina löggjöf um. En það er vissulega rangt hjá hv. þm., að það hafi ekki átt sér stað átök um fiskverðið, bæði nú og áður. Og hann getur náttúrlega aldrei komizt fram hjá því, að 2. gr. er ekkert annað en gerðardómur í þeirri deilu, sem kann að rísa um fiskverðið, sem eru vinnulaun sjómannsins. Fyrir utan, hversu það prinsip er varhugavert, hef ég áður bent á, hversu fráleitt það er að gera sáttasemjara ríkisins þar að oddamanni, og hv. þm. hefur ekki treyst sér til þess að rökstyðja það neitt nánar eða koma inn á það í sínum langdregna málflutningi fyrir þessu máli. Það verður þess vegna ekki um það deilt, að 2. gr. gerir ráð fyrir gerðardómi einmitt í vinnudeilu, sem það auðvitað má kallast að ákveða fiskverðið, sem er vinnulaun sjómannsins.

Þá sagði hv. þm. loks, að það væri rangt hjá okkur hv. 5. þm. Vestf., að það væri í frv. verið að lögfesta matsreglurnar. Það væri ekki verið að lögfesta matsreglurnar, því að það væri bara verið að ákveða, að verðflokkunin væri í samræmi við flokkunarreglur fiskmatsins. En það er vissulega meira gert í greininni en þetta. Þar er ákveðið, hvað flokkarnir eiga að vera margir. Þar er nokkuð tekið upp úr reglugerðinni, sem sjútvmrn. hefur gefið út um fiskmatið, en í reglugerðinni er líka haldið opnum möguleikum fyrir fleiri flokka. Og ég vil segja hv. þm. og öðrum það, að það getur vel komið til mála, að flokkaskipun gæðamatsins verði breytt, og t. d. má nefna í því sambandi, að það er uppi, að mér er tjáð, sú viðleitni í Noregi nú að ná þar fram einum flokki, sem þeir kalla úrvalsgæðaflokk, sem meiri kröfur séu gerðar til en mesta gæðaflokksins nú. Og ég er ekkert frá því, að þegar tími líður og kannske ekki mjög langur, þá væri mögulegt fyrir okkur að taka upp einhverja svipaða skiptingu. Ég held þess vegna, að það verði ekki heldur fram hjá því komizt, að það sé óheppilegt að setja í lög ákvæði um, hvað flokkarnir eigi að vera margir, hvernig flokka skuli, þó að það sé talið í samræmi við núverandi flokkunarreglur ferskfiskeftirlitsins.

Ég skal svo ekki fara neinum frekari orðum um þetta mál. Ég tel, að það sé flutt á sinn hátt eins og þessi hv. þm., sem hér talaði síðastur, oft gerir, meira af vilja til þess að gera sig góðan framan í einhverja aðila, sem málið skiptir, heldur en af umhyggju fyrir framgangi sjálfs málsins. Málið er afgreitt núna með þeim samningum, sem gerðir hafa verið, og þess vegna eru lög alveg óþörf.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. bar mér það á brýn, að ég sneri út úr í þessu máli, þegar ég héldi því fram, að með frv. væri lagt til að lögfesta reglur um gæðaflokkun á nýjum fiski. Ég get ekki betur gert til að sanna mitt mál um þetta en að leiða hv. 4. þm. Austf. sem vitni gegn sjálfum sér, en í grg. með frv. hans stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verðflokkun fisks verði algerlega byggð á gæðamati ferskfiskeftirlits ríkisins, en í reglum þeirrar stofnunar er einmitt ákveðin sú þriggja stiga gæðaflokkun, sem í frv. þessu er lagt til að verði einnig verðflokkun. Flokkunarákvæði þessa frv. eru tekin beint upp úr 37. gr. reglugerðar um ferskfiskeftirlit, útgefinnar hinn 13. jan. 1961."

Ég veit ekki, hvað er að lögfesta reglugerð, ef það er ekki einmitt það, sem þarna er.

Þá hélt hv. 4. þm. Austf. því fram í síðustu ræðu sinni, að ástæðan til þess, að tekið var upp á sínum tíma sérstakt skiptaverð, hafi verið sú, að útvegsmenn hefðu stungið undan svo og svo miklu af fiskverðinu. Ég verð að segja, að ég þekki ekki þann praksis, og veit ekki til, að þetta hafi tíðkazt í því byggðarlagi, þar sem ég á heima. Það kann að vera, að hv. 4. þm. Austf. hafi meiri þekkingu á þessu úr sinni heimabyggð.

En ég vil í þessu sambandi biðja menn að athuga, hvað skiptaverðið var. Skiptaverðið var einmitt viðurkenning á því, að útgerðin þyrfti að fá meira úr aflanum en hún gat fengið með þágildandi ráðningarsamningum. Þegar ákveðið er sérstakt skiptaverð, er í raun og veru verið að semja um það að „stinga undan“ svo og svo miklu af aflaverðmætinu, eins og hv. 4. þm. Austf. orðaði það. Með þeim samningum, sem nú hafa verið upp teknir, er þessi regla afnumin. Nú eiga sjómenn eftirleiðis að fá hlut úr fullu andvirði fisksins, og þar af leiðir, að þeir hljóta eftirleiðis að verða aðilar að fiskverðssamningunum.

Ég hygg, að það sé ekki rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austf., að sjómenn hafi ekki að þessu sinni gjarnan viljað vera aðilar að fiskverðssamningum, en það lá í hlutarins eðli, eins og ég gerði grein fyrir um daginn, að meðan ekki var búið að koma sér niður á afnám sérsamninga um skiptaverðið, voru þeir ekki orðnir aðilar að fiskverðssamningunum við kaupendur.

Að lokum vil ég aðeins bæta því við að gefnu tilefni frá hv. 4. þm. Austf., að á Vestfjörðum róa nú um 40 bátar með línu og veiða fisk, sem eingöngu á að fara í fyrsta flokk, og ég veit ekki til þess, að þeir séu í neinum vandræðum með að losna við afla sinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 23. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Hefting sandfoks og græðsla lands.

Á 57. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heftingu sandfoks og græðslu lands [175. mál] (þmfrv., A. 308).

Á 58. og 59. fundi í Nd., 9. og 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr., ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., fluttum á síðasta Alþ. frv. til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands. Það var að meginefni samhljóða samnefndu frv., sem samið var af sandgræðslunefnd þeirri, sem skipuð var árið 1957 af þáv. landbrh., Hermanni Jónassyni. Í þessari nefnd áttu sæti þessir: Björn Kristjánsson fyrrum alþm., formaður n., Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, Árnór Sigurjónsson fulltrúi, Páll Sveinsson sandgræðslustjóri og Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi. Verkefni þessarar nefndar var að endurskoða sandgræðslulögin og athuga um möguleika á að auka þá starfsemi. Tók sandgræðslunefnd þessi þegar til starfa og vann mikið og mjög þarft verk á skömmum tíma. Hafði hún ferðazt um þá landshluta, þar sem landspjöll hafa hvað stórfelldust orðið af uppblæstri og ágangi vatns á fyrri tímum. Kynnti n. sér rækilega störf Sandgræðslu Íslands og árangurinn af því starfi svo og tilraunir til sandgræðslu, sem aðrir höfðu að unnið. Það er ljóst, að n. hefur í upphafi gert sér fulla grein þess, hversu stórfellt verkefni lá fram undan og að ýmsu leyti glæsilegir möguleikar. Jafnframt varð eigi að síður auðsætt, að Sandgræðsla Íslands hafði unnið vel og kappsamlega að sandgræðslumálunum við erfiðar aðstæður og fjárhagsörðugleika. Í riti því, sem sandgræðslunefndin beitti sér fyrir að gefið væri út í tilefni 50 ára afmælis sandgræðslulaganna, er ýtarlega skýrt frá sandgræðslustarfinu á liðnum tíma og að verðleikum farið viðurkenningarorðum um fórnfúst og áhrifaríkt starf þeirra manna, sem hvað mest eiga hlut að, hversu giftusamlega hefur til tekizt í þessum efnum. Um líkt leyti og þetta afmælisrit kom út, sendi sandgræðslunefndin frá sér tillögur í frumvarpsformi ásamt grg. um sandgræðslumálið, sem öllu heldur væri rétt að nefna landgræðslumál. Var hvort tveggja sent til landbrh.

Á Alþingi árið 1958 flutti Steingrímur Steinþórsson, þáv. þm. Skagf., frv. nefndarinnar. Eigi varð það útrætt. Landbn. þessarar hv. deildar flutti síðan nýtt frv., sem í ýmsum greinum var frábrugðið frv. n., en eigi varð það heldur útrætt.

Frv. því, sem við hv. 3. þm. Norðurl. e. fluttum á síðasta Alþingi, var vísað til landbn. þessarar deildar. Þegar hér var komið, ákvað hæstv. landbrh. að kveðja sandgræðslunefndina saman að nýju til starfa og endurskoða málið allt. Af þessari sök mun landbn. d. hafa talið rétt að fresta frekari meðferð málsins að svo stöddu. Þessari endurskoðun sandgræðslunefndar lauk síðan í febrúar 1960, og sendi nefndin málið til ríkisstj. með nokkrum breytingum.

Þar eð nú hæstv. landbrh. hafði eigi enn þá lagt málið fyrir hv. Alþingi, þótti okkur flm. rétt og enda skylt að flytja málið á ný með þeim breytingum, sem nefndin, sandgræðslunefndin, hefur að lokinni endurskoðun gert á sínu fyrra frv. Í þessum síðustu breytingum er græðslustarfið fært enn nokkuð út, og svo sem mátti vita fyrir, farnar eða gerðar till. um að fara nýjar leiðir til fjáröflunar, en um það atriði geta og eru sjálfsagt skiptar skoðanir, enda hafa þær verið það. Það er engan veginn víst, hvort síðustu till. sandgræðslunefndar, sem ég mun ræða um hér lítillega á eftir, um þetta efni, hljóti nægilegan byr, þó að nokkur ástæða sé til að ætla það. Mun mjög reyna á þá nefnd, sem málið fær til yfirvegunar, hvernig til tekst um samstöðu um þetta atriði.

Þetta gagnmerka mál hefur þannig verið mjög rætt og yfirvegað á liðnum árum og farið í gegnum margan hreinsunareld. Um það hafa fjallað okkar færustu menn í ræktunar- og sandgræðslumálum og fært til þess forms og efnis, sem fyrirliggjandi frv. er. Stefnt er að háu marki. Verkefnið er að hindra eyðingu gróðurs, svo sem

vera má, og græða upp sand og annað ógróið eða lítt gróið land, bæði í heimalöndum og á afréttum. Það er engan veginn auðvelt starf, og er auðsætt, að hér þarf alþjóð að leggja sig mjög fram í athöfn og örlæti um fjárframlög.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eyðing gróðurs hefur átt sér stað allt frá upphafi byggðar landsins. Orsakir hennar eru eldgos, jökulhlaup, ágangur vatns, sandfok, bæði af landi og frá sjávarströnd, og harðindi hvers konar á ýmsum tímum. Þá hafa að sjálfsögðu mennirnir átt sinn hlut að með skógarhöggi og fleiru og síðan búfénaður, kannske að einhverju leyti fyrir sakir ofbeitar.

Ætla má, að gróðursæld hafi nokkur ríkt í landinu, þegar landnám hófst, eða svo hefur Ari prestur hinn fróði talið, er hann segir í ritum sínum á einum stað, að landið hafi þá, þ. e. a. s. þegar landnámsmenn komu fyrst að, verið víði vaxið milli fjalls og fjöru. Hvað sem þessum orðum sagnaritarans líður, má nokkurn veginn teljast víst, að gróður landsins hafi eigi í aðra tíð verið meiri. Undirstaða hans hefur að sjálfsögðu verið birkiskógar og víðikjarr ásamt grasi.

En svo seig á ógæfuhlið, og margt hjálpast að. Á 18. og 19. öld má ef til vill segja, að gróðureyðingin nái sínu hámarki, og þau héruð, sem einna harðast verða úti, eru Rangárvallasýsla, Vestur-Skaftafellssýsla og Þingeyjarsýsla. Var þá í alvöru farið að ræða um sandfokið og uppblásturinn og þá stórkostlegu eyðingu gróðurs, sem orðið hafði, er allt sýndist stefna í þá átt, er til auðnar horfði á stórum landssvæðum. Þótti þá ýmsum góðum mönnum eigi annars úrkosta en hefjast handa um landvarnir. Í Rangárvallasýslu t. d. hafði fjöldi bújarða lagzt í eyði og það í hreppum, sem áður höfðu verið hinir blómlegustu, svo sem á Rangárvöllum og í Landsveit.

Að því kom, að Búnaðarfélag Íslands tók að vinna að þessum málum. Árið 1906 voru síðan sett lög um sandgræðslu. Var hægt, en örugglega farið af stað, og brátt kom í ljós, að græðslustarfið bar auðsæjan árangur. Upp úr 1920 færðist sandgræðslan enn í aukana og sandsvæði, sum hver mjög stór, tekin til sérstakrar vörzlu. Nú um þessar mundir munu vera rösklega 100 þús. hektarar innan sandgræðslugirðinga í landinu. En stærsta einstaka átakið var þó sandgræðslan í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Þessi jörð fór algerlega í eyði árið 1923, en hafði áður verið mjög góð bújörð. Er alkunna, hversu hefur til tekizt á þessum stað, og er þetta landvarnarátak glöggt dæmi þess, hversu breyta má svörtum sandi í hinar glæsilegustu gróðurlendur. Fyrst var landið girt, síðan grætt, hafin túnrækt og stórbúskapur að lyktum. Er Gunnarsholt nú ein stærsta og bezta bújörð á landi hér. En sandgræðslustarfið var víðar unnið, meira og minna um allt land.

Á 50 árum hafði mikið áunnizt. Aðalstarfið beindist eðlilega að heftingu sandfoks, að vörnum gróðurlendis. Aukin tækni, þekking og reynsla varð aflgjafi í viðureigninni við stærri verkefnin, og starfssviðið færðist út með hverju ári sem leið. Til ræktunar voru teknir sandar og melar til nytja og síðan unnið að verndun og uppgræðslu afrétta og annarra beitilanda, þó að í smærri stíl væri. Hefur mikið lán fylgt þessu starfi sandgræðslunnar og ætíð valizt þar hinir ágætustu menn til forustu. Má undrum sæta, hversu langt hefur verið komizt þrátt fyrir margvíslegustu erfiðleika, að ekki sé minnzt á fjármagnsskortinn og hvers kyns fordóma.

Þetta heilladrjúga starf hefur fært þjóðinni heim sanninn um það, hvað gera má í þessum efnum, þegar vel er að verki staðið og áhugi, þrek og þekking leggjast á eitt. Ótrú á sandgræðslustarfið er að mestu eða alveg horfin, en í staðinn vakinn stórhugur og vilji til stærri og glæsilegri landvinninga í þágu gróðurs og aukin trú á lífsmátt lands og þjóðar. Orð skáldsins: „Þetta land á ærinn auð, ef menn kunna að nota hann“ — munu á sannast með hverjum tíma sem líður, bæði í ræktunarmálum og öðrum efnum.

Hinni fyrstu sóknarlotu í ræktunarmálum landsmanna er senn lokið. Nú hefst nýr áfangi í framtíðarbaráttunni. Bændur landsins hafa á liðnum áratugum unnið að stórfelldari ræktun lands og alhliða uppbyggingu landbúnaðarins en nokkru sinni fyrr. Búfénu fjölgar, og bústofninn verður að stækka mjög á næstu árum og áratugum. Byltingarkennd þróun í búnaðarmálunum hlýtur að leiða af sér, að mjög þrengist í búfjárhögum, bæði heima við og á afréttum. Það er engin önnur leið til, sem mætt geti dýrmætu og þróttmiklu starfi bændanna, en sú að leggja ofurkapp á að hagnýta sem bezt allt það land, sem ógróið eða lítt gróið er, sem á annað borð er hægt að koma í rækt, bæði í heimalöndum og á afréttum. Þessi landssvæði eru íslenzkum landbúnaði sams konar auðlindir og fiskimiðin eru sjávarútveginum. Þessi hagnýting landsins þarf að eiga sér stað svo fljótt og hagkvæmlega sem kostur er á, og sízt má horfa í kostnaðinn, þó að verulegur verði, á meðan skipulegu átaki er fram komið. Það má öllum vera ljóst, að þetta verkefni er eitt hið þýðingarmesta og að framtíð þjóðarinnar kann að vera því háð, að sem bezt verði að unnið og sem bezt til takist.

Frv. það, sem hér hefur verið lagt fram og liggur fyrir til umr., kveður á um það í megindráttum, hvernig að þessum málum skuli staðið. Það er rétt lítillega að athuga, hvers vegna rétt er að heyja þessa sókn í þágu gróðurs og landsnytja, og verður þó að fáu einu vikið.

Í framtíðinni hljóta grasrækt og búfjárrækt að verða máttarstoðir íslenzks landbúnaðar. Alveg sérstaklega hlýtur sauðfjárbúskapur að draga til sín athygli sem ein höfuðgrein búfjárræktar. Er þá einnig haft auga á sauðfjárafurðum sem útflutningsvarningi. Aðalbúgreinarnar eru, svo sem vitað er, nautgripir og sauðfé og sterkastir þættir landbúnaðarframleiðslunnar. Að heildarverðmæti er hlutur þeirra um 87% af allri landbúnaðarframleiðslunni. Þegar svo er virtur hlutur landbúnaðarins í heildarframleiðslu þjóðarinnar, kemur í ljós, að hann hefur verið árið 1957 13.8% og líku hlutfalli verið haldið um nokkurt skeið. Þrátt fyrir hina öru þróun í öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar, hefur bændum tekizt í krafti umbóta og aukinnar tækni á velflestum sviðum í landbúnaði að halda sínum hlut í heildarfram-

leiðslunni og tekizt það betur jafnvel en starfsbræðrum þeirra hjá mörgum nágrannaþjóðum, sem mjög eru langt komnar í landbúnaðarmálum. Frakkland, sem er mikið landbúnaðarland, hefur árið 1955 hlutfallstöluna 14.1% í landbúnaðarframleiðslu miðað við þjóðarframleiðsluna.

Eins og kunnugt er, er meginhluti landbúnaðarframleiðslu okkar seldur á markaði innanlands. Hugsum okkur það, að kyrrstaða hefði verið að mestu í starfi bændanna s.l. 10 ár. Þá lætur nærri, að því er fróðustu menn telja, að flytja hefði þurft inn nær helming af þeim neyzluvörum, sem af landbúnaði fást. Er auðvelt að geta sér til, hver áhrif slík þróun mála hefði haft á gjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar. Um það getur enginn ágreiningur orðið, að landbúnaður okkar framleiðir búvörur, sem a. m. k. fullnægi þjóðarþörf, en það er líka álit margra, að stefna beri hærra og að því, að þjóðin framleiði búvörur til útflutnings og öflunar gjaldeyris erlendis. Allar helztu landbúnaðarþjóðir hafa bæði þessi sjónarmið uppi og vinna að þeim með skipulegum hætti og af ýtrasta megni. Víst er það, að ef ekki er stefnt að umframframleiðslu, þá er eins öruggt, að skortur verði og geti orðið mjög alvarlegur á landbúnaðarafurðum, þegar illa árar, svo sem átt hefur sér oft stað og getur að sjálfsögðu átt sér stað alltaf öðru hverju. Af þessu leiðir, að þörf er umframframleiðslu og að henni getur þurft að koma í verð á erlendum markaði. Og þetta er í raun og veru algert lágmark. Þjóðinni fjölgar ört, og er líkleg meðalfólksaukning 2% á ári. Skv. því ætti fólksfjöldinn í landi þessu að vera árið 2000 um 400 þús. manns. Framleiðsluaukningin þarf a. m. k. að tvöfaldast til þess að halda í horfinu. Mjólkandi kúm þarf að fjölga væntanlega um 41500 og þó öllu meira, jafnvel upp í 50 þús. Kjötframleiðslan þarf einnig að tvöfaldast, og þannig má halda áfram varðandi hinar ýmsu búgreinar.

Af þessu er ljóst, að eigi þurfa að vera skiptar skoðanir um það, að mikið starf er fyrir höndum í landbúnaði og að honum sé nauðsyn þess að búa sem bezt um alla aðstöðu, til þess að honum verði auðið að sjá þjóðinni jafnótt og líður fyrir nægum búvörum. Ekki þarf lengi að að hyggja til að sjá, hvert metnaðarmál það hefur verið bændunum sjálfum að sjá þjóðinni farborða í þessu efni, og hafa þó aðstæður verið æríð oft erfiðar og efnahagsleg kjör eigi sem skyldi. Samt hefur bændum tekizt og það vel að auka framleiðslu sína í samræmi við vaxandi neyzluþörf þjóðarinnar. Viðfangsefnið er því að vinna þannig að landbúnaðarmálum, að bændur geti í framtíðinni fullnægt aukinni eftirspurn í búvörum og að enn fremur og eigi síður verði þeim tökum náð í hagnýtingu náttúrugæða landsins og í krafti aukinnar tækni, að landbúnaðurinn verði fær að afla í stórum og sífellt auknum stíl erlends gjaldeyris. Í þessu sambandi má geta þess, að eitt af höfuðáhyggjuefnum hagvísindamanna á alþjóðavettvangi er, að veruleg hætta sé á, að matvælaframleiðsla í heiminum aukist ekki á komandi tíð í réttu hlutfalli og nauðsynlegu hlutfalli við hina öru fjölgun mannkyns.

En auðsætt er, að án sérstakra róttækra ráðstafana til aukningar á beitargróðri og stórkostlegs átaks í ræktunarmálum almennt verður eigi unnt að auka svo bústofninn, að fullnægt geti markaðsþörf, er stundir líða, hvað þá framleiðslu afurða til sölu erlendis. Það frv., sem hér um ræðir, stefnir markvisst að því að halda áfram í enn ríkara mæli en fyrr heftingu sandfoks, græðslu sanda, mela og aura í heimalöndum og á afréttum og eflingu gróðurs á vangrónu landi í þeim tilgangi að auka beitarland búfjár og um leið að létta á haglendi því, sem fyrir er. Þetta verkefni er svo víðfeðmt, að ekki þykir annað koma til álita en gerð verði alveg sérstök framkvæmdaáætlun, sem nái yfir, eins og í frv. segir, 10 ára skeið, og séu færustu sérfræðingar til kvaddir. Þetta er höfuðatriði þess frv., sem hér liggur fyrir. Mörg mikilsverð nýmæli önnur eru í frv., sem verða ekki hér sérstaklega rakin, enda er gerð rækileg grein fyrir þeim í ýtarlegri grg. sandgræðslunefndar, sem fylgir þessu frv.

Til þess að standa straum af stórfelldum kostnaði, sem af framkvæmd frv. leiðir, ef að lögum verður, verður að afla fjár fram yfir hið fasta framlag til sandgræðslunnar úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert. Hlutur ríkissjóðs hlýtur að verða þar stærstur, og er það eðlilegt. Hann eða hið opinbera mun hafa forustuna í þessum efnum og annað kemur að sjálfsögðu ekki til greina. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að sérstakt aukagjald verði lagt á allt áfengi, sem áfengisverzlun ríkisins selur, eða 5 kr. á hvern seldan lítra. Um þetta má að sjálfsögðu deila, og við, sem flytjum þetta frv., erum að sjálfsögðu til reiðu að ganga inn á breytingar á þessu. T. d. mætti hugsa sér, að nauðsynlegar greiðslur tilkostnaðar í sambandi við framkvæmd þessara laga séu teknar beint úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert. En sem sagt, það má við nánari athugun vel gera ráð fyrir því, að aðrar leiðir þyki hentari. En aðalatriðið er, að nægilegs fjármagns verði aflað til þess að standast nauðsynlegan kostnað við framkvæmdir, og við flm. treystum hv. landbn., sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar, til þess að koma sér ásamt um færa og skynsamlega leið í þessu efni, ef ákvæði frv. þykja ekki hentug að þessu leyti. En engan veginn má það koma fyrir, að þetta stórmál strandi á þessu skeri. Það er of mikið í húfi.

Við flm. frv. höfum þá sérstöðu, að við erum fulltrúar byggðarlaga, sem einna harðast hafa verið leikin af völdum gróðureyðingar og uppblásturs. Okkur er því að sjálfsögðu nokkurt kappsmál, að skriður komist sem fyrst á uppgræðslustarfið. Við höfum leyft okkur tvívegis að flytja till. sandgræðslunefndar hér inn í hv. Alþingi vegna þess, hversu stórfellt hagsmunamál við teljum að hér sé á ferð. Einnig erum við þess fullvissir, að tillögur sandgræðslunefndar eru niðurstaða af gagnmerku starfi og víðtækri þekkingu á málsefninu, sem við, sem eigi erum neinir sérfræðingar í þessum efnum, teljum okkur geta óttalaust byggt á og fyllilega treyst.

Okkur flm. væri það hið mesta feginsefni, ef samstarf og samhugur má takast um málið. Það er okkur höfuðatriði, að stefna sú, sem felst í frv., geti orðið framkvæmd í megindráttum. Breyt. á frv. mega að sjálfsögðu verða, ef þær teljast eðlilegar og réttmætar að beztu manna

yfirsýn. Það eitt varðar mestu, að landgræðslumálið komist í það horf, þann farveg, að þjóðin sé þess umkomin að leiða landvarnir sínar og ræktunarstarfið fram til þess marks, að allt það land, sem unnt er að rækta á annað borð, geti orðið til nytja öldum og óbornum. Þetta er ekki markmið, sem þjónar aðeins bændum og búaliði, heldur og miklu fremur á öll þjóðin mjög sína hagsæld því háða, að vel verði að staðið.

Við Íslendingar þurfum að bæta landið okkar, gera það verðmætara, heilnæmara og fegurra. Flestar menningarþjóðir leggja hart að sér í starfi með ærnum tilkostnaði í því skyni að vernda sitt land og vinna það. Við eigum þess ærinn kost að skapa okkur dýrmætan þjóðarauð í auknum landsgæðum, sem bera má ríkulegan ávöxt. Með því að framkvæma þá meginstefnu, sem sandgræðslufrv. markar, af myndarskap og festu færum við vissulega gull og giftu í mund þeirri framtíð, sem þjóðinni er búin í landinu.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að sinni, en óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð í sambandi við þetta frv., en ég tel eigi að síður ástæðu til að koma hér með nokkrar athugasemdir í tilefni af því, hvernig þetta mál ber að.

Hv. ræðumaður, sem lauk hér máli sínu áðan, sagði: „Við flm. erum að sjálfsögðu reiðubúnir til viðræðna um breytingar á þessu frv.," rétt eins og þetta væri þeirra frv., sem þeir hefðu samið, þeirra tillögur. Hann sagði enn fremur, að það væri æskilegt að fá samstarf um þetta mál. Því er ég alveg sammála. Það er það, sem þarf að ske, til þess að árangur náist og til þess að þetta nytjamál, sem ég held að allir hv. alþm. séu sammála um að þurfi að leysa vel, komist í höfn.

Það var 1957, sem þáv. landbrh. skipaði hina fyrri sandgræðslunefnd til þess að semja frv. til l. um auknar tekjur til Sandgræðslu Íslands, og n. skilaði frv. til ráðuneytisins. En það var þá, er það dróst nokkuð í rn. að flytja málið, að einn nefndarmanna, Steingrímur Steinþórsson, flutti málið inn í þingið, af því að ráðherra þurfti nokkuð langan tíma til þess að átta sig á því og ná samkomulagi um það innan ríkisstj., hvern hátt skyldi hafa á þessum málum. Frv. náði ekki fram að ganga, og haustið 1959 fluttu þessir sömu þm., sem nú flytja þetta frv., aftur hið fyrra sandgræðslufrv., sem náði ekki heldur fram að ganga á því þingi, enda var ýmislegt í því frv., sem var ekki aðgengilegt, t. d. það að skattleggja búpening bænda í þessu skyni. Ég hygg, að bændum hafi fundizt, enda þótt hér væri um gott málefni að ræða, að þeir hefðu ekki svo breið bök, að þeir gætu tekið á sig þann skatt, sem ætlað var með þessu frv. En hv. flm., hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Sunnl., töldu samt, að það væri óhætt að skattleggja bændur á þennan hátt, og þess vegna fluttu þeir frv. Og ég vil nú spyrja hv. fyrri flm. þessa frv.: Hvað er sameiginlegt eða líkt með þessu frv., sem hann flytur nú ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e., og því frv., sem þeir fluttu sameiginlega á síðasta þingi? Hann sagði hér áðan, byrjaði ræðu sína með því að segja, að að meginefni væri þetta frv. samhljóða frv. frá 1957. Þetta er vægast sagt ónákvæmni í málflutningi. Hér er um allt annað frv. að ræða. En þessir hv. tveir þm. voru eigi að síður reiðubúnir til þess að flytja það, og verður að segja, að hér er um óvenjuleg vinnubrögð að ræða. Þeir fá frv. lánað hjá einum nm. sandgræðslunefndarinnar, og þeir flytja það án leyfis og án samráðs við hann. Ég hringdi í þennan hv. nm. áðan í matartímanum og spurði hann um, hvort það hefði verið flutt með hans samþykki, þetta frv., eða hans leyfi. Hann sagði nei. En ég vona, sagði þessi mæti maður, að það verði ekki til þess að skaða málið, þótt hér hafi verið um frumhlaup að ræða í sambandi við þennan flutning. Það kemur ekki til mála, segi ég. Við látum ekki málið gjalda þess, — og a. m. k. öðrum þm. er vorkunn, þótt hann kannske, eins og maður segir, vinni hér af nokkru fljótræði. En hinn, hvað á að segja honum til afsökunar, sem hefur setið á þingi í tugi ára og hefur mikla reynslu?

Nei, málið má ekki gjalda þess, þótt hér hafi verið farið óvenjulega að. Það kemur ekki til greina. En ég vil upplýsa hv. Alþingi um það, að þetta mál er til athugunar hjá ríkisstj. Þetta frv. er samið af sandgræðslunefndinni, eftir að ég kallaði hana saman í des. 1959 og óskaði eftir því, að hún endurskoðaði fyrra frv. og breytti því, vegna þess að það væri að mínu áliti ekki aðgengilegt. Þess vegna breytir sandgræðslunefndin frv. á þá lund, að tekjuöflunin er hugsuð á annan hátt. En stjórnarandstæðingar eða a. m. k. þessir tveir hv. flm. munu vitanlega halda því fram, að frv. sé búið að vera nógu lengi í rn., það hafi nú verið eitt ár í rn. og ríkisstj. hafi þess vegna haft nægilegan tíma. En fyrra sandgræðslufrv. var einnig nokkuð lengi í landbrn. til athugunar, og þess vegna tók einn nm. sig til og flutti það. Hann þurfti vitanlega ekki að spyrja neinn um leyfi, því að hann var einn af nm., flutti það þess vegna ekki í leyfisleysi. En þetta frv. er önnur útgáfa frá sandgræðslunefndinni, og það er að einu leyti betra en hið fyrra, að því leyti, að hér er horfið frá því að skattleggja búpeninginn, eins og var í fyrra frv. Hér er stefnt að nýrri leið með því að leggja aukagjald á áfengi í þessu skyni, sem ég tel að vel komi til greina, og hér er einnig minnzt á það, að skattur sá, sem lagður er á innfluttan fóðurbæti, renni til þessara mála. En það er nú eins og fyrr, að þegar um er að ræða miklar fjárhæðir, sem annaðhvort ríkissjóður beint eða óbeint þarf að greiða, þá tekur það sinn tíma að finna leiðir til þess.

Þetta er vitanlega lítið breytt nú frá því, sem var, þegar hv. framsóknarmenn fóru með þessi mál. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það hafi verið af viljaleysi hjá fyrrv. landbrh. hæstv., Hermanni Jónassyni, að hann flutti ekki þetta mál sem stjfrv. Það var af allt öðrum ástæðum. Það var af þessum sömu ástæðum, sem við höfum alltaf átt við að stríða, að fá fé, að bæta við útgjöld ríkisins, hvort sem það er beint eða óbeint.

Ég held, að flestir eða jafnvel allir hafi nú fengið skilning á því, að landgræðsla og hefting

sandfoks er eitt af því, sem allra nauðsynlegast fyrir okkur í dag. Þess vegna er það eitt öruggt, að þetta mál verður leyst farsællega, hvort sem það verður á þessu þingi eða því næsta, því að skilningur manna fer stöðugt vaxandi á þessu.

Ég segi því það, sem ég sagði áðan, þegar ég talaði við nefndarmanninn, það kemur ekki til mála að láta málið gjalda þess, þótt hér hafi verið viðhöfð óvenjuleg vinnubrögð. En það veit ég, að hv. 3. þm. Norðurl. e., sem situr hér á móti mér og er þingvanur, veit, að frumvörp til mikilla útgjalda ríkssjóðs, hvort sem er beint eða óbeint, verða ekki samþykkt, nema stjórnarflokkarnir hafi komið sér saman um það og sá, sem fer með fjármál ríkisins, sjái ríkissjóði fært að standa undir því. Það er þess vegna ljóst, að flutningur þessa frv. þessara tveggja hv. þm. getur ekki flýtt fyrir málinu og ekki greitt fyrir því. Um leið og ríkisstj. hefur fundið sameiginlega leið í þessu, verður málið vitanlega samþ. í einu formi eða öðru. Og það verður dálítið erfitt fyrir hv. flm. frv. að áfellast þessa ríkisstj., þótt hún taki sér nokkurn tíma í þessu máli, þar sem vinstri stjórninni entist ekki tími til þess að gera þetta, og dettur mér ekki í hug að halda því fram, að fyrrv. landbrh., Hermann Jónasson, hafi ekki haft áhuga á málinu. Hér er um mikið stórmál að ræða, og það er ljóst, að það þarf að gera hér stórt átak. Það er ekki nægilegt að vinna gegn heftingu sandfoks. Það þarf að hefja skipulega sókn í því að græða upp landið, að fá meiri gróður í afréttarlöndin og öræfin, sem við eigum svo mikið af, og gera landið þannig stærra og betra, um leið og fólkinu fjölgar og þörfin fyrir aukna framleiðslu vex. Þetta er verkefni næstu ára, og sandgræðslunefndin er til orðin vegna þess, að þessi skilningur var fyrir hendi, og sandgræðslunefndin var endurskipuð og samdi annað frv. vegna þess, að þessi skilningur hafði enn vaxið frá árinu 1957. En það skal vel vanda, sem lengi á að standa. Við þurfum að finna varanlegan tekjustofn fyrir sandgræðsluna, og þess vegna er það nú svo, að þótt þetta sé önnur útgáfa af frv. frá hendi sandgræðslunefndar, þá er það mín skoðun, að það þurfi að endurbæta það í þriðja sinn. Við þurfum að bæta við þetta og breyta því og gera þetta þannig úr garði, að það megi verða varanlegt, það megi verða traust, það megi uppfylla þær kröfur, sem við þurfum að gera í þessu efni, og leiða til þess, að landgræðslan megi aukast meira en verið hefur. Þess vegna skal engan furða á því, þótt núv. ríkisstj. þurfi nokkurn tíma. Málið er hjá henni. Hún mun leysa það farsællega, sem vinstri stjórninni entist ekki tími til að gera. Og ég segi það enn, eins og ég sagði við hinn mæta mann, sem lánaði hv. flutningsmönnum frv.: Málið mun ekki gjalda þess, þótt hér hafi verið farið óvenjulega að. En öllum mun ljóst vera, að flutningur þessa frv. á þann hátt, sem hér hefur verið gert, greiðir ekki fyrir málinu og flýtir ekki á neinn hátt fyrir því að ná því marki, sem ég býst við að við flest viljum ná.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ekki gert ráð fyrir því að taka til máls um þetta mál við þessa umr., enda er ég ekki fyrri flm. þess, og þegar hefur verið gerð grein fyrir því mjög skilmerkilega af hv. 1. flm. málsins. Hins vegar þótti hæstv. landbrh., sem hér flutti mjög einkennilega ræðu áðan, hlýða að minnast mín, eða ég skildi það svo, í ræðu sinni, og því þykir mér rétt af því tilefni að fara um þetta fáeinum orðum.

Hæstv. ráðh. hafði orð á því, að ég væri búinn að sitja nokkuð lengi á þingi og mundi þekkja til meðferðar þingmála, og það er rétt, að svo ætti það nú að vera. Í því sambandi get ég getið þess, að ég minnist þess ekki þessa rúmlega tvo áratugi eða hvað það nú er, sem ég hef setið hér á Alþingi, að ég hafi heyrt nokkurn landbrh., sem hefur ætlað sér að styðja eitthvert framfaramál landbúnaðarins, tala um það á þann hátt, sem hæstv. landbrh. gerði nú síðast. Þar hafa tíðkazt önnur vinnubrögð oftast nær.

Hv. frsm., hv. fyrri flm. þessa máls, flutti hér ýtarlega ræðu og skilmerkilega. Hann flutti þá tegund ræðu, sem þeir menn flytja, sem fylgja fram máli á Alþingi af góðum hug og vilja leggja sig fram til að koma málunum fram. Hann talaði áreitnislaust um þetta mál og gaf hæstv. ráðh. áreiðanlega ekkert tilefni til óánægju út af þeirri ræðu. Hann fór ekki inn á neinn samanburð eða mannjöfnuð út af því, hvað menn hefðu lagt til þessara mála. En hæstv. ráðh. virtist aðallega eiga það erindi hér upp í ræðustólinn að reyna að stofna til einhvers konar deilna um málið. Hann hefur e. t. v. ekki verið sér þess meðvitandi, að hann væri að þessu, en það var ekki hægt að verjast þessari hugsun, þegar hann flutti ræðuna. Hann var að bera saman ríkisstjórnir, sem hefðu farið með þetta mál, og hann var að bera saman aðra aðila, sem að þessu máli hefðu staðið, hvað þeir hefðu verið skeleggir, hvað þeir hefðu gert rétt og hvað ekki rétt o. s. frv., og m. a. komst hann svo að orði, að ég ætla, að það væri ekki von, að núv. ríkisstj. hefði getað komið þessu máli fram, ekki hafi vinstri stjórnin gert það o. s. frv. Slíkan meting tel ég ekki hafa mikla þýðingu eða gera mikið gagn í þessu máli. Hann er til þess eins fallinn að sundra, en ekki sameina, — sundra þeim kröftum, sem hér kynni að vera hægt að hafa gagn af.

Ef rifjuð er upp meðferð þessa máls, er það rétt, sem hér hefur þegar komið fram, að upphaf þess, þ. e. a. s. þessa frv., sem hér liggur fyrir, má telja það, að þáv. landbrh., sem ég ætla að hafi verið Hermann Jónasson, — það skiptir nú ekki verulegu máli, hver það var, — skipaði sandgræðslunefndina. Í henni voru fimm menn. Það var sumarið 1957. Þessi nefnd samdi frv., sem er samnefnt því frv., sem hér liggur fyrir, um heftingu sandfoks og græðslu lands, og ég held, að það sé ekkert rangt í því, sem hv. fyrri flm. þessa máls sagði, að í aðalatriðum sé það frv., sem hér liggur fyrir, byggt á þessu frv., sem samið var árið 1957.

Meginatriði þessa máls eru þau vinnubrögð, sem gert er ráð fyrir að verði viðhöfð á komandi árum af hálfu hins opinbera til þess að græða upp landið og að afla fjár til þess. Og það er einnig sameiginlegt með þessum frumvörpum og sameiginlegt með þeim og því frv., sem við fluttum í fyrra, að þar er gert ráð fyrir því, að

fjárins sé ekki fyrst og fremst aflað með framlagi úr ríkissjóði, heldur á sérstakan hátt með álagningu á vörur. Þá var gert ráð fyrir, að þetta yrði gert með álagningu á tóbak. Nú er gert ráð fyrir, að það verði gert með álagningu á áfengi, og ég sé ekki, að þarna sé mikill munur á.

Frv. það, sem sandgræðslunefndin samdi árið 1957, var einnig sent til landbrh. Búnaðarþing fékk það síðan til meðferðar, og það voru viss atriði í þessu frv. sandgræðslun., sem búnaðarþing vildi ekki fallast á. Þetta mun m. a. hafa verið ástæðan til þess þá, eftir því sem ég veit bezt, að þetta frv. var ekki flutt af ríkisstj., en einn nefndarmanna flutti þetta frv. þá á Alþingi, 1958—59. Þá var málið alllengi til meðferðar í landbn., og landbn. gerði á því allmiklar breytingar, en það varð ekki útrætt á því þingi. Svo leið fram á þingið í fyrra, og þá tókum við núv. flm. málsins það upp á ný á Alþ. Við tókum það upp á Alþ., og við færðum það í það horf, sem við töldum að kynni að miða að samkomulagi í málinu. Við breyttum frv. ekki mikið, en við gerðum nokkrar breytingar á tekjuöflunarleiðunum, sem okkur fannst vera eins konar miðlun á milli þess, sem sandgræðslunefndin hafði lagt til, og þess, sem búnaðarþingið hafði lagt til. Þannig lækkuðum við um helming það gjald, sem sandgræðslunefndin hafði lagt til að greitt yrði af búfénaði, en búnaðarþing hafði verið andvígt þessu gjaldi, og nokkrar fleiri smábreytingar gerðum við, sem við töldum að yfirleitt miðuðu í þá átt að miðla málum á milli þeirra aðila, sem um málið hafa fjallað, því að fyrir okkur var það aðalatriðið, að meginatriði málsins, þ. e. a. s. ný vinnubrögð og hið nýja framtak við græðslu landsins og aðalfjáröflunarleiðin, sem er álagning á vissa vörutegund, yrðu samþykkt. Hitt skiptir svo minna máli, hinar minni fjáröflunaraðferðir.

Þegar þetta mál kom til 1. umr. hér í hv. d. á síðasta þingi, tók hæstv. landbrh. eiginlega vinsamlega í málið, — ég skal viðurkenna það, — og hann skýrði þá frá því, sem við höfðum þó reyndar frétt rétt áður, flm., að hann hefði kvatt saman sandgræðslunefndina að nýju til þess að taka málið til endurskoðunar. Og við því var auðvitað ekkert að segja, ef það mátti verða málinu til framdráttar.

Eins og segir í grg. frv., var því á þinginu í fyrra vísað til landbn., og ég geri ráð fyrir því, að ástæðan til þess, að landbn. afgreiddi ekki frá sér málið á síðasta þingi, hafi verið sú, að hún hafi verið að bíða eftir því, að nýjar tillögur kæmu frá sandgræðslunefndinni, sem hæstv. ráðh. hafði kallað saman. Og slíkar tillögur komu vissulega. Sandgræðslunefndin lauk endurskoðuninni og skilaði tillögum sínum til hæstv. ráðh., þess sem nú situr, snemma í febrúarmánuði 1960 eða fyrir ári. Hún vann sitt verk fljótt, enda eru það áhugamenn, sem í n. eru. Snemma í febrúarmánuði s. l. hafði hæstv. ráðh. þess vegna fyrir framan sig tillögur n. um breytingar á frv. frá 1957, og ég held, að það sé ekkert ofmælt, þó að ég segi það, — ég held, að það sé ekki misskilningur hjá mér heldur, — að þessar tillögur hafi verið gerðar að nokkru leyti með tilliti til þess, að hæstv. ráðh. gæti á þær fallizt. Og það má segja um þessar tillögur, þessar nýju till. sandgræðslunefndar frá í febrúar 1960, að í þeim er heldur ekkert, sem við flm. þessa frv., a. m. k. í fljótu bragði, höfum getað komið auga á, að við gætum ekki á fallizt. M. a. var þar nú lagt til, að í staðinn fyrir að afla fjár fyrst og fremst með aukaálagi á tóbak, þá kæmi aukaálagningin á áfengi. Ég fyrir mitt leyti geri þar ekki mun á. Sandgræðslunni mun verða alveg sama gagn að þessari upphæð, hvort sem hún er lögð á áfengi eða tóbak. Og nefndin hefur í þessum nýju tillögum alveg fallið frá búpeningsgjaldinu. Hún hefur alveg fallið frá því, og við flm. sjáum þá ekki heldur ástæðu til þess að gera þá till. lengur að okkar till. Hún var tekin upp í okkar frv. upphaflega, þ. e. a. s. hluti af henni eða hluti af gjaldinu, vegna þess að það var í tillögum sandgræðslunefndar upphaflega.

En svo hefur gangur málsins orðið sá síðan í febrúar í fyrra, ef það er málfræðilega rétt að tala um einhvern gang í því sambandi, að þetta nýja frv. frá sandgræðslunefnd með ýtarlegri grg. hefur legið á skrifborði hæstv. landbrh. eða verið í hans vörzlu síðan, og ég veit ekki til þess, að annað hafi gerzt, nema þá það, sem er mjög trúlegt, en ég veit ekki, en get hugsað mér, að hæstv. landbrh. hafi rætt þetta mál við meðráðh. sína í ríkisstj. Það finnst mér mjög líklegt, að hann hafi gert, og geng reyndar út frá, að hann hafi hlotið að gera. Alþ. stóð langt fram á vor, og það bólaði ekkert á þessu frv. frá hæstv. landbrh., enda þótt liðnir væru þrír eða á fjórða mánuð síðan honum hafði verið afhent það, og við gerðum ekkert til þess, flm., að kalla eftir málinu í þinginu, þótt okkur væri vel kunnugt um, að sandgræðslunefndin hafði skilað áliti, því að okkur fannst sanngjarnt, að hæstv. ráðh. hefði tíma til þess að athuga málið og bera sig saman við samstarfsmenn sína. Ekki heldur gerðum við neitt í því að koma þessu máli á framfæri, þegar Alþ. kom saman í október í haust. En við veittum því athygli að sjálfsögðu, að málið var ekki meðal þeirra stjórnarfrumvarpa, sem þá voru lögð fram.

En nú, þegar árið er liðið og nokkuð mikið af þessu þingi, sýndist okkur ekki ástæða til annars en að halda áfram viðleitni okkar að reyna að koma þessu máli eitthvað áleiðis og ekki eftir neinu að bíða með það frekar á þessu þingi. Þess vegna ákváðum við að flytja frv., en frv. þetta höfðum við alllengi haft í höndum, enda hygg ég, að það hafi ekki verið neitt leyndarmál, sem í frv. stóð, og yfirleitt engin leynd átt að hvíla yfir starfi þessarar n. í síðara skiptið, frekar en leynd hvíldi yfir því í fyrra skiptið, sem hún starfaði. Ég held, að ég fari þar með rétt mál, að hæstv. landbrh. hafi verið gert það kunnugt, áður en frv. var flutt, honum hafi verið skýrt frá því, að frv. mundi verða flutt, og að hann hafi verið spurður að því, hvort hann mundi sjálfur flytja frumvarpið á næstunni, þótt það kæmi ekki fram í ræðu hans áðan. En jafnvel þótt það hefði ekki verið gert, var að sjálfsögðu ekkert athugavert við það, og okkur dettur ekki í hug að taka við neinum ávítum frá þessum hæstv. ráðh. út af því, þó að við flyttum mál,

sem þannig er til komið, jafnvel þótt honum hefði ekki verið skýrt frá því áður, sem var gert, því að þegar opinber nefnd hefur starfað í máli og liðinn er svo langur tími sem liðinn er í þessu máli, þá er það auðvitað fjarstæða, að alþingismönnum sé ekki heimilt að nota þær niðurstöður, sem slík nefnd hefur komizt að, ef þeim eru þær kunnugar. Og mig furðar á því reyndar, að hæstv. ráðh., sem þó er búinn að sitja töluvert lengi á þingi líka eins og ég, þó að hann sé kannske ekki búinn að sitja eins lengi, þá furðar mig á því, að hann skuli vera hér með aðfinnslur út af slíku, — mig stórfurðar á því.

Ég hafði ekki ætlað mér, eins og ég sagði áðan, að tala í þessu máli né fara að rekja þessa sögu. En það er hæstv. ráðh. sjálfur, sem gaf tilefni til þess. Hann þarf ekki að ætla það, þessi hæstv. ráðh., að við, sem vorum flm. að þessu máli í fyrra, ótilkvaddir af honum, sættum okkur við það, að hann skipi hér einhverja menn til starfa og láti þá semja fyrir sig eitthvert frv. og ætli sér að nota það til þess að stöðva það mál, sem við fluttum á þingi í fyrra. Hann þarf ekki að hugsa sér, að við munum sætta okkur við það eða aðrir muni sætta sig við slík vinnubrögð, ef það hefur verið meining hans. Ég geri raunar ekki ráð fyrir því, að þannig hafi hugur hæstv. ráðh. verið, því að ég skildi hann þannig í fyrra, að hann væri þessu máli hlynntur. Ég skildi hann þannig og vil enn mega skilja hann þannig, þó að mér þætti ræða hans áðan ekki bera þess vott. En ég geri ráð fyrir því, að það, sem hefur tafið málið hjá hæstv. ráðh., sé það, að hann hafi átt í erfiðleikum með að koma því til vegar, að málið yrði gert að stjfrv., og eigi það enn. Hins vegar ætti þá hæstv. ráðh. sem áhugamanni í málinu að vera það kærkomið, að málinu sé ýtt áfram, að reynt sé að ýta málinu áfram á Alþingi og létta þannig af honum þeirri fyrirhöfn, sem hingað til virðist ekki hafa borið árangur, að stríða við að ýta því áfram í ríkisstj.

Ég get nú eiginlega ekki á það fallizt, að öll mál, þar sem einhverra fjármuna er þörf, séu þess eðlis, að þau geti ekki gengið fram á Alþingi, nema ríkisstj. standi að þeim. Það kann að vera eðlilegt um mál, þar sem krafizt er beinna útgjalda úr ríkissjóði, um það má a. m. k. tala. En um þetta mál er ekki þannig háttað. Í þessu frv. er a. m. k. ekki fyrst og fremst gert ráð fyrir beinum útgjöldum úr ríkissjóði, heldur er fyrst og fremst gert ráð fyrir sérstökum tekjuöflunarleiðum.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um tildrög þessa frv., og eins og ég sagði áðan, hefði ég ekki gert það, ekki séð neina ástæðu til þess, ef hæstv. ráðh. hefði ekki hagað orðum sínum á þá leið, sem hann gerði, og að því er virtist eiginlega í þeim tilgangi, að hér yrði einhver deila af einhverju tagi um þetta mál. Ég held út af fyrir sig, að deilur um málið séu því ekki neitt til gagns. En hins vegar er naumast hægt að láta það kyrrt liggja, þegar sagt er frá á þann hátt, sem hæstv. ráðh. því miður gerði og reynt að setja þann blæ á mál, sem hann reyndi að setja á þetta frv. Meginatriðið er það, ef það mætti takast hér á hinu háa Alþingi að stuðla að því, að hafið verði nýtt framtak í þessum efnum.

Hv. aðalflm. þessa máls gerði grein fyrir því, hvernig gróður landsins hefur verið að eyðast á umliðnum öldum og af ýmsum ástæðum, og hann gerði líka grein fyrir því, hvað landbúnaðurinn og raunar þjóðin öll á mikið undir því, að þessi gróðureyðing verði stöðvuð. Við vonum nú raunar, að hún sé þegar stöðvuð og að ný sókn sé hafin, að við séum byrjuð að nema landið á ný á þessu sviði. En þetta verður ekki gert, svo að verulega muni um, nema forusta Alþingis komi til og Alþingi sjái um það á einhvern hátt, að þarna verði meiri fjármunir til staðar en verið hafa og að skipulögð verði fyrir atbeina hins opinbera ný og áhrifaríkari vinnubrögð og gerð áætlun fram í tímann, sem stefni að því takmarki, sem hér er um að ræða.

Ég gleðst yfir því, sem hæstv. ráðh. sagði undir lok ræðu sinnar, þegar hann hafði lokið þeim ýfingum, sem hann virðist hafa talið þörf á. Ég gleðst yfir því, sem hann sagði, að hann mundi ekki á neinn hátt vilja láta málið gjalda þess, þó að hann teldi, að ekki hefði verið með það farið að öllu leyti eins og hann hefði helzt kosið. Og þá vona ég, að við getum mætzt í þessu máli, að við getum sameinazt um það að láta málið ekki gjalda eins eða neins og njóta þess, hvað það er gott og þarft mál. Því vona ég nú, að ekkert þurfi að vera því til fyrirstöðu, að við flm. og hæstv. ráðh. reynum sameiginlega að koma þessu máli fram nú á þinginu, og fyrir því er áreiðanlega mikið fylgi hér á hinu háa Alþingi. Ég vona, að það þurfi nú ekki að fara að skipa nýja nefnd eða kalla sandgræðslunefndina saman í þriðja sinn, heldur getum við gengið til afgreiðslu á málinu, eins og það liggur fyrir hér á þskj. 308 frá sandgræðslunefndinni.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Meðflm. minn að fyrirliggjandi frv. hefur nú allrækilega svarað ákúrum hæstv. landbrh. í okkar garð. Mér þykir það að sjálfsögðu mjög leitt, ef við flm. höfum orðið til þess með framburði þessa máls að varpa einhverjum skugga á hæstv. ráðh. Ég átti þess sannast sagna ekki von. Ég leit þannig á þetta mál, að þetta væri sameiginlegt velferðarmál allrar þjóðarinnar, sem okkur alþingismönnum, hvort sem við erum ráðherrar eða ráðherrar ekki, er mjög umhugað að koma fram í meginatriðum. Þess vegna kom mér furðulega fyrir sjónir eða þótti mér furðulegt á að hlusta hæstv. landbrh.

Fyrst og fremst kom hann hingað upp í ræðustól til þess að áfellast okkur flm. fyrir að hafa gripið þetta frv. af borði ráðh. og flutt það hingað inn í Alþingi. Ég get engan veginn skilið það, að við flm. höfum farið offari í þessu efni. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í megingreinum, — og það sagði ég í minni frumræðu, — samhljóða því frv., sem við lögðum fram í fyrra og hæstv. landbrh. þá sá enga ástæðu til þess að hnýta í né okkur þá við meðferð málsins, heldur tók hann málinu mjög vel og kvaðst mundu reyna að koma ákvæðum frv. þannig fyrir með tilstyrk landbn., að það mætti komast þá í gegnum Alþingi. Hann taldi málið þess virði og meira en það, taldi það svo eðlilegt og sjálfsagt, að því yrði undanbragðalaust haldið í gegnum Alþingi og til

fullra laga og síðan framkvæmdar. Ég var einmitt núna í morgun að lesa þessa ræðu hæstv. landbrh. frá því í fyrra fyrir ári, og þótti mér til hennar koma. Þess vegna kemur þetta eins og reiðarslag yfir okkur flm. og hv. alþm. í þessari deild, þegar ráðh. tekur svo í þetta mál nú.

Ég þekki þennan hæstv. ráðh. mjög vel, og við höfum deilt um margvísleg efni, en ég hef í raun og veru ekki lyst á því að deila um slíkt mál sem þetta, þar sem það er aðeins hégóminn einn, sem mér virðist bera á milli. Ég lít alls ekki á þetta mál sem neitt einkamál eins ráðh. né annars. Þetta mál var í höndum opinberra nefnda og hefur þrisvar, jafnvel fjórum sinnum, verið flutt í hv. Alþ. áður og er því ekkert sérlegt nýmeti og sannast sagna kominn tími til þess að koma því nokkurn veginn ósköddu í höfn. En hafi ég með flutningi þessa máls inn á þing nú í þetta sinn og við flm. alls óvitandi tekið skrautfjöður úr hatti hæstv. ráðh., þar sem þetta mál er, þá vil ég beiðast afsökunar á því út af fyrir sig. En við áttum þess ekki von, að þetta mál væri neinn skartgripur sérstaklega á hæstv. landbrh., heldur ætti það að verða skartgripur þjóðinni allri til góðs á næstu árum og áratugum. Ég vil þessum hæstv. ráðh. allt hið bezta, og ég vonast til þess, að hann geti, ekki nú, heldur þá einhvern tíma síðar á betri stund og heppilegri, vottað um það, að ég ann honum alls hins bezta og vil sízt verða til þess að kasta rýrð á hann eða skugga. En mér þykir hans metnaður í þessu efni vera um skör fram. Og ég veit það líka, að lok ræðunnar, sem hann flutti hér áðan, eru næst hans hjarta, en upphafið fjærst. Og ég vil eiga þess von og við flm., að einmitt hæstv. landbrh., sem er dugmaður hinn mesti í málum, sem hann tekur upp og ber fyrir brjósti, komi til liðs við okkur þm., — ekki aðeins okkur flm., því að það verða margir, sem munu hjálpa honum að ýta þessu máli úr höfn og koma því vel á flot. Og hann skal hafa vísan stuðning okkar flm. og ég veit fjölda annarra þingmanna. Þetta er vissulega ekki hápólitískt mál og því varla hægt að gera ráð fyrir, að þm. greinist eftir stjórnmálaflokkum. Þetta er alþjóðarmál, sem flestir, ef ekki allir þm. munu líta á líkum augum og við flm., og enda hæstv. landbrh. líka, þegar allt kemur til alls.

Ég vil geta þess, að þessi framburður málsins, sem nú er orðinn, var alls ekki að ófyrirsynju né án þess, að hæstv. ráðh. vissi af. Ég verð að segja þetta, og er mér heldur leitt að þurfa að vera að vitna í viðtöl við einn og annan og koma með slíkt hingað upp, en ég verð að gera það og sé mig til neyddan. Ég átti tal við hæstv. ráðh., að vísu voru vist engir, sem á hlýddu, um þetta mál og spurðist fyrir um, hvort hann mundi flytja það á þessu yfirstandandi þingi. Hann kvað nei við því. Og þá lét ég hann af því vita, að við flm. mundum halda þessu máli áfram, því að okkur væri það ekki aðeins rétt, heldur og skylt, svo sem við leyfðum okkur að flytja það á Alþingi í fyrra, og mátti ég ekki heyra á hæstv. ráðh., að hann hefði neitt við það að athuga, enda hin eðlilegustu viðbrögð, eins og á stóð.

Ráðh. spurðist fyrir um það hjá okkur flm., hver væri munurinn á frv. frá því í fyrra og frv. nú. Það veit ég að sjálfsögðu, að ráðh. er mjög kunnugt um það, hver er sá munur og að hann er ekki ýkjamikill. Munurinn er í fyrsta lagi sá, að verkefnið er fært út þannig, að í fyrra frv. var gert ráð fyrir því, að stór landsvæði og auðnarlönd yrðu tekin til uppgræðslu, en í því frv., sem fyrir liggur núna, er gengið lengra, þar sem gert er ráð fyrir, að svæði, þar sem er lélegur gróður, en þó nokkur, séu tekin fyrir til uppgræðslu, m. a. með dreifingu áburðar, og er þetta náttúrlega mikilsvert aukið verkefni. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því, að sandgræðslustjóri eða sandgræðslustjórn landsins hafi yfirumsjón með spjöllum af völdum stórvirkra vinnuvéla við mannvirkjagerð, þannig að sandgræðslan geti hverju sinni gripið inn í, ef hætta er á landspjöllum í sambandi við margs konar mannvirkjagerð. Þetta er líka mikilsvert nýmæli og mjög nauðsynlegt. Og í þriðja og síðasta lagi eru það leiðirnar til fjáröflunar, sem eru ólíkar, og lýsti síðari flm. frv. því mjög rækilega áðan. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að hyggilegast sé einmitt að beita 5 króna aukaálagi á áfengi. Hafði hæstv. landbrh. einmitt komið fram með þá hugmynd, og sýnist mér hún vera mjög nýtileg og a. m. k. umtalsverð. Í grg. n. segir: „Þó telur n. að fram komnu sjónarmiði landbrh. sjálfsagt að virða það í þeirri öruggu von, að það tryggi framgang frv. og eflingu sandgræðslunnar.“ Og það er þessi hugmynd ráðh. m. a. um breytta fjáröflunarleið, sem var mjög eðlileg að mínu áliti og margra annarra. Hitt má svo vera, að það verði deilt um þetta atriði og kannske allt of lengi, með hverjum hætti skuli standa undir þeim mikla kostnaði, sem verður af framkvæmd þessa frv., ef það verður að lögum. Það er ekki nema eðlilegt, og það er jafneðlilegt t. d., að hæstv. fjmrh. þurfi jafnvel að hugsa sig um andartak, áður en hann samþykkir þessa leið, sem gert er ráð fyrir, enda þótt það sé ekki leið, sem stefnir að því, að aflað verði fjármagns beint úr ríkissjóði. Hitt var svo annað, að við flm. töldum, að nál. hefði legið nægilega lengi til athugunar hjá hæstv. landbrh., og við töldum enn fremur, að það mundi vera málinu til góðs og hæstv. ráðh. nokkuð til geðs, að við í stjórnarandstöðunni hjálpuðum honum og öðrum góðum mönnum til þess að koma málinu fram.

Ég vil að lokum láta þá ósk mína í ljós hér, að þetta mál þurfi ekki að vera frekar deiluefni. Það er ekki þess eðlis. Þetta er mál alþjóðar, það er eitt af mestu hagsmunamálum þjóðarinnar, að að þessum málum verði unnið af röggsemi og dugnaði, festu og þekkingu, svo mjög sem auðið er, og hverju sinni stigið það skrefið, sem bezt er álitið að beztu manna yfirsýn. Ég vil vænta þess, að á þessu þingi megi ganga þannig frá þessu máli, að það náist nokkurn veginn óskaddað í höfn, svo að hefja megi hið blómlega ræktunarstarf hið fyrsta, sem hlýtur að verða undirstaða þess, að íslenzk þjóð geti búið vel og giftusamlega í sínu landi um ár og aldir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt og skylt að taka tillit til þess, að hv. flm. báðir hafa eytt talsverðum tíma í að afsaka það, að þeir hafa flutt þetta frv. og

málið ber þannig að, eins og ljóst er, og að báðir þessir hv. þm. hugga sig við það, að þeir hafi ekki unnið þannig að, að málið verði látið gjalda hinna óvenjulegu vinnubragða, og það er sjálfsagt að endurtaka það, að það er ekki rétt að láta gott mál gjalda þess, þótt ekki sé eðlilega að því unnið.

Hv. síðasti ræðumaður var að tala um mismuninn á þessu frv. og hinu fyrra og viðurkenndi, að það væri talsverður munur í aðalatriðum, enda þótt hann áður hafi sagt, að þetta frv. væri að meginefni til hið sama. Tekjuöflunina minntist hann ekki á. Ég vil t. d. benda á, hvaða tekjuöflunarleið var ætluð með hinu eldra frv., þó að það sé ekkert aðalatriði nú að vera að minnast á það, en þar var gert ráð fyrir, að beint framlag úr ríkissjóði væri 3 millj. kr. Það var gert ráð fyrir að borga 10 kr. skatt árlega af hverjum nautgrip og hverju hrossi og eina krónu af hverri kind, 1½% gjaldi af öllum tóbaksvörum og 16% yfirfærslugjaldi af innfluttu fóðri. Það er það eina, sem helzt í tekjuöfluninni eftir gamla frv. og hinu nýja. Þess vegna vil ég segja það, að því viðbættu, sem hv. síðasti ræðumaður lýsti hér áðan um önnur atriði frv., að það er náttúrlega engan veginn hægt að segja, að þessi frumvörp séu í meginatriðum eins, það er alveg ómögulegt.

Ég vil svo segja það, að það er undarlegt að vera að tala um, að þetta mál sé frá mínu sjónarmiði aðallega mitt mál. Það hefur mér aldrei dottið í hug, og ég tel ekki, að það sé neitt frá mér tekið með flutningi þessa frv., ekki á nokkurn hátt. Það var ekki það, sem ég var að átelja í fyrri ræðu minni, heldur það, að málinu er ekki gert neitt gagn með þessu, hefði getað verið gert ógagn, ef öðruvísi hefði verið á það litið en ég geri og aðrir fleiri, sem stjórnina styðja.

Það skal viðurkennt, að hv. 4. þm. Sunnl. minntist á þetta mál við mig hér niðri á ganginum einu sinni. Ekki dettur mér í hug að þræta fyrir það. Ég sagði honum, að ég væri ekki tilbúinn til þess að flytja frv. nú, að vísu nefndi ekki, hvort það yrði á þessu þingi, en ég sagði honum, að það væri ekki tilbúið. Það er engin ástæða til að þræta fyrir það. Og það er sannleikur. Málið er hjá ríkisstj., og það hefur ekki enn verið tilbúið til flutnings.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að það væri allt annars eðlis, þetta frv., heldur en þau frumvörp, sem gerðu ráð fyrir beinum útgjöldum úr ríkissjóði. Það væri eðlilegt, að slík frumvörp væru ekki samþykkt nema með vilja stjórnarinnar og stjórnarflokkanna. En hann gaf í skyn, að þetta frv. væri annars eðlis. Þetta frv. er vitanlega sama eðlis. Það eru óbein útgjöld úr ríkissjóði að taka tolltekjurnar af innfluttum fóðurbæti og láta þær í þetta. Það þarf að afla ríkissjóði tekna með öðru móti í stað þessara tekna. Í öðru lagi gæti verið, að fjvn. eða hæstv. fjmrh. hugsaði sem svo: Ef áfengið er ekki hækkað í því skyni að afla sandgræðslunni tekna, þá væri möguleiki að hækka það í því skyni að auka tekjur ríkissjóðs. Ég veit, að svo þingvanur maður sem hv. 3. þm. Norðurl. e. skilur þetta mætavel, og er þess vegna óeðlilegt, að hann skuli halda þessu fram.

Ég vil vegna þess, sem fram hefur komið hjá þessum hv. tveimur flm. málsins, segja það, að hugur minn til þessa máls er alveg sá sami nú og í fyrra, ekki á neinn hátt breyttur. Það, sem ég sagði áðan, var til komið vegna þessara óvenjulegu vinnubragða, að tveir hv. þm. taka að sér að flytja mál, sem er til undirbúnings hjá ríkisstj. Það er náttúrlega ágætt að fá aðstoð þessara manna til fylgis við góð mál. Það er út af fyrir sig ágætt. En hv. 3. þm. Norðurl. e. veit það af langri reynslu, að um mál eins og þetta, stórmál, þá eru það stjórnarflokkarnir, sem þurfa að standa að því, til þess að það nái fram að ganga. Og þótt þetta frv. hafi nú þegar verið næstum því ár hjá ríkisstj., þá býst ég við, að það sé vel afsakanlegt með tilliti til þess, að þetta frv. hefur í för með sér milljónaútgjöld, beinlínis milljónaútgjöld. Þegar hv. 3. þm. Norðurl. e. var hér áðan að lýsa því, hvers vegna frv. frá 1958 hafi tafizt hjá þáv. landbrh., þá vildi hann færa þar aðra ástæðu til en þá, sem er rétt. Það segir í grg., sem fylgir frv.: „Þegar það dróst, að landbrh. legði frv. fyrir Alþingi, tók einn nefndarmanna, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, þá 1. þm. Skagf., það til flutnings á Alþingi 1958.“ Ég minntist á það áðan, hvers vegna málið hefði dregizt hjá þáv. landbrh., ekki af því, að hann hafi ekki viljað þessu máli vel, heldur vegna þess, að hann hafði og sú ríkisstj., sem hann veitti forstöðu, við sömu erfiðleikana að stríða og núv. ríkisstj., þ. e. að afla tekna, milljónatekna, til hinna ýmsu mála, sem eru meira og minna nauðsynleg. Og þessir tveir hv. flm. vitanlega vita það, að það hefur ekki orðið sú snögga breyting á nú frá því 1958, að það sé til ótakmarkað fjármagn til hinna ýmsu mála, sem við teljum nauðsynlegt að koma fram.

Það er ástæðulaust að vera að fara öllu fleiri orðum um þetta. Ég hygg, að hv. flm. og ég séum í öllum aðalatriðum sammála um málið, og það vitanlega skiptir mestu máli. Við erum sammála um, að þetta mál sé gott, það þurfi að komast í höfn. En ég gat ekki að því gert að láta skoðun mína í ljós um það, að ég teldi þetta ekki heppileg vinnubrögð, og ég tel, að það sé ekki þessum hv. þm. að þakka, þótt það skaði ekki málið. Það er hinum að þakka, sem vilja láta málstaðinn og aðalatriðin ráða, en ekki aukaatriðin. Og ég tel, að þessi orð mín til viðvörunar gætu þá orðið til þess, að þessir hv. þm. geri ekki eitthvað svipað aftur, sem gæti leitt til tjóns, ef annar skilningur ríkti þá um málin heldur en nú.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða þetta mál á þessu stigi, því að sannarlega bjóst ég ekki við, að svo umfangsmikið frv. eins og hér um ræðir yrði til endanlegrar afgreiðslu á þessu þingi. Það voru nokkur orð frá hæstv. landbrh., sem gáfu mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð, sem ég ekki get látið vera að ræða um, úr því að málið er komið á það stig að ræða efnislega um það, hvernig eigi að afla tekna til þessarar starfrækslu.

Í 8. kafla frv., 32. gr., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á allar vínvörur til drykkjar, sem seldar eru um hendur Áfengisverzlunar ríkisins, skal leggja gjald, er nemi 5 krónum á lítra af áfengi, í því formi, sem það er selt og afgreitt frá verzluninni. Gjaldið innheimtist með verði vínsins án kostnaðar fyrir Sandgræðslu Íslands, og stendur Áfengisverzlun ríkisins sandgræðslunni skil á gjaldinu ársfjórðungslega."

Um þessa grein sagði hæstv. ráðherra, að það gæti vel komið til mála, að þetta yrði að lögum, þessi leið yrði farin til þess að afla sandgræðslunni tekna. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að ef Áfengisverzlun ríkisins er sú gullind, sem allar framkvæmdir eða flestar framkvæmdir á Íslandi geta sótt nauðsynlegar tekjur í, þá vil ég leyfa mér að benda á, að það eru allt önnur verkefni, sem standa henni miklu nær að leggja fé til.

Ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á, að 1947 eru samþykkt hér á Alþingi lög um vernd barna og unglinga, sem leiðzt hafa til afbrota vegna of mikillar áfengisnautnar í landinu og beinlínis vegna hennar, og þar stendur í 37. gr., með leyfi hæstv. ráðherra:

„Ríkisstj. er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum."

Á Alþingi 1955 er enn fremur gerð breyting á þessari grein, og þar bætt við:

„Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstj. er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir."

Hér er bein fyrirskipun um, hvernig ríkið skuli fara að til að bæta úr þeirri neyð, sem gróði áfengisverzlunar hefur hellt yfir þessa þjóð, og það verður þó alltaf fyrsta verkefnið, sem þarf að nota féð til, ef þar er eitthvert fé afgangs, eins og mér heyrðist á hæstv. ráðherra, að það gæti vel komið til mála, að þar væri fé afgangs.

Nú skal ég upplýsa hæstv. ráðherra og hv. þingmenn um það, þó að það sé ekki í hans ráðuneyti, að þessi fyrirmæli síðan 1955 hafa verið uppfyllt þannig, að nú eru hópar af íslenzkum stúlkum sendir út til Danmerkur, — eins og við gerðum fyrir nokkrum hundruðum ára á Brimarhólm, — til þess að setjast þar á hæli, af því að við höfum ekki sjálfir manndóm til þess að fylgja ákvæðum laga, sem Alþingi hefur sjálft sett, samþykkt hér fyrir ekki minna en 5—6 árum. Og ég segi: Ef til er fé hjá Áfengisverzlun ríkisins, þá á það fé fyrst að notast til þess að afmá þessa smán, sem íslenzka ríkið hefur gert sér undanfarin ár og heldur enn áfram að gera.

Ég skal líka benda hér á, að ég skil ekki, í hvaða sambandi sett er hér saman sandgræðsla á Íslandi og ágóði af áfengisverzlun, nema ef það skyldi hafa eitthvað með það að gera, að einu sinni, sem ég einnig hafði nokkur afskipti af, var sett upp vistheimili fyrir ofdrykkjumenn í Gunnarsholti í sambandi við sandgræðsluna og starfar þar víst enn.

Ég vildi mega spyrja hæstv. ráðherra: Er það möguleiki, að sandgræðslan hafi haft slíka byrði af þessum mönnum, að það sé þess vegna, sem þetta er komið inn í frv. um sandgræðslu? Það var a. m. k. ekki hugsað á þeim tíma, þegar þar var sett niður vistheimili fyrir þessa vesalinga, að sandgræðslan þyrfti að hafa sérstök útgjöld af því. Það var miklu frekar hugsað, að sandgræðslunni væri stuðningur að því, hún hefði þarna að einhverju leyti vinnukraft og það gæti farið saman hjá sandgræðslunni að nota þetta afl sér til hagsbóta og að bæta böl þessara manna, sem þangað voru settir. M. a. vegna þess, að ég fór af þingi skömmu síðar, er mér ekki kunnugt um, hvernig hefur til tekizt um þessa stofnun, en ef það er þess vegna, að þetta ákvæði er komið inn í frv., þá harma ég það, að ég skyldi nokkurn tíma hafa lagt því lið, að sú ágæta stofnun væri sett í Gunnarsholt.

Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að það hæli, sem sett hefur verið upp fyrir drengi, var sett upp á eyðijörð, einnig þar sem er sandfok, og hefur svo til tekizt þar, að nú er þessi jörð komin í þá rækt, að hún framfleytir 12 nautgripum og nærri 300 fjár, og það er mikið fyrir það, að þessum mönnum, sem annars hefðu orðið, flestir hverjir, vesalingar og lent hér í fangelsunum, hefur verið bjargað og það hefur verið notaður þeirra kraftur til þess að koma þar upp sandgræðslu og öðrum jarðargróðri, eins og ég þegar hef lýst. En aðbúnaðurinn hjá þessu fólki er slíkur, að allt starfsfólkið, sem nú mun vera yfir 10 manns, verður að búa í 100 fermetra íbúð, og vistmennirnir, sem nú eru 19, hafa slíkan aðbúnað, að raunverulega ætti að loka heimilinu, vegna þess að það hefur ekki verið séð um að hafa þar húsnæði eins og lögin mæla fyrir um.

Mér þykir rétt að láta þetta koma hér fram, þegar hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir, að það gæti vel komið til mála, að fé yrði tekið frá áfengisverzluninni til þess að standa undir þeim milljónaútgjöldum, sem hér er um að ræða.

Ég vil að síðustu aðeins taka það fram, að ég er mjög fylgjandi því, að hægt sé að koma á þeirri sandgræðslu og þeim gróðri hér á Íslandi, sem frv. mælir fyrir um, og ég skil afar vel afstöðu hæstv. ráðherra, því að það er alveg rétt, sem hann segir: slík milljónaútgjöld er ekki hægt að samþykkja á Alþingi, nema því aðeins að hæstv. ríkisstj., sem á hverjum tíma ber ábyrgð á afkomu ríkissjóðs og útgjöldum, sé því sammála. Það rýrir svo ekki hina staðreyndina, að þetta er eitt af allra nauðsynlegustu málum okkar Íslendinga að styðja að því, sem hér er sett fram í frv., því að ef okkar unga æska á að eiga hér framtíð, þá verður hún að sækja hana í sveitir landsins samfara öðrum atvinnugreinum, svo að það er fullkomlega tímabært að ræða um þessi mál, þótt ég hins vegar viðurkenni ekki, að það sé áfengisgróði, sem fyrst og fremst á að nota til þessara hluta.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það, sem ég

sagði áðan um þetta mál, og skal ekki heldur gera það. En þessar umræður, sem hér hafa farið fram, hafa sannfært mig um það, hafi ég ekki verið sannfærður um það áður, að það hafi ekki mátt dragast öllu lengur, að þetta mál væri flutt inn í þingið og að hæstv. landbrh. fengi þá aðstoð, sem þingmenn, hvort sem þeir eru úr stjórnarandstöðunni eða stjórnarliðinu, kunna að geta veitt honum til þess að koma þessu máli fram, og skal ég ekki um það atriði hafa fleiri orð að sinni.

Ég hefði haft tilhneigingu til þess að bera fram nokkrar fsp. til hæstv. ráðherra í sambandi við ræður hans í þessu máli, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni, því að ég vil ekki stofna til neinna frekari deilna um þetta mál, tel, að það sé réttara, að menn reyni nú að sameina sig til átaka, þar sem það sýnir sig, að þeir vilja gera það. En ég held, að það væri hollt fyrir hæstv. ráðherra t. d. að gera sér grein fyrir því í einrúmi, hvað hann telur vera hæfilegan umhugsunartíma fyrir ríkisstjórn, þegar hún hefur mál til meðferðar. Hann telur sig hafa haft heldur stuttan tíma, en hann hefur hins vegar ekki upplýst það hér í umræðunum, hvað hann teldi hæfilegan tíma fyrir ríkisstj. að hafa mál til meðferðar, sem þjóðin bíður eftir að séu afgreidd á einhvern hátt. En ég býst við, að allir geti orðið sammála um það, að sá tími hljóti að hafa einhver takmörk, því að annars mundu takmörkin ekki verða önnur en þá takmörkin á valdatíma þeirrar stjórnar, sem í hlut á.

Ég heyri það, að hv. 1. þm. Vestf. er frekar mótsnúinn þessari nýju fjáröflunarleið, sem tekin hefur verið upp í tillögu sandgræðslunefndar nú síðast og við höfum tekið upp í okkar frv., að leggja aukagjald á áfengi. Hann er því fremur mótfallinn, vegna þess að hann telur, að ef lagt sé gjald á áfengi, þá eigi frekar að nota það í öðru skyni. Auðvitað hefur hann mikið til síns máls að því leyti, að það er mikil þörf á aðgerðum á því sviði, sem hann nefndi hér áðan. Og eins og ég sagði í ræðu minni áðan, þá er mér og ég held okkur flm. það ekki neitt sérstakt kappsmál, að þetta aukagjald sé fremur lagt á vín en tóbak. Sandgræðslunefndin ætlaðist í öndverðu til þess, að gjaldið yrði lagt á tóbak, en hefur svo breytt sinni till. um það efni, að mér skilst helzt vegna þess, að henni hefur skilizt, að hæstv. landbrh. væri sú leið geðfelldari. Og af því að við erum slíkir samkomulagsmenn, flm. þessa frv., og fyrir okkur vakir það eitt að koma því fram, að æskilegar framkvæmdir verði í sandgræðslumálum, þá höfum við ekki viljað gera það að neinu ágreiningsatriði, hvort féð væri fremur fengið með þessari aukaálagningu heldur en hinni. En ég vil segja það, eins og ég sagði áðan, að ég hefði alveg eins getað samþykkt aukaálagninguna á tóbak, eins og nefndin lagði til í upphafi. Aðalatriðið er, að það finnist fær leið til þess að ná þessu fé, sem til landgræðslustarfseminnar þarf.

Ég er sömu skoðunar um það og fram kom í fyrri ræðu minni, að ég tel það nokkuð annað að gera ráð fyrir beinum útgjöldum úr ríkissjóði af þeim tekjum, sem hann hefur þegar aflað sér og gert hefur verið ráð fyrir á fjárlögum, eða að lögleiða nýjan tekjustofn í einhverju sérstöku skyni. Það er töluverður munur á þessu. Hæstv. ráðherra hlýtur að geta látið sér skiljast, að það er allmikill munur á því, hvort ríkisstj., hver sem hún er, verður að láta af hendi tekjur, sem hún hefur haft, og breyta þannig áætlunum sínum, eða Alþingi leiðir í lög, að nýrra tekna skuli aflað, sem ríkissjóður hefur ekki haft. Og þetta á við um þessa aukaálagningu, hvort sem hún er á tóbak eða á áfengi. Hins vegar er það rétt, að annar tekjuöflunarliður, sem þarna er gert ráð fyrir, þ. e. tolltekjurnar af innfluttu fóðri, sem gert hefur verið ráð fyrir að rynnu til sandgræðslunnar, renna að öðrum kosti í ríkissjóð. Orð hæstv. ráðh. gætu þess vegna réttilega átt við þann hluta fjáröflunaráætlunarinnar. En þar er um miklu minna að ræða. Og ég vil segja það a. m. k. fyrir mitt leyti, að mér finnst sjálfsagt, að þeir, sem að þessu máli standa, séu til viðræðu um, hvort þessum lið fjáröflunarinnar kynni að verða breytt eða einhvers af þeim hluta yrði þá aflað á annan hátt. Þetta finnst mér að gæti komið til athugunar. Hins vegar hef ég skilið það svo, þó að það sé ekki beint sagt í grg., að einnig þessi tekjuöflunarliður muni hafa verið ákveðinn í frv. nefndarinnar í einhverju samráði við hæstv. landbrh. Mér hefur skilizt það, þó að ég vilji ekkert fullyrða um það. En aðallega mun það þó hafa verið þessi breyting, að taka aukaálag á áfengi í staðinn fyrir aukaálag á tóbak, sem gerð hefur verið fyrir einhverja ábendingu frá hæstv. landbrh.

Hv. þm. Barð., — mér er ljúfara að nefna hann svo, því að ég taldi þá kjördæmaskipun, sem áður gilti, heppilegri en þá, sem nú gildir, — nú hv. 1. þm. Vestf., var svo svartsýnn, að hann virtist vilja draga í efa eða ekki gera ráð fyrir, að slíkt mál sem þetta geti orðið útrætt á þessu þingi. Ég vona, að það fari ekki svo, að málið dagi uppi. Og þegar hv. 1. þm. Vestf. fer að íhuga það nánar og taka afstöðu til þess, þá vona ég, að andi séra Björns í Sauðlauksdal verði með honum eins og kannske stundum áður. En nú fer málið að sjálfsögðu til hv. landbn., sem áður hefur um það fjallað. Við flm. verðum að sjálfsögðu reiðubúnir til viðtals við hana, hvenær sem hún óskar, um frv. eða einstök atriði málsins, og eftir því sem hér hefur fram komið, þá ætla ég, að við höfum ástæðu til að vænta stuðnings hjá hæstv. landbrh. En eins og ég sagði áðan, þá er ég nú, eftir að hafa hlýtt á þessar umr., alveg sannfærður um, að við höfum gert rétt í því að draga ekki lengur að flytja frv., og hæstv. landbrh. ætti eiginlega að meta það við okkur, að við höfum komið málinu á framfæri í þinginu einmitt nú á þessum tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Nú eru þessar umr. orðnar svo mjúkar, að það er eins og þær séu að fjara út, enda er fundartíminn að verða búinn. Ég skal ekki segja mörg orð, en það er í tilefni af vægast sagt fyrirspurn frá hv. 1. þm. Vestf. Hann hafði það rétt eftir mér, að ég sagði, að það gæti vel komið til mála að taka þennan tekjustofn, en það gæti þá líka vel komið til mála að nota annan, og það yrði vel þegið, ef hv. 1. þm. Vestf. benti á tekjuöflun í

þessu skyni. Ég veit, að hann er þessu máli velviljaður, eins og hann lýsti hér yfir áðan. En það er líka rétt, sem hann sagði: Það eru býsna mörg mál í okkar þjóðfélagi, sem eru óleyst og vantar fjármagn til, og einmitt vegna þess er eðlilegt, að það taki nokkurn tíma að undirbúa stórmál og ákvarða, hvernig þeim fjármunum, sem við höfum úr að spila, verði bezt varið. En sandgræðslumálið virðist hafa fengið aukið fylgi allra þeirra þingmanna, sem ég hef talað við, núna síðustu mánuðina, og þess vegna trúi ég því, að það fái fyrr lausn en ýmis önnur mál, sem líka eru nauðsynleg.

Ég er alveg á sama máli og hv. 1. þm. Vestf., að það er mikil nauðsyn að bæta úr því, sem hann minntist á hér áðan. Það er mikil nauðsyn.

Í sambandi við vistheimilið að Gunnarsholti, sem við áttum báðir þátt í því að stofnsetja, vil ég aðeins upplýsa það, af því að hann virðist ekki hafa fengið fréttir af því síðustu mánuðina, að það er oftast fullsetið. Það eru um 30 manns, sem eru þarna, sumir af þeim vinna hjá sandgræðslunni, aðrir eru við ýmiss konar iðnað, sem þar hefur verið settur upp. Og ég get glatt hv. þm. með því, að það er þegar sannað, að þarna var gott fyrirtæki sett af stað og hefur sannað tilveru sína og forðað þeim vesalingum, sem hafa verið hér í Hafnarstræti og á Arnarhólstúninu, frá því að vera á almannafæri sér til skammar og sínum til leiðinda, og ýmsir, sem þarna hafa dvalizt, hafa þegar fengið bót sinna meina og orðið nýtir menn.

Í tilefni af þeirri fsp., sem hv. 3. þm. Norðurl. e. varpaði til mín hér áðan um það, hvað væri hæfilegur tími fyrir eina ríkisstj. til þess að undirbúa mál, þá veit ég, að hann gæti fengið lærdómsríkt svar hjá sínum samherjum, sem hafa verið lengur í ríkisstj. en ég, vegna þess að þeir hafa reynsluna af því ekki síður en ég að glíma við mál, sem þeir vildu leysa, en fundu ekki ráð til nema á löngum tíma og kannske aldrei. Þannig hlýtur það að vera með stórmál. Fjármál okkar eru þannig og hafa alltaf verið, að fjármagnið er takmarkað, og skal þess vegna engan undra, þó að það mál, sem við erum nú að ræða um hér í dag, hafi tekið nokkurn tíma hjá ríkisstj. Og ég segi, að það er þar enn í athugun, um leið og ég segi, að það kemur til mála að leggja nýjan skatt á áfengi, og þá kemur og ekki síður til mála að finna nýja leið til úrbóta í þessu máli og tekjuöflunar. En það er eitt, sem ekki kemur til mála, það er að gera ekkert í uppgræðslu landsins og sandgræðslumálum. Það er það, sem ekki kemur til mála. Við skulum þess vegna reyna að finna þá heppilegustu niðurstöðu í þessu, sem getur orðið til frambúðar og góðs fyrir málefnið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 14. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Almannatryggingar (frv. GeirG og HV).

Á 62. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [187. mál] (þmfrv., A. 357).

Á 63., 64., 65., 66., 68. og 69. fundi í Nd., 14., 16., 17., 20., 23. og 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ásamt hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarssyni, hef ég flutt á þskj. 357 frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, á þann veg, að til viðbótar ákvæði, sem er í 38. gr. l. varðandi almennar slysa- og dánarbætur með 90 þús. kr. hámarksbótagreiðslu, komi sérákvæði um sjómenn, — sérákvæði, sem tryggi öllum sjómönnum, sem lögskráðir eða ráðnir eru á íslenzk skip, bætur vegna allra slysa, hvort þau heldur verða um borð í skipi eða í landi, að upphæð 200 þús. kr., miðað við fulla örorku eða dauða. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að almannatryggingarnar kosti þessa sértryggingu að hálfu, en útgerðarmenn að hálfu samkv. nánari reglugerð, sem félmrh. setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Um þær lífshættur, sem íslenzkir sjómenn eru að staðaldri í við störf sín, þarf ekki að ræða. Á þær eru þeir minntir of oft og óþyrmilega til þess, að þær gleymist, og mikilvægi þeirra starfa, sem sjómenn inna af höndum, er einnig augljósara en svo, að á það þurfi að minna. Í fáum orðum: auk þess að sjómenn vinna mikilvægustu störfin í þjóðfélaginu, þá vinna þeir jafnframt hættulegustu störfin. Fyrir hætturnar, sem harðri sjósókn fylgja, verður trauðla girt. Þjóðin í heild hefur sýnt í verki, að hún vill leggja sig fram um að draga úr þeim hættum. En þrátt fyrir að landsbúar geri það, sem unnt er í þeim efnum, verður ekki hjá því komizt, að fórnir séu færðar, og fyrir fram er vitað, að slysum á sjó linnir ekki, þó að úr þeim takist að draga. En sú vitneskja, sem hverjum sjómanni er ljós, dregur á engan hátt úr sjósókn. Þótt við séum ekki fær um að bægja hættunum frá sjómönnum, ætti okkur að vera skylt að sýna þeim, þótt í litlu væri, að þjóðin metur og virðir það, að jafnhliða því, sem þeir gegna erfiðustu störfunum í þjóðfélaginu, taka þeir á sig sérstaka lífshættu fram yfir aðra þjóðfélagsþegna. Okkur ætti að vera skylt að sýna, að þjóðin metur það og virðir, með því að slysatryggja þá fjárhagslega betur en aðra, með því að bæta þeim og fjölskyldum þeirra fjárhagslega að nokkru þau slys, sem okkur er um megn að koma í veg fyrir og einhverjir úr stétt

sjómanna eru fyrirsjáanlega dæmdir til að verða fyrir á sama hátt og hermenn á vígvelli.

Þeirri spurningu, hvort eðlilegt sé, að slysatrygging fari hækkandi í hlutfalli við aukna áhættu, svara í rauninni flestir fyrir sjálfa sig, ef á reynir, þegar þeir telja sig stofna sér í sérstaka lífshættu um takmarkaðan tíma, t. d. í ferðalögum. Reglan mun vera sú, að af þess háttar tilefnum tryggja menn sig sérstaklega með hárri líftryggingu, ferðatryggingu, meðan sú hætta varir. Sjómenn eru að staðaldri í eigi minni lífshættu en um er að ræða í ferðalögum og því eðlilegt, að líftrygging þeirra sé hærri en almennt gerist.

Sjómenn eiga sannarlega rétt á því, að þetta sjónarmið um sértryggingu vegna séráhættu verði viðurkennt gagnvart þeim við störf þeirra, — störf, sem afkoma allra landsbúa byggist á.

Sú hefur um skeið verið krafa stéttarsamtaka sjómanna, að tekið væri tillit til þessarar sérstöðu sjómanna á þann hátt, að þeir eða e. t. v. réttara sagt fjölskyldur þeirra nytu líftryggingar, sem næmi eigi minna en 200 þús. kr., við fulla örorku eða dauða, og munu margir geta fallizt á, að þeirri upphæð sé í hóf stillt. Með tilstyrk stéttarsamtaka sinna hafa sjómenn á togurum og farskipum, yfirmenn á vélbátum og hásetar sums staðar á landinu fengið þessari kröfu fullnægt í tímabundnum kjarasamningum. Ég vil taka það fram, að í grg., sem fylgir þessu frv., eru hásetar á togurum ekki taldir í þessum hópi. En það þarf leiðréttingar við, því að togaraeigendur hafa boðið út hjá tryggingafélögunum 200 þús. kr. tryggingu fyrir alla togarasjómenn, og eru þeir í dag tryggðir fyrir þeirri upphæð. Síðan frv. þetta var lagt fram, hafa yfirmenn á vélbátum með verkfalli náð fram 200 þús. kr. tryggingu, svo og hásetar í nokkrum verstöðvum, en aðrir sjómenn á vélbátum og smærri bátum njóta ekki sérstakrar tryggingar umfram hina almennu slysatryggingu almannatrygginganna.

Það er í rauninni hneisa, að þeir menn, sem taka að sér erfiðustu, hættulegustu og mikilvægustu störfin í þjóðfélaginu, skuli sjálfir þurfa að standa í harðri baráttu, til þess að sérstaða þeirra í þessum efnum fáist viðurkennd í verki. Fyrir baráttu sjómanna sjálfra hafa sértryggingar þeim til handa smám saman verið að nást fram. En ánægjulegra hefði verið, að sjómenn hefðu ekki þurft að hefja og heyja baráttu fyrir þessu máli. Þjóðfélagið sjálft hefði vitaskuld átt að tryggja með þessum hætti þá, sem í hætturnar ganga fyrir landsmenn alla. En eftir að svo er komið, að hluti af sjómannastéttinni hefur fengið fram sérstaka líftryggingu, en aðrir sjómenn standa utan við, þykir mér löggjafanum hreinlega bera skylda til að tryggja, að sjómönnum sé ekki mismunað í þessu efni.

Það er óviðeigandi og til vansæmdar, að ekki séu allir sjómenn jafnhátt tryggðir, og þau mannréttindi, sem sjómenn hafa náð fram í tímabundnum kjarasamningum, ber löggjafanum að lögfesta á þessu þingi. Baráttumál sjómanna, sem jafnframt eru þjóðfélagsleg framfaramál, hafa ýmist fengizt fram með kjarasamningum við samtök útgerðarmanna og þau síðan verið lögfest á Alþingi eða þá að löggjafinn hefur haft frumkvæðið, og má í sambandi við þau tilvik nefna vökulögin, orlofslögin og lögin um lífeyrissjóð togarasjómanna.

Sú sértrygging fyrir sjómenn, sem hér hefur verið rætt um, ætti að bætast í hóp þeirra réttindamála sjómanna, sem lögfest hafa verið á Alþingi, án þess að litið sé á þá upphæð, sem hér er nefnd, sem endanlegt mark. Í þeim sértryggingum, sem sjómenn hafa fengið fram í samningum við samtök útgerðarmanna með tímabundnum kjarasamningum, er gert ráð fyrir því, að útgerðarmenn greiði kostnað af sértryggingu þeirri, sem þeim er gert að skyldu að kaupa vegna sjómanna, nema þó að segja má, að í samningum yfirmanna á vélbátaflotanum hafi iðgjaldið verið tekið af kaupi þeirra.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að sértryggingar sjómanna falli inn í lögin um almannatryggingar og greiðist að hálfu af þeim, en að hálfu af útgerðarmönnum. Ég tel að öllu leyti tryggara fyrir sjómenn, að tryggingin falli undir almannatryggingarnar, þar sem ella er óljóst um ábyrgðina, ef tryggingin reynist ekki fullgild í einstökum tilfellum, þegar á reynir. Enn fremur næði tryggingin með því móti til sjómanna á smærri bátum, sem ekki er skylda að lögskrá á. En slysatrygging, sem sjómannafélögin hafa náð eða kynnu að ná fram, nær ekki til þeirra smærri báta, þ. e. a. s. undir 12 tonnum að stærð, og er þó slysahættan sízt minni á þeim en öðrum skipum. Þá er ekki óeðlilegt, að kostnaður af sértryggingum sjómanna falli að nokkru á almannatryggingarnar, þar sem hér er um að ræða þjóðfélagslega tryggingu, og í rauninni væri ekki óeðlilegra, að ríkissjóður sæi að einhverju leyti um iðgjaldatryggingu þessa, heldur en vátryggingu alls fiskiskipaflotans, eins og nú virðist stefnt að. Hins vegar vil ég taka það fram, að formið á sértryggingu þessari fyrir sjómenn, hvort heldur er kostnaðarhliðin eða það, hvar tryggt er, er ekki aðalatriðið, heldur lögfesting sjálfrar tryggingarinnar gagnvart sjómönnum og aðstandendum þeirra. Sú nefnd, sem mál þetta fær til athugunar, mun að sjálfsögðu ígrunda þá hlið málsins frekar og bera fram brtt., ef henni sýnist réttara að hafa annan hátt á um formið en hér er lagt til. En ég vænti þess, að ágreiningur um þá hlið málsins komi ekki í veg fyrir lögfestingu slysatryggingarinnar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit frá minni hl. heilbr.- og félmn., á þskj. 574, var útbýtt 22. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

41. Sala Hellu og Helludals í Breiðuvíkurhreppi.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijarðirnar Hellu og Helludal í Breiðuvíkurhreppi [189. mál] (þmfrv., A. 364).

Á 64. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 17. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 364 hef ég leyft mér að bera fram frv. til laga um heimild fyrir hæstv. ríkisstj. að selja eyðijarðirnar Hellu og Helludal í Breiðuvíkurhreppi. 1. gr. frv. hljóðar þannig:
„Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðuvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu eyðijarðirnar Hellu og Helludal fyrir verð, sem dómkvaddir menn meta eða um semst."
Frv. er flutt að beiðni hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps. Í grg. með frv. er vitnað í bréf oddvita hreppsins, þar sem hann fyrir hönd hreppsnefndarinnar óskar þess, að ég komi málinu á framfæri hér á hinu háa Alþingi. Breiðvíkinga vantar tilfinnanlega sumarland fyrir sauðfé, en þessar eyðijarðir munu hafa verið á leigu hjá mönnum í öðrum hreppum, og geta Breiðvíkingar að sjálfsögðu illa unað því, og vilja þeir, að flutt sé frv. um það, að þeir fái kauparétt á jörðunum, svo að þeir geti hagnýtt sér landið sjálfir.
Ég tel óþarft að fara mörgum orðum um frv., en vil biðja hæstv. forseta að lokinni þessari umr. að vísa því til hv. landbn. og til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 545).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir. N. hefur fengið umsagnir og meðmæli frá landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins. Hér er um að ræða tvær eyðijarðir vestur í Breiðuvíkurhreppi, sem sveitarstjórnin þar óskar eftir að fá keyptar. Telur landbn. sjálfsagt að verða við þeim óskum og mælir með því, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Búnaðarháskóli.

Á 67. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um búnaðarháskóla á Íslandi [198. mál] (þmfrv., A. 388).

Á 68., 69. og 70. fundi í Nd., 23., 27. og 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Um alllangt árabil hefur verið um það rætt meðal þeirra, sem fjalla um landbúnaðarmál hér á landi, á hvern hátt hentugast sé fyrir þjóð okkar að tryggja sér nægilegan fjölda af hámenntuðum mönnum til þeirrar starfsgreinar. Svo hefur farið í landbúnaði eins og öðrum atvinnuvegum, að þörfin fyrir vel menntaða menn á ýmsum sérsviðum fer vaxandi ár frá ári. Þótt fjöldi slíkra manna verði aldrei mikill á Íslandi, er engu að síður brýn nauðsyn, að þeir séu fyrir hendi.
Þetta mál komst það langt áleiðis 1958, að búnaðarþing gerði um það ályktun eftir allmiklar umr., bæði á þinginu það ár og næstu búnaðarþingum þar á undan. Var þá talin brýn þörf á, að kennsla í búvísindum hérlendis yrði efld og aukin frá því, sem nú er, stofnaður yrði fullkominn búnaðarháskóli hér á landi og hann staðsettur á Hvanneyri.
Snemma árs 1959 skipaði þáverandi menntmrh. þriggja manna n. til að semja frv. til laga um búnaðarháskóla á Hvanneyri í samræmi við þessa ályktun. Nefnd þá skipuðu Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, sem var formaður, Benedikt Gröndal og Guðmundur Jónsson skólastjóri á Hvanneyri. N. þessi vann árlangt að málinu, leitaði upplýsinga víða um lönd og kynnti sér aðstæður allar heima og erlendis. Niðurstaðan varð frv., sem flutt var á síðasta þingi, en seint og fékk því ekki afgreiðslu.
Nú hefur farið svo að þessu sinni, að frv. var ekki borið fram fyrri hl. þings, og því tók ég mér fyrir hendur sem einn af nm., er undirbjuggu frv., að flytja það og geri það með vitund og samþykki hæstv. landbrh.
Tilgangurinn með flutningi frv. á þessu stigi er fyrst og fremst að fá um það áframhaldandi umr., því að svo virtist á síðasta þingi sem þeir, er þá fjölluðu um það í n., vildu hugsa málið frekar, og er sjálfsagt, að það hafi þann gang, sem hv. Alþ. telur sjálft þörf á.
Ég sé ekki ástæðu á þessu stigi til þess að rekja nákvæmlega efni frv., en vil taka fram, að grundvallarhugmyndin er, að sú framhaldsdeild, sem um nokkurt árabil hefur starfað við bændaskólann á Hvanneyri, fái að þróast áfram, eftir

því sem efni og aðstæður leyfa, þannig að hún fái aðstæður til þess að mennta flesta eða alla þá menn, sem landbúnaðurinn þarf með meiri menntun en bændaskólarnir veita á því sviði. Það er ekki hugmynd þeirra, sem að þessu máli hafa staðið, að samþykkt þessa frv. þýði, að það verði þegar í stað að setja upp umfangsmikla og dýra stofnun með dýrum byggingum, enda þótt ekkert skorti á, að ýmsir þeir, sem hafa stutt þetta mál á hinum ýmsu sviðum, hafi sínar hugsjónir og láti sig dreyma um það, að í framtíðinni verði hér myndarlegur búnaðarháskóli, þar sem jafnframt fari fram allmikið af rannsóknum í þágu landbúnaðarins, sem mun mjög vel geta verið samhliða kennslunni.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð með þessu frv., en vil, herra forseti, leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. flm. þessa frv. vék lauslega að, hefur starfað að Hvanneyri í Borgarfirði um nokkurra ára skeið framhaldsdeild í menntun í búvísindum. Þegar Bjarni heitinn Ásgeirsson var ráðherra á árunum 1947—49, var það eitt af hans verkum að koma þessari framhaldsdeild á stofn. Á þeim árum var sú starfsemi að byrja, að ræktunar- og búnaðarsambönd voru að fá sér starfsmenn til að leiðbeina bændum bæði í ræktun og búvísindum, og skorti þá mjög menn til þess.

Framhaldsdeildin á Hvanneyri, sem nú hefur starfað á annan áratug og hefur útskrifað nokkra tugi manna, hefur komið að góðu liði í sambandi við þessa starfsemi. Flestir þeir menn, sem útskrifazt hafa frá henni á þessu tímabili, hafa orðið starfsmenn við búnaðar- og jarðræktarsambönd. Deildin hefur því bætt úr manna-skorti, sem þarna hefði orðið, og er því nú þegar búin að vinna mikið og gott starf í þágu íslenzks landbúnaðar.

Það hefur verið hugsun þeirra manna, sem að þessu stóðu í upphafi og síðar hafa að því unnið, að framhaldið yrði það, að hér yrði stofnsettur landbúnaðarháskóli eða menn þeir, sem stunduðu búfræði, ættu kost á því að læra landbúnaðarvísindi við þann skóla. Um það hefur hins vegar verið deilt, hvort rétt væri að halda áfram á þeirri braut, sem hafin er á Hvanneyri fyrir meira en áratug, eða hvort slík deild ætti að vera stofnsett við háskólann hér í Reykjavík. Báðir þeir aðilar, er um þetta hafa deilt, hafa leitt fram sín rök, og ég hef ekki enn þá fundið rök fyrir því, að ástæða væri til að breyta frá þeirri þróun, sem í upphafi var hafin með stofnun framhaldsdeildarinnar á Hvanneyri. Það hafa ekki komið fram neinar skýringar, sem réttlættu það að breyta frá þeirri stefnu, er þá var tekin.

Eins og hv. flm. tók hér fram, var þetta mál undirbúið af milliþn. og var lagt hér fram á síðasta hv. Alþ., þá af landbn. þessarar hv. d., að tilhlutan hæstv. landbrh. Ég verð að segja það, að ég bjóst við því, að þetta mál yrði lagt hér fyrr fyrir á þessu þingi, og það kom mér mjög á óvart, þegar ég sá, að það var flutt hér af einum hv. þm. úr stjórnarliðinu. Ég gerði ráð fyrir því, að hæstv. landbrh. mundi hafa forustu um að flytja þetta mál hér á hv. Alþ., ef einhver von ætti að vera um, að það næði fram að ganga. Nú vildi ég því spyrja um það hjá hv. flm., sem að vísu tók fram, að hæstv. ráðh. væri kunnugt um það, að hann flytti þetta frv., hvort á flutning hans á málinu bæri að líta á þann veg, að hæstv. ráðh. hefði ekki talið ástæðu eða haft áhuga fyrir því að flytja málið hér á hv. Alþ. Ef svo er, virðast mér ekki góðar horfur um góðan byr fyrir þessu máli hér á hv. Alþ. og teldi þá heppilegra, að það hvíldi sig um sinn, heldur en að Alþ. gengi af því dauðu, ef útlitið væri á þann veg. En ég vildi gjarnan fá að heyra álit hv. flm. á því, hvort áhugaleysi ráðherrans hefði komið til, að hann sá ekki um flutning málsins, eins og eðlilegt hefði verið, og að hv. þm. tók það að sér þess vegna.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég skýrði frá því í framsöguræðu minni, að málið væri flutt með vitund og samþykki hæstv. landbrh. Þetta hefur verið annatími í stjórnmálunum á þingi. Bæði í landbúnaði og á öðrum sviðum hefur mikill fjöldi mála kallað að. Þess vegna var það, að þegar leið á þingið og ég sá ekki, að þetta mál hefði komið á ný fram á sama hátt og í fyrra, spurði ég ráðherra að því, hvort ekki væri sjálfsagt, að þetta kæmi fram. Hann gaf samþykki sitt til þess, að ég sem einn af nm. þeim, sem höfðu undirbúið málið, flytti það, og get ég ekki túlkað það, að hans undirtektir hafi sýnt annað en áhuga á málinu. Ég lít því svo á, að það séu einhverjar aðrar ástæður fyrir því, eins og með sum önnur mál, sem varða landbúnaðinn og hafa sínar fjárhagshliðar o. fl., að hann hefur ekki tekið upp frumkvæði á þessum vetri. Ég geng út frá því, að við megum vænta þess, að stuðningur ráðh., sem kom fram, er hann hafði frumkvæði um flutning málsins í fyrra, sé óbreyttur. Hins vegar eru fordæmi fyrir því hér í þinginu, að þm., sem setið hafa í n., sem hafa undirbúið mál, hafa til þess að vekja athygli á máli og halda því vakandi flutt það sjálfir. Það er hið eina, sem hefur gerzt að þessu sinni, og von mín er sú fyrst og fremst að fá landbn. til að ræða þetta mál allýtarlega, sem hún gat ekki gefið sér tíma til að gera í fyrra, svo að það komi fram, eins og hv. 3. þm. Vesturl. sagði, hver hugur manna er, og er þá hægt að sjá til um framgang málsins.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) sagði um annriki hæstv. landbrh., að það hefði staðið í vegi fyrir því, að hann hefði beitt sér fyrir, að þetta mál væri flutt hér á hv. Alþ. eða ríkisstj. hefði flutt það, þá má vel vera, að svo sé, þó að ég telji, að hæstv. ráðherra sé sá dugnaðarmaður, að hann mundi hafa haft möguleika til þess að ýta úr höfn máli, sem þegar var tilbúið. Um það ætla ég hins vegar ekki að fara að karpa neitt hér í hv. d. Það sýnir sig, hvort svo hefur verið. En ef önnur sjónarmið, eins og fjárhagssjónarmið, hefðu ráðið gerðum ráðherrans, þá kemur að því, sem ég tók fram hér áðan, að vonlítið er um afgreiðslu málsins. Það mun rétt vera, að fordæmi eru fyrir því, að einstakir nm. hafi flutt mál,

sem þeir hafi unnið að í n., en ég hygg, að venjulega hafi þó svo farið, að þau mál hafi átt lítinn byr hér á hv. Alþ. Ég vona samt, að það fari ekki svo um þetta mál og því megi skila áfram hér í hv. d., þó að ég geti ekki neitað því, að ég sé trúlítill, fyrst fæðinguna bar að með þeim hætti, er hér hefur átt sér stað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Eyðing svartbaks.

Á 67. fundi í Nd., 21. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu) [201. mál] (þmfrv., A. 399).

Á 68. og 69. fundi í Nd., 23. og 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt tveim hv. þm. Vesturl. leyft mér að flytja frv. um breyt. á l. frá 1936, um eyðing svartbaks. Er aðalefni þessa frv. að hækka þá upphæð, sem í l. er ætluð fyrir að vinna svartbak með skotum, svo og upphæðir í sektarákvæðum laganna.

Lögin um eyðingu svartbaks eru, eins og ég sagði, frá 1936, og þær upphæðir, sem í þeim eru tilteknar, eru í engu samræmi við gildandi verðlag, lögin þar af leiðandi gagnslaus. Í þessum lögum frá 1936, um eyðingu svartbaks, sem eru raunar prentuð á bls. 4 sem fskj. með grg. frv., er gert ráð fyrir, að sýslunefndum og bæjarstjórnum sé heimilt að gera samþykktir, sem atvmrh. staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skylt sé að gera slíkar samþykktir, ef tiltekinn fjöldi æðarvarpseigenda eða leigutaka æðarvarpslands í hlutaðeigandi sýslu eða bæ fer fram á, að slík samþykkt sé gerð. Þá er lögboðið hverjum þeim, er umráð hefur yfir landi, að eyða svartbakseggjum í landareign sinni og að leyfa framkvæmd eyðingarinnar samkvæmt þessum lögum, og liggja við sektir, ef út af er brugðið.

Nú er það svo, að árið 1941 voru sett ný lög um eyðingu svartbaks, sem voru á nokkuð annan veg. Gildi þeirra laga var tímabundið, en þau voru framlengd og giltu, að ég ætla, fram til ársins 1954. Þá féllu þessi lög frá 1941 úr gildi. En svo var ákveðið, að þegar þau féllu úr gildi, tækju á ný gildi lögin frá 1936, sem ég nefndi áðan. Þau komu svo í gildi að nýju árið 1954, en þá voru ákvæði þeirra öll, að því er tölur varðar, úrelt orðin vegna verðlagsbreytinga og lögin þess vegna, eins og ég sagði áðan, gagnslaus og hafa verið það. Við leggjum til, að í stað þess, sem í þessum gömlu lögum er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði allt að 20 aurum fyrir hvern skotinn svartbak, greiði ríkissjóður allt að 4 kr., en mótframlög koma frá hreppi og sýslu, og er því gert ráð fyrir, að skotmannslaun geti orðið 8 kr. samkv. þessu frv.

Ég vil taka það fram, að þegar við flm. vorum að undirbúa þetta frv., öfluðum við okkur m. a. upplýsinga um verð á skotum, og þessi upphæð, sem tilgreind er í frv., er við þær upplýsingar miðuð, sem við þá fengum. Síðan hefur okkur borizt vitneskja um, að við munum hafa fengið upplýsingar um gamalt verð á skotum, og þyrfti í raun og veru að endurskoða upphæðina með tillíti til þess. Ég vildi mælast til þess við þá hv. nefnd, sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, að hún gefi okkur flm. kost á viðtali við sig um þetta atriði.

Þá vil ég einnig geta þess, að þegar þetta frv. var tilbúið til flutnings, bárust okkur flm. fréttir af því, að þm. í Ed. hefðu einnig haft hug á að flytja frv. um þetta efni, en höfðu ekki lagt það fram þar. Ég nefni þar til hv. 10. landsk. og hv. 4. þm. Vestf., sem mér er kunnugt um að höfðu þennan undirbúning með höndum í Ed., og ég vildi sömuleiðis mælast til þess við n., að hún ræddi við þessa hv. Ed.-menn um málið. En það, að þm. skuli samtímis eða svo að segja samtímis í báðum deildum þingsins hafa haft í undirbúningi breytingar á þessum lögum án þess að vita hvorir af öðrum, mætti þykja benda til þess, að málið muni eiga fylgi á Alþ. nú.

Ástæðan til þess, að lögð er áherzla á útrýmingu svartbaksins, er að sjálfsögðu fyrst og fremst sú, að öllum kunnugum ber saman um, að hann sé hinn mesti vargur í æðarvörpum og tefji mjög fyrir því, að æðarvörpin aukist. Hins vegar hefur svartbak farið mjög fjölgandi í landinu í seinni tíð. Einnig er það álit manna, að þessi vargur eyði mjög seiðum alls konar sjávarfiska og þó sérstaklega vatnafiska og sé einnig að því leyti mikill skaðvaldur.

Við höfum, flm. frv., fyrir nokkru rætt við Hagstofu Íslands, og að okkar tilhlutan hefur hagstofan tekið saman skýrslur um dúntekju hér á landi undanfarin 60 ár, ár hvert, eða frá árinu 1900 til 1959, að undanteknum tveim árum, sem fullnægjandi skýrslur virðast ekki vera um. Ef við lítum á þessa skýrslu, sem er prentuð hér með frv. á bls. 2, kemur í ljós, að dúntekjan hefur stórminnkað í landinu, einkum á tveim síðustu áratugum. Á öðrum áratug aldarinnar, þ. e. a. s. á árinu 1913, varð dúntekjan hæst samkv. skýrslum og er það ár talin 4577 kg af hreinsuðum dún. Árið 1930 er hún 3631 kg og nokkuð svipuð á fjórða tugnum, en fer þó heldur minnkandi, þegar líður á áratuginn. Síðan 1940 eru þessar tölur sýnilega, þegar litið er yfir töfluna, yfirleitt mun lægri en áður. Og ef tekin eru fimm síðustu árin, sem skýrslan tekur til, þ. e. a. s. árin 1955—59, þá er dúntekjan að meðaltali innan við 2 þús. kg, eða töluvert meira en helmingi

minni en hún komst hæst á öðrum tug aldarinnar. Þó er það svo, að á einstaka stað hefur verið komið upp nýjum vörpum á þessum tíma, en gömlu vörpin hafa víða minnkað mjög, og kemur það fram í skýrslunum um hin einstöku vörp, sem eru ekki prentaðar hér.

Á fskj. 2 á bls. 3—4 í þskj. er skýrsla um dúntekju á árinu 1957 í öllum hreppum landsins, þar sem dúntekja var það ár. Af þeirri skýrslu má ráða nokkuð um útbreiðslu æðarvarpa hér á landi og hvar þau eru mest, en alls er það ár talin dúntekja í rúmlega 70 hreppum. Af því má sjá, að þeir eru nokkuð margir, sem not hafa af þessum hlunnindum. Þau eru víða á landinu.

Æðardúnn er, sem kunnugt er, mjög dýrmæt vara. Það mun láta nærri nú, að fyrir eitt kg af hreinsuðum dún fái framleiðendur 1300—1400 kr., og af þessu eru því mjög verulegar tekjur á þeim jörðum, þar sem æðarvörp eru, og mikið í húfi um framvinduna, hvort vörpin minnka og eyðast eða hvort þau fara vaxandi. Það er skoðun okkar flm., að ef einhvers staðar tækist að hefja sókn í þessu máli, þannig að það tækist að koma í veg fyrir minnkun varpanna og þau tækju að aukast á ný, þá mundi það verða mönnum hvatning til þess að auka æðarvörpin einnig með öðrum aðferðum. En til þess eru að sjálfsögðu fleiri aðferðir að auka æðarvörp heldur en að útrýma varginum, og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar í þeim efnum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til fyrir hönd okkar flm., að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn., því að ég ætla, að þessi mál hafi áður verið í þeirri nefnd. Ég vil mælast til þess við þá hv. n., að hún geri sitt til þess að hraða afgreiðslu málsins, og ég hef ástæðu til þess að ætla, m. a. þá, sem ég nefndi áðan, að vilji sé fyrir því í þinginu að samþykkja ráðstafanir til útrýmingar þessum vargi og eflingar æðarvörpunum eitthvað í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 399, n. 643).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. landbn., leggur hún einróma til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt. Frv. heitir „breyting á lögum um eyðingu svartbaks", en í raun og veru má segja, að samkv. efni frv. gæti það eins heitið „um verndun æðarvarps", því að það er í raun og veru sá megintilgangur, sem er með frv., að reyna að koma í veg fyrir það tjón, sem æðarvarpseigendur verða fyrir af völdum svartbaksins eða veiðibjöllunnar.

Við getum þess í nál., að það væri æskilegt að taka til athugunar af sérfróðum mönnum, hvort ekki væru tiltækilegar einhverjar áhrifameiri ráðstafanir til eyðingar svartbaks heldur en ætla má, að skotaðferðin geti reynzt, en það mál allt þarf mun meiri undirbúning en mögulegt er að koma við á þessu stigi. Og í því trausti, að þessi breyting á gildandi lögum, ef samþ. yrði nú, mætti verða til þess að hjálpa til, a. m. k. á nokkrum stöðum, að vernda æðarvarpið, þá teljum við, að það sé rétt, að þetta frv. verði nú samþ., og það kemur þá í ljós, hvort af því megi hljótast nokkur árangur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en eins og ég sagði, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar flm. að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu frv., og þar sem málið hefur verið ágreiningslaust í n. og kunnugt er, að allmikill áhugi er fyrir því, ekki eingöngu hér í hv. Nd., heldur einnig í hv. Ed., þá vil ég mega vænta þess, að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Almannatryggingar (frv. MS).

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, og l. nr. 13 31. marz 1960, um breyt. á þeim lögum [205. mál] (þmfrv., A. 431).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

45. Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júní 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [211. mál] (þmfrv., A. 502).

Á 76. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 502, um breyt. á l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, er flutt af landbn. Nd., og eins og kemur fram í grg., hefur n. ekki tekið neina afstöðu til þess enn þá. Þessu frv. var útbýtt hér í gær, og er því skammur tími liðinn, og hefur ekki verið aðstaða til þess að kynna sér þetta mál rækilega. Ég mun þess vegna ekki fylgja því úr hlaði með langri ræðu.

Frv. fylgir grg., sem er samin af stjórn Sambands eggjaframleiðenda. Ég vil aðeins minna á nokkur atriði, sem fram koma í grg., þar sem þeir benda á þau rök, sem þeir telja að liggi til þess, að þetta mál er flutt, en þeir segja þar, að samsala á eggjum sé framleiðendum nauðsynleg, m. a. af eftirtöldum ástæðum:

1. Framleiðendur eru yfirleitt langt frá markaðsstað.
2. Annað sölusvæðið, Reykjavík og nágrenni, er orðið svo stórt, að ógerlegt er að dreifa eggjum nema á skipulagsbundinn hátt.
3. Starfrækja þarf fullkomnar eggjageymslur, þar sem framleiðendur hafa fæstir tök á að geyma egg hver fyrir sig, sem oft er nauðsynlegt, þegar framleiðsla og neyzla fer ekki saman.
4. Tryggja þarf framleiðendum sem jafnast og eðlilegast verð á eggjum, en slíkt er óhugsandi, þegar framleiðendur selja hver í samkeppni við annan og við mjög misjöfn skilyrði.
5. Tryggja þarf neytendum góð og vel með farin egg með því að stuðla að vöruvöndun og heilbrigðu eggjamati.
6. Pakka þarf eggin í neytendapakkningar fyrir kjörbúðir.

Ég vil minna á þessi atriði nú, sem hér koma fram, sem höfuðrök fyrir þeirri breyt., sem hér er óskað eftir af hálfu eggjaframleiðenda, og þetta frv. er einnig flutt eftir ósk framleiðsluráðs landbúnaðarins eða það hefur beðið landbrh. að sjá um, að það yrði flutt.

Ég mun ekki ræða þetta mál frekar. Ég hef engan veginn athugað það til hlítar. Ég vil benda á, að það fylgir hér einnig sem fylgiskjal bréf yfirdýralæknisins í Reykjavík, þar sem virðist vera um jákvæða afstöðu að ræða í þessu máli.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

46. Byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum [214. mál] (þmfrv., A. 520).

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, vegna þess að aðalrökin fyrir því eru tekin fram í grg., og vísa ég til þess. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

47. Sjúkraþjálfun.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sjúkraþjálfun [216. mál] (þmfrv., A. 544).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið, og of skammt var liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv., sem prentað er á þskj. 216 og fjallar um sjúkraþjálfun. Má það ef til vill teljast fullmikil bjartsýni að búast við afgreiðslu á því nú á seinustu dögum þingsins. En málið er lítið og ólíklegt, að verja þurfi til þess mjög miklu af hinum dýrmæta tíma þingsins, svo að ekki er útilokað, að málið fái afgreiðslu, ef um það fæst samkomulag. Ef tími hins vegar vinnst ekki til þess, hlýtur það þá væntanlega athugun til næsta þings.

Ástæðan til flutnings þessa máls er tilmæli frá stjórn félags þeirra, sem sérþekkingu hafa í sjúkraþjálfun. Enginn skóli í þessari grein starf-

ar hér á landi, en erlendis eru víða sérstakir skólar í þessari grein og sums staðar sem deildir við háskóla. Talsverðar kröfur eru gerðar til þeirra, sem í þessum skólum vilja stunda nám, og víðast hvar er krafizt stúdentsprófs. Námið er m. a. fólgið í ýmsum þeim greinum, sem kenndar eru í fyrri hluta læknisfræði, svo sem líffærafræði og lífeðlisfræði. Þá er einnig kennd lækningameðferð á hinum ýmsu vöðvum og hlutum líkamans með sjúkraæfingum, sjúkranuddi, hitameðferð, ljósum, stuttbylgjum og þess háttar. Þetta eru gamlar og viðurkenndar aðferðir til lækninga og heilsuverndar, og með þeim hefur oft náðst undraverður árangur til að hjálpa sjúklingum til fulls bata, sérstaklega á sviði bæklunarsjúkdóma. Á það verður þó ekki lögð of mikil áherzla, hve nauðsynlegt hlýtur að vera, að aðgerðum þessum sé beitt af ýtrustu þekkingu. Þær geta verið beinlínis skaðlegar í sumum tilvikum, ef þeim er beitt við tilteknar meinsemdir, og röng meðferð getur valdið varanlegum örkumlum.

Nú starfa sjúkraþjálfarar hér á landi undir eftirliti lækna, enda felst það í hinu takmarkaða lækningaleyfi, sem þeir hafa samkvæmt lækningaleyfislögunum nr. 47/1932. Er vitanlega sjálfsagt, að slík starfsemi fari fram undir eftirliti lækna, sem m. a. meta það, hvort sjúkraþjálfunarmeðferð eigi við í hvert skipti, sem um er að ræða.

Fullkomnir skólar í sjúkraþjálfun erlendis eru og viðurkenndir af læknasamtökum og heilbrigðisyfirvöldum hvers lands. Sjúkraþjálfarar, sem lokið hafa námi frá slíkum skólum, hafa með sér félög, en þau mynda aftur alþjóðasamtök. Slík alþjóðasamtök hafa vitanlega mikið gildi. Ætti félögunum að vera auðveldara að fylgjast með nýjungum í grein sinni fyrir þeirra tilstilli, og þátttaka í þeim alþjóðasamtökum ætti að vera nokkur trygging fyrir því, að sjúkraþjálfari uppfylli þær kröfur, sem sjálfsagt er að gera til hans vegna öryggis sjúklinganna.

Félag íslenzkra sjúkraþjálfara, sem hefur starfað í rúm 20 ár, hefur innan sinna vébanda aðeins þá, sem hafa þá þekkingu, sem tilskilin er í þessum alþjóðasamtökum, en hefur samt ekki getað fengið inngöngu í þau, meðan löggjöf vantar, sem tryggi rétt sérmenntaðra sjúkraþjálfara til starfa. Frv. mundi, ef að lögum yrði, tryggja, að einvörðungu þeir, sem hefðu þá menntun, sem fram er tekin í frv., hefðu heimild til að stunda sjúkraþjálfun.

Í raun og veru er þetta heilsuverndarmál eða öryggismál fyrir sjúklingana. Þegar litið er til þess, hve nauðsynlegt það er fyrir heilbrigðismál okkar, að við höfum nægilega mörgum á að skipa með þessa þekkingu, ætti það líka að vera ljóst, að einhverja aðstöðu sé rétt að skapa þessu fólki til starfa í sinni grein fremur þeim, sem hafa ekki til að bera sérstaka þekkingu í henni, enda er varla við að búast, að fólk leggi á sig langt og dýrt nám, ef því fylgja engin réttindi, sem það hefði ekki án námsins.

Um einstakar gr. frv. vil ég segja þetta:

1. gr. frv. fjallar um löggildingu sjúkraþjálfara og hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að fá hana. Áskilin eru þar meðmæli landlæknis og stjórnar Félags íslenzkra sjúkraþjálfara, vegna þess að hér er, eins og ég sagði áðan, enginn skóli starfandi í þessari grein. Nauðsynlegt hlýtur að vera, að aðilar hafi þá þekkingu til að geta sagt til um, hvort þeim skilyrðum sé fullnægt, sem greinin setur. Síðan er rætt um menntunarskilyrði, að námi skuli lokið frá skóla, sem viðurkenndur er af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Ef hins vegar aðili hefur þekkingu, sem landlæknir og stjórn Félags íslenzkra sjúkraþjálfara telur þessu jafngilda, má skv. frv. einnig veita honum löggildingu. Loks er undantekningarákvæði um heimild til að veita löggildingu þeim, sem starfað hafa við sjúkraþjálfun, er lögin taka gildi, ef landlæknir og Félag íslenzkra sjúkraþjálfara telja, að það sé rétt. Slíkt ákvæði er sett til þess, að minni röskun verði hjá þeim aðilum, sem þarna hafa atvinnuhagsmuna að gæta.

Í 2. gr. er skýrgreining á orðinu sjúkraþjálfun. Það mun ekki hafa verið almennt notað um þessa starfsemi. Aðalfundur Félags íslenzkra sjúkraþjálfara samþykkti nú nýlega að taka upp það starfsheiti. Áður hét félagið Félag íslenzkra sjúkraleikfimi- og nuddkvenna. En hvort tveggja er, að konur hafa vitanlega engan einkarétt til þessara starfa, þótt svo hafi viljað til, að sjúkraþjálfun hafi hér á landi næstum einvörðungu verið stunduð af konum, og hitt er, að það hefur einnig valdið nokkrum óþægindum fyrir stéttina, að eldra starfsheitið er einnig starfsheiti ýmissa annarra, sem stunda sitt starf í þágu heilbrigðra, svo sem um þá, sem stunda nudd íþróttamanna og á baðstofum, snyrtistofum og í þess háttar starfsemi. Þar er ekki um þjálfun sjúkra í lækningaskyni að ræða. Þetta fólk þarf því alls ekki að hafa þekkingu í fysiotherapy, og stendur þess starfsréttur alveg óhaggaður þrátt fyrir þetta frv., ef að lögum verður. Orðið „sjúkraþjálfun“ er nær því að gefa til kynna það sama og erlenda orðið, sem vitanlega er ekki fært að nota í íslenzku máli, og ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég hef svo mjög slett þessu útlenda orði sem raun ber vitni.

Síðari hluti 2. gr. fjallar um skyldu sjúkraþjálfara til að starfa einungis samkv. fyrirmælum lækna.

3. og 4. gr. fjalla um það heilsuverndar- og öryggismál annars vegar og réttindamál sjúkraþjálfara hins vegar, að aðeins þeir, sem hafa löggildingu samkv. 1. gr., megi starfa við þá sjúkraþjálfun, sem í greinunum segir. Ætti með því að vera eins tryggt og á verður kosið, að fólk komist hjá þeirri hættu að bíða ef til vill tjón á heilsu sinni, kannske óbætanlegt, sem hlotizt gæti af rangri meðferð á þessu sviði.

6. gr. fjallar um störf sjúkraþjálfara hjá læknum, en 7. gr. um störf þeirra hjá heilbrigðisstofnunum. Loks eru svo reglugerðar- og gildistökuákvæði. Það kann að vera nauðsyn að skilgreina nánar, greina nákvæmar, hvað felst í sjúkraþjálfun, og væri þá slíkt gert með reglugerð.

Nú er það svo, að sérstök lög gilda um flesta heilbrigðisstarfsmenn í landi okkar, lækna, tannlækna, hjúkrunarkonur og ljósmæður, um þeirra réttindi og skyldur. Það er fyllsta ástæða til, að svo verði einnig um sjúkraþjálfara, en þeir telja,

að það standi mjög stétt þeirra fyrir þrifum, að löggjöf um þetta efni vantar. Óhætt er að segja, að það geti líka miklu varðað heilsu og öryggi þeirra, sem á sjúkraþjálfun þurfa að halda.

Ég vil geta þess til leiðbeiningar nefndinni, sem þetta mál fær, að mál þetta hefur verið borið undir landlækni, og hann benti á, að rétt væri að leita umsagnar þessa margumræddu félags, Félags ísl. sjúkraþjálfara, og stjórnar Læknafélags Íslands.

Eins og ég hef skýrt frá, er frv. flutt beinlínis fyrir tilmæli Félags ísl. sjúkraþjálfara, og stjórn þess félags hefur fjallað um frv. í þeirri mynd, sem það er hér fram borið. Eintak af handriti frv. mun einnig hafa borizt mönnum úr stjórn Læknafélagsins. Þessa vil ég geta vegna þess, að ég tel, að það gæti orðið til að flýta fyrir starfi nefndarinnar, og ég vil láta í ljós þá ósk, að málið geti hlotið afgreiðslu hjá hv. heilbr.- og félmn., sem ég legg til að málinu verði vísað til. Auk þess leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Fiskveiðilandhelgi Íslands.

Á 2. fundi í Ed., 12. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um lagagildi reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands [33. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 6. og 7. fundi í Ed., 18. og 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Ed., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki nema tvær greinar, og það er ekki ætlun mín að ræða landhelgismálið í heild í sambandi við flutning þessa frv. Frv. fylgir einnig stutt grg., og ég mun ekki, án þess að gefist sérstakt tilefni til, ræða þetta mál ýtarlega. Það hefur verið það mikið rætt, og það, sem þetta frv. felur í sér, er í sjálfu sér ákaflega einfalt atriði. Það er um það að staðfesta sem lög reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Því er svo háttað, að flestar þjóðir hafa um landhelgi sína, ekki aðeins fiskveiðilandhelgi, heldur landhelgina yfirleitt, lög frá löggjafarsamkomu sinnar þjóðar. Og í sjálfu sér held ég, að það sé eðlilegt að fallast á, að það sé sá eðlilegi háttur, sem á er hafður í sambandi við þetta mál. Þetta hefur æxlazt öðruvísi hjá okkur, og ástæðan er í höfuðatriðum sú, að það var lögð mikil áherzla á það af lögfræðingum margra þjóða, að landgrunnsreglan mundi e. t. v. verða hin almenna regla að því er snerti fiskveiðiréttindi hlutaðeigandi þjóða. Þetta sjónarmið var ákaflega ríkjandi 1948, þegar landhelgislögin voru sett. Án þess að farið sé nánar inn á það, kom fljótt í ljós á fyrri ráðstefnunni í Genf, að þessi regla um réttindi á landgrunninu varð ekki ríkjandi að því er fiskveiðiréttindi snertir. Stórveldin komu því þannig fyrir á þeirri ráðstefnu og fengu meirihlutasamþykkt fyrir því, að réttindi á hafsbotninum tilheyrðu hlutaðeigandi þjóðum á nánar tilteknum svæðum, en fiskveiðarnar, sem eru fyrir ofan hafsbotninn, voru ekki látnar fylgja með, jafnvel þó að veitt sé með tækjum, sem eins og við vitum eru dregin eftir hafsbotninum og raska þar öllu lífi.

Ég ætla ekki að rökræða það, hversu sanngjarnt þetta hefur verið. En fyrir þessari stefnu fékkst meiri hluti og hann löglegur og meira en það. En þrátt fyrir það, þótt þetta hafi verið samþykkt, heldur vitanlega baráttan um landgrunnið áfram. Það er alveg augljóst mál af þeim umræðum, sem urðu á síðustu ráðstefnunni í Genf, og þeim rökum, sem þar voru borin fram af fjöldamörgum þjóðum. Sú barátta að því er fiskveiðarnar snertir á landgrunni heldur að sjálfsögðu áfram. Ég nefni þetta án þess að rökræða nánar um þetta atriði.

Það er lítill vafi á því, að það álit, að þessi stefna mundi verða ríkjandi, að hlutaðeigandi þjóðir ættu landgrunnið, einnig að því er fiskveiðar snerti, varð því ráðandi, að lögin frá 1948 voru sett, og síðan hefur verið fylgt þeirri reglu, eins og okkur er kunnugt, 1952 og 1958, að ákveða fiskveiðitakmörkin með reglugerð.

En það, sem þetta frv. fer fram á, er, að reglugerðin frá 1958, eins og ég sagði áðan, verði lögfest. Raunverulega er frv. um það eitt að flytja þetta vald frá þeim, sem hafa heimild til þess að gefa út reglugerðir, sem er hlutaðeigandi ráðh. í ríkisstj., — flytja það til Alþingis sjálfs. Ég þarf ekki að efast um það, að hv. alþm. geta yfirleitt fallizt á, að þetta sé eðlilegt. Með þessu móti kemst miklu meiri festa í málið, og eins og ég sagði í upphafi, þá er þessu svo háttað, að flestar þjóðir hafa um þessi atriði löggjöf.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri á þessu stigi. Ég geri ráð fyrir því, að það sé eðlilegast að vísa því til allshn., 2. umr. og allshn., og ég hef sérstaklega óskað eftir því við nefndina, að afgreiðslu þessa máls verði flýtt.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af öllum þm. stjórnarandstöðunnar, sem sæti eiga í þessari hv. d., þm. Framsfl. öllum og þm. Alþb. Við höfum með því viljað sýna, hve mikla áherzlu við leggjum á þetta mál. Hv. 2. þm. Vestf. hefur þegar gert grein fyrir efni þessa frv., en ég tel þó rétt, að ég geri einnig nokkra grein fyrir sjónarmiðum okkar þm. Alþb. í sambandi við málið.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að mínum skilningi í stuttu máli sá, að Alþ. ítreki að gefnu tilefni og í nýju formi yfirlýsingu sína frá 5. maí 1959 um, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi við Ísland en 12 mílur frá grunnlínum allt umhverfis landið, og að Alþ. sýni með samþykkt þessa frv., að það megi ekki veita neinni ríkisstj. heimild eða svigrúm til þess

að ákveða minni fiskveiðilandhelgi en þetta. Tilefnið til flutnings þessa frv. er vitanlega það, að undanfarið, a. m. k. frá 1.—10. þ. m., hafa farið fram samningaviðræður milli fulltrúa ríkisstj. annars vegar og fulltrúa ríkisstj. Breta hins vegar, þar sem m. a. hefur verið fjallað um stærð íslenzkrar fiskveiðilögsögu með það fyrir augum a. m. k. af hálfu Breta að gera samkomulag eða samninga um stærð íslenzkrar fiskveiðilögsögu milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Breta. En slíkir samningar mundu, ef þeir væru gerðir, vitanlega leiða til breyt. á reglugerðinni um fiskveiðilandhelgi Íslands frá 30. júní 1958.

Ákvörðun hæstv. ríkisstj. um að taka upp samningsviðræður við Breta um landhelgismálið var tekin án nokkurs samráðs við þingflokka stjórnarandstöðunnar og gegn mótmælum þeirra, þegar er þeim varð kunnugt um þessa ákvörðun ríkisstj. Þessi ákvörðun var tekin án þess, að hún væri áður borin undir utanrmn. Þetta síðara er brot á lögum og um leið á loforðum hæstvirtra ráðherra, hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh., gefnum á fundi utanrmn. í júlí s. l. um það, að samráð skyldi verða haft við utanrmn., áður en nokkur ákvörðun yrði tekin í málinu, og skal ég víkja að því síðar.

Hið fyrra, að taka svo mikilvæga ákvörðun í einu þýðingarmesta máli þjóðarinnar án þess að reyna hið allra minnsta að ná um hana samstöðu allra flokka og þar með þjóðareiningu, það er að rjúfa þá þjóðareiningu og samstöðu, sem þrátt fyrir allt hefur verið um höfuðatriði þessa máls. Með því er gengið beint á móti stefnu allra ríkisstjórna, sem hafa haldið á þessu máli árum saman. Þær hafa allar reynt, meira að segja sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, að ná sem mestri samstöðu allra flokka um höfuðatriði málsins, þó að það hafi ekki tekizt í öllum atriðum. Hæstv. ríkisstj. mun e. t. v. svara því, að hún hafi ekki gert annað og ekki ákveðið annað en tala við Breta, að taka upp viðræður við Breta. Og hún mun e. t. v. segja, að það hafi verið bæði ókurteisi við þá góðu þjóð og óviturlegt vegna eftirleiksins að hafna því að taka upp þessar viðræður. En hæstv. ríkisstj. hefði ekki þurft að segja nema eitt til viðbótar þessu, til þess að þetta væri allsterkt svar, hefði hún sagt: Við viljum aðeins tala við Breta. En við munum ekki semja við þá um neina skerðingu á 12 mílna fiskveiðilandhelginni við Ísland. Við munum tala fyrir því að halda fast við yfirlýsingu Alþingis frá 5. maí 1959, sem við tókum sjálfir þátt í að samþykkja.

Þetta hefði hæstv. ríkisstj. getað sagt okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar í utanrmn. eða öðrum fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna. En bezta vörnin hefði það verið, ef hún hefði sagt þetta opinberlega allri þjóðinni, um leið og hún tók þá ákvörðun að hefja samningaviðræður við Breta. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert. Hún hefur ekki verið að gefa neinar yfirlýsingar um, að í þessum samningsviðræðum við Breta yrði fast haldið við yfirlýsta stefnu Alþingis og fyrri ríkisstjórna í þessu máli. Þess vegna er það, að við viljum með flutningi þessa frv. segja hæstv. ríkisstj. þetta: Það verður engin eining hér á hv. Alþ. né heldur með þjóðinni um nokkurt frávik frá 12 mílna fiskveiðilandhelgi, um nokkra skerðingu á henni nokkurs staðar við landið um skemmri eða lengri tíma.

Flutningur þessa frv. af hálfu stjórnarandstöðunnar er því aðvörun til hæstv. ríkisstj. um það, að samningar við Breta, sem feli í sér nokkra skerðingu á 12 mílna fiskveiðilandhelginni nokkurs staðar við landið, jafnvel þótt samið væri um slíkt aðeins til fárra ára og þó að talið væri af hálfu hæstv. ríkisstj., að í þeim samningum kynni að felast einhver ávinningur, þá munu slíkir samningar kosta stríð, hörð átök hér á Alþingi og með þjóðinni. Og það verður um leið opinberað umheiminum, að Alþingi og íslenzka þjóðin sé ekki einhuga í afstöðunni um þetta mál, sem við erum þó allir sammála um að sé mesta lífshagsmunamál þjóðarinnar.

Hæstv. ríkisstj. mun vafalaust telja sig hafa lagalega heimild til þess að óbreyttum lögum að gera samninga við Breta um stærð íslenzkrar fiskveiðilögsögu, án þess að sérstakt samþykki Alþingis komi til. Það er það, sem fyrir okkur vakir með flutningi þessa frv., að taka af allan vafa um og slá því föstu, að slíkt sé ekki hægt, a. m. k. án þess að samþykki Alþingis komi til.

En spurningin er nú í dag: Þó að hæstv. ríkisstj. kunni að hafa lagalega heimild til þess að gera slíka samninga um íslenzka fiskveiðilögsögu, hefur hún siðferðilega heimild? Það er mín skoðun, að það sé auðvelt að sanna, að hún hafi það ekki. Samkv. yfirlýsingum, sem gefnar hafa verið af hálfu þessarar hæstv. ríkisstj., af hálfu þeirra flokka, sem að henni standa, forustumanna þeirra, og af hálfu allra stjórnmálaflokka í landinu, hefur verið margyfirlýst stefna Alþingis a. m. k. síðan 5. maí 1959, að minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum allt umhverfis landið komi ekki til mála, og um leið, að stærð fiskveiðilögsögunnar við Ísland sé ekki samningsatriði við Breta eða neina aðra einstaka þjóð. Þetta hefur verið yfirlýst stefna allra ríkisstjórna í landhelgismálinu a. m. k. síðan 30. júní 1958, þegar landhelgisreglugerðin var sett, ef ekki lengur. Og um þetta hafa verið gefnar yfirlýsingar margoft af forustumönnum allra flokka.

Þar er auðvitað fyrst að nefna þál. um landhelgismál, sem var samþykkt einróma á Alþingi 5. maí 1959. Sú tillaga var borin fram af utanrmn. í heild, en hún var samin af undirnefnd utanrmn., sem var skipuð 4 mönnum, einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, og hin endanlega tillaga varð til eftir vandlega íhugun og umræður innan þessarar undirnefndar, en þær höfðu raunar staðið yfir í fimm vikur, þegar fullt samkomulag náðist að síðustu um orðalag tillögunnar. En utanrmn. fjallaði um þetta mál, um þessa tillögu, í meira en 13 vikur, frá því að hún fyrst kom fram og þangað til hún var endanlega afgreidd, svo að það er ekkert vafamál, að þál. frá 5. maí 1959 var gerð að vel íhuguðu ráði forustumanna allra flokka, sem að henni stóðu. Þessi þál. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeld-

ísaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan 4 mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til þess að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landsgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.“

Ég veit, að t. d. hæstv. dómsmrh. mun kannast við það, að hann og forustumenn hans flokks hafi hugsað það vandlega, hvað þessi síðustu orð í niðurlagi þessarar þál. þýddu. Hæstv. dómsmrh. og flokksmenn hans tóku sér góðan umhugsunarfrest, langan umhugsunarfrest um það, hvort þeir vildu samþykkja, að þessi orð væru í niðurlagi þál. Ég ætla ekki að rekja það þóf, sem fór fram um það vikum saman, jafnvel mánuðum saman. En það eru vel geymd hjá mér ýmis uppköst að þessari þáltill., m. a. frá hæstv. dómsmrh., sem taka af allan vafa um, að það var af hálfu hans flokks álitið eitt aðalatriðið í málinu, hvort þessi orð um, að lágmark íslenzkrar fiskveiðilandhelgi væri 12 mílur, væru í þessari þál. Meira ætla ég ekki að segja að svo stöddu um það langvarandi þóf og stríð, sem stóð einmitt um þetta atriði.

En ég vil minna á, að á þeim sama fundi utanrmn., þar sem gengið var endanlega frá þessari þáltill., lá einnig fyrir önnur till., og sú till. hafði legið fyrir utanrmn. mánuðum saman. Hún hafði legið fyrir tveimur ríkisstjórnum. Það var till. frá forustumönnum Sjálfstfl. um það, hvað Sjálfstfl. legði til að gera í málinu um þetta leyti. Þessa till. höfðu þeir fyrst borið fram í nóvember haustið 1958, en hún hafði legið fyrir vinstri stjórninni og frá því fyrir áramót stjórn Alþfl. sem óafgreitt mál, en þáv. fulltrúar Sjálfstfl. í utanrmn. voru núv. hæstv. forsrh. og núv. hæstv. dómsmrh., og það voru þeir, sem höfðu lagt fram þessa till. og höfðu lagt mikið kapp á, að hún væri samþykkt og farið eftir henni. Þeir höfðu hvað eftir annað vakið máls á því, að þeirra till. væri að taka upp viðræður innan Atlantshafsbandalagsins, þ. á m. við Breta, um landhelgismálið og það mundi vera hin réttasta og tiltækilegasta leið í málinu, eins og þá var komið, ef ekki hin eina rétta og tiltækilega leið. En á þessum fundi utanrmn. 27. apríl 1959 kom það einmitt í hlut núv. hæstv. utanrrh. að kveða niður þessa till. forustumanna Sjálfstfl. og núv. ráðh. og ganga af henni dauðri. Við það tækifæri minnti hæstv. utanrrh. á það, að hann hefði sjálfur svo oft og lengi staðið fyrir því, að viðræður færu fram innan Atlantshafsbandalagsins vorið og sumarið 1958 og jafnvel lengur, að honum væri ljóst, að það væri tilgangslaust að taka málið upp innan Atlantshafsbandalagsins, og það sem verra væri, það gæti leitt af því nýja erfiðleika. Hæstv. ráðh. minnti á það réttilega, að það hefði alltaf verið grundvallarsjónarmið flestra ríkisstjórna innan Atlantshafsbandalagsins, að Íslendingar hefðu alls engan rétt til einhliða útfærslu fiskveiðilandhelgi sinnar og að því leyti sem hér væri um réttardeilu að ræða milli Íslendinga annars vegar og hins vegar vina þeirra og bandamanna í Atlantshafsbandalaginu, þá væri eina rétta leiðin að bera þessa deilu undir úrskurð alþjóðadómstólsins í Haag, en að því leyti, sem um hagsmunamál Íslendinga væri að ræða, þá væri það eina rétta, að Íslendingar færu samningaleiðina, og þessar þjóðir töldu sig þá ekki alveg fráhverfar því að ræða málið við Íslendinga. Þessar tvær leiðir væru til: úrskurður alþjóðadómstólsins í Haag og viðræður við viðkomandi þjóðir, Breta og aðrar innan Atlantshafsbandalagsins. En um þetta sagði hæstv. utanrrh., ég leyfi mér hér með að birta það orðrétt: „Við höfum svarað, að við séum ekki til viðræðna um fiskveiðilögsögu Íslands.“ Hæstv. dómsmrh. benti á það í umr. um þetta, að þó að Sjálfstfl. legði til, að þannig væri fjallað um málið, þá fælist ekki í till. hans, að hann teldi, að það ætti beint að semja við Breta og aðra um víðáttu fiskveiðilandhelgi Íslands. Honum þótti ástæða til að taka fram, að það fælist ekki af sjálfu sér í till. Sjálfstfl., þótt flokkurinn teldi rétt, að það væri tekið upp til viðræðna innan Atlantshafsbandalagsins.

S. l. vor lét hæstv. utanrrh. ríkisútvarpið birta eftir sér yfirlýsingu um landhelgismálið, þar sem hann komst m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við miðum allt okkar starf að því að tryggja 12 mílna fiskveiðilögsögu og stöndum gegn öllu, sem skemmra gengur. Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum eða öðru, gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland.“

Með þessum orðum lýsti hæstv. utanrrh. stefnu hæstv. ríkisstj., sem nú situr, í þessu máli, fyrir þjóðinni. Og á fundi utanrmn. hinn 13. júlí í sumar, — það er ekki lengra síðan, — gaf hæstv. utanrrh. enn einu sinni yfirlýsingu um afstöðu núverandi ríkisstj. í þessu máli, og hann sagði, — ég leyfi mér að vísa til þessara orða orðrétt, — að afstaða ríkisstj. nú væri sú sama og fyrri ríkisstjórna: að hafna öllum tilmælum um samningaviðræður, þar eð ekkert væri við Breta að semja um víðáttu fiskveiðilögsögunnar við Ísland.

Ég gæti gert mikið að því að vísa eða vitna til umræðna í utanrmn. Ég er reiðubúinn til að gæta þess, sem fram fer í utanrmn., sem trúnaðarmáls, ef þess er óskað, en ég tel, að þegar ráðh. gefa yfirlýsingar þar, stefnuyfirlýsingar um afstöðu flokka sinna eða ríkisstj. í heild, þá sé það ekkert einka- eða trúnaðarmál. Það eru yfirlýsingar, sem eru ætlaðar af hálfu slíkra manna til allrar þjóðarinnar, og þess vegna vitna ég hiklaust til þessara orða eins og þau eru bókuð í fundargerðum utanrmn.

Hæstv. utanrrh. lýsti m. ö. o. hinn 13. júlí í sumar stefnu núverandi ríkisstj. svo, að hún teldi enga ástæðu til að taka upp samningaviðræður við Breta, af því að við hefðum um ekkert við Breta að semja um víðáttu fiskveiðilögsögu Íslands. Þessa yfirlýsingu gaf hæstv. ráðh. sem beint svar við fsp. um það, hvað hæft

væri í því, að viðræður færu þá fram milli ríkisstjórna Íslands og Bretlands.

Þannig hafa þessir tveir ráðh., hæstv. utanrrh. og dómsmrh., sem landhelgismálið heyrir sérstaklega undir og hafa sérstaklega fjallað um það innan núverandi ríkisstj., oftar en einu sinni, einir eða með öðrum, gefið yfirlýsingar um þetta tvennt: að samningar við Breta um fiskveiðilandhelgi Íslands komi ekki til mála og að minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur allt umhverfis landið frá grunnlínum komi ekki heldur til mála.

Fundur utanrmn. 13. júlí var haldinn að ósk hv. 2. þm. Vestf., Hermanns Jónassonar, til þess að fá skýrslur hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. um atburði, sem þá höfðu nýlega orðið innan 12 mílna landhelginnar. Það höfðu þá orðið árekstrar nýlega milli brezkra herskipa og starfsmanna landhelgisgæzlunnar íslenzku vegna afskipta brezkra herskipa af aðgerðum íslenzku landhelgisgæzlunnar vegna brota brezkra togara. Þá stóðu málin þannig, að frá því í maí í vor hafði íslenzka ríkisstj. lýst því yfir, að hún gæfi upp sakir öllum brezkum aðilum, sem hefðu gerzt brotlegir innan fiskveiðilandhelginnar frá því um haustið 1958. En Bretar lýstu því yfir um sama leyti, að þeir mundu ekki beita herskipum sínum að svo stöddu innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar. Og brezkir togaraeigendur í þriðja lagi lýstu því yfir, að þeir mundu banna skipstjórum sínum á togurunum að veiða innan 12 mílna landhelginnar í 3 mánuði, eða til 12. ágúst í sumar. En það hafði þegar sýnt sig í júlí, að ekkert af þessum loforðum Breta hafði verið haldið. Þeir höfðu fært sig upp á skaftið. Togararnir fóru inn í 12 mílna landhelgina, og brezk herskip komu eins og áður í veg fyrir töku þeirra þar af hálfu íslenzkrar landhelgisgæzlu. Og eins og áður hafði íslenzka ríkisstj. mótmælt þessum aðgerðum, þessum ofbeldisaðgerðum, og eins og alltaf áður hafði brezka stjórnin vefengt skýrslur íslenzku landhelgisgæzlunnar sem rangar og ósannar. En ég vil minna á það, að hæstv. dómsmrh. hafði, þegar hann tók það skref að gefa Bretum upp allar sakir í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, tekið það skýrt fram, að nú yrði Bretum engin linkind sýnd, ef þeir gerðust brotlegir á ný innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu, þ. e. a. s. eftir sakaruppgjöfina í maí í vor.

Brezka ríkisstj. greip hins vegar, eins og ég sagði áðan, til ráðs, sem hún hefur hvað eftir annað gripið til út af töku brezkra togara, ef hún hefur farið fram innan 4 mílna og í einu tilfelli a. m. k. innan 3 mílna landhelgi. Hún hefur einfaldlega vefengt skýrslur íslenzkrar landhelgisgæzlu sem ósannindi. Hún lét eitt sinn fulltrúa sinn á þingi Sameinuðu þjóðanna lýsa því af hálfu brezku stjórnarinnar, að starfsmenn íslenzkrar landhelgisgæzlu færu með rangar sakargiftir og ósannindi um saklausa brezka togaraskipstjóra. Sama gerði hún í sumar, þegar brezkir togarar voru staðnir að nýjum brotum innan landhelginnar og brezk herskip staðin að því að koma í veg fyrir töku þeirra af hálfu landhelgisgæzlunnar.

Þannig stóðu málin í sumar í júlí. Bretar höfðu brotið öll sín loforð, bæði brezkir togaraeigendur og brezka ríkisstj., — öll sín loforð um það að virða 12 mílna landhelgi fram til 12. ágúst. En hins vegar gerðist það um þetta leyti, að brezk blöð sögðu frá því hvað eftir annað, að nú stæðu yfir viðræður við íslenzku ríkisstj. um lausn á málinu, allsherjarlausn á landhelgismálinu, og þessara fregna hafði verið getið í íslenzkum blöðum. Þegar hæstv. ráðherrar, utanrrh. og dómsmrh., voru spurðir að því á fundi utanrmn. 13. júlí í sumar, hvað væri hæft í þessum fregnum, þá neituðu þeir í fyrsta lagi öllu sannleiksgildi þessara fregna, en kvörtuðu auk þess báðir sáran undan, að íslenzk blöð væru að fara með svo tilhæfulausan fréttaflutning. Það var rétt eins og báðir þessir hæstv. ráðh. þættust vera bornir æruleysissökum, ef verið væri að ætla þeim það, að þeir vildu vera að taka upp samningaviðræður við Breta um landhelgismálið, og verið væri að tala um samningamakk íslenzku ríkisstj. og brezku stjórnarinnar um landhelgismálið sjálft. Það var við það tækifæri, sem hæstv. utanrrh. gaf þá yfirlýsingu, sem ég gat um hér áðan, að það væri afstaða þessarar ríkisstj. eins og fyrrverandi ríkisstj., að við hefðum ekkert við Breta að tala um íslenzka fiskveiðilögsögu og mundum þess vegna ekki ræða við þá, mundum þess vegna hafna, — ég vitna hér í orð hæstv. utanrrh. orðrétt, — hafna tilmælum til samningaviðræðna, þar eð um ekkert væri við Breta að semja um víðáttu fiskveiðilögsögunnar.

Þetta var 13. júlí. Á sama fundi sagði hæstv. dómsmrh., að ríkisstj. mundi að vísu athuga gaumgæfilega, hver viðbrögð hún teldi rétt að hafa í sambandi við þessi mál, en hún mundi auðvitað fara að lögum í því efni og bera sig saman við hlutaðeigandi aðila um, hvað gera skyldi í málinu. Ég er ekki í vafa um, hvað hæstv. dómsmrh. átti við með þessum orðum, að auðvitað mundi hæstv. ríkisstj. fara að lögum í þessu efni. Það eru ákvæði laga um störf utanrmn., sem eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til utanrmn. skal vísa utanríkismálum. Utanrmn. starfar einnig milli þinga, og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir rn. liggja."

Nú er það að vísu svo, að landhelgismál okkar eru ekki nema að öðrum þræði utanríkismál. Sjálf ákvörðun fiskveiðilögsögunnar er innanríkismál, eins og við höfum oft lagt áherzlu á og erum flestir eða allir sammála um. En verkefni utanrmn. í málinu er að bera fram rök okkar fyrir aðgerðum okkar í málinu gagnvart öðrum þjóðum og gera sitt til þess að fá viðurkenningu annarra þjóða á lögmæti og réttmæti aðgerða okkar.

Allar ríkisstj. og allir þingflokkar hafa verið sammála um að halda því fram, að við hefðum fullan rétt að alþjóðalögum til þeirra aðgerða, sem við höfum gert í landhelgismálinu, nú síðast með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur. Voru allir sammála um það, að því er ég bezt veit, að við hefðum til þess fullan rétt að alþjóðalögum. Það er einmitt um þennan rétt okkar, sem við höfum orðið að berjast harðast og þá fyrst og fremst við vinaþjóðir okkar og

bandamenn í Atlantshafsbandalaginu, sem hafa staðið gegn þessum rétti okkar undir forustu Bandaríkjanna, en með aðgerðum eins og aðgerðum Breta síðustu 2 árin í íslenzkri landhelgi. Þessar þjóðir hafa neitað okkur um þennan rétt. Þær hafa kært okkur fyrir sjálftöku og brot á þjóðarétti. En þær hafa haldið fram öðrum rétti, rétti þeirra þjóða, sem hafa stundað hér fiskveiðar við Ísland, sumar lengi, til þess að halda áfram veiðum við Ísland upp að 6 mílum, upp að 4 mílum eða jafnvel 3 mílum, eins og Bretar gera. Hvort sem hefur verið um að ræða rétt okkar, sem við höfum verið allir sammála um að halda fram með sama hætti, eða nauðsyn okkar og rök okkar fyrir aðgerðunum eða aðferðunum, sem við höfum beitt til þess að ná fram þessum rétti okkar, og um það höfum við ekki alltaf verið jafnsammála, þá hafa allir reynt, allar stjórnir, sem hafa haldið á þessu máli, að ná sem mestri samstöðu, líka um aðferðirnar og rökin, sem við beitum til þess að ná fram þeim rétti, sem við erum allir sannfærðir um að við höfum.

Þetta var svo vorið og sumarið 1958, áður en reglugerðin um 12 mílna landhelgina var sett. Þá hafði starfað n. að því máli mánuðum saman, n. skipuð fulltrúum frá öllum flokkum. Það var ekkert við það að athuga frá mínu sjónarmiði, að utanrmn. fjallaði ekki sérstaklega um það mál, vegna þess að um það voru allir sammála, að ákvörðun sjálfrar lögsögunnar væri innanríkismál, en ekki utanríkismál. Þegar reglugerðin var sett eftir langvarandi og vandlegan undirbúning, var það að vísu á ábyrgð þáverandi stjórnarflokka með öruggan þingmeirihluta að baki, en stjórnarandstöðuflokkurinn, Sjálfstfl., mótmælti ekki setningu reglugerðarinnar og mótmælti ekki neinum höfuðatriðum málsins, sem þá var haldið fram af hálfu ríkisstj. gagnvart öðrum þjóðum. Það heyrðust að vísu raddir frá Sjálfstfl., því miður, um það, að við hefðum ekki, áður en reglugerðin var sett, talað nógu lengi og nógu vinsamlega við vini okkar Breta og aðrar vina- og bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu. En hæstv. utanrrh. hefur margoft hrakið þessa gagnrýni Sjálfstfl. með því að lýsa því, hvernig hann sjálfur sem utanrrh. stofnaði til og tók þátt í langvarandi viðræðum við vinaþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu, bæði áður en reglugerðin var sett og eftir að hún var sett, fram í ágústmánuð 1958, jafnvel fram undir 1. sept. 1958, þegar reglugerðin gekk í gildi. Hæstv. ráðh. hefur þannig marghrakið þær ásakanir Sjálfstfl., að ekki hafi verið rætt nógsamlega við vinaþjóðir okkar og bandamenn innan Atlantshafsbandalagsins, áður en reglugerðin var sett. En það voru einu andmælin, sem Sjálfstfl. bar þá fram gegn setningu reglugerðarinnar.

Það mætti, auk þess sem hæstv. utanrrh. hefur sagt, lýsa því, hvernig viss málamiðlunartill., sem var sett fram í ráði Atlantshafsbandalagsins í höfuðstöðvum þess í París, var og hvernig henni var tekið. En það var gert áður en ákvörðun var tekin um setningu reglugerðarinnar í júní 1958. Það má minna á í þessu sambandi, að Alþ. og ríkisstj. 1958 gerðu sér áreiðanlega ljóst, að hverju þeir gengju um aðgerðir Breta, áður en reglugerðin var sett, og hótanir Breta um ofbeldisaðgerðir í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, 12 mílna landhelgi, lágu fyrir, áður en Alþ. og ríkisstj. tóku ákvörðun um setningu reglugerðarinnar. Við létum það ekki hræða okkur þá.

Eftir að átökin hófust á hafinu við Ísland eftir 1. sept. 1958, þessi ójöfnu átök, þar sem annars vegar voru vígdrekar Breta og hins vegar okkar litlu varðbátar, þá gerðist það, að þjóðin reis upp sem einn maður gegn ofbeldi Breta. Og það má segja, að þjóðin hafi með samþykktum, sem gerðar voru í nálega hverju félagi, öllum félagssamtökum og félagsmálastofnunum í landinu einróma um að lýsa yfir samþykki sínu við aðgerðir vinstri stjórnarinnar og mótmæla ofbeldi Breta, — þjóðin hafi með eins konar sjálfkrafa þjóðaratkvgr. staðfest reglugerðina frá 30. júní 1958 sem lög. Mér er nær að halda, að það hafi aldrei staðið meir einhuga þjóð á Íslandi heldur en eftir 1. sept. 1958 og fyrstu vikurnar eftir að Bretar sýndu þjóðinni ofbeldi sitt.

Þá gerðist það einnig, að forustumenn Sjálfstfl. fóru á kreik og fóru hvað eftir annað á fund vinstri stjórnarinnar og óskuðu eftir fundi með utanrmn. til þess að bera fram þá till., að nú yrðu teknar upp viðræður við Breta innan Atlantshafsbandalagsins. Ég minnist þess ekki, að þeim hafi nokkurn tíma verið synjað um fund í utanrmn. til þess að koma þessari till. sinni á framfæri. Ég minnist þess ekki, að það hafi nokkurn tíma verið neitað að hlusta á málflutning þeirra og rök fyrir því, að þá einmitt ætti að taka upp viðræður við Breta, vegna þess að starfsmenn landhelgisgæzlunnar íslenzku væru í lífshættu fyrir brezkum herskipum og þetta væru sjálfsögðustu viðbrögðin, eins og þá var komið.

Þessi till. Sjálfstfl. var rædd á mörgum fundum í utanrmn. og ríkisstj. fyrir áramótin 1958. En um áramótin 1958—59 skipti um ríkisstj. í landinu, eins og menn muna vel, og þá tók við ríkisstj. Alþfl. með sama hæstv. utanrrh., en með stuðningi Sjálfstfl. Og hvað gerðu þá forustumenn Sjálfstfl. með till. sína um að taka nú upp viðræður um landhelgismálið til að afstýra árekstrum á hafinu, koma í veg fyrir lífshættu, sem íslenzkir varðskipamenn stóðu í? Kölluðu þeir saman fund með utanrmn. á útmánuðum 1959? Nei, þeir hættu að tala um till. sína, en hún lá fyrir í utanrmn.

Ég veit ekki til þess, að hættan á árekstrum á hafinu hafi minnkað á hávertíðinni 1959. Það slumaði í forustumönnum Sjálfstfl., þegar þeir áttu sjálfir ríkisstj. eins og þeir áttu ríkisstj. Alþfl. Ég veit með fullri vissu, að það var ekki í þeim skilyrðum, sem Sjálfstfl. setti fyrir stjórnarmyndun Alþfl., að það yrðu teknir upp samningar um landhelgismálið við Breta. Og ég veit það sannanlega, að á fundi utanrmn. 27. apríl 1959 treysti hæstv. utanrrh. Alþfl., sem hafði fullan stuðning Sjálfstfl. að baki, sér til þess að kveða niður þessa till. forustumanna Sjálfstfl., núv. hæstv. forsrh. og núv. hæstv. dómsmrh., og ganga af henni steindauðri, án þess að þeir kveinkuðu sér nokkuð. Í staðinn var á sama fundi, einnig með atkv. forustumanna Sjálfstfl., hæstv.

forsrh. og hæstv. dómsmrh., samþ. till. um yfirlýsingu Alþ., sem var endanlega samþ. á Alþ. 5. maí 1959, nokkrum dögum seinna, að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi fyrir Ísland en 12 mílur.

Ég veit ekki til þess, að hæstv. utanrrh. eða hæstv. dómsmrh. eða hæstv. forsrh. hafi nokkuð haft að athuga við yfirlýsingar hæstv. utanrrh., sem ég hef getið um hér á undan, af hálfu ríkisstj. Alþfl., sem Sjálfstfl. studdi 1959, um, að við hefðum ekkert við Breta að semja um íslenzka fiskveiðilögsögu og mundum þess vegna hafna öllum tilmælum um slíkar viðræður. Ég veit ekki til þess, að forustumenn Sjálfstfl. hafi neitt haft að athuga við þessar yfirlýsingar utanrrh., og ég veit ekki til þess, að hæstv. dómsmrh. hefði neitt að athuga við yfirlýsingar hæstv. utanrrh. á fundi utanrmn. síðast 13. júlí í sumar um, að enn væri það stefna þessarar hæstv. ríkisstj. að hafna öllum tilmælum um samningsviðræður við Breta, af því að við hefðum um ekkert við þá að semja um íslenzka fiskveiðilögsögu. Hæstv. utanrrh. sagði: „Þetta er stefna núverandi ríkisstj., eins og það hefur verið stefna fyrri ríkisstj." Hæstv. dómsmrh. þagði þá um till., bæði fyrri og síðari till. Sjálfstfl., hans og hæstv. forsrh., um að taka upp viðræður við Breta.

Ég veit ekki, hvað hefur gerzt frá 13. júlí og fram til 10. ágúst, hvaða sinnaskipti hafa farið fram eða með hvaða rökum hjá hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. og hjá hæstv. ríkisstj. En í þessum mánuði hefur það gerzt, að hæstv. ríkisstj. hefur skipt um skoðun, því að á fundi utanrmn. 10. ágúst, tveimur dögum áður en vopnahlé Breta rann út, loforð þeirra um að beita ekki herskipum innan 12 mílna landhelginnar, sem þeir höfðu svikið, og loforð brezkra togaraeigenda um að láta ekki togara sína fara inn í 12 mílna landhelgina til veiða, sem þeir höfðu einnig svikið, — tveimur dögum áður en þetta rann út, var kallaður saman í snatri fundur utanrmn., þar sem ríkisstj. tilkynnti, að hún hefði ákveðið að verða við tilmælum Breta um viðræður milli ríkisstjórnanna um landhelgismálið, og þá sagði hæstv. utanrrh.: annars vegar, til þess að koma í veg fyrir nýja árekstra á Íslandsmiðum og hins vegar alveg sérstaklega til þess að vinna að framgangi ályktunar Alþ. frá 15. maí 1959 um landgrunnið. En þar segir, eins og menn muna, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.

Ég veit ekki, eins og ég sagði áðan, hvað hefur gerzt á tímabilinu frá 13. júlí til 10. ágúst, sem hefur valdið því, að ríkisstj. tók þá ákvörðun, þvert ofan í fyrri yfirlýsingar sínar og þvert ofan í stefnu allra ríkisstj., sem hafa verið á Íslandi síðustu árin, að ganga til samninga við Breta. Ég veit ekki til þess, að það hafi komið neitt fram frá hálfu brezku stjórnarinnar, sem bendi til þess, að afstaða hennar sé í nokkru breytt, hvorki í þá átt, að Bretar séu nú reiðubúnir til að breyta afstöðu sinni og viðurkenna rétt okkar til þess að taka okkur einhliða 12 mílna fiskveiðilandhelgi, og enn þá síður, að brezka stjórnin sé nú reiðubúin til þess að viðurkenna rétt okkar til landgrunnsins alls.

Mér er kunnugt um að vísu, að það kom fram, meðan Genfarráðstefnan stóð yfir í vor, tilboð frá brezku stjórninni til íslenzku ríkisstj., sem var ekki farið hátt með hér heima fyrir, en hefur verið skýrt frá af hálfu brezku stjórnarinnar í sjálfu brezka þinginu. En mér er líka kunnugt um, að íslenzka ríkisstj. taldi ekki rétt að taka því tilboði og mun líklega ekki hafa svarað, vafalaust með þeim rökum, að við hefðum ekkert við Breta að tala, hefðum ekkert við þá að semja. Í ræðu, sem sjútvm.- og landbrh. Breta hélt í brezka þinginu, nýkominn heim af Genfarráðstefnunni í vor, lýsti hann því yfir, að brezka stjórnin væri að vísu reiðubúin til samninga við Íslendinga, eins og brezka stjórnin hefði boðið fyrir skemmstu, — en, sagði sá ráðh., við viðurkennum ekki einhliða kröfu íslenzku ríkisstj. um 12 mílna fiskveiðilögsögu, og herskip okkar munu halda áfram að aðstoða fiskimenn okkar á Íslandsmiðum.

Þetta er síðasta yfirlýsingin, sem ég veit um að hafi komið fram um stefnu brezku stjórnarinnar í málinu.

Daginn, sem Alþ. kom saman að þessu sinni, mánudaginn 10. okt., gaf hæstv. forsrh. að gefnu tilefni frá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar yfirlýsingu um, að samráð skyldi verða haft við Alþ., áður en ráðið yrði til lykta þeim viðræðum, sem farið hefðu fram og mundu fara fram milli fulltrúa ríkisstj. og brezku stjórnarinnar. Nú vil ég ekki draga í efa, að staðið verði við þetta loforð af hálfu hæstv. ríkisstj. En ég vil benda á, að það er ekki að hafa samráð við aðra aðila um mál að tilkynna þeim aðeins, hvað hafi verið afráðið í málinu, og segja: Nú ráðið þið, hvað þið gerið, hvort þið eruð með þessu eða móti, en þetta höfum við ákveðið.

Hæstv. dómsmrh. sagði okkur í júlí, að ríkisstj. mundi athuga, hvað hún teldi rétt að gera í þessum málum, og mundi þá auðvitað fara að lögum og bera sig saman við hlutaðeigandi aðila og þá vitanlega fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna. Þetta var efnt þannig, að hlutaðeigandi aðilum, fulltrúum þingflokkanna, var aðeins tilkynnt, hvað ríkisstj. hefði ákveðið að gera. Það er ekki að hafa samráð við menn eða bera það undir menn, hvað gera skuli, að tilkynna aðila aðeins, hvað gert hafi verið, um leið og það er um garð gengið.

En nú er liðið á þriðju viku, frá því að Alþ. kom saman, og enn hefur utanrmn. ekki verið kölluð saman til þess að skýra henni á nokkurn hátt frá gangi málsins. Ég vil skýra frá því, að nokkru áður en Alþ. kom saman, skrifuðum við, hv. 2. þm. Vestf. og ég, hæstv. utanrrh. bréf, þar sem við óskuðum eftir því, að utanrmn. væri kölluð saman og henni sagt frá þeim samningaviðræðum, sem þá höfðu farið fram, og samráð væri haft við hana, eins og lofað hefði verið, en hæstv. utanrrh. hafði lofað því á fundi utanrmn. 10. ágúst, að strax og málin hefðu skýrzt betur, skyldi að sjálfsögðu vera haft samráð við nefndina.

Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hafa málin ekki skýrzt betur síðan — við skulum segja — 10. okt., þegar Alþ. kom saman og brezku samningamennirnir héldu heim til sín? Hafa málin ekk-

ert skýrzt, svo að hægt sé að hafa samráð við utanrmn. samkvæmt gefnu loforði hæstv. ráðh.?

Ég vil í þessu sambandi benda á, hvernig hinn samningsaðilinn, brezka stjórnin, hefur farið að síðar meir. Það vill svo til, að við vitum það nú af fréttum í brezkum blöðum og íslenzkum, að sama daginn og Alþ. kom saman, 10. okt., héldu tveir brezkir ráðh., fiskimálaráðh. og sjálfur utanrrh., Home lávarður, fund með fulltrúum brezkra togaraeigenda og yfirmanna á brezkum togurum og samninganefndarmönnunum, sem voru þá nýkomnir frá Reykjavík, og þar gáfu samninganefndarmennirnir skýrslu um samningaviðræðurnar, og ráðh. ræddu þær við fulltrúa togaraeigenda og togarasjómanna og fulltrúar togaraeigenda og togarasjómanna fóru með þessar upplýsingar um gang viðræðnanna út í félög sín til þess að ræða þær þar, og Morgunblaðið sagði frá því, að samninganefndarmennirnir brezku hefðu á þessum fundi skýrt frá gangi viðræðnanna hér í Reykjavík og sagt nýjustu fréttir af viðræðum Breta og Íslendinga. Nú getum við íslenzkir alþm. kannske ekki vænzt þess af hálfu hæstv. ríkisstj., að við séum metnir af henni á móts við það, sem brezka stjórnin metur sína togaramenn. En ég verð þó að spyrja: Eigum við ekki rétt á því, a. m. k. nm. í utanrmn., a. m. k. utanrmn., samkv. lögum, að eitthvert samráð verði haft við n.? Og hvenær skyldum við mega vænta nýjustu frétta af samningaviðræðunum, sem lauk hér í Reykjavík þann 10. okt., en nú í dag er 27. okt.? Hvenær skyldi Alþingi fá nýjustu fréttir af þessum viðræðum, sem voru sagðar brezkum togaraeigendum og togarasjómönnum strax þann 10. okt.?

Það gildir nú samkvæmt alveg óyggjandi fréttum bann við löndunum íslenzkra togara í Bretlandi, og meira að segja í dag skýra stjórnarblöðin frá því, að það sé ekki aðeins bann við löndunum íslenzkra togara, það megi ekki flytja nokkurn fisk frá Íslandi til Bretlands, ekki ísaðan fisk í kössum einu sinni, og það sé samkvæmt loforðum íslenzku ríkisstj. og samkomulagi. Hvað er hæft í þessu?

Ég mun annars, áður en ég lýk máli mínu, bera fram nokkrar spurningar til hæstv. utanrrh., sem ég vona að hann svari á þessum fundi hv. d., svo að hv. þdm. a. m. k. fái vitneskju um eitthvað af því, sem hér hefur farið fram. Ég hef í því, sem ég hef sagt hér, sýnt fram á, að með ákvörðun hæstv. ríkisstj. að taka upp samningaviðræður við Breta um landhelgismálið, en þær viðræður hljóta samkvæmt eðli málsins og líka samkvæmt reynslunni að snúast um víðáttu fiskveiðilögsögunnar sjálfrar, hefur hæstv. ríkisstj. ekki aðeins rofið yfirlýsingar sínar, ráðherra sinna og forustumanna þeirra flokka, sem að henni standa, heldur einnig yfirlýsingu Alþingis frá 5. maí 1959, sem gerð var einróma í nafni þjóðarinnar af öllum flokkum, sem sæti eiga á Alþ. Það er að vísu ekki gott, það er að vísu allillt, að kjósendurnir, þjóðin, skuli ekki geta treyst yfirlýsingum forustumanna stjórnmálamanna sinna og flokka í svo þýðingarmiklum málum. En hitt er verra í mínum augum, að með því einu að taka upp samningaviðræður við Breta um málið, eins og gert hefur verið, hefur ríkisstj. gengið á móti öllum meginröksemdum, sem haldið hefur verið fram af hálfu margra ríkisstj., sem haldið hafa á þessu máli í nafni þjóðarinnar gagnvart öðrum þjóðum.

Við höfum frá því 1952 a. m. k., í raun og veru frá 1948, haldið því fram gagnvart öðrum þjóðum, oft og tíðum á alþjóðaráðstefnum, á fundum Sameinuðu þjóðanna, á samkomum, þar sem saman hafa verið komnir fulltrúar flestra þjóða í heiminum, að við gætum ekki beðið með einhliða aðgerðir í landhelgismálum okkar, vegna þess að það væri lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar að framkvæma þær aðgerðir tafarlaust, það mætti ekki bíða, ekki eitt ár. Það mætti alls ekki bíða eftir því, að sett kynni að verða alþjóðleg regla innan Sameinuðu þjóðanna eða á ráðstefnu um lögsöguna á hafinu, vegna þess að líf íslenzku þjóðarinnar lægi við. — Þetta hafa verið meginrök okkar í málinu á öllum ráðstefnum og gagnvart öllum þjóðum.

Ég held, að strax á árinu 1952 hafi verið gerð af hálfu ríkisstj., sem þá sat, grg. fyrir aðgerðunum þá, þar sem þetta var mjög rækilega undirstrikað, að nauðsyn íslenzku þjóðarinnar krefðist einhliða aðgerða þegar í stað, ef við teldum okkur hafa rétt að þjóðarétti til einhliða aðgerða. Og ég held, að jafnvel hæstv. dómsmrh. núverandi hafi komið eitthvað nálægt því að semja þessa grg., sem Bretum var send, fyrir einhliða aðgerðum okkar. Og þessi rök okkar, sem við höfum haldið fram á alþjóðavettvangi, að aðgerðir til friðunar á Íslandsmiðum mættu alls ekki bíða vegna lífsnauðsynjar íslenzku þjóðarinnar, — og raunar vegna þess, að þær væru um leið hagsmunamál annarra þjóða, vegna þess að fiskstofnarnir sjálfir við Ísland væru í hættu, — þessi rök hafa reynzt okkur haldgóð og sterk á alþjóðavettvangi. Það er komið nærri því, að meginkjarni þeirra sé almennt viðurkenndur.

En í samningum við Breta, — við höfum átt í samningum við Breta fyrr en nú, það fóru fram, að vísu með nokkurri leynd, samningsviðræður við Breta á árunum 1954 og 1955 og fram á árið 1956, — í öllum slíkum samningaviðræðum hafa Bretar sagt: Við viðurkennum ekki forsendur ykkar fyrir aðgerðum ykkar, einhliða aðgerðum. Við viðurkennum ekki rök ykkar fyrir því, að það sé nein lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar að framkvæma þessar aðgerðir. — En við höfum bent á, að við höfum með okkur í því máli vísindin og reynsluna. Við höfum getað sannað, hvað ofveiðin við Ísland, sem framkvæmd hefur verið af útlendum togurum, hefur haft að þýða. Við höfum stríðstímabilið 1939—45 til að benda á og mörg önnur rök. Og við höfum sagt: Við getum ekki samið um þetta mál við einn eða neinn, af því að fiskstofnarnir við Ísland eru í hættu, og ef þeir ganga til þurrðar, þá er líf íslenzku þjóðarinnar í hættu. Þess vegna semjum við ekki um þetta mál við einn eða neinn, því að það er lífsnauðsyn fyrir okkur, auk þess sem við höfum fullan rétt að þjóðarétti til aðgerða. — Við höfum bent á, að við getum ekki samið við Breta eina, af því að samningar við þá mundu leiða til sams konar réttinda fyrir allar aðrar þjóðir, sem hafa stundað

fiskveiðar á Íslandsmiðum. Og ef slík veiði hins mikla togaraflota, sem hefur verið hér við land eftir stríðið, héldi áfram, höfum við sagt, þá er fiskstofnunum við Ísland stefnt í beinan háska.

Þessi rök okkar eru gild enn í dag, og væntanlega er þeim haldið fram í umræðum þeim, sem fara fram við Breta. Það er væntanlega ekki hætt við það nú að benda Bretum á, að ef þeim væru veitt fríðindi innan íslenzkrar 12 mílna fiskveiðilandhelgi, þá munu allar þjóðir, líka þær, sem hafa í verki viðurkennt 12 mílna landhelgina frá 1958, krefjast sömu réttinda og fríðinda.

Það er hægt að benda á fjölmörg gögn, þar sem íslenzkar ríkisstj. og fulltrúar þeirra hafa haldið þessum rökum fram á alþjóðavettvangi, og þau rök eru enn í fullu gildi. Það er alveg víst, að ef samið væri við Breta um undanþágu frá 12 mílna fiskveiðilandhelginni, yrðum við að veita þau fríðindi og þær tilslakanir öllum öðrum þjóðum, sem vildu stunda fiskveiðar við Ísland.

Við vitum allir, að íslenzkur sjávarútvegur á við margs konar erfiðleika að stríða í dag. En það er alveg víst, að mörgum hugsandi mönnum, sem til þeirra mála þekkja, er það langmest áhyggjuefni, að íslenzku fiskstofnarnir við Ísland séu að ganga til þurrðar þrátt fyrir þá miklu og vaxandi friðun, sem hefur átt sér stað s. l. 8 ár. Það má enginn láta það blekkja sig, þótt það hafi tekizt undanfarin ár, að upp hefur verið náð svipuðu fiskmagni á ári hverju og oft áður og jafnvel vaxandi, því að það hefur verið gert með stórkostlega aukinni tækni og gegndarlausri veiðarfæranotkun, sem ég fyrir mitt leyti tel að Alþingi geti ekki látið afskiptalaust miklu lengur. En ég held líka, að það sé miklum meiri hluta þjóðarinnar vel ljóst, þó að öllum kunni ekki að vera það eins ljóst og þeim, sem bezt þekkja til, hvílíkur háski er hér á ferðum, ef togaraflota allra Evrópuþjóða, sem vilja stunda veiðar við Ísland, væri hleypt í kjölfar Breta upp að 6 mílum, jafnvel þótt ekki væri nema á vissum svæðum innan 12 mílna landhelginnar, eins og virðist hafa komið til mála og hafi verið rætt. Það mundi hafa í för með sér stórkostlega eyðileggingu fiskstofnanna við allt landið, eins og við höfum haldið fram á alþjóðaráðstefnum árum saman og í raun og veru alla tíð síðan 1948.

Hæstv. ríkisstj. játar það oft í umr., að hún hafi lagt nokkrar byrðar á þjóðina á þessu ári, sem nú er að líða. En hún segir: Það eru byrðar, sem menn bera rétt í bili. — Ég ætla ekki að ræða um, hvernig það horfir og hvað muni reynast rétt í því efni. En ef hún bætir því ofan á að hleypa togaraflota Breta og allra annarra fiskveiðiþjóða í Evrópu inn í 12 mílna landhelgina, þá er ég sannfærður um, að meiri hl. þjóðarinnar mun ekki trúa því, að afleiðingarnar af því, skaðlegar afleiðingar þess, verði rétt í bili, að það verði byrði, sem verði lögð á þjóðina rétt í bili. Ég er alveg sannfærður um, að mikill meiri hl. þjóðarinnar skilur það, hefur skilið það til fulls, að ef það væri gert, þá mundu skaðlegar afleiðingar þess standa um langan tíma, og að það eru ekki innantóm orð, sem við höfum allir sagt, fulltrúar allra flokka, að með slíku, áframhaldandi ofveiði við Ísland, væri líf íslenzku þjóðarinnar í framtíðinni í húfi. Ég er sannfærður um, að þjóðin hefur skilið þetta og veit, að þetta eru ekki innantóm orð, sem við höfum verið að segja fulltrúum erlendra þjóða á alþjóðavettvangi um áratug eða meira.

Ég mun nú ljúka máli mínu, en ég vil áður leyfa mér að bera nokkrar spurningar fyrir hæstv. utanrrh.

Ég vil spyrja í fyrsta lagi: Hvenær fær utanrmn. eða Alþingi skýrslu um viðræðurnar, sem fóru fram hér í Reykjavík frá 1.—10. okt. s. l.?

Ég vil spyrja í öðru lagi: Verða þessar viðræður teknar upp að nýju og þá hvar og hvenær? Ég hef heyrt þá frétt í dag, að tveir fulltrúar hæstv. ríkisstj. séu nú farnir til Bretlands til þess að undirbúa nýjar viðræður. Ég vil þess vegna spyrja: Fara þessir fulltrúar ríkisstj. með umboð ríkisstj. til þess að eiga viðræður við fulltrúa brezku ríkisstj. eða verða viðræður teknar upp að nýju hér í Reykjavík?

Ég vil í þriðja lagi spyrja: Er það rétt, sem brezk blöð skýra frá, að í lok viðræðnanna, sem fóru fram hér í Reykjavík 1.—10. okt., hafi legið fyrir í fyrsta lagi tilboð frá brezku stjórninni og í öðru lagi tilboð frá íslenzku ríkisstjórninni. Ég spyr ekki um einstök atriði þessara tilboða. Ég spyr ekki um það, vegna þess að ég tel víst, að hæstv. utanrrh. mundi ekki vilja skýra frá því að svo stöddu í einstökum atriðum. Ég spyr þess vegna aðeins um það almenna atriði: Hefur hæstv. ríkisstj. gert brezku stjórninni tilboð um samningsgrundvöll, og hefur brezka stjórnin gert tilboð um samningsgrundvöll?

Ég vil í fjórða lagi spyrja hæstv. utanrrh.: Er það rétt, sem hefur komið fram í brezkum blöðum, að íslenzka ríkisstj. hafi gert ráðstafanir til þess, að íslenzkir togarar lönduðu ekki fiski í Bretlandi, meðan á viðræðum stæði? Ég veitti því athygli, að brezk blöð, áreiðanleg blöð, skýrðu frá því, að utanrrh. Breta hefði fullvissað brezka togaraeigendur um, að það yrði engum íslenzkum fiski landað í Bretlandi, fyrr en viðræðum væri lokið. Mér finnst líklegt, að enginn hafi getað fullvissað brezka utanrrh. um þetta, nema íslenzka ríkisstj. hefði tryggt sér það, að ekki færu fram slíkar landanir. Nú sé ég það í dag, að það má ekki einu sinni flytja ísaðan kassafisk til Bretlands, og ég spyr: Er það samkvæmt tilmælum eða að undirlagi íslenzku ríkisstj. eða að hennar tilhlutan?

Ég vil enn fremur spyrja: Hefur sú breyting orðið á afstöðu brezku stjórnarinnar í grundvallaratriðum, að hún sé nú reiðubúin til þess að viðurkenna rétt Íslendinga til einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 12 mílur? Og í öðru lagi: Hefur það komið fram, að sú breyting hafi orðið á afstöðu brezku stjórnarinnar, að hún sé nú reiðubúin til þess að viðurkenna rétt Íslendinga til landgrunnsins alls, eins og segir í ályktun Alþingis frá 5. maí 1959?

Þá vil ég að síðustu spyrja: Telur hæstv. utanrrh., að það sé hægt að neita öðrum þjóðum um þann rétt, sem Bretar fengju eða kynnu að fá, ef þeim væru veittar tilslakanir frá 12 mílna fiskveiðilandhelginni? Telur hæstv. utanrrh., að það sé með nokkru móti hægt að neita öðrum þjóðum um þann rétt innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, hver sem hún er, sem öðrum þjóð-

um, þ. á m. þjóðum, sem hafa ekki virt gerða samninga, er veittur.

Ég vil treysta því, að hæstv. utanrrh. svari þessum spurningum mínum um almenn grundvallaratriði málsins og að hann treysti sér til að gera það nú þegar á þessum fundi þessarar hv. deildar.

Og mun ég svo láta útrætt um málið að sinni, áður en ég heyri svör hæstvirts ráðh. eða hæstvirtra ráðherra.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þær tvær framsöguræður, sem við höfum nú hlýtt á fyrir þessu frv., voru með mjög ólíkum hætti. Hv. 1. flm., 2. þm. Vestf. (HermJ), taldi þetta frv. ekki gefa neitt tilefni til þess að ræða um landhelgismálið almennt, lýsti því a. m. k. berum orðum yfir, að hann ætlaði ekki að gera það að tilefnislausu. Hv. 2. flm., sá sem nú var að ljúka máli sínu, hefur hins vegar talað um þetta mál nú nokkuð á annan klukkutíma og eingöngu um sjálft landhelgismálið og deiluna við Breta, en alls ekki um það frv., sem hér liggur fyrir, nema örfá orð allra fyrst í ræðu sinni.

Ég er báðum hv. flm. sammála um, að ég tel á þessu stigi málsins ekki ástæðu né heppilegt að ræða sérstaklega mikið um þetta frv. Það má mjög deila um, hvort það sé til framdráttar okkur í þeirri deilu, sem við eigum í út af okkar fiskveiðilögsögu.

Hv. 1. flm. hélt því fram, að nú orðið og miðað við árangur eða það, sem fram hefði komið á Genfarráðstefnunni 1958, væri eðlilegt, að við lögfestum okkar fiskveiðilögsögu. En ef svo er og þarna er um hans raunverulegu ákvörðunarástæðu að ræða, svo sem hann sagði, þá hljóta menn að varpa fram þessari spurningu:

Af hverju bar þessi hv. þm., sem var forsrh. Íslands 1958, þegar fiskveiðilögsagan var ákveðin með þeirri reglugerð, sem hér er vitnað til, — af hverju bar hann þá ekki fram frv. um lögfestingu fiskveiðilögsögunnar? Af hverju lét hann sér þá nægja að ráða þessu mikla máli til lykta með einfaldri stjórnarvaldsákvörðun, að vísu með fullri stoð í lögum?

Ég þori að fullyrða, að ef málið hefði þá verið lagt fyrir Alþingi, mundi margt betur hafa farið í meðferð þess en raun ber vitni.

Hv. 2. flm. ræddi að vísu nokkuð um aðdraganda þeirrar reglugerðarsetningar og viðbrögð manna við henni, eins og hann drap á ýmis einstök söguleg atriði úr meðferð málsins síðar, en ekki verður um það deilt, að þar var mörgu hallað í málflutningi, um margt þagað, sem miklu máli skipti, og raunar víða vísvitandi rangt sagt frá, eða a. m. k. sagt frá af þeim manni, sem betur átti að vita um sannleikann heldur en hann fór með hann í sínum málflutningi.

Við sjálfstæðismenn óskuðum eftir því sumarið 1958, að gefin yrði út skýrsla almenningi til fróðleiks um það, sem gerzt hefði í málinu innan ríkisstjórnarinnar og í meðförum stjórnmálaflokkanna sín á milli vorið 1958. Því var neitað af þáv. hæstv. ríkisstj. En svo mjög villandi málflutningur, sem við hlustuðum hér á af hv. 2. flm. þessa frv., hlýtur að vekja upp þá spurningu, hvort ekki sé brýn nauðsyn til þess, að öll þau gögn verði nú gefin út, þannig að almenningur eigi þess fullan kost að átta sig hlutlaust, eftir því sem skýrslurnar sjálfar segja til um, á tillögugerð hvers og eins á öllum stigum þessa máls. Mun það vissulega verða athugað.

En það er víst, að 1958 hefði málið hlotið mun heppilegri meðferð, ef Alþingi hefði þá fengið að ræða málið, t. d. við meðferð lagafrv. um lögfestingu ákveðinnar fiskveiðilögsögu, í stað þess að þá var málinu ráðið til lykta af þáv. stjórnarflokkum. Um sum atriði var á sumum stigum málsins haft nokkurt samráð við Sjálfstfl., en um lokaákvörðunina er það að segja, að hún var tekin einhliða og Sjálfstfl. var ekkert frá henni skýrt, fyrr en nokkrum dögum eftir að sú ákvörðun hafði verið gerð.

En það má vel vera, að þó að það hefði leitt til betri meðferðar 1958 á þessu máli, að löggjöf hefði verið um það sett, þá hafi verið fullgildar ástæður til þess, að sú aðferð var ekki viðhöfð, að hæstv. ríkisstj. hafi talið, að með slíkri lögfestingu 12 mílna fiskveiðilögsögu af hálfu Íslendinga væri gefin slík yfirlýsing um, að þar væri lokatakmarki náð í þessu máli, að hún hafi ekki talið æskilegt að viðhafa þá leið, enda er ég ákaflega hræddur um, að ef slík löggjöf yrði nú sett, þá mundi merking hennar fyrst og fremst vera talin sú, sem væntanlega hefur ráðið því, að til þessa ráðs var ekki tekið 1958. En það er einmitt einkennandi um hv. 1. flm. og suma hans skoðanabræður, að þeir telja ætíð, að annað henti, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, en þegar þeir fara sjálfir með völdin. Látum það vera. Sjálfsagt er að athuga þetta frv. frá öllum hliðum, taka það til meðferðar í n. og íhuga kosti þess og galla, hvort æskilegt sé að láta það ná samþykki.

En ég get ekki varizt því, að nokkuð kynlega brá við, þegar hv. þm., sem hefði getað lögfest slík ákvæði strax 1958, óskaði nú eftir því, að n. hraðaði sérstaklega meðferð málsins. Sú ábending verður trauðlega skilin nema af því, sem systurblað hans eitt, Þjóðviljinn, hélt nýlega fram, að það væru stjórnarflokkarnir, sem hefðu hindrað meðferð þessa máls í þinginu nú um nokkurra daga bil. Hv. þm. veit ósköp vel, að fyrsta daginn, þegar þetta mál var tekið á dagskrá, óskaði hann sjálfur eftir því, að það væri ekki tekið til meðferðar. Það var síðan tekið annan dag á dagskrá í fyrri viku. Þá er það rétt, að ég óskaði eftir því, sökum þess að ég var heima vegna kvefs, að málið biði þann dag. Síðan átti enn að taka það mánudag og þriðjudag í þessari viku, en þá var það hv. 2. þm Vestf., sem óskaði þess, að málið væri ekki tekið til umr., þannig að sá dráttur, sem hefur orðið á umr. um þetta mál, er fyrst og fremst að kenna, — ef um sök á að vera að ræða, eins og látið var í Þjóðviljanum, — sjálfum aðalflutningsmanni málsins. Þess vegna er því furðulegra, að hann skuli nú láta svo sem það geti oltið á einhverju, hvort málið verði afgr. deginum fyrr eða seinna úr n. En látum það vera, það skiptir ekki ýkjamiklu máli. Það er sjálfsagt að athuga, hvort heppilegt sé að lögfesta þetta frv. eða ekki. En það þarf

íhugunar við og því eðlilegt, að það fái venjulega, þinglega meðferð.

Um ræðu hv. 2. flm., 5. þm. Reykn., mætti í raun og veru margt segja, ef ég hirti um og nennti að fara að eltast við hans frásögn af liðnum atburðum, því að að mestu leyti fjallaði ræðan um það. Sú ræða var að ýmsu fróðleg. En hún hefði verið enn þá fróðlegri og merkilegri líka, ef hv. þm. hefði sagt satt frá, en ekki hallað svo réttu máli sem hann gerði. Látum vera þau hnotabit um það, sem liðið er. Vafalaust gefst nægur tími til þess að ræða þá hlið málsins, og ég skal ekki eyða tíma þingsins í það á þessu stigi þessa máls, enda verð ég að segja, að hér er um slíkt vandamál að ræða, að miklu sæmra er að snúa sér að og hugsa um, hvernig eigi að leysa það vandamál, sem við stöndum frammi fyrir, heldur en hitt, að bera sakir á sína andstæðinga í innanlandsmálum, jafnvel þó að þær væru betur á rökum reistar en þær sakir, sem þessi hv. þm. bar sína andstæðinga.

Það er eftirtektarvert, að hv. þm. minntist ekki einu orði á, hvers eðlis sú deila er, sem við nú stöndum í við Breta. Hann minntist ekki einu orði á, hvers eðlis sú deila er, hvorki að hve miklu leyti hún kann að varða okkar hag né heldur hvernig hana eigi að leysa. Fram hjá þessu gekk hann gersamlega. Það má vel vera, að margt hafi misfarið í meðferð þessa máls af hálfu núverandi ríkisstj., eins og hv. 5. þm. Reykn. hélt fram, og af hálfu hæstv. stjórnar Hermanns Jónassonar, eins og ég tel. Það má vel vera, að við höfum báðir rétt fyrir okkur í þessu. En það er ekki þetta, sem nú skiptir máli, heldur verðum við að gera okkur grein fyrir, hvers eðlis vandinn er, sem við þurfum að leysa, og hvaða ráð við eigum að hafa til að leysa vandann. Hv. þm. talaði um það hér eins og málið stæði í raun og veru enn í sömu sporum og gert hefði fyrir Genfarráðstefnuna seinni nú í marz-apríl 1960. Sannleikurinn er þó sá, að málið horfir nú allt öðruvísi við en það áður gerði. 1958 var um það deilt, hvort 12 mílur ættu að vera heimilar sem yztu takmörk fiskveiðilögsögu, sem ákveðin væri einhliða af strandríki, hvort þessi yztu takmörk ættu að vera heimil fyrirvaralaust eða með eilífri sögulegri kvöð, er stæði um alla framtíð, — sögulegri kvöð, er veitti þeim, sem um visst árabil hefðu fiskað á vissum miðum, rétt til þess ótímabundið að halda þeim fiskveiðum áfram.

Það var ljóst, að inn á slíkar 12 mílur með eilífri sögulegri kvöð gat aldrei komið til mála að Íslendingar gætu gengið. Með því var 12 mílna meginreglan, sem sögð var vera lögfest, okkur a. m. k. lítils virði, ef ekki gersamlega ónýt. Þess vegna var þá ástæða til róttækra aðgerða af hálfu Íslendinga til þess að sýna fram á, að að slíkum afarkostum mundu Íslendingar aldrei ganga. Nú hefur það hins vegar áunnizt á tveggja ára tímabili, að það, sem áður átti að vera eilífðarkvöð, er nú að tillögum sömu aðila orðið að 10 ára fiskveiðikvöð. Það eru að vísu einnig harðari kostir en við viljum á fallast. En við skulum þá líka minnast þess, að það munaði einungis einu atkv., okkar sjálfra, á Genfarráðstefnunni, hvort þessi tíu ára kvöð yrði lögfest eða viðurkennd með lögáskildum meiri hluta á þessari ráðstefnu, ef við kjósum það orðalag heldur.

Að vísu lá í loftinu, þó að aldrei kæmi fram um það neitt formlegt tilboð, svo að ég vissi, — þá lá í loftinu, að við Íslendingar mundum geta fengið fimm ára tímabil viðurkennt í stað tíu ára, sem væri hin almenna regla. Það upplýstist, að Danir sömdu fyrir hönd Færeyinga og með samþykki réttra aðila þar í landi um slíka fimm ára kvöð, sem var sem sagt fimm árum styttri, helmingi skemmri tími en hin almenna regla átti að vera. Eins og ég segi, þá tel ég mjög sennilegt, að við Íslendingar hefðum átt kost á svipuðum kjörum, ef við hefðum óskað. Við töldum ekki ráðlegt af okkar hálfu að fallast á slíka kosti. Á það reyndi ekki, hvort lengra hefði verið fært að komast en þessu nam. En jafnvel miðað við fimm ár, sem við erum allir sammála um að vilja ekki ganga að, eru líkur til, að Bretar hefðu strax í vor viljað fallast á eitthvað minna, ef þess hefði verið gefinn nokkur kostur. Eins og málin stóðu á Genfarráðstefnunni, var ekki talið eðlilegt né heppilegt að leita fyrir sér um nokkra slíka samninga, heldur sjá, hvernig ráðstefnunni lyktaði, og kanna til hlítar, hver afstaða yrði að henni lokinni. Og það stendur óhaggað sem mín skoðun og sem skoðun ríkisstj. allrar, að slík kjör, sams konar og Danir sömdu um fyrir hönd Færeyinga, sé hvorki ástæða fyrir Íslendinga að fallast á né höfum við hagsmuni af því að gera slíkt.

Spurningin er hins vegar: Þegar deilan frá því að verða um eilífðar sögulega fiskveiðikvöð er ekki lengur um frambúðargildi tíu ára fiskveiðikvaðar, heldur um, hvernig sé hægt að ryðja úr vegi á sem skemmstum tíma þeim hindrunum, sem nú eru á því, að við njótum þessa okkar skýlausa réttar til fulls, þá kemur þar auðvitað á móti skoðun þess, hversu langan tíma tekur að ryðja þeim hindrunum úr vegi eftir þeim leiðum, sem tiltækilegar eru, ef nokkrar eru, öðrum en með samningum. Er nokkur leið, sem verður skjótvirkari til fullrar nýtingar okkar réttar heldur en viðræður og samningar við Breta, ef við getum gert þá á okkur hagkvæmari hátt?

Og þá kem ég að því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði: Við verðum að halda í 12 mílna fiskveiðilögsöguna, vegna þess að sú hætta er á, að fiskstofninum verði gersamlega útrýmt, ef erlendir togarar komast jafnvel á takmörkuðu svæði inn fyrir þessar 12 mílur. Eyðingarhættan er algerlega komin undir því, hversu langan tíma erlendum togurum er leyft, — ég segi: er leyft að veiða innan 12 mílna og hvað við fáum í staðinn. Fáum við í staðinn eitthvað, sem jafngildi eða meira en jafngildi því, sem þarna er látið í té af okkar hálfu?

Það kemur ekki til greina, eins og fullyrt hefur verið af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, að það standi til að fórna hagsmunum einstakra landshluta vegna annarra. Þarna verður að skoða hagsmuni hvers landshluta fyrir sig og íhuga, hvort hægt sé að finna lausn, sem tryggi okkar rétt, jafnvel fyrir hvern landshluta, með því að veita mjög tímabundna heimild til fiskveiða innan 12 mílnanna, gegn því að við fáum ákveðin ótvíræð hlunnindi þar á móti, — hlunnindi einnig

til verndar fiskstofninum. Þetta er atriði, sem verður að hugleiða og kemur ekki til mála að neita fyrir fram að skoða til grunns.

Það tjáir ekki að neita því, að deilan við Breta er fyrir hendi. Það má segja, að frambúðartrygging 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis allt Ísland sé nú þegar fyrir hendi. Það er sá mikli sigur, sem unninn er. Við getum skammað hver annan fyrir það, hvernig á málinu hefur verið haldið, eða við getum hælzt um yfir þeim mikla sigri, sem unninn hafi verið. Það er eftir því, í hvaða skapi við erum, eftir því, hvort við viljum gera hlut hvor annars og sjálfra okkar sem minnstan eða sem mestan. Og einhvern tíma hefði það þótt forsögn, að þó þyrfti ekki lengri tíma en þann, sem liðinn er, til þess að vinna þennan mikla frambúðarsigur.

En við skulum líka minnast þess, að oft hefur sigurvegari slegið sigurinn úr hendi sér með því að gera sér ekki grein fyrir, hvernig málin lágu í raun og veru, með því að leggja áherzlu á aukaatriði, með því að halda uppi fornum og e. t. v. réttmætum fjandskap, í stað þess að skoða málin einfaldlega í ljósi þess, hvernig eigi að tryggja það, sem áunnið er, hvernig eigi að komast út úr þeim vanda, sem er því samfara að hafa unnið sigurinn. Vandinn, sem við erum í vegna þessara sigurvinninga, er sá, að deilan við Breta stendur óleyst enn. Spurningin er: Hvernig eigum við að komast út úr deilunni við Breta án þess að fórna því, sem þegar er búið að vinna í þessu máli, heldur í þess stað að tryggja tilvist þess um alla framtíð?

Það hefur verið sagt: Landhelgismálið er leyst. 12 mílurnar er búið að vinna. — Það er rétt. Héðan af verður ekki til lengdar staðið á móti því, að 12 mílur verði viðurkenndar sem alþjóðlega gild regla. Ég hef talið, að hún hafi verið í gildi allan tímann. Ég hef aldrei óttazt að bera það mál undir alþjóðadómstól, þótt sumir hafi virzt gera það. Ég hef haft örugga sannfæringu fyrir því, að alþjóðlegur dómstóll mundi viðurkenna í senn rétt okkar og nauðsyn. En við vitum, að það munaði aðeins okkar eina atkv. á alþjóðaráðstefnunni í Genf, að því yrði hnýtt aftan í, að 10 ár skyldu veitast þeim, sem áður höfðu fiskað á þeim miðum, sem nú átti að bægja þeim frá, til þess að umþótta sig. Það er vafalaust, eins og ég sagði, að hægt er að semja um miklu skemmri tíma. Það er verið að kanna, hvort hægt sé að semja um miklu skemmri tíma, með því að tryggja Íslendingum fiskveiðar á þeim miklu skemmri tíma jafnvel eða betur en gert er með 12 mílna lögsögunni. Þetta er viðfangsefnið. Og ég vil segja, að ef við getum tryggt verndun fiskstofnsins og fiskveiðimöguleika bátaflotans betur eða jafnvel og við gerum nú um örfárra ára bil með slíkum samningum og sloppið við deiluna við Breta, þá er það mál, sem eðlilegt er að kannað sé til hlítar og Alþingi Íslendinga taki afstöðu til, áður en slíkum möguleikum er hafnað.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að rekja nú í einstökum atriðum þau óþægindi, sem fiskveiðideilan við Breta skapar okkur. Ég hef haldið mér þrátt fyrir óþurftartal stjórnarandstæðinga frá að segja nokkuð það, sem eftir mér væri hægt að hafa, á þann veg, að borizt gæti til Breta, sem gæti talið þeim trú um, að Íslendingar teldu sinn málstað á nokkurn hátt slíkan, að við værum tilneyddari til að semja við Breta en við erum. Ég mun ekki gera það hér. En hitt veit allur þingheimur, að Íslendingar hafa ríka hagsmuni af því að láta deiluna við Breta eyðast, alveg eins og Bretar hafa ríka hagsmuni af því að fá þessa deilu út úr heiminum, ekki fyrst og fremst vegna sinna fiskveiðihagsmuna, heldur af öðrum ástæðum. Þess vegna hef ég trú á því, að skynsamlegar viðræður, þar sem skoðað er ofan í kjölinn, hvar hagsmunirnir í raun og veru rekast á, kunni að geta leitt til góðs. Og málið er svo alvarlegt, að óheimilt er að hafna nokkrum möguleika í þessu máli, sem kann að vera til góðs. Í hinni löngu ræðu hv. 5. þm. Reykn., sem við vitum að er enginn skynskiptingur og kann vel að halda á sínu máli, forðaðist hann ekki einungis að gera grein fyrir eðli deilunnar við Breta, heldur forðaðist hann eins og heitan eld að minnast á, hvernig á að eyða deilunni við Breta.

Hvaða leiðir aðrar en þær, sem ríkisstj. nú bendir til og er að kanna, getur hv. stjórnarandstaða bent á til þess að eyða þessari deilu?

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Eins og ég gat um í þeim fáu orðum, sem ég sagði, þegar ég reifaði þetta frv. hér áðan, ætlaði ég ekki að gera landhelgismálið almennt að umræðuefni, nema sérstaklega gæfist tilefni til. Nú hefur hæstv. dómsmrh. rætt það mjög ýtarlega, hvernig eigi að leysa þetta mál, leysa þessa deilu við Breta, og bent á ýmsar leiðir, sem hann mælir með í því efni, og mun ég síðar í ræðu minni minnast nokkuð á þau atriði að gefnu þessu tilefni.

Það er þá fyrst, að í raun og veru kemur það fram í grg. fyrir frv., þó að stutt sé, hvers vegna þetta mál er flutt nú og farið fram á, að reglugerðin verði gerð að lögum. Það er sagt, að það sé heppilegt til frambúðar og tímabært eins og á stendur. Ég býst við, að flestir hv. alþm. skilji, við hvað er átt, þó að ég kvæði ekki sterkar að orði, hvorki í grg. né í þeirri framsöguræðu, sem ég flutti hér áðan. En ég gerði mér von til þess, að það væri vilji fyrir því hér á Alþingi að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir, án verulegra umræðna. Nú kemur það fram, að þó að ekki væri bein neitun hjá hæstv. dómsmrh. á því að samþykkja þetta frv., þá benti hann á leiðir, sem koma í veg fyrir það, að stjórnarflokkarnir geti samþykkt frv., því að um leið og búið er að gera þetta að lögum, verður vitanlega ekki samið um málið nema með samþykki Alþingis. Hann lagði út af því, að ég hefði beðið um að hraða þessu máli, en síðan beðið um frest, og er auðsjáanlega gert í þeim tilgangi að reyna að vekja grun um, að við flm. höfum ekki sérstakan áhuga fyrir málinu eða að minnsta kosti ég. Ég var forfallaður áður og þann dag, er málið var tekið fyrir, en gat ekki náð í forseta til þess að biðja hann um að taka málið ekki á dagskrá. Daginn eftir var málið tekið á dagskrá, og það er rétt, að þá var hæstv. dómsmrh. veikur. Ég bað um að taka mál-

ið fyrir þá næsta dag þar á eftir, en hann sagðist ekki búast við, að lasleiki hans hefði lagazt á svo stuttum tíma, og gat þess vegna ekki orðið fyrir helgi. Ég sagði forseta þá frá því, að þó að dómsmrh. væri orðinn friskur, sem ég veit ekkert um, hvort hann var eða ekki, mánudag og þriðjudag, þá væri ég fjarverandi úr bænum samkvæmt ákvörðun, sem ég hefði tekið löngu áður. En það er nógur tími enn með þetta mál, ef því er hraðað svo sem skylt er.

Hraði á málinu er nauðsynlegur vegna þess og verið er að fara inn á þessar umræður vegna þess, að verið er að loka þeirri leið, að ríkisstj. geri samninga í þessu máli bak við Alþingi. Þegar talað er um, hvers vegna ekki hafi verið borið fram lagafrv. áður um takmörk landhelginnar, og sagt, að við viljum hafa annan hátt á, ég vildi sérstaklega hafa annan hátt á, þegar ég sé í stjórnarandstöðu, heldur en þegar ég er í stjórn, þá skal ég segja það hreint eins og er, að eftir þær yfirlýsingar, sem gefnar voru af öllum flokkum í þessu máli, var ég ekki svo hugkvæmur að láta mér detta í hug, að það yrðu teknir upp samningar til afsláttar í þessu máli af neinum flokki. Þess vegna stendur þessi litla setning í grg.: „tímabært eins og á stendur". Það stendur nefnilega þannig á, að viðhorf flokkanna virðist vera annað en nokkur maður gat látið sér til hugar koma um þetta mál, þegar reglugerðin var gefin út, og játa ég fullkomlega þar mína yfirsjón.

Nú kemur að því, án þess að verið sé að deila frekar um, hvernig snúast eigi við þessu máli, hvers eðlis þessir samningar séu í raun og veru, sem nú er verið að taka upp.

Það er sagt: Við erum ekki að gera annað en að ræða við Breta um málið. — Ég þekki vel sögu þessa máls, ég veit, að hæstv. dómsmrh. þekkir hana líka, og ég fullyrði, að það var ófrávíkjanleg stefna allra flokka og yfirlýst af formönnum allra flokka eftir 1952 og fyrir 1952, að við ræddum ekki við Breta um þetta mál, vegna þess að við teldum það niðurlægingu fyrir okkur að ræða um það, þar sem það væri á valdi íslenzku ríkisstjórnarinnar að ákveða landhelgina og væri innanlandsmál. Það var meira að segja farið svo gætilega í þetta, að því hafði verið lofað 1952 að láta Breta vita, áður en landhelgin yrði stækkuð. Og það hefur oft verið talað um það, að menn hafi ekki orðið varir við, að þáv. forsrh. hafi komi til Bretlands til þess að ræða við ýmsa menn um þetta mál. Hvað sem þessu líður, þá geri ég ráð fyrir, að hann hafi farið eftir þeirri reglu og umr. hafi þess vegna kannske orðið minna áberandi, — hann hafi farið eftir þeirri reglu, sem var samþykkt, að ræða ekki málið, heldur aðeins tilkynna, hvað ætti að gera. Og þessi regla var talin svo þýðingarmikil, að þegar fiskveiðibannið var sett á, þá urðu umræður um það milli Breta og íslenzku ríkisstj., eða Bretar fóru fram á það, að íslenzka ríkisstj. lýsti því yfir, að gefnu því tilefni, að till. um stækkun landhelginnar komu þá fram hér á Alþingi frá mörgum, að landhelgin yrði ekki stækkuð fyrr en eftir næstu Genfarráðstefnu. Í þessu stappi stóð í heilt ár, hvort við vildum semja um svo lítilfjörlegt atriði sem það að bíða með stækkun landhelginnar þangað til eftir seinni ráðstefnuna. Við töldum það svo ófrávíkjanlega reglu, hver einasti okkar, að ræða ekki við Breta, semja ekki við Breta um landhelgina, þar sem hún væri innanríkismál, að það var neitað að semja um þetta atriði við Breta, þó að það liti út fyrir, að það væri hægt að leysa fiskveiðideiluna með þessum hætti. Svo þýðingarmikið töldum við að brjóta ekki þessa reglu, að ræða um mál við þá, sem við töldum innanríkismál, því að þar með töldum við, að við værum búnir að sýna, að þeir hefðu þar hagsmuna að gæta, þar sem þeir hefðu a. m. k. eitthvað um málið að segja, ekki síður en við.

Ég man vel eftir því, þegar þetta mál var útkljáð af íslenzku ríkisstj. Það var þannig, að þegar till. höfðu verið fluttar um stækkun landhelginnar og hafði verið neitað að tala við Breta, þá var lögð hér fram, og vita kannske ekki allir þm. um það, — það var lögð hér fram á Alþingi till., frávísunartillaga dagskrár, þar sem var sagt, að með því að það þyrfti að rannsaka allar þessar till. nánar, þá væri tekið fyrir næsta mál á dagskrá, þær yrðu ekki ræddar frekar, en tekið fyrir næsta mál á dagskrá. Brezka sendiherranum var sýnd þessi till., að þar með væri kominn frestur á málinu, þar sem Alþ. tæki einhliða ákvörðun um málið. Þessi till. kom aldrei til umræðu. Vegna hvers? Vegna þess að Bretar sögðu: Svona frestur er okkur ekki nægilegur. — Þeirra diplómatar, þeirra stjórnmálamenn vissu allt of vel, hvað væri viðurkennt með því að taka upp viðræður um málið. Þetta voru ekki viðræður, heldur var það einhliða yfirlýsing Alþingis um, að það ætlaði að gera þetta. Þetta nægði þeim ekki, og þeir neituðu lausninni. Þess vegna kom till. aldrei til umr. hér á Alþingi.

Það er þess vegna alveg skýlaust, að með þessum viðræðum hefur verið þverbrotin sú regla, sem um margra ára bil hefur verið ófrávíkjanleg í landhelgismálinu, ófrávíkjanleg og yfirlýst af öllum flokkum, vegna þess að slíkt hefur verið talið hættulegt okkar málstað. Með samtölunum er því algerlega brotið í blað í þessu máli. Og það er það hörmulegasta, að þegar viðræðurnar eru teknar upp, þá mundu sumir segja, að það hefði komið til mála að taka upp viðræður, en þá þurfti opinberlega að liggja fyrir af hálfu ríkisstj. yfirlýsing um það, að grundvöllur viðræðnanna væri sá, að ekki yrði rætt um tilslökun á 12 mílunum, það væri innanríkismál Íslands og um það yrði ekki rætt. En þetta, sem var bent á af stjórnarandstöðunni að þyrfti a. m. k. að liggja fyrir, ef ætti að leika þann hættulega leik að fara að taka upp viðræður um innanríkismál, var látið undir höfuð leggjast. Og nú eru okkur sagðar sögur um þessi mál. Það er sagt, að það eigi að skýra sjónarmiðin, og okkur er sagt það, utanríkismálanefndarmönnum, að það sé aðeins verið að skýra sjónarmiðin gagnkvæmlega, það hafi verið tilgangurinn með viðræðunum. En svo kemur það upp úr dúrnum, að það er ekki aðeins verið að skýra sjónarmiðin, heldur er búið að leggja fram a. m. k. brezka tillögu í málinu, sem er rædd nú á fundum í Bretlandi, eins og kemur fram í brezkum blöðum. Það liggur þess vegna fyrir, að það hafa ekki aðeins verið skýrð

sjónarmiðin gagnkvæmlega og ekkert meira komið fram, það er ósatt, sú yfirlýsing er ósönn af hálfu ísl. ríkisstj., og er það sannað með skrifum brezkra blaða, að svo er, þótt ekki væri komin fram íslenzk tillaga líka, sem er þó gefið í skyn.

Það er margt, sem veldur því, að þessar viðræður um undanslátt koma ekki til mála. Það er fyrst og fremst það, að það er fjárhagsatriði fyrir okkur, og það var á það bent í umræðunum í Genf, að sá tími, sem yrði leyfður erlendum þjóðum að fiska uppi við strendurnar innan 6 mílna, mundi aldrei verða gífurlegar notaður en þetta tímabil, sem er að renna út. Það verður þess vegna hreint ránfiski frá þeim þjóðum, sem hafa þennan rétt stuttan tíma, þetta tímabil. Í annan stað, eins og bent hefur verið á hér, eru margendurteknar yfirlýsingar okkar með sterkum rökum fyrir því, að stofninn sé að eyðast og að við getum ekki beðið og höfum ekki getað beðið með að færa út fiskveiðilandhelgina. Það er enginn efi á því, að við erum með þeirri djörfung, sem við höfum unnið í þessu máli, bæði með útfærslunni og þeim skýrslum, sem gefnar hafa verið um þetta mál af Íslands hálfu og sendar út um veröldina, taldir eins konar forustuþjóð um stækkun landhelginnar og mikilsvirtir sem fiskveiðiþjóð, eins og hefur komið fram oft og tíðum í umræðum um þessi mál. En hvernig haldið þið, að það taki sig út eftir allar þessar yfirlýsingar, sem við höfum gefið á alþjóðamótum um, að það kæmi aldrei til mála að slaka til, aldrei til mála að semja, vegna þess að við gætum það ekki, ef við étum það allt saman ofan í okkur? Það býður einnig heim þeirri hættu, að gengið sé á lagið við slíka þjóð.

Það er ekkert smáatriði, — mönnum kann að finnast það smáatriði, og það er lítið um það rætt hér, — það er furðulega lítið um það rætt, að Bretar eru eina þjóðin, sem hefur barið á okkur, sýnt okkur ofbeldi og barið á okkur. Og við eigum að sýna það fordæmi að láta það verða fyrstu þjóðina, sem við semjum við. Þegar við erum að semja nú þessa dagana og undanfarnar vikur, þá rekur hver hótunin aðra frá Bretum. Það er sagt: það bíður í víku, að við komum inn fyrir landhelgina aftur með herskipavernd. Ég man ekki, hvað það eru margir dagar þangað til því er hótað, að brezkir togarar fari inn í íslenzka landhelgi undir herskipavernd. Nú er smáverið að þröngva svona þumalskrúfum. Togararnir mega ekki landa í Bretlandi, það má ekki senda ísvarinn fisk í kössum til Bretlands o. s. frv. Hvaða virðingar haldið þið að sú þjóð njóti, sem tekur upp viðræður um undanslátt og samninga við þjóð, sem beitir slíkum aðferðum?

Það er alveg tvímælalaust, að ef samið er við Breta, þá koma miklu fleiri þjóðir, sem heimta sömu réttindi og þeir, þjóðir, sem hafa fiskað hér áður. Í annan stað er alveg augljóst mál, að þegar þessi tími er búinn, samningstíminn er búinn, þá höfum við með allri framkomu okkar boðið heim nýjum hótunum og nýjum tilraunum til að sýna okkur ofbeldi til þess að láta okkur framlengja tímabilið.

Það sagði einn maður á fundinum í Genf skemmtilega sögu um þetta, hvernig Bretar mundu hugsa þetta mál. Hann sagði: Það var einu sinni í mínu landi keisari, ákaflega grimmur. Hann fór til forsætisráðherrans og sagði við hann: „Viltu gera svo vel að kenna asnanum mínum að tala?“ „Það get ég ekki,“ sagði forsrh. Og honum var samstundis refsað, forsrh., fyrir þessa neitun. Þá kallaði keisarinn fyrir sig fjmrh. og spurði hann, hvort hann gæti kennt asnanum að tala. Nei, hann sagðist ekki geta það. Honum var líka refsað mjög þunglega. Svo kom hann til heimspekingsins og segir við hann: „Getið þér kennt asnanum mínum að tala?“ „Já, það get ég sannarlega og meira að segja kennt honum að skrifa, en það tekur 10 ár.“ Menn komu til heimspekingsins og sögðu við hann: „Hvers vegna gerðir þú þetta? Þú veizt, að þú getur ekki staðið við þetta.“ En hann sagði: „Ja, þá koma tímar og þá koma ráð. E. t. v. verður keisarinn dauður, e. t. v. verð ég kominn undir græna torfu, a. m. k. gæti það alltaf farið svo á seinustu stundu, að asninn dæi, áður en hann færi að tala.“

Menn skulu ekki halda, að þjóð, sem er búin að sýna svona undanslátt: það séu bara tíu ár, þá koma tímar og þá koma ráð og þá koma nýjar aðferðir, komi sínum málum fram. Það er engin leið fyrir smáþjóð að koma fram sínum málum, réttlátu málum, nema með því að sýna þrótt og difrsku og karlmennsku, öðruvísi er hún troðin undir. Við höfum ekki farið fram á neitt í þessu máli, sem er ósanngjarnt. Við horfum á 25—30 þjóðir, sem hafa fengið viðurkenningu fyrir 12 mílna landhelgi og meira, og þessi landhelgi þeirra er viðurkennd. Þær hafa þó þær varnir, að það er talið kosta of mikið að reyna að fara inn í landhelgi þeirra með ofbeldi. Það er ekkert annað en fullkomið ranglæti, eitthvert hið grófasta ranglæti, sem nú viðgengzt í heiminum, að þjóð, sem þarf meira á því að halda en nokkur önnur þjóð að hafa 12 mílna landhelgi, er eina þjóðin í heiminum, sem er beitt ofbeldi fyrir það, að hún tekur 12 mílna landhelgi. Það þarf enginn að láta sér koma það til hugar, að slíkt standi lengi, enda kom það fram í orðum dómsmrh., að Bretar vilja gjarnan leysa þetta með samningum. Þeir vita það mætavel, að það getur ekki staðið lengi, að þeim takist að sýna okkur ofbeldi, og við, sem höfum hlustað á umr. um þessi mál á alþjóðamótum og séð, hvað Bretanum líður illa, þegar talað er um ofbeldi hans á Íslandsmiðum, — við vitum ákaflega vel, að hann er að gefast upp. Og það þarf ekki einu sinni að álykta af því, hvað Bretanum líður illa undir þessum umr. Það er viðurkennt af þekktum brezkum blöðum, að raunverulega sé deilunni lokið, það sé ekki hægt að halda áfram að fiska undir herskipavernd. Eitt af blöðunum sagði, að þó að það væri hægt að kosta því til að veiða fisk á svo dýran hátt, sem kæmi ekki til mála til frambúðar, þá væri ekki hægt að fá hermennina og ekki hægt að fá sjómennina til þess að fara út í það öryggisleysi, sem það er að vera hér við Íslandsstrendur án þess að geta tekið hér land. Það er nefnilega þetta, að til er herkonungur, sem er Vetur konungur, hér í Norðurhöfum, sem er sterkari en

brezka heimsveldið. Það er ekki hægt nema í sérstaklega góðum vetrum að halda þessum leik áfram.

Við erum búnir að sigra í málinu. Og það er tvímælalaust, að þróunin heldur áfram í þessu máli okkur í vil. Það var bent á það í umr., að svo ört gengur þróunin í þessum málum, að Bretar hefðu getað fengið samþykktar 1930, hafi ráðstefna verið þá, 4 mílur, eða slakað um eina sem alþjóðareglu. Þeir neituðu. Þeir gátu á fyrri ráðstefnunni fengið samþykkt 12 mílur og veiðirétt innan 6 a. m. k. 10—15 ár. Þeir neituðu. Þeir gátu ekki fengið þetta samþykkt á seinni ráðstefnunni. Svo ör er þróunin. Og vegna hvers? Vegna þess að þetta eru leifar af nýlendustefnu Breta. Þeir hyggja á fiskveiðarnar hér vegna þess, að þeir hafa ekki land að taka suður í Afríku. En fiskimiðin eru dýrmæt. Þetta finna þær þjóðir, sem nú eru að koma inn í Sameinuðu þjóðirnar og finna til með okkur, finna, að við erum að verja sams konar réttindi og þau eru að verja og þau eru að taka af nýlenduþjóðunum. Þess vegna er það, að það færist alltaf nær og nær, að það verði hreint samþykki fyrir 12 mílum, í staðinn fyrir, að ekki var meiri hluti fyrir þeim núna. Það kemur svo mikill fjöldi af nýjum þjóðum, sem áður voru nýlenduþjóðir, inn í Sameinuðu þjóðirnar, að hlutföllin fara stöðugt versnandi í þessum málum fyrir þær fiskveiðiþjóðir, sem fiska hér við land og beita kúgun. Þess vegna er alveg ástæðulaust og stórkostlegur hnekkir fyrir íslenzkan málstað að taka upp samninga um þetta mál.

Menn skulu gæta að því, að nú er raunverulega deilan um 12 mílur búin. Það komu upp raddir um það á Genfarráðstefnunni og hafa komið áður og verða alltaf sterkari, að þjóðirnar, sem ráða yfir landgrunni, verði a. m. k. að fá að ráða yfir því fyrir utan 12 mílur, með hvaða veiðarfærum er fiskað fyrir utan þessar 12 mílur, því að það viðurkenna nú orðið allir, að um þetta verði að koma einhverjar reglur. Það er ekki hægt að fiska með línu, fiska með netum, fiska með togveiðum á sömu svæðum. Það viðurkenna allir, að það er hinn mesti ræningjaháttur. Og það nálgast meir og meir, það tímabil, og er komin upp sterk hreyfing fyrir því, að strandþjóðir fái að ráða, með hvaða veiðarfærum er veitt á þessum svæðum, sem hér getur jafngilt friðun fyrir erlendum fiskiskipum að verulegu leyti. Og það er sú barátta, sem við eigum að taka upp, í staðinn fyrir að fara að taka upp samninga um þetta mál, því að kannske er það hættulegast við það af öllu hættulegu, að um leið og við tökum upp samninga um 12 mílur við Breta og þar með við aðrar þjóðir, því að þær hljóta að fylgja í kjölfarið, þá erum við búnir að fallast á samninga og getum því síður breytt landhelginni eftir þetta einhliða, heldur verðum að semja við þessar þjóðir, það er búið að gefa fordæmi fyrir því. Ef við getum ekki fært út í 12 mílur, sem eru viðurkenndar hjá 25—30 þjóðum nú þegar, — ef við getum ekki fært út í 12 mílur nema með samningum við fiskveiðiþjóðirnar í kringum okkur, haldið þið, að okkur verði ekki bent á það: Ja, þið sömduð um þetta, þið urðuð að beygja ykkur fyrir því að semja um þetta. Ef þið ætlið að færa út eitt skref frekar eða gera ráðstafanir hér fyrir utan, þá verðið þið að semja um málið. Það er búið að gefa fordæmi fyrir því.

Hitt atriðið, þó að reglugerðin sé staðfest, þá setur það vitanlega engin mörk fyrir því, hvernig útfærslan verður síðar. Það er aðeins að staðfesta með lögum það, sem orðið er, og það hefur verið margsinnis gerð grein fyrir því, að 12 mílna landhelgi er ekki framtíðin. Við verðum að berjast fyrir verndun og yfirráðum yfir landgrunninu, því að það mun sannast, að með aukinni tækni, sem þegar er komin fram á mörgum sviðum og vantar aðeins lítið á að sé fullkomnuð, getur svo farið, að 12 mílur séu minni en 3 mílur áður. Tæknin getur orðið svo geysileg, að það verði um eins aðkallandi þörf, kannske meir aðkallandi þörf fyrir Ísland að stækka út fyrir 12 mílur heldur en var áður að stækka út fyrir 3 með þeirri tækni, sem þá var. Þess vegna er það stórkostleg hætta og mælir á móti því ásamt öðru að fara inn á samninga um þetta mál. Það leysist af sjálfu sér. Tíminn er að leysa það fyrir okkur og er raunverulega búinn að gera það.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Ed., 28. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. 1. flm. þessa frv., hv. 2. þm. Vestf., lýsti því yfir í frumræðu sinni í gær, að tilgangur hans væri ekki að ræða landhelgismálið í heild að fyrra bragði í þessum umr. Hann gerði í sinni frumræðu grein í stórum dráttum fyrir frv. sjálfu, eins og það liggur fyrir. Skildi ég þennan hv. þm. á þann veg, að það væri ekki tilgangur hans að fyrra bragði að fara að stofna til deilna um landhelgismálið í heild í sambandi við flutning þessa frv. og umr. um það.

Annar flm. frv., 5. þm. Reykn., fór hins vegar á allt annan veg að. Hann ræddi frv. sjálft mjög lítið. Ræða hans snerist að langsamlega mestu leyti um landhelgismálið í heild. Mál sitt flutti þessi hv. þm. á þann veg, að hann varð ekki öðruvísi skilinn en tilgangur hans væri að opna fyrir deilur og átök um landhelgismálið sjálft í sambandi við þetta frv.

Ég tel það mjög illa farið, að stofnað skuli til átaka og illdeilna um landhelgismálið á Alþingi, eins og málið nú stendur. Það er vitað mál, að íslenzka þjóðin er einhuga í þessu máli og telur það réttilega eitt af sínum mestu velferðarmálum. Íslendingar standa saman um það sem einn maður, að halda beri þannig á málinu, að rétti og hagsmunum Íslendinga sé sem bezt borgið. Þetta greinir Íslendinga ekki á um. Hins vegar er vitað, að út á við er við ramman reip að draga í þessu máli. Það er við erlenda þjóð að deila og það er við erlenda þjóð að kljást um úrlausn málsins. Í slíkum átökum skiptir það að sjálfsögðu miklu máli fyrir þjóðina, að hún standi saman sem einn maður og að ekki sé stofnað til neinna átaka um málið innanlands, fyrr en eitthvað það hefur gerzt í því, sem gefur tilefni til slíkra átaka. Ekkert slíkt tilefni hefur

gefizt til þessa. Þess vegna er það hið mesta óhappaverk að vera nú að stofna til illdeilna um málið og reyna að koma því út og koma því inn hjá öðrum, að Íslendingar standi hér ekki saman.

Hv. 5. þm. Reykn. vitnaði í ræðu sinni hvað eftir annað í fundargerðir utanrmn. og ummæli mín á fundum n. Ég hirði ekki um að vera að rekja einstök ummæli, sem þm. bar mig fyrir í sinni ræðu. Ég tel slíkt með öllu ástæðulaust og ekki rétt að vera að blanda því inn í málið á þessu stigi. Það vil ég aðeins segja í heild, að þm. hafði víða alrangt eftir mér, sleit ummælin víða úr sambandi og gaf mönnum rangar hugmyndir um minn málflutning og mína afstöðu til málsins í utanrmn. Ég tek þetta fram hér í heild, til þess að ekki skuli vera þannig litið á, að ég undirstriki með þögn það, sem þessi hv. þm. vildi hafa eftir mér í sambandi við utanrmn., en sé hins vegar ekki ástæðu til að vera að elta ólar við einstök ummæli.

Þá kvartaði þessi hv. sami þm. undan því, að landhelgismálið hefði verið lítt rætt í utanrmn. og lítt hefði verið haft samráð við utanrmn. um málið. Einhvern veginn fann þessi hv. þm. hvöt hjá sér í þessu sambandi til að lýsa því yfir, að ef þess væri óskað af honum, að hann sýndi þann trúnað í sambandi við málið að skýra ekki frá því opinberlega, sem um það væri sagt í utanrmn., þá væri hann að sjálfsögðu reiðubúinn til að gefa einhverja slíka yfirlýsingu.

Það vekur strax út af fyrir sig dálitla athygli, að hv. þm. skuli telja sig alveg sérstaklega knúinn til að tala um trúnað, um leið og hann er að tala um meðferð vandasams utanríkismáls í sambandi við utanrmn. Það hefur áreiðanlega verið til þess ætlazt og ekki um að efast, að hafa skyldi sem fyllst samráð við utanrmn. um meðferð utanríkismála, og kemur mér ekki til hugar að andmæla slíku. En ég vil vekja athygli á, að einmitt sá hv. þm., sem er að kvarta undan samstarfsleysi við utanrmn., hefur með störfum sínum í n. tekið upp þau vinnubrögð að láta birta í blaði sínu nokkuð ýtarlegar frásagnir um það, sem sagt er og gert í utanrmn., strax næsta dag eða næstnæsta dag, um þær umræður, sem fara fram í utanrmn. Ég er út af fyrir sig ekki að kvarta undan því, þó að nefndarmenn í utanrmn. telji það heppilega meðferð mála að skýra viðstöðulaust í blöðum sínum opinberlega frá því, sem gerist í utanrmn. Ég er ekki að mælast undan því, að þetta verði gert, og ég er ekki að andmæla þessum vinnubrögðum. Nm. verða sjálfir að ráða því, hvort þeir telja slíkt heppilegt eða ekki. En á hitt vil ég benda, að þegar menn vita, að það er staðreynd, að svona vinnubrögð eru viðhöfð í n., þá hljóta menn að haga viðskiptum sínum við n. og umræðum á nefndarfundum með hliðsjón af því, að allt, sem þar er sagt, sé jafnharðan birt í blöðum. Ég vil vekja athygli á því, að það eru ekki aðeins Íslendingar, sem lesa og fylgjast með slíkum frásögnum af fundum utanrmn. Frásagnirnar eru þýddar og ganga til erlendra aðila, sem telja sig það einhverju skipta, hvað í málunum gerist, sem utanrmn. fjallar um. Frásagnir hv. 5. þm. Reykn. í Þjóðviljanum af umr. í utanrmn. eru sjálfsagt þýddar á ensku og ganga beint til brezka utanrrn., sem fylgist með málunum. Umr. í utanrmn., þegar svona er haldið á, fara því í rauninni fram með þeim hætti, að maður gengur út frá því, að þar séu erlendir fulltrúar, sem telja sig málin einhverju varða, mættir sem áheyrendur að fundum utanrmn. í boði hv. 5. þm. Reykn. Þetta verður að hafa í huga, þegar rætt er um störf utanrmn., og þetta ætti hv. 5. þm. Reykn. að hafa í huga, þegar hann hefur óskað eftir umr. í n. og þegar hann er að láta blað sitt birta ýtarlegar frásagnir af því, sem þar fer fram.

Þá ræddi hv. 5. þm. Reykn. um viðræður þær, sem ríkisstj. hefur nú tekið upp við Breta út af landhelgisdeilunni. Hann átaldi mjög, að þessar viðræður skyldu hafa verið teknar upp, og sagði, að ákvörðunin um viðræðurnar við Breta hafi verið tekin án samráðs við utanrmn., og sagði hann, að slíkt væri brot á loforði, sem ég hefði gefið utanrmn. á fundi hennar.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að hinn 5. maí 1959 gerði Alþ. ályktun í landhelgismálinu. Í þessari ályktun var í fyrsta lagi lýst yfir, að við stæðum fast á okkar ákvörðun um 12 mílna fiskveiðilögsögu og teldum okkur eiga skilyrðislausan lagalegan rétt til hennar. En jafnframt er ákveðið, að að því skuli unnið að afla viðurkenningar annarra þjóða á rétti Íslendinga til landgrunnsins alls. Þessi ályktun Alþingis er fyrirmæli til ríkisstj. um að leita eftir viðurkenningu annarra þjóða á rétti Íslendinga til landgrunnsins alls. Þessi fyrirmæli Alþingis verða að sjálfsögðu ekki framkvæmd án þess, að ríkisstj. taki upp viðræður við þá aðila, sem leita á eftir viðurkenningu hjá. Það er vitað, að Bretar eru okkar erfiðustu andstæðingar í þessu máli, og það er því bein skylda ríkisstj. að taka upp viðræður við þá til þess að afla þeirrar viðurkenningar, sem Alþingi hefur falið ríkisstj. að leita eftir.

Þegar ríkisstj. því tekur upp viðræðurnar við Breta um fiskveiðideiluna, þá er hún að sjálfsögðu í fyrsta lagi ekki að gera nokkurn skapaðan hlut annan en þann, sem Alþingi berum orðum og afdráttarlaust hefur lagt fyrir hana að framkvæma.

En málinu er ekki öllu lokið hér með. Það er augljóst mál, að þó að við höfum fært okkar fiskveiðilögsögu út í 12 mílur og allar þjóðir nema Bretar eiri þeirri útfærslu, þá er landhelgismálinu ekki þar með lokið. Bretar hafa stundað veiðar með sínum togurum innan 12 mílnanna, og þó að þeir hættu því á tímabili í sumar, voru þeir byrjaðir á þessum veiðum aftur, og það var vitað, að við blasti, að þeir mundu halda þessum veiðum áfram og undir vernd herskipa sinna eins og áður. Ríkisstjórnin horfði því fram á það, að svo gæti farið í nánustu framtíð, að til alvarlegra árekstra kynni að leiða á hafinu kringum Ísland, — árekstra, sem jafnvel gætu þýtt tjón á mönnum og mannslífum. Það er að sjálfsögðu skylda hverrar ríkisstjórnar sem er að gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að slíkt eigi sér stað. Það getur engin ríkisstjórn horft á það aðgerðalaus, að þegnum þjóðarinnar og lífi þeirra

sé stofnað í hættu, ef hún sér nokkra leið til þess að koma í veg fyrir, að svo megi verða. Það er skylda ríkisstj., hvaða ríkisstj. sem er, að freista allra ráða til þess að komast hjá slíkri hættu. Og það er svo augljóst sem frekast má vera, að beinasta og sjálfsagðasta leiðin til þess að reyna að koma í veg fyrir slíkt er að ræða við þá, sem til slíkrar hættu vilja stofna, og reyna að fá þá ofan af sínum fyrirætlunum.

Við Íslendingar erum ein minnsta og fámennasta þjóð veraldar. Við eigum allt okkar undir því, að lög og réttur í heiminum séu viðurkennd og í heiðri höfð. Ekkert er okkur sem vopnlausri smáþjóð jafnhættulegt og það, ef ofbeldi ætti að ráða í ágreiningi þjóða á milli. En hvernig getum við Íslendingar krafizt þess af öðrum, að þeir taki til okkar fullt tillit og beiti ekki ofbeldi undir neinum kringumstæðum, ef við viljum ekki einu sinni ræða ágreiningsmálin með það fyrir augum að reyna að jafna þau? Ef við neitum að tala um það, sem á milli ber, hvernig í ósköpunum getum við þá krafizt þess af öðrum, að þeir ræði sín á milli hin stóru vandamál, sem úr þarf að leysa?

Við Íslendingar eigum mikið undir því, að aðrar þjóðir séu sannfærðar um það, að við í öllu okkar framferði og viðskiptum út á við förum að réttum lögum og göngum ekki lengra en lífshagsmunir okkar krefjast. Við Íslendingar höfum lagt á það megináherzlu í fiskveiðideilunni annars vegar, að aðgerðir okkar væru byggðar á fullum lögum og fullum alþjóðarétti, og hins vegar, að við gengjum ekki fetinu lengra í þeim málum en lífsnauðsyn okkar útheimti. Á alþjóðavettvangi hefur mjög verið dregið í efa, að aðgerðir okkar í landhelgismálinu væru á lögum reistar. Við höfum rætt þetta mál innan Sameinuðu þjóðanna, og þar hefur komið fram hjá þeim þjóðum, sem eru okkur andsnúnar í málinu, að þær efuðust um alþjóðlegan grundvöll til framkvæmda okkar í landhelgismálinu. Þær hafa boðið okkur upp á að fara eftir venjulegum reglum og leggja þennan ágreining undir úrskurð alþjóðadómstóls og að honum fengnum skyldu báðir aðilar hlíta þeirri niðurstöðu. Við Íslendingar höfum ekki óskað að fara þessa leið. Og við höfum á alþjóðavettvangi neitað að láta alþjóðadómstól skera úr þessum ágreiningi okkar.

Þá hefur því líka verið lýst yfir hvað eftir annað á alþjóðavettvangi, að fyrst við vildum ekki leggja þennan ágreining undir alþjóðadómstólinn í Haag og teldum, að við stæðum þarna í okkar fulla rétti, þá vildu aðrar þjóðir, sem telja sig hafa gagnstæða hagsmuni við okkur, ræða ágreininginn við okkur og freista þess að finna leið út úr ágreiningnum, sem allir aðilar gætu sætt sig við. Að neita slíkum viðræðum, eftir að búið er að neita að láta alþjóðadómstól fjalla um málið, það mundi tvímælalaust veikja svo aðstöðu okkar á alþjóðlegum vettvangi og í augum annarra þjóða, að það væri beint tilræði, ekki aðeins við landhelgismálið sjálft, heldur einnig við allt okkar álit út á við. Ég er því afdráttarlaust þeirrar skoðunar, að ríkisstj. hafi gert það eina, sem hægt var að gera í landhelgismálinu, eins og komið var, þegar hún féllst á að ræða landhelgismálið við Breta með það fyrir augum að reyna að komast hjá frekari deilum.

Hv. 5. þm. Reykn. sagði, að þegar ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um að taka upp viðræður við Breta án þess að bera það áður undir utanrmn., þá hefði þar með verið rofið fyrirheit, sem ég hefði gefið n. Þetta er alrangt með farið hjá þessum hv. þm. Ég hef engar yfirlýsingar í þessu efni gefið utanrmn. nema eina. Þá yfirlýsingu gaf ég á fundi n. þann 10. ágúst 1960, þegar n. var skýrt frá, að búið væri að ákveða þessar viðræður. Þá sagði ég n., að þegar málið hefði skýrzt betur, mundi það lagt fyrir n. á ný.

Spurningin er því: Hefur málið nú skýrzt það betur en áður var, að ástæða sé til að ræða það sérstaklega í utanrmn.? Hvað er það, sem í rauninni hefur gerzt í þeim umr., sem fóru fram á milli Íslendinga og Breta fyrstu dagana í októbermánuði? Hæstv. forsrh. skýrði frá þessu í fáum orðum og stórum dráttum daginn sem Alþingi var sett. Af þeirri frásögn kom fram, að það eitt hafði í viðræðunum gerzt, að báðir aðilar höfðu skýrt afstöðu sína til málsins.

Við Íslendingar gerðum grein fyrir okkar sjónarmiðum. Við gerðum grein fyrir okkar lagalega rétti til 12 mílnanna og þörf okkar fyrir vernd út í 12 mílur. Við bárum fram kröfuna um landgrunnið allt, alveg eins og þál. mælir fyrir. Hér gerðist ekkert annað en það, að því var fylgt eftir ákveðið, sem yfir hafði verið lýst, og málstaður og ástæður okkar skýrðar á sama hátt og við höfðum áður gert.

Bretar gerðu einnig grein fyrir sinni afstöðu til málsins. Þeirra afstaða er þekkt, hún kom seinast fram opinberlega á alþjóðaráðstefnunni í Genf. Þar kom það fram, að þeir vildu láta af andstöðu gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu gegn tímabundnum rétti til veiða á seinni 6 mílunum. Þessa afstöðu sína skýrðu Bretar í þessum viðræðum, sem hér fóru fram fyrstu dagana í október.

Af hálfu Íslendinga komu engar nýjar till. fram og engin ný tilboð. Bretar endurtóku og útskýrðu sína fyrri afstöðu. Þegar þetta hafði gerzt, þá var umr. frestað í n., enda var, eins og hæstv. forsrh. skýrði frá þingsetningardaginn, þannig til viðræðnanna stofnað af hálfu okkar Íslendinga, að þær væru aðeins byrjaðar, þegar Alþingi kæmi saman, án þess að nokkuð sérstakt nýtt ætti að hafa í þeim gerzt, til þess að hægt væri að hafa samráð við þm. og Alþingi, áður en málið færi lengra.

Það, sem fram hefur komið í umr. á milli Íslendinga og Breta út af fiskveiðideilunni, er því ekkert, sem gefur tilefni til þess, að þær séu sérstaklega ræddar í utanrmn. Hæstv. forsrh., eins og ég þegar hef sagt, skýrði Alþingi frá því í heild í stórum dráttum, hvað hafði gerzt, og við það er í rauninni engu að bæta.

Hv. 5. þm. Reykn. sagði, að öðruvísi færu Bretar að en við í þessu máli. Þegar samninganefndin hefði komið frá Reykjavík til London, þá hefðu fulltrúar fiskimanna og útgerðarmanna ásamt fulltrúum utanríkis- og fiskimálaráðuneytisins verið kallaðir saman á fund til þess að ræða málið í ljósi umr., sem fóru fram í

Reykjavík. Þetta er rétt. Þessir aðilar ræddust við. En Breta megin horfði málið allt öðruvísi við en okkar megin, — allt öðruvísi. Það er vitað, að þegar umr. byrjuðu á milli Íslendinga og Breta, fékk brezka ríkisstj. brezka togaraeigendur og brezka fiskimenn til þess að ganga inn á það að halda sig utan 12 mílnanna, á meðan umr. stóðu, en þeir vildu þá ekki ganga lengra, útgerðarmenn og fiskimenn, en lofa að halda sig utan 12 mílnanna til 12. okt. Þegar umr. var frestað hér í Reykjavík 10. okt., blasti málið þess vegna þannig við brezku stjórninni, að viðbúið var, að brezkir togarar hæfu veiðar aftur eftir einn eða tvo daga innan 12 mílnanna. Það var verkefni brezku ríkisstj. að gera það upp við sig, gera það upp við brezka togaraeigendur og brezka fiskimenn, hvort þeir vildu fresta þessum aðgerðum og bíða frekari umr. eða hvort þeir ætluðu að hefja veiðarnar innan 12 mílnanna á ný.

Tilefni Breta til umr. við sína aðila var því ærið.

Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) ræddi einnig nokkuð viðræðurnar við Breta, sem fóru hér fram fyrstu daga októbermánaðar. Hann átaldi, að ríkisstj. skyldi hafa fallizt á þessar viðræður, og hann komst að orði eitthvað á þá leið, að allir íslenzkir stjórnmálaflokkar hafi ætíð verið sammála um að ræða ekki um landhelgismálið við Breta. Þessi hv. þm. sagði, að með viðræðunum við Breta nú væri ríkisstj. að þverbrjóta þá reglu, að þetta mál skyldi ekki rætt við Breta eða aðrar þjóðir. Ég vildi gjarnan biðja þennan hv. þm. að hugsa sig um tvisvar, áður en hann endurtekur þessi ummæli, og hugsa sig vel um. Ég skal reyna að hressa lítillega upp á minni hans.

Árið 1952 fóru Framsfl. og Sjálfstfl. með ríkisstj. í þessu landi. Þá var fiskveiðilögsögunni við Ísland breytt, bæði grunnlínupunktum fækkað og fiskveiðilögsagan færð út í 4 mílur. Árið 1954 gaf þáv. ríkisstj. út hvíta bók um útfærsluna 1952. Í þessari hvítu bók er birt bréf, sem hæstv. utanrrh., sem var 1952, ritaði sendiherra Breta í Reykjavík varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1952. Í þessu bréfi skýrir þessi hæstv. utanrrh. frá því, að áður en ráðizt var í útfærsluna 1952, hafi sá ráðh., sem landhelgismálið heyrði undir 1952, farið til London til þess að ræða landhelgismálið við brezku ríkisstj. og gera henni grein fyrir, hverjar fyrirætlanir Íslendinga væru í landhelgismálinu. Það liggur þarna fyrir beinlínis skjallega sannað í hvítri bók, útgefinni af ríkisstj., að áður en farið var í útfærsluna 1952, þá ræddu Íslendingar beinlínis við brezku ríkisstj. og gerðu henni grein fyrir fyrirætlun sinni. Svo kemur þessi hv. þm. hingað til Alþingis og segir: Það er þverbrot á öllum reglum, sem allir stjórnmálaflokkar hafa fylgt til þessa, að nú skuli vera rætt við Breta um landhelgismálið.

En það er fleira en þetta, sem þessi hv. þm. þarf að rifja upp í þessu máli, að því er varðar viðræður við aðrar þjóðir. Við Íslendingar erum, eins og allir vita, meðlimir í því ágæta bandalagi, sem kallað er Atlantshafsbandalag. Í desembermánuði 1956 samþykkti þetta bandalag sérstakar starfsreglur, þar sem svo var kveðið á, að meðlimir bandalagsins skyldu innan þess og á vegum þess hafa samráð og viðræður sín á milli, áður en ráðizt væri í aðgerðir í utanríkismálum, sem líklegar þættu til að valda deilum á milli bandalagsríkjanna.

Við Íslendingar vorum samþykkir þessum starfsreglum, þegar þær voru settar. Bæði ég og hv. 2. þm. Vestf., sem þá var forsrh., lýstum stuðningi okkar og fylgi við þessar reglur, og við tjáðum bandalaginu, að eins og við krefðumst þess, að aðrir færu eftir þeim, þá mundum við sjálfir fara eftir þeim.

Þegar um það var rætt vorið 1958 að færa út íslenzka fiskveiðilögsögu, var öllum ljóst, að þær aðgerðir voru til þess líklegar að valda ágreiningi á milli okkar og ýmissa annarra bandalagsríkja. Í samræmi við starfsreglur Atlantshafsbandalagsins frá des. 1956 og yfirlýsingar mínar og hv. 2. þm. Vestf. tókum við upp viðræður innan Atlantshafsbandalagsins um fyrirhugaða útfærslu á fiskveiðilögsögunni við Ísland þegar í maímánuði 1958. Þessar viðræður stóðu yfir innan Atlantshafsbandalagsins frá því í maí og fram í september sama ár. Þar var rætt við bandalagið í heild og við einstakar þjóðir innan bandalagsins.

Þegar þetta er haft í huga, þá er það furðanlegt, hvernig hv. 2. þm. Vestf. leyfir sér að fullyrða, að það séu einhver ný áður óþekkt vinnubrögð að ræða landhelgismálið og aðgerðir okkar í því við aðrar þjóðir, sem þar telja sig hafa hagsmuna að gæta. Og ég get bætt því hér við, að í ágústmánuði 1958 var send til Atlantshafsbandalagsins ábending um lausn á væntanlegum ágreiningi um fiskveiðilögsöguna við Ísland. Að þessari ábendingu stóðu Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Þessi ábending var óbeint tilboð til Atlantshafsbandalagsins og þá einstakra þjóða líka um lausn á deilunni, sem við Íslendingar teldum okkur fullkomlega geta gengið að.

Þegar á allt þetta er litið, er það alveg furðanlegt, að því skuli haldið fram hér, að það sé eitthvað nýtt og áður óheyrt, að Íslendingar og íslenzk ríkisstj. skuli telja sig þurfa að ræða um eitthvað í sambandi við okkar landhelgismál við aðrar þjóðir.

Hv. 2. þm. Vestf. vildi halda því fram, að ef við nú kæmumst að einhverju samkomulagi við Breta um lausn á fiskveiðideilunni, sem fæli í sér einhverja tilhliðrun í sambandi við málið um takmarkaðan tíma, þá mættum við reikna með því, að að samkomulagstímanum loknum mundu Bretar finna ný ráð til að þrjózkast enn við 12 mílna fiskveiðilögsögu.

Ég sé af þessum ummælum þessa hv. þm. eins og svo mörgum öðrum ummælum hans, að hann virðist algerlega misskilja, í hvaða tilgangi viðræðurnar við Breta fara fram nú og á hvaða grundvelli. Þegar ríkisstj. Íslands féllst á að taka þessar viðræður upp, gaf hún út yfirlýsingu um þá ákvörðun sína hér heima, og hún tilkynnti jafnframt Bretum, hvað fyrir henni vekti með þessum viðræðum. Meginefni þeirrar yfirlýsingar var það, að viðræðurnar færu fram í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekari árekstra á hafinu kringum Ísland. Því var jafnframt lýst afdráttarlaust yfir, að Íslendingar

teldu sig eiga fullan lagalegan rétt til þeirrar 12 mílna fiskveiðilögsögu, sem þeir þegar hefðu fært út, auk þess sem unnið yrði að viðurkenningu á landgrunninu öllu. Þessi yfirlýsing ríkisstj., sem bæði var birt opinberlega og eins sérstaklega tilkynnt Bretastjórn, er ótvíræð og skýlaus yfirlýsing um það, að ekkert samkomulag getur orðið um lausn á þessu deilumáli Íslendinga og Breta, nema því aðeins að fyrir liggi óafturkallanleg viðurkenning á okkar 12 mílna fiskveiðilögsögu. Það getur ekkert samkomulag orðið á milli aðilanna um lausn á þessari deilu, nema Bretar lýsi því óafturkallanlega yfir, að þeir láti af andmælum sínum og andstöðu gegn okkar 12 mílna fiskveiðilögsögu.

Þegar málið og viðræðurnar verða komnar það á veg, að íslenzka ríkisstj. veit nokkuð örugglega um það, með hvaða hætti og undir hvaða skilyrðum Bretar fást til að gefa slíka viðurkenningu, þá verður ríkisstj. að gera það upp við sig, hvort hún telur, að þau skilyrði séu þannig, að þau séu aðgengileg fyrir Íslendinga og íslenzka hagsmuni eða ekki.

Ef ríkisstj. telur, að skilyrðin séu óaðgengileg, þá er málinu þar með lokið. Ef hún hins vegar telur, að skilyrðin séu þannig, að við þeim sé lítandi, þá kemur málið að sjálfsögðu til Alþingis og til þess aðgerða. En á meðan málið er ekki lengra komið en það er komið nú, er alveg gersamlega tilefnislaust fyrir stjórnarandstöðuna að vera með getgátur, getsakir og fullyrðingar á borð við þær, sem bornar hafa verið fram í sambandi við þessar umr. hér.

Hv. 2. þm. Vestf. lét þess getið, að landhelgismálinu væri ekki lokið, þó að fiskveiðilögsagan hefði verið færð út í 12 mílur. Þetta er alveg rétt hjá þessum hv. þm. Við höfum fært fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur og teljum okkur byggja það á þeim alþjóðlegu reglum, skulum við segja, sem fyrir hendi eru. Sérstaklega höfum við þó þar byggt á áliti alþjóðalaganefndar Sameinuðu þjóðanna frá 1955 eða 1956, þar sem fram kemur, að fiskveiðilögsaga geti verið allt út í 12 mílur. Við þurfum að sjálfsögðu að sækja lengra í þessu máli. En eins og málið liggur fyrir í dag, þá er ljóst, að við höfum ekki neinar alþjóðareglur eða samþykktir til að byggja frekari útfærslu á. Við höfum á alþjóðaráðstefnum leitað eftir því að fá viðurkenndar í einu eða öðru formi einhverjar reglur, sem heimila okkur vernd fyrir okkar fiskimið og fiskstofna fyrir utan 12 mílurnar. Þessi tilraun hefur ekki borið frekari árangur en svo, að heimilt getur verið að vernda svæði utan 12 mílnanna, ef það er talið nauðsynlegt til verndar fiskstofnum, en þá er þeim, sem vilja andmæla slíkri vernd, heimilt að láta gerðardóm um það fjalla, og á hann úrskurðarvald um það, hvort verndunin sé byggð á lögum eða ekki.

Það er að sjálfsögðu takmark Íslendinga að vinna að því að fá settar og viðurkenndar alþjóðlegar reglur, sem heimila okkur útfærslu út fyrir 12 mílur, en því miður, eins og málið stendur nú, eru ekki til reglur til þess að byggja slíka útfærslu á.

Hv. 2. þm. Vestf. ræddi um hættuna á því, að upp kynnu að verða teknar nýjar, stórvirkar veiðiaðferðir, sem stofnuðu fiskstofnunum í voða. Á hlutum sem þessum er að sjálfsögðu nokkur hætta. Tækninni fleygir mjög ört fram í heiminum, og enginn veit, hvað gerast kann fyrr eða síðar í sambandi við fiskveiðar og stórvirk tæki til fiskveiða, sem kynnu að verða hættuleg fyrir fiskstofnana. Um þetta verður ekki deilt. Hins vegar furðaði mig nokkuð á þeim ummælum þessa hv. þm., að sterk hreyfing væri fyrir því, að strandþjóðirnar ráði, hvaða veiðarfæri væru notuð með ströndum strandríkis, og þeirri fullyrðingu hans, að fleiri og fleiri þjóðir hölluðust að því, að sérstakar reglur þyrfti að setja, sem heimiluðu strandríki að takmarka notkun vissra veiðarfæra.

Mig furðaði dálítið á því, að hv. þm. skyldi gera svo mikið úr því, að sterk hreyfing væri með öðrum þjóðum fyrir því, að slíkar alþjóðlegar reglur yrðu settar, og þeim ummælum hans, að fleiri og fleiri þjóðir hölluðust að þessu. Ég held, að því miður sé þetta ekki rétt og að þessi hv. þm. með þessum ummælum sínum sé að vekja algerlega óréttmætar vonir.

Á Genfarráðstefnunni í vor undirbjó íslenzka nefndin einmitt till. í þessa átt, — till., sem gekk út á það, að strandríki væri heimilt að banna eða takmarka notkun vissra hættulegra veiðarfæra utan 12 mílnanna. Íslenzka sendinefndin skipti því á sig að tala við fulltrúa frá öllum þjóðum, sem tóku þátt í Genfarráðstefnunni. Hv. 2. þm. Vestf. tók að sér að tala við aðrar sendinefndir um þetta, ég átti að tala við sumar, og allir áttum við fulltrúarnir að tala við einhverja. En hver varð niðurstaðan af þessu? Því miður varð niðurstaðan einfaldlega sú, að þessi hugmynd okkar fékk ekki hljómgrunn hjá einni einustu sendinefnd. Það var engin sendinefnd á fundinum í Genf, sem undir þetta tók. Þessa hygg ég að hv. 2. þm. Vestf. muni minnast, ef hann hugsar um það, og ég tel ekki rétt að vera að vekja hér neinar tyllivonir með því að fullyrða hluti, sem reynslan hefur sýnt okkur að ekki eru eins og þeir eru sagðir.

Þá lagði hv. 5. þm. Reykn. fyrir mig nokkrar spurningar, sem hann óskaði eftir að fá svarað. Ég hef nú í máli mínu hér á undan óbeinlínis svarað að verulegu leyti þessum spurningum, en ég skal gjarnan fara í gegnum þær hverja fyrir sig og gefa við þeim svör.

Fyrsta spurningin var: Hvenær fær utanrmn. skýrslu um viðræður þær við Breta, sem fram fóru 1.—10. okt.?

Ég hef þegar greint frá, að við þingsetningu skýrði hæstv. forsrh. frá því, sem þessar viðræður snerust um, og ég tel, að ekkert hafi komið fram í viðræðunum, sem gefi tilefni til þess, að frekari skýrsla sé um málið gerð. En ég skal taka það fram, að ég hallast frekar að þeirri skoðun, að þegar gefa þarf og gefa á skýrslu um mál eins og þetta, þá sé fullt eins rétt að gefa þá skýrslu á hv. Alþingi eins og að gefa hana í utanrmn. Þessa skoðun mína byggi ég á því, að það er fengin fyrir því reynsla, að einn af meðlimum utanrmn. lætur jöfnum höndum birta í blaði sínu frásögn af því, sem fer fram á fundum utanrmn. Hin blöðin gera þetta ekki. Þegar þannig einn er til frásagnar, er alltaf hætta á því, að réttu máli sé hallað, eins og mjög ber

á í frásögn Þjóðviljans af fundum utanrmn. Ef skýrslan er hins vegar gefin á Alþingi, eru þar allir jafnir og meira öryggi fyrir því, að rétt og satt sé frá skýrt.

Þá spurði þessi hv. þm. um það, hvort viðræðurnar verði teknar upp og þá hvar og hvenær.

Frá því hefur þegar verið skýrt opinberlega, að viðræðunum hefur verið frestað. Þeim verður haldið áfram. Og það hefur einnig verið skýrt frá því opinberlega, — það kom seinast fram í hádegisútvarpinu í gær, — að ekki hefur enn þá verið ákveðið, hvenær viðræðurnar sjálfar halda áfram, en gert er ráð fyrir því, að það verði hér í Reykjavík.

Þá spurði þessi hv. þm. að því, hvort þeir Davíð Ólafsson og Hans G. Andersen hafi farið til London í umboði ríkisstj. til þess að ræða við stjórn Bretlands.

Það hefur einnig verið gefin um þetta opinber yfirlýsing, sem var birt í ríkisútvarpinu í gær, að þessir tveir menn hefðu farið á vegum ríkisstj. til London til þess að undirbúa framhaldsumræður.

Fjórða spurningin var svo um það, hvort í lok viðræðnanna 10. okt. hafi legið fyrir nokkurt tilboð frá öðrum aðila eða báðum til lausnar á fiskveiðideilunni.

Ég hef þegar svarað þessu. Af hálfu okkar Íslendinga lá ekkert fyrir annað en það, sem opinberlega er yfir lýst í ályktun Alþingis frá 5. maí 1959. Við gerðum ekki neitt tilboð né neinar tillögur. Í viðræðunum endurtóku Bretar það, sem komið hafði fram opinberlega af þeirra hálfu í viðræðum í Genf, sem sagt, að þeir geta farið inn á að láta af andmælum gegn 12 mílunum, enda komi þeir hlutir í staðinn, sem margsinnis hefur verið opinberlega yfir lýst af þeirra hálfu.

Þá er spurt um það í fimmta lagi, hvort ríkisstj. Íslands hafi gert ráðstafanir til þess, að íslenzkir togarar lönduðu ekki í Bretlandi, fyrr en viðræðunum væri lokið.

Mér er kunnugt um það, að íslenzkir togaraeigendur hafa sjálfir haldið þannig á sínum málum og sjálfir gert ráðstafanir til þess, að þeirra togarar lönduðu ekki í Bretlandi. En íslenzka ríkisstj. ræður að sjálfsögðu ekki yfir athöfnum þessara aðila. Það er þeirra sjálfra að taka sínar ákvarðanir og gera sínar ráðstafanir.

Og svo var það sjötta spurningin. Þessi hv. þm. spurði, hvort nokkur hætta væri á því, að öðrum þjóðum en Bretum yrði neitað um að veiða innan 12 mílnanna, ef Bretum yrði leyft það.

Þessi hv. þingmaður hafði afar mikinn áhuga fyrir að vita, hvort ekki væri alveg öruggt, að ef nú kynni að koma til þess, að Bretar fengju hér eitthvert leyfi um einhvern takmarkaðan tíma til veiða innan 12 mílna, — hvort það væri þá ekki alveg öruggt, að aðrir fengju þetta líka. Mér kom þessi fyrirspurn ekki á óvart. Ég hef heyrt hana áður. Ég þekki þennan áhuga og ég þekki þennan málflutning. Till. sú, sem Bandaríkjamenn og Kanadamenn sameinuðust um á Genfarráðstefnunni í vor, gerði ráð fyrir því, að landhelgi skyldi vera 6 mílur, eins og kunnugt er, fiskveiðilögsagan 12 mílur, en þær þjóðir, sem veitt hefðu á seinni 6 mílunum um allmargra ára skeið, skyldu fá að stunda veiðar á þeim áfram í 10 ár. Þegar að því var komið að greiða atkv. um þessa till., tók fulltrúi Alþb. það upp í íslenzku sendinefndinni, hvort ekki væri alveg öruggt, að tvær þjóðir, sem hann nafngreindi, mundu koma undir það ákvæði að mega veiða í 10 ár á seinni 6 mílunum, ef till. yrði samþykkt. Fiskimálastjóri Íslands var einn í íslenzku sendinefndinni, og hann var viðstaddur, þegar þessi fulltrúi var að bera umhyggju fyrir hagsmunum þessara tveggja þjóða, sem hann nafngreindi. Og fiskimálastjóri benti á það með sinni alkunnu hægð og rólyndi, að þessar tvær þjóðir gætu ekki komið þarna til greina, vegna þess að þær hefðu ekki á undanförnum árum stundað veiðar á þessum seinni 6 mílum. Þessu reiddist fulltrúi Alþb. mjög og spurði, hvort fiskimálastjóri Íslands ætlaði sér virkilega að andmæla því, ef þessi till. væri samþ., að þessar tvær þjóðir hefðu sögulegan rétt til þess að stunda þessar veiðar. Nú tekur hv. 5. þm. Reykn. þetta sama mál upp og vill fá þessari sömu spurningu svarað.

Við spurningunni get ég ekkert sagt annað en það, að þetta mál liggur á engan hátt þannig fyrir, að nokkurt tilefni sé til að ræða það á þessum grundvelli. Ég í minum huga dreg það mjög í efa, að sú lausn sé til á þessu máli, sem þær þjóðir, sem hv. 5. þm. Reykn. er sérstaklega að hugsa um, — ég efast um, að sú lausn sé til á þessu máli, sem þær þjóðir telji sér aðgengilega eða eftirsóknarverða. Þegar að því kemur, að málið skýrist frekar, er sjálfsagt að taka þetta atriði upp og ræða það. En þessi hv. þm. verður að sætta sig við það, að áhuga hans í þessum efnum er ekki hægt að mæta frekar en svona, á meðan málið liggur ekki skýrara fyrir.

Um frv. sjálft get ég verið mjög fáorður. Árið 1948 voru hér sett lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Samkvæmt þessum lögum var ríkisstj. heimilað með einfaldri reglugerð að færa fiskveiðitakmörkin út allt að endimörkum landgrunnsins. Þessi lög voru sett, enda þótt menn vissu þá, að ekki var til staðar alþjóðlegur lagagrundvöllur til þess að ráðast í slíka heildarútfærslu og ekki einu sinni til þess að hreyfa fiskveiðimörkunum frá því, sem þá var. Það var stefnuyfirlýsing Alþingis og þingflokkanna um, að landgrunnið allt væri markmið Íslands. Með því að breyta nú til og ákveða fiskveiðitakmörkin með lögum í stað þess að hafa reglugerðarheimildina er óneitanlega nokkur hætta á því, að við verðum skildir þannig, að okkar þörfum í þessum efnum sé fullnægt, það sé horfið frá þeirri stefnu, sem mörkuð var í landgrunnslögunum. Í þessu sambandi vil ég benda á, að á fiskveiðireglugerðinni og fiskveiðitakmörkunum, eins og þau eru núna, eru að mínum dómi ýmsir verulegir ágallar. Og tel ég þá helzta, að grunnlínum hefur ekki verið breytt né eftir fylgt eins og æskilegt væri fyrir Íslendinga og nauðsynlegt er að vinna að.

Með lögfestingu reglugerðarinnar nú tel ég nokkra hættu á, að erfiðara sé að eiga við það mál en ella. Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að fara frekar inn á málið að sinni, það fær að

sjálfsögðu athugun í n., og gefst þá tóm til þess að athuga sjálft frv. nánar.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. stillti sér í byrjun ræðu sinnar í fremstu víglínu í baráttunni fyrir íslenzkri landhelgi. Í upphafi ræðu sinnar sagði hann: Íslenzka þjóðin er einhuga í þessum málum. — En eftir því sem leið á ræðu hans, eftir því hopaði hann lengra, hann yfirgaf eitt virkið af öðru. Hann sagði m. a. snemma í ræðu sinni: Út á við er við ramman reip að draga, — og átti þar við togstreitu Breta. Hér kom hann inn á mál viðkvæmt hæstv. ríkisstj., þ. e. afstöðu og aðstöðu Breta í þessu máli. Við höldum því fram margir, að hér sé ekki við ramman reip að draga. Þetta eru órar og órar einir í kollunum á hæstv. ráðh. Þeir skoða nefnilega aðfarir Breta í landhelginni í gegnum stækkunargler, og það er mein þessarar hæstv. stjórnar. Ég mun koma að því nánar síðar í minni ræðu.

Vitanlega er þetta frv. til l. um fiskveiðilandhelgina fram komið nú fyrir þá sök fyrst og fremst, að landhelgismálið er talið í hættu og að sú hætta er talin steðja að málinu innan frá. Það er hæstv. ríkisstj., sem grunuð er um græsku. Hún er grunuð um tilhneigingu til undanhalds í þessu brýna hagsmunamáli okkar Íslendinga. Það er þess vegna, sem þetta frv. er fram komið nú, en ekki t. d. fyrir tveimur árum, eða þannig lít ég á.

Með ræðu sinni hér í gær staðfesti hæstv. dómsmrh. réttmæti þessa gruns um undanhaldstilhneigingu hæstv. stjórnar. Hann viðurkenndi sigur Íslendinga í málinu, en var samt ekki í rónni og það vegna þess, að Bretar hafa ekki enn sætt sig við orðinn hlut. Deilan við Breta er þeirra vandamál, en ekki okkar Íslendinga. Þetta skilst ekki hæstv. ríkisstj. Í sambandi við sigur Íslendinga í landhelgismálinu sagði hæstv. dómsmrh. orðrétt í gær: „Oft hefur sigurvegarinn slegið sigurinn úr hendi sér.“ Það er þetta, sem margir Íslendingar óttast nú, að komi fyrir, að hæstv. ríkisstj. með viðræðumakki sínu við Breta slái sigurinn úr hendi sér og íslenzku þjóðarinnar. Mér þykir ástæða til að fara um þetta mál fleiri orðum.

1. sept. 1958 hófu Bretar að stunda sjóhernað og sjórán hér við strendur Íslands. Var ætlunin með þeim aðgerðum að kúga okkar litlu vopnlausu þjóð til hlýðni, kenna henni að virða sögulegan rétt Breta til rányrkju fiskimiðanna hér. Þeir höfðu vanizt því að fiska uppi við landsteina, og það höfðu þeir gert að nokkru leyti í skjóli samnings, er þeir gerðu við danskan konung, en að öðru leyti í krafti hnefaréttarins. Aldrei skirrðust þeir við, ef svo bar undir, að sökkva íslenzkum bátum, eyðileggja veiðarfæri og jafnvel að myrða íslenzka sjómenn. Á þann hátt öðrum þræði sköpuðu Bretar sér hinn sögulega rétt til fiskveiða hér við land. Sjóhernaður Breta við strendur Íslands byrjaði 1. sept. 1958, og hann stóð sleitulaust þar til á öndverðu ári 1960 eða hátt á annað ár. En þá gáfust þeir upp, þeir unnu hverja orrustu, en samt töpuðu þeir stríðinu. Varð þessi herferð eins konar endurtekning á Súezævintýri þeirra. Hún færði Bretum álíka mikinn árangur og álíka mikinn heiður og hið alræmda Súezstríð þeirra 1956.

Reglugerðin um stækkun fiskveiðilandhelginnar í 12 sjómílur var efnislega ákveðin 24. maí 1958. Hún var gefin út 30. júní sama ár og tók gildi 1. sept. Allt það sumar og raunar lengur höfðu Bretar í hótunum við okkur Íslendinga. Hótuðu þeir valdbeitingu, ef við dirfðumst að láta af því verða að stækka landhelgina. Bretar stóðu svo sem ekki einir uppi í baráttunni gegn okkur. Frakkar, Vestur-Þjóðverjar og fleiri þjóðir mótmæltu landhelgisstækkuninni, en létu þó þar við sitja. Þegar reglugerðin öðlaðist gildi, héldu fiskiskip þessara þjóða samstundis út fyrir mörk hinnar nýju landhelgi, og þannig hafa þær í verki viðurkennt stækkunina.

Fastaráð Atlantshafsbandalagsins og framkvæmdastjóri þess létu landhelgismálið mikið til sín taka vorið 1958 og drógu einhliða taum Breta þá. Gerði það allt, sem í þess valdi stóð, til að hindra útgáfu reglugerðarinnar. Lýsti ráðið því yfir, að ekkert ríki Atlantshafsbandalagsins mundi sætta sig við hina fyrirhuguðu reglugerð, og framkvæmdastjórinn lét sér sæma að ógna Íslendingum, ef þeir frestuðu ekki ákvörðun sinni og gengju til samninga. Kvað hann það mundu hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Ísland, ef ekki yrði inn á samninga um tilslakanir gengið. Þannig var yfirstjórn Atlantshafsbandalagsins látin reka erindi Breta. Hún gerði þeirra málstað að sínum og veitti stórbokkanum óskoraðan stuðning í viðureigninni við smælingjann.

Bandarísk stjórnarvöld urðu einnig snemma til þess að styðja við bakið á Bretum í landhelgismálinu. Á Genfarfundinum 1958 hurfu þau frá fyrri stefnu sinni um stuðning við 12 mílna landhelgi og hafa síðan veitt Bretum lið vel og dyggilega. Þar snerist stærsta þjóð Atlantshafsbandalagsins gegn þeirri minnstu og rak rýting í bakið á henni, eins og hæstv. utanrrh. mun hafa orðað það þá.

Það er kaldhæðnislegt, að þær þjóðir, sem í hátíðlegum sáttmála hafa heitið okkur Íslendingum vernd og brautargengi, skuli snúast öndverðar gegn mikilsverðasta velferðarmáli okkar. Það er einmitt Atlantshafsbandalagið og tvær voldugustu þjóðir þess, sem ákafast berjast gegn okkur. Þó hafa allar þjóðir bandalagsins viðurkennt það í orði, að baráttan standi um lífshagsmuni Íslendinga. Verndun fiskimiða er okkur lífsnauðsyn. Það viðurkenna allir. Í landhelgismálinu berjumst við fyrir lífshagsmunum okkar, en það gera Þretar ekki. Þetta er líka almennt viðurkennt. Samt styður þjóð eins og Bandaríkin Breta, en ekki okkur, og það er auðvitað eingöngu af því, að við erum Bandaríkjunum miklu minna virði sem bandamenn í hernaði en Bretar. Þess vegna styðja þau ofbeldið, og þess vegna gera þau sig hlægileg í augum heimsins og sögunnar með sitt varnarlið hér á Íslandi.

Bretar hafa þannig áhrifavald Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna með sér í baráttunni við Íslendinga. Þeir hafa auð stórþjóðar og mannafla, og þeir hafa herskip og vopn í samræmi við það. Andspænis þeim stendur Ísland fátækt, fámennt og vopnlaust. Þessar þjóðir heyja stríð um yfirráðin á grunnsævinu um-

hverfis landið, og báðar tjalda því, sem til er. Hvers vegna hafa Bretar þá ekki orðið sigursælir í þessu stríði? Það er augljóst og hefur verið augljóst frá upphafi, að Bretar eru smeykir, og hræddir menn eru ekki sigurstranglegir. Þeir óttast almenningsálitið í heiminum. Þess vegna hafa þeir ekki hætt á það að beita gömlu og árangursríku aðferðunum, sem þeir notuðu í nýlendunum fyrr á tímum. Þetta hefur háð þeim mjög í stríðinu við Ísland. Það er Bretum í óhag, að nýlendukúgunin er gengin úr móð. Bretar eru stórþjóð, en 12 mílna landhelgin umhverfis Ísland er líka stór. Hún tekur yfir víðáttumikið svæði, og hefur það reynzt stærra en svo, að brezka ljónið geti gleypt það í einum bita. Herskipin hafa reynzt óhæf til annars en að mynda lítla bása hér og þar á hinu stóra veiðisvæði og *safna brezkum togurum í kringum sig*, meðan á ránskap stendur. Hafa þessar aðgerðir ekki reynzt annað en óverulegt kropp, svo óverulegt, að 9/10 hlutar landhelginnar eða meira voru að staðaldri lausir við ágang togaranna, að talið er. Herskip hafa þannig ekki reynzt vel í þessu stríði.

Það hefur *einnig* komið í ljós, að brezku fiskiskipin eiga erfitt um vik að athafna sig í þeim þröngu básum, sem herskipin marka þeim. Verndin torveldar fiskveiðarnar, og togararnir afla minna en ella og minna inni í landhelginni en utan hennar, þar sem þeir eru frjálsir. Þessir hertæknilegu ágallar hafa mjög veikt baráttuþrek Breta. Allt er úthaldið kostnaðarsamt. Það er dýrt að halda herskipum úti, og það er dýrt að hefta togarana í þröngum básum. Þó væri þetta tilvinnandi, ef árangurs væri að vænta, en svo er í rauninni ekki. Íslendingar geta hæglega þraukað endalaust. 12 *mílna landhelgin* er að mestu friðuð þrátt fyrir aðgerðir herskipanna. En Bretar geta ekki haldið stríðinu áfram endalaust, það yrði jafnvel þeim of dýrt.

Bretar eiga mjög í vök að verjast í þessu máli. Meðal þjóða heimsins fer áhuginn á 12 mílna landhelgi stöðugt vaxandi. Íslendingar eru engan veginn *eina* þjóðin, *sem tekið hefur sér* stóra landhelgi, þótt Bretar hafi ekki snúizt með vopnavaldi gegn öðrum en þeim. Það er vopnleysi Íslendinga, sem hér gerir gæfumuninn. En aðstaða Breta er samt vonlaus. Fyrir tveim árum höfðu um 20 þjóðir tekið sér eigi minni landhelgi en 12 mílna. Nú munu þær um eða yfir 30, og fer tala þeirra *vafalaust* ört vaxandi næstu árin. Þessa þróun alla eiga íhaldssöm brezk stjórnarvöld erfitt með að sætta sig við. Hún veikir mjög málstað þeirra, en stælir þrákelknina að sama skapi. Með öllum ráðum og í lengstu lög reyna Bretar að þumbast gegn þróun sem þeir þó vita vel að er þeim óviðráðanleg.

Þorskastríðinu við Ísland hafa Bretar þegar tapað. Þeir hlupu þar skammarlegt gönuskeið, eins og í Súez forðum, enda út í bæði þau ævintýri lagt meira af kappi en forsjá. Þetta skilja Bretar áreiðanlega nú. Þeir sjá, að Íslendingar hafa pálmann í höndunum. Það er skiljanlegt, að þeir harma ósigurinn og vansæmdina. En þá svíður að þurfa að játa uppgjöf sína frammi fyrir öllum heimi. Þess vegna og aðeins þess vegna biðla þeir nú til íslenzku ríkisstjórnarinnar, biðja hana að gefa sér hluta af sigrinum. Sigraðir krefjast Bretar stríðsskaðabóta. Við eigum að taka á okkar herðar skaðann og skömmina af þeirra eigin flónskuverkum.

Við vitum það vel, Íslendingar, að Bretar hafa farið bæði heimskulega og ódrengilega að ráði sínu í þessu máli öllu. Ofbeldi þeirra veldur okkur sársauka og gremju, en hatur á þá munum við *ekki leggja*. Bónarvegurinn er óneitanlega skapfellilegri en nakið ofbeldið, en samt eru það Bretar, sem eiga að súpa seyðið af fávíslegum tiltektum sínum, en ekki við Íslendingar. Við höfum ekki leyfi til að slaka til í landhelgismálinu nú. Við vitum, hvað við höfum, en ekki, hverju við sleppum. Þetta er ekki fyrst og fremst mál okkar, sem um það fjöllum nú í dag, heldur velferðarmál barna okkar og barnabarna. Þess vegna höfum við ekki siðferðilegan rétt til að taka á okkar herðar hluta af þeim ósigri, sem Bretar eiga allan. Við víkkuðum ekki landhelgina af fordild eða rælni, heldur af brýnni nauðsyn. Við gerðum það að ráði þeirra manna íslenzkra, sem bezta þekkingu hafa á fiskimiðum okkar. Útfærslan var gerð samkv. íslenzkum lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Tilslökun við Breta í þessu máli væri svik við þjóðina, stórhættuleg svik. Með tilslökun nú játum við, að stækkunin hafi ekki verið brýn nauðsyn. Slíkt getum við ekki gert. Stækkunin var og er nauðsyn. Við höfum þegar með lögum helgað okkur landgrunnið allt. Þess vegna semjum við ekki við aðrar þjóðir um friðun einhvers hluta þess eða þess alls, hvorki nú né síðar. Ef við semjum um það efni við aðra, höfum við fyrirgert réttindum til landgrunnsins, afsalað okkur réttindum til friðunar þess eftir þörf á *hverjum tíma*. Þá verður friðun grunnsævisins umhverfis Ísland framvegis háð duttlungum erlendra þjóða á borð við Breta. Það er viðsjárvert að semja af sér dýrmæt réttindi í annarra hendur og það eins þótt um tímabundið afsal sé að ræða.

Brezk yfirvöld hafa beitt fólskulegu ofbeldi í *þessu máli*. Þau *heimta* tilslakanir af okkar hálfu og spara hvorki gylliboð né hótanir. Þetta gera Bretar nú, og hið sama geta þeir gert eftir tvö ár, fimm ár eða tíu ár. Fyrir þann möguleika er ekki unnt að girða. Þeir brutu á okkur samninga með vopnaðri íhlutun sinni hér 1958—60, því að þeir höfðu heitið því hátíðlega í sáttmála Atlantshafsbandalagsins að ráðast ekki með vopnavaldi á bandalagsþjóð. Þann samning rufu þeir með árásinni inn í landhelgi Íslands. Við slíkan aðila megum við ekki að nauðungarlausu semja um jafnmikilvægt mál og íslenzka landhelgin er.

Bretastjórn hefur svo sem áður gert sér far um að kúga Íslendinga. Það gerði hún árið 1952, þegar landhelgin var færð út í 4 sjómílur. Þá settu Bretar löndunarbann á íslenzkan fisk og ætluðu með þeirri tiltekt að svelta okkur til hlýðni. Þá beittu þeir ofríki eins og nú, og hins sama má vænta af þeim síðar, t. d. þegar þeir hagstæðu samningar rynnu út *eftir* þrjú eða fimm ár eða tíu ár.

Við eigum ekki að veita neinni þjóð rétt til fiskveiða innan 12 mílna markanna og sízt af öllu eigum við að veita Bretum rétt til þess. Það

væri að verðlauna yfirganginn og ofbeldið í heiminum, og Íslendingar ættu ekki að verða til þess. Sé það meining Bretastjórnar að tryggja Bretum einkarétt til veiða innan 12 mílna markanna, þá eru slík tilmæli auðvitað óskammfeilni, sem er ekki svaraverð. Verði samið við Breta um undanþágu, gildir sú undanþága auðvitað fyrir allar þjóðir, sem hér vilja veiða, og geta þær þá með þakklátum huga minnzt sigursællar baráttu Breta við Íslendinga.

Það er sama, hvernig á málið er litið og hvernig því er velt og snúið, það kemur allt í einn stað niður, Íslendingar geta ekki orðið við kröfum Bretastjórnar um tilslökun öðruvísi en að hafa skaða og vansæmd af. Málaleitan Breta er ósæmileg og ber vott um ósvífni og hrottaskap. Við verjum lífshagsmuni okkar. Þeir beittu okkur yfirgangi, nánast yfirgangsins vegna. Þeirra tjón vegna stækkunarinnar er hverfandi lítið og raunar ósannað mál, að það verði nokkuð. Friðun landhelginnar kemur að öllum líkindum einnig þeim til góða, sem fiska utan hennar, þegar fram líða stundir. Bretar beita allri þessari ágengni og frekju af gömlum vana, en ekki af nokkurri þörf. Kröfur Breta í þessu máli eru einnig ósæmilegar að því leyti, að í þeim felast bein afskipti af innanríkismálum Íslendinga.

Reglugerðin frá 1958 um útfærslu landhelginnar grundvallast á íslenzkum lögum, sömu lögunum og farið var eftir við stækkunina í 4 sjómílur árið 1952. Þessa löggjöf óskar Bretastjórn að fótumtroða og hafa að engu. Slík afskipti af málefnum annarrar þjóðar bera ekki vott um mikinn lýðræðisþroska, enda er hér á ferðinni gamall draugur, nýlendukúgunin.

Fullyrðing Breta um, að 12 mílna landhelgi samrýmist ekki ákvæðum alþjóðalaga og réttar, er alveg út í bláinn, enda aldrei studd gildum rökum. Sumarið 1956 fjallaði alþjóðanefnd Sameinuðu þjóðanna um víðáttu landhelginnar. Var skilningur þessarar nefndar þá sá, að landhelgi allt að 12 sjómílum væri ekki í ósamræmi við alþjóðalög. Auk þess tók þessi alþjóðalaganefnd fram þá, að strandríki, sem ætti lífsafkomu sína undir fiskveiðum á heimamiðum, bæri sérstakur réttur til lögsögu yfir veiðisvæðum í samræmi við nauðsyn til framdráttar og lífsviðurværis. Brezk stjórnarvöld geta þannig ekki stutt sig við alþjóðalög í þessu efni, enda hefur fjöldi þjóða þegar tekið sér 12 mílna landhelgi og engin þolað ofbeldi fyrir nema Íslendingar. Bretar þorðu til við okkur, en lengra náði hugrekkið ekki í þeim efnum.

Bretastjórn gerir sér áreiðanlega ljóst, að hún hefur tapað stríðinu við Ísland, enda þótt hún viðurkenni það ekki opinberlega. Að vísu gæti hún hafið hernað sinn á ný. En hverju væri hún að bættari? Fyrr eða síðar yrði hún að láta undan síga eðli þessa stríðs samkvæmt, svo sem ég hef áður drepið á. Bretastjórn gæti að sjálfsögðu breytt hér um hernaðaraðferð, t. d. tekið upp á því að skjóta á varðskip okkar, hvar sem til þeirra sæist við skyldustörf. En harla ósennilegt er, að aukin harka af Breta hálfu í átökunum yrði þeim sigurvænleg. Skefjalausari notkun vopnanna mundi Bretum sjálfum skaðlegust, og þá yrði hún samtökum vestrænna þjóða sízt til framdráttar, enda mun tillitið til þeirra halda aftur af Bretum í þessu efni, en ekki vináttuhugurinn til Íslendinga. Bretastjórn veit sig áreiðanlega sigraða. Hún gerir vopnahlé og æskir friðarsamninga. Eiginlega ættum við að heimta stríðsskaðabætur, ef að venju væri farið. Það gerum við sennilega ekki. En hvað gera Bretar, hinir sigruðu? Þeir heimta skaðabætur. Þeir heimta hlutdeild í sigrinum, sem þeim tókst ekki að vinna. Ætli sú frekja sé ekki einsdæmi í veraldarsögunni? Þegar árásaraðilinn, ræninginn, býður lægri hlut, óskar hann viðræðna um þá kröfu sína að fá gefins það, sem hann ætlaði og reyndi að ræna. Kröfu sína geta Bretar réttilega orðað á þessa leið: Okkur hefur ekki tekizt að hafa 12 mílna landhelgina af Íslendingum með valdi, og þess vegna heimtum við, að þeir gefi okkur hana af fúsum og frjálsum vilja. Úr því að við fengum ekki landhelgina með valdbeitingu, verðum við að fá hana að gjöf. — Þetta er það, sem Bretastjórn fer fram á og ætlast til að veitt verði, svo undarlega sem það lætur í eyrum. Mætti ætla, að þessi virðulega stjórn væri að meiri hluta samansett af fíflum, eða þá hitt, að hún áliti Íslendinga almennt vera fáráðlinga. Hér mun þó aðeins þjóðargorgeir að verki, og hann getur bersýnilega tekið á sig hinar skringilegustu myndir.

Eins og íslenzka þjóðin stóð einhuga að stofnun lýðveldis árið 1944, eins stendur hún nú samhuga um stækkun landhelginnar. Þegar lýðveldið var stofnsett, taldi örlítið brot þjóðarinnar það ekki tímabært, og svipað var, er landhelgin var stækkuð. Örfáir menn streittust á móti í báðum málum, og þó var einingin talin fádæma góð eða því nær alger í báðum. Þeir fáu menn, sem fresta vildu stofnun lýðveldis 1944, voru ekki áhrifamiklir. Öðru máli gegnir um þær fáu persónur, sem andvígar eru stækkun landhelginnar. Þær eru áhrifamenn í þjóðfélaginu, enda í forustuliði tveggja pólitiskra flokka. Þetta eitt gerir mikinn mun og hefur enda torveldað þjóðinni mjög róðurinn í landhelgisbaráttunni. Í full tvö ár hafa örfáir framámenn tveggja stjórnmálaflokka staðið öndverðir gegn þjóðarviljanum í landhelgismálinu. Þeir hafa gert það ljóst og leynt og einkum leynt. Þeir vita um einhug þjóðarinnar og óttast hann og mun þessi ótti einn ráða því, að þessir valdamenn hafa ekki þegar komið landhelgismálinu fyrir kattarnef. Brezk stjórnarvöld hafa í landhelgisdeilunni við Íslendinga ekki aðeins notið stuðnings NATO og Bandaríkjanna, heldur hafa þau einnig átt hauk í horni, þar sem voru þessir fáu íslenzku valdamenn. Hefur stuðningur þeirra einkum orðið Bretum hvatning til að láta ekki hugfallast í þessari baráttu, svo vonlaus sem hún annars hefur virzt vera. Það er skoðun margra, bæði hérlendra manna og erlendra, að Bretastjórn mundi aldrei hafa sent herskip sín til árása á íslenzka landhelgi, ef hún hefði ekki vitað um þessa samherja sína á Íslandi. Það var til þess að stappa í þá stálinu og til þess að draga kjarkinn úr þjóðinni, að herskipin voru send í þennan leiðangur. En hvað sem um þetta má segja, þá er það víst, að ekki hefðu Bretar leitað samninga um tilslakanir að stríðinu töpuðu, ef þeir hefðu

ekki haft vitneskju um hálfvelgju nokkurra íslenzkra forvígismanna. Það er einmitt sú vitneskja, sem gefur Bretum von um sigur að lokum og ræður því, að þeir hafa ekki þegar látið af ofríki sínu og yfirgangi.

Hvað eftir annað hafa hin margvíslegustu samtök almennings í landinu birt vilja sinn í landhelgismálinu, svo að um hann þarf enginn að efast. Það er þessi eindregni vilji, sem hefur haldið hinum íslenzku samherjum Breta, uppgjafarmönnunum, í skefjum. Þeir hafa orðið á milli í baráttunni og lengst af mátt sig lítt hræra. Þessum mönnum hefur til þessa verið haldið í skefjum af almenningsálitinu. En umbrot þeirra hafa engan veginn verið áhrifalaus. Hafa þau mjög styrkt baráttuhug Breta og að sama skapi orðið til að torvelda Íslendingum vörnina. Er sízt vert að gera of lítið úr þessu. Hin illu áhrif undansláttarmanna í þessu máli geta enn orðið þjóðinni örlagarík. Úr þeirri átt einni stafar 12 mílna landhelginni enn hætta, og sú hætta vex, ef þjóðin lætur nokkurn bilbug á sér finna.

Áður en endanleg ákvörðun um stækkun landhelginnar var tekin árið 1958, beittu forkólfar Alþfl. og Sjálfstfl. sér gegn henni. Það var í tíð vinstri stj. Sjálfstfl., sem var í stjórnarandstöðu, var beitt til þess að hindra framgang málsins þá. Fulltrúar hans, sem um málið fjölluðu, voru látnir tefja það sem mest og draga afgreiðslu á langinn eftir mætti. Í því skyni héldu þeir sífellt á lofti þörfinni á lengri viðræðum við vinaþjóðirnar í NATO og samningamakki við þær um málið. Nákvæmlega sömu vinnubrögð höfðu ráðamenn Alþfl. innan ríkisstj. Þar flæktust þeir fyrir og töfðu endanlegar ákvarðanir í lengstu lög. Höfðu forkólfar beggja þessara flokka sömu afstöðu í málinu og nána samvinnu sín á milli.

Hinn 21. maí 1958 gerði formaður Sjálfstfl. grein fyrir afstöðu flokks síns til landhelgisstækkunarinnar. Var í þeirri greinargerð sagt, að Sjálfstfl. gæti ekki fallizt á ákvörðun um stækkun, og viðurkennt, að meginástæðan fyrir því væri tillitssemi við NATO. Í greinargerðinni er þetta orðað svo: „Sjálfstfl. telur, að á mjög miklu velti fyrir Íslendinga, að gagnkvæm vinátta haldist með þeim og bandalagsþjóðum þeirra.“ Á þessu vildu þeir fella tillögu um stækkun landhelginnar. Þannig var framlag Sjálfstfl. til málsins þrem dögum áður en endanleg ákvörðun um stækkun landhelginnar í 12 sjómílur var tekin. Þetta var stuðningurinn þá.

Og sama máli gegndi um Alþfl.-leiðtogana. Þeir börðust líka um á hæl og hnakka þá dagana. Aðfaranótt 24. maí 1958 lét Alþfl. bugast. Þá nótt gengu ráðherrar hans til samkomulags við hina stjórnarflokkana um, að fiskveiðilandhelgin skyldi stækkuð í 12 sjómílur frá grunnlínum. Var það samkomulag síðan undirritað af öllum ráðherrunum næsta dag.

Vonbrigði forkólfanna í Sjálfstfl. og Alþfl. með þessi málalok birtust furðulega skýrt í málgögnum flokkanna næstu vikurnar á eftir. Alþýðublaðið talaði um Nasser-stefnu í landhelgismálinu og taldi ákvörðunina um 12 mílna landhelgi ljótasta leik, sem nokkurn tíma hefði fram farið á íslenzkum stjórnmálavettvangi. Morgunblaðið kallaði landhelgisstækkunina hneykslanlegt og furðulegt athæfi og harmaði hástöfum, að ríkisstj. skyldi ekki falla á þessu máli. Bæði þessi málgögn leituðust við að gera ákvörðunina um stækkunina tortryggilega og óvinsæla í augum almennings og notuðu til þess fyrst og fremst gömlu glósuna um hina vondu kommúnista. Illt innræti íslenzkra kommúnista varð til þess, að dómi þessara blaða, að landhelgisstækkunin var ákveðin í blóra við Breta og aðrar NATO-þjóðir. Allar götur síðan fyrri hluta árs 1958 hafa þessir einlægu NATO-vinir verið viðskotaillir í garð hins íslenzka málstaðar í landhelgismálinu. Hefur sú geðvonzka þeirra brotizt út öðru hvoru og raunar oft, þótt þeir á hin bóginn hafi sýnilega stundum reynt að sitja á strák sínum, enda alltaf smeykir við almenningsálitið í landinu.

Uppgjöf Guðmundar Í. Guðmundssonar utanrrh. í vinstri stjórninni varð samherjum hans í Sjálfstfl. mikið áfall, og þeir átöldu hann harðlega. Þeir töldu, að hann hefði látið svínbeygja sig undir ok kommúnista, eins og einn forkólfurinn orðaði það í ágúst 1959, og svipuð voru ummæli hæstv. núv. dómsmrh. í marz 1959.

Í nóvember 1958 gerði formaður Sjálfstfl. landhelgisstækkunina að umtalsefni og sagði þá, að til ills hefðu þeir stjórnað, sem stækkun landhelginnar ákvörðuðu. Í ræðu, sem sami maður flutti í marz 1959, kvaðst hann ekki geta leynt óánægju sinni út af aðgerðum vinstri stjórnarinnar í landhelgismálinu.

Málgögn Sjálfstfl. og Alþfl. hafa sannarlega ekki varið miklu lesmáli til varnar íslenzkum málstað í landhelgismálinu, ekkert frekar en hæstv. ráðh. hafa gert í dag og í gær hér á Alþ. Þá vörn hafa þessi málgögn ætíð stutt með hangandi hendi og sýnilegri ólund. Annars hefur þögn þessara málgagna talað skýrustu máli um afstöðu þeirra til málsins í heild. Þau þegja, á meðan þau geta, en svara ella skætingi, ef þau fá ekki orða bundizt.

Það er kunnugt, að síðan í ágúst í sumar, er það varð kunnugt, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að ganga að samningaborði með Bretum, hefur mótmælum rignt yfir í stríðum straumum. Alls konar samtök manna, stór og smá, hafa gert samþykktir, þar sem skorað er á hæstv. ríkisstj. að semja ekki við Breta um neinar tilslakanir frá 12 mílna landhelgi umhverfis allt Ísland. Þessu samþykktaflóði hefur hin NATO-sinnaða hæstv. ríkisstj. kunnað hið versta, og kemur það glögglega fram í forustugrein Morgunblaðsins 28. sept. s. l. Þar segir, að hinum fáránlegustu ályktunum og yfirlýsingum rigni yfir blöð og útvarp, og síðan er fyllilega gefið í skyn í þessari grein, að þeir, sem í þessu standi, séu „samsafn fífla einna“. Þannig verka mótmæli þjóðarinnar gegn tilslökun í landhelgismálinu á NATO-vinina í stjórnarherbúðunum. Væru þeir eindregnir forsvarsmenn landhelginnar, mundu þeir fagna samþykktum fólksins og veifa þeim framan í Breta á viðræðufundunum. En það er öðru nær en svo sé. Þeir móðgast bara, hreyta ónotum í þjóðina og kalla hana „samsafn fífla“. Eitthvað stingur efni samþykktanna í stúf við óskir þeirra sjálfra og fyrirætlanir.

Bretar hafa látlaust klifað á því síðustu árin í

vanmætti sínum, að þeir vildu fá að semja við Íslendinga um íslenzka fiskveiðilandhelgi. Á þau tilmæli lítur þjóðin sem móðgun, er jafngildi afskiptum erlendrar þjóðar af innanríkismálum okkar. Þannig lítur öll þjóðin á málið, að undanskildum fáeinum valdamiklum mönnum. Þeir taka tilmælunum allraþjónustusamlegast og verða meira að segja við þeim. Í ágústmánuði s. l. var þjóðinni birtur sá boðskapur, að Bretastjórn hefði farið þess á leit, að teknar yrðu upp viðræður milli ríkisstjórna Íslands og Bretlands um fiskveiðideiluna, og að hæstv. ríkisstj. hefði orðið við þeirri málaleitan. Við þessa fregn setti kvíða og ugg að öllum hugsandi mönnum í landinu, og almenningur tók til að mótmæla, svo sem ég hef þegar lýst. Hæstv. ríkisstj. fann ólguna gegn sér og óttaðist hana. Þess vegna leitaðist stjórnin við að gera sem minnst úr þessum væntanlegu viðræðum við Breta. Þær ættu eingöngu að snúast um það, að hvor aðilinn skýrði fyrir hinum sín sjónarmið og sín viðhorf til deilunnar. Um neina tilslökun af hálfu Íslendinga væri ekki að ræða í þessu sambandi. Með þessum fortölum reyndi hæstv. ríkisstj. að lægja öldurnar, sem risu gegn áformum hennar í sumar og í haust.

En í Bretlandi var annað hljóð í strokknum. Þegar þar var skýrt frá fyrirhuguðum viðræðum stjórna Íslands og Bretlands, var ekki farið dult með tilganginn. Þannig sagði brezka útvarpið frá því, að megintilgangur viðræðnanna væri sá að komast að málamiðlun um stærð fiskveiðilögsögunnar við Ísland og yrði þá hafður í huga hinn sögulegi réttur Breta til veiða á fiskimiðunum við Ísland. Þessum megintilgangi viðræðnanna hefur hæstv. ríkisstj. leynt þjóðina — og hvers vegna? Auðvitað er ástæðan ótti íslenzku stjórnarinnar við þjóðina. Hún leynir áformunum af því, að þau eru íslenzkum hagsmunum í óhag. Þess vegna á að koma aftan að þjóðinni, og þess vegna er leyndin höfð í frammi og öll undanbrögðin. Samningaviðræðurnar hófust í Reykjavík 1. okt. og stóðu í vikutíma, en upp úr því fóru brezku samningamennirnir heim hver af öðrum. Viðræðum var frestað um tíma, hvað sem því olli. Í því sambandi er vert að minnast þess, að daginn, sem viðræðurnar hófust, var haldinn geysifjölmennur útifundur í Reykjavík, þar sem þúsundir manna mótmæltu samningamakkinu við Breta, og mótmælavörður Íslendinga stóð dag og nótt fyrir utan fundarhús samningamannanna. „Samsafn fífla“ hefur máske þrátt fyrir allt minnt íslenzka fyrirmenn óþægilega á skyldur sínar eða líklega þó frekar skotið þeim einhverjum skelk í bringu.

Eitt er víst, hæstv. ríkisstj. telur sig eiga óhægt um vik í afsláttarpólitíkinni. Almenningsálitið bindur hana böndum, sem hún veigrar sér við að slíta. Þetta kemur glöggt fram í leiðara Morgunblaðsins 20. okt. Þar segir m. a.:

„Á því leikur ekki minnsti vafi, að erfiðleikarnir á lausn landhelgismálsins stafa meðfram af því, hve þvinguð skoðanamyndun er hérlendis, þar sem menn eiga það beinlínis á hættu að vera stimplaðir landráðamenn“ o. s. frv.

Þarna höfum við það svart á hvítu. NATO-vinum, undansláttarmönnunum í hæstv. ríkisstj., finnst skoðanamyndun almennings í landhelgismálinu vera þvingandi. Hún ber sig upp undan því, hæstv. ríkisstj., að álit þjóðarinnar torveldi samningamakkið við Breta.

Á fyrsta degi þessa þings gerði hæstv. forsrh. tilknúður viðræðurnar við Breta að umtalsefni. Samkv. frásögn hans gerðist ekkert á þeim fundum annað en gagnkvæm túlkun skoðana og sjónarmiða. Hið sama sagði hæstv. utanrrh. nú áðan. En hæstv. forsrh. upplýsti einnig, að viðræðutíminn í byrjun októbermánaðar hefði verið ákveðinn með það fyrir augum, að unnt væri að hafa samráð við Alþingi, áður en úrslitaákvarðanir væru teknar í málinu.

Hvers konar úrslitaákvarðanir gat hæstv. ríkisstj. þurft að hafa samráð við þingið um? Ályktun Alþingis 5. maí 1959 um fiskveiðilandhelgina er skýr og afdráttarlaus, og hana ber hæstv. ríkisstj. að hafa að leiðarljósi. Úrslitaákvörðun, sem þarf að hafa samráð við Alþingi um, getur aðeins farið í þá átt að skerða gildandi ákvæði um landhelgina, skerða 12 mílna friðunarsvæðið umhverfis landið allt. Þetta hefur sem sé komið til greina í bollaleggingum hæstv. stjórnar, og kom það raunar ekki á óvart.

Þessi ummæli hæstv. forsrh. um úrslitaákvarðanir bera það með sér, að fundir Íslendinga og Breta hafi átt og eigi að snúast um fleira en meinlausar útlistanir á viðhorfum, að þar hafi líka átt að bera fram og ræða till. og taka um þær ákvarðanir. Á fundunum átti m. ö. o. að makka um landhelgina. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. aldrei fengizt til að viðurkenna af ótta við almenningsálitið í landinu.

En Bretar hafa hins vegar aldrei farið dult með tilganginn. Þeir hafa frá fyrsta fari óskað eftir þessum viðræðum einungis í því skyni að fá Íslendinga til þess að semja, þ. e. slaka til í landhelgismálinu. Þeir hafa aldrei talið sig eiga annað erindi til viðræðufundar.

Hæstv. ríkisstj. sveipar þetta mál allt mikilli leynd og miklu meiri leynd en brezk stjórnarvöld gera. Það getur ekki verið af öðru en því, að hún telji sig ekki hafa hreint mjöl í pokanum. Hér hefur ekkert síazt út um efni viðræðnanna í ráðherrabústaðnum í byrjun þessa mánaðar. Fréttir frá þeim verða íslenzk blöð að sækja til brezkra og annarra erlendra blaða. Jafnvel aðalmálgagn hæstv. ríkisstj. verður að lúta að þessu eins og önnur blöð. S. l. sunnudag hefur Morgunblaðið það eftir Daily Telegraph og Aftenposten, að viðræður Íslendinga og Breta muni sennilega hefjast á ný í þessari viku. Morgunblaðið hefur það einnig eftir þessum blöðum, að þrátt fyrir mikla leynd sé grundvöllur viðræðnanna kunnur. Leyndin sé viðhöfð m. a. til þess að koma í veg fyrir árekstra ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar á Íslandi. Í grundvelli samninganna felist undanþága handa Bretum til fiskveiða innan 12 mílna markanna. Og þannig er áfram talið það, sem íslenzka ríkisstj. vill og vill ekki. Málgagn hæstv. forsrh., Morgunblaðið, segir frá þessu öllu og hefur erlend blöð að heimild. En hæstv. ráðh. þegir sem steinn. Hann þegir, að sögn Morgunblaðsins,

vegna ótta við stjórnarandstöðuna. En skyldi það ekki frekar vera af ótta við sjálfa íslenzku þjóðina?

Erlendar fregnir bera það greinilega með sér, að brezka sendinefndin hefur farið héðan með tillögur íslenzku ríkisstj. upp á vasann. Þær hafa síðan verið í athugun hjá brezkum ráðunautum og hjá brezkum togaraeigendum, eins og segir í grein Morgunblaðsins s. l. sunnudag. Á meðan lýsir hæstv. forsrh. og aðrir hæstv. ráðh. því yfir af miklu steigurlæti hér, að ekkert markvert hafi gerzt á viðræðufundunum.

Hæstv. ríkisstj. hét því í sumar að láta hv. utanrmn. Alþingis fylgjast með gangi viðræðnanna. Þetta var svikið og afsakað með því, að þar hefði ekkert frásagnarvert gerzt. Sama sagan er síðan borin á borð fyrir hið háa Alþingi. Hæstv. ríkisstj. segist ekkert hafa gert, og hún sver og sárt við leggur, en á meðan eru brezkir aðilar að glugga í tilboð hennar um ívilnanir Bretanum til handa. Minna þessir svardagar og þessi aðferð öll óþægilega á hina dýru eiða, sem íslenzkir ráðherrar unnu hér á árunum, skömmu áður en Ísland lenti í hers höndum.

Ég vil ógjarnan efast um, að hæstv. ríkisstj. harmi yfirgang Breta og ásælni og óski þess í hjarta sínu, að hún væri þess umkomin að heyja í þessu mikilsverða máli farsæla baráttu fyrir þjóð sína. En þessi stjórn á óhægt um vik. Hún er í slæmri klípu. Utanríkisstefna hæstv. ríkisstj. og raunar þjóðmálastefnan öll meinar henni að reka réttar þjóðar sinnar í þessu lífshagsmunamáli hennar. Í samræmi við stefnu sína er þessi stjórn háð og vill vera háð NATO og þá fyrst og fremst Bandaríkjamönnum og Bretum, aðalfjandmönnum okkar í landhelgismálinu. Þetta er skýringin á vesaldómi hennar í meðferð landhelgismálsins. Tilhneigingin til undanlátssemi við Breta er sprottin af ósjálfstæði hæstv. ríkisstj.

Í anda stefnu hæstv. ríkisstj. var Ísland reyrt í herfjötra NATO-ríkjanna, og í anda sömu stefnu er allt efnahagslíf landsins pískað undir ok NATO-valdsins, jafnvel sjálft stjórnarfarið í landinu tekur í æ ríkara mæli á sig mynd og lögun í samræmi við forskriftir frá voldugasta NATO-ríkinu, Bandaríkjunum. Þeim forskriftum hafa menn áður kynnzt í löndum eins og Suður-Kóreu, Japan, Laos, Tyrklandi og Frakklandi.

Hæstv. ríkisstj. á nú við mikla erfiðleika að stríða. Í byrjun ársins framkvæmdi hún út í yztu æsar efnahagsmálatillögur Bandaríkjamanna og kallaði viðreisn. Nú er viðreisnin farin út um þúfur og efnahagslegt hrun blasir við. Pólitíska fylgið hrynur af stjórnarflokkunum um þessar mundir. En stjórnina langar til að lafa við völdin áfram, svo aðframkomin sem hún þó er. En til þess að geta lafað þarf hún að fá aukinn stuðning og auknar fyrirgreiðslur frá þeim, sem hún er háðust, Bandaríkjamönnum og Bretum. En aukin fjárhagsaðstoð frá þessum aðilum er ekki látin í té fyrir ekki neitt. Þar verður eitthvað að koma á móti, og verður þá fyrst fyrir hin viðkvæma landhelgisdeila. Í því máli njóta Bretar stuðnings Bandaríkjanna, og báðir aðilar leggja hart að hæstv. ríkisstj. um tilslakanir. Fáist þær, svo að Bretum líki, verður hægt að tala um ný dollaralán, fiskkaup og aðrar fyrirgreiðslur. Frammi fyrir þessu stendur íslenzka ríkisstj. nú. Í skerðingu landhelginnar felst nú hennar eina von um að geta hjarað eitthvað áfram. Með þeirri skerðingu, ef hún tekst, getur hún enn um hríð stutt sig við sterka arma NATO-valdsins.

Íslenzkir fiskifræðingar og aðrir sérfróðir menn töldu nauðsyn á stækkun landhelginnar í 12 sjómílur og ráðlögðu hana einróma. Reglugerðin um stækkunina var samin með hjálp fróðustu og reyndustu manna, og hún var út gefin í samræmi við lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Þeim lögum getur ríkisstj. ekki breytt, og lög hefur ríkisstj. engan rétt til að brjóta frekar en aðrir.

Sjútvmrn. hefur rétt til að gefa út nýja reglugerð um friðun fiskimiða, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans. Þessir síðastnefndu aðilar ráðlögðu stækkunina í 12 mílur. Skyldu þeir ganga inn á skerðingu hennar nú tveim árum síðar? Það þykir mér harla ótrúlegt, svo framarlega sem hin faglega þekking fær notið sín hjá þeim nú eins og þá. Skerðingu gildandi ákvæða um landhelgina yrði ríkisstj. þá að ákveða í trássi við till. Fiskifélagsins og atvinnudeildarinnar. Í lögunum segir enn fremur, að reglugerðina skuli endurskoða, eftir því sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til. Verði Bretum og þá sennilega öllum þjóðum heimilað að fiska innan núverandi friðunarsvæðis, þá er spurningin, hvort vísindalegar rannsóknir gefi tilefni til slíks. Getur vísindaleg rannsókn leitt í ljós, að þörf sé á að leyfa Bretum veiðar í landhelgi? Reynist svo, er auðvitað sjálfsagt að ívilna þeim, þrátt fyrir ofbeldið. En hver mundi treysta vísindum, er þann boðskap flyttu?

Undanþága handa brezkum skipum til veiða innan 12 mílna markanna fer þannig vafalítið í berhögg við anda laganna um verndun fiskimiða, hvað sem bókstafnum kann að líða. Í kringum bókstafinn er að jafnaði auðvelt að fara, eins og kunnugt er.

Ég vantreysti hæstv. ríkisstj. í meðferð þessa mikilvæga og viðkvæma máls. Stjórnarandstaðan hér á þingi leitast við að firra stjórnina afglöpum í málinu. En hvort það tekst, er allsendis óvíst enn. Álengdar stendur öll þjóðin, og þótt margir treysti stjórninni miður vel, er þó enn fjöldi manna, sem vill ekki trúa því, að samið verði við Breta um neins konar tilslökun eða frávik um 12 mílna landhelgi. Þetta fólk hefur ekki enn gert sér grein fyrir því, hversu ósjálfstæð hæstv. ríkisstj. er, hversu háð hún er andstæðingunum. Sviki hæstv. ríkisstj. í þessu máli, gerir hún það vafalaust í trausti þess, að langt er til kosninga, og í trausti þess, að almenningur sé ekki langminnugur. Satt er það, að smáyfirsjónir gleymast fólki fljótt. En öllu eru þó takmörk sett, líka fyrirgefningunni. Svikum í landhelgismálinu mun þjóðin ekki gleyma næstu árin og fyrir þau mun hún kvitta, þótt síðar verði.

Umr. frestað.

Á 13., 14. og 15. fundi í Ed., 31. okt., 1. og 3. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Ed., 4. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þjóðaratkvæðagreiðslan, sem fram fór dagana 20.—23. maí 1944, sýndi, að „þegar býður þjóðarsómi", getur íslenzka þjóðin verið einhuga. Með lýðveldisstofnuninni var náð lokamarki eftir langa baráttu. Þjóðin fagnaði frelsinu og hafði fyrir augum þá reynslu, að með auknu stjórnfrelsi hefur velmegun þjóðarinnar sí og æ farið vaxandi. Samhengið milli þessa tvenns er hægt að rekja stig af stigi.

Þegar litið er á sögu landhelgismálsins, verður ljóst, að þróun þess um aldarskeið hefur orðið í öfugu hlutfalli við þróun sjálfstæðisbaráttunnar. Um langan aldur, að ég ætla frá 1682 til 1859, hafði íslenzka þjóðin 16 sjómílna landhelgi, en 8 árum eftir að þjóðfundurinn var haldinn og 5 árum eftir að síðustu bönd hinnar illræmdu einokunarverzlunar voru leyst, var kreppt að íslenzku landhelginni þannig, að landhelgisgæzlan var ekki látin taka til nema 4 sjómílna, og þessi ákvörðun var tekin af erlendu valdi, þannig að dönsk stjórnarvöld ákváðu, að gæzlan skyldi þá og eftirleiðis aðeins látin taka til 4 sjómílna, þótt fyrir lægju áskoranir Alþingis um, að landhelgisgæzlan yrði látin ná til 16 sjómílna, eins og verið hafði um langan aldur.

Um síðustu aldamót var mikill vorhugur með íslenzku þjóðinni. Kynslóðin, sem þá hóf störf, gekk vissulega til verka með þeim ásetningi að vinna að framförum í landinu, vinna að þjóðarendurfæðingu. Rétt eftir aldamótin var og náð nýjum áfanga í frelsisbaráttunni, en um svipað leyti eða rétt eftir aldamótin er enn kreppt að íslenzku þjóðinni í landhelgismálinu með því, að af hálfu erlends valds var fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar gerður samningur til 50 ára um 3 sjómílna landhelgi. Það var því að vonum, að íslenzka þjóðin fagnaði, þegar sá tími kom, að þessi landhelgissamningstími rann út, og þjóðin hefur vissulega fagnað hverjum áfanga, sem náðst hefur í landhelgismálinu til útfærslu landhelginnar og öruggari gæzlu hennar. Þessi einhugur þjóðarinnar í landhelgismálinu hefur ekki breytzt, þótt stjórnarskipti hafi orðið. 1948, þegar lögin um verndun landgrunnsins voru sett, sem reglugerðir síðar eru byggðar á, var hér þriggja flokka stjórn, Sósfl. í stjórnarandstöðu. 1952, þegar fiskveiðilandhelgin var færð út í 4 sjómílur, var hér tveggja flokka stjórn, Alþfl. og Sósfl. í stjórnarandstöðu. Og 1958, þegar fiskveiðilandhelgin var færð út í 12 sjómílur, var hér þriggja flokka stjórn, Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. En ávallt þegar nýjum áfanga hefur verið náð í landhelgismálinu, hefur þjóðin staðið einhuga á bak við þær ráðstafanir. Þessi einhugur þjóðarinnar í landhelgismálinu stafar vitanlega af því, að hún veit og skilur til fulls, að hér er um lífshagsmunamál hennar að ræða. Vísindin leggja okkur upp í hendur rök fyrir því. En jafnframt er landhelgismálið þáttur af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, endurheimt fornra landsréttinda, sem þjóðin missti úr höndum sér vegna ráðstafana erlends valds.

Alþingi hefur haft forustu í landhelgismálinu, og af hálfu stjórnmálaflokkanna hefur það komið fram, að þeir hafa viljað vinna að málinu í samræmi við þá þjóðareiningu, sem um það hefur skapazt, og reynt að sameina sjónarmið flokkanna um leiðir að markinu. Þessi viðleitni stjórnmálaflokkanna bar þann árangur, að með ályktuninni 5. maí 1959 náðist algert samkomulag milli flokkanna um orðalag ályktunarinnar, og hún var samþykkt hér á hv. Alþingi að ég ætla einróma.

Í þessum umr. hefur það verið rakið, að í utanrmn. hafi verið unnið mikið starf í sambandi við landhelgismálið og að sú samstaða, sem varð í málinu með ályktuninni frá 5. maí 1959, hafi byggzt á langri athugun í utanrmn. Ég hef ekki átt sæti í þeirri n. og er ekki kunnugur því, hvað þar hefur farið fram, og skal ekki gera það að umræðuefni. En mér þykir hlýða að minnast hér á sumt af því, sem fram hefur komið í sambandi við landhelgismálið hér á hv. Alþingi, hvað birt hefur verið þingmönnum og þjóðinni af hálfu stjórnarvaldanna og þá einkum af hálfu núv. hæstv. ríkisstj.

Þegar núv. ríkisstj. gerði Alþingi grein fyrir stefnu sinni 21. nóv. 1959, þ. e. fyrir tæpu ári, gaf hún við það tækifæri svo hljóðandi yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta: „Þá þykir ríkisstjórninni rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt, eins og hún kemur fram í samþykkt Alþingis hinn 5. maí 1959." Og til áherzlu, þegar þessi yfirlýsing er birt í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, þá er henni valin stór fyrirsögn, þannig: „Óbreytt stefna í landhelgismálinu."

Meðan Genfarráðstefnan stóð yfir, þar sem fjallað var um rétt þjóða til útfærslu landhelgi, urðu nokkrar umr. um þessi mál hér á hv. Alþingi. Þá var af hálfu núv. ríkisstj. gefin yfirlýsing um stefnu hennar í málinu. Sú yfirlýsing er birt í Morgunblaðinu undir stórfyrirsögn: „Undansláttarlaus krafa um 12 mílna fiskveiðilögsögu." Og yfirlýsingin hljóðar þannig: „Utanrmn. Alþingis hélt fund síðdegis í gær" (þ. e. 8. apríl). „Sátu ráðherrar jafnframt fundinn. Var þar rætt um viðhorfið í landhelgismálinu eftir síðustu fregnir af ráðstefnunni í Genf. Settur utanrrh., Emil Jónsson, gaf á fundinum eftirfarandi yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj.: Ríkisstjórnin er öll sammála um, að halda beri fast á þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið af fulltrúum Íslands í Genf, þ. e. undansláttarlausri kröfu um 12 mílna fiskveiðilögsögu, og enn fremur, að möguleikum verði haldið opnum um frekari stækkun fiskveiðilögsögunnar. Að öðru leyti verði fulltrúum Íslands á ráðstefnunni falið að taka ákvörðun um afstöðu til einstakra tillagna og að bera sjálfir fram tillögur, eftir því sem þeir meta að gagni bezt hagsmunum Íslands og ofangreindu aðalsjónarmiði."

Á meðan Genfarráðstefnan stóð yfir, var rætt um landhelgismálið hér á hv. Alþingi oftar en í það skipti, sem sú yfirlýsing var gefin, sem ég var að greina frá. Hinn 25. apríl s. l. höfðu borizt hingað fréttir af Genfarráðstefnunni, og þá

kom fram það sjónarmið flokkanna, m. a. núv. stjórnarflokka, sem túlkað er í Morgunblaðinu 26. apríl, þar sem segir: „Íslendingar semja ekki við Breta um takmörkun sögulegra réttinda.“ Og í umr., sem hér fóru fram á hv. Alþingi þennan dag, komst hæstv. forsrh. (ÓTh) þannig að orði, *með leyfi hæstv. forseta, — ég skal taka fram*, að ég hef ekki við höndina afrit þingskrifara af stálþræðinum, en ég hef fyrir mér Morgunblaðið, og þau orð, sem ég vitna til, eru feitletruð innan gæsalappa í Morgunblaðinu, og tel ég það trausta heimild, — forsrh. fórust þannig orð: „Ég hef ekkert umboð frá *neinum* í þessu þjóðfélagi til þess að afsala Íslandi 12 mílna fiskveiðilandhelgi bara af því, að einhver önnur þjóð fær ekki 12 mílna landhelgi. Annað er fátæka mannsins einasta lamb, það er okkar fiskur, hitt er hápólitískt og hernaðarlegt mál.“ Og þegar úrslit atkvgr. í Genf urðu kunn, túlkar aðalmálgagn ríkisstj. afstöðu Íslands og viðhorf ríkisstj. í landhelgismálinu með stórfyrirsögn þannig: „Féll á atkvæði Íslands. Hinum sögulega óréttí bægt frá.“

Ég ætla, að þessi dæmi, sem ég hef tekið af því, sem fram hefur komið í málinu af hálfu hæstv. ríkisstj. hér á hv. Alþingi, séu nægilega mörg til þess að sýna, að þjóðin hefur vænzt þess af hæstv. ríkisstj., að stefna hennar væri í samræmi við þann einhug þjóðarinnar, sem skapazt hefur, stefna hennar væri undansláttarlaus krafa um 12 mílna fiskveiðilögsögu. Það er því eðlilegt, að þjóðin hafi hrokkið ónotalega við þær síðustu fregnir, sem borizt hafa af aðgerðum í landhelgismálinu, enda sýna hinar fjölmörgu ályktanir, sem berast hvaðanæva utan af landsbyggðinni, að svo er. Það er staðreynd, sem bæði þm. og þjóðinni er kunnugt um, að það hafa farið fram viðræður milli íslenzkra fulltrúa og brezkra fulltrúa um landhelgismálið. En í yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf, þegar Alþingi var sett nú í haust, kom það fram, að það ættu sér aðeins stað viðræður, þar sem báðir aðilar skýrðu sjónarmið sín. En af ræðu þeirri, sem hæstv. dómsmrh. flutti hér í þessu máli, verður ekki annað séð en beinlínis sé stefnt að því af hálfu hæstv. ríkisstj. að vinna að samningum og ganga til samninga við Breta um meiri eða minni undanslátt á 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Hæstv. dómsmrh. segir í ræðu sinni orðrétt m. a. þetta: „Verið er að kanna, hvort hægt sé að semja um miklu skemmri tíma með því að tryggja Íslendingum fiskveiðar á þeim tíma jafnvel eða betur en gert er með 12 mílna lögsögunni. Þetta er viðfangsefnið.“ „Þetta er viðfangsefnið,“ orðrétt eftir hæstv. dómsmrh., að verið er að kanna að semja við Breta um málið.

Það er enn fremur staðreynd, að í brezkum blöðum hefur verið skýrt frá því, að brezka stjórnin hafi fengið í hendur ákveðnar íslenzkar tillögur í landhelgismálinu, hafi brezka stjórnin afhent þessar till. fulltrúum brezkra útgerðarmanna. Út af þessu leyfi ég mér að bera fram þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstj.: Hefur ríkisstj. gert ákveðnar tillögur í sambandi við samninga við Breta um landhelgismálið? Og ef svo er: Hvert er efni þeirra tillagna?

Í ræðu þeirri, sem hæstv. utanrrh. hélt um þetta mál, lagði hann áherzlu á það, að íslenzku þjóðinni og íslenzkum stjórnvöldum bæri að stuðla að friði og góðri sambúð þjóða. Þetta er ekki nýtt. Þetta hefur vitanlega alltaf verið og á að vera stefna Íslands í alþjóðamálum. En þetta lá *einnig fyrir 1958, þegar ákveðið var að færa* fiskveiðilögsöguna út í 12 mílur, og íslenzkum stjórnvöldum var það ekki ókunnugt þá og ekki þingflokkunum, sem sameinuðust um málið, að a. m. k. Bretar höfðu gefið það í skyn, að þeirri ráðstöfun yrði ekki mætt með velvilja af þeirra *hálfu. En hæstv. utanrrh. virtist gleyma því*, að áhrif þjóðarinnar að þessu leyti um að stuðla að friði og góðri sambúð þjóða eru komin undir því, að þjóðin standi saman og að þeir, sem forustu hafa í málum hennar, hagi þannig störfum í hinum þýðingarmestu þjóðmálum, eins og landhelgismálinu, að *þjóðin geti staðið einhuga* með þeim.

Þá lagði hæstv. utanrrh. áherzlu á það, að ríkisstj. ætti að haga svo störfum og stefnu sinni í landhelgismálinu, að komið yrði í veg fyrir tjón gagnvart íslenzkum þegnum. Ekki er þetta heldur nýr vísdómur. Þetta hefur vitanlega átt að vera markmið allra ríkisstj. En ef við hefðum átt að leggja aðaláherzlu á þetta í sambandi við landhelgismálið, hefði afstaða Íslands í Genf sjálfsagt orðið með öðrum hætti en þar varð, hefði það sjónarmið að friðmælast við Breta átt að ráða afstöðu okkar og aðgerðum í landhelgismálinu. Það var þó kunnugt, að árekstrar höfðu orðið, allt frá því að ákvæði reglugerðarinnar komu í gildi og þangað til Genfarráðstefnan var háð, þannig að það lá fyrir þá, hver afstaða Breta og aðgerðir þeirra voru.

Þá sagði hæstv. utanrrh. í ræðu sinni, að hér væri ekki um neina hættu að ræða í sambandi við þetta mál, vegna þess að hæstv. ríkisstj. mundi ekki gera samninga um afslátt á 12 mílna fiskveiðilandhelginni, nema fyrir lægi afdráttarlaus viðurkenning Breta um rétt Íslendinga til 12 mílna fiskveiðilögsögu, um leið og gengið yrði frá samningum. Út af þessu vil ég spyrja: Var ekki till., sem fjallað var um í Genf, um undanþágu til fiskveiða innan 12 mílna í 10 ár með því skilyrði, að allar þjóðir viðurkenndu afdráttarlaust 12 mílna fiskveiðilandhelgina að þeim tíma liðnum, — var ekki þeirri tillögu bægt frá með atkvæði Íslands þrátt fyrir þetta skilyrði?

Þessi röksemdafærsla hæstv. utanrrh. missir gersamlega marks til að réttlæta þær fyrirætlanir, sem ríkisstj. virðist nú hafa í landhelgismálinu.

En þegar hér er komið máli, er eðlilegt að spyrja: Á hvaða réttargrundvelli eiga þeir samningar að gerast eða fara fram, sem nú er verið að undirbúa eða fjalla um í sambandi við landhelgismálið? Það vakti eftirtekt mína og sennilega fleiri, sem hlýtt hafa á þessar umr. um þetta frv., að í málflutningi þeirra tveggja hæstv. ráðh., sem um málið hafa talað, er alger eyða að þessu leyti. Hæstv. dómsmrh. greindi í ræðu sinni þrjú stig hins sögulega réttar. Hann talaði um eilífa kvöð til undanþágu til fiskveiða innan 12 mílna markanna. Hann talaði um slíkar und-

anþágur á 10 ára tímabili. Og hann imprði einnig á slíkum undanþágum um skemmri tíma, t. d. um 5 ár.

Í Genf, þegar gengið var til úrslita um þær till., sem þar lágu fyrir, var ekki tekizt á um hina eilífu sögulegu kvöð, sem hæstv. dómsmrh. vék að. Það, sem tekizt var á um þar, var undanþága í 10 ár, á 10 ára tímabili, og það var þetta stig hins sögulega réttar, undanþága í 10 ár, sem aðalmálgagn hæstv. ríkisstj. kallaði hinn sögulega órétt, sem bægt hafði verið frá með atkvæði Íslands. Það, sem er óréttur, verður ekki réttmæt regla við það eitt, að tíminn styttist. Á því er ekki eðlismunur, heldur aðeins stigmunur á áhrifum ráðstafananna. Og var hinum sögulega órétti bægt frá í Genf með atkvæði Íslands til þess eins, að sex mánuðum síðar yrði hann hafður að grundvelli í samningamakki um afslátt á 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands?

En ef réttargrundvöllurinn, sem samningarnir eiga að byggjast á, er hinn sögulegi réttur, þ. e. eitthvert stig hans, hvernig verður þá viðhorf annarra þjóða, sem eiga hinn sögulega rétt? Geta þær þá ekki gert kröfu um sams konar aðstöðu og Bretum yrði veitt?

E. t. v. ætlar hæstv. ríkisstj. að leggja það til grundvallar samningum að láta undan ofbeldi, slá undan gagnvart þeirri einu þjóð, sem hefur ekki viðurkennt í verki 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Ef það á að vera meginreglan, þá hygg ég, að virðing annarra þjóða fyrir hinu íslenzka ríki vaxi ekki við þá meðferð málsins, heldur miklu fremur hið gagnstæða.

En e. t. v. er þessu þannig varið, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að gera í landhelgismálinu eins konar verzlunarsamning við Breta. En hvernig fer þá, ef fleiri þjóðir óska svipaðra viðskipta á þeim grundvelli?

Og hvað sem þessu líður, þá er eitt víst: Hæstv. ríkisstj. hefur ekkert umboð frá þjóðinni til þess að verzla með hina 12 mílna fiskveiðilögsögu. Í kosningunum, sem fram fóru á s. l. ári, var það afdráttarlaust látið í ljós af hálfu allra stjórnmálaflokkanna, að þeir mundu standa örugglega á verði í landhelgismálinu og ekki beita sér fyrir neinum afslætti af því, sem orðið var. Og það er vissulega svo, að hæstv. forsrh. hitti naglann á höfuðið 25. apríl s. l., þegar hann mælti hér á hv. Alþ. þessi orð: „Ég hef ekkert umboð frá neinum í þessu þjóðfélagi til þess að afsala Íslandi 12 mílna fiskveiðilandhelgi, sem er fátæka mannsins einasta lamb.“

Það hlýtur öllum að vera ljóst, að ef gengið verður til samninga við Breta um landhelgismálið, afslátt á því, sem þegar er orðið, þá hefur það alvarleg áhrif, bæði út á við og inn á við. Með því er vissulega skapað varhugavert fordæmi, sem vitnað kann að verða til síðar, þegar þjóðin vill fara næsta áfanga í landhelgismálinu. Og innbyrðis er stefnt að því með slíkum samningum að rjúfa þá þjóðareiningu, sem skapazt hefur um landhelgismálið. En í viðbót við þetta virðist það helzt liggja fyrir, að því er ráða má af því, sem fram hefur komið, að í sambandi við slíka samninga, ef gerðir verða, mundi verða gert upp á milli einstakra landshluta.

Þau skref, sem stigin hafa verið til þessa með útfærslunni 1952 og 1958, hafa verið þannig, að útfærslan hefur verið jöfn frá grunnlínupunktum um allt land. Með því hefur verið tryggt jafnrétti landshlutanna í sambandi við málið. Nú liggur það ekki ljóst fyrir, hvernig málið er hugsað að þessu leyti. En hæstv. dómsmrh. vék þó að því í ræðu sinni um þetta mál, að það kynnu að verða veittar einhverjar undanþágur innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar eða það yrði að hafa í huga að fá jafngildi þess, sem látið yrði af hendi, á öðrum stöðum. Þetta virðist helzt benda til þess, að það sé fyrirhugað að hafa landhelgisbeltið mjög misbreitt, og það virðist helzt benda til þess, að það sé jafnvel fyrirhugað að hafa eins konar makaskipti á hafsvæðum. Ég skal ekki fara lengra út í þetta atriði, en vil aðeins láta þá skoðun í ljós, að það mundi ekki vera lítill vandi á höndum, ef út í slíkt mat og slíka verzlun í landhelgismálinu yrði farið. En það virðist helzt vera svo, að í viðbót við undanslættinn gagnvart Bretum kunni að koma misrétti milli landshlutanna innbyrðis. Hver sem reynslan verður í þessu efni, þá er það víst, að um þetta er nú þegar hugsað víða úti um land. Eftir því verður tekið og eftir því verður munað, hvernig frá slíku verður gengið, og það verður metið við hæstv. ríkisstj. eftir því, sem efni standa til.

Það eru margir í þessu landi, sem vantreysta hæstv. núv. ríkisstj. Menn sjá, að heildarstefna hennar er að ýmsu leyti óheillavænleg. Á það hefur oft verið bent, hve kosningaloforð stjórnarflokkanna frá síðustu kosningum eru gersamlega brotin með stefnu hæstv. ríkisstj. En því skal ég ekki blanda inn í þessar umr. En þegar hæstv. ríkisstj. kynnti stefnu sína á Alþ. 21. nóv. 1959, höfðu menn ástæðu til að ætla, að hún mundi ekki bregðast þeirri stefnu, sem mörkuð hafði verið og samkomulag náðst um milli flokkanna í landhelgismálinu. Það munu ýmsir hafa hugsað svo: Fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott. — En það, sem nú er fram komið í umr. um þetta mál og virðist vera á döfinni, er því miður þannig, að jafnvel þetta takmarkaða traust á hæstv. ríkisstj. virðist ætla að reynast oftraust.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að lögfesta þá skipan, sem ákveðin var með reglugerðinni um útfærslu í 12 mílur og þjóðareining hafði skapazt um. Það er stefnt að því með frv., að Alþ. taki í taumana og forði þjóðinni frá óhöppum og vansæmd, sem ríkisstj. virðist ætla að leiða yfir hana í sambandi við landhelgismálið. Þetta eru gild rök fyrir því að samþykkja þetta frv. og láta afgreiðslu þess ekki dragast.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Síðan ég talaði um þetta mál í hv. d. í s. l. viku, hafa tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh., sem ég beindi einmitt sérstaklega máli mínu til, haldið alllangar ræður um þetta mál og svarað með þeim ræðum okkar hv. 2. þm. Vestf.

Ég játa það — svona til gamans, að það hvarflaði að mér eitt augnablik, eftir að ég hafði hlustað á ræður þessara tveggja hæstv. ráðherra, að

það kynni að vera fróðlegt að gera samanburð á þessum ræðum frá því sjónarmiði, hvernig þær lýstu mönnunum, sem fluttu þær. En ég hef hingað til reynt að forðast það að láta nokkur persónuleg sjónarmið koma fram í umr. hér á hv. Alþ., og ég vil því að sjálfsögðu láta slíkan samanburð sem þennan niður falla í þessu máli. En málsins vegna er ekki unnt að komast hjá því að gera nokkurn samanburð á ræðum þessara hæstv. ráðherra, vegna þess að þær upplýsingar, sem komu fram í ræðum þeirra um þetta mál, eins og það stendur nú, vörpuðu mjög óliku ljósi á það, hvernig þetta mál standi nú, svo mjög, að það er varla hægt að segja, að þær upplýsingar geti samrýmzt. En áður en ég vík að þessum samanburði á ræðum hæstv. ráðh., verð ég að minnast með nokkrum orðum sérstaklega á örfá atriði og sérstaklega eitt atriði í svörum hæstv. utanrrh. til mín.

Ég beindi allmörgum spurningum til hæstv. utanrrh. Þær spurningar voru flestar um gang þessa máls fram að þessu. Mér er skylt að þakka svör hæstv. ráðh. við spurningum mínum, svo langt sem þau náðu, — ég geri það hér með, — en hann hagaði öllum svörum sínum svo, að þau upplýstu sem allra minnst um það, sem hefði gerzt í þessu máli, um gang viðræðnanna, sem hefðu farið fram frá 1.—10. þ. m. hér í Reykjavík milli nefnda frá ríkisstj. Bretlands og ríkisstj. Íslands. Hann vildi sýnilega ekki gefa þingheimi né þjóðinni neinar upplýsingar um gang þessara viðræðna. Hann vildi ekki upplýsa þau atriði, sem ég spurði sérstaklega um. Ég segi: hann um það. Ég er þess fullviss, að svör við þessum spurningum um gang málanna frá 1.—10. okt. og fram á þennan dag eiga eftir að koma fram og þau verða geymd ásamt með þeim svörum, sem hæstv. utanrrh. leyfði sér að gefa um gang þessara mála. Þau svör hans verða borin saman við það, sem síðar upplýsist að hafi gerzt. Gangur málsins héðan af mun leiða svörin við þessum spurningum í ljós.

En það var sérstaklega ein spurning, sem ég beindi til hæstv. utanrrh. um skoðun hans á tilteknu atriði, sem ég tel mikilvægt, sem ég vil gera hér að umtalsefni, áður en ég vík að því að bera saman ræðu hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. Ein af spurningum mínum var á þá leið, að ég spurði hæstv. utanrrh., hvort hann teldi unnt að neita öðrum þjóðum um sama rétt og Bretum kynni að verða veittur, ef það yrði niðurstaðan af samningsviðræðunum við þá nú, að þeir fengju tilslakanir innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Það kom skýrt fram í ræðu minni, við hvað ég átti hér sérstaklega. Og ég held, að þessi spurning hafi verið svo einföld og ljós af minni hálfu, að hæstv. ráðh. hefði ekki þurft að misskilja hana. Það kom skýrt fram í ræðu minni, a. m. k. á einum stað, að ég hafði hér sérstaklega í huga þær þjóðir, sem hafa í verki viðurkennt 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands frá því um haustið 1958, sem hafa áður veitt við Ísland, en hafa hér við land nú síðan 1958 togaraflota, sumar stóran togaraflota, sem heldur sig utan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna. Það mætti segja, að ég hafi, þegar ég talaði þessi orð, sérstaklega haft í huga eina þjóð fremur en aðrar, af því að hún á stærstan togaraflota við Íslandsstrendur eða á Íslandsmiðum fyrir utan Breta, það er Vestur-Þýzkaland. En sá togarafloti hefur síðan um haustið 1958 haldið sig utan 12 mílna markalínu. Það kom einnig skýrt fram, bæði beinlínis og óbeinlínis, í minni ræðu, að ég óttaðist, að það væri ekki hægt, hvorki siðferðilega né lagalega, að neita þessum þjóðum um þann rétt, sem Bretum yrði veittur, bæði samkvæmt eðli málsins og jafnframt t. d. vegna svonefndra beztukjarasamninga, sem ýmsar þessar þjóðir kynnu að hafa gert við Íslendinga. Ég hefði þess vegna haldið, að þessi spurning mín til hæstv. utanrrh. á þessu stigi málsins væri bæði eðlileg og réttmæt. Ég hefði haldið, að sú ríkisstjórn, sem tæki það í mál að veita Bretum undanþágu og friðindi innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, hlyti þegar að hafa íhugað þessa spurningu og jafnvel rannsakað alveg sérstaklega eða látið rannsaka, á hverju henni væri stætt í þessu efni gagnvart öðrum þjóðum. Ég veit, að öllum hv. þdm. og öðrum, sem kynnu að hafa hlustað, var það nægilega ljóst, að ég spurði ekki vegna þess, að ég óskaði eftir því, að Bretum yrðu veitt nein friðindi innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi Íslands, né heldur, að ég óskaði, að neinum öðrum þjóðum yrðu veitt slík friðindi, — og ef það væri álitið, að það væri stætt á því lagalega að neita öðrum þjóðum um þau friðindi, sem Bretum kynnu að verða veitt, þá er ekki eftir nema önnur spurning fyrir hæstv. ríkisstj., hvernig það liti út siðferðilega af hálfu okkar Íslendinga að neita öðrum þjóðum en Bretum um þau friðindi, sem við veittum þeim innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, eftir allt, sem þeir hafa framið í þessari 12 mílna fiskveiðilandhelgi gegn íslenzku þjóðinni. Ég þarf ekki að minna á, hvað það er, löndunarbann, viðskiptaleg kúgun í mörg ár og herskipavernd handa brezkum veiðiþjófum í tvö ár, þ. e. a. s. hernaðarlegt vopnað ofbeldi í tvö ár. Þetta er það, sem við höfum verið beittir af þeirri þjóð, sem ætti að koma til mála um að veita friðindi fram yfir allar aðrar þjóðir. Kynni það ekki að vera, bæði hjá okkur Íslendingum og úti um heiminn, að það yrði litið svo á, ef við gerðum þetta, að við værum að verðlauna Breta fyrir ofbeldisaðgerðirnar, fyrir hinar efnahagslegu kúgunaraðgerðir, löndunarbannið, og fyrir hið vopnaða vald, sem þeir hafa sýnt hér við land, — að við værum að verðlauna þá, en refsa hinum þjóðunum, sem hafa þó, þótt þær hafi margar mótmælt lagalegum rétti okkar til 12 mílna fiskveiðilögsögu, virt hann í verki, — og virt hann hvers vegna? Virt hann af tillitssemi til okkar sem vopnlausrar smáþjóðar, sem eigi lífsafkomu undir þessum miðum, þó að þeir telji okkur ekki hafa haft lagalegan rétt til setningar 12 mílna fiskveiðilandhelginnar.

Ég skal rifja upp aftur, hvernig ég spurði. Ég spurði: Telur hæstv. utanrrh. það unnt að neita öðrum þjóðum um þann rétt, sem Bretum kynni að verða veittur innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar? Svo einföld var spurningin í raun og veru. Ég veitti því athygli, að eitt af blöðum Sjálfstfl. fór rétt með þessa spurningu mína, prentaði hana eins og aðrar spurningar mínar orðrétt

upp án nokkurra útúrsnúninga. En hvernig svaraði svo hæstv. utanrrh. þessari spurningu? Jú, hann svaraði henni með því að búa til aðra spurningu og leggja mér í munn í stað þessarar spurningar. Hann sagði, og nú tilfæri ég orðrétt eftir hæstv. ráðherra: „Þessi hv. þingmaður spurði, hvort nokkur hætta væri á því, að öðrum þjóðum en Bretum yrði neitað um að veiða innan 12 mílnanna, ef Bretum yrði leyft það. Þessi hv. þm. hafði afar mikinn áhuga fyrir að vita, hvort ekki væri alveg öruggt, að ef nú kynni að koma til þess, að Bretar fengju hér eitthvert leyfi um einhvern takmarkaðan tíma til að veiða innan 12 mílna, að aðrir fengju þetta líka.“ Þetta er orðrétt eftir hæstv. utanrrh., og þetta er meginsvar hans við þessari einföldu spurningu. Og hæstv. utanrrh. bætti við: „Mér kom þessi spurning ekki á óvart. Ég hef heyrt hana áður.“ Og svo kom hann með sögur frá Genfarráðstefnunni. Þar hafði hann heyrt hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, spyrja, hvort tvær tilteknar þjóðir kynnu að fá að njóta hins sögulega réttar, sem þar var rætt um og deilt um, ef hann yrði samþykktur. Og svo sagði hæstv. utanrrh. til *mín, og ég tek nú aftur orðrétt hans orð*: „Nú tekur hv. 5. þm. Reykn. þetta sama mál upp og vill fá þessari sömu spurningu svarað.“ Svo svarar hann spurningunni, eftir að hann er búinn að búa hana til, og svarið er þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Við spurningunni get ég ekkert sagt annað en það, að þetta mál liggur á engan hátt þannig fyrir, að nokkurt tilefni sé til að ræða það á þessum grundvelli, og í mínum huga dreg ég það mjög í efa, að sú lausn sé til á þessu máli, sem þær þjóðir, sem hv. 5. þm. Reykn. er sérstaklega að hugsa um,“ og hann var áður búinn að segja, að þær væru tvær, — „þær þjóðir, sem hv. 5. þm. Reykn. er sérstaklega að hugsa um, telji sér aðgengilega eða eftirsóknarverða. En“ — heldur hæstv. utanrrh. áfram — „þegar að því kemur, að málið skýrist frekar, þá er sjálfsagt að taka þetta atriði upp og ræða það. En þessi hv. þm. verður að sætta sig við það, að áhuga hans í þessum efnum er ekki hægt að mæta frekar en svona, á meðan málið liggur ekki skýrara fyrir.“ Þetta var svar hæstv. utanrrh. við þeirri einföldu og skýru spurningu minni, hvort væri stætt á því fyrir hæstv. ríkisstj. að neita öðrum þjóðum um þann rétt, sem Bretum yrði veittur. Þannig svarar hæstv. utanrrh. spurningu, sem beint er til hans hér á hv. Alþingi. Hann býr einfaldlega til aðra spurningu, leggur manni hana í munn og þykist svo svara henni og svarar henni svona skýrt, eins og ég hef nú lesið. Ég vil segja hæstv. utanrrh., að hann getur komizt upp með það hér í hv. deild að svara þessari spurningu eins og hann hefur gert, en hann kemst ekki hjá því að svara henni, því að þetta er spurningin, sem allir sjómenn, allir okkar fiskimenn, öll alþýða, öll þjóðin spyr um: Ef á að koma til samninga við Breta eftir allt, sem þeir hafa haft í frammi við íslenzku þjóðina, hvað er þá um aðrar þjóðir, sem hafa virt okkar rétt, sem hafa virt okkar landhelgi? Og hæstv. ríkisstj. skal ekki halda, að hún komist hjá því að svara þeirri spurningu og taka afstöðu til hennar í þeim samningum, sem hún að öllum líkindum er að gera þessa dagana.

Ég minnist þess, að áður, þegar ríkisstj. hefur fjallað um það að stiga ákveðin spor í landhelgismálinu, við útfærslu landhelginnar, þá hefur verið spurt um það, hvort aðgerðir okkar væru algildar gagnvart öðrum þjóðum eða kynnu að vera undantekningar frá því. Það lá fyrir mjög skýrt 1950, þegar fyrsta skrefið var stigið, og þá lét hæstv. núverandi dómsmrh. vitanlega rannsaka þetta atriði, áður en til aðgerðanna kom, sem sjálfsagt var. Ég veit ekkert, hvort hæstv. ríkisstj. hefur athugað þetta, en ég hef aðeins svör hæstv. utanrrh.

Ég kem þá að svörum hæstv. utanrrh. almennt við spurningum mínum. Þær voru velflestar um gang málsins í raun og veru frá 10. ágúst, að hæstv. ríkisstj. tók þá ákvörðun að ganga til samningsviðræðna við Breta, og fram á þann dag, þegar ég talaði, en þó alveg sérstaklega, hvað hefði komið fram í opinberum viðræðum, sem fóru fram dagana 1.—10. okt. hér í Reykjavík. Ég spurði vegna þess, að það höfðu komið fram í áreiðanlegum brezkum blöðum margvíslegar fréttir um það, sem hefði gerzt í þessum samningaviðræðum. Svör hæstv. utanrrh. voru í stuttu máli á þá leið, að það hefði ekki eitt einasta nýtt atriði komið fram í þessum tíu daga samningaviðræðum, það væri ekkert nýtt á ferðinni, og þetta sagði hæstv. utanrrh. daginn eftir, að hæstv. dómsmrh. hafði upplýst þessa hv. deild um ýmislegt, sem hefði komið fram og hefði gerzt, um ný viðhorf, sem væru komin fram í þessu máli. Daginn eftir að hæstv. dómsmrh. gaf sínar upplýsingar, sem ég skal koma að á eftir, kom hæstv. utanrrh. með skrifaða ræðu, sem þetta svar stóð í við hverri spurningu, eins og ég skal koma að: Það hefur ekkert gerzt, það hefur ekkert nýtt komið fram. — Hæstv. dómsmrh. sá strax, sá raunhyggjumaður sem hann er, að það þýddi ekki annað en segja Alþingi það, þremur vikum eftir að samningsviðræðunum í Reykjavík var lokið og eftir allt það, sem brezk og íslenzk blöð höfðu sagt um það, sem þar hefði gerzt, að það væri eitthvað nýtt á döfinni. Og hann rakti það frá sínu sjónarmiði, hver þessi nýju viðhorf væru. Hann hikaði ekki við það. Hann sagði t. d. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Verið er að kanna, hvort hægt sé að semja um miklu skemmri tíma,“ — ég skýt því hér inn í: það er skemmri tíma en 10 ár, — „með því að tryggja Íslendingum fiskveiðar á þeim tíma jafnvel eða betur en gert er með 12 mílna lögsögu. Þetta er viðfangsefnið.“ Þetta sagði hæstv. dómsmrh. Það er verið að kanna, hvort hægt sé að semja um skemmri tíma en áður hefur verið nefndur, — um skemmri tíma en 5 ár, sagði hæstv. dómsmrh. auk þess. Og hann sagði líka í þessari ræðu sinni: Það er ekki verið að tala um það að gera undanþágur frá 12 mílna reglunni einhvers staðar og einhvers staðar við landið. Nei, það er alls staðar. — Það er allsherjar frádráttur frá 12 mílna reglunni, sem er verið að kanna, hvort hægt sé að semja um. Annað mál er það, að hann bætti við, að það verður að kanna til hlítar, hvernig hægt er að bjarga þeim landsfjórðungum. Hæstv. dómsmrh. sagði enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: Þarna verður að skoða hagsmuni hvers lands-

hluta fyrir sig og íhuga hvort hægt er að finna lausn, sem tryggi okkar rétt jafnvel fyrir hvern landshluta, með því að veita mjög tímabundna heimild til fiskveiða innan 12 mílna gegn því, að við fáum ákveðin, ótvíræð hlunnindi þar á móti, — hlunnindi einnig til verndar fiskstofninum. — Og enn sagði dómsmrh.: Hitt veit allur þingheimur, að Íslendingar hafa ríka hagsmuni af því að láta deiluna við Breta eyðast, alveg eins og Bretar hafa ríka hagsmuni af því að fá þessa deilu út úr heiminum, ekki fyrst og fremst vegna sinna fiskveiðihagsmuna, heldur af öðrum ástæðum.

Ég átti ekki von á því, að hæstv. ráðh. gæfu Alþingi á þessu stigi málsins í umr. þessa máls nákvæmar, sundurliðaðar upplýsingar um ýmis atriði samningaviðræðnanna, sem hefðu komið fram. Ég tók það meira að segja fram, þegar ég lagði spurningarnar fyrir, að ég ætlaðist ekki til þess, en grundvallaratriðin, sem þegar hefðu komið fram, spurði ég um. Ég spurði um, hvort það væri lát á því grundvallaratriði, sem hefur verið alla tíð af Breta hálfu, að þeir viðurkenndu ekki rétt okkar Íslendinga til þess að taka okkur með einhliða ákvörðun 12 mílna fiskveiðilögsögu, og hvort af þessari breytingu á afstöðu Breta leiddi, að þeir væru nú reiðubúnir til þess að viðurkenna þennan rétt okkar, alþjóðarétt. Og ég spurði: Eru þeir nú reiðubúnir til þess að viðurkenna rétt okkar til landgrunnsins alls, sem við töluðum um í ályktuninni frá 5. maí 1959? Ég spurði um grundvallaratriði, ég spurði ekki um einstök atriði. En í upplýsingum hæstv. dómsmrh. gægjast fram mörg einstök atriði, eins og það, að það sé hér um að ræða, að það sé verið að kanna, hvort hægt sé að semja um allsherjar frádrátt kringum allt landið frá 12 mílna fiskveiðilandhelginni um einhvern tíma, skemmri tíma en tilboðið, sem barst íslenzku ríkisstj. um það bil, sem Genfarráðstefnan stóð yfir, sem við vitum um, íslenzkir alþm., aðeins úr þingtíðindunum brezku og brezkum blöðum, sem hefur aldrei verið upplýst hér um á Alþingi, fyrr en hæstv. dómsmrh. gerði það. Það kemur fram nú, að það muni hafa verið í 5 ár, sem okkur hafi þá verið boðið, eins og Færeyingum, og hæstv. dómsmrh. finnst það of langur tími. Það er of langur tími, en það verður hins vegar að ræða málið á þeim grundvelli og kanna, hvort það sé hægt að semja á þeim grundvelli, að það sé ekki dregið frá einstökum landshlutum, heldur frá landhelginni allri. — Þetta eru ekki veigalitlar upplýsingar, og ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær. Hann hefur nú farið líklega um meiri hluta landsins og sagt sínum flokksmönnum það, sem honum býður við að horfa um það, sem fram hefur komið í þessu máli og hæstv. ríkisstj. veit um. Ég veit ekki, hvort það er meira eða minna en það, sem hann hefur sagt, þessi hæstv. ráðherra, í þessari hv. deild. En ég spurði og kann að meta það, að hæstv. dómsmrh. sagði meira en hæstv. utanrrh.

Viðfangsefnið — segir hæstv. dómsmrh. — er að tryggja Íslendingum fiskveiðar innan 12 mílna landhelginnar. Það er þá m. ö. o. að tryggja Íslendingum fiskveiðar á þeim hluta 12 mílna landhelginnar, sem Bretar hafa meinað okkur að veiða á undanfarin tvö ár með sínum herskipum. Þetta er þó vissulega eitthvert viðfangsefni. Hvað er þetta mikill hluti af landhelginni? Fróðir menn hafa talið, að þetta mundi vera um einn tíundi hluti. Og þetta er það, sem er kjarni málsins. Það er sem sé verið að kanna, hvort sé hægt að semja um, að Íslendingar fái að veiða á þessum tíunda hluta landhelginnar, sem Bretar hafa haft í sínum ýmsu hólfum undanfarin ár undir fallbyssukjöftunum, gegn því að veita þeim svo rétt upp að 6 mílum kannske — ég veit ekki breiddina — til eitthvað færri ára en fimm ára. Þetta voru að vísu í ræðu hæstv. dómsmrh. hálfkveðnar vísur. En ég kann þá ekki mál að skilja, ef þetta í meginatriðum fólst ekki í upplýsingum hæstv. dómsmrh., að þetta væri meginviðfangsefnið, hvort það væri hægt að semja um ákveðinn tíma, minni en 5 ár, til þess að Íslendingar mættu veiða innan 12 mílna landhelgi, gegn því, að Bretar mættu það líka. Hæstv. dómsmrh. hætti sér ekkert út í að segja, hvaða hlunnindi það væru, sem Íslendingar ættu kost á fyrir þetta, né heldur hverjar þær væru, þessar ríku ástæður, sem Bretar hefðu til þess að semja við okkur, sem væru allt aðrar en fiskveiðihagsmunir Breta. En fróðlegt væri að fá að vita betur um þetta: Hvaða hlunnindi eru það, sem við eigum að fá? Og hvaða ástæður eru það aðrar en fiskveiðihagsmunir Breta, hagsmunir nokkurra tuga togaraeigenda og hagsmunir nokkurra þúsunda brezkra togaramanna, — hvaða ríkari ástæður eru það, sem reka Breta til að semja? Væri ekki gott fyrir samningsaðila Íslendinga að vita af því, hvað rekur þá til að semja?

Úr því að hæstv. dómsmrh. var svo góður að segja okkur undan og ofan af því, sem hann hefur kannske verið að segja sínum flokksmönnum úti um landið undanfarnar vikur og þessa daga, mættum við þá ekki fá meira að heyra um þetta, um væntanleg hlunnindi okkur til handa, og nákvæmar, um viðfangsefnið, sem verið er að kanna, hvort hægt sé að semja um? Væntanlega hefur samningunum miðað eitthvað áfram, síðan við hæstv. dómsmrh. vorum að tala hér í hv. d. um þetta mál fyrir rúmri viku. Það eru samningamenn frá hæstv. ríkisstj. úti í Bretlandi, og hæstv. ríkisstj. hefur væntanlega einhverjar fréttir af því, hvernig þeim miðar áfram. Ég vænti þess, að dómsmrh. gefi okkur fyllri upplýsingar en hann hefur þegar gert.

En það er mikill munur á málflutningi hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. Hæstv. dómsmrh. leggur hér fyrir og rökræðir skýrt, eins og hans var von og vísa, þau nýju viðhorf, sem hann telur liggja fyrir. En hæstv. utanrrh. vill fela allt saman fyrir hv. Alþingi. Hann neitar því, að það hafi komið fram eitt einasta nýtt atriði, eitt einasta nýtt viðhorf. Hæstv. utanríkisráðherra rakti það í löngu máli, að það hefði ekkert komið fram, að það hefði ekkert gerzt, alla leið frá 10. ágúst og dagana 1.—10. október og fram á þann dag, sem þetta frumvarp var fyrst rætt hér í hv. deild. Hann sagði: Við bárum fram okkar kröfur um landgrunnið allt. Við fylgdum því ákveðið eftir, sem yfir hafði verið lýst, og málstaður okkar skýrður á sama hátt og við höfðum gert áður, og Bretar, — það er bezt að

vitna í orð hæstv. ráðh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Bretar gerðu einnig grein fyrir sinni afstöðu. Þeirra afstaða er þekkt. Hún kom seinast fram opinberlega á alþjóðaráðstefnunni í Genf. Þar kom það fram, að þeir vildu láta af andstöðu gegn 12 mílunum gegn tímabundnum rétti til að veiða á seinni 6 mílunum. Þessa afstöðu sína skýrðu Bretar í þessum umræðum. Af hálfu Íslendinga komu engar nýjar tillögur fram og engin tilboð. Bretar endurtóku og útskýrðu sína fyrri afstöðu. Þegar þetta hafði gerzt, var umræðunum frestað.“ Þetta sagði hæstv. utanrrh. Þetta voru allar upplýsingarnar, sem hann hafði að gefa hæstv. Alþ., og annað ekki. Þetta er það, sem fram hefur komið í umr. milli Breta og Íslendinga út af fiskveiðideilunni. Hæstv. forsrh. skýrði Alþ. frá því í heild í stórum dráttum, og við það er í raun og veru engu að bæta, sagði hæstv. utanrrh. mánuði eftir að viðræðurnar hér í Reykjavík hófust: engu að bæta. — Ja, ég verð að segja: Hafa þá ekki þessir tíu völdu menn af hálfu ríkisstj. Breta og Íslendinga til lítils setið í 10 daga, ef þeir hafa ekkert getað gert annað en að segja nákvæmlega það sama sem aðrir fulltrúar ríkisstj. Íslands og Breta höfðu áður sagt og þessum 10 völdu mönnum hefur ekki tekizt að gera þetta betur en svo, þ. e. endurtaka það, sem áður hefur verið sagt, betur en svo, að málin hafa ekkert skýrzt betur, en það voru óbreytt orð hæstv. utanrrh.? Hæstv. utanrrh. lofaði utanrmn. þann 10. ágúst, að strax þegar málin hefðu skýrzt betur, þá skyldi utanrmn. að sjálfsögðu verða sagt frá því og vera haft samráð við hana. En eftir allt þetta, mánuði eftir að samningsviðræður hefjast, hafa málin ekkert skýrzt betur. Hæstv. dómsmrh. hefur gefið upplýsingar, bæði hér á hv. Alþ. og ekki síður flokksmönnum sínum úti um landið. En það verður geymt, en ekki gleymt, að slíkan utanrrh. höfum við, sem ég hef hér lýst með hans eigin svörum. Þá sagði hæstv. utanrrh., að ég hefði sagt rangt frá um afstöðu hans fyrr og síðar og ósatt. Ég ætla ekki að eyða löngu máli á þennan hæstv. utanrrh. Ég ætla aðeins að spyrja hann: Er það rangt og ósatt, sem ég las upp úr fundargerð utanrmn. 27. apríl 1959, þar sem var bókað þetta, með leyfi hæstv. forseta: „að áliti utanrrh. kemur ekkert nýtt fram, ef við tökum málið aftur upp innan NATO, en í stað þess kunna að geta skapazt nýir örðugleikar“? Og er það rangt, sem eftir honum er haft í þessari sömu fundargerð, þar sem hann segir um tilmæli Breta til samningsviðræðna, sem hann réttilega sagði að væru ekkert nýtt mál, — er það rangt, sem ég hafði eftir honum, að bókað væri í fundargerð utanrmn. 27. apríl 1959, þetta: „En við hefðum svarað þessum tilmælum, að við séum ekki til viðræðna um stærð fiskveiðilögsögu Íslands“? Ég vil líka spyrja hæstv. utanrrh.: Er það rangt, ósatt, sem ég hafði eftir honum, sem hann lét lesa upp í ríkisútvarpinu 7. maí 1960, þetta orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Við miðum allt okkar starf að því að tryggja 12 mílna fiskveiðilögsögu og stöndum gegn öllu, sem skemmra gengur. Við munum berjast gegn öllum frádrætti, hverju nafni sem nefnist, tímatakmörkunum eða öðru, gegn öllu, sem veitir öðrum þjóðum fiskveiðiréttindi innan 12 mílna við Ísland“? — Og síðast, en ekki síst, spyr ég hæstv. utanrrh., — er hann ekki hér nærstaddur, hæstv. ráðh., svo að hann heyri? (**Gripið fram í:** Hann heyrir, ráðherrann.) Það er gott. — Síðast, en ekki síst, vil ég spyrja hæstv. utanrrh., hvort það sé rangt með farið og ósatt hjá mér, sem er bókað í fundargerð utanrmn. 13. júlí 1960, þar sem haft er eftir honum í sambandi við það, að það hafði oft komið fram hjá Bretum, að þeir leggja áherzlu á að taka upp viðræður við Íslendinga um landhelgismálið, — er það rangt bókað, sem hér fer á eftir, með leyfi hæstv. forseta, sem svar utanrrh. 13. júlí s. l.: „Afstaða ríkisstj. nú“ — það er ekki vafi um það, að það er núverandi hæstv. ríkisstj. — „hefði verið sú sama og fyrri ríkisstjórna, að hafna tilmælum um samningaviðræður, þar eð ekkert væri við Breta að semja um víðáttu fiskveiðilögsögu við Ísland“?

Þetta voru orðin, sem ég benti á, um afstöðu hæstv. ráðh. fyrr og síðar. Ég tók það fram, að ég leyfði mér hér að vitna í fundargerðir utanrmn., vegna þess að hér væri um ákveðnar stefnuyfirlýsingar af hálfu ríkisstj. að ræða og af hálfu utanrrh. í stórmáli. Ég veit ekki til þess, að ég hafi borið hæstv. utanrrh. öðrum sökum en þeim að hafa gefið þessar ákveðnu stefnuyfirlýsingar fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar, sem nú situr, í þessu máli, sem hann sagði vera nákvæmlega í samræmi við stefnu og stefnuyfirlýsingar fyrri ríkisstjórna, — og það er hárrétt hjá honum. Stefna okkar í landhelgismálinu út á við hefur verið ein og hin sama, frá því að við tókum það upp, í raun og veru hin sama í meginatriðum síðan 1948, og allar ríkisstjórnir hafa haft þessa sömu stefnu út á við gagnvart öðrum þjóðum, og það var höfuðatriði málflutnings ráðh., og það var höfuðatriði í þeirri ræðu, sem ég flutti hér fyrir þessu frv. Ég hef ekki borið hæstv. utanrrh. neinum sökum. Það hafa aðrir gert. Ég gæti vitnað í ummæli t. d. hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., sem hafa borið hæstv. utanrrh. sökum um afstöðu hans í landhelgismálinu. Hæstv. forsrh. sagði það á árinu 1959, að hæstv. utanrrh. hefði verið kúgaður til þess að standa að útgáfu 12 mílna reglugerðarinnar vorið 1958, hann hefði verið svínbeygður til þess, hann hefði ekki gert það með glöðu geði. Og hæstv. dómsmrh. sagði líka á landsfundi Sjálfstfl., — ég hygg það hafi verið 14. marz 1959, það kann að vera, ég man ekki svo vel, hvenær var landsfundur Sjálfstfl., en ég held, að það sé rétt, — hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Sök Guðmundar Í. Guðmundssonar er fólgin í því, að hann skyldi ekki hindra Lúðvík í þessu,“ þ. e. a. s. að gefa út 12 mílna reglugerðina. Þessir hæstv. ráðherrar hafa borið hæstv. utanrrh. sökum, nefnilega þeim sökum, að þegar hann gaf út 12 mílna reglugerðina, hafi hann verið að gera eitthvað gegn betri vitund, gegn sannfæringu sinni, af því að hann hefði verið kúgaður og svínbeygður til þess. En ég vil aðeins segja, að ef einhver hefur kúgað hann og svínbeygt hann til þess gegn sannfæringu hans, þá var það rétt og fallega gert að kúga hann til þess að hætta við að svíkja.

Ég held, að ég láti með þessu útrætt um hæstv.

utanrrh. og lofi honum að sleppa með þetta. Ég vildi óska þess, að hæstv. utanrrh. væri úr þessu máli þar með. Ég veit, að það er ekki. En það er hæstv. utanrrh., sem skipti um skoðun eins greinilega og nokkur maður hefur skipt um skoðun, eða virðist hafa skipt um skoðun, frá 13. júlí í sumar og til 10. ágúst, þegar hann féllst á það þvert ofan í sínar fyrri yfirlýsingar margfaldar að fara að ganga að samningaviðræðum við Breta um fiskveiðilandhelgina. Hann vill ekki segja hv. Alþ. í þessari hv. þd. neitt um, hvað er að gerast. Hæstv. dómsmrh. hefur gert það lítillega, ekki nógsamlega, og ég vil nú snúa mér að því, sem hann upplýsti okkur um í ræðu sinni hér fyrir rúmri viku.

Hæstv. dómsmrh. fór, eins og raunar hæstv. utanrrh., hörðum orðum um minn málflutning. Hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði sagt rangt frá ýmsum atriðum, sérstaklega um aðdraganda að setningu landhelgisreglugerðarinnar 1958, og a. m. k., sagði hæstv. dómsmrh., hefði ég átt að vita betur í ýmsum atriðum. Ég verð að segja, með allri virðingu fyrir hæstv. dómsmrh., að hann er ekki bezta vitnið um það, hvað gerðist hér á landi, hér í sölum Alþingis og annars staðar, vikurnar áður en landhelgisreglugerðin frá 30. júní 1958 var gefin út, og það af einfaldri ástæðu, þeirri ástæðu, að hæstv. ráðh. var þá ekki hér á landi og veit það ekki af eigin raun, hvað gerðist. Hæstv. ráðh. var einhvers staðar suður í sólríkum löndum að hvíla sig og sóla sig, — og segi ég það hæstv. ráðh. alls ekki til hnjóðs. Hann hafði staðið um tveggja ára skeið í harðri stjórnarandstöðu og gengið að henni með sínum alkunna dugnaði, svo að það var auðvitað, að hann væri þreyttur og allur af lagi genginn og þyrfti að hvíla sig og sóla sig, því að árangurinn af hans erfiði hafði ekki orðið eins mikill og hann hefði kosið. (**Dómsmrh.**: Ekki lifði nú stjórnin lengi.) En það var þá ekki fyrir aðgerðir hæstv. dómsmrh., því að hann var þar fjarri. Hitt kann að vera, að hæstv. dómsmrh. hefði orðið eitthvað órótt í sólbaðinu, ef hann hefði vitað, hvað nærri vinstri stjórnin var komin að því að gefa upp öndina, meðan hann var að sóla sig. En ég sagði ekki um þetta, svo að ég muni, nema það, sem var aðalatriðið í mínum huga a. m. k., að ég minntist þess ekki, að Sjálfstfl. hafi opinberlega mótmælt setningu landhelgisreglugerðarinnar frá 30. júní 1958. Ég minnti á það, að það komu fram frá honum raddir, sem settu út á ýmislegt í meðferð málsins og kannske á einhvern hlut í reglugerðinni. en ég minnist þess ekki, að hann hafi sem flokkur mótmælt setningu reglugerðarinnar, þótt hann tæki hins vegar sem stjórnarandstöðuflokkur ekki ábyrgð á henni. En það var haft samráð við Sjálfstfl., eins mikið samráð og Sjálfstfl. kaus að hafa, um allan undirbúning við setningu reglugerðarinnar.

Hæstv. dómsmrh. sagði að vísu, að það mætti vel vera, að þegar ég setti út á meðferð núv. hæstv. ríkisstj. á þessu máli, þá kynni að vera eitthvað til í því, eins og það kynni að vera eitthvað til í því, sem hæstv. dómsmrh. setti út á meðferð landhelgismálsins af hálfu vinstri stjórnarinnar, og þannig kynni svo að vera, að við hefðum báðir rétt fyrir okkur í þessu. Ég er ekki fjarri því að vera á sama máli og hæstv. dómsmrh. í þessu. Ég hef aldrei sagt, að meðferð landhelgismálsins í höndum vinstri stjórnarinnar hafi verið hin eina rétta, ekki einu sinni hin ákjósanlegasta. En ég er ekki að tala hér um þau atriði, sem snerta aðferðir í þessu máli, við höfum verið meira og minna ósammála um þau. Ég var að tala um hitt, þau höfuðatriði, sem við höfum verið sammála um, og ég lagði enga höfuðáherzlu á þessa ádeilu mína um meðferð málsins, því að það er vitanlegt, að við erum margir ósammála um aðferðir til að ná því marki, sem við höfum sem þjóð sett okkur í þessu máli. En það er ekkert nýtt, að menn geti verið ósammála og deilt hart um aðferðir, þótt þeir séu hjartanlega sammála um markmiðið.

En hæstv. dómsmrh. sagði: Það má vera, að það væri bezt að gefa út öll gögnin um aðdraganda að setningu landhelgisreglugerðarinnar 1958. — Ég er hæstv. dómsmrh. algerlega sammála, og ég skora á hann hér með að gefa út öll gögnin um aðdraganda að setningu reglugerðarinnar og öll gögn, sem eru til a. m. k. fram á þann dag, sem hún gekk í gildi, 1. sept. 1958. Ég skora auðvitað á hann að gefa út öll gögnin og draga þar ekkert undan. Þá mun koma í ljós, hvaða tillögur hver flokkur flutti. Þá mun koma í ljós, hvort Sjálfstfl. sem stjórnarandstöðuflokkur hafði sérstaka tillögu að gera um grunnlínurnar, sem dregnar voru, um viðáttu landhelginnar og um önnur atriði, sem þá snertu málið. Ég veit ekki betur en ég hafi tekið það fram, að ég minntist þess vel, að Sjálfstfl. hafði enga tillögu aðra en þá að fresta útgáfu reglugerðarinnar, vegna þess að það hefði ekki verið talað nógu lengi og nógu vinsamlega við Breta og aðrar vinaþjóðir okkar, en þetta var líka eina till., sem ég man eftir. En þessa tillögu, sagði ég, hefur einmitt hæstv. utanrrh. hrakið allra manna mest og bezt, og hæstv. utanrrh. er ekkert lélegur málflutningsmaður. Hann hefur hrakið hana margsinnis, þessa gagnrýni Sjálfstfl. á vinstri stjórnina um, að það hafi ekki verið talað nógu lengi við Breta og aðrar Atlantshafsbandalagsþjóðir, svo rækilega, að þegar forustumenn Sjálfstfl., hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., komu á nýjan leik með till. um að taka upp viðræður innan Atlantshafsbandalagsins við Breta og aðrar vinaþjóðir í Róm 1958, þá snerist hæstv. utanrrh. á móti því, og hann kvað niður og drap endanlega þessa einu till. Sjálfstfl. í landhelgismálinu 1958 á fundi utanrmn. þann 27. apríl 1959. Í staðinn var þá af forustumönnum Sjálfstfl., hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., samþykkt önnur till., sú till. sem við þekkjum allir, að lágmarkslandhelgi við Ísland í öllum tilfellum sé 12 mílur frá grunnlínum. Það var búið að hamla á móti því, svo að ég segi ekki berjast á móti því, að þessi setning væri í þessari sameiginlegu yfirlýsingu Alþingis, — það var búið að berjast á móti því mánuðum saman, — en hún er þar, og það var vel hugsað um það af jafnskýrum manni og hæstv. dómsmrh., hvers vegna hún hlaut að vera þarna, hvers vegna hann hlaut og Sjálfstfl. allur að samþykkja þar með aðgerðir vinstri stjórnarinnar í þessu máli,

— og að því er hæstv. utanrrh. sagði: hafna nýjum viðræðum þar með við Breta og aðra vini okkar í Atlantshafsbandalaginu.

Það þýðir ekkert að koma nú með þau rök af hálfu Sjálfstfl., að það sé lífshætta sjómannanna á hafinu, íslenzkra sjómanna, íslenzkra varðskipsmanna, sem nú reki á eftir að taka upp samninga við Breta. Sú lífshætta er ekki meiri í dag en hún var þennan dag, 27. apríl 1959. Hún var allt árið 1959 og það sem liðið er af árinu 1960.

Það þýðir ekkert fyrir forustumenn Sjálfstfl. að koma nú með krókódílstár um lífshættuna, því að þeir gleymdu lífshættunni, frá því að þeir mynduðu ríkisstj. Alþfl. um áramótin 1958—59 til a. m. k. 10. ágúst í sumar, — þá gleymdu þeir henni. Hún er ekki meiri nú en hún hefur verið.

Það þýðir ekki heldur að koma nú og benda á þann efnahagslega háska, sem okkur sé búinn af löndunarbanni Breta. Ég veit, að það vofir yfir okkur. Og hæstv. utanrrh. upplýsti það rækilega í sinni ræðu hér fyrir viku, að löndunarbannið væri svo yfirvofandi, að brezka stjórnin hefði orðið að koma í veg fyrir það sjálf, að það gengi í gildi eftir tvo daga, þá 12. okt. Við höfðum fjögurra ára reynslu af löndunarbanninu, og það kom okkur ekki á kné. Það var almannamál og almenn skoðun meðal íslenzku þjóðarinnar, að það hefði orðið okkur til góðs, þó að Bretar hefðu ætlað okkur það til ills.

En hæstv. dómsmrh. ræddi um nokkur meginatriði í þessu máli, eins og það horfir við í dag, eins og hans var von og vísa. Ég þóttist gera það líka. Það var ekki uppistaðan í minni ræðu að vekja upp deilur um fortíðina. Allt, sem ég lagði áherzlu á í minni ræðu, var það, sem við höfum getað sameinazt um, allir flokkar hér á hv. Alþingi og öll íslenzka þjóðin, og þetta er auðvitað höfuðatriðið, sem að okkur snýr alþm. og okkar þjóð, jafnt í dag og það hefur verið, frá því að við tókum fyrst upp þetta mál.

Og hvað er það, sem hefur sameinað okkur alla, alla þingflokka, sem höfum gerhugsað þetta mál í áratug eða meira? Það er sú stefna, að öll skref, sem við tækjum í landhelgismálinu til útfærslu íslenzkrar fiskveiðilögsögu á grundvelli landgrunnslaganna frá 1948, yrðu tekin sem einhliða ákvörðun íslenzkra ríkisstjórna. Þetta er meginstefna okkar, allra ríkisstj., þetta er meginstefna íslenzku þjóðarinnar í málinu. Þetta hefur verið stig af stigi að fordæmi margra þjóða, sem á undan okkur hafa stigið sams konar spor til þess að færa út fiskveiðilandhelgi sína. Allar hafa þær gert það með einhliða ákvörðun, en ekki samningum, og þessar þjóðir eru nú orðnar milli 30 og 40 í heiminum. Við höfum stigið þrjú spor, hið fyrsta 22. apríl 1950. Þá var það hæstv. forsrh. núv., sem stýrði því. Hann tók ákvörðun, ef ég man rétt, um fyrstu reglugerðina, sem var sett þann dag á grundvelli landgrunnslaganna um útfærslu landhelginnar fyrir Norðurlandi. Ég skal játa, að það var erfitt, það var á ýmsan hátt smátt og fálmandi spor, en það var líka erfitt að taka á málinu þá. Málin stóðu þannig, að brezk-danski samningurinn frá 1901 var enn í gildi og gilti þangað til 3. október 1951, og samt vildu menn ekki bíða með að færa út landhelgina fyrir Norðurlandi. Og þá skapaðist það furðulega ástand, að Bretar fengu meiri rétt til fiskveiða við Ísland en nokkur önnur þjóð, meiri en Íslendingar, meiri en allar aðrar þjóðir. Þetta var mikill ágalli á málinu, en samt var það gert og rökin eins og fyrr og síðar þau, að það mætti ekki bíða vegna nauðsynjar þjóðarinnar og að það mætti ekki semja.

Hæstv. utanrrh. kom að því vel og rækilega í umr. hér fyrir viku, að árið 1952, þegar hæstv. forsrh. fór með málið, þegar næsta reglugerðin var sett, hefði hann farið til London til að semja við Breta, áður en hún var sett. Ég er ekki svo nákunnugur setningu reglugerðarinnar 1950, að ég hafi neinar sannar fregnir af því, að þá hafi verið byrjað á því að kanna vilja Breta. Ég held, að það hafi ekki verið. Ég veit, að það kom á hæstv. dómsmrh. að starfa mikið að undirbúningi þeirrar reglugerðar, og hann hugsaði málið vel, og hans meginniðurstaða var þessi: Þegar við fyrsta skrefið, sem við Íslendingar tökum, verður það að vera alveg ljóst, vera meginatriði, að við tökum það samkvæmt rétti, sem við teljum okkur hafa, með einhliða aðgerðum okkar. En um setningu reglugerðarinnar 19. marz 1952 þarf ekkert að deila. Þar liggur það svo skýrt fyrir, hvaða rök voru flutt fyrir setningu hennar af hálfu þeirrar ríkisstj., sem þá sat. Það liggur fyrir í hvítri bók, sem gefin var út af hálfu utanrrn. íslenzka í sept. 1954 og útbýtt m. a. meðal fulltrúa í Evrópuráðinu. Þar var lögð meginácherzla á þrennt:

1) Aðgerðirnar geta ekki beðið. Það er lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar, sem krefst þess, að þær verði framkvæmdar þegar í stað, án nokkurs undandráttar.

2) Það liggja almenn vísindaleg rök fyrir því, að aðgerðirnar megi ekki dragast vegna verndunar fiskstofnanna.

3) Þær geta ekki beðið, vegna þess að það er þegar sýnt af reynslunni, að við fáum enga samninga. Þó að við kynnum að vilja fara þá leið, þá náum við engum samningum við viðkomandi þjóðir. Reynslan hefur sýnt okkur það. Við vitum líka, að það liggur ekki við borð, að það fáist innan skamms eða eins fljótt og lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar krefst ákveðin alþjóðleg réttarregla um málið.

Þetta voru rökin, og þar með fylgdi auðvitað sterkur rökstuðningur fyrir því, að frá lögfræðilegu sjónarmiði væri íslenzku þjóðinni fullkomlega heimilt að gera þetta einhliða og á eigin spýtur og að það væri stefna hennar — ófrávíkjanleg stefna — að haga öllum aðgerðum í þá átt að færa út landhelgi sína með þeim hætti, eins og aðrar þjóðir hafa gert, að gera það með einhliða ákvörðun.

Allt þetta liggur fyrir í hvítri bók ríkisstj., sem gefin var út í sept. 1954. Þar var líka rakin framkoma Breta, síðan reglugerðin 1952 var sett, og hvernig þeir voru kærðir af hálfu ríkisstj. Íslands fyrir þá framkomu sína að beita íslenzku þjóðina efnahagslegum þvingunarráðstöfunum, löndunarbanni, vegna þessara aðgerða. Það var bent á það og sannað, að þetta löndunarbann var brot á samningum milli Íslands og Bretlands.

Það var brot á stofnsamningi Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. En í þeim málflutningi, sem bæði þetta ár, 1954, og 1955 fór fram fyrir þessari stofnun, sem kölluð er Evrópuráð, um aðgerðir okkar í landhelgismálinu, en sá málflutningur liggur fyrir í hvítum bókum tveimur, eins og ég áður hef sagt, sem eru skrifaðar af sérfræðingum ríkisstj. Íslands í þessum málum, þá gengur það eins og rauður þráður í gegnum allan málflutninginn, að Íslendingar verði, hljóti að framkvæma stækkun landhelgi sinnar stig af stigi með einhliða aðgerðum.

Allur málflutningur okkar fyrir Evrópuráðinu, innan Atlantshafsbandalagsins og á þingum Sameinuðu þjóðanna og ráðstefnunum 1958 og 1960 byggðist á þessu sama, á þessum meginrökum, sem ég hef nú skýrt frá. Meginstefna okkar, stefna okkar ófrávíkjanleg í þessum málum er sú að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með einhliða ákvörðunum, en ekki samningum, enda hafa samningar aldrei verið til neins. Og við höfum líka fullan rétt til allra þeirra aðgerða, sem við höfum framkvæmt. Þetta er stefna og hefur verið stefna Alþingis, allra flokka á Alþingi, í raun og veru síðan 1948, en hún hefur komið skýrast fram í öllum þeim aðgerðum, sem gerðar hafa verið til að stækka fiskveiðilögsöguna 1950, 1952 og 1958. Og það var það, sem ég lagði megináherzlu á í minni fyrri ræðu, að ef við tökum upp samningsviðræður við Breta í því skyni, sem vitanlega er, að semja við þá um stærð, víðáttu fiskveiðilögsögunnar, þá erum við að brjóta niður ekki aðeins einingu okkar inn á við, við erum að brjóta niður alla málfærslu okkar gagnvart öðrum þjóðum í 10 ár. Við erum að gera okkur að viðundri á alþjóðavettvangi. Og það eru sömu mennirnir sem hafa farið á fund Breta, eins og hæstv. forsrh., og sagt við þá: Við getum ekki samið við ykkur um víðáttu lögsögunnar. — Ég er sannfærður um, að hæstv. forsrh. hefur sagt þetta við þá: Það er mál, sem við getum ekki samið við ykkur um, það er prinsipmál, af því að ef við semdum við ykkur einu sinni, þá stæðum við fastir þar. Svo einfalt er þetta. Þá ættum við það undir ykkur, hvort og hvenær við gætum tekið næsta skref til að stækka lögsöguna. Við yrðum bundnir við þennan samning við ykkur, ef við gerðum hann. En það viljum við ekki, því að við viljum stækka okkar fiskveiðilandhelgi eftir því, sem lífsnauðsyn íslenzku þjóðarinnar krefur, og eftir því, sem þjóðarétturinn þróast og segir þjóðunum í heiminum, að þær megi gera það, þ. e. a. s. þeim þjóðum, sem hafa vegna nauðsynjar sinnar áhuga á því að stækka fiskveiðilögsögu sína.

Þetta er stefna okkar, meginstefna okkar í áratug eða meira. Hverjir hafa mótað þessa stefnu? Það eru fyrst og fremst þeir, sem höfðu með það að gera að framkvæma fyrstu skrefin í landhelgismálinu 1950 og 1952, enda hafa þeir hælt sér af því, að þeir hafi mótað þessa stefnu. Og hverjir eru það? Það er Sjálfstfl. fyrst og fremst. Og ætlar svo Sjálfstfl. nú að ganga fram fyrir skjöldu og brjóta niður það, sem hann hefur talið stefnu þjóðarinnar, meginstefnu, prinsipstefnu þjóðarinnar í þessu máli, og stefnu sína? Það er hægt að segja: Verðum við ekki að ræða við Breta? Er það ekki bara kurteisisskylda að ræða við Breta? Það hefur verið sagt áður. Það hefur verið rætt við Breta, og það benti hæstv. utanrrh. einmitt réttilega á. Með sterkum rökum hefur hann kveðið niður yfirlýsingar Sjálfstfl. vorið 1959 um að fara nýja leið. Ég skal ekki segja, hvort það var gert 1950, en við ræddum áreiðanlega við þá 1952, áður en reglugerðin var sett. Við ræddum við þá eftir að reglugerðin var sett. Ábyrgir fulltrúar íslenzkrar ríkisstjórnar suður í París ræddu við þá 1954, meira og minna allt árið 1955 og fram á árið 1956. En hvað kom í ljós? Auðvitað það, sem gefið var að kæmi í ljós. Þegar okkar menn sýndu fram á ofbeldiskenndar aðgerðir Breta gagnvart okkur, ögranir, þá sögðu fulltrúar brezku stjórnarinnar, sem þar sátu: Þetta kemur ekki okkur við. Það eru togaraeigendur og yfirmenn á brezkum togurum í Hull og Grimsby, sem standa fyrir þessu, en ekki við. — En, sögðu þessir sömu brezku fulltrúar, hvers vegna gera brezku mennirnir þetta? Það er vegna þess, að þið hafið með óbilgirni bannað þeim að veiða við Ísland. Þess vegna, ef við förum að tala um þetta á annað borð, þá verðum við að tala um eitt, og það eru fiskveiðitakmörkin, sem þið hafið sett við Ísland. — Þá sögðu þeir skýru og góðu menn, sem stóðu á annað ár a. m. k. í þessu samningaþófi innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu með samþykki íslenzkrar ríkisstjórnar við brezka fulltrúa, — þá sögðu þeir: Nei, það megum við ekki tala um við ykkur, því að ríkisstjórn okkar segir: Það er ykkur alveg bannað að tala um. Það er prinsipmál allra ríkisstjórna á Íslandi að ræða ekki við Breta um víðáttu íslenzkrar fiskveiðilögsögu. — Ja, þá er ekki um neitt að tala, segja fulltrúar Breta vitanlega. Þá er ekki um neitt að tala. — Og ef nú í dag er ekki verið að tala um víðáttu íslenzkrar fiskveiðilögsögu, hvað er þá verið að tala um?

Nei, við höfum svo margra ára reynslu af samningsviðræðum við Breta, að ég fyrir mitt leyti trúi ekki á, að þær hafi verið hafnar, að skýrir og skarpir menn, eins og hæstv. dómsmrh., hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., láti sér detta í hug að byrja upp á nýtt, eftir að búið er að reyna það öll þessi ár, nema þeir hafi vitað, að hverju þeir gátu gengið, að þeir gætu með einhverjum hætti fengið þá samninga um víðáttu fiskveiðilögsögu Íslands, þvert ofan í allt, sem þeir hafa sagt í 8 eða 10 ár, þvert ofan í allt, sem allir þingflokkar á Alþingi hafa verið sammála um, heldur brjóta það allt saman niður og semja um einhverja ákveðna stærð fiskveiðilandhelgi handa okkur og handa Bretum, hvernig ætti þar að skipta. En eins og ég sagði áðan, hefur það verið meginstefna okkar í öllum okkar aðgerðum, hvort sem þær hafa verið meiri eða minni, frá 1950—1958, að þær eru í fyrsta lagi einhliða og þær hafa allar verið gerðar vegna lífsnauðsynjar íslenzku þjóðarinnar, það hefur verið knýjandi nauðsyn, sem má ekki bíða. En þær eru allar gerðar í samræmi við þjóðarétt, eins og hann hefur verið á hverjum tíma. Við fórum ekki lengra en í 4 mílur 1952, af því að við höfðum þá ekki fyrir okkur annað en úrskurð alþjóðadómstólsins í Haag í máli Norðmanna og Breta. Við

sættum okkur við það, allir þingflokkar, að fara ekki lengra. Við sættum okkur við, að grunnlínurnar, sem enn þá gilda kringum Ísland, væru þá ákveðnar eins og þær voru ákveðnar, — þær eru ákveðnar í samráði við erlenda sérfræðinga, — að þær væru lágmark, a. m. k. lágmark þess, sem þjóðarétturinn leyfði. Við fórum ekki lengra en í 12 mílur 1958, af því að við vildum ekki, að neinn gæti samið við okkur um það, að við færum lengra en væri áreiðanlega leyfilegt að þjóðarétti. Við höfðum þá fyrir okkur álit alþjóðalaganefndar Sameinuðu þjóðanna frá 1956, sem við byggðum þessa skoðun á að verulegu leyti, auk allra annarra raka okkar. En hver hefur svo þróun þjóðaréttarins orðið síðan í júní 1956, að alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna gaf út sitt álit, sem við byggðum aðgerðirnar 1958 á?

Hæstv. dómsmrh. sagði einhvers staðar í sinni ræðu, að ég vildi ekki af einhverjum ástæðum tala mikið um það, hvað hefði gerzt síðan í vor. Það má vel vera, að ég hafi ekki talað nóg um það, sem hefur gerzt síðan í vor. En það, sem gerðist í vor á þjóðréttarráðstefnunni í Genf, var það, að 12 mílna reglan varð að lágmarkskröfu, það er ljóst. Ég man vel eftir því, og ég veit, að hæstv. dómsmrh. man vel eftir því, að áður en ráðstefnan hófst og áður en aðalfulltrúi Bandaríkjastjórnar lagði af stað á þá ráðstefnu, þá sagði hann í viðtali við mörg merkustu blöð Bandaríkjanna, að ef það tækist ekki að kveða 12 mílna regluna niður á þessari ráðstefnu, mundi hún flæða yfir heiminn á næstu árum og verða lágmarksregla og þjóðaréttur.

Sjútvmrh. Breta hældist um í viðtali við Morgunblaðið í sumar, að við hefðum, Íslendingar, veikt okkar málstað með flutningi brtt. okkar í Genf, og það er kannske í skjóli þess, að ríkisstj. Breta heldur okkur standa svo veikt í dag, að hún geti fengið okkur og hafi fengið okkur að samningaborði þvert ofan í allt, sem við höfðum sagt, þegar við höfum neitað því s. l. 8 ár. Það er kannske þess vegna. En það breytir engu um það, þó að brtt. okkar um sögulegan rétt og till. okkar um rétt strandríkis utan 12 mílna hafi ekki fengið nægilegt fylgi.

Það, sem kom í ljós á þjóðréttarráðstefnunni í Genf í vor, var það, að Bandaríkin með öllum sínum peningum og öllu sínu áhrifavaldi ráða ekki lengur yfir ⅔ hlutum atkvæða á neinni alþjóðaráðstefnu í heiminum, hvorki innan Sameinuðu þjóðanna né nokkurri ráðstefnu, þó að það séu eins og á hafréttarráðstefnunni kölluð til ríki og látin greiða atkv. á móti góðum málstað eins og á móti okkur. Það þýðir ekki neitt. Og þó að þessi hv. mister Dean færi umhverfis jörðina og kæmi við í meira en 50 ríkjum til þess að fá þau með góðu og illu til þess að standa með sér og Bretum á ráðstefnunni í vor, þá hafði hann ekkert upp úr því. Og það verður aldrei. Héðan af verður 12 mílna reglan ekki kveðin niður. Hún hefur þegar verið tekin upp með einhliða ákvörðun af milli 30 og 40 þjóðum, og þeim fjölgar óðum með hverju árinu sem líður. Í því efni höfum við ekkert að óttast.

Ég skal játa það, að ég hafði ekki búizt við því fyrir 10 árum, að þróun þjóðaréttarins í þessu efni yrði svo ör eins og hún hefur orðið. Ég hefði ekki búizt við því, að Bandaríkjunum tækist að glata á einum áratug áhrifavaldi sínu innan Sameinuðu þjóðanna og þar af leiðandi á öllum ráðstefnum innan þeirra og utan, eins og Bretar gerðu, en það land er nú úr sögunni.

Um þátt Bandaríkjanna í deilunni við okkur þarf ég að segja mörg orð, en sú saga er ljót. Ég get vel skilið þjóðirnar í Vestur-Evrópu, sem eru okkur andstæðar. Þær eiga allar hagsmuna að gæta. Þær hafa sótt á Íslandsmið, sumar öldum saman, Bretar næstum í 5 aldir. Þær eru okkur allar andvígar og neita okkur um allan rétt, en þær hafa hagsmuna að gæta. En afstaða Bandaríkjanna í landhelgismálinu, og þau hafa haft forustuna í þessari réttardeilu, sem er meira að segja á móti hagsmunum Bandaríkjanna, hún er tekin aðeins til þess að þóknast Bretum og kúga aðrar þjóðir af pólitískum ástæðum. Það er hægt að benda á mörg merk blöð í Bandaríkjunum, sem lýstu því, á meðan ráðstefnan í Genf stóð yfir, að ef sú samþykkt, sem þeir beittu sér fyrir, um sögulegan rétt, yrði að alþjóðlegri samþykkt, þá væri það alveg víst, að hún yrði ekki samþykkt um landhelgi Bandaríkjanna, hún væri ekki í svo góðu samræmi við hagsmuni ameriskra fiskiskipa. Þannig er nú þeirra þáttur.

En það, sem hefur gerzt síðan ráðstefnan í Genf í vor fór út um þúfur, var ekki í samræmi við þetta. Héðan af er 12 mílna fiskveiðilandhelgi lágmarksregla að þjóðarétti um allan heim. Spurningin er aðeins fyrir þjóð eins og okkur, hvað lengra verður komizt.

Þetta viðurkenndi hæstv. dómsmrh. í sinni ræðu. Hann sagði: Landhelgismálið er leyst, 12 mílurnar er búið að vinna. — Það er rétt. En þá gerist fyrirbrigðið. Skömmu eftir þetta gerist það, að íslenzka þjóðin, sem hefur einn áratug staðið einhuga undir forustu Alþ. um það að stíga sín skref með einhliða ákvörðunum fast að þeim mörkum, sem væru lágmarkskrafa alþjóðaréttar, hún skiptir um stefnu. Hún vill taka upp samninga við Breta um minni landhelgi, samninga, sem hún hefur áður hafnað, um minni landhelgi en 12 mílur, hvað miklu minni, vitum við ekki, um einhvern ákveðinn tíma, sem hefði auðvitað þær afleiðingar, að við yrðum bundnir við þá samninga. En það eru rök okkar fyrir því alla tíð að gera ekki samninga um viðáttu lögsögunnar.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að hér væri vandi að gæta þess sigurs, sem þegar væri unninn, að tefla honum ekki úr hendi sér. Ég þekki hæstv. dómsmrh. vel frá fornu fari. Ég trúi því ekki, að hann ætli sér að vinna meiri sigur með samningum við Breta en við höfum þegar unnið. Hann álítur þá, að við höfum beðið mikinn ósigur í átökunum við Breta, bæði að því er löndunarbannið snerti forðum og herskipavernd Breta. Ég játa að vísu, að það kann að vera, að þetta hvort tveggja vofi yfir okkur. En við höfum reynt hvort tveggja áður, og Bretar hafa ekki komið okkur á kné með því. Við vitum, að ofbeldi Breta hér við land hefur mælzt illa fyrir um allan heim, og þó að ég viti, að brezka ríkisstj. hefur látið í það skína við íslenzku ríkisstj., að hún mundi eiga erfitt með að neita brezkum togurum um vernd hér við land, ef ekki yrði samið,

og að í þessu liggi auðvitað hótun, þá trúi ég ekki, fyrr en ég tek á, að þeir þori enn þá, frammi fyrir öllum heiminum, að beita sínum herskipum enn og taka upp að nýju ofbeldi herskipanna við Ísland. Um löndunarbannið er það að segja, að það er sannfæring mín og það er sannfæring fjölda annarra manna, að eins og það kom okkur ekki á kné, þótt því væri framfylgt í a. m. k. þrjú ár, þá verður það ekki heldur nú.

Hæstv. dómsmrh. sagði um mig, að ég virtist ekki vilja gera mér ljóst, í hverju deilan við Breta væri fólgin, ég forðaðist eins og heitan eldinn að skýra það, í hverju deilan við Breta væri fólgin. Við höfum átt í deilum við Breta og fjölda annarra þjóða, réttardeilum. Hvað hafa þeir sagt? Þeir hafa sagt — undir forustu Bandaríkjanna: Þið hafið ekki rétt til þeirrar fiskveiðilandhelgi, sem þið hafið ákveðið. Þið hafið tekið ykkur hana sjálfir. Þið eruð sekir. Þessum ágreiningi eigið þið að skjóta undir alþjóðadómstólinn í Haag eða undir úrskurð Sameinuðu þjóðanna. Það á að skera úr um það þar. — Við höfum margoft neitað þessu. Við neituðum þessu með þeim rökum, meðan löndunarbannið stóð yfir, að Bretar skyldu fyrst upphefja sitt löndunarbann, og þá skyldum við taka þetta til athugunar. Við svöruðum því síðar, eftir að Bretar tóku upp hernaðaraðgerðir við Ísland, á þingi Sameinuðu þjóðanna, — aðalfulltrúi Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna, Thor Thors, svaraði þessu mjög vel. Hann sagði: Ætlast menn til þess, að við skjótum þessu viðkvæma deilumáli, sem er lífshagsmunamál Íslands, undir úrskurð alþjóðadómstólsins í Haag, meðan brezk herskip vaða um með hlaðnar fallbyssur við Ísland? — Nei, við höfum svarað þessu áður, og ég álít, að hvorugt þetta kæmi til mála sem lausn á deilu okkar við Breta, ef þessum þvingunarráðstöfunum og ofbeldisráðstöfunum er beitt. Ég er ekki frekar en hæstv. dómsmrh. afskaplega hræddur um það, að við hlytum að tapa málinu fyrir alþjóðadómstólnum í Haag. En það geta verið þær ástæður og þau prinsip, að við viljum ekki skjóta málinu þangað, vegna þess m. a., að við álítum það svo mikið lífshagsmunamál, að við megum með tilliti til þjóðar okkar ekki á neitt hætta.

En hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði forðazt bæði að segja, hvers eðlis deilan væri við Breta og hvaða úrlausnir við stjórnarandstæðingar hefðum að leggja til í málinu. Deila okkar við Breta síðan haustið 1958 á ekki skylt við þá réttardeilu, sem við höfum verið í við þjóðirnar, sem standa á móti stækkaðri fiskveiðilögsögu, af því að í sept. 1958 ákvað brezka stjórnin að beita flota sínum gegn Íslendingum, og þessi verknaður hefur af sjálfum utanrrh. Íslands í hvítri bók verið nefndur brezk árás á Ísland, og það er nýtt atriði í málinu. Það er ekki deila, — af því getur hlotizt deila, — en það er ekki deila milli manna, þó að maður ráðist á mann úti á götu og berji hann, veiti honum líkamlega árás. Það er þetta, sem er óafgreitt. Maðurinn, sem verður fyrir slíkri árás, er ekki í vandræðum, hann kærir þetta. En við vitum ekki, fyrir hverjum við eigum að kæra, því að við búum ekki við fullkomið alþjóðaréttlæti. Það er því miður ekki til enn. Lítil þjóð, sem verður fyrir vopnaðri árás af stórri þjóð, eins og við höfum orðið, veit ekki, hvert hún á að kæra til að leita réttar síns. En það að kaupa árásarmanninn til þess að hætta árásinni getur verið sjónarmið, en það er sjónarmið, sem ég fellst ekki á, og það er sjónarmið, sem ég trúi ekki að íslenzka þjóðin fallist á. Auk þess getum við bent á það, að hernaður Breta hefur verið svo árangurslítill þau tvö ár, sem honum hefur verið haldið uppi, að hann hefur ekki skaðað okkur að sama skapi sem hann er gerræðisfullur og ofbeldisfullur af þeirra hálfu. Við vitum, að þeir hafa orðið að draga saman herskipaflota sinn í ofur lítil hólf og skipa brezkum togurum að stunda þar veiðar, og þetta tekst illa.

Við höfum, eins og fleiri, eins og ýmsar þjóðir aðrar, gripið til varna hinna vopnlausu að þvælast fyrir og hafa ekki neitt ofbeldi í frammi á móti ofbeldi, og þetta hefur gefizt okkur vel, eins og það gafst Indverjum vel, og það eru fleiri, — Bretar kannast við þessar aðferðir, — sem taka ofbeldi þeirra, vopnuðu ofbeldi, með þolinmæði, þangað til þeir verða að láta af því. Ég er sannfærður um, að það eru engin vandræði fyrir íslenzku þjóðina að grípa til þess ráðs, eins og hún hefur gert. Það er sannleikurinn. Við höfum hagað svo okkar landhelgisgæzlu, að við höfum varazt árekstrana og þreytt þá samt. Þetta er ekki háski. Löndunarbann er ekki heldur háski. Það eina, sem er satt, er auðvitað það, að sjómenn okkar og ekki síst varðskipsmennirnir geta verið í lífshættu af völdum Breta, það höfum við getað sannað, þeir hafa verið í lífshættu af völdum brezkra togara, og við getum ekki komið í veg fyrir það. Því hefur ekki verið haldið fram af öllum flokkum, t. d. ekki hv. stjórnarflokkum, staðfastlega þau tvö ár, sem liðin eru, síðan þessi ofbeldisaðferð var tekin upp, að við yrðum vegna þessarar lífshættu að setjast að samningaborði við Breta og semja við þá til þess að firra okkar menn lífshættunni. Þvert á móti. Tillaga eða krafa Sjálfstfl. um, að við gengjum til viðræðna við Breta vegna þessarar lífshættu, sem ég viðurkenni, var látin liggja niðri alla vetrarvertíðina 1959, hún var látin niður falla með samþykkt Alþingis 5. maí 1959, og það hefur ekki heyrzt um hana talað, þessa till., þangað til 10. ágúst s. l. Þá var hún tekin upp og nú á auðvitað að framkvæma hana með því að leita eftir samningum á þeim fremur óljósa grundvelli, sem enn þá er kominn fram. En þær upplýsingar, sem þegar eru komnar fram, eru þó nógar til þess, að þær sýna, að það er verið að tala um það, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, hvort það er hægt að semja um eitthvað minna en 12 mílna landhelgi.

M. ö. o.: mín niðurstaða er, að við höfum enga ástæðu til þess að setjast að samningaborði við Breta, í fyrsta lagi vegna þess, að það er þvert á móti meginstefnu Alþingis og íslenzku þjóðarinnar í 10 ár, þvert á móti yfirlýstri stefnu allra ríkisstjórna, sem hafa setið á Íslandi s. l. áratug, að núverandi hæstv. ríkisstj. meðtalinni, samkv. yfirlýsingu hæstv. utanrrh. Við höfum enga ástæðu til þess að setjast að samningaborði við Breta, því að ef upp úr slitnaði í fyrsta lagi, þá fengjum við aðeins verra ástand en áður, eins

og hæstv. utanrrh. hefur líka bent á. En ef samið yrði, þá lokum við fyrir frekari aðgerðir í landhelgismálinu nema með samþykki Breta, og það hafa verið meginröksemdirnar fyrir því að semja ekki við Breta. Við höfum ekki heldur ástæðu til þess að semja við Breta vegna þess, að þeir hóti nú ofbeldi, sem við vitum að þeir gera, því ofbeldi, sem þeir hafa áður beitt okkur, löndunarbanni og herskipavernd. Við höfum ekki ástæðu til þess, af því að þetta hefur ekki skaðað okkur. Og í raun og veru hefur enginn flokkur, ekki hæstv. forsrh. og hans flokkur heldur, staðið við tillögur, sem þeir hafa að vísu skotið fram, um að við ættum að semja við Breta af þessum sökum, heldur hafa þeir hætt við það. Hæstv. forsrh. var nógu nákominn þeim mönnum, sem stóðu í samningunum suður í París í Efnahagssamvinnustofnun Evrópu 1954—56, til þess að geta haft nóg áhrif á það, hvort þá væri samið eða samið ekki. Og mér er vel kunnugt um það, að hann sagði þá í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar og Alþ.: Það má ekki semja við þá, og það má ekki einu sinni tala við þá um viðáttu landhelginnar.

Ef verið er að undirbúa samninga í þessu máli þvert ofan í allt, sem Alþ. hefur samþykkt einróma og einhuga, og verið er þar með að rjúfa þá samstöðu, sem þrátt fyrir allt hefur verið um höfuðatriði þessa máls milli allra þingflokka og með þjóðinni, þá er verið að vinna eitthvert hið versta verk, ekki aðeins í þessu málefni, heldur versta verk, sem hægt er að vinna.

Hv. talsmenn stjórnarflokkanna hafa sagt: Þetta frv. felur í sér aðeins 12 mílur frá núverandi grunnlínum, og hvorugt, hvorki núverandi grunnlínur né þessar 12 mílur, er neitt endanlegt mark Íslendinga. Þess vegna er varasamt að festa þetta í lög. — Ég vil taka það skýrt fram um hvor tveggja þessi atriði, að það er ekki af hálfu okkar flm. þessa frv. tilgangurinn að slá því föstu, að 12 mílna fiskveiðilandhelgin frá núv. grunnlínum sé neitt endanlegt takmark. Við erum reiðubúnir til samkomulags, — og það er í fullu samræmi við fyrri afstöðu okkar margra, — að færa út grunnlínurnar, færa þær meir til samræmis við það, sem við vitum nú að er viðurkennt lágmark að þjóðarétti. Við erum reiðubúnir til samkomulags um aðgerðir af hálfu Íslendinga til verndar sinna fiskstofna í samræmi við þeirra fyrri tillögur fyrir utan 12 mílurnar.

En ég sagði í upphafi máls míns: Þetta frv. er af hálfu okkar flm. aðvörun til hæstv. ríkisstj. Það er skýr yfirlýsing um það, að engin eining verður hér á hv. Alþ. né með þjóðinni um nokkurn afslátt nokkurs staðar við landið um nokkurn tíma frá þeirri 12 mílna fiskveiðilandhelgi, sem við höfum allir samþykkt og samþykkt að sé lágmarkskrafa okkar. Það verður engin eining um það. Og þess vegna er það aðvörun til hæstv. ríkisstj. um að láta ekki hafa sig til þess, hvorki með loforðum um fríðindi eða hlunnindi né hótunum um ofbeldi að semja um hana, því að þá gerist það versta, sem getur gerzt í þessu máli, að við berjumst innbyrðis. Eins og ég margoft hef sagt, þá hefur það þó, þrátt fyrir allar okkar deilur, verið vilji okkar allra að reyna að ná einingu um höfuðatriði, aðalatriði, þó að við höfum deilt um smærri atriði og þar með í landhelgismálinu.

Eins og þetta frv. er, eins og ég hef sagt, aðvörun til hæstv. ríkisstj., þá skal ég líka segja: það er tilboð til hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokka af hálfu stjórnarandstöðunnar. Ef hæstv. ríkisstj. vill standa og standa fast á því, sem hefur verið einhuga stefna Alþ. og allra ríkisstjórna, þá er stjórnarandstaðan reiðubúin til þess að fylgja hæstv. ríkisstj. fast í því. Ef hæstv. ríkisstj. vill ganga lengra, þá erum við reiðubúnir til þess að leita að samkomulagi um það. (**Gripið fram í**: Við Breta?) Ekki samninga við Breta, í fyllsta samræmi við allt það, sem hæstv. forsrh. — líka hæstv. forsrh. — hefur sagt við Breta af hálfu Alþingis og af hálfu íslenzku þjóðarinnar nærri til þessa dags, kannske ekki síðustu daga.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Ed., 7. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem fram hefur komið fyrr í þessum umr., verður ekki lengur um það deilt, að 12 mílna fiskveiðilögsaga er sú regla, sem í framtíðinni mun verða talin hafa allsherjargildi. Samþykkt hennar á Genfarráðstefnunni síðustu var að vísu bundin skilyrði um tíu ára umþóttunarfrest af hálfu nær ⅔ hluta þeirra, sem tóku þátt í ráðstefnunni, og sumir þeirra — og þar með sérstaklega Bretland og Bandaríkin — lýstu því yfir, að úr því að þessu skilyrði fengist ekki fullnægt, þá mundu þau ekki telja sig bundin af 12 mílunum, heldur hverfa til þess, sem þessir aðilar hingað til hafa talið gilda. Engu að síður verður ekki um það deilt, að með atkvæðagreiðslunum á Genfarráðstefnunni og því, sem síðan hefur gerzt, þá verður ekki lengur staðið á móti því, að 12 mílna fiskveiðilögsaga taki gildi, enda sýna hinir nýgerðu samningar Breta og Norðmanna það, að jafnvel Bretar hafa gert sér þessa staðreynd ljósa. Við erum þess vegna búnir að sigra í meginmálinu, því, að frá 12 mílna fiskveiðilögsögu verður aldrei horfið framar við Ísland.

Sú orrusta, sem mátti virðast nokkuð vafasöm um tíma, er þess vegna þegar unnin. Öll þau viðtöl, sem hafa átt sér stað af hálfu íslenzku ríkisstj. við hina brezku, byggjast að sjálfsögðu á þessari staðreynd, að brezka stjórnin falli frá mótmælum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu hér við landið og að fiskveiðilögsagan sé nú þegar 12 mílur, að því leyti sem yfirráðaréttur Íslendinga tekur til. Þetta er augljós og óumdeild forsenda af hálfu Íslendinga. Það er því algerlega rangt, þegar gefið hefur verið í skyn í þessum umr., sem hafa átt sér stað hér í d. að undanförnu, að nú sé um það að ræða að gera að engu 12 mílna fiskveiðilögsögu eða slaka þar til. Þvert á móti er, eins og ég segi, óhagganleg forsenda af okkar hálfu, að hún sé viðurkennd.

Hitt er svo allt annað mál, að við ráðum því, hvernig við notum þennan rétt okkar. Er þar skemmst að minnast þess ríkis, sem hefur haft

forustu um 12 mílna landhelgi, ekki eingöngu 12 mílna fiskveiðilögsögu, heldur 12 mílna landhelgi, Sovét-Rússlands, að það hefur gert samning við Breta og heimilað þeim takmarkaðar veiðar innan þessara 12 mílna. Með engu móti er hægt að halda því fram, að á þennan veg hafi Rússar afsalað sér 12 mílna landhelgi, enda dettur það engum í hug. Það er alviðurkennt, að þeir hafi 12 mílna landhelgi, og það mun meira að segja hafa komið fram hér í umr. eða á það minnzt, að gert var ráð fyrir því, að þó að gagnstæð regla hefði verið samþykkt á Genfarráðstefnunni, þá mundu Rússar hafa haft hana að engu. En þeir hafa kosið þann hátt á að beita forræði sínu yfir þessari 12 mílna fiskveiðilandhelgi á þann veg að heimila erlendu ríki tímabundnar og takmarkaðar fiskveiðar innan hennar. Þetta hafa þeir vafalaust gert af því, að þeir töldu sér slíka réttindaveizlu til hags. Það hefur ekki heyrzt, að þeir hafi fengið nein fiskveiðiréttindi í staðinn, en hvort þeir hafa fengið hagkvæma verzlunarsamninga við Breta eða einhver önnur hlunnindi, er mér ekki kunnugt um.

Af Rússa hálfu var því berum orðum lýst yfir við þessa samningsgerð, að hún fæli ekki í sér neinn afslátt af hálfu þeirra varðandi fullveldi þeirra innan þessarar 12 mílna landhelgi. Það er beiting þeirra á þeirra eigin fullveldi, sem kemur fram í því, að þeir veita öðru ríki viss réttindi innan landhelginnar, alveg á sama veg og maður afsalar sér ekki eignarrétti á húsi, þó að hann leigi einhverjum herbergi í húsinu um takmarkaðan tíma, vegna þess að hann telur það sér henta af einhverjum ástæðum. Hann er jafnt eigandi hússins, þó að hann veiti öðrum manni afnotarétt. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér þetta ljóst, vegna þess að engum hefur komið til hugar að hvika í nokkru frá þeirri samþykkt, sem hér var gerð 1959 um fulla fiskveiðilögsögu Íslendinga að 12 mílna markinu. En einmitt vegna þess, að við höfum full umráð yfir þessari fiskveiðilögsögu, getum við ráðið því sjálfir, það er beiting á okkar rétti, hvort við heimilum öðrum einhver takmörkuð, tímabundin fiskveiðiréttindi innan þessara marka. Það haggar ekki á neinn veg réttargrundvellinum og dregur ekki á neinn veg úr okkar fullveldi á þessu lögsögusvæði, að því leyti sem við höfum tileinkað okkur það, sem er einungis varðandi fiskveiðarnar.

Hitt er svo allt annað mál, hvort menn telja hyggilegt að veita öðrum slík réttindi innan fiskveiðilögsögunnar. Það verður ekki um það deilt, að við höfum heimild til þess að veita þau, ef við viljum, og það haggar ekki rétti okkar yfir fiskveiðilögsögunni, það minnkar ekki okkar fiskveiðilögsögu. En hitt kann, eins og ég segi, að vera umdeilanlegt: Er það hyggilegt á nokkurn veg að veita öðrum slík réttindi? Um það getur mönnum sýnzt sitt hvað. En alveg eins og við höfðum sjálfir haft um það mismunandi reglur, að hve miklu leyti erlend skip mættu umþótta sig innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu, — ný löggjöf var um það sett rétt eftir 1920 með miklu strangari ákvæðum en áður giltu, og síðan hafa stundum verið veittar með sérstöku lagaákvæði og samningum undanþágur frá þeim reglum, sem þar voru settar, en þrátt fyrir það datt engum í hug, að við værum að svipta okkur ákvörðunarvaldinu eða skerða á nokkurn hátt okkar fullveldi, jafnvel þó að við kynnum að telja það skynsamlegt að heimila öðrum ríkjum einhver tímabundin, takmörkuð fiskveiðiréttindi innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar.

En það verður ekki metið, svo að rétt sé, hvort skynsamlegt sé að gera slíka samninga, nema því aðeins að íhugað sé, hvers eðlis sú deila er, sem við eigum nú í við Breta, og þá að sjálfsögðu ekki heldur nema íhugað sé, hvers eðlis þeir samningar eru, sem kunna að verða gerðir. Um þá samningsgerð er það að segja, sem áður hefur komið fram, að hún hefur enn ekki verið hafin. Það hefur einungis verið, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, kannað, hvort unnt væri að gera samninga um viss atriði. Menn hafa þreifað hver á öðrum, en sjálf samningsgerð er ekki einu sinni hafin. Engin tilboð hafa verið gerð af hálfu hvorugs aðila, og að sjálfsögðu kemur það ekki til mála, að Ísland verði á nokkurn hátt bundið, nema því aðeins að fullt samráð hafi verið haft við Alþingi Íslendinga, eins og margoft hefur verið yfir lýst.

En alveg eins og það hefur komið fram, m. a. verið margsagt af mér, að það lá í loftinu og var vitað á Genfarráðstefnunni, að þá gátum við samið um viðurkenningu á 12 mílna fiskveiðilögsögu okkar, ef við veittum öðrum 5 ára fiskveiðirétt innan þessarar lögsögu, þá voru þeir samningar aldrei gerðir, þeir voru ekki einu sinni hafnir, engu að síður vitum við, að það var mögulegt að ná slíkum samningum, — alveg á sama veg hefur ríkisstj. talið nauðsynlegt að kanna nú, með hverjum hætti sé hægt að ná samningum til að eyða deilunni við Breta. Niðurstaða þeirrar könnunar liggur ekki fyrir enn, og skal ég því ekki rekja það mál frekar í einstökum atriðum en ég gerði í minni fyrri ræðu. Ég vil einungis taka það fram vegna mishermis, sem átt hefur sér stað, bæði í blaðafrásögnum og jafnvel í ræðum hér á Alþingi, að þegar ég talaði um að veita tímabundinn, takmarkaðan fiskveiðirétt innan okkar 12 mílna fiskveiðilögsögu og lagði áherzlu á, að það værum við, sem leyfið gæfum til þess, þá tók ég það berum orðum fram og alveg ótvírætt, að það gæti því aðeins komið til álita af minni hálfu, að önnur fiskveiðihlunnindi kæmu í staðinn, sem tryggðu okkar rétt betur eða a. m. k. jafnvel og 12 mílna fiskveiðilögsagan, og stæðu þó slíkir samningar af okkar hálfu ekki nema um mjög stutt árabil. Þetta er berum orðum skráð í minni ræðu og ekkert um að villast. Ég talaði þarna fyrst og fremst um önnur fiskveiðihlunnindi og þá ekki, eins og hv. 5. þm. Reykn. talaði hér um, hlunnindi á þann veg, að við ættum að hafa frið á einhverjum svæðum innan þessara 12 mílna, heldur vitanlega um fiskveiðihlunnindi utan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar núgildandi. (Gripið fram í.) Ég heyrði ósköp vel, hvernig hv. þm. lagði út af ummælunum, og því verra er, ef hann hefur haft ummælin fyrir sér, að hann skyldi svo misfara með þau í sinni túlkun. Það hefði verið sök sér, ef hann hefði ekki lesið þau. (Gripið fram í.)

Það liggur fyrir allt, sem ég hef sagt í þessu máli, og ég hef ekki oftalað mig í því, og færi

betur, að svo væri um hv. stjórnarandstæðinga einnig. Hitt er svo rétt, sem fram kom hér í ræðu hjá einum þm., að að lokum verður það auðvitað metið, — ef til samninga kemur, sem enginn getur sagt enn, — þá verður það metið, hvernig til tekst, og það er bezt að vera með sem minnsta spádóma um það á þessu stigi. Þeir samningar eru þess eðlis, að það er ekki hægt að ræða einstök atriði þeirra hér á opnum þingfundi, eins og sakir standa, það vita allir þm. ofur vel, en málið verður lagt fyrir þm., eins og áður hefur verið lýst, áður en til úrslitaákvarðana kemur.

En þá kem ég að því, hvort deilan við Breta sé þess eðlis, að við höfum hag af því að eyða henni. Og þá er rétt að rifja það upp enn og aftur, að deilan við Breta er nú orðið efnislega í sjálfu sér ekki lengur um gildi 12 mílna fiskveiðilögsögu til frambúðar, heldur um hitt, hvort eigi að veita þeim heimild til þess að umþótta sig, að koma sínum málum í það horf, að þeir geti að eigin dómi við unað breytinguna. Þeir hefðu vafalaust verið fáanlegir á Genfarráðstefnunni til þess að semja um 5 ára frest. Það töldum við ekki aðgengilegt.

En hversu lengi er hætta á, að þessi deila geti staðið, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að eyða henni, og hvaða tjóni kann þessi deila að vera búin að valda okkur, áður en henni lýkur, ef ekki er að gert? Það eru atriði, sem við verðum að meta, og það vil ég segja hiklaust, sem ætti ekki að þurfa, að í því mati tjáir ekki að fara eftir því, þótt við teljum, að Bretar hafi rangt fyrir sér, hafi beitt okkur ofbeldi, hafi komið öðruvísi fram en skyldi. Um þetta erum við öll innilega sammála, og það ætti ekki að þurfa að verða ágreiningsefni okkar í milli. En því miður er það oft svo í mannlegu lífi, að menn verða að taka hlutunum eins og þeir eru, þó að þeir séu öðruvísi en við kysum, að byggja á staðreyndunum eins og þær eru, þó að þær séu ekki eins og við vildum að þær væru. Það er að vísu talað um það af sumum, að það sé lítillækkandi fyrir litla þjóð að sættast við aðra, sem hafi beitt hana ofbeldi. Það má vel vera, að það sé lítillækkandi. En þótt mjög ólíku sé saman að jafna, þá hygg ég, að þeir séu ekki margir, sem taki undir það, að t. d. Finnar hafi lítillækkað sig með því að semja við Rússa og una því sambandi á milli þeirra tveggja ríkja, sem nú er. Við vitum, að meginþorri Finna vildi fremur kjósa að vera í öðru nágrenni og óskaði að geta strokið um frjálsara höfuð en finnska þjóðin gerir. En enginn hefur orðið til þess að vefengja, að hún gerði rétt, þegar hún sættist við Rússa, og það er hin eina skynsamlega og framkvæmanlega stefna, sem valin var af hálfu finnskra stjórnmálamanna. Eins er það, að við verðum auðvitað að átta okkur á í skiptum okkar við Breta, að svo ógeðfelld sem þau hafa verið á margan veg í þessari deilu, þá hafa þjóðir fyrr og síðar komið fram á svipaðan veg og Bretar hafa gert gagnvart okkur. Það er að vísu liðinn tími sums staðar, en sums staðar ekki. Það er náttúrlega eftir því, hvar menn eru staddir í heiminum, og við skulum minnast þess, að í þessari deilu erum við nú þegar búnir að sigra að meginstefnu til.

Þegar Bretar hófu sitt herhlaup til Íslands 1. sept. 1958, var það ekki til þess að knýja okkur til samþykktar stutts samningstímabundins réttar þeim til handa um fiskveiðar innan 12 mílna. Ég hygg meira að segja, — og það geta þeir ráðherrar, sem voru í þáv. hæstv. ríkisstj., betur upplýst en ég, — ég hygg, að það hafi legið fyrir af hálfu þeirrar hæstv. ríkisstj., að hún mundi þá hafa verið fús til að semja við Breta um einhvern tímabundinn rétt þeim til handa til fiskveiða innan 12 mílnanna, ef það væri einungis mjög takmarkaður, tímabundinn réttur. Það vildu Bretar þá alls ekki fallast á. Þá kröfðust þeir eilífrar sögulegrar kvaðar. Þá kröfðust þeir þess að mega fiska a. m. k. upp að 6 mílum um alla framtíð. Nú eru þeir gersamlega horfnir frá þessari kröfu, sem var meginkrafan og aðaldeiluefni, þannig að ég hygg, að þeir séu nú þegar reiðubúnir til þess að samþykkja þá skilmála, sem íslenzka stjórnin lét fala á árinu 1958. Það hefðu einhvern tíma ekki þótt léleg endalok á baráttu eins minnsta ríkis í heimi við þriðja mesta stórveldið, ef að lokum baráttunnar væri svo komið, að stórveldið vildi fallast á þá friðarsáttmála, sem smáríkið setti, áður en baráttan hófst, og það hefur heldur aldrei verið talið skynsamlegt að láta hita baráttunnar egna sig svo upp að gleyma því, hver var tilgangurinn og hvað fyrir mönnum vakti í fyrstu.

Það er að vísu sagt nú, að þessi deila við Breta skipti okkur ekki miklu máli. Og þó eru með réttu höfð sterk orð um það, hversu svívirðilegt ofbeldi þeirra sé og þeirra ágangur. Og ég verð að segja, að mér fannst það heldur kaldranalega mælt af hv. 5. þm. Reykn. hér um daginn, þegar hann sagði: Íslenzkir sjómenn eru hættunum svo vanir, að það munar ekki mikið um, þó að þessi hætta verði lögð á þá til viðbótar.

Guð gefi, að ekki rætist, að sú hætta þurfi að verða lögð á þá til viðbótar. Það eru ærnar hættur hér af höfuðskepnum, þó að við umfram lífsnauðsyn aukum ekki á þá hættu, sem okkar sjómenn leggja sig daglega í. (FRV: Hæstv. ráðh. gleymdi þessari hættu allt árið 1959. — Forseti: Ég bið hv. þm. að reyna að hafa stjórn á sjálfum sér.) Ég held, að þessi hv. þm. geri nú betur í að koma með skrifaðar ræður eftir vikuvinnu heldur en að vera hér stöðugt að gjamma fram í. Það væri þó frekar von, að hann gæti eitthvað sagt af viti. (FRV: Það verður nú að segja eitthvað um þetta af viti, hvers vegna hann gleymdi þessari hættu á þessum tíma.)

Það verður því miður ekki um deilt, að þessi hætta er fyrir hendi, og sá, sem neitar að horfast í augu við það, hann vanrækir sína skyldu, alveg eins og hættan getur leitt til þess, að þessi deila magnist og verði alvarlegri en nokkur af okkur, sem hér erum inni, í raun og veru vill, því að auðvitað vitum við það öll, að enginn vill að óþörfu leggja þessa hættu á okkar sjómenn. En ef hér yrði manntjón, og ég minni á það, að það var guðs mildi, að svo skyldi ekki verða á s. l. sumri, þá eru sköpuð þau atvik, sem eins og ég segi gera það að verkum, að málið að verulegu leyti kemst úr okkar höndum og verður mun alvarlegra og örlagaríkara en okkur hefði órað fyrir. Þar tjáir ekki að kenna öðrum aðila um og segja: Hann gæti gætt sín betur. — Við verð-

um bara að horfa á atburðina eins og þeir eru og sem góðir og skynsamir menn gera okkar varúðarráðstafanir fyrir fram, en ekki bíða þangað til ófarnaðurinn er yfir okkur kominn.

Það er einnig óvefengjanlegt, að löndunarbannið í Englandi er okkur mjög til tjóns. Hv. 5. þm. Reykn. sagði raunar, að það væri skoðun sín og margra, að löndunarbannið skaðaði okkur ekki. Við vitum það að vísu, að okkur tókst að komast fram úr löndunarbanninu árin 1952—56. En allir vitum við, að það varð okkur til tjóns, enda var mikil áherzla á það lögð af hálfu þáverandi ríkisstj. allrar að fá því löndunarbanni eytt, og það var eitt af fyrstu verkum vinstri stjórnarinnar hæstv. að semja um það við Breta, að það skyldi úr sögunni. Og okkur tjáir ekki að neita því, það liggur í augum uppi, að einkanlega togaraútgerð okkar og þá togbátaútgerð er það verulegur hnekkir og getur ráðið úrslitum um möguleika hennar til starfrækslu nú á næstu mánuðum og vissum árstímum, meðan deilan stendur, hvort unnt er að sigla til Englands eða ekki. Þetta veit hver einasti maður, sem eitthvað er kunnugur útgerð og háttum við sjávarsíðu hér, og þarf ekki að fjölyrða um.

Við skulum játa það hreinlega, að við höfum ríka hagsmuni af því, að þessi deila hverfi. Hitt er annað mál, að við erum sammála um það, að þó að þeir hagsmunir séu ríkir, þá er það ekki óendanlegt, sem við getum innt af hendi í staðinn til að fá deilunni eytt. Það gat aldrei komið til mála, að við veittum Bretum eilífðar sögulegan fiskveiðirétt innan 12 mílna fiskveiðilögsögu til þess að fá deilunni eytt. En ef, — og ég segi ef, — ef einungis er um það að ræða, að Bretar sætti sig nú við það sama sem þeir neituðu að sætta sig við sumarið 1958, en við hefðum þá talið mikinn sigur í þessu máli, og ef einungis er um svo skamman frest að ræða, að þar sé hámark 5 ár og þó helzt eitthvað verulega skemmri tími, sem um er að ræða, og ef við fáum önnur fiskveiðihlunnindi fyrir utan 12 mílna fiskveiðilögsöguna núgildandi, sem séu jafnmikils virði a. m. k. og þau fiskveiðihlunnindi, sem við þennan takmarkaða tíma veitum Bretum innan fiskveiðilögsögunnar, þá vil ég kanna alla þá samningsgerð og möguleika til hlítar, áður en þeim möguleikum er hafnað.

Ég tek það skýrt fram, að enn er þetta mál ekki svo ljóst, að unnt sé að segja, að þessi kjör séu fáanleg, en ríkisstj. telur það þess virði að kanna til hlítar, hvort þau séu fáanleg og hvort nokkrir afarkostir fylgi þá, sem geri það að verkum, að ekki sé ráðlegt að leysa deiluna með þessum hætti, um leið og ég geri mér grein fyrir, að þarna eru auðvitað mörg vandasöm matsatriði, sem skoða verður til hlítar. Það er jafnfráleitt að segja: Það skal semja — eins og að segja, að samningar séu svik. Það er hvort tveggja jafnmikil fávizka og óvit.

Hver eru þá þau úrræði önnur, sem til greina koma, heldur en þessar viðræður og könnun, sem ég hef nú rætt um? Ég spurði hv. flm. að því í minni fyrri ræðu: Hvernig vilja þeir eyða deilunni við Breta? Ég játa, að þeir tveir aðaltalsmenn frv., sem þessu reyndu að svara, voru hreinskilnir, bæði hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Reykn. Hv. 2. þm. Vestf. sagði: Það er tíminn. Tíminn leysir deiluna.

Það voru hans einu svör. Þá vitum við það. En er vert að taka þau óþægindi, þá áhættu, sem samfara er því, að deilan stendur um óákveðinn tíma, ef við getum leitt málið til lykta á okkur hagkvæman hátt með mjög skömmum tímafresti. Það er að vísu rétt, að við Íslendingar erum þrautseigir, og við höfum staðið okkur, þegar á allt er litið, vel í þessari deilu þrátt fyrir innbyrðis ágreining um sum atriði. En Bretar eru einnig nokkuð þrautseigir, og það var hv. 5. þm. Reykn., sem viðurkenndi það í orðum sínum hér um daginn, að af hálfu Breta væri hér um réttardeilu að ræða. Við teljum, að Bretar hafi rangt fyrir sér. Þó að sumir hafi af einhverjum ástæðum verið allsendis ófúsir og nánast talið það landráð, ef sagt væri, að við ættum að vera viðmælandi um það að leggja það mál fyrir alþjóðadómstólinn, þá teljum við samt, að við höfum rétt fyrir okkur. En gallinn er sá, eins og hv. 5. þm. Reykn. sagði á dögunum, að Bretar telja sig líka hafa rétt fyrir sér. Þeir telja, að við höfum brotið á þeim réttarreglur. Þeir telja þess vegna, þegar þeir eru að okkar dómi með ofbeldi innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu, að þeir séu að hindra óheimilt ofbeldi okkar. Og það er meira en hugsanlegt, það er því miður líklegt, að ef Bretar telja, eftir að þeir eru búnir að falla frá sinni meginkröfu, að við séum með öllu óviðmælandi um að þeirra mati nauðsynlegan frest til þess, að þeirra sjómenn og útvegsmenn geti umþóttað sig, þá taki þeir sér þennan rétt sjálfir og haldi áfram að athafna sig eins og þeim líkar innan fiskveiðilögsögu, ekki aðeins í 5 ár, heldur um óákveðinn tíma. Þetta er sú lækning tímans, sem hv. 2. þm. Vestf. vísaði á. Það er áframhaldandi ofbeldi af hálfu Breta um óákveðinn tíma með óákveðnum og ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir alla aðila.

Meiri uppgjöf um ráðleggingar til þess að komast úr alvarlegu vandamáli hef ég aldrei heyrt á Alþ. Íslendinga, nema ef vera skyldi, þegar hv. 5. þm. Reykn. bættist í hópinn s. l. föstudag og fór að segja frá sínum úrræðum. Þau voru nánast engin. Hann sagði ekki einu sinni: Tíminn. — Hann sagði: Við erum beittir ofbeldi, en við vitum bara ekkert, fyrir hverjum við eigum að kæra. (Gripið fram í.) Ég vildi kæra atferli Breta strax haustið 1958. Það liggur ótvírætt fyrir, og ég skal segja það bara í einni setningu, að allt það, sem hv. 5. þm. Reykn. hefur að segja um tillögur okkar um viðtöl frá haustinu 1958 og þangað til fram á vorið 1959, er gersamlega rangt og alveg snúið við því, sem fyrir liggur í skjölum málsins. Að öðru leyti skal ég ekki fara að eltast við hans ósannindarugl. (FRV: Vill hann þá kæra núna, hæstv. ráðh., og fyrir hverjum?) Ég er að benda á leið til þess að leysa þessa deilu, og ég skora á þá, sem hafa aðra leið, að gera grein fyrir henni, og þá skulum við athuga það mál.

Það er mjög athyglisvert, að hv. 5. þm. Reykn., sem sagðist ekkert vita, fyrir hverjum ætti að kæra, er málsvari sama flokksins og Þjóðviljinn, þar sem hvað eftir annað hefur verið vísað á ákveðnar leiðir til að leysa þetta mál. Hv. 5. þm. Reykn. sagði: Við eigum að viðhafa friðsamlega

mótspyrnu. Hún hefur verið reynd annars staðar og gefizt vel og hefur einnig gefizt okkur vel í þessari deilu við Breta.

Þjóðviljinn hefur þarna verið á allt annarri skoðun. Í því blaði var í sumar birt grein, þar sem ráðizt var á landhelgisgæzluna fyrir dugleysi í þessu máli og sagt, að ráðið væri ósköp einfalt. Það væri ekki annað en að setja vélbyssu um borð í flugvél, sem landhelgisgæzlan hefur yfir að ráða, og hefja skothríð á brezka togara innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Þá mundi skjótlega fara svo, að togararnir færu.

Er þetta sú leið, sem hv. þm. telur vænlega? Ég tel það honum til lofs, en ekki til lasts, að hann skuli ekki taka undir annað eins óvit og þarna var upp á stungið.

Í Þjóðviljanum birtist grein eftir nafngreindan mann ekki alls fyrir löngu, þar sem stungið var upp á þremur úrræðum, sem öll mundu vera mjög áhrifarík gagnvart Bretum. Það fyrsta var að slíta stjórnmálasambandi við Breta, annað að kæra þá fyrir Atlantshafsbandalaginu og þriðja fyrir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í þessu sambandi er einnig rétt að minnast þess, að í Tímanum hefur hvað eftir annað verið um það talað, að rétt væri að kæra Breta fyrir Bandaríkjastjórn með tilvísun til varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Enn fremur var nýlega grein í Þjóðviljanum, þar sem talið var sjálfsagt, að við ættum að kæra fyrir Sameinuðu þjóðunum, og þegar farið að lýsa því, hversu áhrifarikt það yrði, þegar umboðsmenn Sameinuðu þjóðanna væru komnir um borð í okkar skip, sem færu að stugga Bretum út fyrir línuna.

Blöð þessara hv. þm. skortir sem sagt ekki ráðin til þess að leiða deiluna til lykta. En það er mjög athyglisvert, og ég legg ríka áherzlu á það hér, að hvorugur, hvorki hv. 2. þm. Vestf. né hv. 5. þm. Reykn., tekur undir þessar tillögur. Það er vegna þess, að þeir hljóta að hafa gert sér grein fyrir, að þær eru verri en gagnslausar. Annars mundu þeir vafalaust gerast talsmenn þeirra hér. Annars mundi hv. 2. þm. Vestf. ekki vísa bara í tímann, sem muni frelsa okkur, og hv. 5. þm. Reykn. ekki gera sig svo bágan að segja: Það er á okkur ráðizt, en ég veit ekkert, fyrir hverjum ég á að kæra, — og geta ekki bent á eina einustu leið til að leysa deiluna.

Það er auðvitað hægt að benda á ýmsa annmarka, sem því séu samfara að semja um þetta mál við Breta. Því hefur verið haldið fram, að ef við semdum við þá, þá mundi það hindra okkur í því að gera einhliða ákvarðanir síðar til frekari friðunar fiskimiðum. Ég vil einungis minna á það, að Ísland hefur þegar markað sína stefnu í þeim málum. Það var með þeirri tillögu, sem lögð var fram af hálfu vinstri stjórnarinnar á Genfarráðstefnunni 1958 og endurtekin nú á Genfarráðstefnunni 1960, og í ályktun Alþingis frá vorinu 1959, þegar talað er um að leita viðurkenningar annarra ríkja á rétti okkar til landgrunnsins. Þarna er af réttum aðilum mörkuð stefnan í þessum málum og hvernig sókn skuli fram haldið.

Það var einnig sagt hér, að ekkert ríki hefði stækkað fiskveiðilögsögu sína með samningaumleitunum við önnur ríki. Nú er alls ekki um það að ræða hér af okkar hálfu, að mönnum komi til hugar að semja um sjálfa fiskveiðilögsöguna við Breta, heldur einungis er um það að ræða að eyða þessari deilu og kanna til hlítar, hvort hægt sé að gera það á þann veg, að við í senn fáum þá ótvíræðu hagsmuni, sem eru því samfara, að deilan hverfi, og jafnframt þá skipan á fiskveiðum við landið, meðan á skömmum samningstíma stendur, sem sé ekki óhagkvæmari frá íslenzku sjónarmiði en núverandi skipan. En af þessu tilefni er þó rétt að minna á, að samtímis því, sem hér er sagt á Alþingi, að ekkert ríki hafi leitað samninga við aðra um stærð sinnar fiskveiðilögsögu, heyrum við daglega um, að okkar nánasta frændþjóð, Norðmenn, er að semja við Breta og nú við Vestur-Þjóðverja um stækkun á sinni fiskveiðilögsögu, — sú þjóð, sem er okkur nánust að frændsemi, hefur um margt svipaða hagsmuni og tilheyrir sama réttarsamfélagi og við Íslendingar.

Það stendur á sama, hvar niður er gripið: Af hálfu stjórnarandstæðinga er því miður svo víða málum blandað eða villandi með farið, að það væri löng saga, ef rekja ætti til hlítar, sem ég ætla ekki að gera. Ég tel miklu nær að ræða um sjálft vandamálið heldur en taka þátt í einskisverðu karpi um það, sem þrátt fyrir allt eru aukaatriði.

Að lokum vildi ég aðeins víkja að því frv., sem hér liggur fyrir og á þá væntanlega að ræða um, þó að hv. flm. þess hafi eytt tíma sínum mest í annað. Það er komið upp, að það er alls ekki efni frv., sem þeir eru um að hugsa, og hv. 5. þm. Reykn. sagði það berum orðum: Það má alls ekki skilja frv. eins og það stendur þarna. Ef þið viljið setja eitthvað meira í það, ef þið viljið færa út grunnlínur, ef þið viljið gera landhelgina stærri, þá er þetta tilboð til ykkar, sem við skulum athuga til hlítar. — Þó stendur í frv., að fiskveiðilögsagan skuli vera sú, sem nú er, með núgildandi grunnlínum og þeim 12 mílum, sem ákveðnar eru. Hefur þá mannlegt mál enga merkingu lengur, ef þannig er gersamlega hægt að hlaupa frá meginefni eins frv. strax við 1. umr. þess?

Það kom líka glögglega fram, bæði hjá þessum hv. þm., hjá hv. 2. þm. Vestf. á dögunum og hv. 5. þm. Austf., að hér er alls ekki um neitt venjulegt lagafrv. að ræða. Efni málsins er það, að þeir segja: Við treystum ekki núv. ríkisstj., og við viljum binda hennar hendur, þess vegna er þetta frv. sett fram. — Þetta er kjarni þess, sem þeir hafa sagt um sjálft málið. Þá segi ég: Því bera þeir ekki frekar fram einfalda vantrauststillögu heldur en bera fram jafnvanhugsað frv. og það, sem hér liggur fyrir?

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það gætti þeirrar undarlegu mótsagnar í ræðu hæstv. dómsmrh., að hann sagði a. m. k. þrisvar sinnum og í öðru hverju orði og annarri hverri setningu svo að segja í byrjun ræðu sinnar: Við erum búnir að sigra í 12 mílna deilunni, 12 mílurnar eru staðreynd, — en svo varði hann meiri hluta af ræðu sinni til þess að rökstyðja það, að þennan sigur ættum við að kaupa, og sagði, að það yrði að meta það, hvort það, sem

við þyrftum að borga fyrir það að fá viðurkenningu á þessum 12 mílum, yrði of dýrt.

Ég viðurkenni það, að líkingar geta alltaf haft rétt á sér. En líkingar geta verið settar fram til þess að villa. Hann tók það sem dæmi um það, hvort við, sem flytjum þetta frv., teldum, að það væri að afsala sér eignarrétti á húsi að leigja einstaklingi einstök herbergi í húsinu um ákveðinn tíma, og vildi taka þetta sem hliðstæðu við það, að Bretum yrði leyft að fiska hér einhvern árafjölda innan 12 mílna landhelgi. Ég viðurkenni, að það breytir á engan hátt eignarhaldi eigandans á húsi, þó að hann leigi hinum og þessum einstaklingum íbúðir í húsi sínu. Og dómsmrh. hæstv. var að minnast á það, að e. t. v. hefðu Bretar átt kost á því og þá sennilega fleiri að fá að fiska hér innan 12 mílna, ef þar væri um einhliða gerning að ræða. En mér er sem ég sjái hæstv. dómsmrh., þegar hann var nýbúinn að byggja húsið sitt, því að þannig horfir málið við, ef einhver berserkur hefði komið og barið á honum fyrir utan húsið hjá honum, og sagt: Ég viðurkenni alls ekki, þú skalt alls ekki fá að búa í friði hér í þessu húsi, nema þú látir mig hafa herbergi í þrjú ár. — Mundi hæstv. dómsmrh. eða nokkur maður með manndóm í hjarta láta bjóða sér slíkt? Það er þetta, sem hefur verið gert. Eftir að við erum búnir að sigra í málinu, þá á að berja okkur til þess að leyfa Bretum að fiska innan 12 mílna landhelginnar. Mundi hæstv. dómsmrh. eða nokkur annar láta einhvern berserk hér í bænum, þó að hann væri sterkari en húseigandinn, ganga að sér fyrir utan húsdyrnar hvað eftir annað og berja sig og segja: Ef þú lætur mig ekki fá, — ekki einu sinni leigir, — ef þú ekki lætur mig fá frítt herbergi í húsinu í þrjú ár, þá viðurkenni ég ekki eignarréttinn, og þú skalt verða barinn áframhaldandi fyrir utan dyrnar hjá þér, þangað til þú gerir þetta? — Það er náttúrlega nauðsynlegt að gera þetta til þess að afstýra hættu. Húseigandinn er í stöðugri hættu. Það er svarið, sem hann fær.

Ég er búinn að margtaka það fram, alveg eins og hæstv. dómsmrh., að sigur er unninn í þessu máli. Við erum búnir að sigra með 12 mílurnar, og tíminn er búinn að vinna það. Ég veit, að hæstv. dómsmrh. fylgist eins vel með og ég í brezkum blöðum. Það hefur komið hvað eftir annað fram í brezkum blöðum núna. Þegar þeir drógu flota sinn til baka, meðan á Genfarráðstefnunni stóð nú á þessu ári, þá sögðu brezku blöðin hvað eftir annað: Það er ekki hægt að senda flota upp aftur til þess að vernda skipin okkar. — Og af hvaða ástæðum er þetta? Það er vegna þess, að það kostar meira jafnvel en fiskurinn er verður að kosta herskip til þess að sjá um að vernda togarana.

Það er annað, sem er að koma í ljós. Það kom í ljós, að það voru að bresta taugar sjómannanna að sækja hér upp á þessi mið, þar sem eru jafnmikil illviðri, og eiga ekki völ á því að komast í landvar eða komast í land, ef þau þeittu upp. Það meira að segja var kominn upp svo mikill leiði hjá hernum, sem var hér í Norðurhöfum í versta skammdeginu og þegar sjóir eru verstir, að þeir frömdu eyðileggingarstarf á herskipunum, sem áttu að fara hingað upp, til þess að þau gætu ekki farið. Við vorum búnir að sigra í þessu máli.

Tíminn var búinn að vinna til sigurs í þessu máli. Og ef þeir héldu þessu áfram, þá hefur ekki verið neitt launungarmál með þá till., er hér kom fram í utanrmn., hvernig ætti að snúast við því. Ég álít, að það ætti að snúast við því á sama hátt og fjöldi manna hefur borið fram samþykktir um hér í þessu landi, ef á hefði þurft að halda. Við erum raunverulega búnir að sigra í málinu.

Það er rætt mjög mikið um það, að þeir, sem haldi uppi deilum í þessu máli, rjúfi þá einingu, sem nauðsynleg sé í málinu, það sé nauðsynlegt að standa saman og það sé illt verk að vekja deilur um þetta mál, eins og við gerum, stjórnarandstæðingar. En það, sem ástæða er til þess að vekja athygli á, er þetta: Um hvað hafa stjórnarflokkarnir og stjórnarandstaðan, allir flokkar í þessu landi lýst sig sammála í 10 ár? Um hvað er það? Hvaða reglur eru það? Hvaða stefna? Og það frá því að við færðum út landhelgina 1950. Það eru tvær ófrávíkjanlegar meginreglur, sem við höfum verið sammála um allir. Það er það, að við semdum aldrei um það við neinar þjóðir eða neina þjóð, hvenær við færðum út fiskveiðilandhelgina né hver stærð hennar væri. Fiskveiðilandhelgin yrði að ákveðast í samræmi við lífshagsmuni þjóðarinnar og alþjóðarétt og það væri eitt af okkar stærstu innanríkismálum að taka þessa ákvörðun sjálfir, vegna þess að það væri lífsnauðsynjamál þjóðarinnar, og þar yrðum við eingöngu að fara að alþjóðalögum, gætum ekki samið um það við aðra. Í annan stað hefur það verið meginreglan, sem við höfum fylgt staðfastlega, að þær ákvarðanir, sem við tækjum í samræmi við alþjóðalög um stærð fiskveiðilandhelginnar, yrðu ekki aftur teknar, yrði ekki gefið eftir á, hvorki tímabundið né varanlega. Ég vil ekki lengja mál mitt um þessi atriði, en ég vil spyrja hæstv. alþm., hvort þeir efist um, að um ekkert mál í þessu landi, nema ef það er sjálfstæðismálið 1944, hafi verið ríkara samkomulag en um þessar tvær meginreglur, ef nokkuð er að marka yfirlýsingar Alþingis, stjórnmálaflokka, ríkisstjórna, í utanrmn., á kosningafundum, í blöðum og yfirleitt alls staðar, þar sem landhelgismálið hefur verið rætt. Ég álít, að ég þurfi ekki að rökstyðja þessa staðhæfingu mína. Þeir hv. 5. þm. Austf. og 5. þm. Reykn. lásu hér upp yfirlýsingar frá þingflokkunum, formönnum flokkanna, utanrrh., forsrh., sem sýna það, að þessi meginstefna, sem ég lýsti, er yfirlýst stefna allra stjórnmálaflokka í landhelgismálinu.

Það getur vel verið, að það sé hægt að ganga frá yfirlýsingum í málum. En ef þjóðin má ekki treysta slíkum yfirlýsingum, sem gefnar hafa verið í þessu máli og rökstuddar, ef hún ekki má treysta yfirlýsingum í stærsta lífshagsmunamáli sínu, hverju er þá hægt að treysta í þessu landi? Og ef á að ganga frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið og yfir lýst í þessu máli, að semja ekki við aðrar þjóðir um það, hvort við færðum út landhelgina eða hvenær við gerðum það eða hve stór hún væri ákvörðuð á hverjum tíma, og enn fremur, að við gefum ekki eftir af þeirri

landhelgi, sem við höfum yfir lýst, — ef það sýnir sig, að þessum yfirlýsingum má ekki treysta og þær verða brigðaðar, þá er ég viss um það, og vil biðja hv. alþm. að hugleiða það, að það brestur margt í íslenzkri þjóðarkennd og íslenzku þjóðlífi, ef slíkt kemur fyrir.

En spurningin er þá ekki um það eftir þær yfirlýsingar, sem tveir hv. þm., sem ég nefndi, hv. 5. þm. Austf. og hv. 5. þm. Reykn., lásu hér upp, það er ekki neinn efi um það, að þessar reglur eru sú meginstefna, sem fylgt hefur verið í þessu máli í 9 ár, — en þá er spurningin: Voru þessar reglur nauðsynlegar? Og við skulum athuga þá lítils háttar, á hverju þessar reglur og á hverju þessi stefna byggist. Tökum þá fyrst þá reglu að semja ekki við neina þjóð, hvenær við færum út fiskveiðitakmörkin né hver stærð fiskveiðilandhelginnar er á hverjum tíma. Spurningin er þá í fyrsta lagi: Er það framkvæmanlegt að semja við þjóðirnar um fiskveiðitakmörkin? Við höfum margsinnis fært að því rök, og ég verð að segja það, að ég skyldi verða allra manna fúsastur til þess að viðurkenna, ef rökveilur væru í þeim röksemdum, sem við höfum fært fram, þegar hefur verið sagt: Þetta er ekki hægt. Það er ekki hægt að semja við allar hlutaðeigandi þjóðir um stærð fiskveiðilandhelginnar. Á því yrði enginn endir, enda hefur sýnt sig, að þetta hefur ekki verið framkvæmanlegt hjá öðrum. — En það kann að vera, að það væri hægt að semja við eina þjóð, eins og virðist vera gerð tilraun til núna. En það bara sýnir sig, að um leið og búið er að semja við eina þjóð um einhver fiskveiðitakmörk, þá koma aðrar þjóðir, sem telja sig eiga að hafa beztukjarasamninga vegna viðskipta við Ísland, og segja: Við viljum fá samning líka, — eins og kemur í ljós núna, þegar Norðmenn eru búnir að semja við Breta, þá koma Vestur-Þjóðverjar og segja: Við verðum að fá samninga líka, annars hefur það alvarlegar afleiðingar. — Það má þess vegna ganga út frá því sem gefnu, að það er ekki hægt að semja um fiskveiðilandhelgina. Það verður að taka einhliða ákvörðun um hana, ef á að ná fram einhverjum árangri. Þetta hafa allir stjórnmálaflokkar verið sammála um, frá því að við færðum út 1950, — undantekningarlaust, — og allt, sem sagt er gegn því, að þetta hafi verið sú regla, sem við höfum talið okkur lífsnauðsyn að halda, er rangt. Hér verðum við enn fremur að gæta þess, hvað felst í því að reyna að semja. Hvort sem samið er við eina þjóð eða fleiri þjóðir, þá felst það í því að semja, að það er viðurkenning á því alveg ómótmælanleg, og það kemur greinilegast í ljós, ef við hugsum okkur, að við hefðum samið 1950 um þá litlu útfærslu, sem við gerðum þá fyrir Norðurlandi. Ég fullyrði það, að ef við hefðum gert það, þá hefði því verið haldið fram af okkar andstæðingum í fiskveiðideilunni og þeim, sem hafa fiskað hér við land, því hefði verið haldið fram: Þið sömduð 1950. Þið viðurkenndu þar með, að þið gætuð ekki fært út nema með því móti að ná samkomulagi við okkur, þið hefðuð ekki rétt til þess. — Þar af leiðandi hefðum við orðið 1952 og 1958 að leita samninga einnig. Þetta er sú stóra hætta, sem felst í því að taka upp samninga, að þegar búið er að gera það einu sinni, þá er því beitt af andstæðingunum sem viðurkenningu af okkar hálfu um það, að við höfum ekki getað fært út einhliða, og að hvenær sem við stígum næsta skrefið, beri okkur skylda til að semja um það aftur. Þess vegna höfum við verið sammála um það, að við gætum ekki samið, heldur yrðum við að taka okkar ákvarðanir einhliða, — og jafnframt, ef það hefðu verið teknar ákvarðanir um einhverjar tilslakanir 1958, þegar landhelgin var færð út, þá voru allir sammála um það, og í það atriði hefur hæstv. dómsmrh. vitnað hvað eftir annað, að það gæti ekki komið til greina sem samningur, heldur sem einhliða yfirlýsing, ef slíkt kæmi til greina.

Hæstv. utanrrh. hefur haldið því fram, að við hefðum vikið frá þeirri reglu, sem ég tel mig hafa sannað að hafi verið fylgt án undantekningar, og meginefni ræðu hans var það, að því er hann sagði, að rifja upp fyrir mér, að þessari reglu, að við skyldum aldrei semja um landhelgina við neinn, hefði ekki verið fylgt í sambandi við þær ráðstafanir, sem við hefðum gert að undanförnu. Hann nefndi 1952 og vitnaði í skýrslu frá 1954, sem ríkisstj. hefur gefið út sem hvíta bók. Ég man nú vel eftir útfærslunni 1952 og tók þátt í flestum fundum, sem um útfærsluna voru haldnir. Og ég skil varla í því, að hæstv. forsrh. muni halda því fram, að við höfum samið um útfærsluna 1952. Það kemur nefnilega fram í skýrslunni 1954 og hefur oft verið talað um það til þess að niðra hæstv. forsrh., að hann hafi lítið rætt við þá í Bretlandi og aðeins við undirmenn og umræðurnar hafi verið óljósar. Ég veit ákaflega vel, hvers vegna umr. voru óljósar. Þær voru óljósar vegna þess, að það var samkomulag, áður en hæstv. ráðh. fór til London, að hann eingöngu kynnti Bretum þær ráðstafanir, sem við ætluðum að gera, en semdi ekki um málið á nokkurn hátt. Umboð hans, sem hann var sammála um sjálfur að væri eins og vera ber, var svo takmarkað, að hann mátti ekkert annað gera í málinu. Af þeirri einföldu ástæðu, að við höfum alltaf talið, að samningar um málið heftu aðgerðir okkar á seinni stigum þess, ef við þyrftum að færa út af nauðsyn, þá höfum við talið það eitt af því allra hættulegasta að semja um málið. Þess vegna var það dæmi, sem hæstv. ráðh. nefndi 1952, ekki sönnun um, að það hefði verið vikið frá reglunni, heldur sönnun um það, að reglunni var þá fylgt. Hæstv. forsrh. gerði enga tilraun til að ná samningum eða umræðum um samninga. Hann kynnti málið eingöngu og gerði ekkert annað.

Það er líka alveg augljóst af því, hvað Bretar hafa sótt á samtöl allan tímann, hvað þeir leggja upp úr því að fá okkur til að ganga inn á það sem reglu, að við þurfum að semja við þá um útfærslu landhelginnar. Þeir vita, hvað það hefur að þýða upp á seinni tímann. Þegar löndunarbannið stóð yfir, vildu þeir hvað eftir annað ræða við okkur um það að létta af löndunarbanninu, gegn því, að við semdum við þá um það að færa ekki út fiskveiðitakmörkin nema eftir einhvern tiltekinn tíma. Í deilum um þetta stóð langan tíma, og veit ég, að fjöldi hv. þm. man eftir þingfundum um þetta atriði. Ég er einn af þeim, sem vildu ekki undir neinum kringumstæðum

semja um þetta atriði, af þeirri einföldu ástæðu, að ég hef alltaf talið það stórhættulegt að taka upp samninga um fiskveiðitakmörkin við nokkra þjóð, af þeim rökum, sem ég hef nefnt. Þá lágu fyrir hér á Alþ. tillögur um meiri og minni útfærslu fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum, og Bretar óttuðust, að það mundi verða tekin ákvörðun um það, um útfærslu fiskveiðilandhelginnar, en gerðu ráð fyrir því að sigra í málinu í Genf. En hvað skeður? Þegar við látum þá ekki hafa samninga um þetta, þá kom hér á borðin, — og ég veit, að margir hv. þm. muna eftir því, — þáltill., sem var samkomulag á milli stjórnarflokkanna og var borin fram og mig minnir að hæstv. forsrh. ætti að mæla fyrir. Um hvað var hún? Það var till. um dagskrá, þar sem Alþ. ályktar, að það sé ekki tímabært, eins og sakir standa, af ástæðu, sem það greindi, að færa út fiskveiðitakmörkin, og væri því tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Þessi till. kom aldrei til umr. hér. Vegna hvers? Vegna þess að Bretar neituðu að taka þetta gilt. M. ö. o.: þegar var einhliða yfirlýsing frá okkur um það að fresta málinu, þá töldu þeir það sér ekki nægja. Þeir vildu láta okkur ganga inn á samninga, til þess að hægt væri að segja: Þið tölduð ykkur þurfa að semja um málið við okkur. Þið hafið þar með viðurkennt, að við höfum hér réttinda að gæta, svo að þið þurfið að semja við okkur. — En er við ætluðum að lýsa því yfir einhliða, þá neituðu þeir, og það varð ekkert af samkomulagi og till. kom aldrei til umræðu.

Þennan reginmun gerðu Bretar á því að fá ákvörðunina einhliða frá okkur eða í samningum við sig.

Enn fremur nefndi hæstv. utanrrh. viðtölin í NATO, og hann fór alveg rétt með það, að við erum bundnir við það samkvæmt reglugerð, sem gefin hefur verið út og við gengizt undir í NATO, mig minnir frá 1956, að ræða ágreiningsmál í NATO, ef þau verða milli þeirra þjóða, sem eru félagar í NATO. Og þetta var gert, ekki til að semja við Breta, heldur til þess að ræða um ágreininginn við þá og aðrar þjóðir, sem hafa ekki viljað viðurkenna útfærsluna. Og hann minntist á það, að í sambandi við það mál, mig minnir að hann segði í ágúst, þá hefðum við ekki gert tilboð, — hann orðaði það svo, og það sýnir greinilega, hvað við vorum á verði um þessar reglur, að láta ekki koma til samninga, — en hann segir, að við höfum sent ábendingu um það, hvernig væri hægt að leysa málið, — ekki tilboð, vegna þess að við vildum ekki ganga inn á samninga við neinar þjóðir um málið. Það getur vel verið, að þetta sé of mikil stífni frá hendi þeirra, sem vilja ekki fallast á samninga. En ég hef ekki, af fullkominni einlægni talað, séð þau rök, sem hrinda því, að þessi regla eigi að gilda, því að ef við semjum núna um 12 mílurnar, sem má þó ganga út frá nokkurn veginn að sé alþjóðaregla, og ef við förum að semja um það við einhverjar þjóðir að fá það viðurkennt, hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug, þegar á að fara að færa út fyrir 12 mílur, út á landgrunnið, þar sem allt er vafasamara út frá alþjóðarétti, að við gætum gert það, nema þeir heimti, að við semjum um það við stærri ríkin, og beiti ofbeldi að öðrum kosti? En ég fullyrði, að það er álit ýmissa sérfræðinga, að 12 mílna landhelgi geti, þegar tæknin eykst, — og hún eykst mjög hratt, — orðið minni fyrir okkur en 3 mílna landhelgin var áður, meðan tæknin var minni. Við getum því algerlega átt líf okkar undir því að geta fært út, út fyrir þessar 12 mílur, þegar tæknin vex, með þeim afleiðingum, að miðin eru þurrkuð upp.

Ég hef þess vegna sýnt fram á það, að þessi þrjú dæmi, sem hæstv. utanrrh. nefndi sem frávik frá þeirri reglu að semja ekki, þau sanna öll regluna og sanna, að við höfum alltaf talið okkur — einnig á þessum stigum — nauðsynlegt að halda regluna: 1952, 1958 og einnig í viðræðunum við NATO.

Þá er að athuga í eins stuttu máli og mér er hægt hina stefnuyfirlýsinguna, að láta aldrei hrekjast frá þeim ákvörðunum um stærð landhelginnar, sem við höfum tekið af lífsnauðsyn og í samræmi við alþjóðareglur. Eins og ég sagði hér áðan, var komið til álita sérfræðinga og ýmissa manna, sem ákváðu landhelgina í upphafi, að lýsa einhliða einhverjum tilslökunum við vinaþjóðir, meðan þær væru að breyta til um fiskveiðar sínar. En það á ekkert skylt við það að lýsa yfir 12 mílum, eins og við höfum gert, færa fram þau rök á alþjóðavettvangi, að okkur sé lífsnauðsyn að fá þetta, fullyrða í bókum og á alþjóðafundum, að við munum aldrei hvika frá þessari ákvörðun um eitt skref, aldrei gefa neitt eftir, vegna þess að þetta sé okkur lífsnauðsyn, og síðan einn góðan veðurdag, þegar yfirlýsingar okkar eru búnar að sannfæra umheiminn að verulegu leyti, eins og ég fullyrði að er búið, þá eigum við allt í einu að fara að semja við þjóðir, semja um afslátt í málinu og það við þá þjóð, sem verst hefur komið fram. Við höfum kynnt málstað okkar mjög rækilega að ýmsu leyti. Það hafa verið gefnar út fjórar bækur, sem hafa verið smærri og stærri, um rétt okkar til 12 mílna landhelgi, um lífsnauðsyn okkar að vernda fiskimiðin, og þetta væri það lágmark, sem við þyrftum þegar í stað, og enn fremur um það, eins og ég sagði áðan, að aldrei yrði frá þessu slakað.

Ég vil ekki og hef ekki notað nein stóryrði í þessu máli. En ef það er rétt, að það verði litið á það sem lítilmennsku, dæmið, sem ég tók áðan af húseiganda, að láta berja á sér fyrir utan húsdyrnar, þangað til hann leigði herbergi eða lánaði fyrir ekki neitt í húsi sínu, — ef það yrði talin lítilmennska, sem ég býst nú við að yrði talið af flestum, þá er það alveg hliðstætt lítilmennska í mínum augum, — ég vil ekki hafa of stór orð, — að láta eina þjóð, sem verst kemur fram af öllum þjóðum í landhelgismálinu, berja sig til hlýðni. Ég skal segja ykkur, að það er ekki hægt að semja við þjóð, sem hagar sér svona, og það gerir engin þjóð með sæmdartilfinningu, Nú er alltaf verið að hóta. Í blöðunum í dag og í gær er sagt, að togaraeigendur í Bretlandi, ég veit ekki, hvaða samtök það eru, hafi beitt sér fyrir að loka fyrir fisk, þangað til deilan leystist. Það er alltaf verið að setja þessa sömu skrúfu á. En ég álít, að það megi kaupa það nokkru verði og kaupa það nokkrum óþægindum að gera ekki

sjálfan sig að lítilmenni eða þjóð sína að lítilmenni í eigin augum.

Ég held, að íslenzka þjóðin finni það til, að ef þetta er gert fyrir hennar hönd, þá finni hún sig lítillækkaða, og ég er ekki í neinum vafa um það, að eftir þær yfirlýsingar og eftir þá skeleggu baráttu, sem háð hefur verið á alþjóðavettvangi í þessu máli, þá verður litið á þetta af öðrum þjóðum þannig, að það verður fyrir okkur, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni, stórfelldur álitshnekkir. Það er sagt, að það eigi að afstýra hættum með þessu. Því halda báðir hæstv. ráðherrar fram, bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. Það hefur verið bent á það, að þetta hafa hingað til ekki þótt rök í málinu. En ég segi nú fyrir mig, að ég hef, — ég vil ekki segja aldrei, — ég hef sjaldan talið hættu afstýrt með því að beygja sig fyrir þeim, sem ber á manni. Það geta kannske einhverjir aðrir nefnt dæmi þess að afstýra hættu með að glúpna fyrir þeim, sem beita menn ofbeldi, hvort sem það er þjóð eða einstaklingur, en ég hygg, að hitt sé algengara, að það afstýri ekki hættunni, heldur kalli á meiri hættu. Og ef gengið er inn á þessi rök, að vegna þess að ein þjóð ber á okkur og sýnir okkur ofbeldi, jafnvel þó að við séum búnir að sigra í málinu og hún að gefast upp við ofbeldið, þá þurfum við að kaupa okkur frið, — hvar enda þau rök? Við skulum hugsa okkur, að þeim þjóðum sem hafa ekki sýnt okkur neitt ofbeldi, heldur sýnt okkur fullkomna tillitssemi, er vissulega bent á leiðina, sem á að fara gagnvart Íslendingum, ef á að ná við þá góðum samningum. Hvers vegna skyldu ekki þær þjóðir, sem hafa sýnt okkur tillitssemi hingað til og sjá það, að við semjum og gefum ívilnanir þeirri einu þjóð, sem hefur sýnt okkur ofbeldi og vanvirt okkar löggæzlu, að ekki sé meira sagt, að við sýnum henni þá sérstöku tillitssemi að veita henni sérréttindi fram yfir allar aðrar þjóðir, — hver ábyrgist það, þegar búið er að gefa ávísun á okkar stjórn á þennan hátt, að það komi ekki eitthvað af þessum þjóðum og segi: Við ætlum að fiska hérna, — leiti ekki eftir samkomulagi endilega og segist vilja fá beztukjarasamninga, heldur segi: Við ætlum að fiska hérna — og sendi nokkur herskip? Hver ábyrgist það? Og þegar tíminn er útrunninn, hvað verður þá? Þegar þessi 3 ár eða hvað það nú er, sem talað er um, er útrunnið og þeir eiga að fara út fyrir landhelgina, hvað verður þá? Við höfðum samning frá 1901. Hann var uppsegjanlegur, ég man ekki, hvort það var með eins eða tveggja ára fyrirvara. Bretar höfðu leyfi til að fiska hér upp að 3 sjómílum, og við höfðum sagt þeim samningi upp. Það heyrist varla minnzt á þennan samning og að honum hafi verið sagt upp. En sleppum því. Eru menn alveg vissir um það, þegar við erum svo tilleiðanlegir að láta undan valdinu, að það verði ekki beitt valdi aftur eftir 3 ár eða 4 ár, þegar samningurinn er útrunninn, að það verði ekki settar á sömu þumalskrúfurnar aftur með markaðinn, að það verði ekki sagt: „Nú hafið þið svo miklu betri aðstöðu til þess að fiska heldur en þið hafið haft áður og við verri," eins og þeir hafa verið að tæpa á við sumar þjóðir, „að við getum ekki keypt af ykkur neinn fisk, þið landið ekki hérna einum einasta ugga" o. s. frv.? Hættan er alltaf sú, að þeir, sem slá undan ofbeldinu, fái ofbeldismennina yfir sig aftur hvað eftir annað. Það er reynslan, og gæti ég trúað, að eins gæti skeð í þessu máli, þannig að hættunni sé ekki afstýrt með því að láta undan ofbeldinu, heldur kallað á hana, kannske úr fleiri áttum.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns og þegar ég svaraði hæstv. dómsmrh., þá er þetta raunverulega, eins og hann sagði líka sjálfur, búið mál. Það er búið mál, vegna þess að Bretar eru af þeim ástæðum, sem ég rakti í seinustu ræðu minni og lauslega nú í upphafi ræðu minnar, þeir eru að gefast upp við að fiska á þann hátt, sem þeir hafa gert, og þeir eru enn fremur að gefast upp vegna þess, að eftir Genfarráðstefnuna telja þeir sér þessa styrjöld hér við Ísland álitshnekki. Og það skyldi nú ekki vera það, sem hæstv. dómsmrh. á við, þegar hann segir, að Bretar vilji fá þetta mál úr sögunni af öðrum ástæðum og vegna hagsmuna, sem eru meira virði að þeirra áliti heldur en fiskveiðideilan? Þeir eru að verða og hafa þegar orðið sér til minnkunar í þessari deilu. Það fer ekki fram hjá veröldinni, að hver þjóð eftir aðra hefur fært út, þar sem Bretar hafa hagsmuni, m. a. Kínverjar, — og hvað gera þeir þar? Meira að segja brezk blöð gera gys að Bretum og segja: Hvers vegna sýnið þið ekki skörungsskap gagnvart Kínverjum, þegar menn í Hongkong, — eða hvar það nú er, — sjómenn, sem þið eigið að gæta hagsmuna fyrir, ganga atvinnulausir og hálfsvelta? Hvers vegna setjið þið ykkur ekki upp á háan hest og neitið því að viðurkenna 12 mílna landhelgi hjá Kínverjum? Þannig hefur verið spurt um fleiri þjóðir. En við erum eina þjóðin í veröldinni, að því er ég veit, af yfir 30 núna, sem höfum 12 mílna landhelgi, höfum mesta nauðsyn fyrir hana af öllum þjóðum í veröldinni, það er viðurkennt, en erum eina þjóðin, sem er beitt ofbeldi og það af okkar eigin sambandsþjóð. Haldið þið, að þetta fari fram hjá veröldinni? Og þar sem allar þjóðir hafa varið átölulaust sínar 12 mílur, þá tel ég enga goðgá samþykktir sjómannanna á Akranesi og víðar um land, sem hafa krafizt þess, að fyrst við höfum hervernd, þá verði þess krafizt af bandaríska hernum eða þeim, sem honum ráða, að þeir verji íslenzku landhelgina fyrir þessum ágangi, eins og aðrar þjóðir hafa varið undantekningarlaust sína landhelgi, þar sem það sýnir sig, að við erum sjálfir ekki þess megnugir vegna fámennis.

Ég skal ekki fjölyrða miklu meira um þetta mál. En það var eitt atriði, sem hæstv. utanrrh. minntist á, og það var tillaga okkar í Genf um sérréttindi okkar til þess að fá að fiska á vissum svæðum utan 12 mílna landhelgi, ef sérstakar aðstæður eru til staðar að áliti vísindamanna. Þessa tillögu fluttum við 1958 og endurfluttum hana núna í ár. Ég minntist á það, að tillögur hefðu komið fram um lögsöguna utan 12 mílna. Það er nefnilega að koma í ljós og er aðkallandi mál, sem verður ekki gengið fram hjá til lengdar, eins og allir menn sjá, sem hugleiða það, að utan 12 mílna er ekki hægt að komast hjá að setja reglur. Það er ekki hægt að halda því áfram að fiska með netum og með línu, með botn-

vörpu og með dragnót á sömu svæðunum án þess að eyðileggja stórkostlega hver fyrir öðrum. Og þessi eyðilegging verður meira og meira áberandi, eftir því sem þrengir að á höfunum, og allir eru sammála um það, þó að ekki sé búið að finna leið til þess, að á þessu verði að ráða bót, og hefur lítillega verið gert með sérsamningum.

Hæstv. utanrrh. sagði, að till. okkar um þetta efni, sem við stungum upp á að yrði flutt á þinginu, hefði ekki fengið neinar undirtektir hjá þeim nefndum, sem till. hefði verið rædd við. Þetta er hálfur sannleikur. Þeir, sem þetta var rætt við, svöruðu því flestir, að ráðstefnan í Genf 1960 væri fyrst og fremst til þess að ákveða 12 mílna takmörkin — eða ekki tólf mílna takmörkin — og töldu þeir, sem voru málinu vinveittastir, að það væri mjög vafasamt að blanda öðrum málum um fiskveiðiréttindi utan 12 mílna landhelginnar inn í ráðstefnuna, vegna þess að það væri rétt að snúa sér núna af alhug að því, hvernig ákvarðanir yrðu teknar um 12 mílna landhelgina. En það er enginn efi á því, að þetta mál hlýtur samkv. eðli málsins, eins og ég sýndi fram á og hver maður sér, að koma til athugunar, og það er náttúrlega ekkert launungarmál, að ef strandríki fá lögsögu á ákveðnum svæðum utan 12 mílna landhelgi og rétt til þess undir vissum kringumstæðum að ákveða, hvaða veiðarfæri eru notuð, þá eru það stórfelld forréttindi fyrir strandríkin.

Nei, það, sem við þurfum að gera í landhelgismálinu, er ekki að slá undan eða semja. Við erum búnir, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, að vinna okkar 12 mílur, og við þurfum að snúa okkur að öðru, enda kemur þetta greinilega fram í þáltill. um landhelgismálið frá 5. maí 1959. Þar er tekið fram, að við eigum ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi í fyrsta lagi. Í annan stað, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslendinga til landgrunnsins alls, svo sem stefnt er að með lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið. Vitanlega er hér átt við, að ekki komi til mála viðkomandi 12 mílum heldur tímabundin undantekning. En ég vitna í þessa ályktun vegna þess, að hæstv. ríkisstj. segist vera að framkvæma þessa ályktun frá 5. maí 1959, og ef hún er að framkvæma ályktunina, getur hún ekki verið að ræða um 12 mílurnar og undantekningu frá 12 mílna reglunni, vegna þess að það er harðbannað í ályktuninni, eins og ég las: „ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.“ Samningur eða undanþága til Breta eða annarra þjóða um það, að þeir megi fiska upp að einhverju vissu marki fyrir innan 12 mílur, er vitanlega ekkert annað en frestun á því að fá 12 mílurnar viðurkenndar. En það er annað, sem lagt er sérstaklega fyrir ríkisstj. Henni ber að afla viðurkenningar á rétti okkar Íslendinga til landgrunnsins. Og þá kemur spurningin um þetta, — það er sagt, að Bretar hafi sérstaklega sótzt eftir þessum samtölum, hvað eftir annað tekið fram: Er það þá tilfellið, að Bretar séu svona ólmir í það að fá að viðurkenna hjá okkur landgrunnið, að þeir vilja tala við okkur? Það kemur greinilega fram, að það eru Bretar, sem hafa sérstaklega sótzt eftir því að taka upp þessi samtöl. Og það kemur greinilega fram í þingsályktuninni, að það, sem á að vinna að, er að afla viðurkenningar fyrir friðun landgrunnsins.

Nei, ég held, að við ættum að reyna að vera sammála um það, að við erum búnir að vinna okkar sigur í 12 mílna stríðinu. Við eigum að halda okkur við þær meginstefnur, sem við höfum fylgt í tíu ár og verið sammála um í tíu ár í þessari landhelgisdeilu, það er eina leiðin til þess, að þjóðin geti staðið saman í málinu. Og við eigum, jafnhliða því sem við stöndum saman um þessar meginreglur, sem ég hef sýnt fram á að hefur verið fylgt, vegna þess að þær eru eðlilegar og nauðsynlegar sem skynsamlegar bardagaaðferðir í málinu og að víkja frá þeim er þess vegna óskynsamlegt, — við eigum að halda okkur að þessum vinnubrögðum, og eins og kemur fram í till. frá 5. maí 1959, eigum við að snúa okkur að því að byrja kynningu á nauðsyn okkar á landgrunninu öllu og baráttu okkar fyrir því. Það er sú stefna, sem Alþ. hefur markað með þessari þál. frá 5. maí 1959, og það er það, sem við alþm. ættum að vera sammála um að taka upp sem meginbaráttumál í landhelgismálinu. Ég er ekki í neinum vafa um það, að ef við gerum þetta, þá stendur öll þjóðin að baki okkar í því máli, öll undantekningarlítið eða undantekningarlaust.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Ed., 8. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar 1. flm. þessa frv. lagði það hér fyrir hv. d., ræddi hann eingöngu efni frv. sjálfs, og var bersýnilegt af hans málflutningi, að tilgangur hans var sá að halda sér innan þess ramma, sem frv. sjálft markaði, en stofna ekki að fyrra bragði til almennra umr. um landhelgismálið í heild.

2. flm. frv. fór hins vegar á annan veg að, eins og ég hef áður vikið að. Hann ræddi frv. lítið sem ekki neitt, en hóf hins vegar miklar ásakanir á ríkisstj. í sambandi við meðferð landhelgismálsins. Ég tel það að visu illa farið, að nú skuli hafa verið stofnað til illdeilna og átaka um landhelgismálið á Alþ., vegna þess að við Íslendingar þurfum á því að halda frekar en flestu öðru að geta staðið saman í þessu máli, en vera ekki að vekja sundrung og átök. En með því að bæði 2. flm. frv. og síðar 1. flm. þess í síðari ræðum sínum hafa deilt á ríkisstj. fyrir meðferð hennar í málinu, þá sá ég mér ekki annað fært en víkja nokkuð að þeim einstöku atriðum, sem hér hefur verið drepið á í sambandi við landhelgismálið í heild.

Ég vil fyrst rétt aðeins minna á, að í framræðu minni tók ég fram, að hv. 5. þm. Reykn. (FRV) hefði í ýmsu haft rangt eftir mér í framræðu sinni varðandi yfirlýsingar mínar á fundum utanrmn. Ég gat þess, að ég ætlaði ekki að fara að tína hér upp nein einstök atriði, en vék aðeins að einu sem dæmi. Ég tók það sérstaklega fram, að það væri algerlega rangt eftir mér haft hjá þessum hv. þm., að ég hefði í utanrmn.

lofað því, að málið skyldi borið undir n., áður en viðræður við Breta væru teknar upp.

Hv. 5. þm. Reykn. reyndi í ræðu sinni á föstudaginn að færa rök fyrir þeim orðum, sem hann þóttist eftir mér hafa á fundum utanrmn., en það er athyglisvert, að í öllum þeim upplestri, sem hann hér viðhafði, fann hann ekki ein einustu ummæli frá mér, þar sem því var lofað, sem hann hafði haldið fram í sinni fyrstu ræðu að ég hefði lofað á fundum n., enda er slíkt ekki hægt, því að ég hafði ekkert það fyrirheit gefið, sem þessi hv. þm. hefur viljað upp á mig herma. Það má segja, að það sé lofsvert, að þessi hv. þm. reynir ekki lengur að halda þessum röngu fullyrðingum sínum fram. Hins vegar verð ég að segja, að mér þykir dálítið hvimleitt að sjá það í blaði hans í morgun, Þjóðviljanum, að þá er enn verið að halda á lofti röngum fullyrðingum, í sambandi við fyrirheit af hálfu ríkisstj. um samráð við Alþ. og utanrmn. að því er meðferð landhelgismálsins varðar. Í þessari grein Þjóðviljans er að vísu ekki rangt haft eftir mér, heldur hæstv. forsrh. Þjóðviljinn hermir í morgun, að forsrh. hafi við þingsetningu heitið því, að fullt samráð skyldi haft við Alþ. um allt það, sem gerðist í landhelgismálinu, að því er varðar viðræðurnar við Breta. Þingtíðindanna vegna þykir mér rétt að vekja athygli á því, að hér er algerlega rangt eftir forsrh. haft. Hann sagði það eitt, að málið mundi borið undir Alþ., áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Það er mjög leitt og ósæmilegt af stjórnarandstöðunni í þessu máli að vera hvað eftir annað að gera sér leik að því að gera ríkisstj. og einstökum ráðh. upp orð og loforð í sambandi við þetta mál, sem eiga sér ekki nein rök í veruleikanum. Læt ég svo útrætt um þetta.

Mikill hluti af ræðum þeirra stjórnarandstæðinga, sem í þessu máli hafa talað, hefur snúizt um það að deila á ríkisstj. fyrir að hafa tekið upp viðræður við Breta um lausn landhelgismálsins við þá, og hafa þeir fullyrt, stjórnarandstæðingar, að með þessu hafi ríkisstj. brotið „prinsip" allra ríkisstjórna um a. m. k. 10 ára skeið og allra stjórnmálaflokka á Íslandi síðan 1948. Hv. 5. þm. Reykn. komst svo að orði, að það hefði verið „prinsip" allra ríkisstjórna á Íslandi að ræða ekki við Breta um víðáttu íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Hann sagði, að meginstefna okkar í þessum málum sé sú að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með einhliða ákvörðunum, en ekki samningum eða viðræðum við aðrar þjóðir. Hann sagði enn fremur: Þetta er og hefur verið stefna Alþingis og allra flokka á Alþingi.

Hv. 2. þm. Vestf. tók mjög í sama streng. Hann komst svo að orði, að tvennt hafi verið óhagganlegt í landhelgismálum Íslendinga undanfarin 10 ár: í fyrsta lagi að semja ekki við aðrar þjóðir um, hvenær við færðum út fiskveiðilandhelgina eða hvað mikið, og í öðru lagi að víkja ekki frá teknum ákvörðunum um útfærsluna. Á sama hátt voru fleiri ummæli þessara tveggja hv. þm. um þetta atriði. Mér þykir nú rétt að rekja nokkuð í stórum dráttum, á hvaða rökum þessi og önnur slík ummæli eru reist.

Það liggja fyrir ótal skjöl og gögn í málinu, sem hægt er að styðjast við til þess að kryfja til mergjar, með hverjum hætti á landhelgismálinu hefur verið haldið á undanförnum áratug, að því er þetta atriði varðar. Ég vil fyrst aðeins minna á, að þegar verið var að undirbúa afgreiðslu landgrunnslaganna á Alþingi 1948, var það mál að sjálfsögðu rætt í utanrmn. Í 1. gr. landgrunnslagafrv. er sjútvmrn. heimilað að ákveða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan takmarka landgrunnsins með reglugerð. Við umr. í utanrmn. kom það greinilega fram, að þarna var um „prinsip" að ræða, „prinsip", sem heimilaði ríkisstjórnum að færa út með einfaldri reglugerð allt að endimörkum landgrunnsins. En það var þá skoðun allra þeirra, sem um frv. fjölluðu í utanrmn., að áður en í nokkra útfærslu yrði ráðizt samkv. landgrunnsl., þá yrði að athuga vel, hverjar undirtektir annarra þjóða yrðu undir slíka útfærslu. Fulltrúi kommúnista í n., Einar Olgeirsson, sagði á nefndarfundi 9. marz 1948 og lét bóka eftir sér, að það hefði alltaf verið litið svo á í utanrmn., að í frv. væri fólgin yfirlýsing um yfirráðarétt Íslendinga yfir landgrunninu. Hefði þá jafnframt verið gert ráð fyrir því, að athuga þyrfti undirtektir annarra ríkja, áður en frekari ráðstafanir væru gerðar. Það liggur sem sagt fyrir í utanrmn. yfirlýsing frá fulltrúa kommúnistaflokksins um það, að hann og hans flokkur séu samþykkir landgrunnsl. með því fororði og á grundvelli þess, að ekki verði ráðizt í útfærslu fiskveiðitakmarkanna án þess, að athugað sé áður, hverjar undirtektir annarra ríkja væru undir útfærsluna hverju sinni. Á þessum forsendum samþykkir fulltrúi kommúnistaflokksins landgrunnslögin og lýsir því yfir og lætur bóka eftir sér í utanrmn. Síðan kemur þm. þessa sama flokks 12 árum síðar hér á Alþ., hv. 5. þm. Reykn., og segir: Það hefur alla tíð verið „prinsip" allra stjórnmálaflokka á Íslandi að ræða ekki við aðrar þjóðir um ákvarðanir í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar. — Hann sem sagt snýr gersamlega við því, sem fulltrúi hans eigin flokks hafði gert að forsendu fyrir samþykki sínu við landgrunnslögin 1948. Þetta getur kallazt að snúa málunum við í heldur myndarlegum mæli. Og sannleikurinn er sá, að í framkvæmd hefur þessari grundvallarkenningu að ráðfæra sig við aðrar þjóðir, áður en í útfærslu væri farið, verið fylgt í hvert einasta skipti, sem til útfærslu á fiskveiðilögsögunni hefur komið.

Ég minnti á það í minni fyrri ræðu, að þegar ráðizt var í útfærsluna 1952, hafi þessu „prinsipi" verið fylgt. Ríkisstj. gaf út hvíta bók 1954 um útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1952. Í þessari hvítu bók er birt bréf, sem hæstv. utanrrh. 1952 ritaði sendiherra Breta í Reykjavík út af útfærslunni. Í þessu bréfi tekur utanrrh. mjög vel og skilmerkilega fram, að áður en ráðizt var í útfærsluna 1952 og gengið var frá reglugerð þar um, hafi forsrh., Ólafur Thors, farið til London til þess að ræða við brezku ríkisstj., láta hana vita, hvað væri að gerast á Íslandi, og kynna henni afstöðu okkar og undirbúning útfærslunnar. Í þessu bréfi er lögð alveg sérstök áherzla á, að um það sé ekki að villast, að viðræður hafi átt sér stað á milli ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bretlands, áður en reglugerðin um útfærsluna var gefin út. Það þýðir ekki neitt fyrir hv. stjórn-

arandstæðinga að ætla sér að reyna að komast fram hjá þessu. Það liggur fyrir skýrt og ótvírætt og skjallega sannað, að stefnunni frá 1948, þegar landgrunnslögin voru sett, um að ræða við aðrar þjóðir, áður en í útfærslu væri farið, var fylgt árið 1952.

Nákvæmlega hið sama á sér stað árið 1958, áður en farið er í útfærsluna þá, en þó bara í miklu ríkari og fullkomnari mæli en 1952. Við tókum árið 1958 ekki upp viðræður við einstök ríki, við ríkisstj. einstakra ríkja út af fyrir sig. Við tókum málið upp innan Atlantshafsbandalagsins, og til þess lágu tvær ástæður. Í fyrsta lagi bar okkur samningsleg skylda til þess gagnvart bandalaginu að ræða málið innan þess, og í öðru lagi var þetta hinn ákjósanlegasti vettvangur, sem var hægt að fá, vegna þess að innan Atlantshafsbandalagsins voru einmitt öll þau ríki saman komin, sem höfðu gagnstæðra hagsmuna að gæta við Ísland. Það var því mjög eðlilegt og heppilegt, að viðræðurnar skyldu teknar upp einmitt innan Atlantshafsbandalagsins og að hægt skyldi á þeim vettvangi að fullnægja því „prinsipi", sem slegið var föstu 1948, sem sagt að ræða við aðrar þjóðir, áður en í útfærslu var farið.

Viðræðurnar innan Atlantshafsbandalagsins stóðu frá því í byrjun maí 1958 og fram í september 1958. Það var allt gert, sem hægt var, af okkar hálfu til þess að fá bandalagsþjóðir okkar til að fallast á fyrirætlanir okkar um útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Og þó að þessar viðræður hafi ekki borið þann árangur, að þær viðurkenndu allar okkar útfærslur, þá báru þær samt mjög þýðingarmikinn árangur. Það var vitað, að margar bandalagsþjóðir okkar hugsuðu sér að halda áfram að veiða við Ísland með sína togara innan 12 mílnanna, eftir að útfærslan gengi í garð, hvað sem við segðum og hvert sem við færum. Viðræðurnar innan Atlantshafsbandalagsins leiddu til þess, að Bretar urðu einir um þetta, en aðrir drógu sig til baka.

En meðferð málsins innan Atlantshafsbandalagsins sumarið 1958 var ekki eingöngu viðræður og ekkert annað, heldur var það miklu meira. Það fóru tillögur á milli ríkisstjórnar Íslands og Atlantshafsbandalagsins um lausn á þessu vandamáli. Ég minnti á það í minni fyrri ræðu, að ríkisstj. Íslands hafi í maímánuði sent tilboð til Atlantshafsbandalagsins um lausn á ágreiningnum út af fiskveiðilögsögunni. Að þessu tilboði stóðu Framsfl. og Alþfl., og ég efast ekki um, að Sjálfstfl. hafi einnig verið þessu samþykkur. Þetta símskeyti var sent til Atlantshafsbandalagsins frá ríkisstj. Íslands 18. maí 1958. Í þessu skeyti býður íslenzka ríkisstj., að ef bandalagsríki okkar vilji viðurkenna þegar í stað 12 mílurnar, vilji viðurkenna vissar grunnlinubreytingar gegn því að fá um nokkurra ára skeið að veiða takmarkað á seinni 6 mílunum, þá sé ríkisstj. reiðubúin til að taka málið upp til endurskoðunar og athugunar á þeim grundvelli. Og það var látið fylgja með, að þessi orð okkar þýddu það, að ef Atlantshafsbandalagsríkin vildu á þetta fallast, þá mundi ríkisstj. beita sér fyrir því, að inn á þetta yrði gengið hér heima líka. Þarna bjóðum við beinlínis upp á að gera samkomulag um það við bandalagsríki okkar að haga ákvörðunum okkar í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar með vissum hætti, sem þau geti fallizt á, ef þau vilji viðurkenna aðgerðir okkar. Við bjóðum þeim þarna að láta aðeins koma til framkvæmda strax 6 mílurnar fyrri, en seinni 6 mílurnar ekki nema að takmörkuðu leyti fyrr en eftir nokkur ár.

Þegar maður lítur á þetta tilboð, sem þarna er gert um lausn á málinu, þá furðar mann að heyra hv. 2. þm. Vestf. segja, að það hafi verið alveg ófrávíkjanlegt „prinsip", að við semdum ekki um það við aðrar þjóðir, hvenær við færðum út fiskveiðilandhelgina og hve mikið, eftir að hann sjálfur hefur átt aðild að því að bjóða bandalagsríkjum okkar í Atlantshafsbandalaginu að haga framkvæmd okkar í landhelgismálinu þannig, að þær geti sætt sig við, ef þær vilji viðurkenna aðgerðir okkar. Það liggur því svo greinilega fyrir sem frekast má vera, að þarna er ekki aðeins rætt við aðrar þjóðir um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, heldur er einnig boðið upp á samkomulag, bæði að því er víðáttu útfærslunnar varðar og einnig að því er tímamark varðar. En þessu okkar tilboði var hafnað. Bandalagsríkin voru á þessu stigi málsins ekki við því búin að viðurkenna 12 mílurnar, jafnvel þó að þessi fríðindi kæmu á móti.

En málinu var ekki lokið innan Atlantshafsbandalagsins með þessu. Reglugerðin um útfærslu fiskveiðilögsögunnar var að vísu gefin út 30. júní, en umr. innan Atlantshafsbandalagsins til lausnar á málinu héldu engu að síður áfram. Þann 13. ágúst leiddu þessar umr. til þess, að ríkisstj. barst uppástunga um lausn á fiskveiðideilunni frá Atlantshafsbandalaginu. Uppástungan var þess eðlis, að bandalagsþjóðir okkar vildu á það fallast, að landgrunnið sunnan Reykjaness og út af Vestfjörðum skyldi friðað fyrir botnvörpuveiðum, en útfærslan kringum landið skyldi ekki fara fram þegar í stað. Það kom fram af þessu tilboði og öðrum upplýsingum, sem við fengum í sambandi við það, að hér var ekki um endanlegt tilboð að ræða, heldur aðeins um umræðugrundvöll, og var óskað eftir því, að frá okkur kæmi gagntilboð í þessu efni. Þetta mál var rætt á milli Alþfl. og Framsfl. og við Sjálfstfl. Niðurstaðan varð sú, að það þótti ekki aðgengilegt að *víkja landhelgismálinu úr þeim farvegi, sem því* hafði verið veitt inn í með ákvörðuninni um 12 mílurnar, og þess vegna var því slegið föstu, að þessu tilboði skyldi hafnað og að ekki skyldi gert annað tilboð á sama grundvelli. En þegar við vorum að athuga þetta tilboð og ganga frá svarinu, þá lýsti Framsfl. því yfir, að hann væri reiðubúinn að fallast á þá lausn landhelgismálsins, að ef bandalag okkar vildi fallast á 12 mílna landhelgina, þá megi þeir fiska á seinni 6 mílunum næstu 3 árin, enda verði grunnlínum yfir Húnaflóa og fyrir austan Langanes og á einum stað við Suðausturlandið breytt. Það var till. Framsfl., að þessu tilboði Atlantshafsbandalagsins yrði svarað með því að hafna lausn málsins á þeim grundvelli, en minna á okkar fyrra tilboð í því formi, sem ég nú hef lesið upp, og bjóða fram lausn málsins á **þeim grundvelli. Sjálfstfl.** fylgdist með þessum umr., og ég hef ekki ástæðu

til að efast um, er miklu frekar sannfærður um, að hann var þessu einnig samþykkur. Þetta varð til þess, að við ákváðum, Alþfl. og Framsfl., í samráði við Sjálfstfl. hinn 20. ágúst 1958 að senda Atlantshafsbandalaginu svo hljóðandi svarskeyti við þessu tilboði, með leyfi hæstv. forseta:

„Höfum athugað fram komna tillögu um lausn landhelgismálsins og getum ekki fallizt á hana og ekki borið fram neinar tillögur til lausnar málinu á þessum grundvelli, en minnum á okkar fyrri tillögu um viðurkenningu á 12 mílum gegn því, að erlendir veiði á seinni 6 mílunum um takmarkaðan tíma, enda verði grunnlínum breytt."

Þarna standa Alþfl. og Framsfl. ásamt Sjálfstfl. að því þann 22. ágúst 1958 að bjóða það til samkomulags við Atlantshafsbandalagið, að ef þjóðir þess vilji viðurkenna 12 mílurnar og fallast á vissar grunnlínubreytingar, þá séum við reiðubúnir til þess að heimila þeim að veiða á seinni 6 mílunum kringum allt landið um takmarkaðan tíma. Þetta tilboð, sem hér liggur fyrir, þarf engrar skýringar við. Reglugerðin hafði verið gefin út 30. júní. Þrátt fyrir það standa þessir þrír stjórnmálaflokkar að því að gera bandamönnum sínum tilboð um að hnika um takmarkaðan tíma til á 12 mílunum, ef þeir vilji veita viðurkenningu fyrir þeim. Þegar maður lítur á þessa staðreynd, er enn furðulegra að heyra hv. 2. þm. Vestf. fullyrða hér í hv. d., að það hafi verið óhagganlegt í landhelgismáli Íslendinga undanfarandi tíu ár í fyrsta lagi að semja ekki við aðrar þjóðir um, hvenær við færðum út fiskveiðilandhelgina eða hve mikið, og víkja ekki frá teknum ákvörðunum um útfærsluna, — hann, sem sjálfur hefur boðið að víkja frá settri reglugerð, hann, sem sjálfur hefur boðið að hnika til um framkvæmdatíma á seinni 6 mílunum.

Ég held, að ég þurfi ekki að færa frekari rök fyrir því og leggja fram frekari gögn fyrir því, að það, sem hv. stjórnarandstaða hefur haldið hér fram um prinsipbrot af hálfu núv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, er hið mesta öfugmæli. Það, sem núv. ríkisstj. er að gera og hefur gert, er ekkert annað en að fylgja eftir þeirri línu, sem farið hefur verið eftir, frá því fyrst var verið að ganga frá setningu landgrunnslaganna. Þau voru, eins og ég sagði áðan, byggð á því „prinsipi", að rætt yrði við aðrar þjóðir, áður en farið yrði í útfærsluna, og þessu hefur verið vel og dyggilega fylgt eftir af þeim ríkisstj., sem með málið hafa farið alla tíð síðan.

Ég furða mig að vísu ekki svo mikið á því, að flokkur hv. 5. þm. Reykn. hefur skipt um skoðun á því, hversu á landhelgismálinu skuli halda. Þegar landgrunnslögin voru sett á sínum tíma, var það áreiðanlega einlægur vilji allra stjórnmálaflokka á Alþ. að reyna að halda þannig á landhelgismálinu, að við fengjum út úr því sem allra mesta útfærslu, sem mesta vernd fyrir okkar fiskimið, og gera það með þeim hætti, að við kæmumst sem vandaminnst út úr því við aðrar þjóðir. En Atlantshafsbandalagið var ekki til í þá daga. Það kann vel að vera, að eftir að það bandalag varð til, sé það e. t. v. nokkru ríkara í huga hv. 5. þm. Reykn. að halda þannig á landhelgismálinu, að sem mestir árekstrar fáist út úr því við þessar bandalagsþjóðir okkar. Hugsunin um það að vinna málinu sem mest gagn án þess að skapa þjóðinni of mikla erfiðleika virðist eftir tilkomu Atlantshafsbandalagsins hafa orðið að víkja í huga þeirra Alþb.-manna fyrir áhuganum á illdeilum og árekstrum.

En á afstöðu hv. 2. þm. Vestf. furða ég mig mjög. Þegar hann sjálfur styður ríkisstj. og þegar hann sjálfur á sæti í ríkisstj., þá telur hann sjálfsagt að undirbúa og vinna að þessu máli með viðræðum við aðrar þjóðir. Hann telur sjálfsagt að gera öðrum þjóðum tilboð um lausn á málinu, til þess að Íslendingar fái sem mest út úr því á sem hagkvæmastan hátt. En þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu, þá eru það höfuðglæpir, þá er það reginhneyksli í íslenzkri stjórnmálasögu, að ríkisstj. skuli leyfa sér að reyna að gera það sama sem hann sjálfur gerði, meðan hann var ábyrgur stjórnarformaður. Það er þessi framkoma hjá hv. 2. þm. Vestf., sem mig furðar mjög.

Hv. 2. þm. Vestf. tíndi hér fram ýmis rök fyrir því, að við mættum ekki undir neinum kringumstæðum leysa málið með samkomulagi við þær þjóðir, sem hér hafa hagsmuna að gæta, sérstaklega ekki við Breta. Eitt af því, sem þessi hv. þm. minntist á, var, að ef við semdum einu sinni, þá yrði talið, að við gætum aldrei fært út síðar án þess að semja. Það, sem ríkisstj. er að gera nú með viðræðunum við Breta, er nákvæmlega það sama, eins og ég hef áður sagt, og þessi sami hv. þm. var að gera 1958. Er það virkilega svo, að hv. 2. þm. Vestf. hafi gengið til viðræðnanna við bandalagsþjóðir okkar 1958, hafi gert þeim okkar tilboð um lausn á málinu með það í huga, að ef samkomulag yrði á grundvelli þeirrar lausnar, þá værum við búnir að binda okkur svo, að við gætum aldrei hreyft okkur meira? Og ef þetta hefur ekki átt við 1958, þegar hv. þm. var í viðræðunum við Breta og okkar bandamenn, hvers vegna á það við nú? Hvers vegna er meiri hætta á því nú, 1960, heldur en var 1958, þegar þessi hv. þm. átti sjálfur aðild að ríkisstjórn? Þessi hv. þm. sagði líka, að ef við gæfum Bretum svæðis- og tímabundinn rétt á seinni 6 mílunum nú, væri eins víst, að þeir að þeim tíma liðnum fyndu upp nýjar leiðir í lok tímans til að neita að þola 12 mílurnar, — undanhald undan ofbeldinu þýðir meira ofbeldi heim. — Ég spyr hv. þm.: Hvers vegna á þetta við 1960, en ekki 1958, þegar hann sjálfur átti þátt í þessum viðræðum? Hvers vegna óttast þessi hv. þm. þetta svo mjög nú, en gerði það ekki þá?

Ein af veigamestu rökum hv. 2. þm. Vestf. að hans eigin dómi, — að hans eigin dómi, segi ég, í þessum umr., — voru þau, að það væri óþarfi að ræða þetta mál við Breta nú, því að við værum búnir að sigra í deilunni, Bretar væru búnir að gefast upp. Betra, að satt væri. En það er þó staðreynd, að frá 1. sept. 1958, að útfærslan gekk í gildi, hafa Bretar verið hér með togara sína og herskip innan 12 mílnanna og beitt okkur því ofbeldi, sem við öll þekkjum. Það varð hlé á þessu, rétt á meðan á Genfarráðstefnunni stóð, og rétt áður en þær viðræður, sem nú standa yfir við Breta, hófust, þá hættu þeir veiðum innan 12 mílnanna með yfirlýsingu um það, að þetta

hlé væri aðeins á meðan verið væri að sjá, hvort lausn fengist út úr viðræðunum. Því miður blasir það við, að ef ekki tekst að leysa deiluna eða eyða deilunni með þessum viðræðum, þá eigum við von á sama ofbeldinu og áður var. Og hvernig hefur hv. 2. þm. Vestf. lýst ástandinu á fiskimiðunum kringum Ísland innan 12 mílnanna á öðrum vettvangi? Hann hefur rætt um þetta ástand víðar en hér. Hann ræddi það í utanrmn., nokkru áður en viðræðurnar við Breta hófust, og hvað segir hann þar? Þar segir þessi hv. þm. og lætur bóka eftir sér, — hann tók fram, að undanfarnir atburðir sýndu, að Bretar væru að færa sig upp á skaftið í landhelgismálinu, enda væri senn þriggja mánaða frestur sá, sem brezkir togaraeigendur hefðu boðað að þeir mundu banna togurum sínum að veiða innan 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, útrunninn. Óskaði hann því, að ríkisstj. gæfi n. skýrslu um viðhorf hennar til málsins og hvaða mótaðgerðum gegn Bretum hún hygðist nú beita umfram venjuleg mótmæli. Þessi hv. þm., sem segir okkur hér í gær, að það sé óþarfi að ræða þetta mál við Breta, og við séum búnir að sigra í deilunni og Bretar séu búnir að gefast upp, hann hefur fyrir skömmu lýst því yfir í utanrmn., að Bretar séu að færa sig upp á skaftið, og spyr ríkisstj., hvaða úrræðum hún hafi nú í huga að beita, vegna þess að það, sem gert hefur verið hingað til, dugi ekki. Og þessi sami hv. þm. gerði svolítið meira í utanrmn. Hann segir síðar á þessum sama fundi: Væri það greinilegt nú, eftir að lokið væri alþjóðafundum um þessi mál, að Bretar væru að færa sig upp á skaftið hér við Ísland, og gæti slíkt endað með stórslysum. — Og síðan ber hann fram till., og till. er sú, að við snúum okkur til ríkisstjórnar Bandaríkjanna og biðjum hana um að koma með bandaríska flotann til þess að reka Breta burt úr íslenzkri fiskveiðilögsögu og vernda hana fyrir okkur. Maðurinn, sem segir okkur í gær, að deilunni sé lokið, það sé óþarfi að semja við Breta, því að við séum búnir að vinna, Bretar séu búnir að gefast upp, — hann hefur fyrir örskömmu sagt: Deilan hefur aldrei verið jafnhörð og erfið og nú, og hún er svo hörð og erfið, að við verðum að biðja bandaríska flotann um að koma inn í íslenzka fiskveiðilögsögu og vernda okkur fyrir þessum yfirgangi Breta. — Ég verð að segja það, að mig alveg furðar á, hvernig þessi hv. þm. getur talað. Ég hygg, að þess séu fá dæmi í þingsögunni, að það sé hægt að segja í svo ríkum mæli eitt í dag og annað á morgun, alveg eftir því, hvað passar í hvert skipti.

Ríkisstj. hefur að undanförnu kannað möguleikana á því að eyða landhelgisdeilunni við Breta. Í þessum viðræðum liggur alveg ljóst fyrir, að það er grundvallarskilyrði af okkar hálfu nú sem fyrr, að ekki getur leitt til neins samkomulags við okkur, nema því aðeins að fyrir liggi óafturkallanleg viðurkenning á okkar 12 mílum. Þegar séð verður, hvort líkur eru til að fá þessa viðurkenningu með þeim hætti, að ríkisstj. telji, að við sé hlítandi, þá verður málið lagt fyrir Alþingi, og það segir til um, hvað gera skuli. En eins og það var mat vinstri stjórnarinnar 1958, að nokkuð væri tilvinnandi til að fá þessa viðurkenningu, þá er það einnig mat núverandi ríkisstj., að það sé beinlínis skylda að freista þess með viðræðum, hvort ekki sé hægt að finna einhvern þann flöt, sem hægt sé að leysa málið á.

Við Íslendingar höfum háð alllanga baráttu og þó ekki svo ýkjalanga út af útfærslu okkar fiskveiðilögsögu. Okkur hefur orðið mjög mikið ágengt í þeim efnum, sérstaklega nú á seinustu tímum, og ég er alveg jafnsannfærður um það í dag og ég var 1958, að þó að við þyrftum að hnika eitthvað til á takmörkuðu svæði um takmarkaðan tíma innan 12 mílnanna, ef þær væru viðurkenndar, og annað kæmi í staðinn á móti, þá sé það atriði, sem við fullkomlega eigum að athuga og ekki kasta frá okkur, nema við séum alveg sannfærðir um, að hag okkar sé ekki bezt borgið með að ganga að því. Við megum í þessu sambandi vel minnast þess, að við höfum vissulega ríka ástæðu til að vera ánægðir og fagna þeim árangri, sem þegar hefur náðst í landhelgismálinu, og það jafnvel þó að eitthvað smávegis yrði að hnika til um takmarkaðan tíma. Mér finnst oft, þegar menn eru að ræða um landhelgismálið í heild, að þá geri þeir sér ákaflega litla grein fyrir því, hversu ör þróunin hefur orðið í þessum málum og hversu miklu lengra við erum komnir, jafnvel í dag, en við gerðum okkur vonir um að geta komizt fyrir örskömmum tíma. Mér finnst þessar staðreyndir svo athyglisverðar, að ég get ekki stillt mig um að rifja nokkuð upp þróun þessara mála.

Menn minnast þess, að þegar landgrunnslögin voru sett árið 1948, þá var litið á þau sem „prinsip"-yfirlýsingu. Þá voru menn á einu máli um það, að okkur skorti alþjóðlegan grundvöll til þess að færa fiskveiðilögsöguna út frá því, sem þá var. Þess vegna var ekki hafizt handa um útfærslu fiskveiðilögsögunnar strax. Árið 1952 gengur dómur í deilumáli Breta og Norðmanna í Haag. Þar fáum við fyrsta grundvöll á alþjóðlegum vettvangi til þess að ráðast í útfærslu fiskveiðilögsögunnar eftir setningu landgrunnslaganna, sem við teljum nokkru máli skipta. Og í þessa útfærslu er farið 1952. Þegar vinstri stjórnin er mynduð sumarið 1956, er það tekið upp í stefnuskrá ríkisstj. að vinna að útfærslu fiskveiðilögsögunnar. En sumarið 1956 er hugmyndin um það, hversu mikil útfærslan skuli verða, ekki orðin svo fastmótuð, að í stefnuyfirlýsingu eða stjórnarsamningi vinstri stjórnarinnar sé vikið einu orði að því, hversu mikil útfærslan skyldi verða. Það mál var óleyst og óráðið sumarið 1956, þegar vinstri stjórnin er mynduð. Um sama leyti skilar alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna áliti um viðáttu fiskveiðilögsögunnar og kemst að þeirri niðurstöðu, að fiskveiðilögsagan geti ekki verið meira en 12 mílur. Menn gerðu sér vonir um það, að þing Sameinuðu þjóðanna mundi í ársbyrjun 1957 setja um þetta fastar reglur, en það varð ekki, heldur var ákveðið að halda alþjóðaráðstefnu í Genf, eins og kunnugt er. En snemma á árinu 1957 fer vinstri stjórnin virkilega að athuga, hvaða möguleikar séu á útfærslu og hversu langt sé hægt að fara í þeim efnum, og einmitt þeir atburðir, sem gerast þarna innan vinstri stjórnarinnar, og hvernig þróunin verður í þessu máli, sýna mjög greinilega, hversu langt við höfum komizt á skömmum tíma og

lengra en jafnvel þeir í okkar hópi, sem bjartsýnastir voru, gerðu sér vonir um um þessar mundir.

Það var í febr. 1957, að sjútvmrh., sem þá var, Lúðvík Jósefsson, kallar saman ráðstefnu í Reykjavík með fulltrúum svo að segja af öllu landinu til þess að undirbúa aðgerðir um útfærslu fiskveiðilögsögu og ræða málið í heild. Það er þó tekið fram, að ekki sé ætlazt til þess, að þessi ráðstefna geri neinar till. Á þessari ráðstefnu er málið rætt fram og aftur, en engar till. koma fram í málinu um það, hversu mikið skuli fært út og hvenær útfærslan skuli hefjast.

Í aprílmánuði 1957 sendi sjútvmrh. ríkisstjórninni grg. um þessa ráðstefnu, og þá eru enn engar till. til um það, hversu mikið skuli færa út eða hvenær útfærslan skuli gerð.

Í júnímánuði, eða 21. júní 1957, sendir síðan sjútvmrh. Lúðvík Jósefsson ríkisstj. enn grg. um málið, og nú hefur hann tillögur um það, hversu mikið skuli fært út og hvenær skuli í útfærsluna ráðizt. Þetta er fyrsta till., sem til verður innan vinstri stjórnarinnar um það, hvernig skuli á þessu máli haldið.

Ég ætla ekki að rekja grg. fyrrv. sjútvmrh. til ríkisstj. um þetta atriði í einstökum atriðum, en ég vil aðeins lesa hér upp niðurstöðuna af hans grg., því að í niðurstöðunni setur hann fram till. sína um það, hvernig okkar fiskveiðilögsögu skuli breytt. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með sérstöku tilliti til þess, að umrædd alþjóðaráðstefna er fram undan um viðáttu landhelginnar, þá tel ég rétt að fara að þessu sinni þá leið, sem meðfylgjandi uppdráttur sýnir, en hún byggir á breyttri grunnlínu og tímabundinni útfærslu á 3 stöðum við landið. Með þessari leið breytum við ekki 4 mílna reglunni að þessu sinni, en náum hins vegar þeirri stækkun á friðunarsvæðinu, sem mestu máli skiptir."

Sem sagt, sumarið 1957, 21. júní, erum við ekki lengra komnir í okkar fiskveiðilögsögumáli en það, að till. sjútvmrh. er sú, að við hreyfum ekki við 4 mílunum, við látum 4 mílurnar út af fyrir sig standa óhaggaðar, við breytum nokkrum grunnlínum, fækkum grunnlínupunktum og friðum 3 svæði utan 4 mílnanna. Eitt af þessum svæðum var út af Faxaflóa, annað út af Vestfjörðum og þriðja út af Austfjörðum.

Þessi till. sjútvmrh. í júní 1957 sýnir mjög greinilega, hvar við erum staddir í landhelgismálinu þá. Þessari till. var illa tekið bæði af Framsfl. og Alþfl. Við bentum á, að þessi útfærsla væri gersamlega ófullnægjandi fyrir okkur og að hún mundi vekja svo miklar deilur á milli okkar og grannþjóða okkar, rétt áður en alþjóðaráðstefnan hæfist, að þær deilur mundu leiða til þess, að málstaður okkar á ráðstefnunni stórspilltist og miklu erfiðara yrði fyrir okkur að ráðast í útfærslu síðar.

Sjútvmrh. var ekki hrifinn af þessari röksemdaleiðslu Framsfl. og Alþfl. Hann lét kyrrt liggja um sinn. En það verður ekki sagt, að hann hafi fallizt á niðurstöður okkar, sem kom m. a. fram í því, að þann 15. okt. 1957 snýr þessi sami ráðh. sér til Sjálfstfl. Hann sendir Sjálfstfl. grg. um málið og leggur fyrir hann þá sömu till. sem hann hafði lagt fyrir okkur hina stjórnarfl. í ríkisstj., og hann endar hugleiðingar sínar í bréfi sínu með því að segja, — hann er svo ákveðinn í, að þessi till. sín sé sú eina rétta, að hann endar með því að segja, að ekki geti verið um ágreining að ræða um það, hvernig stækkunin eigi að vera, ágreiningurinn sé eingöngu um framkvæmdartímann, og ráðh. vill fá samkomulag við Sjálfstfl. um framkvæmdartímann.

Mér þykir rétt, til þess að orð mín verði ekki vefengd um þetta, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér tvær eða þrjár setningar úr niðurlagi bréfs sjútvmrh. frá 15. okt. 1957 til Sjálfstfl., eftir að hann hefur skýrt frá till. sinni:

„Ekki er líklegt, að teljandi ágreiningur þurfi að verða um, hvernig stækkunin á að vera. En augljóst er, að mismunandi skoðanir eru uppi um framkvæmdartímann. Ríkisstj. hefur nú leitað eftir samkomulagi við stjórnarandstöðuna um framkvæmdir í málinu og þá alveg sérstaklega um framkvæmdartímann. Ríkisstj. leggur áherzlu á að heyra álit stjórnarandstöðunnar um framkvæmdartímann, því að hún telur, að ákveða beri hann þannig, að allir flokkarnir geti staðið saman í málinu. Sjútvmrh. mun fallast á að ákveða framkvæmdartímann strax að Genfarfundinum loknum, ef það er nauðsynlegt til þess að skapa samstöðu allra flokka um málið."

Ég læt upplestrinum úr bréfinu lokið. En það kemur sem sagt greinilega fram hér, að sumarið og haustið 1957 erum við þar staddir í landhelgismálinu, að það er skoðun og till. sjútvmrh., að við getum ekki ráðizt í útfærslu á 12 mílunum, en eigum að reyna að breyta grunnlínum og friða 3 svæði fyrir utan 4 mílurnar, og hann tekur það fram, hann er svo sannfærður um, að þetta sé sú sjálfsagða leið, að ekki þurfi að ræða um annað en framkvæmdartíma, og sérstaklega vill hann um það ræða, hvort við eigum að ráðast í þessar framkvæmdir fyrir Genfarráðstefnuna eða eftir. Það er athyglisvert, að sjútvmrh. vill haustið 1957 fara að slá því föstu, að svona hlutir skuli jafnvel gerðir eftir Genfarráðstefnuna, meðan ekki er vitað, að hvaða niðurstöðu hún kemst.

Þegar við höfum það nú í huga, hvar við höfum verið staddir í landhelgismálinu 1957 með okkar útfærslu og hvaða till. og tilboð við töldum réttmætt og eðlilegt að gera 1958 til lausnar á málinu, þá þarf engan að undra, þó að núverandi ríkisstj. reyni að halda þeim hlutum áfram, þar sem áður hafði verið til stofnað, með það fyrir augum að reyna að finna lausn á málinu.

Það var skoðun okkar, a. m. k. Framsfl. og Alþfl., 1958, að ef tilboð okkar til Atlantshafsbandalagsins hefði verið samþ. og það hefði leyst málið, þá hefðum við unnið stórsigur í málinu. Það var skoðun okkar þá, og það er skoðun mín enn í dag, að ef okkur tækist að leysa málið á þann hátt, sem við mættum vel við una, þó að eitthvað þyrfti að hnika til, þá væri það stór og ómetanlegur sigur fyrir Íslendinga í málinu.

Með því að taka upp viðræðurnar við Breta um landhelgismálið er ríkisstj., eins og áður hefur verið sagt, að hlýða fyrirmælum Alþ., beinum fyrirmælum Alþ., um að reyna að vinna viðurkenningu fyrir málinu út á við. Ríkisstj. er líka

ljós sú hætta, sem vofað hefur yfir íslenzkum sjómönnum á hafinu kringum Ísland síðan 1. sept. 1958, og henni er ljóst, að þessi hætta mun halda áfram einhvern tíma, ef ekki tekst að finna lausn á þessari deilu. Ríkisstj. telur þá hættu, sem sjómönnum okkar er búin af þessari deilu og þessum árekstrum, svo mikla og svo alvarlega, að það sé bein skylda ríkisstj. að láta einskis ófreistað til þess að reyna að eyða þessari hættu og koma í veg fyrir, að hún haldi áfram.

Ég heyrði, að hv. 5. þm. Reykn. taldi það ekki eftir okkar íslenzku sjómönnum að búa áfram við þessa hættu, sem þeir hafa orðið að búa við nú um alllangan tíma. Ég býst við, að íslenzkir sjómenn muni veita þessum ummælum þessa hv. þm. nokkra athygli og telja þau ein hin kuldalegustu ummæli, sem mælt hafa verið í þeirra garð á hv. Alþ. nú í síðari tíð.

Ástæðan fyrir því, að ríkisstj. leitar samkomulags í þessari deilu við Breta, er einnig sú, að við erum vopnlaus smáþjóð, sem eigum alla okkar tilveru undir því, að lög og réttur fái að ríkja í viðskiptum þjóða í milli, en að ofbeldið verði látið víkja til hliðar. Ef við fyrir okkar leyti gerum ekki það, sem með sanngirni verður af okkur krafizt, til þess að eyða deilum okkar við aðra, hvernig getum við þá af öðrum stærri þjóðum krafizt, að þær semji um deilumálin sín á milli og leysi þau með friðsamlegum hætti?

Hv. 2. þm. Vestf. sagði, að það mundi verða stórfelldur álitshnekkir fyrir okkur út á við, að við erum að ræða málið við Breta og leita samkomulags. Mér finnst ummæli þessa hv. þm. benda til þess, að hann geri sér alllitla grein fyrir því, hvernig þetta mál okkar stendur út á við. Það er að vísu rétt, að það er viðurkennt, almennt viðurkennt, á alþjóðavettvangi, að Íslendingar eiga allt sitt undir fiskveiðum og að Íslendingar eiga bæði siðferðilegan og vissan lagalegan rétt til verndar sinna fiskimiða. Þetta er viðurkennt, og þetta er óumdeilt. En hinu verður ekki neitað, að meðferð okkar á málinu út á við og viðskipti okkar við aðrar þjóðir hafa sætt nokkru ámæli og það frá þjóðum, sem eru okkur mjög vinsamlegar og vilja okkur vel í þessu máli. Við verðum að minnast þess, að þegar við færum út okkar fiskveiðilögsögu, þá erum við að leggja undir okkar ríki hafsvæði, sem áður var talið almenningseign. Því er haldið fram af andstæðingum okkar á alþjóðavettvangi, að við förum ekki þarna að lögum, og okkur er boðið að bera það undir alþjóðadóm, hvort við förum að lögum eða ekki. Við segjum nei. Við förum að vísu að lögum. Við byggjum allt á lagalegum grundvelli. En við viljum ekki láta alþjóðlegan dóm hafa neitt um það að segja, hvort við höfum á réttu að standa eða ekki. Þegar við neitum þessu, þá er lögð á það áherzla af fjöldamörgum þjóðum, að við reynum með viðræðum að finna lausn á málinu, sem við sjálfir getum við unað. Ef við segjum nei við því líka, við neitum að láta alþjóðlegan dómstól fjalla um okkar deilumál og færum fyrir því okkar rök og neitum líka að ræða þau til þess að finna lausn á þeim, þá verð ég að segja, að vegur Íslands út á við á ekki eftir að vaxa á því og hefur ekki vaxið á því, ef Íslendingar ætla sér að viðhafa slík vinnubrögð í málinu. Vegur okkar út á við af þessu máli vex fyrst og fremst á því, að við sýnum fram á, — og það höfum við gert, — að við erum hér að verja okkar lífshagsmuni, en að við höldum þannig á málinu út á við, að ekki verði sagt annað en við höfum sýnt fulla sanngirni, fulla lipurð og fullan vilja til að leysa málið. Hitt er annað mál, að okkur ber engin skylda til í þessum viðræðum að fallast á annað en það eitt, sem við teljum bezt, og að við höldum þannig á málinu út á við, að ekki verði sagt annað en við höfum sýnt fulla sanngirni, fulla lipurð og fullan vilja til að leysa málið. Hitt er annað mál, að okkur ber engin skylda til í þessum viðræðum að fallast á annað en það eitt, sem við teljum að bezt samrýmist okkar eigin nauðsyn á vernd okkar fiskimiða.

Það er enn með öllu óvíst, hver niðurstaðan verður af þeim umr., sem farið hafa fram á milli ríkisstj. Íslands og Breta. Ég skal engu um það spá og ekkert um það segja á þessari stundu. Það er von mín, að þær umr. megi leiða til þess, að þessi deila eyðist og það sem allra fyrst. En jafnvel þó að ekki tækist svo giftusamlega til, að viðræðurnar leiddu til þess, að deilan eyddist, þá er betur á stað farið en heima setið, vegna þess að með þessum aðgerðum sínum hafa Íslendingar þó sýnt, að þeir vilja ræða deilu og vandamál sín við aðrar þjóðir, en láta sér ekki nægja að berja bara höfðinu við steininn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur nú talað í annað sinn og kemur nú upp í ræðustólinn með allmikið af plöggum úr stjórnarráðinu. Ég verð að segja: Það hefði verið viðkunnanlegra, að þessi hæstv. ráðh. hefði komið með þessi plögg úr skápum stjórnarráðsins og lesið upp úr þeim, áður en tveir fyrstu flm. frv. voru búnir að fullenda sinn ræðutíma, en þetta er í stíl við annan málflutning hæstv. ráðh. Þeir kunna kannske að fá leyfi til að gera aths. við það, sem hæstv. ráðh. hefur sagt nú, ég vænti þess. En það hefði auðvitað verið betra, að hann hefði lesið þetta upp fyrr.

Það er ekki á færi allra, sem ókunnugir eru innan stjórnarráðsins og í utanrmn., að dæma um réttmæti þeirra plagga, sem hæstv. ráðh. var nú að vitna til. Eitt rak ég þó augun í strax. Hann segir, að Íslendingar hafi rætt við aðrar þjóðir áður um landhelgina. Ja, voru það fréttir, að við ræddum um landhelgismálið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að við höfum rætt um það á ráðstefnum í Genf og að við höfum rætt um það við NATO, sem er skylt að ræða við samkvæmt samningi þar um?

En hvað var það, sem hæstv. ráðh. las upp um það, að vinstri stjórnin eða einstakir ráðh. hennar hefðu rætt við eina þjóð — við eina þjóð um málið? Hvað hafði hann upp að lesa því til sönnunar, að vinstri stjórnin hefði rætt við Breta eða leitað nokkurs samkomulags við Breta? Ekki einn einasti stafur í upplestri hæstv. ráðh. kom um það, að vinstri stjórnin hefði talað nokkurn tíma við Breta um stærð landhelginnar eða neina aðra þjóð, heldur við hinar alþjóðlegu stofnanir, sem ég nefndi. Og svo ber hann þetta saman við samninga núv. ríkisstj. við Breta, við þá

einu þjóð, sem sýndi okkur ofbeldi, sem réðst á okkur með vopnuðum herskipum.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta. En ég treysti því, að þeir, sem áttu sæti í vinstri stjórninni eða í utanrmn. og hér eiga kost á að fá að tala, þótt seint sé, taki til athugunar þessa ræðu hæstv. ráðh.

Allt það, sem hæstv. ráðh. nefndi, snerti tímabilið áður en Íslendingar færðu út landhelgina. Ekkert dæmi nefndi hann, sem hliðstætt er núverandi yfirstandandi samningum við Breta, eftir að landhelgin er ákveðin og eftir að Bretar hafa ráðizt á okkur.

Það er líka athyglisvert, að hv. 5. þm. Reykn. las líka upp úr bókum utanrmn. orðrétt, en hæstv. utanrrh. afgreiddi það með fljótheitum hér áðan: Það voru bara allt ósannindi! En er þá allt sannindi, sem hann las?

Hæstv. dómsmrh. hélt hér ræðu fyrir alllöngum tíma, í upphafi þessarar umr. Hann minntist á sjálft frv. og lét í veðri vaka, að ekki væri fjarri lagi, að frv. færi til n. og yrði athugað þar. Hann komst þó að þeirri niðurstöðu í ræðu sinni í gær, að frv. væri hið mesta óvit. En eitt sagði hann í hinni fyrri ræðu sinni, sem vakti athygli mína. Það var það að ef landhelgin hefði verið ákveðin með lögum, en ekki reglugerð 1958, þá hefði margt betur farið í gangi málsins. Mér er ókunnugt um, hvað það er, sem gat betur farið, ef hún hefði verið ákveðin með lögum, en ekki reglugerð. Nú vita allir, að reglugerðin um landhelgina hefur staðið óhögguð, hver stafkrókur hennar, til þessa dags, sem betur fer. Ef nú landhelgin hefði verið ákveðin með lögum á sama hátt efnislega og að öllu orðalagi og líka staðið óhögguð til þessa dags, hvað gat þá betur farið, ef þetta hefði verið gert með lögum heldur en reglugerð? Á að skilja þetta svo, að hæstv. dómsmrh. telji, að landhelgin hefði orðið með eitthvað öðrum hætti, ef hún hefði verið ákveðin með lögum? Og ef það er svo: Með hvaða hætti hefði hún þá orðið öðruvísi? Og þá er dálítill sannleikur í þessu, sem hæstv. dómsmrh. sagði. Það hefði betur farið, að landhelgin hefði verið ákveðin með lögum, þ. e. a. s. þá hefði hæstv. ríkisstj. ekki byrjað samninga við Breta, og það er það, sem er tilgangur þessa frv., að tryggja, að það komi ekki fyrir í annað sinn, að ríkisstj., hver sem hún er, fari að semja við eina þjóð um afslátt á landhelginni, án þess að Alþingi komi til.

Í ræðu hæstv. utanrrh., fyrri ræðu hans, drap hann nokkuð á sjálft frv. og hvernig skyldi á því taka. Hann lýsti algerri andstöðu við frv., þ. e. að lögfesta landhelgisreglugerðina, og færði þau rök fyrir því, að ef þetta yrði gert, þá væri það vísbending til erlendra þjóða, að Íslendingar ætluðu að nema staðar við 12 mílna takmörkin og hugsuðu ekki um frekari útfærslu. Hvernig má það vera, að hægt sé að komast að þessari niðurstöðu, að í reglugerðinni felist eða geti falizt möguleiki til frekari útfærslu, en ef það væru lög, þá kæmi það ekki til greina, að Íslendingar hugsuðu til frekari útfærslu? Eru erlendar þjóðir svo ókunnugar lagasetningu á Íslandi, að þær viti ekki, að lögum er hér breytt og að það tekur næsta skamman tíma að breyta hér lögum? Það er ekkert einsdæmi, að lögum er breytt hér á einum degi, jafnvel á nokkrum mínútum. Voru þá ekki sömu möguleikar fyrir Íslendinga að stækka landhelgina með breytingu á lögum eins og með breytingu á reglugerð? Ég held, að það sé verið að gera gys að útlendingum, ef verið er að bera þeim á brýn svona mikla skammsýni og ókunnugleika um vinnubrögð lýðræðisþjóðar.

Hæstv. ríkisstj. hefur tekið einhliða ákvörðun um að hefja samninga við Breta um minnkun landhelginnar í framkvæmd, án nokkurs samráðs við Alþingi. Að vísu getur hæstv. ríkisstj. sagt, að þar sem Alþingi átti ekki setu í sumar, hafi ekki verið hægt að hafa samráð við það. En hæstv. ríkisstj. gat valið um þrjár leiðir, ef hún hafði nokkurn vilja til þess að halda þeirri þjóðareiningu og þeim samhug, sem verið hefur um þetta mál, fram til 10. ágúst s. l. Hún gat í fyrsta lagi kvatt saman aukaþing, og hefur aukaþing verið kvatt saman af minna tilefni áður. Ef henni þótti þetta of fyrirhafnarmikið, þá gat hún lagt málið fyrir þingflokkana, svo að þeir leituðu álits allra alþm., hvort þeir vildu, að hafnir skyldu samningar við Breta. Og í þriðja lagi gat hæstv. ríkisstj. frestað allri ákvörðun um samninga við Breta, þar til Alþingi kæmi saman 10. okt. Ekkert af þessu gerði hæstv. ríkisstj. Hún hafði engan áhuga, engan vilja til að hafa samráð við einn eða neinn utan stjórnarráðsins um þá ákvörðun að hefja samningaviðræður við Breta. Og upp á sitt eindæmi tók hún þá ákvörðun 10. ágúst að eiga samningaviðræður þessar. Nú kvartar hæstv. ríkisstj. undan því, að stjórnarandstæðingar séu að hefja illdeilur innan íslenzku þjóðarinnar um þetta mál, þeir hafi rofið eininguna, þeir hafi rofið þann samhug, sem verið hefur um landhelgismálið fram að þessu. Ef einingin og samhugurinn hefur verið höfuðáhyggjuefni hæstv. ríkisstj., þá hefði hún ekki farið svona að 10. ágúst, þá hefði hún gert eitt af þrennu, sem ég nefndi áðan, til að hafa samráð við Alþingi. Þegar hún nú deilir á flm. þessa frv. um illdeilur, þá hefur hún algerlega snúið málinu við. Það er hún, en ekki við, sem hefur rofið einingunа í landhelgismálinu. Það er hún, sem hefur rofið þennan samhug.

Hæstv. ríkisstj. hefur verið ýtarlega spurð um það, hvað hafi gerzt í samningaviðræðunum við Breta að undanförnu. Ráðh. mega aldrei heyra nefnda samninga. Það er bannorð í stjórnarherbúðunum að nefna samninga. Hæstv. utanrrh. skýrði svo frá, að í þessum viðræðum hefðu Íslendingar skýrt afstöðu sína í landhelgismálinu fyrir Bretum og Bretar skýrt sína afstöðu fyrir Íslendingum, engar nýjar tillögur hefðu komið fram í þessu máli og engin ný tilboð. Það er annars merkilegt, hvað Bretar eru lengi að skilja Íslendinga í landhelgismálinu. Íslendingar eru búnir í meira en tíu ár að skýra þessa afstöðu sína fyrir öðrum þjóðum og þar á meðal Bretum. Þeir hafa gert það á þingi Sameinuðu þjóðanna, þeir hafa gert það á sjóréttarráðstefnum í Genf, þeir hafa gert það í NATO, þeir hafa gert það í viðtölum sendiherra við einstakar þjóðir, og loks hafa þeir gefið út landhelgisreglugerð. En Íslendingar hafa gert meira. Þeir hafa gefið út, að ég ætla, fjórar hvítar bækur á ensku og

dreift þeim út um heim. Er nú ekki tilgangslaust að vera að reyna að skýra málstað Íslendinga fyrir Bretum, ef þeir eru ekki farnir að skilja hann enn? Þurfti hæstv. ríkisstj. að verja tíu dögum suður í ráðherrabústað til að bæta við þær útskýringar, sem að undanförnu hafa átt sér stað? Og hæstv. utanrrh. sagði líka, að Bretar hefðu skýrt afstöðu sína til málsins fyrir Íslendingum. Voru nú Íslendingar ekki farnir að skilja Breta heldur? Skildu Íslendingar ekki Breta, þegar þeir settu á okkur löndunarbannið? Skildu Íslendingar ekki Breta, þegar þeir sendu veiðiþjófana inn í landhelgina eftir 1. sept. 1958? Skildu Íslendingar ekki Breta, þegar þeir sendu herskip inn í landhelgina? Þurftu Íslendingar að fá tíu daga viðræður suður í ráðherrabústað til þess að skilja Breta?

Það verður erfitt verk fyrir hæstv. ríkisstj. að sannfæra þjóðina um það, að í þessum samningaviðræðum hafi ekkert átt sér stað annað en svona lagaðar útskýringar, enda þurfum við ekki mörgum blöðum um þetta að fletta, því að hæstv. dómsmrh. hefur skýrt tiltölulega samvizkusamlega frá höfuðatriði í þessum viðræðum, og hann hefur látið prenta þessa ræðu sína í Morgunblaðinu, svo að alþjóð gæti séð, hvað var verið að ræða um við Breta nú að undanförnu. „Verið er að kanna, hvað hægt er að fá Breta til að fallast á og samkomulag getur orðið um. Þetta er viðfangsefnið," segir hæstv. dómsmrh., þvert ofan í það, sem hæstv. utanrrh. sagði þó daginn eftir. Hvernig ganga samningar fyrir sig? Ganga þeir ekki þannig fyrir sig, að hvor aðilinn kannar afstöðu hins til einstakra atriða í hugsanlegum samningum? Eða eru samningar kannske ekkert annað en að skrifa undir?

Nei, hæstv. dómsmrh. hefur sagt allgreinilega frá þessu, og meira að segja, hann hefur sagt frá einu höfuðsamningsatriðinu í þessum viðræðum, og það er, að Bretar fái að veiða innan íslenzkrar landhelgi um nokkurt árabil, enda fái Íslendingar hlunnindi í staðinn, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það. Sé þessi ræða hæstv. dómsmrh. borin saman við ræðu hæstv. utanrrh., þá skýtur þar mjög skökku við.

Hæstv. utanrrh. undirstrikaði það, að í viðræðum þessum hefði aðeins verið rætt á grundvelli samþykktar Alþingis frá 5. maí 1959. Hver eru efnisatriðin í þessari samþykkt frá 5. maí 1959? Það er í fyrsta lagi, að mótmælt er ofbeldisaðgerðum Breta. Ekki er það neitt samningsatriði. Þar er í öðru lagi lýst yfir, að Bretar séu að knýja Íslendinga til undanhalds með þessum ofbeldisaðgerðum og að Íslendingar muni ekki láta af 12 mílna landhelgi þrátt fyrir þessar ofbeldisaðgerðir. Þetta er í þriðja lagi yfirlýsing Íslendinga um það, að Bretum þýði ekki að beita þessum ofbeldisaðgerðum, því að Íslendingar muni ekki hafa minni landhelgi en 12 mílur þrátt fyrir það. Í fjórða lagi er nefnt í þessari samþykkt Alþingis, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslendinga til landgrunnsins alls. Af þessum fjórum efnisatriðum í samþykkt Alþingis frá 5. maí 1959 er aðeins eitt, sem hægt væri að semja um, þ. e. viðurkenning á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Um hin atriðin er ekki hægt að semja og undir engum kringumstæðum hægt að semja um stærð landhelginnar, 12 mílur, eins og segir í þessari samþykkt Alþingis. Það er ekki heldur hægt að semja um viðurkenningu á rétti Íslands til landgrunnsins alls við neina eina þjóð, nema þá fáist sú viðurkenning frá öllum þeim þjóðum, sem hlut eiga að máli. Þó er ekki ástæða til að vita það, þótt hæstv. ríkisstj. hefði farið að leita fyrir sér um þetta atriði við Breta. Það mátti gjarnan byrja á Bretum. Það þurfti bara að halda áfram.

Nei, það fer víst ekki milli mála, að hæstv. ríkisstj. var ekki að ræða við Breta á grundvelli samþykktar Alþingis frá 5. maí. Þjóðinni er það ljóst, að hún á fiskimiðin út að 12 mílum, alveg eins og hún á landið sjálft. Hún hefur allan afnotarétt þessara fiskimiða, alveg eins og hún á afnotaréttinn af landinu sjálfu. Og hún hefur fullt vald yfir þessum fiskimiðum, eins og hún hefur vald yfir landinu sjálfu. Um þennan afnotarétt getur þjóðin ekki samið. Hún getur ekki samið um það við aðra, hvort hún á þennan rétt eða ekki, og ef hún fer að semja um skerðingu á þessari stærð landhelginnar, þá er hún að minnka hana, þá er hún að ganga í berhögg við samþykkt Alþingis frá 5. maí í fyrra.

En það er staðreynd, segja hæstv. ráðh., að deila er uppi á milli þessara tveggja þjóða, að deila er uppi og þessa deilu verður að leysa. Það er vægast sagt óvenjuleg deila þetta. Brezka ríkisstj. ræðst inn í landhelgi Íslendinga með vopnuðum herskipum, fremur þar veiðiþjófnað og eyðileggingu á fiskimiðunum og hótar manndrápum, ef Íslendingar láta ekki undan. Það er hægt að velja einhverja hliðstæðu sjálfsagt frá Bretlandi sjálfu, sem mætti líkja þessu við. Ef innbrotsþjófur ræðst inn í banka í London og rænir úr fjárhirzlu bankans, er þá risin deila milli bankans og þjófsins? Eiga þá bankastjórinn og innbrotsþjófurinn að setjast að samningaborði til að leysa deiluna? Til hvers eru Bretar með Scotland Yard og dómstóla í svona málum? Hvers vegna semja þeir ekki bara við þessa menn? Ef Íslendingar eiga að semja við Breta um landhelgina, þá held ég, að Bretar ættu að semja við sína bankaræningja. Svona fráleit eru sjónarmið þeirra manna, sem nú vilja semja við Breta.

Hæstv. utanrrh. sagði í fyrri ræðu sinni, að ekkert tilefni hefði gefizt til þess að hefja deilur hér innanlands um landhelgismálið. Það er ekkert tilefni, að nú er fyrirætlunin að leyfa Bretum að veiða í íslenzkri landhelgi. Hélt hæstv. ríkisstj. virkilega, að hún gæti brotið á bak aftur þjóðarviljann og samþykkt Alþingis frá 5. maí 1959, að alþm. tækju því þegjandi og hljóðalaust, að nú væri samið á þennan hátt? Hélt hæstv. ríkisstj., að sá einhugur og sú samstaða, sem verið hefur í landhelgismálinu hjá þjóðinni allt fram í ágústmánuð í sumar, að þessi einhugur mundi engan málsvara eiga hér inni á Alþingi?

Þá hefur hæstv. ráðherrum, sem hér hafa talað, orðið tíðrætt um þá lífshættu, sem íslenzkir sjómenn séu í, ef þessi deila helzt áfram. Hvernig stendur á því, þegar verið var að undirbúa útfærslu landhelginnar, að fulltrúar þessara tveggja flokka, Sjálfstfl. og Alþfl., komu ekki fram með þennan ótta sinn? Impruðu þeir nokkurn tíma á því, að það væri varhugavert að færa

út landhelgina vegna þessarar lífshættu? Hótanir Breta voru þó fram komnar, áður en landhelgisreglugerðin var gefin út. Datt þeim ekki í hug að benda hinum, sem komu ekki auga á þetta, á þessa miklu lífshættu? Nei, þeir gerðu það ekki. Þannig var reglugerðin gefin út, og frá 1. sept., að herskipin komu inn í landhelgina, og til þessa dags hafa þeir ekki tekið eftir lífshættunni, fyrr en nú á síðustu stundu, þegar farið er að ræða við Breta.

Ekki þarf að orðlengja um það, að allir munu vilja leggja lið sitt til þess að afstýra slysum, hvers kyns sem þau eru og hvort sem þau eru úti á fiskimiðunum eða annars staðar. Um það er ekki ágreiningur. Íslendingar hafa ekki látið standa á sér að hætta lífinu til þess að bjarga ekki aðeins Íslendingum, heldur Bretum við strendur Íslands. Og þótt hæstv. ríkisstj. sé nú að reyna að slá á þá strengi, að flm. þessa frv. skeyti ekki um líf sjómanna, þá stoðar það þá ekki, það mun ekki einn einasti heilbrigður Íslendingur leggja trúnað á slíkan málflutning.

Hafa sjómenn beðið hæstv. ríkisstj. að semja við Breta til að afstýra hættunni á Íslandsmiðum? Hafa þeir kannske gert það? Þeim var málið skyldast, ef þeir voru í þessari lífshættu eða vildu ekki leggja sig í þessa lífshættu. Hvaða samþykktir hafa íslenzkir sjómenn gert og sent ríkisstj. til þess að afstýra þessari hættu, sem þeir eru í og munu verða í? Ég hef ekki heyrt þess getið. Hins hef ég heyrt getið, að íslenzkir sjómenn hafa sent mótmæli gegn samningunum við Breta. Og sú afstaða er þyngri á metunum heldur en þetta orðagjálfur hæstv. ríkisstj. um lífshættuna, sem hún fyrst uppgötvar nú.

En eru allir árekstrar á Íslandsmiðum úr sögunni, þó að ríkisstj. semji við Breta? Hafa aldrei gerzt árekstrar á Íslandsmiðum áður og meiri og alvarlegri árekstrar heldur en jafnvel síðan Bretar sendu herskipin inn í landhelgina? Hvað gerðist á Dýrafirði 10. okt. 1899? Ekki var landhelgisdeila þá. Ekki var landhelgisútfærsla þá. Þá voru ekki einu sinni herskip neins staðar hér í námunda. Þá var það, að brezkur veiðiþjófur er að veiðum inni á miðjum Dýrafirði, auðvitað innan þeirrar 4 mílna landhelgi, sem þá var. Þá var sýslumaður Ísafjarðarsýslu Hannes Hafstein, sem síðar varð fyrsti innlendi ráðherra þjóðarinnar. Hann brá við og ætlaði sér að taka veiðiþjófinn, fékk með sér hreppstjórann, Jóhannes Guðmundsson, og fjóra menn aðra, mannaði út bát og fór út til togarans. Hvað gerðu Bretar þá? Þeir sigldu á bátinn af ásettu ráði og hvolfdu honum. Enginn var syndur á bátnum nema Hannes Hafstein einn. Honum varð um megn að bjarga öllum félögum sínum, þótt hann gæti komið tveimur þeirra á kjöl, og ekki aðhöfðust Bretar neitt til að bjarga Íslendingum. Nei, það var bóndi úr landi, sem sá atburðinn og hratt bát sínum fram og reri út. Þegar sá bátur nálgaðist togarann, þá fyrst drógu Bretarnir upp aðframkomna Íslendingana, þar með Hannes Hafstein, þá sem eftir lifðu, en þrír höfðu drukknað. Hvaða öryggi getur íslenzka ríkisstj. nokkurn tíma boðið íslenzkum sjómönnum við veiðar hér við strendur Íslands? Ef Bretar eru af þessu tagi nú eins og þeir voru á Dýrafirði fyrir 61 ári, þá erum við aldrei öruggir fyrir slysunum, og Bretar hafa sýnt í þessu máli, að þeim er til ýmislegs trúandi. Samningar stoða lítið í slíkum efnum.

Ég ætla, að það hafi verið hæstv. dómsmrh., sem lét orð falla á þá leið út af þeim árekstrum, sem hefðu orðið og kynnu að verða, ef ekki væri samið við Breta, að slíkir árekstrar væru ekki sök annars aðila, það væri sök beggja, ef ekki væri afstýrt slíkum árekstrum. Er það nú orðin sök Íslendinga, að árekstrar verða á Íslandsmiðum? Þarna held ég að hafi ekki verið dæmt alveg hlutlaust. Eiga Íslendingar sök á árekstrum, sem kunna að eiga sér stað vegna ofbeldisaðgerða Breta?

Nei, við ákveðum ekki stærð landhelginnar með hliðsjón af árekstrum. Við getum það aldrei. Eða hvað ætli landhelgin megi vera stór, til þess að það sé öruggt, að árekstrar eigi sér ekki stað? 4 mílur dugðu ekki 1899.

Hæstv. dómsmrh. sagði í fyrri ræðu sinni, að Bretar hefðu hagsmuni af því, að þessi deila leystist, auk þess sem við hefðum hagsmuni af því, en það væru ekki aðeins fiskveiðihagsmunir, sem Bretar væru að hugsa um, þar kæmu líka aðrar ástæður til. Hvaða ástæður eru það? Hvað er það annað en fiskveiðihagsmunir, sem rekur Breta til þess að beita Íslendinga ofbeldi? Við héldum, að það væru fiskveiðihagsmunir, meðan þeir sendu herskipin inn í landhelgina. En nú, þegar Bretar leggja svo mikið kapp á að ná samningum við Íslendinga, þá eru það líka aðrar ástæður en fiskveiðihagsmunirnir, sem koma þar til. Ég held, að þetta sé rétt hjá hæstv. ráðh. Það eru aðrar ástæður. Það eru jafnvel fyrst og fremst aðrar ástæður, og þær eru, að Bretar eru að tapa áliti í heiminum út af ofbeldisverkum sínum í garð Íslendinga. Þeir hafa orðið fyrir álitshnekki og þeir vilja gjarnan reyna að bæta fyrir það, sem búið er. Það er ástæðulaust fyrir okkur að hlaupa undir bagga í þessu efni með fórnum, sem við getum ekki á okkur lagt. Ef Bretar þurfa að bjarga sér frá álitshnekki heimsins, þá geta þeir gert það á eigin eindæmi, þeir geta hætt öllum árekstrum, öllum ofbeldisverkum hér við Ísland. Það er það eina, sem þeir geta gert í því efni og bætt fyrir sér. Við eigum ekki að þurfa að hjálpa þeim til þess.

Hæstv. dómsmrh. hefur skýrt frá því, að verið sé að kanna möguleika til þess að veita Bretum leyfi til veiða innan íslenzkrar landhelgi, enda fái Íslendingar hlunnindi í staðinn, sem séu jafnmikils virði og hitt, sem Bretar fái innan landhelginnar. Og í ræðu sinni í gær nefndi hann þetta nákvæmar og kallaði það fiskveiðihagsmuni. Hverjir eru þeir? Hvað er þetta, sem Bretar ætla að borga með? Hverjir eru þessir fiskveiðihagsmunir, sem Bretar geta látið Íslendinga fá í staðinn fyrir það að fá að veiða hér innan landhelginnar? Þeir mega vera nokkurs virði Íslendingum, ef það á að jafnast á við þetta, jafnvel þótt ekki yrði nema um nokkurra ára bil, sem Bretar veiddu hér í íslenzkri landhelgi. Það er viðurkennt, að dýrmætustu fiskimið innan landhelgi Íslendinga muni vera á beltinu frá 4 mílum út að 12 mílum. Og sem dæmi um þetta vil ég nefna þann landshluta, þar sem ég er kunnugastur, Vestfirði. Þegar landhelgin var færð út

1952 um eina mílu, þá töldu Vestfirðingar sér það lítils eða einskis virði, nánast einskis virði. Af hverju? Af því að fiskimið þeirra voru utan við 4 mílurnar. Þá þótti það sæmilegur afli á bát á vetrarvertíð að afla 350—500 tonn, mjög algengt, að aflinn var minni. En þótt skammt sé frá útfærslu landhelginnar í 12 mílur, þá er þetta þegar farið að breytast svo, að á síðustu vetrarvertíð höfðu flestir bátar yfir 500 tonn, 700 og 800 og allt upp yfir 1000 tonna afla, og þeir eru ekki í neinum vafa um það, Vestfirðingar, að þetta er að þakka útfærslunni, útfærslunni frá 4 mílum út í 12. Ef ætti að hleypa Bretum núna inn í þetta belti, þótt ekki væri upp að 4 mílum, við skulum gizka á 6 mílum, þá mundi mikill hluti af þessum dýrmætustu fiskimiðum við þennan landshluta verða — ég vil segja eyðilögð og þar með þeir miklu lífshagsmunir, sem Vestfirðingar hafa af fiskveiðum þarna.

Hvaða fiskveiðihagsmuni á þá að tryggja þessum landshluta, svo að ég taki dæmi, sem jafnast á við þetta? Hæstv. dómsmrh. nefnir, að það séu fiskveiðihagsmunir utan 12 mílnanna. Ég hef heyrt þess getið, hvort sem það er ágizkun eða ekki, að þarna sé átt við það, að Bretar lofi að fiska ekki utan 12 mílnanna á ákveðnum svæðum. Ég tek það fram, ég hef engar sannanir fyrir þessu, hvort þetta er rétt. Ég hef heyrt þessa ágizkun. Ef það er nú meiningin, að það eigi að borga Íslendingum brezku veiðarnar inni í landhelginni með slíku, hvernig verður þá sú borgun? Ekki hafa Bretar neitt umboð til þess að heita slíku fyrir aðrar þjóðir. Þeir geta lofað slíku fyrir sjálfa sig, en ekki aðra. Við skulum að veiða inni í landhelginni, en veiddu ekki á einhverjum ákveðnum blettum utan landhelginnar. En hvað er um allar hinar þjóðirnar, sem hafa veitt uppi við Ísland? Veiða þær ekki áfram bara hugsa okkur, að þeir gerðu þetta, þeir fengju á þessum miðum, og veiða þær ekki bara þeim mun meira á þeim, ef Bretar eru þar ekki? Það er ekki annað hægt að sjá, segi ég, en að slíkur verzlunarsamningur væri harla lítils virði fyrir Íslendinga. Þessi mið utan 12 mílna landhelginnar yrðu Íslendingum bókstaflega ekki meira virði en þau eru nú, því þó að Bretar hyrfu af þeim, þá mundu aðrar þjóðir notfæra sér þau þeim mun betur og eyðileggingin á fiskistofninum þar verða alveg eins eftir sem áður. Ef það eru hins vegar einhverjir aðrir fiskveiðihagsmunir, sem Íslendingar eiga kost á, þá væri æskilegt að heyra eitthvað um það. En því aðeins nefni ég þetta nú, að ég vænti þess, að hæstv. ráðherrar mótmæli þessu, ef það er svo, að þetta hefur ekki komið til mála.

Það er ekki í fyrsta sinn nú í þessu máli, að Íslendingar verða fyrir ágengni erlends valds á hagsmuni sína og sjálfstæði. Af því hefur þjóðin bitra sögu á liðnum öldum. Jafnvel strax á 11. öld fengu Íslendingar heim sendimenn annarra þjóða í þessu skyni, þessara erinda. Þá var þjóðin ekki þess megnug að rísa gegn þessari ásælni hins erlenda valds. Fyrir því tapaði hún sjálfstæðinu 1262, að hún lét undan þessari ásælni, lét knýja sig til undanhalds, eins og Bretar ætla nú að knýja Íslendinga til undanhalds. Af sömu ástæðum og með sama hætti kúgaði hið erlenda vald Íslendinga til að gangast undir einveldisskuldbindinguna í Kópavogi 1662, og til þess að fullgera það verk, sem þá gerðist, hafði Hinrik Bjelke með sér vopnaða dáta, sem hann raðaði í kringum þingstaðinn og benti forustumönnum Íslendinga á, þegar þeir andmæltu því, sem þarna var verið að gera. Bretar nota herskip með fallbyssum nú. Það er ekki með öllu óskylt. En þá var þjóðin lítils megnug, þá var hægt að kúga hana til undanhalds, þá var hægt að svelta hana til undanhalds. En hún er ekki svo lítils megnug nú. Nú er þjóðin sterk. Nú ætti ekki að vera hægt að kúga hana. Það er því þeim mun verri frammistaða Íslendinga nú að láta kúga sig til undanhalds en var þá, sem þjóðin er sterkari nú en þá. Ég segi: Aðferðir voru svipaðar fyrr á öldum og nú eru viðhafðar af hálfu Breta, ýmist vinmæli, fagurgali eða hótanir. Það eru ekki allir búnir að gleyma sendiför Þórarins Nefjólfssonar í þann tíð, þegar Ólafur Noregskonungur vildi ná fangstað á Íslendingum. Þegar Íslendingar höfðu neitað að gangast undir vald Ólafs konungs, þá bað Þórarinn Nefjólfsson bara um Grímsey, þetta útsker, til handa konungi. Bretar biðja bara um nokkurra ára leyfi til að veiða innan íslenzkrar landhelgi. Þórarinn Nefjólfsson hét Íslendingum í staðinn gæðum af Noregi. Bretar heita Íslendingum í staðinn einhverjum fiskveiðihlunnindum, eftir því sem hæstv. ríkisstj. segir, eða rætt er um það, — ég skal ekki segja, hvort hún er búin að heita því, en rætt er um þann möguleika. Það er ekki heldur óskylt. Þórarinn Nefjólfsson hét vináttu konungs. Nú eigum við að semja til þess að endurreisa vináttu okkar við Breta og fá deiluna úr sögunni. Og Guðmundur ríki á Möðruvöllum vildi verða við tilmælum konungs. Hann taldi vináttu konungs sér meira virði en útsker þetta. Og enn eigum við Guðmund, sem vill ekki með öllu útiloka möguleikana til vinsamlegra samninga við Breta. (Gripið fram í.) Hann er enn ekki genginn til samninga við Breta, hefur mér skilizt. — Já, Ólafur konungur. — En sá er kannske munurinn nú og þá, að Guðmundur ríki átti sér bróður, Einar á Þverá, mikils metinn og vitran mann, og Guðmundur ríki hafði vit á því og fyrirhyggju að leita álits þessa vitra bróður síns og hjá honum fékk hann þær ráðleggingar, sem björguðu Íslendingum í það sinn. Á nú Guðmundur ríki nútímans engan bróður, sem getur ráðlagt honum heilt, svo að betur fari en nú horfir? Ég vildi óska þess, að hæstv. ríkisstj. tækist, jafnvel á síðustu stundu, að finna þann Einar Þveræing, sem nú gæti bjargað henni og þar með þjóðinni.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Ed., 10. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég skal hafa aths. svo stutta sem mér er fært.

Fátt sýnir e. t. v. betur, í hvaða aðstöðu hæstv. ríkisstj. telur sig sjálfa vera komna, þegar það hefur nú komið í ljós, að hún í stað raka um málið reynir að sprengja það, sem hún heldur sjálf að séu bombur, en ég mun nú sýna fram á að eru gamlar púðurkerlingar.

Þessi tilraun til að rétta málstað sinn er gerð á seinasta stigi málsins hér í d., þegar ræðutími þeirra, sem málið flytja, er orðinn takmarkaður, og sýnir það enn hinar drengilegu aðferðir og í hvaða aðstöðu hæstv. ríkisstj. telur sig komna. En það hefur verið gerð ráðstöfun til þess, að þetta mál verði ekki útrætt hér á Alþ. með umr. hér í þessari hv. deild.

Það, sem ég hef haldið fram og margsannað hefur verið í þessum umr., er, að allir stjórnmálaflokkar hafa marglýst yfir undanfarið, í kosningum, í utanrmn., í blöðum., á Alþ., seinast 5. maí 1959, að aldrei skyldi samið við neina þjóð eða þjóðir um, hvenær eða hvernig við ákveðum fiskveiðitakmörkin. Það yrði að vera komið undir lífsnauðsyn þjóðarinnar og alþjóðareglum. Og í annan stað hefur verið yfir lýst, að þessir samningar sköpuðu hættulegt fordæmi fyrir framtíðina, lokuðu áframhaldandi leiðum til útfærslu einhliða og án samninga. Enn fremur, að við mættum ekki minnka aftur þá fiskveiðilandhelgi, sem við höfum ákveðið, kynnt heiminum að væri okkur lífsnauðsyn og við mundum ekki hvika frá. Þetta væri nauðsynlegt vegna þess og til þess að þjóðin stæði að baki okkur og aðrir tækju nokkurt mark á yfirlýsingum okkar, bæði heima fyrir og erlendis.

Umr. um þessi atriði hafa staðið í marga daga. Það hefur reynzt ofraun fyrir hæstv. ríkisstj. að neita því, að þetta væru loforð, þetta væru yfirlýstar stefnur, sem lofað hefur verið að standa við af öllum stjórnmálaflokkum. Og það hefur henni verið ofraun einnig að færa líkur fyrir því, að þessar stefnur í landhelgismálinu séu ekki lífsnauðsyn fyrir þjóðina. Við hvort tveggja hefur hæstv. ríkisstj. gefizt upp. En í stað þess kastar hæstv. utanrrh. hér inn í d., að hann álítur, bombu, sem á að rétta hlutinn, þegar umr. er að verða lokið.

Það hefur verið sannað í þessum umr., að nú er verið að rjúfa þá einingu, sem staðið hefur um þetta mál, með broti á þeim reglum, sem þjóðin hefur talið sér lífsnauðsyn að fylgja og flokkarnir á Alþingi hafa lýst yfir að þeir mundu standa að. Þá er gripið til þessara vinnuaðferða: Framsfl. er líka sekur. — Það er ekki verið að verja aðgerðirnar sjálfar, heldur er það vörnin: Framsfl. er líka sekur. Hann, Framsfl., hefur gert þetta 1959. Hann hefur farið út af sporinu og ekki fylgt reglunum. Það væri náttúrlega engin afsökun fyrir hæstv. ríkisstj., þó að Framsfl. hefði misstigið sig í þessu máli. Og ég geri varla ráð fyrir því, að aðgerðir Framsfl. séu svo óskeikular, að þær verði mælikvarði á það, sem hæstv. ríkisstj. a. m. k. telur hið eina rétta. Á þetta minnist ég til þess að sýna fram á, inn á hvaða brautir varnir ríkisstjórnarinnar fyrir gerðum sínum eru komnar. En vitanlega er það ekki þetta fyrst og fremst. Þetta minnir á drauga hinna fordæmdu, sem eru að reyna að draga aðra niður í sína eigin dys. Það er það, sem hér er á seyði. Til þess að sanna, að afstaða ráðherra Framsfl. væri önnur nú en 1958 og að við hefðum þá viljað semja, sagði hæstv. utanrrh., að með samþykki ráðh. Framsfl. hefði verið sent samningstilboð, eins og hann orðaði það núna, kallaði það áður ábendingu, — samningstilboð 18. maí 1958, og ég vek þegar athygli þdm. á þeirri vinnuaðferð hæstv. utanrrh., að hann las ekki símskeytið frá 18. maí, en hann las símskeyti dags. 20. ágúst 1958, sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, — það er út af tilboðum, sem komu frá NATO:

„Höfum athugað fram komna tillögu um lausn landhelgismálsins og getum ekki fallizt á hana og ekki borið fram neinar tillögur til lausnar í málinu á þessum grundvelli, en minnum á okkar fyrri tillögu um viðurkenningu á 12 mílum gegn því, að erlendir verði á seinni 6 mílunum um takmarkaðan tíma, enda verði grunnlínum breytt."

Þetta skeyti las hann og þetta skeyti hefur verið birt a. m. k. í sumum blöðum.

Ég vík nú frá þessu símskeyti og símskeytunum báðum, en ég kem ýtarlega að þeim síðar, því að hér í liggur sú vinnuaðferð, sem prókúratorar eru stundum meistarar í, en á ekki að koma fyrir svokallaða hæstv. utanrrh. Ég vík að vinnubrögðunum í NATO. Samkv. sáttmála NATO, sem við höfum undirgengizt, reglum frá 1956, sem hæstv. utanrrh. skýrði réttilega frá, ber að leita sátta í ágreiningsmálum, sem bersýnilega eru að koma fram milli NATO-ríkjanna, til þess að reyna að leysa þau, áður en þau fara í hnút. Fyrir NATO-ríkin er fyrst og fremst framkvæmdastjórinn lögboðinn sáttasemjari og milligöngumaður til þess að koma í veg fyrir það, að deilur fari í hnút milli NATO-ríkjanna, þar sem við erum meðlimir. Viðræður við NATO voru því skyldur, sem við undir engum kringumstæðum vildum vanrækja og óskuðum eftir að halda. Viðræðurnar við NATO voru skyldur, sem við höfðum undirgengizt með því að gangast undir sáttmála NATO, eins og hæstv. utanrrh. skýrði frá. Vinnubrögðin í ríkisstj. eru þannig, að ákvarðanir eru teknar um þessi mál eins og önnur og ráðherra sendir síðan símskeyti til fulltrúans eða fulltrúanna í NATO. Aðdragandinn að því, að símskeytið frá 18. maí, — nú kem ég að því aftur, — var sent, — það var sent Henrik Björnssyni, sem hafði verið sendur til NATO til þess að skýra málin og standa í stöðugu sambandi við ríkisstj. fyrir milligöngu utanrrh., — aðdragandinn að því, að skeytið 18. maí, sem er grundvöllurinn í þessu máli, sem um er deilt, var sent, var sá, að frá Henrik Björnssyni og í samtölum við utanrrh. og símskeytum komu upp ábendingar um það, að framkvæmdastjóri NATO teldi þá lausn líklega, að NATO-ríkin viðurkenndu rétt okkar til einhliða útfærslu í 12 mílur, ef við vildum gera þetta með þeirri tillitssemi að leyfa erlendum fiskiskipum veiðar upp að 6 mílum í allt að 3 ár. Þessar ábendingar komu til ríkisstj. Utanrrh. og þeir, sem trúðu á það sem vilja NATO, töldu ábyrgðarleysi að leita ekki eftir því, hvort þessi vilji væri til staðar hjá NATO. Og ég vil segja í þessu sambandi: Hvað hefði verið sagt, ef það hefði ekki verið leitað eftir þessum vilja? Ég býst við, að þá hefði komið bomba, sem hefði verið hægt að kalla því nafni, ef það hefði legið fyrir frá skrifstofustjóranum í utanrrn., sem hefði verið fulltrúi hjá NATO og milligöngumaður milli ríkisstj. og Spaaks sáttasemjara, framkvæmdastjóra: Það er nú komin svo að segja fullvissa um það, að við hefðum getað

fengið einhliða viðurkenningu NATO á útfærslu í 12 mílur gegn því, að við einhliða til baka veittum tillitssemi eins og nefnd er hér og ég hef talað um. En þessu hefði verið hafnað. Hermann Jónasson og Alþb. hefðu neitað að leita eftir þessum vilja.

Hvað átti nú að gera til þess að sannreyna þessa afstöðu NATO, sem utanrrh. og skrifstofustjórinn álitu að væri til staðar, án þess að ganga inn á samninga? Það var ekkert launungarmál og er ekkert launungarmál, að ráðh. Alþb. voru mótfallnir því, að NATO tæki yfirleitt að sér milligöngu í þessu máli, og voru mótfallnir því, að það væri grennslazt eftir því, hvernig afstaða NATO væri, svo að þeir stóðu ekki að símskeytinu frá 18. maí. Alþfl. eða ráðherrar hans trúðu á það, að þessi vilji væri til staðar, og hæstv. ráðh. hefði áreiðanlega — ég geri honum ekki rangt til — kosið, að send væru tilboð og tilboð um samninga. En ráðherrar Framsfl. höfðu ekki mikla trú á jákvæðum aðgerðum NATO. Við vildum ekki ganga inn á samningaviðræður með því að gera tilboð, eins og ég mun sanna fullkomlega síðar í minni ræðu. En við vildum grennslast eftir afstöðu NATO, og niðurstaðan varð símskeytið, sem hæstv. utanrrh. las ekki. Símskeytið var sent skrifstofustjóra utanrrn., Henrik Björnssyni, sem var staddur erlendis, eins og ég sagði áðan. Skeytið frá 18. maí er þannig:

„Ríkisstj. hefur tekið gildandi reglur um landhelgi og fiskveiðitakmörk til endurskoðunar og ákveðið að gera engar breytingar á sjálfri landhelginni, en færa fiskveiðitakmörkin út í 12 mílur og leiðrétta grunnlínur. Reglugerð um þetta verður gefin út 23. maí. Ríkisstjórninni er kunnugt um," — þar sem er sú vitneskja, sem ég talaði um áðan, að við hefðum talið okkur hafa gegnum skrifstofustjórann. — „Ríkisstjórninni er kunnugt um, að framkvæmdastjóri NATO hefur orðað þann möguleika, að NATO-ríkin viðurkenni útfærsluna í 12 mílur með grunnlínubreytingum, ef erlend skip fá rétt til að veiða 3 næstu ár á tilteknum svæðum milli 6 og 12 mílna. Vegna þessa tekur ríkisstj. það fram, að ef það liggur fyrir frá framkvæmdastjóra eigi síðar en 20. þessa mánaðar, að þetta sé aðgengileg lausn í málinu, mun hún taka það til athugunar."

Þetta var það, sem hæstv. utanrrh. kallaði fyrst ábendingu, síðan tilboð og síðast tilboð um samninga. En hér er verið að grennslast eftir afstöðu NATO, hins lögboðna sáttasemjara, sem skrifstofustjóri í utanrrn. og utanrrh. álitu að væri til staðar. En svarið reyndist neikvætt. Og nú komum við að atriðum í þessu máli, sem eru nokkuð þýðingarmikil. Ég skal taka það fram, að ef það svar hefði borizt frá NATO, að við Íslendingar hefðum fullan rétt til þess að færa fiskveiðilandhelgina út einhliða í 12 mílur, en óskað, að við tækjum þau tillit að færa út í áföngum, t. d. í 6 mílur í 3 ár og síðan í 12, hefðum við ekki aðeins athugað málið, heldur svarað: Okkur er það gleðiefni, að NATO-ríkin viðurkenna rétt Íslendinga til einhliða útfærslu. Við höfum ákveðið, eftir að NATO hefur viðurkennt einhliða rétt okkar til útfærslu, að taka einhliða á móti framangreint tillit. — Það er ekki sagt annað en að við skulum athuga málið, en þetta segi ég nú: Þetta voru ekki samningar og ekkert í líkingu við það, sem nú er verið að gera, sem binda okkur í því að færa ekki út síðar án þess að gera á ný samninga. Það var þvert á móti viðurkenning þess, að við mættum færa út síðar einhliða, án samninga. Og þó að ég væri ósamþykkur orðalagi utanrrh. á símskeytinu 20. ágúst, þá hefði ég viljað athuga það, eins og í maí, að taka nokkurt tillit, áður en reglugerðin tók gildi, ef yfirlýsing hefði komið frá öllum NATO-ríkjunum, að við hefðum rétt til að færa út með einhliða yfirlýsingu í 12 mílur. Svo mikils virði hefði sú yfirlýsing verið til þess að opna nýjar leiðir, í stað þess að þeim er lokað með tvíhliða samningum, eins og Bretar eru að beygja ríkisstj. inn á.

Við skulum nú athuga þessa bombu svolítið nánar. Sannleikurinn er sá, að þetta er eldgömul lumma, bomban er gömul lumma, og ég get sagt við hæstv. utanrrh. eins og nábúi sagði við ríkan bónda: Ja, þú býrð vel, Lárus minn, þú átt gamlar lummur. — Þetta er gömul lumma, því að í kosningahandbók Alþb. er skýrt frá símskeytinu frá 18. maí og það er rökrætt á tugum funda í kosningunum, en er hér kastað fram sem ægilegu leyndarmáli, hræðilegu leyndarmáli, alveg ógurlegri bombu. Og hæstv. fyrrv. sjútvmrh., sem var ekkert sérstaklega velviljaður því, að þetta skeyti væri sent, og ekki eru vanalega gefnar velviljuðustu skýringar á þeim hlutum, sem menn eru andstæðir, einkanlega í kosningabókum, hann kallar þetta símskeyti spurninguna, sem var send NATO.

Ég hef nú gert grein fyrir því, að í símskeytinu til NATO, sem ég las, en utanrrh. hæstv. færðist undan að lesa, er eftirgrennslan eftir afstöðu NATO til að framkalla tilboð þeirra um það, að við höfum rétt til þess að færa út einhliða í 12 mílur, enda ber efni símskeytisins frá 18. maí — og þess vegna var það ekki lesið — þetta með sér. Það er reynt að grennslast eftir afstöðu NATO án þess að fara inn á samninga.

Ef enn þykir skorta rök, ætla ég nú samt sem áður að leiða vitni, sem ég hygg að flestir menn taki nokkurt mark á. Raunar er þetta vitni um leið dómari, sem hefur þegar dæmt í þessu máli, sem deilt er um. Það kom sem sé skeyti, dags. 20. maí, frá sjálfum framkvæmdastjóra NATO, þar sem hann segir í símskeyti til mín, og ég skal reyna að lesa þetta upp í íslenzkri þýðingu:

„Atlantshafsráðið og NATO hefur haldið fund um skilaboð stjórnar yðar 19." — þið takið eftir því, að það er „message", það er skilaboð, það er ekki tilboð, eins og utanrrh. á Íslandi skilur það, — „og rætt málið. Ég finn mig skuldbundinn til þess að láta í ljós þann skilning minn persónulega, sem hér fer á eftir: Ég er sannfærður um, að stjórnir eru áreiðanlega mótfallnar vegna lögfræðilegra ástæðna og vegna meginreglna einhliða útfærslu stjórnar yðar á fiskveiðitakmörkunum."

Hverju eru þeir að svara? Hann er ekki í vafa um, hvernig hann á að skilja símskeyti ríkisstj. Það er honum ljóst, einum reyndasta stjórnmálamanni í Evrópu, að það, sem ríkisstj. er að reyna að ná í hjá NATO-ríkjunum, er yfirlýsing um það, að við höfum einhliða rétt til að færa út fiskveiðitakmörkin. Þannig skilur hann símskeyt-

ið, og þannig svarar hann því. Hann segir: Ég skil, af hverju þér eruð að fara fram á þetta. En þetta get ég ekki. — Ég skal lesa þetta aftur, því að ég hef þetta hér í þýðingu:

„Eftir fund NATO, þar sem skilaboð stjórnar yðar 19. maí," — skeytið var sent 18. og skilaboðin hafa komið 19. maí, — „voru rædd, tel ég mér skylt að skýra frá eftirfarandi persónulegum skilningi mínum: Ég er sannfærður um, að ríkisstjórnir eru áreiðanlega mótfallnar af lagalegum ástæðum og grundvallarástæðum einhliða ákvörðun ríkisstjórnar yðar í ákvörðun nýrra fiskveiðitakmarka."

Síðan segir hann, þessi æfði stjórnmálamaður, sem er einn af þekktustu stjórnmálamönnum a. m. k. í Evrópu, — hann segir: „Þetta get ég ekki." — Þið getið sjálfir lesið beint það, sem stendur í skeytinu. — En hann stingur upp á annarri lausn. Hann stingur upp á því í löngu máli hér á eftir, að við tökum upp samninga og helzt að það sé höfð sérstök ráðstefna til þess að standa fyrir þeim samningum.

Ég sendi ekki Spaak neitt símskeyti og sagði: Ég hef æfðan utanrrh., sem er prókúrator, líka æfður, og hann álítur, að þetta sé alveg rangt hjá yður, Spaak. Hann hafði sent tilboð. Við höfum verið að senda tilboð um samninga. Hvers konar villu eruð þér í, maður? Hvers vegna eruð þér að stinga upp á því og biðja um samninga, þegar við vorum að bjóða þá? — Ég sendi ekki slíkt símskeyti. Og ég varð ekki var við, að hæstv. utanrrh. gerði nokkrar athugasemdir við þennan skilning framkvæmdastjóra NATO, Spaaks, á símskeyti okkar.

Þetta mundi nú nægja í sjálfu sér. En það er samt sem áður svolítið meira til. Eins og ég sagði áðan, var þessu símskeyti svarað, þar sem hann fór fram á samninga, og með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa þann kafla svarsins, sem um þetta fjallar. Og ég ætla að lesa það hægt, vegna þess að orðalagið er hnitmiðað í samræmi við þetta, að við vildum aldrei ganga inn á samninga:

„Í samræmi við stofnskrá Atlantshafsbandalagsins," segi ég í svarinu, „og áhuga Íslendinga fyrir góðri samvinnu þátttökuþjóðanna hefur ráði Atlantshafsbandalagsins verið skýrt frá fyrirætlunum Íslendinga um útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Jafnframt hafa" — takið eftir — „fyrir atbeina Atlantshafsbandalagsins verið reyndar vissar leiðir til viðurkenningar, en þeim hefur eindregið verið hafnað af hinum þátttökuþjóðunum. Þau úrslit urðu mér mikil vonbrigði. Ég get ekki fallizt á sérstaka ráðstefnu um þetta mál, og tel ég hana ekki líklega til að bæta viðhorfið. Misheppnuð ráðstefna gæti hins vegar hæglega orðið til meira tjóns en bóta, eins og svo mörg dæmi sýna. Að athuguðu máli hefur verið ákveðið efni reglugerðar um 12 mílna fiskveiðilandhelgi, sem verður gefin út 30. júní, en útfærslan taki þó ekki gildi fyrr en 1. september. Tíminn til 1. sept. verður notaður til að vinna að skilningi og viðurkenningu annarra þjóða. Málavextir verða skýrðir nánar fyrir yður."

M. ö. o.: samningum er neitað. Það er hann, sem stingur upp á samningum. Það erum við, sem krefjumst viðurkenningar fyrir því eða erum að kalla á viðurkenningu fyrir því, að við höfum rétt til þess að færa út einhliða. Hann hefur svo alveg neitað því, eins og við þekkjum. Hann stingur upp á samningum, við neitum þeim. Það voru ekki allir sammála um það. Ég skal ekki nota tímann til að rekja það hér. En þetta er svarið. Þeir, sem eru í vafa um það eftir þetta svar, eftir svar Spaaks sjálfs, eftir orðalaginu á símskeytinu, — þeir, sem eru í vafa um málstaðinn, þeir eru áreiðanlega skilningslitlir. — Þetta er púðurkerling, sem er tilbúin vegna þess, að mennirnir hafa vondan málstað, og hún brennir engan, ef rétt er á henni tekið, ekki einu sinni fingurna.

En áður en ég lýk máli mínu, vil ég minnast á annað. Það hefur einu sinni áður verið gerð svipuð árás á mig hér á Alþingi. Það var út af því, að ég átti að hafa haldið leyndum skjölum, sem mér höfðu verið send fyrir styrjöldina. Ég ætla ekki að rekja það í lengra máli, ég býst við, að ýmsir muni eftir því. Það var lesið upp úr bréfum og símskeytum, eins og núna. En það skal viðurkennt, að þegar ég krafðist þess að fá öll símskeytin í hendur, eftir að árásarræðan hafði verið haldin, og öll bréfin í hendur, þá var það núv. hæstv. forsrh., sem lét þingsvein fara til mannsins, sem hafði skjölin, taka skjölin í sínar hendur og afhenda mér þau. Það var siðaðra manna háttur og sá háttur, sem vitanlega tíðkast í öllum þingum veraldar, að ef einhver ráðherra hefur setið í ríkisstj. og er slitið úr samhengi og lesið upp úr bréfum, sem hafa orðið til í hans ríkisstj., þá eru þau afhent. Eftir að ég hafði fengið þessi bréf í hendur, fór málið þannig, svo lítill ræðumaður sem ég er, að málið snerist þannig í höndum þeirra, sem fyrir árásinni stóðu, að ég skal ábyrgjast, að hver einasti þeirra hefði óskað eftir að hafa ekki gert hana. Það þurfti svo lítið til, að ég gat með mínum litlu mælskuhæfileikum hnekkt því svo gersamlega, að mennirnir ætluðu ofan í stólana.

Ég get jafnvel nú þegar, þótt ég fái ekki nema þau símskeyti, sem hafa verið lesin, og á þann hátt, sem ég hef þegar gert, hnekkt þessari árás. En árás utanrrh. er svipaðs eðlis og sú, sem ég minntist á áðan. Hann slítur úr sambandi símskeyti, les upp sumt, sem honum líkar betur, vísar til hinna og les þau ekki upp og ætlar að halda þeim leyndum.

Hann hefur að vísu orðið við þeirri kröfu, sem hann gat ekki komizt hjá, að afhenda þau símskeyti, sem hann sendi í samráði við mig. En nú veit utanrrh., að ég hef rökstuddan grun um, að hann hafi á laun og bak við þá ríkisstj., sem ég veitti forstöðu, sent til NATO skeyti í landhelgismálunum. Hæstv. ráðh. veit vel, á hverju ég styð þetta mál mitt. Það stóð nefnilega þannig á, þegar þessi skeyti voru send, að raunverulega var ágreiningur milli flokkanna um framhald viðræðnanna. Sjálfstfl. lýsti því yfir, að ég hygg 21. maí, að hann vildi áframhaldandi viðræður, að maður segi ekki samninga, a. m. k. áframhaldandi viðræður og líklega samninga við NATO. Við lýstum því yfir opinberlega þá, að við teldum þá þýðingarlausa. Þessar yfirlýsingar munu allar vera til í prentuðum blöðum og meira að segja í dagblöðum. En þegar við

tókum af skarið með það á þennan hátt, Framsfl. og Alþb., þá kemur í ljós það, sem nú er að koma í ljós, þá gerist það, sem nú er að koma í ljós: Mér hafði verið sagt hvað eftir annað, að hæstv. utanrrh. stæði í sambandi við Sjálfstfl. og mundi meira í viðskiptum sínum við NATO taka tillit til hans en ríkisstj. Ég sagði: Þetta er ósatt. Ef ráðh. er í ríkisstj., þá sendir hann símskeyti fyrir ríkisstj., og þar er ekkert persónulegt eða privat til. — Og sannleikurinn er sá, að ef það hefði ekki verið tekið fyrir þetta með skeytinu til Spaaks, framkvæmdastjóra NATO, skeytinu, sem ég las, þá hefði ekki orðið af útfærslu í 12 mílur, ef Sjálfstfl. og hæstv. utanrrh. og flokkur hans hefðu ráðið. En sleppum því.

Nú er það þannig, að það hefur verið talið, að ekki mætti birta skjöl, sem fara milli ríkisstj. og NATO. Nú virðist þessu banni aflétt. Nú virðist því aflétt, a. m. k. getur hæstv. utanrrh. birt þau skjöl, sem honum þóknast, og það hlýtur þá að mega birta þau öll. Nú skora ég hér með í þjóðar áheyrn á hæstv. utanrrh. að birta öll þau skjöl, sem farið hafa á milli NATO og þeirrar ríkisstj., sem ég veitti forustu, á hans tíma sem utanrrh. Ef hann gerir þetta, þá hagar hann sér eins og siðaður maður og eins og siður er að ráðherrar hagi sér í löndum, þar sem sæmilegir mannasiðir ríkja. En ef hann gerir það ekki, verður það ekki skilið öðruvísi en sem siðleysi, fullkomið siðleysi, að vega þannig með skjölum, sem hann snýr út úr og birtir, en birtir ekki skjölin í heild og þar á meðal þau, sem ég hef sterkan grun um að séu til og ég hef aldrei séð né vitað af. Og ef ráðh. vill mótmæla þessu strax, því að ég hef ekki tíma til að tala oftar, þá getur hann mótmælt því, sem ég sagði seinast, en þá ætla ég að svara því strax úr ræðustólnum. (**Utanrrh.**: Það hafa engin skjöl frá utanrrn. farið til NATO með tilboði eða einu eða neinu líku, án þess að þáv. forsrh. vissi um.) Með tilboði eða neinu líku, engin skjöl með tilboði eða neinu líku. Já, hvað er með skeytið 22. ágúst? (**Utanrrh.**: Það hef ég lesið upp.) En þá verð ég að segja frá því, þó að mér þyki það leitt, að hann afhenti mér skjalamöppuna, stóð yfir mér, meðan ég var að lesa hana, og þar kemst ég í skeyti, sem ég hef aldrei haft hugboð um, og hann hrifsar möppuna, þannig að við gátum ekki afskrifað skeytin, og segir: Þetta er skeyti, sem ég hef sent persónulega. — Við Eysteinn vorum þarna inni. (**Utanrrh.**: Það var ekki símskeyti til NATO.) Þá er það ágætt, hann hefur ekki sent neitt, þá getur hann birt það allt. (Gripið fram í.) Já, það er sannsögli, ég varaði mig ekki á prókúratornum. Það var til fulltrúa okkar, sem átti að bera skilaboðin á milli. Það er nefnilega það.

Eitt er ljóst orðið — og ég vil segja það að lokum — af þessum bardagaaðferðum: Hæstv. ríkisstj. er hrædd við sinn eigin málstað. Engir nema rökþrota og hræddir menn beita slíkum bardagaaðferðum, sem ég hef lýst og flett ofan af. Engum nema rökþrota mönnum kemur til hugar að bera saman sem hliðstæður þá leið að reyna með eftirgrennslan að framkalla viðurkenningu NATO á því, að við höfum rétt til einhliða útfærslu, og leið núv. ríkisstj. að semja um minnkun landhelginnar, sem við höfðum ákveðið og barizt fyrir, og það við þá einu þjóð, sem hefur níðzt á okkur, sýnt okkur ofbeldi og hótað meira ofbeldi, ef við ekki semjum, — bera þetta tvennt saman. Fyrri leiðin opnar nýjar leiðir til útfærslu. Hin leiðin lokar þeim nema með samningum og samþykki þjóða. Það var af þessum ástæðum, að NATO-þjóðirnar neituðu skeytinu frá 18. maí, eins og Spaak segir skýrt í svari sínu. En þær heimtuðu hins vegar, að farin væri samningaleiðin, sem hæstv. ríkisstj. er nú að fara, og þó í miklu auvirðilegri mynd, þar sem hún er að semja við eina þjóð, sem hefur sýnt okkur ofbeldi, og segir við hinar: Ég hef ekkert við ykkur að tala. Þið hafið komið þannig fram, að þið hafið ekki sótt inn í landhelgina. — En þeir semja við einu ofbeldisþjóðina í NATO. Hvað er líkt með þessu tvennu? En þetta leyfir hæstv. ríkisstj. sér að bera saman.

Hæstv. ríkisstj. lítur sjálfsagt ekki á það sem holla ráðleggingu, sem frá mér kemur. En ég ræð henni áreiðanlega heilræði, þegar ég ræð henni til að snúa af þeirri leið, sem hún er að fara, en í stað þess standa við þær yfirlýsingar, sem allir þingflokkarnir hafa gefið: semja aldrei við ofbeldið, halda fast á rétti Íslands og án afsláttar. Ef ríkisstj. gerir þetta, þá er það alveg fullvíst, að hún hefur þjóðina einhuga á bak við sig í þessu máli. Á þann hátt einan er hægt að tryggja þann sigur, sem unninn er, því að sigur höfum við unnið, eins og hæstv. dómsmrh. hefur oftast tekið fram hér í þessari hv. d. og annars staðar, og til þess að tryggja þennan sigur er það eina leiðin, og þá leið á ríkisstj. að fara.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara ýtarlega út í ræðu hv. 2. þm. Vestf., enda er ræðutími hans þrotinn. Ég vil aðeins svara lítillega örfáum atriðum.

Þessi hv. þm. var með getsakir um það, að ég hafi á laun og á bak við hann sent símskeyti til Atlantshafsbandalagsins varðandi landhelgismálið í vinstri stjórninni 1958. Út af þessu vil ég aðeins taka það fram, að frá mér fór ekkert símskeyti til Atlantshafsbandalagsins eða orðsending til þess á þessum tíma, án þess að það væri áður borið undir forsrh., samið í fullu samráði við hann, og sum skeytin voru beinlínis af honum samin, eins og skeytið frá 18. maí.

Mér voru það dálítil vonbrigði, þegar þessi hv. þm. sagði í upphafi ræðu sinnar, að ég hefði kastað hér bombu inn í umr., þegar ræðutíma hans hefði verið lokið, svo að hann hefði átt lítinn kost á að bera hönd fyrir höfuð sér. Með þessu átti hann við frásagnir mínar af símskeytunum frá 18. maí og 22. ágúst. Mér voru það vonbrigði að heyra þennan hv. þm. viðhafa þessi ummæli, því að frá þessu sama skýrði ég í minni fyrstu ræðu í málinu, þannig að ég var ekki að koma með neitt nýtt, og nokkur huggun var það þó í þessum raunum, að áður en þessi hv. þm. lauk að ræða um þetta atriði, þá komst hann að þeirri niðurstöðu, að allt það, sem ég hafði upplýst í sambandi við þessi símskeyti og þessi atriði, væru eldgamlar lummur, sem birtar hefðu verið opinberlega áður, þ. á m. gefin út um það heil bók.

En aðalinntakið í ræðu þessa hv. þm. var það,

að nú væri það afsökun núv. ríkisstj., að vinstri stjórnin hefði 1958 gerzt sek um það sama, sem við í núv. ríkisstj. værum aðilar að. Hér er algerlega ranglega á málum haldið af hálfu þessa hv. þm. Ég var ekki að segja, að vinstri stjórnin hefði í þessum efnum gerzt sek um nokkurn skapaðan hlut. Ég hafði þvert á móti haldið því fram, að vinstri stjórnin hefði gagnvart bandalagsríkjum sínum og Atlantshafsbandalaginu haldið algerlega rétt á málunum með því að ræða þau innan bandalagsins og með því að senda þær uppástungur um úrlausnir á málunum, sem sendar voru. Ég var ekki að álasa ríkisstj. um að hafa gerzt sek um eitt né annað. Ég var þvert á móti að undirstrika, að hún hefði haldið réttilega á málinu. En ég bætti því líka við, að núv. ríkisstj. væri að gera nákvæmlega það sama og við vorum að gera sumarið 1958, hér væri því um beint framhald að ræða og á sama hátt væri á málunum haldið í bæði skiptin. Og þetta staðfesti hv. 2. þm. Vestf. mjög greinilega með sinni ræðu. og það er kjarnapunkturinn í þeim ágreiningi, sem orðið hefur hér upp á síðkastið í þessum umr. á milli hans og mín út af málinu.

Hv. 2. þm. Vestf. viðurkenndi, enda ekki hægt að neita því, að þann 18. maí tilkynnum við Atlantshafsbandalaginu, að ef það vilji viðurkenna okkar 12 mílur, þá skulum við taka til athugunar að leyfa þeim veiðar á seinni 6 mílunum að takmörkuðu leyti um takmarkaðan tíma. Og hv. þm. bætir því við, að ef við hefðum fengið jákvætt svar frá Atlantshafsbandalaginu um þetta, þá mundum við í vinstri stjórninni hafa breytt okkar ákvörðun um að færa strax út í 12 mílur og látið aðeins 6 mílur koma til framkvæmda 1958, en ekki 12 mílurnar allar fyrr en eftir þrjú ár. Þetta viðurkenndi þessi hv. þm. Hann viðurkennir líka, að þó að reglugerðin hafi verið gefin út 30. júní, þá er þetta sama endurtekið við Atlantshafsbandalagið 22. ágúst. Að vísu var svolítið lengra gengið í því skeyti, en ég ætla ekki að fara inn á það hér til þess að rugla ekki málið. En það liggur fyrir sem óumdeilanleg staðreynd, að af hálfu Framsfl. og Alþfl. f. h. vinstri stjórnarinnar er það boðið til samkomulags 1958, bæði áður en reglugerðin er gefin út og eins eftir að hún er gefin út, að ef við fáum okkar 12 mílur viðurkenndar, þá séum við reiðubúnir til að fresta seinni 6 mílunum í þrjú ár.

Hvað erum við að gera núna? Hvað er ríkisstj. að gera núna? Hún er að kanna möguleikana á þessu sama. Hún er að kanna möguleikana á viðurkenningu á 12 mílunum gegn því að hnika eitthvað til, án þess að hagsmunir okkar þar með séu skertir. Þannig liggur málið fyrir í dag. Það, sem hv. 2. þm. Vestf. er því nú að deila á okkur í núv. ríkisstj. fyrir, er ekkert annað en það, sem hann sjálfur staðfesti svo greinilega í ræðu sinni hér áðan, að hann hefði verið að gera 1958. Allar þær umbúðir, sem hann hafði fram og aftur í kringum þetta, hirði ég ekki að rekja hér eða deila við hann um. Þær eru aukaatriði. Þetta er kjarni málsins.

Ég ætla svo ekki að fara frekar út í þetta eins og er, m. a. vegna þess, hvernig á stendur um tíma hv. 2. þm. Vestf.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við höfum heyrt nokkuð oft talað um þá miklu þjóðareiningu, sem hafi verið í þessu máli og hv. stjórnarandstæðingar tala um, að núv. ríkisstj. sé að stefna í voða. Af ræðum hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) og hæstv. utanrrh. (GÍG) heyra menn, hvernig sú þjóðareining var í framkvæmd á dögum vinstri stjórnarinnar, og er sannarlega ekki miklu fyrir að fara.

Það voru nokkur atriði í þeim stórmerku upplýsingum, sem hér hafa komið fram, sem ég vildi gjarnan fá frekari skýringar á, áður en umr. heldur lengra áfram og áður en allir hv. stjórnarandstæðingar og talsmenn hv. 2. þm. Vestf. hafa talað sig dauða. (**HermJ:** Það hef ég nú gert nú þegar.) Já, en hann hefur góða talsmenn og góðan sessunaut, sem ég hygg að sé búinn að kveðja sér hljóðs, og væri þá gott, að hann gæti svarað.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði hér næstsíðast, er hann talaði, — það var í síðustu viku, að því er ég hygg, — að það gæti verið, að einhverjir sérfræðingar hefðu, áður en útfærslan átti sér stað, látið sér til hugar koma að bjóða fram veiði innan 12 mílna lögsögunnar gegn viðurkenningu. Hann sagði, að það gæti verið, að sérfræðingar og kannske einhverjir aðrir hefðu gert þetta. Þetta var hans yfirlýsing þá að efni til. Nú er fram komið, að því er mér skilst, og ómótmælt, að hann hafi sjálfur sent símskeyti í maí 1958, þar sem þetta tilboð er gert. Hann segir að vísu: Það stóðu ekki til neinir samningar. Hann segir: Gegn einhliða viðurkenningu hinna ætluðum við að gefa út svo og svo einhliða yfirlýsingu. En ég segi: Ef yfirlýsingar eru gefnar gegn annarri yfirlýsingu, þá er það ekkert annað en samningur. Það tjáir ekki að vera með neinn orðaleik um það. Ef ein ákvörðun er bundin annarri, skilyrði er sett eftir viðræður aðila, þannig að önnur ákvörðunin er háð hinni, þá er það að efni til samningur og ekkert annað en samningur. Þetta er þess vegna allt fullkominn orðaleikur hjá hv. þm.

En látum vera hans orðaleik í því. Hann sagði, að skeytið, sem nú hefur verið skýrt frá hér í d. að hann sjálfur hafi samið, hafi verið sent í nafni allrar þáverandi hæstv. ríkisstj., enda heyrði ég það með mínum eigin eyrum, þegar hv. þm. las það upp áðan, að sagt var, að ríkisstj. liti svo og svo á. Og hv. þm. sagði, að með sinni vitund og í sínu nafni hefði af hálfu hæstv. þáv. ríkisstj. aldrei verið sent neitt, nema öll ríkisstj. stæði þar á bak við, og hann vitnaði í það sem mun á sér og hæstv. utanrrh., sem hann taldi í einhverju öðru ótilgreindu tilfelli hafa farið öðruvísi að.

Nú spyr ég: Var þetta skeyti frá því í maí sent í nafni allrar þáv. ríkisstj., eins og stendur í skeytinu sjálfu og eins og hv. 2. þm. Vestf. hér svo rækilega lýsti yfir, eða var þarna beinlínis brotið á móti vissum hluta þáv. hæstv. ríkisstj., fulltrúum Alþb. í þáv. stjórn? Að því er stendur í Þjóðviljanum í morgun, þá er það tvímælalaust, að þetta skeyti var einungis sent í nafni hluta ríkisstj. Annar hvor fer því hér með ósatt mál, hv. 2. þm. Vestf. eða málsvari hans, Þjóðviljinn,

í morgun. Það er mjög nauðsynlegt fyrir þingheim að vita, hvor aðilinn það er, sem hér er að segja ósatt.

Annað mjög athyglisvert atriði var í þessu skeyti, sem hv. 2. þm. Vestf. las upp. Hann sagði, — og það er sagt í því skeyti, — ég hygg, að það hafi verið sent 18. maí, — að þá hafi ríkisstj. verið búin að ákveða tiltekna útfærslu landhelginnar og þar með voru nýjar grunnlínur. Hvað varð um þá ákvörðun ríkisstj., þegar sjálf landhelgin var stækkuð með reglugerðinni, sem var gefin út nokkrum dögum seinna, og hvaða ástæður lágu til þess, að þá var grunnlínustækkunin ekki tekin með? Er nokkur skýring önnur á því en að þá hafi það verið vegna þrýstings utan frá, að hæstv. þáv. ríkisstj. féll frá því, sem hún var búin að tilkynna Atlantshafsbandalaginu í þessu skeyti, að skyldi verða gert?

Þetta liggur fyrir í þeim sönnunargögnum, sem hv. þm. hefur sjálfur lesið hér upp, maðurinn, sem er að segja, að það megi aldrei taka tillit til þess, sem aðrir aðilar segi, og ef maður byrji að láta undan, þá komi ofbeldið strax á eftir. Var það þá vegna þess, að hæstv. vinstri stjórn guggnaði strax á fyrsta skrefinu, sem ofbeldið hófst 1. sept. 1958?

Ég skal ekki segja um, hvort orsakasamhengið er það, en eftir rökstuðningi hv. 2. þm. Vestf. liggur fyrir hans eigin skýring á þessu, orsök og afleiðingu. Það er óumdeilanlegt, að hann er nú hér búinn að leggja fram gögn um það, að hans ríkisstj. er í makki við erlenda aðila um málið og fellur frá einu höfuðatriði máls síns, eftir að þeir eru búnir að heyra mótmæli frá þessum aðilum. Partur af þeim mótmælum var lesinn upp hér áðan. Og það skyldi þó aldrei vera svo, að ástæðan til þess, að þarna hafi verið guggnað, væri sú, að eftir ákvörðun laganefndarinnar frá 1956 var ótvíræður réttur okkar til þess að færa út í 12 mílur, en hv. þm. hafi sannfærzt um, að ekki væri hægt að fara lengra í grunnlínubreytingum nema með samþykki annarra aðila. Er þetta skýringin? Eða hver er skýringin? Það liggur fyrir eftir gögnum þm. sjálfs, að hann hefur guggnað á fyrsta skrefi, sem hann steig. (**HermJ**: Má ég grípa fram í?) Já, með ánægju. (**HermJ**: Hæstv. ráðh. hlýtur að vita, að það var ekki samkomulag milli flokkanna um annað en þetta.) Var ekki samkomulag um það? Já, hvernig var samkomulagið? Var samkomulag milli flokkanna um skeytið, sem var sent 18. maí? Var samkomulag á milli flokkanna? Hafði Alþb. samþ. það skeyti? Svari hann nú. (**HermJ**: Ég skýrði frá því í ræðunni. Ég býst við, að þessi hæstv. ráðh. heyri.) Hvað sagði hann? Ég ætla að bíða. Var samkomulag milli flokkanna eða ekki, stjórnarflokkanna? (**HermJ**: Ég skýrði frá þessu í ræðu minni.) Já, var samkomulag innan stjórnarinnar um skeytið eða var ekki samkomulag um það? (**HermJ**: Ég sagði frá því í ræðu minni.) Já, var það eða var það ekki? (Gripið fram í.) Nei, ég skal bíða. Hafði Alþb. samþykkt skeytið, sem var sent? (**HermJ**: Ég skýrði frá því í ræðu minni, og ráðh. gat heyrt það.) Já, en hafði Alþb. samþykkt það eða ekki? Hv. þm., sem fæst ekki til að svara þessu núna, hann sagði, að sér hefði aldrei dottið í hug að senda skeyti í nafni allrar ríkisstj. án samþykkis hennar allrar. Nú þorir hann ekki að svara því, vegna þess að það liggur fyrir og er alþjóð kunnugt, að Alþb. var á móti því, að þetta skeyti væri sent. En þegar maður hyrjar að skrökva, þá þvælist maður alltaf í sínu ósanninindaneti eins og þessi orðlausi hv. þm. (**HermJ**: Ég efast ekki um, að ráðh. hefur reynslu fyrir því.) Já, ég hef oft horft upp á þennan þm. áður í sama neti, það er satt. Það er engin nýjung.

En svo var ákaflega athyglisvert, hvað hv. þm. talaði mikið um þetta að vísu nokkuð loðna og óákveðna skeyti frá því í maí, en vildi lítið segja um skeytið frá 22. ágúst 1958. Það skauzt þó upp úr hv. þm., að hann hefði verið ósamþykkur skeytinu eða orðalagi skeytisins. En ég spyr: Vissi hann ekki um skeytið? Var það þannig, að hæstv. utanrrh. hefði þá í heimildarleysi frá hv. þm. og hans flokki sent þetta skeyti? Já, svari þingmaðurinn. Nei, nú þegir hann líka. Sannleikurinn er sá, að auðvitað var skeytið sent með samþykki hv. þm. Og þar segir stjórnin: „Við minnum á okkar fyrri tillögu um viðurkenningu á 12 mílum gegn því, að erlendir veiði á seinni 6 mílunum um takmarkaðan tíma.“ Þar býður stjórnin fram samninga um viðurkenningu. — Ef hinir vilja láta viðurkenninguna í té, þá ætlar stjórnin af sinni hálfu að breyta reglugerðinni, sem var búið að setja í maí.

Hv. þm. sagði á dögunum: Það er allt annað að bjóða eitthvað fram einhliða af sinni hálfu, áður en reglugerðin er sett og ákvörðunin tekin, en það er fáheyrt að ætla að fara í samninga og láta undan ofbeldi eftir á. En hvað er það, sem gerist með tilboði þáv. hæstv. forsrh. 22. ágúst 1958, annað en að ríkisstj. býður að breyta reglugerðinni, sem búið var að setja, gegn því að fá viðurkenninguna? Þá ætlar hún að hleypa þeim erlendu inn, a. m. k. um þriggja ára tímabil. Mér er ekki títt að vera að herma úr einkasamtölum manna um það, sem skeði, en ég man fullvel, að þeir voru margir og það valdamiklir menn í Framsfl., sem sögðu á þeim dögum, að það væru ekki þrjú ár, sem væru síðasta orðið, ef að meginstefnu væri fallizt á þetta tilboð. Það eru allt of margir menn, sem vita það, sem þá var sagt, og heyrðu ýmsa valdamikla menn tala, til þess að það tjái að neita þeirri staðreynd.

Þessu tilboði að breyta reglugerðinni, því var hreyft, það var sett fram löngu eftir að Bretar höfðu tilkynnt, að þeir ætluðu að koma með sinn herskipaflota hingað 1. sept. 1958. Það var sett fram undir beinni ógnun um valdbeitingu, þannig að hv. þm., sem hefur ekki átt nógu sterk orð um lítilmennsku þeirra manna, sem nú eru að reyna að finna leiðir til þess að eyða þessari deilu, er sjálfur staðinn að allri þeirri lítilmennsku á fyrsta stigi málsins.

Ég hefði ekki talið það lítilmennsku af hv. þm. að geta komið í veg fyrir þessa deilu, frekar en ég tel það lítilmennsku að reyna að eyða henni nú. En það er betra að tala dálítið varlegar, taka minna upp í sig, þegar maður hefur slíkan feril sem þessi hv. þm. Ég er að vísu vorkunnlátur maður, og það má þess vegna vera, að það sé sökum þeirrar minnar skapeigindar, að mér rann til rifja, þegar ég sá hv. þm. hér á dögunum

undir ræðu hæstv. utanrrh., af því að aldrei hef ég vitað á minni þingævi nokkurn mann svo innikróaðan eins og þennan hv. þm. Hv. þm. reynir nú að brjótast út úr kvinni með þeim málflutningi, sem ég hef nú nokkuð lýst, og ég vildi nú leggja til, að við veittum undanþágu frá þingsköpum og leyfðum hv. þm. að svara.

Forseti (SÓÓ): Þá er hv. 5. þm. (FRV) á mælendaskrá, en hann hefur tilkynnt mér, að hann hafi orðið að víkja af fundi. Mér þykir ekki rétt að ljúka umr., þegar svo stendur, en aðrir eru ekki á mælendaskrá en hann. Ég mun því fresta umr. um málið. (**Dómsmrh.:** Eigum við ekki að leyfa hv. 2. þm. Vestf. að tala?) Hann hefur ekki beðið um það, en ef — (**HermJ:** Við skulum athuga það næst, þegar málið verður til umr. — **Dómsmrh.:** Næst, þarf dálítinn tíma til þess að búa til næstu —) Umr. um málið er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Ed., 11. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Mér er það ljóst, að ég er í þeirri aðstöðu, að ég á aðeins rétt á aths. samkv. þingsköpum og þingvenju. Ég á það undir vinsemd hæstv. forseta, hve langan tíma hann gefur mér til þeirrar aths. En vegna þess að ég eins og aðrir þdm. hér þekki frjálslyndi hans og sanngirni, þá vil ég sízt af öllu syndga upp á hans náð í því efni. Ég bið hann því að gera mér viðvart í minni ræðu, þegar hann telur, að ég hafi fengið þann tíma, sem mér beri til minnar aths., um leið og ég vil þakka honum þá vinsemd hans að fresta hér umræðu þessa máls í gær, eftir að ég hafði skýrt honum frá því, að ég, þótt ég væri á mælendaskrá, yrði að víkja af fundi, og gert honum grein fyrir ástæðum til þess, sem hann mat gildar.

Þegar svo er ástatt fyrir mönnum eins og mér nú, að þeir eiga aðeins rétt á aths. eftir langar umr., þá virðist mér oft um tvennt að velja: annaðhvort að reyna að svara þeim ræðumönnum, sem áður hafa talað, en þeir eru nú orðnir allmargir, síðan ég talaði hér síðast, — hæstv. ráðherrar, sem talsmenn hæstv. ríkisstj. í þessu máli, hafa talað hér oft, síðan ég talaði, — eða þá hinn kostinn að reyna í stuttu máli að draga saman og gefa yfirlit um það, sem maður hefur sagt fyrr, svo að afstaða til málsins verði sem skýrust í lok umr. Ég vel hiklaust þann kostinn. En af því leiðir, að það má vel vera, að ég gangi fram hjá að svara ýmsum veigamiklum atriðum, sem hafa komið fram í ræðum hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh., sem hér hafa talað, síðan ég talaði hér síðast.

Umr. um þetta mál eru nú orðnar alllangar í þessari hv. d. og hafa stundum orðið allharðar. Þær munu hafa orðið allharðar hér í gær, eftir að hæstv. utanrrh. tók þann kost að víkja þeim alveg sérstaklega inn á þá braut að ræða um það, sem hefði gerzt á bak við tjöldin sumarið 1958 og ekki eru margir menn til frásagnar um. Við þm. Alþb. getum leitt þessar umr. hjá okkur að mestu leyti. En fyrir okkur er það ekkert nýtt, að það sé upplýst, að hæstv. utanrrh. hafi staðið í samningamakki við þjóðir Atlantshafsbandalagsins og þar með Breta varið og sumarið og fram á haustið 1958. Ég sagði frá því í minni ræðu, það hefur fyrir löngu verið sagt frá því. Við vissum, hvað hæstv. ráðh. var að gera, en það er ekki allt komið fram. En um þetta vil ég aðeins segja það sama og ég sagði hér við hæstv. dómsmrh., þegar hann rengdi frásagnir mínar af því, sem gerðist hér vorið 1958, þegar hann var úti í löndum, — aðeins segja þetta: Við þessu er ekki nema eitt að gera, þ. e. að leggja skjölin á borðið. Og ég skoraði þá á hæstv. dómsmrh. að leggja á borðið öll þau gögn, sem eru undir hans höndum um meðferð landhelgismálsins vorið 1958 fram að þeim tíma, sem reglugerðin var gefin út 30. júní, og eftir þann tíma og draga þá ekki undan tillögur Sjálfstfl., sem komu fram á þessum tíma, eða tillögur Sjálfstfl., sem komu fram, eftir að reglugerðin var gefin út og eftir að hún tók gildi. Ég skora enn á hæstv. dómsmrh. að gera þetta og ég skora líka á hæstv. utanrrh. að leggja skjölin um það, sem hann hafðist að sumarið og haustið 1958 í sambandi við landhelgismálið, á borðið, svo að ekki þurfi að vera að deila um það hér í þingsölunum, hvað standi í þeim skeytum, sem hann sendi.

Það hittist svo á, að ég varð óvart vitni að því hér í hliðarsal þessarar hv. d., hvað fór á milli hv. 2. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Austf. með honum og hæstv. utanrrh. Hæstv. utanrrh. var með undir hendinni möppu, þar sem voru í skeyti þau, sem hann sendi sem utanrrh. í ágúst, m. a. í ágúst 1958, og hv. 2. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Austf. voru meðráðherrar þessa hæstv. utanrrh. í stjórninni. Þeir báðu um að fá afrit af þeim skeytum, sem höfðu verið gerð að umræðuefni. Þeir fengu að skrifa eitt skeytið, en ég heyrði óvart, að hv. 2. þm. Vestf. sagði: Hér er annað skeyti, má ég ekki fá að skrifa það líka? Það er um þetta mál. Það var sent þessa daga. — Nei, það færð þú ekki, sagði hæstv. utanrrh., það færð þú ekki, það er privatskeyti.

Það er privatskeyti, sem utanrrh. sendi. Það hefur stundum verið rætt í utanrmn., hvað það er, hvort utanrrh. getur sent nokkur privatskeyti eða privatorðsendingar, ef hann gerir það sem utanríkisráðherra. Það hefur komið fram í málum, merkum málum í þjóðarétti.

Það hittist svo á, að við vitum nokkurn veginn, hvað er í þessum privatskeytum hæstv. utanrrh., á hverju þau voru byggð. Þau voru byggð á samningamakki hans við forustumenn Sjálfstfl. í Sjálfstæðishúsinu og hér í alþingishúsinu í ágústmánuði 1958. Og það fólst í þeim, hvað hann treysti sér til þess að bjóða Bretum sem samningsgrundvöll með Sjálfstfl., upp á það, að hann myndaði stjórn með Sjálfstfl. Við vitum það vel. Meðan hæstv. dómsmrh. lá úti í löndum, þá vissum við, hvað gerðist. Hæstv. utanrrh. var búinn að semja við Sjálfstfl. um að svíkja í landhelgismálinu. En hann varð að svíkja Sjálfstfl., eins og forustumenn Sjálfstfl. hafa sjálfir sagt, hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. og bankastjóri Landsbankans, Pétur Benediktsson, opinberlega. Hann var kúgaður til þess að hætta við að svíkja sína flokka og þjóðina, kúgaður og svínbeygður, eins

og þeir hafa sagt, hæstv. forsrh. og hv. bankastjóri Landsbankans, Pétur Benediktsson, — það er satt. En hann var reiðubúinn til þess að semja bak við sinn forsrh., bak við sína meðráðherra, bak við sína eigin ríkisstj., með Sjálfstfl. kringum 20. ágúst 1958, nokkrum dögum áður en reglugerðin átti að ganga í gildi, sem hann hafði sjálfur undirskrifað. Við höfðum í höndunum undirskrifað plagg af hæstv. utanrrh., Guðmundi Í. Guðmundssyni. Ég vissi vel, hvað mikils virði undirskrift hæstv. utanrrh. er. Ég vissi, að hann mundi ganga á bak orða sinna, ef hann fengi tækifæri til og þyrði. En af hverju sömdu ekki þessir herrar? Af hverju sömdu þeir ekki, hæstv. utanrrh. og Sjálfstfl. með honum í ágúst 1958? Af því að þeir þorðu ekki.

Því er haldið mikið á lofti í umr. hér af hv. formælendum ríkisstj., hæstv. utanrrh. alveg sérstaklega, að það sé fáránlegt að segja, að það sé eitthvað nýtt, að þeir tala við þessar þjóðir, viðkomandi þjóðir. Þegar við segjum: Það er nýtt að semja, að semja við Breta, — þá segja þeir: Það er ekki nýtt. — Það er alveg rétt hjá þeim, það er ekki nýtt, því miður. En þessir hæstv. ráðherrar mega ekki gleyma því, að það eru til gögn í landhelgismálinu, fleiri en þau, sem felast í ræðum þeirra hér á hv. Alþ. og frammi fyrir íslenzku þjóðinni. Það eru til gögn, sem ríkisstjórnir Íslands hafa lagt fram fyrir aðrar þjóðir, fyrir allar þjóðir heims, hvítar bækur, sem ríkisstjórnir Íslands hafa gefið út um afstöðu íslenzkra ríkisstjórna fyrr og síðar í landhelgismálinu. Og þau gögn vitna um það, að það hefur alltaf verið afstaða allra ríkisstjórna, sem hafa haldið á málinu, að semja ekki við einstakar þjóðir eða neina um framkvæmdaratriði í málinu. Ég gæti hér, ef ég hefði tíma til, lesið upp niðurstöður — aðeins niðurstöður — þessara fjögurra hvítu bóka, sem eru til. Þær eru allar á þessa leið. Ég hef ekki tíma til þess, en þessar hvítu bækur voru gefnar út, hin fyrsta í september 1954, önnur í október 1955, hin þriðja haustið 1958 og hin síðasta í júní 1959. Þar er saga málsins skráð, eins og hún horfir við gagnvart öðrum þjóðum, og það er sá málflutningur, sem hæstv. ráðherrar mega ekki gleyma.

Ég hef sagt hér: Með samningum okkar við Breta nú erum við að brjóta niður allar röksemdir okkar, alla málfærslu okkar — eins og við höfum lagt hana fyrir í meira en áratug — gagnvart öllum þjóðum heimsins, — við erum að brjóta hana niður og gera hana að engu. Eða er hér nokkur maður, sem leggur það í alvöru að jöfnu að gera nú sérsamning við Breta um landhelgismálið og þar með alveg tvímælalaust um landhelgismörkin, fiskveiðimörkin sjálf, eða það, sem hefur gerzt, að ráðherrar, sem hafa verið að því komnir fyrir hönd þjóðarinnar að ákveða sérstakar aðgerðir í landhelgismáli okkar, þó að þeir hafi, áður en til framkvæmdanna kom, tilkynnt og skýrt fyrir öðrum ríkisstjórnum, þ. á m. ríkisstj. Breta, hvað íslenzka ríkisstj. hefði í hyggju að gera? Er hér nokkuð maður, sem leggur þetta að jöfnu? Er hér nokkur maður auk þess, sem hefur gleymt því, sem Bretar hafa gert íslenzku þjóðinni síðan 1. sept. 1958?

Svo kemur hæstv. dómsmrh. og leyfir sér að segja, að við höfum fordæmi í þessum málum, fordæmi Norðmanna, Norðmenn séu nýbúnir að semja við Breta. Ég veit, að hæstv. dómsmrh. kynnir sér alltaf vel mál, og honum er það allra manna ljósast, að dæmi okkar og Norðmanna er algerlega ósambærilegt. Norðmenn voru með sögulega réttinum. Þeir álíta, að sögulegi rétturinn sé til, og þess vegna er eðlilegt, að þeir semji við Breta á þeim grundvelli. Við höfum neitað því. En Bretar hafa ekki framið þau afbrot í garð norsku þjóðarinnar, sem þeir hafa framið í garð íslenzku þjóðarinnar.

Ég sagði áðan, að ég hefði ekki tíma til þess nú að lesa svo mikið sem niðurstöður hinna 4 hvítu bóka, sem íslenzkar ríkisstjórnir hafa gefið út um landhelgismálið. En eina eða tvær af niðurstöðunum í hinni síðustu þeirra, hinni síðustu, sem gefin var út í júní 1959, ætla ég að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Hún er rituð á ensku máli og hún heitir á ensku máli British Agression in Icelandic Waters — Brezk árás á hafinu við Ísland. Og niðurstaðan er sú, að árás Breta á hafinu við Ísland samrýmist ekki stofnsamningi Sameinuðu þjóðanna og meginreglum annarra félagsstofnana, svo sem Atlantshafsbandalagsins og Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, sem bæði Ísland og Bretland séu meðlimir í. M. ö. o.: íslenzka ríkisstj. segir: Brezka árásin á Ísland, sem hefur átt sér stað frá 1. sept. 1958 og þangað til í sumar, skulum við segja, hún er brot á stofnsamningi Sameinuðu þjóðanna, hún er brot á samningi Atlantshafsbandalagsins, og hún er brot á stofnsamningi Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Þetta segir íslenzk ríkisstj. Ég veit, að hæstv. utanrrh. hefur ekki tekið saman þessar bækur. Hann nennir ekki sliku verki. En þessar bækur eru vel gerðar, fullsómasamlega lagðar fram málstaður Íslands frammi fyrir öðrum þjóðum, — en þetta er lokaniðurstaða hinnar síðustu þeirra: Alvarleg slys geta átt sér stað, hvenær sem er, og þess vegna verður að kalla brezk herskip í burtu frá Íslandi þegar í stað.

Þetta var krafa íslenzkrar ríkisstj. Þessari bók og þessum kröfum hefur verið útbýtt meðal allra þjóða í sambandi Sameinuðu þjóðanna, þessari kröfu íslenzku þjóðarinnar. Hvað er svo gert í þessu máli? Það, sem hefur gerzt í þessu máli, ég leyfi mér, með leyfi hæstv. forseta, að rifja það upp:

Þann 10. ágúst í sumar — í dag er 11. nóvember — fyrir rúmum þremur mánuðum ákvað íslenzk ríkisstj. að ganga til samninga við þessa ríkisstj. að ganga til samninga við þessa ríkisstj. Breta sérstaklega, sem hún hefur opinberlega borið þessum sökum. Í þessa þrjá mánuði hefur hvorki Alþingi né þjóðin fengið neinar fregnir af því, hvað sé að gerast né að hverju sé stefnt. Við vitum, að í 10 daga sátu fulltrúar ríkisstjórna Bretlands og Íslands á fundum hér í Reykjavík. Við vitum, að þegar fulltrúar Breta komu heim til síns lands, þá gáfu þeir nákvæmar skýrslur um gang þessara samninga, ráðherrum sínum tveimur, mikils metnum ráðherrum í stjórn Bretlands, og brezkum togaraeigendum. Við vitum, að skömmu síðar voru enn sendir tveir mikilsvirtir fulltrúar íslenzku ríkisstj. til London, til þess

að undirbúa frekari samninga. Og við vitum af opinberri tilkynningu, að á mánudaginn kemur, þann 14. þ. m., koma brezkir fulltrúar hingað til Reykjavíkur til þess vitanlega að ganga frá samningum.

Alþingi hefur setið að störfum síðan 10. okt. Þetta mál var eitt það fyrsta, sem flutt var hér á Alþ., og eitt hið fyrsta, sem við sögðum, stjórnarandstæðingar, var: Megum við spyrja um, hvað er að gerast? — Ég leyfði mér í frumræðu minni að rifja upp nokkur höfuðatriði þessa máls og þá ekki fyrst og fremst þau, sem hafa aðgreint okkur og valdið ágreiningi milli okkar, þingflokka hér á Alþ., heldur hin, sem hafa sameinað okkur þrátt fyrir allt, Þetta var meginuppistaða minnar fyrstu ræðu. Ég lagði áherzlu á það, að allar ríkisstjórnir, sem hafa haldið á þessu máli, hafa reynt að ná samstöðu allra þingflokka um hverja aðgerð í málinu. En allar aðgerðir þeirra hafa vitanlega miðað fram á við, þær hafa verið um útfærslu landhelginnar. En þann 10. ágúst í sumar tilkynnti hæstv. ríkisstj. stjórnarandstöðunni, að hún ætlaði að ganga til samninga við Breta. Og hún lét stjórnarandstöðuna vita, að hún ætti engan þátt að eiga í þeim samningum, hún vildi enga samvinnu við stjórnarandstöðuna um þetta. Þetta er auðvitað höfuðsök hæstv. ríkisstj., mesta brotið, sem hún hefur framið. Með þessu hefur hún gengið berast á móti stefnu allra ríkisstjórna, sem hafa setið í þessu landi og haldið á þessum málum. En ég sýndi fram á það í fyrstu ræðu minni um þetta mál, að með þessu gerðu hæstv. ráðherrar, sem halda sérstaklega á þessu máli nú af hálfu ríkisstj., sig sjálfa að viðundri, af því að þeir höfðu sagt opinberlega og látið bóka eftir sér í utanrmn., t. d. hinn 13. júlí í sumar, tæpum mánuði áður en hæstv. ríkisstj. tilkynnti stjórnarandstöðunni þá afstöðu sína, að hún ætlaði að ganga til samninga við Breta, þá tilkynnti hæstv. utanrrh., að það kæmu ekki til mála neinir samningar við Breta. Ég hef lesið þessa stuttorðu yfirlýsingu hæstv. utanrrh., sem var gefin fyrir hönd ríkisstj., í báðum þingsölunum, en með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að leyfa mér að gera það enn. Orð hans eru þannig, hinn 13. júlí í sumar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar hefur það oft komið fram hjá Bretum," sagði hæstv. ráðh., „að þeir leggja áherzlu á að taka upp viðræður við Íslendinga um málið. Afstaða ríkisstj. nú hefði verið sú sama og fyrri ríkisstjórna að hafna öllum tilmælum um samningaviðræður, þar eð ekkert væri við Breta að semja um viðáttu fiskveiðilögsögunnar við Ísland."

Þetta var í fyllsta samræmi við aðra yfirlýsingu, sem hæstv. utanrrh. gaf á fundi utanrmn. 27. apríl 1959, þar sem hann sagði:

„Við höfum svarað, að við séum ekki til viðræðna um stærð fiskveiðilögsögu Íslands. Að áliti utanrrh." — stendur hér bókað — „kemur ekkert nýtt fram, ef við tökum málið upp aftur innan NATO, en í þess stað kunna að geta skapazt nýir erfiðleikar."

Þannig hefur hæstv. utanrrh. gert sjálfan sig að viðundri með yfirlýsingum sínum í utanrmn. og gerðum sínum, eftir að hann ákvað með hæstv. ríkisstj. að taka upp samninga við Breta. En, hef ég sagt, það er ekki verst, þó að þessir hæstv. ráðherrar geri sig að viðundri og þó að þeir geríst svikarar við sína flokka, svikarar við það, sem þeir hafa sagt í kosningum og frammi fyrir þjóð sinni. Það er ekki verst. Verst er það, ef íslenzka ríkisstjórnin, sú íslenzka ríkisstj., sem nú situr, gerir sig að viðundri, af því að hún gerir allt annað en hún hefur byggt allan sinn málflutning á frammi fyrir heiminum í 10 ár. Það liggur hér fyrir í hinum hvítu bókum ríkisstj.

Rökin fyrir því að ganga nú til samninga við Breta eru fyrst og fremst þau, að það verði að koma í veg fyrir hættu af árekstrum á hafinu, og í sambandi við þessi rök sérstaklega hæstv. dómsmrh., — hæstv. utanrrh. hefur reyndar líka gert sig klökkan hér í ræðustólnum um þessa hættu, þessa lífshættu íslenzkra sjómanna, — um þessi rök hef ég haft það að segja að minna á, að forkólfar Sjálfstfl., hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., höfðu einu sinni till., sem var byggð á þessum rökum. Þeir höfðu þessa till. haustið 1958 og fram að áramótum 1958—59, en þá felldu þeir hana niður og hættu að tala um hana. Þá hættu þeir að tala um hættuna á árekstrum, þá hættu þeir að tala um lífshættu sjómannanna á hafinu, og þann 5. maí 1959 létu þeir þessa till. niður falla með öllu, till. um að taka upp viðræður við Breta vegna hættunnar af árekstrum á hafinu. Síðan hafa þeir ekki minnzt á hættuna af árekstrum á hafinu fyrr en 10. ágúst 1960. Langt á annað ár gleymdu hæstv. dómsmrh. og hæstv. forsrh. alveg hættunni, lífshættunni. Eða hafa þeir talað um hana? Hefur hæstv. dómsmrh. haldið þessu vakandi fyrir þjóðinni þennan tíma, allt árið 1959, lífshættunni, sem sjómennirnir séu í? Hefur hann gert það? Hefur hann gert það í hverri ræðu, sem hann hefur haldið fyrir þjóðinni, í hverju blaði Morgunblaðsins? Hann er þarna inni. Hann getur svarað, ef hann hefur gert þetta. Hann var hér að heimta í gær, er mér sagt, að honum væri svarað úr sæti. Hefur hann svarað? Getur hann svarað? Eða gleymdu þeir, þessir herrar, lífshættu íslenzkra sjómanna, gleymdu þeir henni í hálft annað ár? Jú, auðvitað. En eru þessir hæstv. ráðh. vissir um, að þeir séu að þurrka burt lífshættuna á hafinu við Ísland fyrir brezkum herskipum, fyrir brezkum togurum, með samningum við Breta, með þeim samningum, sem þeir standa nú í við Breta?

Þó að okkur hafi verið neitað um allar upplýsingar um það, hvað hafi verið talað um í 3 mánuði milli fulltrúa íslenzku ríkisstj. og brezkrar, þó að okkur sé neitað um allar upplýsingar um þetta og ekki svarað nema skætingi og útúrsnúningum af hæstv. utanrrh., þá hefur þó gægzt fram í ræðum hæstv. dómsmrh., um hvað sé verið að tala. Það hefur verið talað um það að veita Bretum hlunnindi, rétt til þess að veiða milli 6 og 12 mílna, annaðhvort einhvers staðar eða alls staðar við Ísland, gegn því, að íslenzk fiskiskip fái að veiða einhvers staðar eða alls staðar utan 12 mílna við Ísland, þ. e. a. s. á opna hafinu, sem Bretar kalla, á opna hafinu, þar sem Bretar vilja ekki vera, og við eigum að selja réttinn til þess að fá að veiða milli 6 og 12 mílna, hleypa þangað brezkum togurum og borga í stað-

inn fyrir réttinn til þess að veiða einhvers staðar utan 12 mílnanna. Þetta er málið. En ef brezku togararnir koma eftir samninga hæstv. ríkisstj. inn á svæðin milli 6 og 12 mílnanna, sem bátaflotinn okkar hefur verið á síðustu 2 árin, nema í þeim hólfum, sem brezk herskip hafa gætt, eru þá hæstv. ráðh. vissir um, að hættan, lífshætta okkar sjómanna, verði minni? Við skulum segja, að brezku herskipin fari, þau gæti ekki brezku togaranna, eins og þau hafa gert í hólfunum. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. dómsmrh. ætlist til þess, að lögsagan milli 6 og 12 mílna verði bæði okkar og Breta, þ. e. a. s. brezku herskipin verði þar. Nei, ég geri ráð fyrir því, að okkur verði ætlað að halda uppi lögum og rétti, við eigum lögsöguna milli 6 og 12 mílnanna. En brezku togararnir koma, og ekki aðeins þeir, segi ég, heldur togarar allra annarra þjóða eða flestallra, sem hafa veitt við Ísland. Ég hef að vísu ekki fengið svar við þeirri veigamiklu spurningu, sem ég bar hér fram og lagði einna þyngsta áherzlu á, nema skæting einn. En ég veit það, það þarf ekki hæstv. utanrrh. að segja mér, um það hefur hæstv. ríkisstj. hugsað, og það er ekki hugsanlegt í því máli annað en það, að togarafloti allra þeirra þjóða, sem hafa veitt við Ísland, fái sama rétt og Bretar — eða flestallra.

Verður þá hættan minni fyrir íslenzka sjómenn milli 6 og 12 mílnanna heldur en hún er í dag? Ef þetta eru aðalrök hæstv. utanrrh., hæstv. dómsmrh., hæstv. ríkisstj. í heild sinni, eigum við þá að ræða þau betur?

Jú, það verður áreiðanlega spurt, þegar þeir segja, þessir hæstv. ráðh., um mig, að ég tali kaldranalega til íslenzkra sjómanna, þeir mega gera það eins mikið og þeir vilja, en það verður spurt: Hvernig er verið með þessu að tryggja líf íslenzkra sjómanna?

Eins og ég hef sagt áður, þó að hæstv. ráðh. fáist ekki til að gefa Alþ. nein svör, þó að þeir hafi sannanlega staðið í samningum, sannanlega í mánuð, við brezka ríkisstj., þá koma svörin fram. Þau koma einhvern tíma.

Það er auðvitað ekki spurt af þjóðinni í dag um það, hvað hafi farið á milli okkar, einna eða annarra, vorið, sumarið eða haustið 1958. Þjóðin er ekki að spyrja um það í dag, og það karp okkar má bíða, þangað til hæstv. ráðh. koma með skjölin á borðið, sem er frumskilyrði til þess, að hægt sé að tala um það. En það er spurt af þjóðinni í dag: Þegar brezku sendimennirnir koma hingað á mánudag, hvað gerist þá? Verður þá samið við Breta? Það er ein spurning. Þorir hæstv. ríkisstj. að semja við Breta? Þorir hún, eftir allt, sem á undan er gengið, og með þeim rökum, sem hún þykist hafa, — þorir hún?

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. telur sig hafa lagalegan rétt til þess, ég veit, að hún telur sig hafa meiri hl. á hv. Alþ. til þess. Bretum, sem í sínum blöðum hafa sagt margt skynsamlegt orð um þetta mál, þó að þeir séu andstæðir okkur, hefur þótt meiri hl. hæstv. ríkisstj. hér á Alþ. heldur knappur til þess að tryggja þeim örugga samninga. Já, hann er knappur, en ég býst ekki við því, því miður, að það reynist vera í liði hæstv. ríkisstj. nokkur Pétur Ottesen lengur, nokkur maður, sem hlýðir ekki hæstv. ríkisstj.

Við höfum rifjað hér upp í karpi okkar um það, sem gerðist 1958, yfirlýsingarnar og hvað var verið að gera bak við tjöldin. Við höfum rifjað upp þennan óheppilega tviskinnungshátt að standa í samningum við aðrar þjóðir, allan fjöldann af þeim viðkomandi þjóðum, um leið og við erum að undirbúa einhliða aðgerðir í málinu.

Við vitum það vel, þó að við segjum það ekki hér í hverri ræðu, hvers vegna hv. Sjálfstfl. og hv. Alþfl. þorðu ekki að vera á móti reglugerðinni 1958. Það var af því, að það voru kosningar fram undan 1959, og af engu öðru. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. þyrði ekki að semja, þó að hún hafi hér eins eða tveggja manna eða nokkurra atkv. meiri hl. á Alþ., — hún þyrði ekki að semja, ef það væru kosningar fram undan, því að hún veit, hvernig þjóðin hugsar.

Ég er ekki talsmaður þess, að í utanríkismálum séu tilfinningar látnar ráða, en ég veit, hvernig íslenzka þjóðin finnur til í þessum málum. En ég er talsmaður þess, að hver þjóð og ekki sízt svo lítil þjóð sem Íslendingar eru hafi einhvern metnað, og það veit ég að hún á. Ég veit, að hún hefur meiri metnað en hæstv. ríkisstj. á til að bera.

Hæstv. utanrrh. ætlaði mér það hér í einni ræðu sinni, að ég bæri sérstaklega fyrir brjósti hagsmuni tveggja þjóða, tveggja erlendra þjóða. Ég ber ekki fyrir brjósti hagsmuni nema einnar þjóðar, og við vitum allir, hvaða þjóð það er. Og ég hef ekki borið það á neinn mann, neinn þm., neinn Íslending, að hann beri hagsmuni annarrar þjóðar fyrir brjósti. Ég ber það ekki jafnvel á hæstv. utanrrh. En ég er hræddur um, að hæstv. dómsmrh., svo merkur og ágætur maður sem hann er, hann kunni aldrei að rétta úr sér og standa beinn í baki, þegar hann talar við Breta og Ameríkumenn. Ég er hræddur um, að hann hafi ekki — og hæstv. utanrrh. svo miklu síður — þann metnað fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar, sem öll tilvera hennar byggist á, því að ef hún hefði ekki slíkan metnað, þá væri það vonlitið fyrirtæki, vonlitið fyrir svo litla þjóð að lifa í þessu landi. Það er þetta, sem ég óttast. Ég ber ekki föðurlandssvik eða neitt slíkt á hæstv. ráðh., ég hef aldrei gert það hér. En ég er hræddur um, að það komi í ljós, að við alþm. fáum ekkert að vita um þá samninga, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið í, fyrr en þeir eru gerðir. Ég hef aðvarað hæstv. ríkisstj. Í frv. okkar, sem er hér til umr., felst aðvörun til hæstv. ríkisstj., en það felst líka í því tilboð um það að standa allir sameinaðir, allir flokkar á Alþ., sameinaðir um þau höfuðatriði þessa máls, sem við höfum verið sammála um og höfum staðið sameinaðir um, að standa í hinni erfiðu árás Breta sameinaðir og þolgóðir, eins og við höfum gert. Ég er sannfærður um það, að mikill meiri hl. íslenzku þjóðarinnar krefst þessa, og þess vegna er hæstv. ríkisstj. ekki óhætt að gera samninga við Breta, sem hún er nú að gera og ef til vill að ganga frá, — alls ekki. Hæstv. ríkisstj. getur ekki tryggt brezkum togaraeigendum, sem eru hér aðilar þrátt fyrir allt, hún getur ekki tryggt brezkum togurum þá aðbúð hér í íslenzkum höfnum, sem þeir þurfa að tryggja sér m. a. í þessum samningum, nema íslenzka þjóðin sé með þessum

samningum. En hún er það ekki. Hún verður á móti þeim. Af hálfu stjórnarandstöðunnar verður barizt á móti þeim, eins og yfir hefur reyndar verið lýst með flutningi þessa frv. Sú barátta mun halda áfram hér innan skamms, næstu daga hér á Alþ., þegar sú þáltill., sem við flm. þessa frv. flytjum ásamt öðrum hv. þm., fær að koma til umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Síðasti ræðumaður lauk máli sínu með því að vitna til þáltill., sem nú er komin fram í Sþ. og er í raun og veru þess efnis að flytja þær umr., sem hafa staðið hér í þessari hv. d. nú alllangan tíma, yfir í hv. Sþ. Ástæðan til þess tillöguflutnings virðist ekki geta verið önnur en sú, að eftir þessar býsna löngu umr. hér í d. hafi flm. þessa frv. — og tveir þeirra fremstu eru einnig meðal flm. till. í Sþ. — talið sig þurfa á liðsstyrk að halda vegna þess, að svo mjög hafi hallað á þá í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað, og skil ég þá afstöðu þeirra mætavel.

Hv. síðasti ræðumaður talaði mikið um það, hvílík þjóðareining hefði verið um meginatriði þessa máls hingað til. Um þetta ræddi hann í öðru orðinu, en í hinu lýsti hann á hinn ferlegasta hátt þeim svikum, sem hæstv. utanrrh. hefði verið að undirbúa í þessu máli 1958 með þátttöku Sjálfstfl. Ef eitthvað væri til í þeim söguburði, er það ekkert sérstakt sannindamerki um mikla einingu um málið á fyrri stigum þess. En þessi áburður um svik af hálfu Alþfl. og Sjálfstfl. fyrirhuguð á árinu 1958 er því furðulegri vegna þess, hversu þessi hv. þm. var fámáll um þátt Framsfl. í málinu á því ári. Nú er það fram komið hér í hv. d. og hv. þm. lýsti því og raunar hv. 2. þm. Vestf. í gær einnig, að Alþb.-mönnum hefði a. m. k. verið kunnugt um nokkurn hluta þeirrar sögu fyrir löngu, að strax í maí 1958 voru send skilaboð í nafni ríkisstj. Íslands, skilaboð, sem mér skilst að Alþb. hafi ætíð lýst sig vera algerlega andvígt, og það hefur verið sagt hér frá því, að hv. 2. þm. Vestf. hafi sjálfur átt ríkan þátt í samningu þessa skeytis, þar sem talað er í nafni allrar ríkisstj. og viss skilaboð send áleiðis í nafni hennar.

Nú vil ég spyrja hv. 5. þm. Reykn.: Var honum eða hans flokki kunnugt um þetta skeyti, áður en það var sent? (**FRV:** Ég vissi, hvað hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. voru að gera.) Já, hann vissi, hvað ég var að gera, því að eftir hans eigin sögn hér í d. áður var ég suður á Miðjarðarhafsströndu, og ég hef þá ekki verið í miklu makki hér við hæstv. utanrrh., og hv. þm. hefur margoft minnzt á það, að ég viti ekkert um það, sem gerðist, af því að ég hafi verið þarna suður frá, svo að það var ekki verið að tala um það, hvað ég gerði. En ég spyr: Vissi hv. þm. um þetta skeyti, sem hæstv. fyrrv. forsrh. samdi í samráði við eða ásamt hæstv. þáv. utanrrh.? Vissi hann um skeytið, áður en það var sent? (**FRV:** Ég skal svara hæstv. ráðh. þegar ég má.) Það er hægt að svara þessu með einföldu svari, já eða nei. (**FRV:** Ráðh. Alþb. áttu engan þátt í samningu skeytisins og tóku fyrirvara á móti sendingu þess, en ég vissi um efni skeytisins og var ekki hræddur við það.) Nú, hann var þá einn í samsærinu með þeim. Þá vitum við það. Það hefur verið sagt frá því í Þjóðviljanum og síðast þessa dagana, að þetta skeyti hafi verið sent án þess, að fulltrúar Alþb. hafi um það vitað, en nú höfum við játningu hv. þm. fyrir því, að hann hafi um það vitað. (**FRV:** Og vissi, að því yrði neitað.) Já, við heyrum, hvað maðurinn segir. Það er þá sem sagt rangt, sem Þjóðviljinn hefur sagt og hefur verið ein aðaluppistaðan í málflutningi Alþb. fram að þessu, að því hafi verið algerlega ókunnugt um þetta skeyti. Eða er það kannske svo, að þessi hv. þm. sé meiri trúnaðarmaður hv. 2. þm. Vestf. heldur en Alþb.? Það hefur stundum heyrzt, að hann væri eins konar flugumaður innan Alþb. (**FRV:** Ef hæstv. ráðh. meinar þetta, þá ætla ég að biðja um orðið til þess að bera af mér sakir.) Ég hygg, að hvað sem var um vitneskju Alþb. um þetta margumtalaða skeyti, þá sé það rétt, þó að ég hafi ekki verið staddur hér á landinu, að efni skeytisins hafi áður verið borið undir Sjálfstfl. og einmitt af hæstv. þáverandi forsrh., Hermanni Jónassyni, og sýnir það kannske nokkuð starfshætti innan þáverandi hæstv. ríkisstj., að hæstv. þáverandi forsrh. skyldi leita til stjórnarandstöðunnar í slíku máli og um afgreiðslu annars eins vanda, ef það er rétt, að hann hafi ekki borið sig saman við Alþb.-ráðherrana, heldur einungis hv. 5. þm. Reykn., eins og nú er komið fram.

Þá komum við að skeytinu frá 20. ágúst eða þar um bil, sem einnig er ómótmælt að hæstv. forsrh. átti hlut að því að senda. Var það skeyti sent með vitund Alþb. alls eða kannske einungis eins manns í Alþb. eða ef til vill einskis? Þetta er mjög fróðlegt að fá vitneskju um, þegar verið er að ræða um þá miklu þjóðareiningu, sem haldið er fram að ætíð hafi ríkt í þessu máli fram á síðustu daga. (**FRV:** Fróðlegt væri að fá öll skeytin á borðið og ræða svo.) Það væri fróðlegt að fá öll skeytin á borðið, það er alveg rétt, og Sjálfstfl. bar fram um það till. í ágúst 1958 og skrifaði hæstv. forsrh. um það, að öll skeyti, sem send hefðu verið, og öll gögn varðandi samninga á milli flokka væru birt af hálfu hæstv. ríkisstj. Hæstv. forsrh. vildi þá ekki verða við þessari sjálfsögðu ósk. En ég tel það sjálfsagt, að áður en yfir lýkur, verði þjóðinni gerð grein fyrir öllum gangi þessa máls. Það er í samræmi við ósk okkar frá 1958 og í samræmi við það, sem ég lét uppi strax í fyrsta skipti, sem ég talaði um þetta frv. hér. En það er mjög athyglisvert, að hvorki hv. 5. þm. Reykn. né hæstv. fyrrv. forsrh. fást til þess að segja neitt um þetta skeyti frá því í ágúst 1958. (**FRV:** Ég hef ekki séð það.) Ekki séð það. Þá var jafnvel trúnaðurinn við hann búinn af hálfu Hermanns Jónassonar. Það væri synd að segja, að það kæmi ekki sitt hvað fram í þessum umr.

Þá kem ég að hinu, þegar sagt er, að það hafi aldrei átt sér stað samningaumleitanir af hálfu Íslendinga um þetta mál við aðrar ríkisstj. fyrr en nú, og hv. 5. þm. Reykn. sagði, að það hefðu engar samningaumr. verið, og byggði það á þeim rökum, sem hv. 2. þm. Vestf. flutti hér í gær, að það væri allt annað að áskilja að gera eitthvað einhliða gegn því, að einhver annar gerði eitthvað einhliða á móti, heldur en að gera samning.

Þetta er ákaflega snjöll hugsun, en hún er ekki alveg frumleg.

Það var sem sé einu sinni á lögreglustjóraárum hv. 2. þm. Vestf., að maður hér í Reykjavík var kærður fyrir sprúttsölu. Ég veit ekki, hvort hv. þm. yfirheyrði manninn sjálfur eða ekki. En það er auðsjáanlega alveg sama hugsunin, sem felst á bak við. Maðurinn var spurður um það, hvort hann hefði nokkurn tíma selt áfengi. Nei, hann sagðist aldrei hafa selt áfengi, en hann sagðist stundum hafa gefið mönnum áfengi og þeir hefðu gefið sér peninga í staðinn. Þetta er auðsjáanlega fyrirmynd hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Reykn. í lögskýringum þeirra nú, og þarf ég ekki að rekja þá sögu frekar. Það var auðvitað, að maðurinn var dæmdur þrátt fyrir þessar gjafir á báða bóga.

Hv. 5. þm. Reykn. sagði, að ég og við sjálfstæðismenn hefðum gleymt hættunni, sem sjómenn voru í — mér skildist stundum á öllu árinu 1959, stundum var talað um eitt og hálft ár, stundum raunar bara frá því í apríl 1959 og eitthvað fram á þetta ár, svo að eitthvað var málum blandað um sagnfræðina eins og oft hjá þessum ágæta hv. þm. Sannleikurinn er sá, að við höfum ætíð lagt á það ríka áherzlu, hvílíka hættu þessi deila færði yfir íslenzka sjómenn, og við teljum, að þáv. hæstv. ríkisstj., vinstri stjórnin, hafi látið ýmislegt ógert á árinu 1958, sem hægt var að gera til þess að eyða þessari deilu. Við héldum áfram að vekja athygli stjórnarvaldanna á þessu, eins og hv. þm. segir, langt fram á árið 1959, að sérstakra ráðstafana væri þörf. En þá var búið að ákveða, að kölluð skyldi saman sérstök ráðstefna, þar sem menn vonuðust til þess að málið leystist, og þess vegna var mjög eðlilegt, að beðið yrði með frekari ráðstafanir, þangað til þeirri ráðstefnu lyki.

Von okkar allra var sú fyrir ráðstefnuna og við getum sagt fram yfir ráðstefnuna, að það tækist að bægja þessari hættu frá. Nú er því miður komið á daginn, að hún er vöknuð upp aftur enn á ný, e. t. v. í hættulegra formi, eins og hæstv. utanrrh. las upp eftir hv. 2. þm. Vestf. hér á dögunum, heldur en nokkru sinni áður, ef ekki verður að gert. Og það er alveg eins og hv. 5. þm. Reykn. sagði, í utanríkismálum tjáir ekki að láta tilfinningar, hvað þá gremju ráða gerðum sínum. Hvort sem okkur líkar betur eða verr við framkomu Breta, — og ég held, að við getum a. m. k. allir verið sammála um það, að okkur líkar illa við hana í þessu máli, um það er enginn ágreiningur, — þá verðum við að meta staðreyndirnar eins og þær eru og gera okkur grein fyrir því, hvernig við eigum að eyða þessari hættu.

Í öðru orðinu tala hv. stjórnarandstæðingar um það, að hættan sé í raun og veru engin og þess vegna þurfi ekkert að aðhafast. Tíminn muni leysa málið fyrir okkur, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði, og var þó nokkur ábending, eða eins og hv. 5. þm. Reykn. sagði: Á okkur er ráðizt, en við vitum bara ekkert, fyrir hverjum á að kæra.

Ég lagði á það áherzlu í minni fyrstu ræðu, hvaða leiðir eru til þess að eyða þessari deilu og þar með þeirri miklu hættu og margs konar óhagræði, sem með henni er fært yfir okkar þjóð. Ég skal athuga hverja einustu leið og till., sem fram kemur um, hvernig þeirri hættu skuli eytt. En ég hef ekki heyrt enn þá bent á eina einustu raunhæfa leið í þeim efnum hér í þessum umr. Meginyfirlýsingar hv. þm., þeirra sem ég hef oftast vitnað til, voru, að það væri ekkert hægt að gera. Hv. 2. þm. Vestf. vitnaði raunar á seinna stigi málsins í þá hugmynd, að hægt væri að kæra málið fyrir Bandaríkjastjórn. Hann veit það jafnvel og ég, að það er ekki líkleg leið til þess að leysa þessa deilu, enda vitum við það öll, sem hér erum, að ef hann hefði sjálfur litið svo á, á meðan hann var æðsti valdamaður þessarar þjóðar, þá hefði hann kært fyrir Bandaríkjamönnum strax haustið 1958, þegar ofbeldi Breta hér við landið hófst. Og hvað sem öðru líður, þá er afstaða okkar um kæru nú á þeim vettvangi mun veikari, vegna þess að það ráð var ekki tekið þá strax.

En ég hygg, að ef rétt er skoðað, þá sé sú ástæða til þess, að hv. 2. þm. Vestf. kærði ekki, hin sama og hv. 5. þm. Reykn. sagði nú að réttlætti samninga Norðmanna við Breta. Hann sagði: Þeir eru sammála Bretum um það, sem deilt er um að meginefni til í málinu, þ. e. a. s. hinn sögulega fiskveiðirétt. Á sama veg hygg ég, að það sé skýringin á því, að hv. 2. þm. Vestf. kærði ekki fyrir Bandaríkjastjórn eða Atlantshafsbandalaginu haustið 1958, að hann vissi fyrir fram, að bæði Bandaríkjastjórn og öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins önnur en við voru á annarri skoðun en Íslendingar í þessu máli. Þau töldu, að þarna væri um réttarágreining að ræða og að Bretar hefðu rétt fyrir sér, en við rangt. Það var í ljósi þessa, sem þáv. hæstv. forsrh. vildi ekki kæra, eða a. m. k. hef ég ekki getað fundið aðra skýringu á athafnaleysi hans þá. Það gefst vonandi síðar betra tækifæri til þess að ræða þá hlið málsins, og ég hygg, að ástæðan til þess, að þessir hv. þm. hafa nú ekki tekið undir það, sem þó kommúnistar a. m. k. eða Alþb.-menn hafa mjög haft á oddi öðru hverju, að við ættum að kæra fyrir Sameinuðu þjóðunum, — að skýringin á því, að þessir hv. þm. hafa ekki tekið undir þá till., sé sú, að þeir vita, að yfirgnæfandi meiri hluti Sameinuðu þjóðanna er á annarri skoðun um réttarstöðu málsins en við Íslendingar. Okkur kann að þykja þetta hart, og við vildum, að þetta væri allt öðruvísi, en þetta er því miður ein af þeim staðreyndum, sem við komumst ekki hjá að taka tillit til í þessu máli.

En einmitt þess vegna horfir málið nú mun betur við og er hægara til samninga en áður var, að ágreiningurinn er nú orðinn miklu lítilvægari en hann var. Áður var deilt um það, hvort yfirleitt mætti fara út fyrir 4 eða 6 mílur með fiskveiðilögsögu og jafnvel út fyrir 3 mílur á vissu stigi, og síðar var deilt um, hvort ætti að haldast eilíf söguleg fiskveiðikvöð. Nú eru þessi miklu ágreiningsefni úr sögunni. Og ég skil ákaflega vel, að það var erfitt að finna lausn á þessu máli, meðan staðið var bjargfast á þessum atriðum af hálfu okkar gagnaðila. En eftir að þeir eru komnir í það, að hin sögulega fiskveiðikvöð eigi í lengsta lagi að vera 10 ár, og við vitum allir, að þeir eru fáanlegir til þess að semja um miklu skemmri tíma og sennilega með skilmál-

um, sem að öðru leyti eru okkur hagkvæmir, þá horfir málið allt öðruvísi við en það áður gerði. Og ég skora nú mjög á þessa hv. þm., sem ég, þó að ég deili hart við þá stundum, veit að eru engir skynskiptingar — (FRV: Þegar þeir eru dauðir, þá á að skora á þá að svara.) Nei, ekki svara, mér datt það ekki í hug, að ég fengi svar út úr þeim, en mér datt kannske í hug, að ég gæti fengið þá til þess að hugsa. (FRV: Hæstv. ráðh. veit, að við getum ekki svarað nú hér í hv. d.) Nú, þetta á að byrja aftur í sameinuðu þingi eftir nokkra daga, og þá geta þeir hugsað sig um þangað til og komið með skrifaðar ræður. Það ætti ekki að vera svo ákaflega mikill vandi fyrir þá. En ég vil biðja þá um að íhuga efni málsins öfgalaust og gera okkur þá grein fyrir, af hverju það á nú að vera óverjandi og ósæmilegt að leita eftir hagkvæmari skilmálum en hv. 2. þm. Vestf. hvað eftir annað bauð 1958 og hann, að því er nú er komið upp í fyrsta skipti, bauð þá með vitund og samþykki hv. 5. þm. Reykn. Af hverju er það nú alveg fráleitt að leita eftir því, hvort við getum leitt málið til lykta á sams konar grundvelli, en þó okkur hagkvæmari?

Jú, það er sagt: Bretar hafa farið í stríð við okkur, þeir hafa beitt okkur ofbeldi.

Það er mikið til í því, að Bretar hafa beitt okkur ofbeldi. En getum við vænzt meiri sigurs yfir ofbeldismanninum heldur en að geta eftir á sett sömu friðarskilmála og við buðum fyrir fram? Eitt mesta stórveldi í heimi leggur í deilu við máttarminnsta ríki veraldar, og henni lyktar þannig, að eftir rúmra tveggja ára viðureign er hægt að fá hagkvæmari friðarskilmála en boðnir voru af hæstv. þáv. forsrh., áður en deilan hófst, að vísu undir ofbeldishótun Breta í seinna skiptið, þegar hann ítrekaði þá. Ég mundi segja, að í venjulegum alþjóðadeilum og ef við rennum augum til þeirra margföldu ógæfuríkra styrjalda, sem háðar hafa verið í heiminum, þá mundu slík endalok ekki vera talin til skammar eða svívirðu, heldur til sæmdar fyrir þann, sem kynni að taka þeim sigri, sem þannig er unninn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 33, er ákaflega einfalt í sniði og augljóst að efni. Það hefði því út af fyrir sig átt að vera auðvelt fyrir hv. þdm. að taka afstöðu til þessa frv., án þess að það hefðu farið fram langar umr. hér í d. um það. — Er hæstv. dómsmrh. að fara? Ég ætlaði nefnilega að bera upp nokkrar spurningar til hans. (Gripið fram í.) Nei, það passar ekki inn í, en hann svarar þeim seinna. (Gripið fram í.) Spurningarnar koma seinna og svörin þá við þeim líka. (Gripið fram í.) En það, sem ég vildi segja, er, að það hefur nú atvikazt svo, að þessar umr., sem hér hafa farið fram, hafa farið nokkuð á víð og dreif og jafnvel snúizt upp í að vera eins konar yfirheyrslur hér úr þessum stól. Ég ætla nú ekki að fara inn á þá leið, þó að ég ætlaði á eftir aðeins að spyrjast fyrir um nokkur atriði hjá hæstv. dómsmrh. Þessar umr. hafa snúizt nokkuð mikið um það, hvað gerzt hafi á ýmsum vettvangi, hvað gerzt hafi í ríkisstj., hvað gerzt hafi í utanrmn., hvað gerzt hafi í landhelgisnefnd, sem var ríkisstj. til ráðuneytis á sínum tíma. Ég hef ekki komið við sögu málsins á þessum stigum og mun þess vegna ekki blanda mér í þær umr., en hins vegar langar mig til þess að fara hér örfáum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir, og víkja kannske nokkuð síðar að fáeinum atriðum, sem hafa komið fram í málinu.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um það, að reglugerðin um fiskveiðilandhelgi Íslands skuli hafa lagagildi, m. ö. o. um það, að þau ákvæði, sem eru í reglugerðinni, skuli hér eftir gilda sem lög í stjórnskipulegri merkingu. En eins og öllum er kunnugt, þá eru ákvæðin um fiskveiðilandhelgi Íslands í reglugerð nr. 70 frá 1958. Sú reglugerð er talin sett með stoð í eða með tilvísun til landgrunnslaganna svokölluðu, nr. 44 1948. En það er eins og kemur fram í þeirri stuttu grg., sem þessu frv. fylgir, að þegar um reglugerð er að ræða, þá er það svo, að sá ráðh., sem reglugerðin heyrir undir, getur breytt þeirri reglugerð, og hann getur gert það einn án þess að bera sig saman við aðra stjórnarmeðlimi.

Það verður að mínu viti í sjálfu sér að teljast alveg fráleitt, að fiskveiðilandhelgin sé aðeins ákveðin með reglugerð, en ekki með lögum. Eins og er, getur hæstv. sjútvmrh., en undir hann heyrir setning þessarar reglugerðar, alveg upp á sitt eindæmi, án þess að hafa samráð við nokkurn sinna samráðh., án þess að þurfa til þess nokkurn atbeina frá forseta Íslands og án þess að leggja það mál á nokkurn hátt fyrir Alþingi, breytt ákvæðum þessarar reglugerðar um fiskveiðilandhelgina. Það sjá nú vænti ég allir, hversu það er óeðlilegt, þegar um jafnþýðingarmikið mál er að tefla og hér, að einn einstakur ráðh. geti þannig upp á sitt eindæmi tekið ákvörðun í því, því að hér er vissulega um þýðingarmikið mál að ræða. Hér er um að tefla sjálf endimörk íslenzks yfirráðasvæðis. Það hefði að mínum dómi átt í öndverðu að setja ákvæðin um fiskveiðilandhelgina í lögum, en ekki í reglugerð, og það er ekkert ný skoðun hjá mér, að þannig hefði átt að fara að. Ég hef lýst þeirri skoðun minni á öðrum vettvangi. Ég hef lýst þeirri skoðun minni í bók, sem var prentuð, áður en þetta mál hér kom til nokkurrar umr., að það hefði átt að setja reglur um fiskveiðilandhelgina í lögum í upphafi, en ekki í reglugerð. Hvers vegna sú leið var ekki farin að setja ákvæðin í lögum, heldur reglugerð, um það skal ég ekkert segja hér. Það geta aðrir upplýst.

En þó að það hafi þannig að mínu viti verið sjálfsagt þegar í upphafi að setja ákvæðin um fiskveiðilandhelgina í lögum, en ekki í reglugerð, þá er þó alveg sérstakt tilefni til þess nú að setja ákvæði þessi í lög til þess að lögfesta reglugerðina vegna þeirra samninga, sem ríkisstj. hefur tekið upp við Breta.

Mér finnst, að það ættu flestir að geta verið sammála um, að það sé æskilegt og jafnvel nauðsynlegt, að þjóðin standi sem mest saman í þessu máli. Hér er um lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar að ræða, og hér er um einn mikilvægan þátt í baráttu hennar fyrir bættum lífskjörum í allri framtíðinni að ræða. Þess vegna álít ég, að í landhelgismálinu eigi engar ákvarðanir að taka, nema með samþykki Alþingis. Með

lögfestingu reglugerðarinnar væri landhelgismálið eða ákvörðunarvald í því tekið úr höndum ríkisstj., eins og sjálfsagt og eðlilegt er, eins og ég hef lítillega sýnt fram á, vegna þess, hversu um það er búið, að aðeins einn einstakur ráðh. getur tekið þær ákvarðanir, sem þetta mál varða, og það þýðir ekki að hreyfa þeim andmælum gegn því, að það komi aldrei til, að einstakur ráðh. ráðist upp á sitt eindæmi í það að gera breyt. á reglugerð sem þessari. Um það er ekkert hægt að segja. En með lögfestingu reglugerðarinnar væri, eins og ég sagði, ákvörðunarvald í þessu máli tekið úr höndum ríkisstj. og fengið í hendur Alþ. Það er mergur þessa máls, sem hér er verið að ræða. Og um leið væri fengin nokkur trygging fyrir því, að það væri ekkert aðhafzt í landhelgismálinu, sem meiri hluti þjóðarinnar væri andvígur. Það er einmitt þetta, sem er kjarni málsins.

Hæstv. dómsmrh. mun hafa látið þau orð falla í umr. um þetta mál, að það frv., sem hér lægi fyrir, væri vanhugsað, en ég minnist þess ekki að hafa heyrt hann flytja fram nokkur rök til stuðnings þeirri staðhæfingu. Ég minnist þess þvert á móti, að hann lét þess getið í þessum umr., að hann liti svo á, að ef mál þetta hefði verið í höndum Alþingis, þá hefði margt í því betur mátt fara. Ég er honum innilega sammála um, að það hefði verið heppilegast, að þetta mál hefði verið í höndum Alþingis. En úr því að svo er, að hann álítur, að það hefði verið heppilegra, að þetta mál hefði verið í höndum Alþ., þá verð ég að álíta, að það sé sjálfsagt og eðlilegt að lögfesta þessa reglugerð og fá Alþ. þar með málið í hendur. Og það, sem ég ætlaði að spyrja hæstv. dómsmrh. um, ef hann hefði getað verið viðstaddur þessa umr., var þetta: Hvaða rök vill hann færa fram fyrir því, að þetta frv. sé vanhugsað, að það sé vanhugsað, að ákvörðun um fiskveiðilandhelgina skuli tekin af löggjafanum, en ekki af reglugerðargjafa, og ég mundi vilja spyrja hann að því: Telur hann það eðlilegt, að einn ráðh., sjútvmrh., taki ákvörðun að formi til upp á sitt eindæmi um mál sem þetta, um takmörk fiskveiðilandhelginnar, um takmörk hins íslenzka yfirráðasvæðis, eða telur hann ekki eðlilegra, að ákvörðun um það efni sé í höndum löggjafans, Alþingis? Ég vænti þess, að hæstv. dómsmrh. muni tala hér síðar í málinu og muni þá tína fram þau rök, sem hann telur sig hafa fyrir því, að þetta frv. sé vanhugsað, og hvað hann telur mæla gegn því að lögfesta þessa reglugerð á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Eins og ég sagði áðan, þá minnist ég þess ekki að hafa heyrt hæstv. dómsmrh. hreyfa nokkrum rökum gegn þessu, heldur aðeins slá fram þessari órökstuddu staðhæfingu, að frv. væri vanhugsað.

Hins vegar minnist ég þess, að hæstv. utanrrh. hefur gert nokkra tilraun til þess að benda á, að hann teldi varhugavert að lögfesta ákvæði reglugerðarinnar. Þau rök, sem hæstv. utanrrh. var með, voru á þá lund, að það, að nú væri farið að lögfesta þessa reglugerð, gæti af öðrum þjóðum verið þannig skilið, að það væri ætlan íslenzkra stjórnarvalda að ganga ekki lengra í þessu máli í framtíðinni, að það gæti verið hætta á því, að það yrði litið svo á, að þar með værum við að slá því föstu um alla eilífð, að hér skyldi fiskveiðilandhelgin vera 12 sjómílur og ekki stærri. Ég held, að þessi rök fái alls ekki staðizt. Þau fá auðvitað ekkert fremur staðizt gegn ákvörðun löggjafans heldur en gagnvart ákvörðun reglugerðargjafa. Það verður ekkert frekar álitið, þó að löggjafinn segi, að fiskveiðilandhelgin skuli nú vera 12 sjómílur, að það sé endanleg ákvörðun og að það sé Íslendinga síðasta orð í þessu máli, heldur en það verður álitið, að það hafi verið síðasta orð Íslendinga, sem þeir mæltu í þessu máli, þegar þeir ákváðu í reglugerðinni, að fiskveiðilandhelgin skyldi vera 12 sjómílur. Það er alveg augljóst, að þau rök, sem hæstv. utanrrh. þannig vildi færa fram gegn lögtöku þessa frv., fá ekki staðizt.

Ég hef hér aðeins með örfáum orðum vikið að efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, og rökstutt það í mjög fáum orðum, að það er sjálfsagt að lögfesta þetta frv. og það er ekkert, sem gerir það varhugavert. En ég ætla í framhaldi af því aðeins að víkja að nokkrum atriðum, sem hafa komið fram í þessum umr.

Það hefur hér verið talað um stefnu í landhelgismáli og hvaða stefnu Íslendingar hafi haft í því máli. Það mætti að sjálfsögðu tala langt mál um það og mætti fara langt aftur í tímann þar. Ég ætla nú ekki að fara mjög langt aftur í tímann, en ég vil minna á, að það hefur verið sérstaklega deilt um það, hvort stefna Íslendinga hafi alltaf verið sú, að ákvörðun um þetta væri tekin einhliða eða með samningum. En ég vil minna á það, að stefna Íslendinga hefur líka verið sú að reyna að fá samþykkta alþjóðareglu um víðáttu landhelginnar. Ég veit ekki betur en það væri samkvæmt till. íslenzka fulltrúans á þingi Sameinuðu þjóðanna 1949, að þar var samþykkt, að það skyldi vera eitt af verkefnum þjóðréttarnefndarinnar að fjalla um víðáttu landhelgi. Sú till. íslenzka fulltrúans mætti þá mikilli mótstöðu, og t. d. Bretar beittu sér ákaflega eindregið gegn því, að þetta fengist samþ. En það fór nú samt svo, að þessi till. íslenzka fulltrúans var tekin á dagskrá hjá þjóðréttarnefndinni, og þjóðréttarnefndin fjallaði um það mál og skilaði áliti, eins og kunnugt er og vikið hefur verið að áður í þessum umr., árið 1956, og þá var álit þjóðréttarnefndarinnar á þá lund, að það væri að vísu ekki til nein alþjóðleg regla um víðáttu landhelginnar eins og væri, en jafnframt, að það yrði talið, að þjóðarétturinn leyfði ekki víðáttumeiri landhelgi en 12 sjómílur. Þessi varð niðurstaða þjóðréttarnefndarinnar, og hún var svo lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, og Íslendingar höfðu líka vissa afstöðu á því allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þá vildu þeir, að allsherjarþingið tæki endanlega ákvörðun í þessu máli. En sú skoðun varð ekki ofan á á allsherjarþinginu. Þar var flutt till. um að vísa þessu máli til sérstakrar sjóréttarráðstefnu, og sú till. var samþ., ef ég man rétt, gegn atkvæði Íslands, og þessi sjóréttarráðstefna var svo haldin 1958, eins og kunnugt er, og önnur svo 1960, og um það þarf ekki að fjölyrða, hver niðurstaðan varð á þessum sjóréttarráðstefnum. En þetta sýnir, að Íslendingar vildu út af fyrir sig, ef þess var kostur, fá ákveðna þá reglu í alþjóða-

lögum um víðáttu landhelginnar, sem þeir gætu sætt sig við. Og það er auðvitað ekkert óeðlilegt, þó að Íslendingar vildu fara þá leið, vegna þess að það er ljóst, þó að það sé viðurkennt, um leið og því er slegið föstu, að það sé ekki alþjóðaregla um víðáttu landhelginnar, þá sé það réttur hverrar þjóðar að ákveða það einhliða innan vissra takmarka, hver víðátta landhelginnar skuli vera, þá verður það jafnan svo fyrir smáþjóð, að hún getur átt undir högg að sækja með það til hinna stærri þjóða, hvort hún fær fulla viðurkenningu þá strax á sínum ákvörðunum um það efni.

Inn í þessar umr. hefur spunnizt mikill samanburður á því, hvað gerzt hafi 1958, áður en reglugerð þessi, nr. 70 frá 1958, var sett og áður en hún tók gildi, og svo hvað sé nú að gerast í samningaumleitunum við Breta. Hæstv. utanrrh. hélt því hér fram í gær, að það væri kjarnapunkturinn í þessu máli, eins og hann orðaði það, ef ég man rétt, að þessar aðgerðir, sem þeir stæðu nú fyrir í samningaumleitunum við Breta, væru aðeins áframhald af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hefðu verið 1958 til þess að reyna að fá viðurkenningu annarra þjóða á ákvörðun íslenzkra stjórnarvalda um fiskveiðilandhelgina. Og hann vitnaði í því sambandi mjög til símskeytis frá 18. maí 1958, og hann vildi bera þetta saman og leggja það að jöfnu. Hæstv. dómsmrh. var ekki lengi að sjá veiluna í þessum málflutningi hæstv. utanrrh., því að það er nú öllum ljóst, að það er nokkuð annað og verður ekki saman borið, hvort það er, áður en reglugerðin er sett og áður en endanleg ákvörðun er tekin, leitað eftir því við aðrar þjóðir, hvernig þær muni snúast við fyrirhugaðri ákvörðun, heldur en þegar ákvörðun hefur verið tekin með reglugerð að fara þá að leita samninga við einstaka þjóð um sérstaka undanþágu fyrir hana.

Það hefur nú þegar verið sýnt fram á, og ég skal ekki endurtaka það hér, að það var nú í fyrsta lagi skylda Íslands, áður en það tók ákvörðun um þetta mál, landhelgismálið eða fiskveiðilandhelgina, að kynna aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins þá ákvörðun sína fyrir milligöngu framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins. Það var auðvitað gert. Það var enn fremur leitað eftir því, hvort erlend ríki mundu vilja fallast á þessar aðgerðir íslenzku ríkisstj. Í þeirri málaleitan var ekkert gefið í skyn um það, að ísl. ríkisstj. teldi nokkurn snefil af vafa vera á um það, að hún hefði fyllsta rétt til að taka þessa ákvörðun. En það er altítt í samskiptum þjóða á milli og ekki sízt einmitt þegar um svona mál er að ræða eins og þetta, sem snertir endimörk yfirráðasvæðis, að sú þjóð, sem ætlar að gefa út einhverja yfirlýsingu þar að lútandi, snúi sér til annarra ríkja, kynni þeim þá ákvörðun sína og spyrjist fyrir um það, hvort þau hafi þar aths. við að gera. Það mætti nefna þessa mýmörg dæmi úr samskiptum þjóða, og það var einmitt þetta, sem íslenzka ríkisstj. gerði í maí 1958. Hún var þá að spyrjast fyrir um það hjá öðrum þjóðum, hvort þær mundu gera aths. við þessa fyrirhuguðu ákvörðun hennar. Og þar sem það var líka þá vitað, að það mundu af hálfu vissra þjóða verða gerðar aths. við þá ákvörðun, var látið í það skína, að ef það greiddi fyrir viðurkenningu af hálfu þessara þjóða, gætu Íslendingar hugsað sér að haga þessari ákvörðun nokkuð á aðra lund en þeir höfðu þó fyrst og fremst hugsað sér og hefðu helzt kosið. Það er heldur ekkert óvenjulegt við þetta, og ég verð að segja það sem mína skoðun, að ef það hefði legið fyrir 1958, áður en ákvörðun var tekin í þessu máli, að þær þjóðir, sem þetta mál snertir helzt, og þá fyrst og fremst Atlantshafsbandalagsþjóðirnar, sem við var rætt, hefðu viljað lýsa því yfir, að þær mundu ekki hafa neitt við það að athuga, að íslenzka þjóðin, íslenzka ríkið tæki ákvörðun um það, að fiskveiðilandhelgi Íslands skyldi verða 12 sjómílur, en þó þannig, að sú ákvörðun kæmi ekki til framkvæmda að fullu eða öllu leyti að því er varðaði ytri 6 sjómílurnar um tiltekið árabil, t. d. þrjú ár, — ég efast ekki um, að ef það hefði legið fyrir 1958, að þannig hefðu þjóðirnar viljað snúast við því, þá hefði yfirgnæfandi hluti Íslendinga verið á því, að þannig ætti að haga þessu máli. Og það er svo sjálfsagt, að hvorki hæstv. utanrrh. né hæstv. dómsmrh. hafa hreyft neinum aths. við þennan gang málsins, enda auðvitað ekki eðlilegt um hæstv. utanrrh., sem stóð fyrir þessu. Þeir hafa einmitt undirstrikað það, að þannig hafi verið sjálfsagt að fara að. Þeir hafa bara viljað leita eftir eða benda á þetta sem fordæmi fyrir þeim aðgerðum, sem þeir nú standa fyrir í samningaumleitununum við Breta. En eins og ég þegar hef sýnt fram á, verður þetta tvennt alls ekki borið saman. Það er ekki sambærilegt að leita þannig eftir viðurkenningu fyrir fram og áður en ákvörðun er tekin eða að taka upp samninga um tilslakanir frá gerðri ákvörðun gagnvart einni einstakri þjóð, en það er það, sem spurningin er um nú í samningaumleitununum við Breta, og eins og ég áðan sagði, þá var hæstv. dómsmrh. ekki lengi að sjá veiluna í þessum rökstuðningi hjá hæstv. utanrrh., vegna þess að þegar hæstv. dómsmrh. kom hér í ræðustólinn, þá var hann tiltölulega fáorður um skeytið frá 18. maí 1958, en hann sagði, að lítið hefði verið talað um skeytið frá 20. ágúst, og vildi dómsmrh. halda því fram, að þá hefðu málin verið komin á það stig, að það væri sambærilegt við það, sem er að gerast nú. En það er að minni hyggju ekki sambærilegt, vegna þess að reglugerðin var gefin út 30. júní 1958, ef ég man rétt, en þessari reglugerð var á annan veg hagað en öðrum reglugerðum venjulega er, að því leyti, að það var ákveðið í þessari reglugerð, að hún skyldi ekki öðlast gildi fyrr en 1. sept. Reglugerðin var gefin út 30. júní 1958, en hún átti samkvæmt ákvæðum sínum ekki að öðlast gildi fyrr en 1. sept. 1958. Til hvers ætli þessi gildistökufrestur hafi verið ætlaður? Það veit auðvitað hæstv. utanrrh. mætavel. Þessi gildistökufrestur reglugerðarinnar var auðvitað ætlaður til þess og var til þess notaður að kynna málið enn betur en áður hafði verið kostur fyrir ríkisstjórnum þeirra þjóða, sem í þessu máli höfðu verið erfiðastar og andsnúnastar þessari ákvörðun íslenzku ríkisstj. Skeytið var sent 20. ágúst, þar sem enn var í það látið skína, að því er virtist, eftir því sem fram kom hér, að möguleikar væru enn þá opnir til þess

að ganga um þær dyr, sem bent hafði verið á í skeytinu 18. maí 1958. Þá stóð svo á, að það var ekki farið að framkvæma þessa reglugerð. Fiskveiðilandhelgin var þá ekki komin til framkvæmda. Og það verður að minni skoðun alls ekki borið saman að hreyfa þessu máli þannig, á þann hátt, sem gert var, og nú eftir að þessi reglugerð hefur verið í gildi um þetta langan tíma og hefur verið framkvæmd um þetta langan tíma, að fara þá að taka upp samningaumleitanir um tilslakanir á henni við þá einu þjóð, sem hefur ekki viljað viðurkenna gildi þessarar reglugerðar í verki.

Ég held þess vegna, að það geti engum blandazt hugur um það, að þetta tvennt, aðgerðir ríkisstj. sumarið 1958 og aðgerðir ríkisstj. nú, er á engan hátt sambærilegt. Menn geta haft sínar skoðanir á því, hvort þessar aðgerðir nú eru nauðsynlegar eða ekki. Og mér dettur ekki í hug að vera með neinar getsakir í garð hæstv. ríkisstj. um það, að hún sé þar að breyta á móti betri vitund. Ég efast ekki um, að þeir séu að velja í þessu efni þá leið, sem þeir telja nauðsynlega, og það er þeirra mat. Aðrir hafa aftur á móti aðra skoðun á því. En hvað sem því mati líður, þá verður þetta tvennt alls ekki borið saman. Hæstv. ríkisstj. getur þess vegna ekki leitað eftir stuðningi fyrir þá ákvörðun, sem hún hyggst taka nú í þessu máli, í neinu fordæmi frá sumrinu 1958. Það er alveg útilokað.

Ég held þess vegna, að það stoði hæstv. ríkisstj. ekkert í málflutningi sínum að benda til þessa fordæmis frá 1958. Þær ákvarðanir, þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar, voru sjálfsagðar. Þær voru í fyllsta samræmi við það, sem tíðkast í samskiptum milli þjóða, og voru, eins og á stóð, algerlega sjálfsagðar til þess að reyna að fá samþykki og viðurkenningu annarra þjóða á þeirri ákvörðun, sem til stóð að tekin yrði.

Hæstv. dómsmrh. vék að því hér áðan, að það stoðaði lítið að ræða um það, hvort um væri að ræða einhliða yfirlýsingar eða samning, það væri orðaleikur einn, eins og hann orðaði það í gær, — ef það hefði farið á þá lund, að tekið hefði verið undir þá orðsendingu, sem fór frá íslenzku ríkisstj., þá væri það orðaleikur einn, hvort talað væri um einhliða yfirlýsingar eða samninga. Það er náttúrlega ekki ástæða til þess í þessu máli að vera að ræða um svona atriði. En ég vil nú bara spyrja hæstv. dómsmrh.: Við skulum segja sem svo, að eftir sendingu skeyta þessara, sem hér er um að ræða, hefðu hinar einstöku ríkisstj. Atlantshafsbandalagsins lýst því yfir við fyrirsvarsmenn íslenzka ríkisins, að þær hefðu fyrir sitt leyti ekkert við að athuga þá ákvörðun íslenzku ríkisstj., að fiskveiðilandhelgin skyldi framvegis vera 12 sjómílur, en þó þannig, að hún kæmi ekki til framkvæmda að því er varðaði ytri 6 mílurnar um við skulum segja næstu þrjú ár, og síðan hefði svo reglugerðin verið sett hér í samræmi þar við, mundi þá hæstv. dómsmrh. telja, að með þessum hætti hefði verið kominn á samningur á milli Íslands og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um þetta mál? Ég held, að það sé ekki venjulegt að kalla slíkt samninga.

Ég skal svo aðeins, af því að ég sé, að hæstv. dómsmrh. er kominn, víkja örlítið að því, sem ég gat um í upphafi máls míns, en það var þetta, sem ég taldi vera kjarnann í þessu frumvarpi, það er, í hvers höndum ákvörðunarvaldið um þetta málefni á að vera. Í hvers höndum á ákvörðunarvaldið um viðáttu íslenzkrar fiskveiðilandhelgi að vera? Á það að vera í höndum löggjafans og þá fyrst og fremst Alþingis, eða á það að vera í höndum ríkisstj. og eins og nú er að formi til í höndum eins einstaks ráðh.? Ég sýndi lauslega fram á, að það væri ákaflega óeðlilegt, að svo mikilvæg ákvörðun væri í höndum eins einstaks ráðh. Eftir eðli málsins er þetta þannig mál, að það er sjálfsagt, að þjóðfulltrúasamkoman fjalli um það, og það er líka þannig, að ef litið er yfir sögu þessa máls, þá er það svo bæði fyrr og síðar, að Alþingi hefur látið sig þetta mál skipta, og það hefur á sínum tíma verið einmitt óskað eftir löggjöf um þetta mál fyrr og síðar.

Það er að vísu svo, að það hafa komið fram yfirlýsingar af hálfu hæstv. ráðh. um það, að mál þetta mundi koma til meðferðar á Alþingi. En ég hef veitt því athygli, að þær yfirlýsingar, sem þeir hafa gefið í því sambandi, hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh., hafa ekki verið algerlega samhljóða. Það má vera, að það hafi verið aðeins um mismunandi orðalag að ræða hjá þeim og meiningin hafi verið sú sama, og þá væri náttúrlega æskilegt að fá það upplýst af þeim aðila, sem getur talað fyrir þá báða. En hæstv. utanrrh. sagði, ef ég man rétt, að þegar, skildist mér, samningaumleitanir hefðu borið tilætlaðan árangur, þá yrði málið lagt fyrir Alþingi og það yrði Alþingi, sem tæki ákvörðunina. Ég skildi ummæli hæstv. utanrrh. á þá lund. En hæstv. dómsmrh. orðaði þetta og hefur orðað það oftar en einu sinni á aðra lund. Hann hefur sagt, að það mundi verða haft samráð við Alþingi, áður en málið væri afgr. En þetta tvennt er náttúrlega ekki alveg það sama. Það er ekki sama að hafa samráð við Alþingi og það að leita beinlínis samþykkis þess á ákvörðuninni. Nú er það að vísu svo, að ég býst við, að það yrði litið svo á, að réttum lögum samkvæmt eigi að leggja samning sem þennan, sem manni skilst að fyrirhugaður sé við Breta um einhver hlunnindi þeim til handa eða rétt fyrir þá til þess að veiða á einhverju svæði í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, fyrir Alþingi samkv. 21. gr. stjskr. og það eigi að leita samþykkis Alþingis á honum, af því að samkvæmt stjórnarskránni verða samningar þeir, sem forseti eða stjórnvöld landsins gera fyrir þess hönd, ekki gildir án samþykkis Alþingis, ef þeir hafa fólgið í sér afsal eða kvaðir á íslenzkri landhelgi. Um þá samninga þarf að leita samþykkis Alþingis. En það er nú svo, að það getur kannske orðið deila um það, hvort þarna sé fyrirhuguð kvöð á íslenzkri landhelgi eða ekki, og enn fremur eru deildar meiningar um það, hvernig skilja beri slík stjórnarskrárákvæði sem þessi, hvort samningur geti orðið þjóðréttarlega skuldbindandi, án þess að samþykki Alþingis sé fengið eða ekki, þannig að í þessu ákvæði er jafnvel ekki full trygging fyrir því, að ákvörðun um

þetta mál sé í höndum Alþ. Þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðh. um, að málið komi til Alþingis, þrátt fyrir 21. gr. stjórnarskrárinnar, sem býður samþykki Alþingis um slíka samninga sem þessa, þá verð ég að telja það tryggara að setja ákvæði reglugerðarinnar um þetta efni, um fiskveiðilandhelgina, beinlínis í lög. Það er að vísu svo, sem betur fer, að það hefur aldrei verið vefengt, að reglugerðin um fiskveiðilandhelgina, nr. 70 frá 1958, hafi næga stoð í lögum, og hæstv. dómsmrh. taldi engan vafa á því, að hún hefði næga lagastoð í landgrunnslögunum, nr. 44 1948, og ég er honum sammála um það. En þó er það svo, að þessi landgrunnslög, sem reglugerðin er byggð á, eru nú nokkuð víðtæk að þessu leyti til. Í 1. gr. þeirra laga, sem þessi reglugerð er byggð á, segir aðeins: „Sjávarútvegsmálaráðuneytið skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skulu háðar íslenzkum reglum.“ Þó að það hafi ekki verið vefengt og verði ekki vefengt út af fyrir sig, að það sé næg stoð fyrir setningu reglugerðarinnar í þessu ákvæði, þá er þó að mínu viti ekki rétt að tefla á hina minnstu tvísýnu í máli sem þessu, að því er varðar formleg atriði, og þess vegna sé óruggara að taka þessi ákvæði í reglugerðinni beinlínis upp í lög. Þá er ég kominn að þessu, sem ég beindi til hæstv. dómsmrh. af því tilefni, að hann lét þau orð falla hér í þessum umr., að þetta frv. væri vanhugsað, að ég leitaði þá eftir því, hvaða rök hann teldi gegn því að lögfesta ákvæðin um fiskveiðilandhelgina, og ég vil endurtaka þessa spurningu til hans: Hvort telur hann eðlilegra, að ákvæðin um fiskveiðilandhelgi séu sett í lögum eða í reglugerð? Ég veit vel, að hæstv. dómsmrh. getur sjálfsagt sagt, að það sé æskilegt og nauðsynlegt að setja lög um íslenzka landhelgi almennt, vegna þess að því miður er það svo, að í því efni er margt nokkuð óljóst. Ég á þar við þá almennu löggæzlulandhelgi. Og ekki er það hvað síst óljóst, eftir að reglugerðin um fiskveiðilandhelgina var sett. En þó að þannig sé litið á, að það þurfi og sé æskilegt og nauðsynlegt að setja ákvæði um landhelgi almennt, þá held ég, að það mæli ekki gegn eða séu ekki rök gegn því, að nú séu sett í lög ákvæði þessi, sem eru í reglugerðinni um fiskveiðilandhelgi. Mér þætti sem sagt fróðlegt að heyra, hvaða ástæður hæstv. dómsmrh. vill færa fram gegn því að lögfesta þessi ákvæði, sem eru í reglugerðinni, nr. 70 frá 1958. Um formið má að sjálfsögðu deila, hvort þetta form á lagasetningunni er rétt eða ekki, en því má auðvitað breyta og taka ákvæði reglugerðarinnar algerlega upp í lagafrumvarpið, ef n., sem fær þetta til meðferðar, sýnist, að sá háttur sé eðlilegri. En mergurinn málsins er þessi: Hvort er eðlilegra, að þessi ákvæði séu í settum lögum eða reglugerð? Eins og ég hef bent á áður, þá er það ekkert nýtt um mitt viðhorf í þessu efni, að ég telji eðlilegra, að það sé í settum lögum. Og það er í raun og veru heldur ekkert nýtt um stefnu Framsfl. í því efni, því að það var einmitt Framsfl., sem með samþykkt sinni á flokksþingi 1946 markaði fyrst þá stefnu, sem síðan hefur eiginlega verið byggt á, sem í fyrsta lagi samþykkti þá, að samningnum við Breta skyldi sagt upp, í öðru lagi, að sett skyldi löggjöf um landhelgi, þar sem landhelgin væri stækkuð og flóar og firðir yrðu innan landhelginnar, og í þriðja lagi, að leitað yrði eftir viðurkenningu erlendra þjóða á þeirri löggjöf.

Ég skal ekki ræða frekar um þá samninga eða þær samningaumleitanir, sem fram fara við Breta. Ég vil aðeins segja það, að ég geri ekki lítið úr þeim vandkvæðum og þeirri hættu, sem þessari deilu eru samfara, og geri ekki lítið úr æskileik þess, að hún leiðist til lykta sem allra fyrst. En ég er þeirrar skoðunar, að þannig sé í þeim efnum komið, að það vanti í raun og veru ekki nema herzlumuninn á það, að Bretar gefist upp í ásælni sinni á íslenzk mið. Og þá er það auðvitað mat, eins og hæstv. dómsmrh. hefur réttilega bent á, hvort menn vilja bíða og taka á sig þá áhættu, sem því fylgir að bíða eftir því, að sá herzlumunur vinnist, eða efna til samninga og veita Bretum einhverjar tilslakanir gegn því að ná þá friði við þá. Ég skal ekki endurtaka það, sem sagt hefur verið hér áður í umr. um, hversu andstætt það er mönnum að fara að taka upp samninga við þá þjóð eina, sem sýnt hefur ofbeldi í þessu efni, og ekki endurtaka það, sem ég þegar hef sagt um það, að þær aðgerðir, sem fóru fram 1958 í því skyni að afla viðurkenningar annarra þjóða, verða á engan hátt bornar saman við þá samninga, sem nú standa yfir við Breta. En ég vil endurtaka það, að ég álít alveg sjálfsagt, að þær ráðstafanir, sem þá fóru fram, hafi verið gerðar, og ég vil bæta því við, að það var jafnvel 20. ágúst ekki vitað, hvernig aðrar þjóðir en Bretar mundu snúast í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti efast ekki um, að einmitt viðleitni íslenzkra stjórnarvalda, kynning þeirra á málinu fyrir NATO-þjóðunum hefur haft þau áhrif eða hefur stuðlað að því einmitt, að aðrar þjóðir þó heldur en Bretar viðurkenndu í verki ákvörðun Íslendinga um landhelgina.

Því hefur verið hreyft í þessum umr., hvort það væri ekki hættulegt að veita Bretum þessar tilslakanir með tilliti til annarra þjóða, hvort það væri ekki hætta á því, að aðrar þjóðir sigldu í kjölfarið og teldu sér heimilan þann rétt, sem Bretum væri veittur með þessum samningum. Það er auðvitað sjálfsagt, að jafnvel þó að komi til þessarar samningagerðar við Breta, þá munum við Íslendingar halda því fram, að þeir séu aðeins bindandi gagnvart Bretum einum og hafi ekki gildi gagnvart öðrum þjóðum, veiti þeim ekki rétt. En þó að þessi afstaða okkar sé sjálfsögð, þá má á það minna, að einmitt á meðan samningurinn við Breta frá 1901 var í gildi hér á landi, þar sem Bretum var veittur réttur til fiskveiða allt upp að þremur mílufjórðungum, þegar almenn landhelgi við Ísland varð annars almennt að teljast 4 sjómílur, þá var það svo, að á árinu 1928 skeði það, að gefinn var út íslenzkur stjórnarráðsúrskurður, þar sem lítillega var breytt um ákvörðun landhelgislínunnar frá því, sem verið hafði á eldri sjóuppdráttum, sem gerðir höfðu verið í samræmi við samninginn við Breta. Og á þessu svæði, sem þannig myndaðist á milli hinnar eldri línu og þessarar nýrri samkv. uppdrættinum, voru t. d. teknir þýzkir togarar. Og

niðurstaðan hjá hæstarétti varð sú, þegar hann dæmdi í þessu máli, að hann sýknaði þessa þýzku togaraskipstjóra á þeim grundvelli, að það hefði ekki verið heimilt að draga landhelgislínuna með öðrum hætti en gert hefði verið samkv. hinum eldri sjóuppdráttum, sem voru í samræmi við samninginn við Breta. M. ö. o.: hæstiréttur taldi þá þessa þýzku togaraskipstjóra njóta góðs af samningnum við Breta. Þetta er vissulega atriði, sem verður að hafa í huga, þó að, eins og ég sagði áðan, okkar afstaða verði að sjálfsögðu sú, að við teljum, jafnvel þó að svo fari, að samningar verði um þetta gerðir og Bretum verði veittar einhverjar tilslakanir, þá samninga ekki gilda gagnvart öðrum þjóðum. Við höfum samt þetta fordæmi þarna úr okkar sögu, sem gefur nokkra bendingu um, hvað skeð gæti.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en vænti þess, að hæstv. dómsmrh. geri grein fyrir því, hvaða röksemdir hann telur mæla gegn því að lögfesta ákvæðin um fiskveiðilandhelgi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þurfti að vera við slit kirkjuþings, þar sem ég á sæti embættisstöðu samkvæmt, en gafst þó færi á að heyra þær fsp., sem til mín er beint og er sjálfsagt að svara.

Sú fyrri er um það, hvort eða hvaða rök ég færi fyrir því, að þetta frv. sé vanhugsað. Það litla, sem ég heyrði af ræðu hv. þm., sem síðast talaði (ÓlJ), hafði í sér fólginn ærinn rökstuðning fyrir þeirri skoðun minni. Eftir hans grg. lítur hann alveg málefnalega á þetta atriði og færir fyrir því viss málefnaleg rök, að skynsamlegt sé að setja um þetta löggjöf.

Í fyrsta skipti, sem ég talaði um þetta mál hér í d., sagði ég, að sjálfsagt væri að íhuga þau rök til hlítar, sem kynnu að vera fyrir frv., þó að þau hefðu þá enn fá verið flutt fram. Síðar var því berlega lýst í ræðum ýmissa hv. flm., að frv. væri í raun og veru ekki af málefnalegum ástæðum flutt, heldur vegna vantrausts þessara hv. þm. á núv. ríkisstj. Nú vefengir enginn, að það vantraust sé fyrir hendi og hv. þm. hafi fullan rétt til þess að bera það í brjósti, en ég tel mjög vanhugsað að blanda því saman við löggjöf um fiskveiðilögsögu Íslendinga og því fremur sem það kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn. (FRV) alveg sérstaklega, að hann gat vel hugsað sér að gera nú þegar á frv. veigamiklar breytingar. Hann nefndi þar nýjar landgrunnslínur og ef til vill frekari útfærslur og annað slíkt. Þetta eru slík meginatriði, að sjálfsagt hefði verið að íhuga þau áður, en sýna, að jafnvel frá málefnalegu sjónarmiði hefur þetta frv. ekki verið íhugað til hlítar. En aðalrök mín eru þessi, að það sé mjög varhugavert að blanda afstöðu þingminnihluta til sitjandi ríkisstjórnar inn í slíkt meginatriði löggjafar sem hér er um að ræða, það sé ekki líklegt, að lagafrv., sem flutt er með þeim skýringum, sem hér hafa verið fram færðar, muni leiða til þess samkomulags, sem allir ættu að óska að gæti orðið efnislega um sjálfa frambúðarákvörðun fiskveiðilögsögunnar.

Hér koma enn fremur þau rök til greina, sem hv. þm. taldi, að hér er verið að lögfesta reglugerð án þess að taka hana sjálfa upp í frv. Það er verið að fjalla um hluta af máli, sem þarfnast frekari íhugunar, og það eru reglur varðandi sjálfa landhelgina. En eins og ljóslega hefur komið fram í þessum umr., var það af ráðnum hug gert af þáv. hæstv. ríkisstj. 1958 að greina á milli landhelginnar annars vegar og fiskveiðilögsögunnar hins vegar. Og það var alls ekki ætlun hennar skv. einu því skeyti, sem hér var lesið upp, að færa landhelgina út, heldur eingöngu fiskveiðilögsöguna. En það var *greinilegt eða ég skildi* svo þann hluta ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég hlustaði á, sem hann greindi ekki fyllilega hér á milli, — ég veit auðvitað, að honum er fyllilega ljós munurinn, sem á þessu er. En hér koma þó ýmis atriði til athugunar, sem vissulega þarf að íhuga betur, svo að alveg án tillits til þess, hvort menn telja, að það sé heppilegt að hafa löggjöf um þetta efni eða ráðstafa því með reglugerð, þá þarf það mál miklu frekar athugunar við en auðsjáanlega hefur enn átt sér stað, bæði hjá hv. flm. og eins hjá öðrum hv. dm.

Loks vil ég minna á það, að nokkuð snemma í þessum umr. lýsti hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) því yfir, að hann hefði vissulega fengið setta löggjöf um þetta efni á árinu 1958, ef honum hefði dottið í hug, að nokkrum kæmi til hugar að hvika frá eða semja um minna en það, sem hér er tilskilið, eins og hann telur vera nú í hugum ríkisstj. Þetta sagði hv. þm., þó að hann hljóti þá að hafa haft í huga og vitað um skeytið frá 22. ágúst 1958, þar sem hann sjálfur bauð fram frávik frá reglugerðinni, sem hans stjórn hafði sett um vorið. Og hann bauð þau frávik, að því er manni skilst, án þess að hafa fengið til þess samþykki þáverandi sjútvmrh., sem einn réð því stjórnskipulega, hvernig reglugerðin var. En þessi tviskinnungur, bæði í afstöðu 1958 og í málflutningi nú, sýnir, að allur er þessi málatilbúnaður við samning og flutning þessa frv. vanhugsaður, a. m. k. af hálfu sumra flm., — ég segi engan veginn, að það sé af hálfu allra, en það er sízt ofmælt, að það sé af hálfu sumra, og var því síður en svo ofmælt af minni hálfu.

Aðra fyrirspurn heyrði ég hjá hv. síðasta ræðumanni til mín. Hann spurði, hvort ég mundi hafa talið það samning, ef einhver aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hefðu 1958, eftir það, sem á undan var farið og hér hefur nógsamlega verið lýst, tilkynnt íslenzku stjórninni, að þau viðurkenndu 12 mílna fiskveiðilögsögu, að því áskildu, að þau hefðu fiskveiðirétt um t. d. 3 ára bil, og síðan hefði íslenzka ríkisstj. gefið reglugerðina út með þessum ákvæðum. Ég tel alveg hiklaust, að ef íslenzka ríkisstj. hefði síðan meinað þessum ríkjum fiskveiðar á hinu umtalaða svæði á hinum umtalaða og áskilda tíma, þá hefði Ísland þar með brotið samninga við þessi ríki. Á því getur enginn vafi leikið. Það má segja, að samningurinn hafi ekki verið um annað en þennan áskilnað. Það er mál fyrir sig, hversu langt menn segja að samningurinn nái, en að samningur hafi verið gerður varðandi það atriði, eins og þetta er í pottinn búið, getur ekki vafizt fyrir mönnum.

Hv. þm. sagði síðan, að það væri nokkurt ósamræmi í því, sem ég og hæstv. utanrrh. hefðum sagt um það, með hverjum hætti ætti að bera

þetta mál undir þingið, og sagði, að það væri æskilegt, að hæstv. forsrh. skæri úr þeim ágreiningi. Ég hef ekki heyrt neinn skilsmun í þessu milli okkar, og er mér ekki hans vitandi. En ég hygg, að við munum báðir una því, sem hæstv. forsrh. hefur þegar lýst yfir við þingsetningu, að samráð verði haft við Alþingi, áður en úrslitaákvarðanir í málinu eru teknar. Þetta er skýr og ótvíræð yfirlýsing, sem fyrir liggur.

Og þó að margt hafi upplýstst í þessum umr. og ég fagni því þess vegna, að þær hafa átt sér stað, — við erum hér fróðari um margt í sögu málsins og það liggur að ýmsu leyti miklu skýrara fyrir nú en áður, — þá er sá annmarki á öllum þessum löngu umr., að menn eru að tala um það, sem ekki er fyrir hendi enn þá, samninga við Breta. Það er ómögulegt að bera saman samninga núv. ríkisstj., eins og gert hefur verið í þessum umr. og nú síðast af hv. síðasta ræðumanni, við tilboðin frá 1958, á meðan þessir samningar á milli íslenzku og enzku ríkisstjórnanna eru ekki einu sinni hafnir. Þeir eru ekki hafnir. Það eina, sem hefur gerzt í málinu, er, að það er verið að kanna, hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Ég hef að vísu skýrt frá því hér og við það stend ég, að það er nú þegar komið fram af hálfu Breta og voru vissar hugmyndir um það raunar strax á Genfarráðstefnunni, að hægt væri að ná nú eins hagkvæmum kjörum og boðin voru fram af hæstv. ríkisstj. Hermanns Jónassonar 1958. En þó að þetta sé nokkurn veginn vitað, þá er málið engan veginn kannað til hlítar enn þá. Ég hef sagt á fyrra stigi málsins: Það er jafnfávíslegt að segja: Það skal semja — eins og að segja: Samningar eru svik, — alveg eins og hv. síðasti ræðumaður sagði: Hér hlýtur að lokum allt að verða undir mati komið á því, hvaða kjör eru fáanleg til þess að eyða þessari deilu. — Enn liggur það ekki nógu ljóst fyrir. Ég veit, að því verður tekið með vissri tortryggni af hv. stjórnarandstöðu og sagt: Hér er rangt með farið. — Það hefur verið sagt: Það er búið að semja, það var búið að semja, áður en viðræður hófust. — Það er sagt: Það á að koma hingað nú á mánudaginn kemur til þess að ganga frá samningum. — Þetta er miklu meira en ég veit. Ég hef ekki hugmynd um þetta. Ég hef ekki heyrt neina opinbera tilkynningu um, að það eigi að hefjast hér lokasamningaviðræður n. k. mánudag. En þegar við lítum á það, hversu langan tíma það tók Breta og Norðmenn að koma sér saman um þann samning, sem þeir gerðu, og voru þeir þó sammála í raun og veru um öll meginatriði málsins, áður en þeirra viðræður hófust, og í raun og veru búnir, alveg eins og hv. 5. þm. Reykn. sagði áðan, að ráða málinu til lykta á Genfarfundinum, þá þarf maður ekki að furða sig á, að það taki töluvert langan tíma að kanna til hlítar, hvaða möguleikar raunverulega eru fyrir hendi, þegar þó ber svo mikið á milli eins og á milli Íslendinga og Breta í þessu máli, því að á það legg ég áherzlu, að þó að Bretar séu nú búnir að hverfa frá öllum sínum meginkröfum, þeim er þeir héldu fram allt þangað til nú í vor, á Genfarráðstefnunni síðari, þá er ekki enn nógu ljóst, hvaða kjör eru í raun og veru fáanleg og hvort þau eru fullnægjandi, til þess að það verði réttilega metið, hvort samningar séu gerlegir eða ekki. Og einmitt þetta var skýrt í stuttu máli af hæstv. forsrh., þegar þing var sett, og enn er of margt óljóst í þessu máli, til þess að tími sé til þess kominn að taka í því nokkrar úrslitaákvarðanir. Það er þess vegna af auðskildum og ótvíræðum ástæðum, sem ríkisstj. hefur ekki enn þá talið tímabært að hafa það samráð við hv. Alþingi, sem hún hefur ætíð ásett sér að hafa og marglýst yfir að hún mundi hafa.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Ed., 14. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú staðið alllengi, og þess er tæplega að vænta, að nokkuð nýtt komi fram í þeim úr þessu eða að málið skýrist verulega frá því, sem orðið er. Ég mun þess vegna reyna að vera ekki mjög margorður.

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. mínum hér í umr. s. l. föstudag. Ég skildi þau svo, að í sjálfu sér væri dómsmrh. þeirrar skoðunar, að eðlilegra væri, að ákvæði um fiskveiðilandhelgi væru í settum lögum, en eigi aðeins í reglugerð, eins og nú er. Á hinn bóginn stafaði hans ófýsi til þess að lýsa yfir fylgi við frv. og hans ummæli, sem voru á þá lund, að frv. væri vanhugsað, af því, að hann teldi, að í þessu frv. fælist óbeint vantraust á hæstv. ríkisstj. Það er náttúrlega rétt, að í þessu frv. felst vissulega engin traustsyfirlýsing á hæstv. ríkisstj. Það má sjálfsagt segja, að í frv. felist óbeint vantraust á hæstv. ríkisstj. En samt sem áður er frv. fyrst og fremst um það, í hvers höndum ákvörðunarvald um þetta viðkvæma lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar eigi að vera, hvort það ákvörðunarvald eigi að vera í höndum ríkisstj. og eins og nú er raunar í höndum eins einstaks ráðh. að formi til eða hvort það á að vera í höndum Alþ. — löggjafans. Um það snýst þetta frv., sem hér liggur fyrir, fyrst og fremst.

Ég skal ekki endurtaka þau rök, sem ég flutti síðast fyrir því, að það væri eðlilegra, að ákvörðunarvaldið um þetta væri í höndum Alþ., en ekki í höndum eins einstaks ráðh. Það liggur, að ég ætla, mjög ljóst fyrir, hversu fjarstætt og óeðlilegt það er, að einn maður, einn einstakur ráðh. geti tekið ákvörðun upp á sitt eindæmi og án samráðs við aðra aðila en þá, sem tilnefndir eru í reglugerðinni frá 1958, um það, hver fiskveiðilandhelgi Íslands skuli vera.

Hæstv. dómsmrh. gaf einnig í umr. s. l. föstudag nánari skýringu á yfirlýsingu ráðh. um það, hversu hagað yrði fyrirhuguðum skiptum Alþ. af þessu máli. Hann vísaði til þess, að ummæli sín hefðu verið í samræmi við ummæli forsrh. um þetta efni, sem hann gaf í þingbyrjun, og það ætla ég rétt vera, að samráð skyldi haft við Alþ. Ummæli hæstv. utanrrh. höfðu verið á nokkuð aðra lund. En þar sem hæstv. utanrrh. gerir ekki athugasemd við þessa skýringu hæstv.

dómsmrh., þá geri ég ráð fyrir því, að þar hafi aðeins verið um orðalagsmun að ræða, en ekki efnismun, og að það sé því yfirlýsing ríkisstj., að samráð skuli haft við Alþ. um þetta mál. Þessi yfirlýsing er út af fyrir sig góðra gjalda verð. En þá er spurningin bara þessi: Við hvað er átt, þegar sagt er, að það skuli haft samráð við Alþ. um þetta mál? Ég vil skilja þá yfirlýsingu á þá lund, að það samráð skuli haft við Alþ., áður en ákvörðun sé tekin í málinu. Samt sem áður er mér ljóst, að um það má deila, hvernig skilja á þetta orðalag, hvort í því felst aðeins það, að Alþ. skuli sagt frá málinu á einhverju stigi þess eða hvort það verði borið undir Alþ. til ákvörðunar, áður en ákvörðun er tekin. Í öllu falli er ljóst, að þessi yfirlýsing ein út af fyrir sig er ekki fullnægjandi til þess að tryggja yfirráð Alþ. í þessu máli. Þar verður annað og meira að koma til. Þá kem ég enn að því, sem ég áður hef sagt, að til þess að tryggja yfirráð Alþ. óvefengjanlega í þessu máli þarf að lögfesta ákvæðin um fiskveiðilandhelgina. Beinasta og nærtækasta leiðin til þess er að samþ. það frv., sem hér er til umr.

Það er nú deilt um það, hvað hafi gerzt, áður en reglugerðin um fiskveiðilandhelgi Íslands var út gefin. Það er deilt um afstöðu flokka, hvað þeir hafi sagt og gert. Ég verð að segja það, að þessar umr. um þetta mál eru í sjálfu sér ekki skemmtilegar. Ég dreg alveg í efa, hvert gagn okkar málstað verður út á við af slíkum umr., en ég vil benda á það, að ef þetta mál hefði frá öndverðu verið í höndum Alþ., lög verið sett um það á sínum tíma, eins og eðlilegast var, þá hefði nú ekki þurft að deila um þessi atriði. Þá hefði það legið ljóst fyrir, hver var afstaða flokka til málsins. Þá hefði það komið fram á Alþ. svo skýrt, að um það hefði ekki þurft að deila. Ef sú stefna hefði verið mörkuð 1952, — en það er ástæða til þess að minna á það, að sú stefna að kveða á um þetta efni í reglugerð aðeins, en ekki í löggjöf, var fyrst mörkuð árið 1952, þegar reglugerð um fiskveiðilandhelgi nr. 21 frá 1952 var gefin út, — ef sú stefna hefði þá verið mörkuð að setja lög um þetta, þá hefði líka þurft að setja lög um það 1958, þá hefði allt þetta mál legið ljóst fyrir, og þá hefði mátt komast hjá öllum þessum deilum, sem nú eiga sér stað um það, hvað nú hafi gerzt og hver hafi verið afstaða flokka og einstakra manna til þessa máls. Hér ber því allt að sama brunni, að hvernig sem á málið er litið, er heppilegra að lögfesta þessi ákvæði og samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og þannig er það í raun og veru, hvort sem lengur eða skemur er um mál þetta rætt og af hvaða sjónarhóli sem á það er litið, að það hníga öll rök að þeirri ályktun, að þetta mál og ákvörðunarvald um það sé bezt komið í höndum Alþingis, að ákvæðin um fiskveiðilandhelgina verði sett í lög og frv. samþykkt.

Ég vil taka það fram í sambandi við þetta mál, að ég ámæli ekki ríkisstjórninni fyrir það út af fyrir sig að hafa orðið við tilmælum Breta um viðræður um landhelgismálið. Ég álít, að út af fyrir sig sé ekki stætt á því fyrir eina þjóð og sízt smáþjóð að neita að ræða mál við aðra þjóð. Og eins og kom fram í minni frumræðu, þá vil ég ekki gera lítið úr þeirri hættu, sem af þessu máli getur stafað, og ég vil ekki gera lítið úr þeirri nauðsyn, sem á því er að eyða þessari deilu, eins og það hefur verið orðað, því að ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að ef þessi deila stendur lengi, þá heldur hún áfram að eitra andrúmsloftið á milli þessara tveggja þjóða, Íslendinga og Breta, og ég hygg, að hún geti einnig haft þær afleiðingar, að andrúmsloftið á milli Íslendinga og annarra þeirra þjóða, sem við höfum verið í bandalagi við og höfum viljað hafa samstöðu með, geti orðið þyngra og erfiðara. Þess vegna tel ég það mikla nauðsyn, að Bretum sé komið í skilning um það, hvað hér liggur við, og ekkert tækifæri sé látið ónotað til þess að kynna þeim það og ekkert tækifæri sé látið ónotað til þess að kynna málstað Íslendinga í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að ég álít, eins og við gerum sjálfsagt allir, að aðstaða Íslendinga í þessu máli sé traust og rök þau, sem þeir hafa fram að flytja í þessu máli, séu sterk. Til þess liggja ýmsar ástæður, sem ekki skal farið út í hér. En það má í stuttu máli segja, að það hnígi að því góð rök, hvort heldur litið er á lagarök, söguleg rök, þjóðhagsleg rök eða landfræðileg rök. Og þessi rök eigum við að kynna öðrum þjóðum, hvar og hvenær sem tækifæri býðst. Þess vegna eigum við ekki að skorast undan því að eiga orðastað við aðrar þjóðir um þetta mál, og við eigum ekki að skorast undan því að taka þátt í viðræðum við aðrar þjóðir um það. Og ég verð að segja og vil láta það koma fram í sambandi við þetta, að ég tel raunar eina veikleikamerkið í okkar málstað hér vera það, ef rétt er hermt, að við höfum neitað að leggja þetta mál til úrlausnar hjá alþjóðadómstól. Ef það er rétt, þá hefur verið haldið á annan veg á þessu máli en var gert 1952, því að ef ég man rétt, — og það leiðréttist þá hér á eftir, ef ég fer með rangt mál, — þá var það boð Íslendinga þá að leggja það mál og þá deilu, sem þar af spratt, undir úrlausn alþjóðadómstólsins, þegar fjögurra sjómílna fiskveiðilandhelgin var ákveðin. Og vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til þess að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Þess vegna hefði að mínu viti hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls.

En þó að ég ámæli ekki ríkisstj. og áfellist það ekki út af fyrir sig, að hún hefur tekið upp viðræður við Breta um þetta mál, þá er annað, sem ég tel fulla ástæðu til að átelja í sambandi við þær viðræður, sem ríkisstj. hefur tekið upp. Ég tel, að ríkisstj. hefði, um leið og hún féllst á að taka upp viðræður við Breta um landhelgismál, átt að lýsa því yfir, að ekki kæmi til mála nein minnkun landhelginnar, nein minnkun fiskveiðilandhelginnar, að það kæmi ekki til mála

nein innfærsla á landhelgislínunum, hvorki almennt né gagnvart neinni einstakri þjóð. Hún átti að lýsa því yfir, að enginn undansláttur frá landhelgislínunni kæmi til greina í samningaviðræðum. Og hún átti að gera þetta, hvað sem annars skoðunum þeirra líður, þegar af þeirri ástæðu, að ríkisstj. vantaði allt umboð til þess að taka upp þvílíkar samningsviðræður. Og í því sambandi bar henni að mínu viti, og það átti að vera hennar styrkur, að skírskota til ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, en með leyfi forseta, vildi ég mega lesa þá ályktun upp, þar segir:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan 4 mílna landhelginnar frá 1952, þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds. Lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þetta var ályktun Alþingis 5. maí 1959. Mér er ekki kunnugt um, að Alþingi hafi síðan um þetta efni gert aðra ályktun. Það var hægurinn hjá fyrir hæstv. ríkisstj., um leið og hún varð við tilmælum Breta um viðræður, að vísa til þessarar ályktunar og sýna þeim fram á það ljóslega, að hana brysti allt umboð til þess að ljá máls á nokkru fráhvarfi frá 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Og það var því meiri ástæða til þess fyrir ríkisstj. að skírskota til þessarar ályktunar frá 5. maí 1959 og vísa þar með á bug öllum tilmælum um nokkur hlunnindi Bretum til handa innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að við valdatöku sína gaf ríkisstj. sérstaka yfirlýsingu um þetta mál. Þegar hún kynnti sjálfa sig og stefnu sína á Alþingi 1959, gaf hún svo hljóðandi yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá þykir ríkisstjórninni rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálinu er óbreytt, eins og hún kemur fram í samþykkt Alþingis hinn 5. maí 1959."

Þessa yfirlýsingu og þennan umboðsskort íslenzku ríkisstj. áréttaði svo hæstv. forsrh. á Alþingi 25. apríl 1960. Þá sagði hann:

„Ég hef ekkert umboð frá neinum í þessu þjóðfélagi til þess að afsala Íslandi 12 mílna fiskveiðilandhelgi."

Þessar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. og ályktunin frá Alþingi 5. maí 1959 eru vitaskuld siðferðilega skuldbindandi fyrir ríkisstj. Hitt er annað mál, að mér er það vel ljóst, að þingsályktun er ekki lagalega skuldbindandi fyrir ríkisstj. Þar sem það nú hefur sýnt sig, að ríkisstj. vill ekki fylgja þessari ályktun eða sætta sig við hana og Alþingi getur ekki tryggt yfirráð sín yfir þessu máli með því að skírskota til hennar, þá er það enn ljóst, að hér þarf frekari aðgerða við af hálfu Alþingis, og þá hefur Alþingi ekki nema eitt ráð til þess að tryggja sín yfirráð yfir þessu máli alveg óvefengjanlega og endanlega, og það er að setja lög um þetta efni. Og enn kemur því að hinu sama, að öll rök hníga að því, að það beri að lögfesta ákvæðin um fiskveiðilandhelgina og samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég verð líka að segja það, að upp á framtíðina álít ég það heppilegast, að þetta mál sé í höndum Alþingis, að það sé Alþingi, sem hefur úrslitaákvörðunarvaldið um það. Landgrunnslögin svonefndu, sem oft hefur borið á góma í þessum umræðum, frá 1948, hvíla á þeirri forsendu, að landgrunnið allt tilheyri Íslandi, að það sé undir þess yfirráðasvæði. Það verður þó að viðurkenna, að eins og er, þá er ekki til alþjóðleg regla, ekki þjóðréttarregla, sem viðurkennir það, að landgrunnið tilheyri landi. En það eru vissulega sérstakar aðstæður, sem styðja að því, að allt landgrunnið umhverfis Ísland lúti íslenzku yfirráðasvæði og tilheyri því. Og þó að það sé nú svo, að það sé ekki til alþjóðleg regla, sem viðurkennir þetta, þá má vel vera, að þróunin í þeim efnum verði á þá lund, að slíkt fái viðurkenningu. Og í því sambandi er ástæða til að minnast, hver breyting hefur orðið á í þessu efni. Það er t. d. ástæða til að minnast á það og bera saman viðhorfin á landhelgisráðstefnunni 1930 og landhelgisráðstefnunum 1958 og 1960. Á landhelgisráðstefnunni 1930, sem kvödd var saman í Haag að tilhlutan gamla þjóðabandalagsins, þá var það svo, að þar var fyrst og fremst rætt um og þar var deilt um, hvort ætti að vera 3 sjómílna regla eða 4 sjómílna regla. Að vísu var þar talað um viðbótarbelti, en yfirleitt voru menn ekki lengra komnir. Beri menn svo þetta saman við viðhorfið, sem var á landhelgisráðstefnunum 1958 og 1960 í Genf, þá er ljóst, hversu skoðanir hafa breytzt í þessu efni. Og vitaskuld er það ekkert óeðlilegt, þó að skoðanir hafi breytzt á þessu tímabili. Aðstæðurnar hafa breytzt, fiskveiðitæknin t. d. hefur gerbreytzt, fleygt fram, og það hefur orðið til þess, að menn hafa talið nauðsynlegt að viðurkenna miklu rýmri fiskveiðilandhelgi en áður. Þó að það væri álit þjóðréttarnefndarinnar, sem vitaskuld er ekki nema álit, að þjóðarétturinn leyfi ekki víðari landhelgi en 12 sjómílur, þá er ómögulegt að segja um það, nema viðhorfið í þeim efnum breytist fyrr en varir og það verði viðurkennt, að ríki geti fært fiskveiðilandhelgi út enn frekar. Íslendingar verða þess vegna í öllum þessum umræðum og öllu því, sem lýtur að þessu máli, að gæta þess vandlega að loka ekki neinum dyrum í þessu efni, loka engum leiðum til frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar síðar. En um leið og því er játað, þá verður líka að viðurkenna hitt, að það verður að athuga vel hvert það spor, sem stigið er í þvílíkum efnum, og að engu má þar hrapa. Og til þess að halda þannig á málinu er Alþingi Íslendinga bezt treystandi. Þess vegna er það, að allt mælir með því, að ákvæðin um fiskveiðilandhelgi séu sett í lög, en séu ekki aðeins í reglugerð.

Ég skal svo, herra forseti, ekki orðlengja þetta miklu meira. Ég skal þó aðeins láta þess getið, að þessar umræður, sem hér hafa farið fram,

hafa verið upplýsandi á margan veg, og alveg sérstaklega held ég, að að einu leyti hafi orðið gagn að þeim. Þær hafa minnt á og rifjað upp, hvað gerðist í þessu máli sumarið 1958. Það hefur hér verið rifjað upp svo rækilega, sem mönnum var að vísu kunnugt, að það voru gerðar á sumrinu 1958, áður en og alveg þangað til reglugerðin um fiskveiðilandhelgi kom til framkvæmda, ítrekaðar ráðstafanir til þess að fá viðurkenningu annarra þjóða á þeim aðgerðum, sem við ætluðum að stefna að í þessu máli. Þær hafa sýnt það svo rækilega, að þá var einskis látið ófreistað til þess að tryggja viðurkenningu annarra þjóða og ganga svo vel frá og undirbúa þetta skref svo örugglega sem verða mátti. Ég þori að fullyrða, að hvar sem Bretar nú ættu að gera grein fyrir sínum kröfum, sem sagt er að þeir nú hafi uppi í sambandi við þetta mál, þá mundi það, að það liggur skjallega fyrir, að þeim var, rétt áður en reglugerðin um fiskveiðilandhelgina kom til framkvæmda, veittur kostur á ráðrúmi til að umþótta sig, eins og hæstv. ráðh. hefur hér orðað, í þessu landhelgismáli, — ég er sannfærður um, að hvarvetna mundi þetta verða til þess að veikja kröfur Breta, en styrkja málstað okkar Íslendinga. Þess vegna fer því ákaflega víðs fjarri, að þær ráðstafanir, sem í þessu efni voru gerðar sumarið 1958, séu ámælisverðar. Þær eru þvert á móti að mínu viti sérstaklega lofsverðar. Og þess vegna er það, að það var vissulega ekki ástæða til fyrir hæstv. utanrrh. að gera þessi efni og þær skeytasendingar, sem hann var að fjalla um, að árásarefni á þáv. forsrh., enda stóð hæstv. utanrrh. að þessu og hann á því líka lof fyrir það skilið. En þessi framkoma utanrrh. er hins vegar einna líkust því og menn færu að skjóta á sjálfa sig.

Ég vil svo aðeins að lokum segja þetta, að ég held, að af öllum ástæðum sé það heppilegast og eðlilegast, að ákvörðunarvaldið um þetta viðkvæma lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar sé í höndum Alþingis. Ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. hefur rætt þetta mál við sína flokksmenn á þingflokksfundum og að hún telji sig hafa fylgi þeirra til þeirra ráðstafana, sem þeir hyggjast stefna að. En það er dálítið annað að taka ákvarðanir á þingflokksfundum eða á Alþingi. Og ég verð að álíta, að það sé heppilegast, að hver og einn einstakur alþingismaður taki ákvörðun í þessu máli hér í þessum þingsölum með orðum eða atkvæði sínu í augsýn og áheyrn alþjóðar, að með þeim hætti væri bezt tryggt, að hverjum og einum alþm. væri ríkt í huga sú ábyrgð, sem hann ber fyrir kjósendum sínum, fyrir þjóð sinni, fyrir sögu og fyrir framtíð þjóðarinnar.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég þakka sanngirni hæstv. forseta enn að gefa mér orðið til þess í örstuttu máli að bera af mér sakir.

Hæstv. dómsmrh. hefur síðustu dagana virzt vilja innleiða þann fundarsið hér í hv. d. að halda hér úr ræðustól eins konar yfirheyrslu yfir þingmönnum og krefjast þess, að þeir svari úr sætum sínum, eða þar sem þeir eru staddir innan veggja þessarar hv. d. eða í nærliggjandi herbergjum, spurningum, sem hann leggur fyrir þá, einkanlega þegar hann veit, að þeir eru dauðir og eiga ekki rétt á að svara hæstv. ráðh. Hann lagði þannig fyrir mig nokkrar spurningar, sem hann krafðist svars við á stundinni, á síðasta fundi þessarar d. Hvað sem má segja um þennan sið hæstv. dómsmrh., ef upp væri tekinn, — og ég held, að hann væri ekki til bóta, — þá hefur hann þann ókost, að svör hv. þdm. ná ekki héðan úr sætum eða úr hliðarherbergjum þeim hljóðnema, sem er við þennan ræðustól og er ætlaður til þess að skila máli þingmanna inn á þau tæki, sem aftur flytja þau í þingtíðindin. Þetta veit hæstv. ráðh. Og þetta vitum við af reynslunni, t. d. líka af því, hvernig það, sem sagt er hér sem innskot í ræður hæstv. dómsmrh., kemur í hans blaði. En vegna þess að ég veit, að mín svör hafa ekki náð hljóðnemanum, þá vil ég árétta þau í örstuttu máli.

Hæstv. ráðh. spurði, hvað mér væri kunnugt um viss skeyti, sem hefðu farið milli vinstri stjórnarinnar og ríkja Atlantshafsbandalagsins. Ég vil segja: Ég sá ekki eitt einasta af þessum skeytum á sínum tíma, sá aðeins í fyrsta skipti afrit af einu þeirra, sem hæstv. fyrrv. forsrh., þm. Vestf. (HermJ), fékk fyrir náð hjá hæstv. utanrrh. En mér var kunnugt um það eins og ráðherrum Alþýðubandalagsins í maí 1958, að meiri hluti vinstri stjórnarinnar ákvað þá að senda skeyti til ríkja Atlantshafsbandalagsins eða fulltrúa þess í höfuðstöðvum þess í París sem fyrirspurn. Það kemur svo skýrt sem verða má í ljós í bæklingi, sem var gefinn út af hálfu Alþb. fyrir kosningarnar 1959, að ráðh. Alþb. skildu þetta sem fyrirspurn, og þetta var fyrirspurn. En því, sem í fyrirspurninni fólst, var hafnað. Og ég sagði: Ég var ekki hræddur við, að þessi fyrirspurn væri send, vegna þess að ég vissi, að henni yrði hafnað. En meiri hluti sambræðslustjórnar hefur vitanlega leyfi til þess að ákveða eitt og annað, m. a. hlut eins og þennan. Á eftir verður það svo að ráðast, hvort viðkomandi ríkisstj. getur haldið áfram sem heild. En ég veit hins vegar, hvers vegna hæstv. dómsmrh. heldur áfram spurningum sínum um þessi skeyti í maí og þó einkum í ágúst 1958. Ég veit, að hann gerir það ekki af því, að hann hafi minnstu von um að fá þar rök fyrir því að semja nú einhliða við Breta, því að það liggur alveg ljóst fyrir öllum mönnum, að það er ósambærilegt. En hæstv. ráðh. er bragðvís. Hann gerir þetta, að tala svo mikið og spyrja svo mikið um skeytin í ágúst, til þess að undirstrika í leiðinni undirferli hæstv. utanrrh. og það, sem hann gerði á bak við meðráðherra sína í vinstri stjórninni, í makki við Sjálfstfl., þ. á m. sjálfan hæstv. dómsmrh. Hann gerir þetta, hæstv. dómsmrh., að spyrja allra þessara spurninga um þessi skeyti í ágúst, til þess að gera sem mesta smán félaga sins, hæstv. utanrrh. En hæstv. dómsmrh. sagði í leiðinni, að það, að ég hefði haft vitneskju um skeytin, fyrirspurnarskeytin, sem send voru í maí, það sýndi, að ég væri flugumaður Framsfl. innan Alþýðubandalagsins. Og það eru þær sakir, sem ég vil fá að bera af mér, því að ég tel það alvarlegar sakir að vera flugumaður eins eða neins flokks.

Ég tel það enga sök að vera framsóknarmaður. Ég tel það enga sök að vera í Sjálfstfl. Ég tel það enga sök að vera kommúnisti. Ég tel það enga sök að hafa sannfæringu og standa við hana. En ég tel það sök, saknæmt, að vera í flokki og vinna fyrir annan flokk. Ég þykist ekki hafa gert það. En hitt er satt, að í vinstri stjórninni, frá upphafi til enda, reyndi ég af mínum litla mætti að auka á samheldni flokkanna, sem að henni stóðu, af þremur ástæðum: Af því fyrst og fremst, að ég vil, að menn, sem taka að sér verk, ekki sízt ef þeir taka að sér verk fyrir alla þjóðina, haldi því áfram til loka og ljúki því, og það vildi ég um vinstri stjórnina. Í öðru lagi vil ég, að það sé unnið af heilindum milli flokka í ríkisstj. og milli manna, sem þurfa að hafa samvinnu og hafa ákveðið að hafa samvinnu. Þess vegna dreg ég ekki dul á það, að í mörg, mörg skipti, ekki aðeins í maí 1958, reyndi ég að miðla málum milli flokkanna, sem stóðu að vinstri stjórninni. Og ég veit, að það eru fleiri en framsóknarmenn, ég veit, að t. d. líka hæstv. viðskmrh. núv. muni viðurkenna, að ég hafi reynt að gera þetta af heilindum, en ekki verið þar að vinna fyrir Framsfl.

En ég hef kannske annað til þess að benda á til þess að sýna, að ég er ekkert háður Framsfl. Framsfl. hefur nefnilega sem heild staðið að einni illvígustu og harðvítugustu árás, sem gerð hefur verið á nokkurn mann í íslenzkum stjórnmálum, á mig, og það er ekki langt síðan, — með Sjálfstfl. að vísu og með Alþfl. En mér er ánægja að geta sagt, að í öllum þessum flokkum voru til þeir menn, að þeir vildu ekki standa að þessu, ekki aðeins hv. 2. þm. Vestf., heldur líka maður eins og hæstv. dómsmrh. og maður eins og hæstv. fjmrh. En það vantaði ekkert upp á það, að öllu, sem Framsfl. sem heild hefur yfir að ráða, væri beitt gegn mér til þess að koma mér pólitískt á kné og hafa mig úr sögunni, — fé, völd og allt, sem hann hafði yfir að ráða og hans foringjar, sem réðu þessum aðgerðum. Ég hef margoft tekið á móti árásum frá framsóknarmönnum á mig heima í héraði og annars staðar, og ég er ekki hræddur við það. Ég væri ekkert hræddur við að vera í Framsfl., ef ég væri framsóknarmaður og sömu skoðunar og þeir, en ég er það ekki. Ég hygg, að ég hafi gert ljóst, að ég er ekki og ætla mér ekki að vera erindreki hvorki Framsfl. né annarra flokka, heldur þess þingflokks, sem ég er í. Það má vel vera, að ég eigi ekki heima vegna stjórnmálalegrar sannfæringar minnar í neinum af þeim skipulögðu flokkum, sem hér eru. Alþb. er bandalag manna með mismunandi pólitískar sannfæringar í meginatriðum, en mér finnst það stundum svo lítið og lítilfjörlegt, sem verið er að deila um hér, að ég væri ekki að hafa nein afskipti af því, ef það væru ekki til stórmál, utanríkismál eins og landhelgismálið, sem er fyrir okkur nú, sem ég vil hafa afskipti af, ef ég hef afskipti af opinberum málum á nokkurn hátt. Það er þess vegna, sem ég beiti mér í því máli fyrir mína þjóð, en ekki fyrir neinn sérstakan flokk.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skil það ákaflega vel, að hv. 5. þm. Reykn. taki það illa upp, að ég skyldi varpa því fram, að stundum hafi heyrzt, að hann væri eins konar flugumaður innan Alþb. Nú höfum við að vísu heyrt, að hann telur Alþb. samsett af mönnum með mjög ólíkar stjórnmálaskoðanir í meginatriðum og hann eigi í raun og veru ekki heima í neinum skipulögðum stjórnmálaflokki, og kynni það að vera skýringin á því, að þessi orðrómur er uppi.

Það, sem ég lagði aðaláherzlu á í mínum ummælum á dögunum, var, að ég spurði, hvort hv. þm. væri meiri trúnaðarmaður hv. 2. þm. Vestf. heldur en Alþb. Það er eðlileg spurning, og það, sem fram hefur komið í þessum umr., réttlætir þá spurningu fyllilega.

Hv. þm. fann að því, að ég hefði tekið upp þann sið að spyrja menn héðan úr ræðustól og krefjast af þeim svara þegar í stað. Hann mun eiga við þær spurningar, sem ég beindi til þeirra félaga, hv. 2. þm. Vestf. og hans sjálfs, á fimmtudag og föstudag í síðustu viku. Þær spurningar voru, eins og allir þeir, sem á hlýddu, og allir þeir, sem lesa umr., sjá, bornar fram að gefnu tilefni frá þessum hv. þm., vegna framíkalla þeirra í mína ræðu. Það var vegna þess, að þeir gerðu athugasemdir, sem gáfu tilefni til þess, að nánar væri eftir gengið, hvað þeir ættu við með sínum athugasemdum, sem þeir voru settir á þann spurningabekk, er þeim svo bersýnilega leið illa á og enn hafa sárindi af að hafa setið á. Hv. þm. sagði, að það væri galli á slíkri málsmeðferð, að hljóðneminn tæki ekki allt það, sem sagt væri, og það út af fyrir sig er rétt, en þá er að gæta þess, áður en leikurinn er byrjaður. Þeir áttu að hafa það í huga, áður en þeir byrjuðu að gera úr sætum sínum eða hliðarherbergjum athugasemdir við mína ræðu, meðan ég var í ræðustól. En þó að það kunni að vera, að hljóðneminn nái kannske ekki öllu, sem sagt er úti í salnum, þá hefur hann bersýnilega náð meira í þessu tilfelli en hv. 5 þm. Reykn. vildi nú viðurkenna. Hann var nú að sverja af sér, ef svo má segja, sumt það, sem hljóðneminn alveg ótvírætt hafði eftir honum s. l. föstudag. Og í Morgunblaðinu er eftir honum haft, með leyfi hæstv. forseta: Finnbogi R. Valdimarsson skýtur inn í: „Ráðh. Alþb. áttu engan þátt í samningu skeytisins og tóku fyrirvara á móti sendingu þess, en ég vissi um efni skeytisins og var ekki hræddur við það og vissi, að því yrði hafnað.“ Síðar segir hann aftur: „og vissi, að því yrði neitað.“

Þetta er væntanlega í samræmi við það, sem heyrzt hefur í hljóðnemanum. (FRV: Heldur hæstv. ráðh., að ráðh. Alþb. hafi ekki haft hugmynd um efni skeytisins eins og ég?) Ég vitna einungis til þess, að hér gerir hv. þm. greinarmun á sér og ráðherrunum? (FRV: Þeir tóku fyrirvara á móti því, af því að þeir vissu nokkurn veginn um efni þess. — **Forseti:** Ekki samtal.)

Í Þjóðviljanum s. l. laugardag segir, með leyfi hæstv. forseta, um þetta skeyti, sem hér er um að ræða:

„Sama dag sendu ráðh. Alþfl. og Framsfl. án samráðs við ráðh. Alþb. Henrik Sv. Björnssyni skeyti.“

Þarna er fullyrt, að þetta hafi verið gert án samráðs við ráðh. Alþb., en hv. þm. hefur sjálfur lýst því yfir í áheyrn alls þingheims og áheyrn hljóðnemans, að hann hafi vitað um efni skeytisins og ekki verið hræddur við það. Hvernig er hægt að skilja það á annan veg en þann, að hann hafi eftir atvikum verið sammála skeytinu? Það er a. m. k. sannað, að hann vissi um skeytið og segist ekki hafa verið hræddur við það. Af hverju var hann ekki hræddur? Af hverju var hann að taka fram, að hann hefði ekki verið hræddur, nema vegna þess, að hann hefur goldið samþykki sitt við skeytinu?

Það er því alveg ljóst og ótvírætt, að ástæðan til þess, að ég spurði, hvort hv. þm. væri meiri trúnaðarmaður hv. 2. þm. Vestf. en Alþb., hefur við full rök að styðjast. Það var eðlilegt, að spurt væri. Það er komið fram með játningum hv. þm., sem hann er nú raunar að reyna að hlaupa frá, að hann vissi meira um málið en ráðh. Alþb. hingað til hafa viljað viðurkenna. (FRV: Ráðh. er óhætt, því að ég er alveg dauður maður og hann getur sagt hvað sem hann vill.) Nú, við heyrum, að maðurinn er að tala, hvort það er afturganga eða ekki, um það skal ég ekki segja. En það er athyglisvert, að nú er hv. þm. farinn að reyna að sanna, að hann einn hafi nú ekki verið um þessa vitneskju, sem hingað til hefur verið látið svo sem haldið hafi verið frá öllum Alþb.-mönnum. Nú er hann farinn að varpa hér fram spurningum, sem eiga að gefa til kynna, að ráðh. Alþb. hafi svo sem vitað jafnmikið og hann um málið. Er það þá kannske einnig svo, — ég vonast til þess, að hv. þm. svari, — að ráðh. Alþb. hafi verið jafnóhræddir við skeytið og hann var sjálfur? (FRV: Þeir tóku fyrirvara á móti sendingu þess.) Nú, vissu þeir þá um skeytið? (FRV: Rétt að spyrja hæstv. utanrrh. eða hæstv. viðskmrh. að því.) Ég er að spyrja hv. þm., hann, sem er alltaf að gera athugasemdir og hefur svo mikla ánægju af því að sitja á spurningabekk. (FRV: Á ég að koma að hljóðnemanum með dálítið og svara í hljóðnemann? — **Forseti:** Ekki samtal.)

Hv. þm. kemst ekki hjá því, að hann er búinn að sanna sína vitneskju um þetta í miklu meira mæli en áður hafði verið vitað og skýrt frá af hans flokksbræðrum. Það eina, sem eftir er, er hitt, hvort ráðh. hans hafi einnig haft þessa vitneskju og farið á bak við sína flokksbræður og sagt rangt til, þegar þeir fullyrða enn í dag og láta Þjóðviljann s. l. laugardag endurtaka, að skeytið hafi verið sent án samráðs við þá. (FRV: Gátu þeir ekki haft hugmynd um efni þess, þótt það væri sent án samráðs við þá?) Ekki er það sent án samráðs við þá, ef þeim er skýrt frá efninu og ef þeim er gefið færi á að gera athugasemdir við það fyrir fram. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal.) Er ég búinn að játa? Ég held, að það sé þessi hv. þm., sem er búinn að játa, að hans flokksbræður hafi þarna haft sömu vitneskju og hann sjálfur. (Gripið fram í.) Það er það, sem hann er að reyna að gefa okkur til kynna, að hann hafi ekki það sérstaka trúnaðarsamband við Framsfl., sem hann upplýsti hér s. l. föstudag að hann hefði og honum af einhverjum ástæðum kemur mjög illa að á lofti sé haldið.

Það, sem þessar umr. hafa sannarlega sannað, er, að margt af því, sem bæði hv. framsóknarmenn og Alþb.-menn hafa sagt þjóðinni um afstöðu sína hvors um sig og innbyrðis 1958, er algerlega rangt og að á milli þeirra hefur verið miklu meira makk um málið en í veðri hefur verið látið vaka. En það er ein spurning, sem menn hljóta að varpa fram enn á ný að gefnu tilefni: Hvernig getur forsrh. í ríkisstj., eins og Hermann Jónasson gerði bæði í maí 1958 og ítrekaði í ágúst 1958, boðið fyrir hönd ríkisstj. vissa samninga án þess að hafa til þess samþykki þess ráðh., sem úrslitavald hafði yfir málinu innan hans ríkisstjórnar?

Hið umrædda skeyti frá því í maí er sent í nafni allrar ríkisstj. Það er að vísu ekki jafnberum orðum tekið fram um skeytið frá því í ágúst 1958, en það segir sig sjálft, að það hlaut að vera sent af hálfu ríkisstj. í heild, og a. m. k. var það gersamlega gagnslaust, ef sendendur þess, hv. núverandi 2. þm. Vestf. og hæstv. utanrrh., höfðu ekki fulla vissu um það, að þeir gætu staðið við þau tilboð, sem í skeytunum voru gerð. En við þau tilboð gátu þeir ekki staðið að ríkisstj. óbreyttri nema hafa til þess samþykki þáv. hæstv. sjútvmrh., að hann mundi fyrst gefa reglugerðina út í samræmi við tilboðið og síðan breyta henni í samræmi við seinna tilboðið. Hér er því sannað annaðhvort, að með og að tilhlutan hæstv. forsrh. er nokkur hluti hans ríkisstj. algerlega virtur að engu og einmitt sá maðurinn, sem hafði úrslitavald um þetta mál innan ríkisstj., hæstv. þáv. sjútvmrh., sá maðurinn, sem hafði í valdi sínu, hvaða ákvarðanir voru gerðar, eða að það, sem hv. Alþb. heldur fram, fær ekki staðizt, að þess ráðherrar hafi verið jafnandvígir þeim tilboðum, sem gerð voru, eins og þeir hafa hingað til látið. Og þessar einkennilegu skýrslur hv. 5. þm. Reykn., þar sem hann að vísu slær nokkuð úr og í, en kemur þó fram, að þeir félagar vissu miklu meira um málið en þeir hingað til hafa gefið til kynna, hljóta að vekja grunsemdir um það, að þátttaka þeirra í öllu málinu hefur verið mun meiri en þeir vilja láta almenning ætla. Get ég svo látið útrætt um þá hlið málsins.

En ég hafði kvatt mér hljóðs út af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v., sá er hér talaði, sagði. Hann hélt því fram og vítti ríkisstj. núv. í raun og veru fyrir það eitt, að hún hefði ekki vitnað í ályktun Alþingis frá 5. maí 1959, þegar hún tók upp viðræðurnar við Breta. Að gefnu þessu tilefni þykir mér ástæða til að lesa hér upp þá fréttatilkynningu, sem utanrrn. gaf út, um leið og skýrt var frá viðræðunum. Þar segir:

„Ríkisstjórn Bretlands hefur farið þess á leit við ríkisstj. Íslands, að teknar verði upp viðræður þeirra í milli um deilu þá, sem er um aðstöðu brezkra fiskiskipa á Íslandsmiðum. Þar sem íslenzku ríkisstjórninni virðist einsætt, að kanna beri til hlítar öll úrræði, sem koma mættu í veg fyrir áframhaldandi árekstra á Íslandsmiðum, auk þess sem vinna þurfi að framgangi ályktunar

Alþingis frá 5. maí 1959, hefur hún tjáð sig reiðubúna til slíkra viðræðna, jafnframt því sem hún hefur ítrekað við brezku stjórnina, að hún telur Ísland eiga ótvíræðan rétt að alþjóðalögum til þeirrar fiskveiðilögsögu, sem ákveðin hefur verið."

Þarna er réttarskoðun ríkisstj. sett ótvírætt fram og beinlínis vitnað til ályktunarinnar frá 5. maí 1959, enda hefur ríkisstj. aldrei komið annað til hugar en að haga meðferð sinni á málinu á þann veg, að það samrýmdist fyllilega þeirri ályktun, og viðleitnin er einmitt sú að fá viðurkennda þá landhelgi, þá fiskveiðilögsögu, sem þar er lýst yfir stuðningi Alþingis við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. sjútvn., á þskj. 358, var útbýtt 14. febr., en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Á 4. fundi í Ed., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi [37. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 7. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál, sem við flytjum hér þrír þm., er kunningi í d. frá því í fyrra, og fylgir því allýtarleg grg. Það var einnig af öðrum flm. frv. gerð mjög nákvæm grein fyrir málinu og nauðsyn þess á síðasta þingi, svo að hv. alþm. hafa bæði í grg. og þeirri framsöguræðu, sem var flutt, þegar málið var reifað hér á síðasta þingi, fengið nokkrar upplýsingar um þetta mál og nauðsyn þess, að það nái fram að ganga.

Það þarf í sjálfu sér enga röksemdafærslu hér frammi fyrir þessari hv. d. um nauðsyn vega. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þau byggðarlög, sem njóta ekki vegasambands á borð við aðra, hljóta að dragast aftur úr í öllum framkvæmdum og atvinnulífið eiga stórum erfiðara uppdráttar á þeim svæðum, sem þannig er háttað, heldur en þar sem vegasambandið er betra.

Því er nú svo háttað, að flestir þm. ferðast talsvert um landið, og það þyrfti naumast annað en vísa til þeirrar reynslu, sem þeir hafa fengið af vegasambandinu á Austfjörðum og einkum þó á Vestfjörðum, að það er algerlega óviðunandi. Þeir, sem hafa farið þarna um, verið þarna í framboði og ferðazt þarna um og kynnt sér ástandið, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, — og sama er um þá aðra, sem þarna hafa ferðazt, — að ástandið eins og er er algerlega óviðunandi. Því er nefnilega svo háttað, að þar sem ekki eru akvegir, þar er stórfelld afturför. Það situr ekki raunverulega við það sama, þar er stórfelld afturför frá því, sem áður var, vegna þess að menn notuðust við hesta, og sú samgönguþjónusta, sem fæst með hestum, er raunverulega lögð til hliðar alls staðar, enda komið annað til, svo sem flutningur verkfæra til jarðvinnslu, flutningur verkfæra til heyskapar o. s. frv., sem er algerlega útilokaður á stórum svæðum á Vestfjörðum vegna þess, hvað vegirnir eru ógreiðfærir.

Það er í sjálfu sér engum sérstökum aðila, nema þá Alþingi í heild, um það að kenna, hvernig þessum málum er komið, sumpart á Austurlandi og einkum á Vestfjörðum. Það hefur nefnilega skapazt sú venja, sem öllum alþm. er kunn, að leggja ár frá ári svipaðar upphæðir til vegagerðar í hinum ýmsu kjördæmum án tillits til þess, hvað það raunverulega kostar á hinum mismunandi svæðum að gera vegi þannig úr garði, að hægt sé að búa á þessum svæðum, svo að viðunandi sé. Þessi venja hefur haft sínar augljósu afleiðingar, eins og gerð er grein fyrir í grg. og gerð var ýtarleg grein fyrir í framsögu fyrir málinu á síðasta Alþingi. Það er ekki farið hér með neitt fleipur, það er óhætt að segja það. Og það þyrfti í sjálfu sér ekki skýrslugerð um þetta mál fyrir þá, sem hafa ferðazt um landið, Vestfirði og annars staðar. En þannig er þessu máli háttað, að till. til þál. var samþ. 26. marz 1958, um athugun á ástandi vegakerfisins í landinu. Þá athugun framkvæmdi vegamálastjóri og skilaði fyrri hluta skýrslu sinnar til samgmn. Af þessari skýrslu, sem var rakin hér við framsögu málsins á síðasta Alþingi, kemur í ljós, að Austfirðir og Vestfirðir hafa orðið svo hrapallega út undan á sviði vegamálanna, að furðu gegnir. Í stað þess að tefja tímann með því að lesa upp tölur úr þessari skýrslu vil ég biðja hv. alþm. að kynna sér þessa skýrslugerð. Þar kemur í ljós, að helmingur og meira en það sums staðar af þeim þjóðvegum og sýsluvegum, sem hafa verið samþykktir, eru ólagðir á þessum svæðum, þegar ekki er nema nokkur hundraðshluti veganna ólagður annars staðar.

Ég geri mér enga von um, að þetta ástand verði lagfært nema með því að breyta algerlega um stefnu í vegamálunum að þessu leyti. Það er alveg vonlaust verk, það fullyrði ég sem kunnugur maður á þessu svæði, það er alveg útilokað, að á venjulegan hátt fáist þau fjárframlög, sem þarf til þess að kippa þessu í lag, með því móti að alltaf séu lagðar svipaðar upphæðir í hin ýmsu kjördæmi án tillits til þarfanna og án tillits til þess, hvað það kostar að koma þessum landshlutum í vegasamband.

Skýrsla vegamálastjóra sýnir afleiðingarnar af þessari stefnu Alþingis, sem ég minntist á áðan og þar sem engum er sérstaklega um að kenna, nema Alþ. í heild, vegna þeirrar reglu, sem fylgt hefur verið og ég drap á. Þess vegna er lagt til, að gert verði nokkurt átak í þessum tveimur landshlutum og framkvæmdum hagað eftir þörfum og tillögum vegamálastjóra til þess að ráða bót á þessu ástandi.

Ég sagði áðan, að ég þyrfti ekki að lýsa því, hvernig víða er háttað á Vestfjörðum í þessu sambandi, og ég fullyrði, að það er alveg aug-

ljóst mál, að ef ekki verður breytt um stefnu í þessu máli og teknar upp svipaðar vinnuaðferðir og bent er á í þessu frv., þá er það tvímælalaust, að mikill hluti af byggðinni hlýtur að fara í auðn.

Ég hef sannarlega hugleitt það sem stjórnmálamaður almennt, án tillits til hagsmuna þessara kjördæma á Austurlandi og Vesturlandi, hvort það væri raunverulega verjandi að verja stórum fjárhæðum til þess að kippa þessu í lag og gera á þessu sviði nokkurt átak. Ég hef komizt að þeirri niðurstöðu fyrir löngu, og sú sannfæring mín hefur orðið að fullvissu fyrir nána kynningu, að það svarar fullkomlega kostnaði fyrir þjóðfélagið að vinna þetta verk og verja til þess peningum. Á Vestfjörðum er tvímælalaust, — og sama er að sumu leyti um Austfirði, — á Vestfjörðum er betri aðstaða til sauðfjárræktar en víðast á Íslandi, eins og ég veit að flestum hv. alþm. hér í þessari d. er kunnugt. Nú eru rekin þarna á sumum stöðum stórbú, og væri hægt að margfalda þau, ef vegasambandið væri betra, á öðrum stöðum mjög lítil bú, sem takmarkast af því, að ekki er hægt að flytja að sér jarðvinnsluvélar eða vélar til heyskapar. Það er alveg tvímælalaust, að þróunin verður í þá átt, — það leynir sér ekki fyrir þeim, sem hafa ferðazt um þetta svæði, — að litlu býlin leggjast niður og býlin verða margfalt stærri á öðrum stöðum, þar sem aðstæður eru betri. En til þess að hægt sé að halda áfram að nýta gömlu býlin og til þess að hægt sé að hafa stórbú, þar sem möguleikar eru til þess, — ég gæti nefnt marga staði, en geng fram hjá því að sinni, — til þess að það sé hægt, verður að bæta úr vegaástandinu. Það hefur verið sagt frá því hér, að það er áhugi fyrir því, þar sem vegasambandið er, að auka byggðina á þessum svæðum, og væri hægt að nefna mörg dæmi þess, hefur líka verið sagt frá því opinberlega í blöðum, en jafnframt er þar þessi þröskuldur í veginum, að vegakerfi vantar, — og ef vegakerfið verður ekki bætt, þá verður í staðinn fyrir áframhaldandi þróun eyðing, fullkomin eyðing á stórum svæðum. Það fullyrði ég að vofir yfir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt um þetta frv. En ég vil biðja hv. alþm. að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar, því að ég fullyrði, að þetta er sanngirnismál gagnvart þessu fólki, sem á þessum svæðum býr, og það er hagkvæmt fyrir þjóðfélagið að vinna þetta verk. Það fer saman. Ég vil þess vegna biðja þá nefnd, sem fær þetta til meðferðar, að hraða þessu máli, því að ég er alveg viss um, að á því verður ekki löng bið, að sá málstaður, sem hér er borinn fram, vinnur sigur. Það er ekki hægt að taka einstaka landshluta út úr og skammta þeim lífsgæði með allt öðrum hætti en mönnum í öðrum byggðarlögum.

Ég man ekki, í hvaða nefnd málið var síðast, sennilega fjhn. Ég vil þá óska eftir, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

50. Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður.

Á 7. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [60. mál] (þmfrv., A. 65).

Á 9., 10., 11. og 12. fundi í Ed., 24., 25., 27. og 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., 31. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt hér á síðasta þingi og þá mælt fyrir því, og fylgdi því þá eins og nú ýtarleg grg.

Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir að stofna sjóð, sem nefnist framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóður, og hlutverk sjóðsins á að vera að stuðla að framleiðslu- og atvinnuaukningu og jafnvægi í byggð landsins. Er gert ráð fyrir, að stofnfé sjóðsins sé 20 millj. kr. framlag úr ríkissjóði 1961, en var gert ráð fyrir því, þegar frv. var seinast flutt, að það yrðu 15 millj. Þessi hækkun stafar af breyttu gengi peninganna. Það er enn fremur gert ráð fyrir því, að stofnfé sjóðsins sé fé, sem ríkissjóður hefur lánað til þess að bæta úr atvinnumöguleikum í landinu. Og í þriðja lagi er inneign ríkissjóðs hjá lántakendum ríkisábyrgðarlána vegna afborgana og vaxta, sem ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum fyrir gildistöku þessara laga. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að tekjur framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóðs verði vaxtatekjur, árlegt framlag ríkissjóðs á árunum 1962—71, 20 millj. kr. á ári, og skuldir, sem ríkissjóður eignast samkv. 2. gr. eftir gildistöku laga þessara. Síðan er gerð grein fyrir því í 4. gr., hverjum megi veita lán úr sjóðnum, og er gert ráð fyrir því að veita lán til að koma upp atvinnutækjum eða aðstöðu til hvers konar framleiðslu- og atvinnuaukningar. Stjórn sjóðsins á að vera þannig skipuð, að 4 af 5 stjórnendum eru kosnir af Alþ., en fimmti maðurinn á að vera frá Framkvæmdabankanum, og síðan er gert ráð fyrir því í 6. gr., að ríkisstj. sé heimilt að fela framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóði að gera árlega skýrslu um atvinnuástand og aðstöðu í atvinnurekstri í einstökum byggðarlögum, eftir því sem ástæða þykir til. Þetta er í stytztu máli efni þessa lagafrv.

Það hefur verið mikið rætt um það á undanförnum árum að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Til þess að vinna að því hefur verið varið svonefndu atvinnuaukningarfé, misjafnlega miklu hvert ár, en ég held, að flestir ættu að geta verið sammála um, að þessu fé hafi yfirleitt verið vel varið. Það var flutt hér á Alþ. frv. 1956 af hálfu ríkisstj., og var það samið af alþm. Gísla Guðmundssyni og Gísla Jónssyni. Þetta frv.,

sem hér liggur fyrir, er að mörgu leyti svipað, án þess að ég sjái ástæðu til að gera grein fyrir því, hver er efnismunurinn á þessum tveimur frumvörpum. En jafnhliða var skipuð nefnd manna, svokölluð atvinnutækjanefnd, til þess að rannsaka atvinnuástandið víðs vegar um landið og þarfirnar fyrir nýjar framkvæmdir. Niðurstöðurnar, sem þessi n. komst að, birtust í skýrsluformi, sem þm. fengu í hendur, ef ég man rétt, 1958 og 1959. Og ég held, sannast að segja, að þessi skýrslugerð sé ein fullkomlegasta sönnun fyrir því, að það er nauðsynlegt að vinna skipulega að því að halda áfram þessari uppbyggingu. Skýrslan sannar, að þörfin fyrir uppbyggingu víðs vegar úti um landið og aðstoð til hennar hefur verið aðkallandi og er mjög aðkallandi. Það hefur að vísu, eins og ég sagði áðan, verið varið til þessa ákveðnum upphæðum, misjafnlega miklum, á fjárlögum á hverju ári, en það, sem farið er fram á með þessu frv., er, að komið verði á þetta sem fullkomnustu skipulagi og framkvæmdir gerðar í samræmi við nokkra áætlun og rannsókn á ástandinu, eins og gert er ráð fyrir í 6. gr. frv., eins og ég gat um áðan. Ég tel, að það skipti verulegu máli, að þessu starfi, að byggja upp úti um landið, sé haldið áfram og það sé gert á skipulegan hátt, eins og mundi verða fremur en áður hefur verið, ef þetta frv. verður að lögum.

Það er enginn efi á því, að þörfin, eins og ég sagði áðan, er aðkallandi. Það sanna þær skýrslur, sem ég minntist á, frá atvinnutækjanefnd. En það er tvímælalaust, að þörfin fyrir uppbyggingu er að ýmsu leyti ekki minni nú en hún var, og sérstaklega er þörfin fyrir aðstoð a. m. k. eins rík og hún hefur verið nokkurn tíma áður. Þeir, sem úthlutuðu atvinnuaukningarfénu s. l. ár, því sem var áætlað á fjárl. þessa árs, munu hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri erfitt að skipta atvinnuaukningarfénu, svo ríkar voru þarfirnar. Á fjöldamörgum stöðum, þar sem þarfirnar fyrir aðstoð voru mjög aðkallandi, var ekki hægt að fullnægja eftirspurninni, þó að bersýnilegt væri, að það væri til stórtjóns fyrir framleiðsluna á þeim stöðum, að ekki var hægt að verða við þeim beiðnum, sem fram komu.

Ég get tekið eitt einasta dæmi, en ég nefni það dæmi sem táknrænt atriði, en undir engum kringumstæðum sem neitt sérstakt, heldur eru mörg hliðstæð dæmi, sem væri hægt að nefna. Það voru keypt skip, sem dreift var víðs vegar út um landið, m. a. var keypt togskip frá Austur-Þýzkalandi, sem gert var ráð fyrir að rekið yrði frá Drangsnesi og Hólmavík og hefur verið gert. Það er erfitt að taka á móti fiski úr þessum skipum nema með því móti að hafa svokallaða bílavigt, og þeir fengu sér lán til að kaupa þessa bílavigt, í þeirri von að fá atvinnuaukningarfé, því að fé heima fyrir er alls ekki til staðar undir neinum kringumstæðum vegna langvarandi aflaleysis á þessum stað eins og sums staðar annars staðar. Það er liðið meira en ár, síðan þeir keyptu þessa bílavigt, og þeir hafa ekki getað komið henni niður enn, og það stendur að hálfu leyti í vegi fyrir því, að þeir geti tekið á móti fiski úr þessu skipi, sem er ætlað að leggja upp á þessum stað. Það varð að skipta þessu í tvennt. Þeir fengu hluta af fénu núna, og gert er ráð fyrir því, að þeir verði að bíða talsvert, þar til næsta atvinnuaukningarfé verður úthlutað, til þess að þeir geti borgað þessa bílavigt og komið henni niður, ef það fé er hægt að fá.

Þetta sýnir okkur, að þegar verið er að byggja upp úti um landið, þá vantar oft herzlumuninn, til þess að það sé hægt að fullkomna verkið, og það er ekki hægt að gera það nema með því móti, að það sé lagt fram fé á sama hátt og hér er gert ráð fyrir eða svipaðan til þess að styðja þetta fólk til atvinnuuppbyggingar. Og það er enginn efi á því, að fyrir þjóðfélagið er það ein allra skynsamlegasta ráðstöfun, sem hægt er að gera, a. m. k. er það þannig frá mínu sjónarmiði, að hjálpa til þessarar uppbyggingar, sem er víða örugg framleiðsluaukning fyrir þjóðfélagið í heild, því að það er vitað mál og liggja fyrir skýrslur um það, m. a. í skýrslu atvinnutækjanefndar, að miklu fleira fólk vinnur hlutfallslega við framleiðsluna úti um landið heldur en sums staðar annars staðar á landinu, m. a. í hinum stærri kaupstöðum.

Ég get satt að segja ekki séð, hvaða mótbárur ættu að vera gegn því að samþykkja þetta frv. Ég geri ráð fyrir því, að Alþ. sé sammála um að halda þessari starfsemi áfram, og þá er spurningin um það, hvort á að halda þessu starfi áfram sem skipulögðu starfi, þar sem er gerð fyrir fram áætlun um framkvæmdirnar, eða gera það á sama hátt og verið hefur.

Ég vil ekki þreyta hv. þd. með því að hafa öllu lengri framsögu fyrir þessu máli, nema tilefni gefist til, og ég geri ráð fyrir, að að lokinni þessari umr. verði rétt að vísa málinu til fjhn. Ég hef þessi orð svo ekki fleiri, en vænti þess, að þessu frv. verði vel tekið, og vil biðja þm. að athuga það með velvild.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vil segja hér um þetta mál, áður en það fer til nefndar.

Eins og hv. 1. flm. frv. sagði, mun naumast vera ágreiningur um, að rétt sé að halda áfram þeirri starfsemi, sem hefur verið rekin undanfarin ár í því skyni að aðstoða við öflun framleiðslutækja og ýmiss konar framleiðslustarfsemi víðs vegar um landið. Það hefur oft áður verið á það bent, og ég hef verið einn í hópi þeirra, sem hafa lagt áherzlu á, að nauðsynlegt væri að setja fastar reglur um ráðstöfun þessa fjár. Af ýmsum ástæðum, sem ég skal ekki rekja, hefur öll þessi ár, síðan þessi starfsemi hófst, ekki tekizt að fá samkomulag um það hér á Alþ. að setja ákveðna löggjöf um þessar ráðstafanir ríkisins til framleiðslu- og atvinnuaukningar.

Það er engum efa bundið, að þetta fé hefur komið á liðnum árum að miklum notum víða um land. En það er jafnvíst, að það hefði komið að miklu meiri notum, ef það hefði verið hægt að vinna að þessum málum á skipulagsbundinn hátt og verið vitað nokkur ár fram í tímann, hvað yrði til ráðstöfunar, þannig að hægt væri að gera ákveðnar áætlanir um uppbyggingu tiltekinna framleiðslufyrirtækja í hinum ýmsu byggðarlögum, þar sem þeirra hefur helzt verið talin þörf. Þetta hefur því miður ekki verið hægt,

vegna þess að það hefur aldrei verið vitað, fyrr en fjárlög eru afgreidd, hvað mikið fé raunverulega yrði til ráðstöfunar, og það hefur jafnframt ekki verið vitað, hvaða aðilar það væru, sem ráðstöfuðu þessu fé, þannig að frá einu ári til annars hefur aldrei verið hægt að gera neinar skuldbindingar, þannig að hægt væri að aðstoða í áföngum við uppbyggingu ýmiss konar framleiðslustarfsemi. Þetta er auðvitað mjög tilfinnanlegur annmarki, sem alveg er nauðsynlegt að ráða bót á.

Hinu er svo ekki að leyna, að frá því að þessi aðstoð upphaflega var tekin upp, hafa orðið mjög miklar breytingar í þjóðfélaginu og breytingar í þá átt, sem fagna ber, vegna þess að fjöldi þeirra byggðarlaga, sem upphaflega voru í þrengingum með uppbyggingu sinnar framleiðslu og öflun atvinnutækja, er þannig settur í dag, að þar eru nægileg framleiðslutæki og raunverulega meiri en svo, að þar sé jafnan vinnuafl til þess að reka þau, og á þetta við um marga þá staði, sem áður voru illa settir. Hinu er svo aftur ekki að leyna, og skal ég ekki út í þá sálma fara, að ekki hefur alls staðar verið byggð upp framleiðslustarfsemi e. t. v. á þann heppilegasta hátt, þannig að það hafi hentað hverju byggðarlagi. Það er að sjálfsögðu ekki einhlítt, skulum við segja, að kaupa skip. Það verður að athuga þá um leið, hvaða stærð af skipum og hvers konar skip henta á hverjum stað og hvaða starfsemi það helzt er, sem þar þarf að halda uppi. Það er vitanlega algerlega óraunhæft, eins og því miður hefur komið fyrir, að það væri verið að grundvalla atvinnufyrirtæki á stöðum, þar sem ekki hefur verið nokkur undirstaða undir þeirra starfsemi, heldur hefði þurft að byggja þar upp framleiðslustarfsemi á allt annan veg. Þetta er að sjálfsögðu eitt atriði, sem er mjög þýðingarmikið að taka til rannsóknar, og mér skilst, að sú skýrsla, sem hv. þm. vitnaði í frá atvinnutækjanefnd eða athugun þeirrar nefndar, hafi verið hugsuð á þann veg að reyna að gera sér grein fyrir, hvaða atvinnutæki það væru og hvaða framleiðslustarfsemi það væri, sem hentaði hverju byggðarlagi.

Meðan aðstoð sú, sem veitt er af svokölluðu atvinnuaukningarfé, er jafnókerfisbundin og hún er nú og enginn aðili er til, sem um lengri tíma hefur með þessi mál að gera, þá er mjög erfitt um vik að koma við mati á því, hvaða starfsemi helzt beri að efla á hverjum stað, og er þetta að sjáfsögðu hið þýðingarmesta. Ég hef nú síðustu árin haft nokkur afskipti af úthlutun þessa fjár, og ég held, að þó að alltaf megi deila um það, hvernig því er ráðstafað, þá hafi eftir atvikum verið reynt að gera það eins og menn höfðu bezt vit á, enda hefur orðið samkomulag í þeirri nefnd, sem það hefur gert og er skipuð fulltrúum allra flokka. En ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því, — og það hygg ég, að við allir gerum, sem í n. erum, — að þær reglur, sem úthlutað hefur verið eftir að undanförnu, þurfa mjög mikillar endurskoðunar við og það er ákaflega hæpið, hvort á að fara út í það, sem gert hefur verið, að skipta þessu fé niður á þann veg, að því er dreift til sem allra flestra til að veita helzt öllum einhverja úrlausn. Með þessari dreifingu, þó að það að vísu geti veitt nokkurn stuðning, þá verður þó mjög takmarkað gagn a. m. k. af þessari aðstoð. Ef vel ætti að vera, þyrfti að vera hægt að athuga rækilega, hvaða framleiðslustarfsemi það helzt væri í hinum ýmsu byggðarlögum, sem nauðsynlegast væri að aðstoða, og reyna þá að gera það á svo myndarlegan hátt, að það væri hægt að koma nokkurn veginn traustum fótum undir slíka starfsemi.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að fara inn á nokkuð nýjar brautir með ráðstöfun þessa fjár, þannig að lögð verði áherzla á það á næstu árum að styrkja einnig af þessu fé ýmsar rannsóknir og athuganir, sem beinlínis eru miðaðar við það að leggja grundvöll að nýrri framleiðslustarfsemi. Ég álít, að það sé mjög eðlilegt einmitt að veita aðstoð í þessu skyni, ef hugmyndin er sú, að á þennan hátt eigi að reyna að leysa aðkallandi atvinnuvandamál í hinum ýmsu byggðarlögum. Það er að vísu svo enn í dag, að við er að stríða á ýmsum stöðum tímabundið atvinnuleysi, og eins og okkar atvinnulífi er háttað nú, meðan útgerðin er alls ráðandi og það skiptist, eins og menn vita, mjög eftir árstímum, hvar vertíð aðallega er, þá er ósköp hætt við því, að það sé erfitt að koma í veg fyrir slíkar sveiflur. En að svo miklu leyti sem það er hægt, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að því að stuðla. Það er þó engum efa bundið, að eins og ég áðan sagði, þá hafa orðið mjög miklar breytingar í þá átt, að það er ekki hægt að segja, að það séu eins og áður var, í jafnríkum mæli, ákveðnir landshlutar, sem búi við sérstaklega miklu verri skilyrði atvinnulega en aðrir, þannig að þetta mál mun verða að athugast nú á nokkuð nýjum og öðrum grundvelli. Undirstaðan undir þessa aðstoð engu að síður, sem hér er talað um, er alltaf fyrir hendi. Það má alltaf gera ráð fyrir því, að það geti verið um tímabundin vandræði að ræða í ákveðnum byggðarlögum. Við stóðum á þessu ári andspænis ákveðnum vandamálum einmitt á því sviði, þar sem þurfti að endurskipuleggja atvinnulíf í tilteknum byggðarlögum, og einmitt þegar þannig horfir, þá er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt að hafa eitthvert fé, eins og hér greinir.

Ég skal á þessu stigi málsins ekkert um það segja, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, er fullnægjandi til þess að leysa þann vanda, sem hér er um að ræða, eða hvort heppilegra sé að skipa þeim málum eitthvað á annan veg. En ég vil taka undir það, sem hv. 1. flm. sagði, að málið sjálft er þess eðlis, að það er óumflýjanlegt að setja heilsteypta löggjöf um það, hvernig með það skuli fara í framtíðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Kornrækt.

Á 8. fundi í Ed., 21. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um kornrækt [64. mál] (þmfrv., A. 70).

Á 10. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er í meginatriðum eins og það frv., sem við hv. 5. þm. Austf. (PÞ) og ég fluttum á síðasta Alþingi. En eins og kunnugt er, náði það frv. fram að ganga hér í þessari hv. d. og komst til n. í Nd., svo að ég ætla, að þegar þetta frv. er nú lagt fram svo snemma á Alþingi sem nú er, þá ætti að vera nægur tími til að afgreiða það hér á Alþingi.

Ég ætla ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Ég get vísað í þeim efnum til grg., sem fylgdi frv. í fyrra, og enn fremur til þeirrar framsöguræðu, sem ég þá flutti, og til þess, sem ég hef áður sagt um þetta mál hér á Alþingi, því að þetta mun vera í þriðja eða fjórða sinn, sem lagt er fram frv. í þessum efnum nú á s. l. tíu árum.

Sem kunnugt er, getur kornyrkjan hér á landi sparað okkur geysimikinn gjaldeyri, vegna þess að yfirleitt verðum við að flytja inn allar þær korntegundir, bæði til manneldis og skepnufóðurs, sem innihalda kolvetni, en korntegundir eru þær fæðutegundir, sem innihalda mest af kolvetnisfæðutegundum. Með því að rækta korn í stórum stíl getum við sparað okkur í ríkum mæli innflutning á þessum vörutegundum.

Það hefur sýnt sig á tilraunastöðinni á Sámsstöðum og einnig hjá mörgum einstaklingum, sem ræktað hafa korn hin síðari ár, að kornyrkjan er nokkuð árviss hér á landi, en því valda einkum hinar nýju korntegundir, sem komnar eru á markaðinn og hafa náð útbreiðslu hin síðari ár, en voru óþekktar áður fyrr. Og að því er varðar kornuppskeru og allt, sem lýtur að vinnu við kornrækt, hefur tækninni stórfleygt fram og komin miklu betri tæki og öruggara með þurrkun korns en áður var. — Það, sem kannske hefur verið einna erfiðast viðfangs hér á landi að því er varðar kornyrkju, eru hin rigningasömu haust og hin rigningasömu sumur hér á landi. En síðan farið var að súgþurrka kornið eða blása það bæði með köldu og í sumum tilfellum með heitu lofti, hafa þessir örðugleikar verið yfirstignir.

Ég vænti svo þess, að þessi hv. d. taki jafnvinsamlega á þessu máli og í fyrra, og legg til, að málinu verði vísað að þessari umr. lokinni til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 28. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 70, n. 414 og 423).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú til 2. umr., frv. um kornrækt á þskj. 70, er gamall kunningi hér á Alþingi og orðið sæmilega hagvant. Það var samið af mþn. fyrir mörgum árum, og fjölluðu þá um það hinir færustu menn í landbúnaðarmálum. Síðan var það flutt og endurflutt nokkrum sinnum, en jafnan hefur þó svo farið, að það hefur strandað einhvers staðar á leið sinni gegnum þingið. Síðast í fyrra var þetta frv. afgreitt út úr þessari d., en strandaði þá í dyrum Nd. Frá fyrri útgáfu frv. gerðu flm. þá þær breytingar, að tölur hækkuðu til samræmis við breytta tíma, en d. gerði á frv. nokkrar orðalagsbreytingar.

Kornrækt hér á landi mun vera jafngömul Íslandsbyggð, en lagðist síðar niður um aldaraðir, sennilega mest vegna kólnandi veðurfars. Á hinum síðustu áratugum hefur veðurfar batnað hér á landi, miðað við það, sem var t. d. á 19. öld. En út í það verður þó ekki farið hér, þótt margt mætti um það segja.

Nokkrir framtakssamir menn, bændur, hafa á síðustu áratugum hafizt handa um að gera tilraunir með ræktun korns, og á skýrslum þeirra um árangur þeirra tilrauna var frv. þetta byggt að mestu. Í fáum orðum sagt: þær þóttu hafa gefið þá raun, að allmikils árangurs mætti vænta af kornyrkju hér á landi, einkum í hinum veðursælli byggðarlögum, eins og t. d. á Fljótsdalshéraði og Suðurlandsundirlendinu.

Frv. þetta stefnir að því að örva og styrkja með fjárframlögum til vélakaupa kornræktarafila, er taka minnst 10 hektara lands til kornræktar og skuldbinda sig um leið til að halda því áfram um 10 ára tímabil, en vélar til kornyrkju eru alldýrar. Eftir reynslu t. d. Sveins á Egilsstöðum og Klemenzar á Sámsstöðum er kornrækt í veðursælli sveitum a. m. k. viðlíka árviss og kartöflurækt eða jafnvel árvissari. Og haldist tíðarfar eins hlýtt nú um sinn og verið hefur, þá ætla ég, að það sé miður farið, að ekki sé verulega gert að því að auka áhuga manna og styrkja þá til að hefjast handa um þessa atvinnugrein.

Landbúnaðarframleiðsla okkar Íslendinga er lítil og fáskrúðug. Hér til hefur okkar þjóð, hina síðustu áratugi a. m. k., einkum stefnt að því að beina sínu fjármagni í útgerð og skipakaup. Ég vil ekki gera lítið úr gildi útgerðar, en benda þó á, að fiskveiðar eru rányrkja, sem þegar er búin að valda stórspjöllum á fiskstofnum kringum landið með ofveiði, og á ég þar einkum við dragnót og botnvörpu, og það mun vera meira en vafasamt, að nokkurt vit sé í því að treysta fyrst og fremst allt í gegn á þennan atvinnuveg fyrir þetta þjóðfélag. Vaxandi veiðitækni mun valda þverrandi veiðiföngum, því að það eyðist, sem af er tekið, nema fiskarækt einhvers konar komi til í stórum stíl.

Rányrkja á landi hefur þegar dæmt sjálfa sig úr leik, eins og mýmörg dæmi mætti nefna um. Þar er ræktunin ein, sem getur staðið undir vaxandi framleiðslu á sviðum dýraríkis og jarðargróðurs. Ég held, að bezta og öruggasta framtíð okkar

sé ræktun landsins. Hér er enn geysimikið land óræktað. Allir þekkja túnin, hversu þau geta gefið mikið gras, þegar vel er að þeim búið. Þá má nefna garða og gróðurhús.

Höfum við ráð á því og efni að vanrækja kornyrkjuna og láta fara um hana eins og verkast vill? Þó nokkur reynsla hefur þegar sýnt, að af henni má allmikils vænta, a. m. k. í betri sveitum, að því er veðurfar snertir. Hér til lands er árlega flutt inn mikið magn af kornfóðri til skepnufóðurs, því að nauðsynlegt er að gefa skepnum nokkuð af fóðurkorni með heyi og öðrum innlendum mjöltegundum, t. d. fiskimjöli. Ég ætla, að það séu 60—70 millj., sem fara fyrir fóðurvörur, sem fluttar eru inn í landið árlega nú um þessar mundir, og það er allmikill peningur. Þann pening ætla kunnugir menn á sviði kornyrkjunnar að mætti verulega spara eða máske að mestöllu leyti, ef kornyrkja kæmist verulega á stað hér á landi. Ég held, að það sé ekki sérlega mikil bjartsýni að láta sér detta það í hug. Og þessi fóðurvörukaup munu fara vaxandi, eftir því sem fénaði fjölgar í landinu, og honum verður að fjölga, ef vel á að fara fyrir okkar þjóðfélagi.

Ég vil ekki fjölyrða verulega um þetta mál, en vil aðeins drepa þó á þann kostnað, sem það opinbera kæmi til með að bera af því, ef þetta frv. væri samþykkt. Ef eins margir kornyrkjumenn eða kornyrkjufélög fengjust til framkvæmda og lögin gera ráð fyrir, þá gætu það verið einnar millj. kr. útgjöld á ári fyrir ríkið samkv. lögunum, ef frv. er samþykkt óbreytt, eins og það liggur hér fyrir. En sé hins vegar farið eftir brtt. okkar í meiri hl., mundi þetta geta orðið 500 þús. kr. á ári. Þetta er að mínu áliti ekki ýkjamikill peningur, og gengi þessi upphæð til styrktar vélakaupum.

Brtt. meiri hl. er sem sagt sú, að þessi upphæð, 200 þús. kr. sem hámark til hvers félags, sem tæki að sér tíu ára kornyrkju, færist niður í 100 þús., og er það sama upphæð og frv. gerði ráð fyrir í fyrra, eins og það var afgreitt héðan úr þessari deild. Auk þess yrði og greiddur sami ræktunarstyrkur á hektara fyrir frumvinnslu lands og greitt er fyrir túnrækt. Ef um svona mikla þátttöku yrði að ræða, fimm ný kornyrkjufélög á ári, þá þýðir það eitt, að málið er fyllilega tímabært og komið á allgóðan rekspöl með það, að kornyrkjan nái þeirri fótfestu og útbreiðslu eins og nokkrar vonir virðast standa til að hún geti náð. Hins vegar ef reynslan yrði sú, að færri, máske miklu færri, fengjust til þátttöku, yrði kostnaðurinn miklu minni. Ég held, að hér sé svo mikið í húfi, að það sé að spara eyrinn, en kasta krónunni að setja fyrir sig 500 þús. til einnar millj. kr. kostnað á ári til þessarar tilraunastarfsemi. Í byrjun yrði þetta náttúrlega nokkurs konar tilraun, sem ekki er hægt að fullyrða um fyrir fram, hvernig tækist, en miklar vonir standa til, að geti tekizt vel.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl., mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem ég hef þegar vikið að sumum hér nú þegar. Þær ganga flestar í þá átt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, er leiða mundi af samþykkt frv. Bæði er, að við höfum viljað stilla kröfum eins í hóf og frekast er unnt, einnig hitt, að með brtt. færist frv. í nálega sama stakk og hv. Ed. gekk frá því í fyrra að vel athuguðu máli, og síðan hefur ekki teljandi verðhækkun orðið á kornyrkjuvélum eða öðrum kostnaði. Ég tel réttara að stilla kostnaðarkröfum á hendur hins opinbera svo í hóf, að málið hafi möguleika til að ná framgangi, heldur en að reisa þær kröfur svo hátt í byrjun, að það máske strandi fyrir það, því að fjárhagur er, eins og við vitum, ekki sérlega góður um þessar mundir.

Brtt. skýra sig, held ég, nokkuð sjálfar. 1. gr. er færð til sama búnings og merkingar og hún hefur verið frá fyrstu hendi. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort lögin eigi að binda hendur landbrh. um að fela vissri stofnun framkvæmdir laganna eða hann skuli þar um hafa valfrelsi, því að um ýmsa aðila aðra getur verið að ræða en Búnaðarfélag Íslands. Ég geri ekki mikið atriði úr þessari brtt., en greinin er færð til samræmis eins og mbn. mun hafa gengið frá henni upphaflega og hún síðan endurflutt í því formi síðar.

Breyt. á 5. gr. frv. færa frv. einnig í þann stakk, sem það var afgreitt í héðan í fyrra, nema að nú er niður fellt, að greiða skuli hálfan jarðræktarstyrk vegna sáningar og vinnslu á ökrum ár hvert. Ég hef orðið þess var, að þetta atriði er nokkur þyrnir í augum sumra alþm., og að okkar dómi er allmikið ósamræmi í því, að það sé gert að lagaákvæði að greiða kornræktarmönnum rekstrarstyrk, — ósamræmi, samanborið við aðra ræktun. Það er ekki neins staðar annars staðar, svo að ég viti, greiddur rekstrarstyrkur vegna ræktunar, heldur miðast jarðræktarlögin við það og einnig þetta lagafrv. að styrkja undirstöðuna eða að koma ræktuninni og starfseminni af stað, gera mönnum mögulegt að koma henni af stað.

Á 8. gr. hef ég raunar minnzt áður. Hún færir vélastyrkina niður í sömu upphæð og var í frv. í fyrra, eins og d. gekk frá því þá. Að hækka þá upphæð nú um helming ætla ég að sé ofrausn, sem bæti ekki fyrir framgangi málsins.

Ég held, að það sé þá ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta mál. Ég tel málið það mikilsvert, að frv. ætti að ná samþykki á þessu þingi.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar alllangan tíma, og gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Nm. eru þó sammála um, að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða, sem full ástæða sé til að setja löggjöf um sem fyrst. Við, sem skipum minni hl. landbn., viljum samþ. þetta frv. óbreytt, eins og það liggur fyrir, en meiri hl. n. vill láta gera á því breyt., sem að dómi okkar, sem skipum minni hl., eru svo veigamiklar, að við getum ekki á þær fallizt.

Frv. um kornrækt hefur nú legið fyrir Alþ. á þrem þingum og fengið rækilega athugun, svo að málið á að vera hv. þm. vel kunnugt, og ætti það að greiða fyrir því, að frv. yrði lögfest nú á þessu þingi.

Um alllangt skeið hafa verið gerðar tilraunir með kornrækt hér á landi á ýmsum stöðum á

landinu, þó að sú ræktun sé í stærstum mæli framkvæmd á Sámsstöðum í Fljótshlíð. Þessar tilraunir hafa leitt í ljós, að í flestum sumrum getur korn náð góðum þroska víða hér á landi, og stundum verður uppskeran af hverjum hektara engu minni en á sér stað í nágrannalöndum vorum, þar sem kornrækt þykir sjálfsögð atvinnugrein. Þessu til sönnunar vil ég minna á, að um síðustu áramót var t. d. frá því skýrt opinberlega, að einn aðili á Austurlandi, Sveinn Jónsson á Egilsstöðum, hefði ræktað korn á 17 hekturum lands s. l. sumar og fengið uppskeru, sem nemur 450 tunnum samtals, eða um 26 tunnum af hektara, og þeir, sem kunnugir eru í nágrannalöndum okkar, telja, að þessi uppskera sé góð miðað við reynslu í þeim löndum. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að á Austurlandi er nú mjög vaxandi áhugi á að stórauka kornrækt frá því, sem verið hefur, og ég hef það fyrir satt, að í undirbúningi sé að rækta korn á Austurlandi á a. m. k. annað hundrað hekturum lands næsta sumar, svo framarlega sem þeir aðilar, sem ætla sér að hefjast handa um þessa ræktun, sjái sér það kleift sökum stofnkostnaðar.

Það er einnig góður skilningur meðal bændastéttarinnar á nauðsyn þess að efla landbúnaðinn og gera innlenda framleiðslu sem fjölbreyttasta, en kornrækt getur átt sinn þátt í því. Yfirleitt má telja, að það bæti hag hvers bónda og auki öryggi í búskapnum, að framleiðslugreinar séu svo fjölbreyttar sem skilyrði eru fyrir hendi um á hverjum stað og hægt er að koma við með hóflegum kostnaði. Það má því ætla, að aukin kornrækt geti orðið bændum til fjárhagslegs stuðnings.

En aukin kornrækt er þó ekki fyrst og fremst hagsmunamál bændastéttarinnar, heldur hefur málið þjóðhagslegt gildi. Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að landið sé vel nytjað og hagnýtt séu góð atvinnuskilyrði, sem fyrir hendi eru, og með vaxandi fólksfjölda þurfa að koma nýjar atvinnugreinar og aukin atvinna, en efling landbúnaðarins og aukin fjölbreytni á því sviði stuðlar jafnframt að jafnvægi í byggð landsins.

Hins vegar er á það að líta, að ef stunda á kornrækt í verulegum mæli, verður annaðhvort að leggja fram til þess mikið vinnuafl, sem er torfengið, jafnvel ókleift að fá það til slíkrar ræktunar, eða hafa fullkominn vélakost í taki, en sá vélakostur, sem nauðsynlegur er til þess, að stunda megi kornrækt með góðum árangri, krefst svo mikils stofnkostnaðar, að þess er ekki að vænta, að bændur almennt sjái sér fært að ráðast í kaup á vélum og koma fótum undir þessa framleiðslugrein, nema fjárhagslegur stuðningur ríkisvaldsins komi til.

Ákvæði þessa frv. eru og miðuð við, að stuðningur verði veittur af hálfu ríkisins í því formi, að ríkisframlag nemi allt að 50% af kaupverði þeirra kornyrkjuvéla, sem nauðsynlegar eru á hverjum stað, þó ekki yfir 200 þús. kr. til hvers kornræktarfélags, enda sé þá akurlendið minnst 10 hektarar, svo að tryggð sé full nýting hverrar vélasamstæðu, þar sem hún á að notast. Þess vegna er frv. þannig gert, að miðað er við, að kornræktarfélög séu stofnuð til þess að tryggja það, að ræktunin sé ekki minni en 10 hektarar á bak við hverja vélasamstæðu, sem styrks nýtur.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, að greitt verði svipað framlag á hvern hektara akurlendis, sem brotinn er að nýju, eins og nú er gert samkvæmt jarðræktarlögum vegna túnræktar. Til viðbótar þessu er gert ráð fyrir því í frv., að síðan sé greitt hálft jarðræktarframlag vegna endurvinnslu akurlendis ár hvert. En kornrækt er að því leyti frábrugðin túnrækt, að þegar búið er að koma túni í fulla rækt í eitt skipti, þarf ekki að endurvinna það sama land til að fá uppskeru af því ár frá ári, en þegar um kornakra er að ræða, verður að endurvinna það land árlega vegna ræktunarinnar. Þess ber þó að gæta, að það er léttara verk og kostnaðarminna að vinna akur, sem áður hefur verið brotinn, heldur en að brjóta land að nýju til að gera það að akurlendi. Með tilliti til þess er miðað við í frv., að hinn árlegi styrkur vegna endurvinnslu akurlendis sé aðeins hálft framlag miðað við það, sem greitt er til nýræktar.

Þar sem ekki er sett hærra mark í þessu efni en svo, að miðað er við að rækta íslenzkt korn til fóðurs, svo að fella megi niður að öllu eða mestu leyti innflutning á erlendu fóðurkorni, er auðsætt, að með þessu frv. eru ekki stigin of stór skref á þessari braut.

Samkvæmt hagskýrslum eru fluttar til landsins nú árlega — eða svo hefur verið hin síðustu ár — um 18500 smál. af erlendum fóðurvörum, og þó að ræktun korns yrði framkvæmd, svo sem gert er ráð fyrir að heimilt sé samkvæmt þessu frv. að veita styrk til, þá er auðsætt, að það tæki alllangan tíma að ná því marki að rækta 18—19 þús. smál. af íslenzku korni. Samkvæmt Hagtíðindum hefur innflutningur á fóðurvörum á árinu 1960 kostað íslenzka þjóðarbúið 53 millj. 144 þús. ísl. kr., eða réttara sagt jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri. Nú má ætla, að raunverulega sé þessi tala allmiklu hærri, vegna þess að eitthvað af mjöli, sem flutt er inn í þeim vöruflokki, sem ætlaður er til manneldis, sé notað til fóðurbætis, og ef tillit er tekið til þess, þá ætla ég, að það sé ekki fjarri lagi, sem fram kom hjá frsm. meiri hl., að raunverulega sé sá kostnaður, sem þjóðarbúið leggur fram árlega vegna innflutnings á fóðurvörum, allmiklu hærri en hinar beinu tölur hagskýrslnanna segja til um. En til viðbótar þessu ber að geta þess, að samkvæmt frásögn hæstv. viðskmrh. í svari hans við fsp. um niðurgreiðslur úr ríkissjóði á þessu ári er áætlað, að varið verði úr ríkissjóði hvorki meira né minna en 12 millj. kr. á þessu ári í niðurgreiðslur á verði á innfluttum fóðurvörum. Ef gert er ráð fyrir, að þessar niðurgreiðslur gætu fallið niður, þegar íslenzkir bændur væru orðnir sjálfum sér nógir með ræktun korns til fóðurbætis, þá er augljóst, að í þessu efni geti orðið um beinan sparnað að ræða, sem nemur verulegum fjármunum. Þetta ber að hafa í huga, þegar litið er á þann kostnað, sem af frv. þessu leiðir, ef að lögum verður, en sá kostnaður er, eins og frsm. meiri hl. tók réttilega fram, miðaður við það, að heimilt sé að verja árlega einni millj. kr. sem ríkisframlagi til styrktar

kaupum á kornyrkjuvélum. Auk þess yrði svo greiddur styrkur á hvern hektara lands, sem korn er ræktað á. Það liggur nú ljóst fyrir, að þótt brotið yrði árlega 50 hektarar lands til akurlendis, þá er ríkisframlag vegna þess ekki há fjárhæð, miðað við það framlag, sem greitt er samkvæmt jarðræktarlögunum. Það mundi aldrei nema meira en frá 60—137 þús. kr. vegna 50 hektara eftir því, hvort miðað væri við þá reglu um útreikning framlagsins, sem gildir, þegar jarðir eiga í hlut, sem hafa minna en 10 hektara tún, eða þegar þær jarðir eiga í hlut, sem hafa meiri ræktun, en eins og kunnugt er, þá eru jarðræktarframlögin misjafnlega há eftir aðstöðu hvers bónda eða hverrar jarðar út af fyrir sig.

Það er ekki hægt að fullyrða, hvað kostnaður vegna þess að greiða hálft ríkisframlag vegna endurvinnslu akurlendis gæti numið hárri fjárhæð. Þó ætla ég, að samkvæmt þessu frv. yrði kostnaður fyrst í stað, meðan akurlendi nemur ekki mjög mörgum hekturum, en hins vegar miðað við að styrkja kaup á 5 vélasamstæðum árlega, ekki meiri en 1—2 millj. kr. Hins vegar finnst mér líkur benda til, að ef því marki yrði náð, að korn væri ræktað á 7—8 þús. hekturum lands, sem ætti að nægja til þess að koma í stað þess fóðurvöruinnflutnings, sem nú á sér stað, þá muni kostnaður samkv. frv. aldrei fara fram yfir 4—5 millj. kr. árlega. Þegar þetta er haft í huga annars vegar og hins vegar sá beini sparnaður bæði í erlendum gjaldeyri og vegna niðurgreiðslna, sem ég hef áður drepið á, þá tel ég það rétt, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að í raun og veru væri hér krónunni fleygt, en eyririnn sparaður með því að láta undir höfuð leggjast að lögfesta það frv., sem hér liggur fyrir.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem meiri hl. n. flytur og frsm. meiri hl. hefur nú gert grein fyrir.

Meiri hl. vill orða 1. gr. frv. þannig:

„Landbrh. skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðila framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.“

Það er rétt, að upphaflega var þessi grein orðuð á þennan veg, þegar frv. var lagt hér fyrir hv. Alþ. En við endurskoðun á frv. og nánari athugun á því töldum við flm., að við værum í raun og veru einungis að gera leiðréttingu, eðlilega og sjálfsagða, með þeirri orðalagsbreyt., sem við gerðum á 1. gr. frv. Samkvæmt jarðræktarlögum, ákvæðum þeirra í 2. gr., segir svo:

„Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af fulltrúaráði, er nefnist búnaðarþing, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.“

Nú er samkv. þessu frv. fjallað um einn þátt ræktunarmála, sem lán og ríkisframlag á að vera heimilt að veita til. Þegar þetta er athugað, virðist það alveg falla inn í þann ramma, sem lagður er með jarðræktarlögunum, að Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af fulltrúaráði, sem nefnist búnaðarþing, hafi á hendi umsjón með framkvæmd á þessum þætti ræktunarinnar.

Þess ber einnig að gæta, að Búnaðarfélagið veitir stuðning starfsemi jarðræktarráðunautanna, sem búnaðarsamböndin hafa í þjónustu sinni, setur þeim reglur og fylgist með störfum þeirra og þangað, þ. e. a. s. til Búnaðarfélagsins, ber jarðræktarráðunautunum að skila sínum skýrslum. Nú virðist vera fullkomlega eðlilegt og raunar sjálfsagt, að kornræktin falli undir starfssvið jarðræktarráðunautanna, sem eru í þjónustu búnaðarfélagsskaparins í landinu, alveg eins og önnur ræktun. Enn fremur yrði í framkvæmd óhjákvæmilegt að láta mæla árlega það land, sem korn er ræktað á, því að samkvæmt þeim mælingum, sem árlega yrðu framkvæmdar, færi um styrkgreiðslu vegna akurlendisins. Nú eru það annaðhvort jarðræktarráðunautarnir eða sérstakir mælingamenn, sem eru trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands, sem hafa á hendi mælingar á nýrækt túna í landinu. Það virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að þeir sömu menn yrðu látnir mæla þá nýrækt, sem gerð er vegna kornræktar árlega og greiðslur ríkisframlagsins ættu að ná til.

Þegar þetta er athugað, vil ég endurtaka það, að mér finnst breyting sú, sem við gerðum að athuguðu máli á 1. gr. frv., vera svo eðlileg og sjálfsögð, að hún væri í raun og veru leiðréttíng, sem hv. þm. ættu að taka tillit til í atkvgr. sinni. En til viðbótar þessu vil ég drepa á, að um ýmis önnur búnaðarmál, sem má segja að standi í lausara sambandi við starfsemi Búnaðarfélags Íslands en jarðræktarlögin sjálf, er gert ráð fyrir því, að Búnaðarfélagið hafi umsjón og eftirlit með framkvæmdinni. Þannig er það t. d. samkvæmt lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að þar er það bæði Búnaðarfélag Íslands og vélanefnd ríkisins, sem eiga að hafa í sameiningu umsjón og eftirlit með framkvæmd þeirra laga. Og svo að ég nefni fleiri dæmi, þá skal ég geta þess, að í lögum nr. 52 frá 1957, um eyðingu refa og minka, er þetta tekið fram: „Búnaðarfélag Íslands hefur undir yfirstjórn landbrh. stjórn allra aðgerða til útrýmingar refum og minkum.“

Þegar meiri hl. n. tekur sig fram í því að flytja sérstaka brtt. um þetta ákvæði frv., þ. e. a. s. 1. gr. þess, þá virðist það gefa undir fótinn, að fyrir þeim vaki, að það geti aðrir aðilar komið til greina en Búnaðarfélag Íslands að þessu leyti. En við í minni hl. teljum eðlilegt og sjálfsagt, að það sé beint tekið fram, að Búnaðarfélagið fari með stjórn þeirra mála, er lög þessi varða, undir yfirstjórn landbrh. Af þessum ástæðum gátum við ekki fallizt á að gera þá breyt. á 1. gr., sem meiri hl. leggur til.

2. brtt. er við 5. gr. frv. og er um það, að ríkisframlag vegna kaupa á vissum tækjum, sem nánar er tilgreint í frvgr., skuli því aðeins koma til greina, að um 50 hektara akra eða meira sé að ræða. Við í minni hl. teljum eðlilegt, að þetta sé ekki bundið í lögunum. Hins vegar verður framkvæmd laganna vitanlega þannig, svipað og á sér stað um framkvæmd laganna um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að vélanefnd ríkisins verður að meta þörfina á hverjum stað. Þangað verður að senda umsóknir um framlag vegna vélakaupa og skýringar á því, hvaða

vélar er fyrirhugað að kaupa, og í því sambandi gera sér fulla grein fyrir kostnaðarverði þeirra. Vélanefnd ríkisins og síðar landbrn. og raunar að lokum, áður en greiðsla ríkisframlags fer fram, fjmrn. verður vitanlega að meta í hvert sinn, hvort réttur umsækjanda til framlags er fyrir hendi og hvort þörfin er brýn hverju sinni.

Þá vill meiri hl. n. fella niður það ákvæði frv., að jarðræktarframlag eða framlag vegna endurvinnslu á akurlendi skuli greitt. Á þessa breyt. getum við ekki fallizt í minni hl. og teljum hana rýra gildi frv. verulega frá því, sem það er. Og á það vil ég benda, að á síðasta þingi var fullkomin samstaða í landbn., sem þá var skipuð sömu mönnum og nú, um að halda þessu ákvæði í frv. og þannig var frv. afgreitt frá þessari hv. d. á síðasta þingi. Hér virðast því hafa orðið einhver sinnaskipti hjá þeim mönnum, sem skipa nú meiri hl. landbn.

Þá höfum við lagt til í frv., eins og það liggur nú fyrir, flm. þess, að hámark þess, sem greiða má úr ríkissjóði vegna kaupa á hverri vélasamstæðu til kornyrkju, nemi 200 þús. kr., en í frv., eins og það var í fyrra, var þetta hámark 100 þús. kr. Við lítum þannig á, að meginstefnan, sem mörkuð er í frv., sé sú, að ríkisframlag nemi 50% stofnkostnaðar, alveg hliðstætt því, sem er vegna kaupa á beltadráttarvélum skv. lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Og þar sem við lítum þannig á, að þetta sé og eigi að vera meginstefna frv., þá teljum við rétt, að hámarkið, sem sett er, sé ekki svo lágt, að það skerði verulega þá meginreglu, sem ég var að lýsa. Með tilliti til þess, að ekki verði of þröngur stakkur skorinn að þessu leyti með hámarksákvæðunum, og enn fremur með tilliti til þess, að verðlag á kornyrkjuvélum er hátt og hefur farið hækkandi, þá virðist okkur með hliðsjón af tölum, sem við höfum fengið um kostnað á allstórvirkum kornyrkjuvélum, að hér sé alls ekki of í lagt með það hámark, sem í frv. er, í 8. gr. þess.

Þær brtt., sem ég hef nú farið nokkrum orðum um og ollu því, að nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, stefna að því annars vegar að halda því opnu í löggjöfinni, að landbrh. geti falið öðrum aðila en Búnaðarfélagi Íslands eftirlit með framkvæmd laganna, og hins vegar að því að draga úr fjárhagslegum stuðningi ríkisins við þá, sem hefjast handa um kornyrkju, frá því, sem lagt er til í frv. Við, sem skipum minni hlutann, teljum hins vegar fullkomlega tímabært, að sett verði þegar á þessu þingi löggjöf um kornrækt og að með frv., eins og það liggur fyrir, sé ekki of langt gengið um fjárhagslegan stuðning af hálfu ríkisins. Þess vegna leggjum við til, að brtt. meiri hl. verði felldar, en frv. samþykkt óbreytt, eins og það var flutt af hv. 1. þm. Vesturl. og mér.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 5. þm. Austf. (PÞ), að því er snertir brtt. við 1. gr., sem meiri hl. n. hefur flutt.

Eins og ég gat um í þeim orðum, sem ég lét fylgja þessum breytingum áðan, tel ég þetta ekki neitt stórt atriði. Hins vegar vil ég benda hv. þm. á það, þar sem hann var að tala um sinnaskipti meiri hl. n., að hv. minni hl. hefur líka tekið sinnaskiptum í þessu máli frá því, sem var í fyrra, því að þá fluttu þeir sömu þm., sem nú flytja þetta frv., frv. með þessari grein nákvæmlega eins og við leggjum til að hún verði nú gerð. Það er rétt hjá hv. þm., að ræktunarmál heyra yfirleitt undir Búnaðarfélag Íslands, og ég tel það vel farið, og mér þykir ákaflega líklegt, að þetta mál yrði einmitt falið Búnaðarfélagi Íslands. En þó þykir mér það ekki vera víst. Það hafa sum ræktunarmál og það meira að segja mjög veigamikil ræktunarmál, eins og nýbýlalögin, sem eru bæði byggingarlög og ræktunarlög, verið látin heyra undir alveg sérstaka stofnun. Mér þykir geta komið til mála líka, að vélanefnd ríkisins hefði máske eðlilegri aðstöðu til þess að hafa þessi mál með höndum, — þetta eru aðallega vélakaup, sem þarna yrði um að gera af hálfu ríkisins. Fleiri stofnanir gætu og máske komið til greina, — ég er ekki svo kunnugur, — en það er ekki endilega sjálfsagt að binda það í lögum, að öll búnaðarmál heyri undir Búnaðarfélagið. Ég vil t. d. benda á lög um útrýmingu refa og minka, sem kveða svo á, að Búnaðarfélagið hafi yfirstjórn þeirra mála, og hafði ekkert út á það að setja í sjálfu sér, þegar þau ákvæði voru sett, en í framkvæmd heyra þessi lög, ég held nánast tiltekið algerlega undir veiðistjórann svokallaða. Og þau sinnaskipti, sem hv. þm. var að tala um hjá meiri hl. n., eru sízt meiri en hjá minni hl., því að hann hefur tekið þeim sinnaskiptum frá í fyrra, minni hl., að vilja breyta tölum í frv. á mjög veigamikinn hátt. Ég held, að þar hafi kröfurnar verið reistar svo háar, að það stuðli sízt að því, að málið fái þá afgreiðslu hér á hv. Alþingi, sem ég hef óskað að það geti fengið — og máske fær, því að málið er, eins og ég sagði áðan, svo mikilsvert, að ég hefði talið mikið fengið, að það fengist fram á þessu þingi, þótt ekki væru hærri fjárkröfur gerðar til þess opinbera en brtt. okkar meirihlutamanna gera ráð fyrir.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Þessi síðasta ræða gefur ekki tilefni til þess að lengja þessar umr. mikið frá því, sem orðið er, enda erum við, frsm. meiri hl. og ég, sammála um það, að meginstefna frv. sé rétt og að það sé tímabært að setja löggjöf, sem að þessu lýtur.

Þegar hv. frsm. meiri hl. talaði um, að það hefðu orðið sinnaskipti hjá okkur flm. málsins, á þá leið, að við setjum nú hærri tölur inn í frv. en áður hafa staðið þar, þá má að vissu leyti segja, að það sé rétt. En ástæðan er sú, að verðlag í okkar landi og verðgildi krónunnar er ekki stöðugt, heldur er það á hreyfingu í þá stefnu, að krónunum fjölgar sífellt, jafnframt því sem verðgildi þeirra minnkar, og með tilliti til þess er full ástæða til að breyta tölum í löggjöf eins og þeirri, sem hér er fjallað um, til samræmis við hið almenna verðlag og verðgildi peninga í landinu. En það gaf mér nú sérstaklega ástæðu til þess að standa upp aftur og segja þessi fáu orð, að ég vil endurtaka það, sem áður hefur komið fram í umr., og leggja á það sérstaka áherzlu, að þetta hámark, sem nemur 200

þús. kr. til vélasamstæðu vegna hvers kornræktarfélags, hefur ekki úrslitaþýðingu fyrir þetta mál, vegna þess að það er önnur regla, sem takmarkar framlögin, þ. e. a. s. reglan um 50% af kostnaðarverði vélanna, sem keyptar eru. Og sé kostnaðarverð vélanna lægra en 400 þús. kr., sem hvert kornræktarfélag þarf að standa straum af, þá leiðir það af sjálfu sér af aðalreglu frv., að framlagið fari aldrei fram úr 50%, að það kemur ekki til, að hámarkið hafi áhrif í þessu efni. Hér er því ekki um svo veigamikið atriði að ræða í frv., að það út af fyrir sig eigi að stefna málinu í hættu eða að þingmönnum eigi að þykja það sérstaklega viðsjárvert. Ef menn á annað borð viðurkenna nauðsyn þess að efla kornræktina, viðurkenna réttmæti þess að styðja þá framleiðslugrein hliðstætt því, sem gert er t. d. gagnvart nýræktinni skv. jarðræktarlögum og lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, þá er sjálfsagt að fallast á þessa meginreglu um 50% framlag úr ríkissjóði vegna stofnkostnaðar kornyrkjuvéla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Ed., 2. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 414,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:4 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 414,2.a samþ. með 9:5 atkv.
Brtt. 414,2.b samþ. með 9:5 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 414,3 samþ. með 9:5 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 438).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja.

Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á erlendum lánum, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja [68. mál] (þmfrv., A. 75).

Á 12. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., 31. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta er þessari hv. d. kunnugt frá því á síðasta þingi. Þá lögðum við hinir sömu þm. fram samhljóða frv. Því var vísað til n., en fékkst ekki afgreitt þar. Enginn mælti á móti frv., en hv. stjórnarstuðningsmenn lögðust á það með þagnarþunga og afgreiðslutregðu meirihlutaaðstöðu sinnar.

Nú gat manni dottið í hug, að meiri hl. vildi sjálfur bera fram till. um meðferð skulda þeirra, sem Ræktunarsjóður Íslands og byggingarsjóður sveitabæja eru í og nú hafa vaxið þessum stofnlánadeildum fullkomlega yfir höfuð. Ekki var ólíklegt, að hæstv. landbrh. hefði áhyggjur af þessum fyrirtækjum, sem komin eru undir hans forsjá og orðið hafa m. a. fyrir hinni stórfelldu gengisfellingu, sem hækkar afborganir og vexti erlendra lána í einni svipan stórlega. Satt að segja hefði átt að mega vænta þess, að strax í fyrra legði hæstv. ríkisstj. fram tillögur um sárabætur handa ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja eða samþykkti frv. okkar um þær. En þetta varð ekki.

Svo fór sumarið í hönd. Mundu þá ekki ferðir um sveitir í sumarskrúði hafa minnt hæstv. ríkisstj. á nauðsynlegt hlutverk þessara umræddu sjóða fyrir landið og þjóðina? Fá sumur minna eins fallega á það og hið nýliðna, veðursæla og gróðurprúða sumar gerði, hve ómetanlegt gildi „bændabýlin þekku“ hafa fyrir íslenzkt þjóðlíf. Jafnframt minnti þetta sumar á mun numins lands og ónumins og víðerni, sem bíða landnámsins og aðstoðar ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitabæja á næstu árum og eftirleiðis um langa framtíð.

En ekkert frv. hefur sézt frá hæstv. stjórnarflokkum um þetta efni. Tugir stjórnarfrv. hafa komið fram, en ekkert um það, að vandræði umræddra stofnlánadeilda Búnaðarbankans skuli leyst.

Eftir að hafa beðið, að við flm. töldum, hæfilega lengi eftir tillögum frá hæstv. stjórnarflokkum til úrbóta í þessum efnum, lögðum við fram þetta frv. eins og í fyrra. Frv. er um að létta af ræktunarsjóði 5 tilgreindum erlendum lánum, sem hann er talinn skulda, enn fremur að létta af byggingarsjóði sveitabæja 2 slíkum lánum, en meira skuldar hann ekki af erlendum lánum. Það er ekkert nýmæli, að ríkið létti skuldum af þess-

um sjóðum. Samband ríkissjóðs og þessara sjóða hefur frá upphafi vega verið þannig, að ríkissjóður hefur létt af þeim skuldum með nokkru millibili. Í grg. á þskj. 75 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Aldrei hefur verið við öðru búizt, þegar Ræktunarsjóður Íslands og byggingarsjóður sveitabæja hafa verið látnir taka lán, en að ríkið þyrfti við og við að létta lánabyrðina. Þessir sjóðir lána fé með lægri vöxtum yfirleitt heldur en þeir verða að borga fyrir fé, sem handa þeim er aflað, og lána það einnig oft út — byggingarsjóður ævinlega — til lengri tíma.

Það hefur verið venja, að ríkissjóður hefur með nokkru millibili — eða þegar rekstrarhalli sjóðanna hefur farið að segja til sín — tekið kúfinn af skuldum þeirra, svo að þeir gætu starfað án halla. Annars mundu sjóðirnir hafa komizt í þrot með rekstur sinn, sem eðlilegt er. Árið 1953 ákvað Alþingi með lögum, að ríkissjóður skyldi létta: 1) af ræktunarsjóði ca. 14.4 millj. kr., 2) af byggingarsjóði ca. 14.4 millj. kr. Eftir fjögur ár, 1957, ákvað Alþ. aftur með heimild í fjárlögum, að ríkissjóður létti: 1) af ræktunarsjóði ca. 32.3 millj. kr., 2) af byggingarsjóði ca. 4.3 millj. kr.

Nú er enn svo komið, sem enginn þarf að undrast, að sjóðirnir búa við mikinn hallarekstur. Rekstrarhalli ræktunarsjóðs s. l. ár var 3 millj. 66 þús. kr. og rekstrarhalli byggingarsjóðs 1892849.42 kr. Er því tími til þess kominn, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, eins og venjulegt hefur verið og skylda hans er, þar sem sjóðirnir eru stofnanir ríkisins."

Þetta var sagt á s. l. vetri og stendur enn í sama gildi. Gengisfellingin á þessu ári hækkaði erlendu skuldirnar, sem á stofnunum þessum hvíla, og þar með árgjöldin um þriðjung í íslenzkum krónum. En auðvitað eru tekjur bankans allar í íslenzkum krónum, svo að hann hefur ekkert annað fram að leggja en þær hinar stýfðu krónur. Hallinn hlýtur að aukast frá því, sem hann var í fyrra. Vaxtahækkun og stytting lánstíma á fé því, er sjóðurinn lánar bændum, snertir aðeins ný lán og gagnar því lítið til mótvægis í ár og næstu ár.

Ég rakti nokkuð starfssögu sjóðanna, þegar ég fylgdi frv. þessu úr hlaði í febrúar s. l., og sýndi fram á það, hve mikils virði þeir hafa verið í framfarabaráttu bænda og uppbyggingu sveitanna. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessa sögu nú, því að hún á að vera öllum kunn. Gildi sjóðanna er óumdeilanlegt.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. taki frv. vel. Ef sjóðirnir ættu að sitja með skuldirnar, mundu þeir étast upp á stuttum tíma. Hins vegar geta þeir, ef frv. þetta verður samþykkt, komizt af um hríð.

Við, sem frv. flytjum, höfum viljað fara svo hófsamlega sem hægt er í því að leggja byrðar stofnlánasjóða þessara á ríkissjóðinn nú, ekki fara frekar í þær sakir en áður hefur tíðkazt. Auðvitað mundum við geta fyrir okkar leyti samþykkt hærri upphæðir, ef hæstv. ríkisstj. telur sér fært að láta ríkissjóðinn leggja þær fram. Samkv. frv. verða árgjöldin, sem falla á ríkissjóð, um 10.8 millj. kr. vegna ræktunarsjóðs og um 3.1 millj. kr. vegna byggingarsjóðs, en það eru samtals um 13.9 millj. kr.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og til hv. fjhn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru nokkur atriði í grg. þessa frv., sem gefa mér tilefni til örstuttra aths. Þessi atriði endurtók hv. 1. flm. einnig í ræðu sinni áðan, og undirstrikar það nauðsyn þess, að þau atriði séu leiðrétt þegar.

Í upphafi grg. frv. frá því í fyrra segir svo, með leyfi hæstv. forseta, en þau orð las hv. flm. einnig í ræðu sinni: „Aldrei hefur verið við öðru búizt, þegar Ræktunarsjóður Íslands og byggingarsjóður sveitabæja hafa verið látnir taka lán, en að ríkið þyrfti við og við að létta lánabyrðina." Sú staðhæfing, sem í þessari setningu felst, er alröng og algerlega úr lausu lofti gripin.

Í fyrsta lagi er það rangt og óviðkunnanlega til orða tekið, þegar hér er sagt, að þessir sjóðir hafi verið látnir taka lán. Hver lætur þessa sjóði taka lán? Um þá gilda sérstök lög, og þeir lúta sérstakri stjórn samkv. þeim lögum. Þeir eru sjálfstæðar persónur að lögum með sérstakri stjórn. Það er sú stjórn, sem hefur ákveðið að taka lánin. Ríkisstj. þær, sem ég hef átt sæti í, hafa engin afskipti þar haft af, enda ekkert vald til þess að láta þessa sjóði taka lán. Þau lán, sem á þessum sjóðum hvíla, eru því tekin með frjálsri ákvörðun stjórnar sjóðanna, sem er í höndum Búnaðarbanka Íslands.

Hin staðhæfing setningarinnar er þó enn fráleitari og ég segi enn ámælisverðari sem setning í grg. fyrir frv., að aldrei hafi verið við öðru búizt, þegar þessir sjóðir taka lán, en að ríkið þyrfti við og við að létta lánabyrðina. Það er ekki ein setning í löggjöfinni, hvorki fyrri né síðari löggjöf um Ræktunarsjóð Íslands og byggingarsjóð sveitabæja, sem gefur stjórn sjóðanna minnsta tilefni til þess að álykta, að Alþingi telji það skyldu sína að létta öðru hverju þá lánabyrði, sem á sjóðunum hvílir. Það er ekki ein setning í löggjöfinni um þessa sjóði, sem gefur stjórn sjóðanna nokkra minnstu átyllu til þess að halda, að Alþ. skoðaði það sem skyldu sína að létta öðru hverju lánabyrði þessara sjóða. Ef það hefði verið vilji Alþingis, að það skyldi verða gert, hefðu einhver ákvæði um það auðvitað verið sett í löggjöfina um sjóðina. Hitt er svo allt annað mál, að Alþingi hefur, að því er ég held tvívegis, tekið sérstaka ákvörðun um að greiða fyrir þessum sjóðum með sérstökum fjárframlögum, og er að því vikið í grg., en það var gert 1953 og 1957, að létt var af þessum sjóðum um 29 millj. 1953 og 37 millj. 1957. En þetta voru framlög, sem veitt voru í þessi ákveðnu skipti til þessara sjóða í vandræðum þeirra. M. a. í því, að þetta voru framlög, sem veitt voru í þessi ákveðnu skipti, í síðara skiptið ráðstöfun á greiðsluafgangi á fjárlögum, kom einmitt skýrt og greinilega fram, að það er engin skylda, að það hefur aldrei verið litið á það sem nokkra skyldu af hálfu Alþingis að hlaupa við og við til og létta lánabyrði þessara sjóða.

Það er líka alrangt, þar sem segir í grg., að það hafi verið venja, að ríkissjóður hafi með nokkru millibili tekið kúfinn af skuldum sjóðanna. Venja skapast ekki við það, að Alþingi tekur sérstaka ákvörðun tvívegis um það að láta fé renna í þessa sjóði til þess að greiða úr erfiðleikum þeirra.

Þá segir og í grg., sem er á sömu bókina lært, — þar segir, með leyfi hæstv. forseta, þegar búið er að lýsa rekstrarhalla ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs á s. l. ári, sem nam um 5 millj. kr.: „Er því tími til þess kominn, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, eins og venjulegt hefur verið og skylda hans er, þar sem sjóðirnir eru stofnanir ríkisins.“ Þessu vil ég alveg sérstaklega andmæla, að það sé skylda ríkissjóðs eða Alþingis að hlaupa undir bagga með þessum sjóðum, þegar þeir komast í greiðsluþrot, eins og nú liggur við að yfir þeim vofi. Taka sjálf lögin um sjóðina af öll tvímæli um þetta efni, því að þar er, eins og ég sagði áðan, enga setningu um slíka skyldu að finna. Hennar gæti þó hvergi verið að leita nema þar.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var annars ekki einvörðungu sú að andmæla þessum röngu staðhæfingum í grg., heldur einnig að láta það koma fram, sem um þetta hefur áður verið rætt í þeirri ríkisstj., sem ég átti sæti í á árunum 1956—59, en þrjú lán, sem hér er gert ráð fyrir að gefa eftir, vörukaupalánin á árunum 1957, 1958 og 1959, sem tekin voru hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í Washington, voru tekin einmitt á tímum þessarar ríkisstjórnar. Ég vil, að það komi skýrt fram, að þess var í ríkisstj. á þeim tíma getið af hálfu Alþfl. og kom í minn hlut að taka fram þá, að það væri skoðun Alþfl., að þessi lán bæri þessum stofnlánasjóðum Búnaðarbankans að lána með sams konar gengisákvæði og þau yrðu tekin til þess að stefna ekki fjárhag þessara sjóða í fullkominn voða. Svo sem kunnugt er, þá er Framkvæmdabankinn sá aðili, sem lánin tók í Washington í erlendum gjaldeyri. Framkvæmdabankinn hefur síðan endurlánað ræktunarsjóði og byggingarsjóði þessi lán með því ákvæði, að ef gengi krónunnar breytist, þá skuli ræktunarsjóður og byggingarsjóður endurgreiða í íslenzkum krónum upphæð, sem svari hinum erlenda gjaldeyri. Þessu var af hálfu ráðh. Framsfl. andmælt og vitnað til þess, að sjóðirnir væru sjálfstæðar stofnanir, sem tækju sínar eigin ákvarðanir, og það væri vitað, að sjóðirnir vildu ekki endurlána þessi lán með gengisákvæði, og yfir því hefði ríkisstj. í sjálfu sér ekkert að segja. En það var tekið skýrt fram af hálfu okkar ráðh. Alþfl., að við teldum þetta hið mesta óráð og hinn háttinn ætti á að hafa, ella mundi hag þessara stofnana mjög bráðlega vera siglt í mikla tvísýnu. Ég hygg mig ekki vera að skýra frá neinu, sem mér er óheimilt að skýra frá, þó að ég láti það einnig koma fram hér, að ráðherrar Alþb. höfðu sömu skoðun á málinu, Páv. viðskmrh., Lúðvík Jósefsson, tók það fram sem skoðun Alþb. í málinu, að þetta ætti að gera. En allt kom fyrir ekki. Þetta var ekki gert, beinlínis af því, að sjóðirnir voru taldir sjálfstæðar stofnanir, sem færu með sín mál eins og lagaákvæði gerðu ráð fyrir, þ. e. sjóðirnir væru sjálfstæðir og þyrftu ekki að lúta ákvörðunum ríkisstjórnarinnar, að því leyti væri alveg ástæðulaust fyrir ríkisstj. að vera að fjalla um, hvort lánin skyldu endurlánuð með gengisklásúlu eða ekki. Það vildi ég sem sagt láta koma skýrt fram í sambandi við þetta, að þetta var skoðun Alþfl. á þessum tíma og þessi er skoðun Alþfl. enn á málinu.

Þessar umr. leiddu alveg skýrt í ljós, að ríkisstj. eða Alþ. hefur enga og getur enga skyldu haft til þess að bæta tjón, sem þessir sjóðir verða fyrir með þessum hætti. Í þessum umr. í ríkisstj. kom heldur ekkert fram, sem benti til þess, að það væri skoðun ráðh. Framsfl., að Alþingi bæri skylda til þess að létta slíkri ábyrgð af þessum sjóðum. Það kom ekkert fram í þá átt, enda erfitt að finna rökstuðning fyrir því, að um nokkra slíka skyldu sé að ræða.

Að síðustu held ég svo, að nauðsynlegt sé, að það komi fram, hvað þessi stefna hefur raunverulega að þýða fyrir þessa stofnlánasjóði landbúnaðarins, ræktunarsjóð og byggingarsjóð sveitabæja, sú stefna að taka stór lán erlend, — hér eru talin upp lán að upphæð 3.7 millj. dollara, — sem auðvitað verður að endurgreiða í erlendum gjaldeyri, en öll hafa verið endurlánuð, hver eyrir af þeim, án þess að lántakandinn beri nokkra gengisáhættu. Þetta er búið að hafa í för með sér að því er snertir ræktunarsjóðinn, að skuldir hans nema nú meira en eignir hans, að ræktunarsjóður er í raun og veru gjaldþrota fyrirtæki, gjaldþrota stofnun. Í árslok 1959 námu eignir ræktunarsjóðsins 237.7 millj. kr., en skuldir hans námu sem hér segir í lok s. l. árs, eftir að erlendu lánin hafa verið umreiknuð á núverandi gengi: Erlend lán námu 175.3 millj. kr., lán í mótvirðissjóði 80.1 millj. kr., skuldir í Seðlabankanum 5.0 millj. kr. Skuldirnar námu þannig, miðað við reikningsskil í lok s. l. árs, 260.4 millj. kr., en eignirnar, skuldabréfin, 237.7 millj. kr. Skuldir ræktunarsjóðs voru því, miðað við reikningsskilin við síðustu áramót, 22.7 millj. kr. meiri en eignirnar. Það vantaði 22.7 millj. kr. á það, að ræktunarsjóður ætti fyrir skuldum.

Um byggingarsjóðinn er það þannig, að eignir hans eru 100.6 millj. kr., erlend lán hans 39.2 millj. kr. á núv. gengi, skuld við veðdeild Landsbankans 36.1 millj. kr. og aðrar innlendar skuldir 5.5 millj. kr., þannig að skuldir hans nema 80.8 millj. kr. Hann á því enn höfuðstól að upphæð 19.8 millj. kr. En ef ræktunarsjóður og byggingarsjóður eru teknir saman, ef þessar stofnlánadeildir landbúnaðarins í Búnaðarbankanum eru teknar saman, vantar þær samtals 2.9 millj. — tæpar 3 millj. kr. — til þess að eiga fyrir skuldum.

Þetta er afleiðingin m. a. af þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í lánamálum þessara aðalfjárfestingarsjóða landbúnaðarins. (Gripið fram í: Hvernig er það hjá fiskveiðasjóði?) Hliðstæðar tölur? (Gripið fram í: Já.) Þetta veit hv. þm. áreiðanlega. Aðeins eitt tiltölulega lítið erlent lán hefur verið tekið og endurlánað án gengisklásúlu, aðeins um 14 millj. kr., sem er svo lítill hluti af því fé, sem fiskveiðasjóður hefur til umráða, að vandamálið þar er ekkert svipað þessu, ekkert skylt því. Það litla lán, sem er eina lán-

ið, sem fiskveiðasjóður hefur tekið erlendis, að upphæð 14 millj. kr., ef ég man rétt, það skakkar ekki miklu, fiskveiðasjóður hafði í raun og veru mælzt undan að taka það, af því að það var í erlendum gjaldeyri. En það hefur engin áhrif á raunverulegan fjárhag fiskveiðasjóðs, vegna þess að þetta lán er aðeins örlítill hluti af þeim hundruðum milljóna, sem hann hefur í veltunni. Auk þess hefur verið svo tryggilega gengið frá fjárhag fiskveiðasjóðs í samanburði við þetta, að sjávarútvegurinn sjálfur greiðir til hans ákveðinn hundraðshluta af verði allrar útfluttrar vöru, og nema tekjur fiskveiðasjóðs af því árlega um 24 millj. kr., þannig að hagur fiskveiðasjóðsins batnar á hverju ári vegna skattlagningar sjávarútvegsins sjálfs um 24 millj. kr. Landbúnaðurinn sjálfur greiðir ekkert, bókstaflega ekki neitt, ekki einn eyri, af sínu framleiðsluverðmæti til þessara sjóða, heldur hefur verið reynt að halda lánastarfsemi þeirra áfram með því að taka erlend lán, — svo að segja eingöngu erlend lán, — auk þess sem veitt var á fjárlögum, með þessum afleiðingum, að sjóðirnir eru nú gjaldþrota. Hagur fiskveiðasjóðs er hins vegar mjög góður. Og þar einmitt kemur fram sá mikli munur, sem hefur verið á stjórn fiskveiðasjóðs og stjórn þessara fjárfestingarsjóða landbúnaðarins.

Allur vandi þessara sjóða kemur ekki fram í því, að sjóðirnir eru nú í raun og veru gjaldþrota. Þó að það virðist vera í raun og veru nóg vandamál, þá er vandinn þar samt sem áður enn meiri, því að málefnum sjóðanna er nú þannig komið, að gjaldþrot þeirra verða stærri og stærri með hverju árinu sem líður, ef ekki eru gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir, því að sjóðirnir eru reknir með stórkostlegum halla á hverju einasta ári. Sjóðirnir lána út fé sitt með miklu lægri vöxtum en þeir sjálfir greiða af þeim lánum, sem þeir taka. Vaxtatap ræktunarsjóðs mun nú nema um 4½ millj. kr. á ári, sem rýrði höfuðstólinn, meðan höfuðstóll var, en bætist nú við skuldir umfram eignir. Vaxtatap byggingarsjóðs er um 2 millj. kr. á ári, sem rýrir þann höfuðstól, sem hann nú á og er um 20 millj. kr., svo að vaxtatapið eitt mundi éta höfuðstólinn upp, eins og hann er núna, á einum 10 árum. Sagan er þó ekki öll sögð með þessu, því að greiðslugeta þessara sjóða rýrnar árlega af þeim sökum, að lánin, sem sjóðirnir veita, eru til mun lengri tíma en lánin, sem sjóðirnir fá, og rýrir þetta stöðuna enn mjög verulega ár frá ári, en einkum og sér í lagi á þetta þó við um byggingarsjóðinn. Að því er snertir fjárframlögin, sem þessir sjóðir fá á fjárlögum, er það að segja, að rekstrarkostnaður sjóðanna er svo óeðlilega hár, — mér liggur við að segja: svo hneykslanlega hár, — að fjárveitingarnar gera ekki meira en duga fyrir árlegum rekstrarkostnaði sjóðanna, svo að af því fé, sem Alþingi veitir til sjóðanna, kemur nær ekkert til viðbótar höfuðstól sjóðanna, heldur gengur allt í rekstrarkostnað þeirra. Hér er því raun og veru allt á eina bókina lært.

Ég hygg, þó að mér sé ekki mjög gjarnt á að nota mjög stór orð, að ekki verði komizt hjá því að segja, að fjárstjórn þessara tveggja fjárfestingarsjóða landbúnaðarins verði að teljast til einhverra mestu mistaka í fjárhagsmálum íslenzku þjóðarinnar, frá því að innlendu bankakerfi var komið á laggirnar. Ég veit, að þetta eru stór orð, en ég hygg að þau séu ekki of stór í því tilefni, sem hér er um að ræða. Ég hygg, að ekki sé hægt að viðhafa önnur orð en þessi um fjárstjórn, sem leitt hefur til þess, að þessir tveir sjóðir til samans teknir eiga nú ekki fyrir skuldum, vantar 3 millj. upp á, að þeir eigi fyrir skuldum, og að þeir eru reknir þannig, að það er árlegt vaxtatap á þeim upp á 6½ millj. kr., og til viðbótar því eru lánin, sem þeir veita, til svo miklu lengri tíma en lánin, sem þeir taka, að árleg greiðslugeta þeirra rýrnar stórkostlega, og í síðasta lagi svo þannig, að rekstrarkostnaðurinn er svo hár, að hann gleypir allt framlag til sjóðanna sjálfra, sem Alþingi veitir á hverju ári. Þetta eru allt saman dæmi um svo alvarleg mistök í fjárstjórn þessara sjóða, að við svo búið má ekki lengur standa.

Ég hygg þó, að ég hefði látið þetta allt saman kyrrt liggja, ef grg. frv. væri ekki með þeim hætti, að ekki er hægt að láta henni ómótmælt. Sérstaklega þegar mætti skilja grg. þannig, að a. m. k. 3 af lánunum, sem talað er um að gefa eftir, sem tekin voru á tímum ríkisstj., sem ég átti sæti í, hefðu verið tekin þannig, að ríkisstj. teldi skyldu sína að beita sér fyrir því, að Alþingi bætti hallann, sem af lántökunum hlaut að leiða, þá vildi ég láta koma skýrt fram, að það er alrangt.

Um efni málsins að öðru leyti skal ég ekki ræða, þó að vissulega ástæða væri til að ræða sérstaklega um, að flutt skuli vera frv., ein efnisgrein, sem felur í sér, að Alþingi gefi tveimur lánastofnunum 140 millj. kr. Út af fyrir sig gæfi það tilefni til þess að ræða lánamálin yfirleitt á breiðum grundvelli. Ég skal þó ekki gera það á þessu stigi málsins. Hitt var aðalatriðið fyrir mér, að leiðrétta það, sem missagt er í grg. um skyldu Alþingis til að leysa úr vanda þessara sjóða og það hafi skapazt slík venja um, að ríkissjóður geri slíkt. En fyrst nauðsynlegt var að leiðrétta þessi atriði í grg., þótti mér rétt að láta það koma skýrt fram, sem kom ekki fram í ræðu hv. frsm., hversu hörmulega hag þessara sjóða er því miður í raun og veru komið.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það liggur sannarlega eitthvað óvenjulega illa á hæstv. menntmrh. Er það máske af því, að það hafi orðið verkaskipti í ríkisstj. og hann hafi nú, þrátt fyrir það þótt hann sé Alþýðuflokksmaður, verið látinn taka að sér landbrh.-starfið? Eða hvar er landbrh.? Ég get vel skilið það, að hæstv. menntmrh. sem Alþýðuflokksmanni þyki það erfitt hlutskipti að vera landbrh., og ég hef oft hlustað á Alþýðuflokksmenn hafa meinyrði í átt til landbúnaðarins, en sjaldan hef ég heyrt þá opna betur hug sinn í þessu efni en hæstv. menntmrh. gerði núna.

Hann byrjaði á því að telja, að erindi sitt væri að leiðrétta það, sem missagt væri í frv. Vitanlega var það ekkert erindi, vegna þess að hann hafði engar frambærilegar leiðréttingar fram að leggja, heldur var hitt erindið, að svala skapsmunum sínum í köpuryrðum til landbúnaðarins.

Það, sem hann taldi sig þurfa að leiðrétta, var, að komizt er þannig að orði í grg. frv., að stofnlánasjóðirnir hefðu verið „látnir taka lán". Mikil er nákvæmni mannsins í málfari að þola það ekki, að sagt sé, að sjóðir séu látnir taka lán. Hann vill, að það sé orðað þannig, að sjóðirnir sjálfir taki lán. Getur nú hver maður fundið, að þarna var ekki mikið erindi til að fara af stað. Vitanlega voru þessir sjóðir látnir taka lán. Forstöðumenn þeirra létu þá taka lán, en tóku ekki lánin sjálfir. Og það var meira. Það var ríkisstj., sem útvegaði þetta fé, og það var ríkisstj., sem lét þá taka þetta lán, til þess að þeir gætu starfað áfram. Og þetta er ósköp eðlilegt, vegna þess að Búnaðarbankinn eða þessir sjóðir eru þannig upp byggðir frá fyrstu tíð, að það er aldrei að búast við því, að þeir geti staðið undir því fjármagni, sem þeir eru látnir taka að láni og greiða fyrir hærri vexti en þeim er skylt samkvæmt lögum að lána viðskiptamönnum sínum fyrir.

Það hefur aldrei verið við öðru búizt, þegar Búnaðarbankinn hefur verið látinn fá fé, — látinn fá fé, segi ég, — með 7%, 6% eða 5% vöxtum, eins og algengast hefur verið, að hann gæti staðizt það til lengdar að greiða afleiðingar þess að lána féð, eins og hann hefur verið skyldaður til, með 2%, 2½%, 3%, 4% eða 4½% vöxtum. Það hefur aldrei verið gengið út frá því, að þegar hann hefur fengið lán til fimm ára, tíu ára eða mest fimmtán ára, að ég hygg, þá geti hann lánað það sama fé sér að skaðlausu til 42 ára og 20 ára. Ég vil segja það, að áður en hæstv. menntmrh. ætlaði að mótmæla því, að það hefði aldrei verið við öðru að búast, þá hefði hann átt að athuga það, hvort nokkur önnur hugsun gat staðizt en það, að þeir menn, sem með ráðum og fullri hugsun tóku þessi lán, hefðu vitað það og búizt við því, að þetta yrði að gera. Jú, annað hefði verið hægt að gera, og það var það, að ríkið, Alþingi og ríkisstj., hefðu lagt bankanum til nægjanlegt fé, án þess að það væri í lánaformi. En vegna þess að jafnan hefur nú verið talið a. m. k. þröngt um á þeim stöðum, hefur verið hnigið að því að láta þessar stofnlánadeildir taka lánin og standa straum af þeim eftir getu sinni, sem hefur þó ekki hrokkið til, eins og dæmin sýna, og orðið hefur þess vegna að taka kúfinn af þessum lánum, og það hefur verið gert hvað eftir annað, og má því telja, að það séu nægileg fordæmi og megi kallast venja, þegar það er líka í samræmi við það eitt, sem getur staðizt.

Hæstv. menntmrh. fjargviðraðist yfir þeirri fjármálamennsku að hafa ætlað Búnaðarbankanum að starfa á þennan hátt, og það leit út fyrir, að hann teldi, að fé bankans hefði verið lánað með allt of góðum kjörum. Og þá kemur maður að því, hvern hug hæstv. menntmrh. virtist bera til landbúnaðarins. Það vita allir, að landbúnaður á Íslandi og landbúnaður allra landa, sem er jafnframt landnámsstarfsemi, verður að búa við önnur vaxtakjör en atvinnuvegir, t. d. eins og sjávarútvegur, sem ekki eru landnámsatvinnuvegir og verða að skila á stuttum tíma því, sem þeir taka til sín, fyrna fljótt sín tæki o. s. frv. En í starfsemi landbúnaðarins felst það að nema landið, að byggja upp fyrir komandi kynslóðir, og bóndinn, sem vinnur að því að nema landið, byggja upp býli sitt, rækta það og bæta, hann getur aldrei búizt við því á sinni ævi, nema þá fyrir tilviljun, að fá þá fjármuni, sem hann leggur í sín verk. Þeir fjármunir fara til komandi kynslóða, og þess vegna er það svo afar eðlilegt, hvað sem hv. Alþfl. finnst, að ríkið, sem erfir landið, þjóðin, sem erfir landið, en ekki bóndinn, kosti að einhverju leyti uppbyggingu þess. Og það er vegna þessa, að vextir Búnaðarbankans hafa verið hafðir þeir, sem þeir hafa verið hafðir, og lánatíminn hafður eins og hann hefur verið hafður. Og mér skilst, að þetta sé í fullu samræmi við það, sem gerist með öðrum þjóðum.

Ég fullyrði, að það hefur ekki verið of mikið fyrir landbúnaðinn gert á Íslandi, og ég fullyrði, að sú ríkisstj., sem vill ekki halda áfram að vinna að því, að landbúnaðurinn geti búið við svipuð kjör hlutfallslega og hann hefur haft, hún skilur ekki sitt hlutverk.

Hæstv. menntmrh. las upp efnahagstölur stofnlánadeildanna, og þær tölur sýndu, að svo er komið hjá ræktunarsjóði, að hann telst ekki eiga fyrir skuldum. En hvers vegna er svo komið? Það er gengisfellingin, sem gerði þessa sveiflu á hag hans, og ég tel nú, að hæstv. ráðh., sem stóð að þessari gengisfellingu, hefði átt að tala með öðrum blæ um ástæður þær, sem gengisfellingin hefur skapað þessari stofnun. Og nú er ég kominn að því, að ég vildi spyrja hæstv. ráðh.: Er það raunverulega svo, að hann taki þessu frv. svo illa sem hann gerir af því, að hann vilji, að þessir sjóðir komist í þrot? Er það af því, að hann vilji það? Annað varð í raun og veru ekki ráðið af orðum hans. En ég vil nú vona samt, að því sé ekki þannig varið innst inni. Og þá vildi ég heyra það, ef hann er á móti þessu frv., hvað hann hefur fram að leggja vegna þessara sjóða, því að eftir skýrslu hans leyndi það sér ekki, að hér er stórt vandamál á ferð, hér er það ástand, sem ekki getur varað.

Ég verð að segja það, að mér fannst ræða hv. menntmrh. bera það með sér, að það hlýtur eitthvað annað að ganga að skapsmunum hans heldur en þetta frv. Og ég vil vænta, að eins og venjulega jafnast nú geðið, að það jafnist líka hjá hæstv. menntmrh. og hann annaðhvort styðji þetta frv. eða komi fram með þær till., sem eru betri fyrir Búnaðarbankann en þessi, því að hlutverk Búnaðarbankans má ekki vanrækja. Sjóðir hans, þessir stofnlánasjóðir, mega ekki komast í þrot. Og sú ríkisstj., sem setti þá í þrot, fengi slæmt eftirmæli.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur haft hér orð fyrir hæstv. ríkisstj. og hefur rætt um þetta frv. næsta furðulega, eins og ég skal reyna að sýna fram á með fáum orðum.

Það er engu líkara en sjóðirnir séu persónur, sem hafi rekið og átt að reka pólitík, bankapólitík, alveg án tillits til þess, hvaða stefna ríkti í þjóðmálunum hverju sinni og hvaða stefna væri uppi hjá þeirri ríkisstj., sem fór með völdin á hverjum tíma. Vitanlega hefur lánapólitík sjóðanna alltaf verið og orðið að vera í samræmi við

þá stefnu, sem ríkisstj. hafa fylgt, frá því að sjóðirnir voru stofnaðir. Til þess eru þeir stofnaðir og því hlutverki hafa þeir gegnt, og það er ekki ein stjórn, — ætli það nálgist ekki eitthvað á annan tug stjórna, sem hafa fyrirskipað sjóðunum að reka þá bankapólitík, sem þeir hafa rekið? Þess vegna er alveg furðulegt, þegar hæstv. menntmrh. talar á þann hátt sem hann hefur gert hér við þessar umr. Og sjóðirnir verða að gera meira. Þeir verða að taka afleiðingunum af þeirri pólitík, sem stjórnin rekur, m. a. viðkomandi skráningu gengisins. Ég fullyrði það, — og það er aðalatriðið, hvort það er rétt eða rangt, — ég fullyrði það, að hver einasta ríkisstj., sem hefur setið við völd nú á annan áratug, hlaut að sjá það fyrir, að hagur sjóðanna hlaut að geta farið versnandi, jafnvel fara versnandi af ástæðum, sem ég skal nú greina.

Sjóðirnir hafa tekið lán með miklu hærri vöxtum, — og nú nota ég orðið „látnir“, — heldur en ríkisstj. hafa látið þá lána til landbúnaðarins. Hvað haldið þið, að hefði verið sagt í þessu landi, ef sjóðirnir hefðu risið gegn þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt á hverjum tíma, og neitað að framkvæma fyrirskipanir hennar? En ríkisstj. hlaut að vita það, að um leið og sjóðirnir voru látnir lána, — og ég kem að þeirri pólitík síðar, hvort hún er eðlileg eða ekki, — það leiðir af hlutarins eðli, að um sjóði, sem eru látnir lána með lægri vöxtum en þeir þurfa að borga lánveitanda sínum, getur ekki farið á annan veg en að hagur þeirra fari versnandi. En það er alveg rétt, sem tekið er fram í grg. þessa frv.: Af þessum fyrirsjáanlegu ástæðum hefur verið hlaupið undir bagga og gefin eftir lán, ríkissjóður hefur tekið á sínar herðar lán, sem sjóðirnir hafa tekið. Það er vitanlega viðurkenning á þessari pólitík, sem ríkisstj. hefur rekið. Þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, að ríkissjóður hefur tekið að sér lánin, er fullkomin viðurkenning á því, að ríkisstj., sem setið hafa undanfarið, hafa gert sér grein fyrir því, að hjá því varð ekki komizt. Sjóðirnir eru, hvort sem þeir eru sjálfseignarstofnanir eða ríkiseign, engin vél, sem býr til peninga. Ef þeir lána með lægri vöxtum samkvæmt þeirri pólitík, sem ríkisstj. hefur talið rétt að fylgja, — og ég er ekki í neinum vafa um, eins og ég kem síðar að og bendi á, að er rétt, — ef þeir lána með lægri vöxtum, þá hlaut hver ríkisstj. að sjá það, að sjóðirnir éta sig upp sjálfir, og jafnvel þótt það hefði ekki orðið gengisbreyting, hefðu þeir gert það samkvæmt þeirri stefnu, sem ríkisstj. skipaði þeim að fylgja. Hitt er annað mál, að nú hefur keyrt algerlega um þverbak með gengisbreytingunni, sem ríkisstj. hefur skellt á þessa sjóði, — alveg um þverbak, — þannig að hagur þeirra versnar margfaldlega við þær ráðstafanir samanborið við gengismuninn.

Eins og allir alþm. vita, er stofnað til þessara sjóða til þess að efla framkvæmdir í landbúnaði, húsabyggingar, íbúðarhúsabyggingar, útihúsabyggingar og ræktun. Ég hef ekki athugað það sérstaklega í lögunum, hvað stendur um það, hvers eign þeir eru, — það stendur sennilega ekkert, ég hef ekki athugað það, — en það gefur að skilja, og það vita allir, að Búnaðarbankinn í heild er eign ríkissjóðs. Hann er eign ríkisins, og hann er samsettur af sparisjóðsdeild, veðdeild, byggingarsjóði og ræktunarsjóði, og ég get ekki verið í neinum vafa um það, — það er lögfræðiatriði, sem kannske má deila um, — að ríkissjóður ber ábyrgð á bankanum í heild. Bankinn er mjög efnaður, eins og við vitum, vegna þess, hve eignir sparifjárdeildarinnar eru stórfelldar. En það er enginn efi á því, — og ég býst við, að það mundi hver lánveitandi vinna það í máli, — það er enginn efi á því, að þar sem ríkisstj. hefur tekið það á sig að lána þessum sjóðum fé með miklu hærri vöxtum en hún hefur fyrirskipað þeim að lána það út, breytt gengi, þó að hún vissi, að á lánunum, sem bankinn veitti einstaklingum, voru engar gengisklásúlur, þá hlýtur hver ríkisstj. að ganga út frá því, ef hún hefur nokkurn fjármálamóral, að vitanlega ber hún ábyrgð á þessum gerðum og ber ábyrgð á sjóðunum, ber ábyrgð að sínu leyti. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að hver og einn, sem á aðgang að sjóðunum, mundi vinna það í máli. Það er umdeilanlegt, en ég er ekki í neinum vafa um, að hann mundi vinna það í máli.

Ekki eingöngu þess vegna, heldur vegna þess, að það er ríkið, sem með pólitík sinni á hverjum tíma hefur ráðið stefnu sjóðanna, látið þá taka lán og látið þá veita lán, sem er alveg óhjákvæmilegt auðvitað að sjóðsstjórnirnar hlýddu, hefur það tekið á sig þá skyldu að sjá fyrir því, að sjóðirnir gætu staðið undir skuldbindingum sínum, svo að þetta um skylduna er tvímælalaust og ekkert annað en bábilja hjá hæstvirtum ráðherra, að hún sé ekki til staðar, enda er það sýnt, eins og hér hefur verið tekið fram oftar en einu sinni. Hvers vegna er það, að oftar en einu sinni og svo að milljónum króna skiptir hefur ríkissjóður tekið á sig skuldbindingar, sem sjóðirnir voru búnir að taka á sig áður með lögum frá Alþingi? Hvers vegna? Vegna þess vitanlega, að ríkissjóður og þær ríkisstj., sem hafa ráðið, hafa talið sér það skylt og Alþingi hefur talið þetta skylt.

Svo kemur aftur hin hliðin á málinu, sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, hvort rétt hafi verið að lána fé sjóðanna út með þeim vöxtum, sem það hefur verið lánað, lægri vöxtum en sjóðirnir hafa þurft að borga til lánveitenda sinna, og í annan stað, hvort rétt hafi verið að lána það út án gengisklásúlu til einstaklinga.

Eins og við vitum víst flestir, þá er í flestum löndum veraldarinnar greitt stórfé úr ríkissjóði til styrktar landbúnaðinum í margs konar myndum. Fyrst var fylgt þeirri pólitík t. d. viðkomandi landbúnaðinum hér, að það voru veittir styrkir að nokkru leyti í staðinn fyrir lán. Þessu var breytt þannig, að vextirnir voru lækkaðir, en ýmsir styrkir voru lagðir niður. Þetta var meira að segja gert m. a. samkvæmt norskri fyrirmynd, þar sem landbúnaðurinn greiðir miklu lægri vexti en nokkurs staðar er hægt að fá lánsfé fyrir samkvæmt ákvörðunum og vegna styrkja, sem ríkið veitir, til þess að hægt sé að veita þessi lán.

Ég minnist þess, að þegar landbrh. Lúxemborgar kom hér fyrir mörgum árum, þá var hann að spyrja mig um styrki til landbúnaðarins, og

hann skýrði mér frá því, að þá veitti ríkisstj. í Lúxembúrg um 150 millj. í styrki til landbúnaðarins, sem var gífurleg upphæð á þeim tíma, það eru svo mörg ár síðan hann kom hér. Og hann sagði, að þeir gerðu það eingöngu vegna þess, að þeir vissu, að landbúnaðurinn getur ekki staðizt nema með því móti, og þeir vilja ekki láta hann leggjast niður.

Það þarf ekki að taka slík lönd. Ég vil ekki fara með tölur, sem ég man ekki, en ég minnist þess, að þegar ég fór um England nú í seinasta skipti, þá heyrði ég um þær tölur, sem enska stjórnin greiðir í styrkjum og ívilnunum með vöxtum til landbúnaðarins í Englandi. Það eru gífurlegri upphæðir en mig hefði nokkurn tíma órað fyrir.

Og hvernig er með þau ríku Bandaríki, þar sem landbúnaður ætti að vera arðvænlegur? Hvað eru það miklar fjárupphæðir, sem Bandaríkjastjórn leggur fram á hverjum tíma til að kaupa upp afurðir, leggja þær til hliðar, selja þær úr landi fyrir lítið verð og lána um langan tíma, eins og hefur verið gert hingað til lands, og fyrir miklu lægra verð en þeir borga bændunum aftur? Hvað eru það háar fjárhæðir, sem fara til þess að kaupa upp þessar vörur, og hvað er verðmismunurinn mikill á því, sem þeir selja, og því, sem þeir liggja með vaxtalaust ár eftir ár, birgðum, sem eru svo gífurlegar, að talnafræði mín a. m. k. nær ekki yfir þær fjárhæðir, sem þar liggja geymdar, vegna þess að það er gert í því formi að styrkja landbúnaðinn þar?

Dettur hæstv. menntmrh. Íslands í hug, að það sé hægt að komast af með landbúnað á Íslandi án þess að styrkja hann í einhverju formi, með lágum vöxtum eða á annan hátt? Hann segir, að hann hafi sýnt landbúnaðinum þá góðvild að koma fram með till. um það í þeirri ríkisstj., sem hann átti sæti í ásamt mér, að þessir peningar, sem lánaðir væru út úr sjóðunum, á meðan hann var við völd og síðan þá væntanlega, væru lánaðir út með gengisklásúlu. Ég man nú ekkert eftir þessu, ég verð að segja það eins og er, en mótmæli því alls ekki, ég geri ekki ráð fyrir því, að ráðh. fari með rangt mál. En það hefði verið algerlega sama, hvort þessi till. hefur komið fram eða ekki. Mér hefði aldrei dottið í hug að samþykkja hana, af því að ég hef gert mér það ljóst, að þessir lágu vextir eru til þess að efla framkvæmdir í þeim landbúnaði í heiminum, þar sem allt þarf að byggjast upp frá rótum, og það er þess vegna, að þessi landbúnaður þarf fremur en landbúnaður nokkurrar annarrar þjóðar á því að halda að vera styrktur á einhvern hátt til uppbyggingar og framkvæmda. Ég geri mér ljóst, að við mundum síður en nokkur önnur þjóð sleppa hjá því, og þar sem þessar þjóðir, sem ég hef nefnt, gera það í margs konar formum, hvernig á að láta sér detta í hug, að hægt sé að komast af með það hér að veita ekki landbúnaðinum styrk og aðstoð á einhvern hátt?

Mér hefði þess vegna aldrei dottið í hug að fallast á þessa reglu, enda geri ég mér það ljóst, að landbúnaðurinn á Íslandi, — takið eftir, — ef þessari reglu hefði verið fylgt, þá væri hann gjaldþrota í dag, svo að segja annar hver bóndi, með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefði gert. Það er enginn efi á því, fyrir því hef ég fyllstu sannanir. Ráðstafanir ríkisstj., svokallaðar viðreisnarráðstafanir, fara illa með allt atvinnulíf, eins og sést á útveginum og greinilega hefur komið fram og allir hér á Alþ. vita. En þessar ráðstafanir hafa komið þyngra niður á landbúnaðinum en nokkrum öðrum atvinnuvegi á Íslandi. Það fullyrði ég, og það fullyrða bændur sjálfir og vita það mætavel. Þess vegna er það, að ef þetta hefði komið í ofanálag, ef þetta hefði komizt fram, að þeir áttu að taka vaxtamismuninn og fá síðan gengisbreyt. ofan á sig í viðbót við það, sem þeir höfðu fengið með svokölluðum viðreisnarráðstöfunum, þá fullyrði ég, að annar hver bóndi á Íslandi væri gjaldþrota. Það er ekkert annað en það. Þetta mundi sennilega hafa verkað, ef hæstv. ráðh. hefði tekizt að koma þessu fram, álíka og gengishækkunin mikla, sem framkvæmd var skömmu fyrir 1930 — ég man ekki, hvaða ár hún var framkvæmd — af fjmrh. Jóni Þorlákssyni. Þetta mundi hafa verkað á svipaðan hátt. En sú gengishækkun orkaði þannig á landbúnaðinn, að eins og við vitum, þá varð annar hver bóndi gjaldþrota og varð að gera þá upp með sérstökum kreppulánasjóðum.

Það er þess vegna alger misskilningur og bendir á annaðhvort vanþekkingu hæstv. ráðh. á landbúnaði eða litla velvild, að ég ekki segi mikla óvild í garð landbúnaðarins, að láta sér koma til hugar, að það hafi verið nokkur möguleiki á því að setja gengisbreytingar á bak landbúnaðinum, á bak bændum, og það er alveg fullkominn misskilningur, að það hafi nokkurn tíma verið hægt hér frekar en annars staðar að lána til landbúnaðarins þannig, að vextirnir væru ekki lægri en það, sem menn hafa orðið að sætta sig við á hinum almenna lánamarkaði. Þetta eru raunverulega þeir einu styrkir í stóru formi, sem hér hafa verið látnir af hendi til landbúnaðarins, til þess að byggja upp landbúnaðinn og til þess að sjá um, að það væri hægt að reka hann.

Eins og ég sagði áðan, efast ég um, að þetta sé meira en hefur verið gert í mörgum löndum, þar sem aðstæður fyrir landbúnaðinn eru miklu betri, og nefni ég þar England, Bandaríkin og fleiri lönd. Það er þess vegna alveg tvímælalaust, að þó að megi deila um það að mínu áliti, hver skyldan er fyrir ríkissjóð gagnvart þessum sjóðum, þá er enginn vafi á því í mínum augum, að hún er til staðar og hún er afleiðing af þeirri pólitík, sem fylgt hefur verið til þess að byggja upp landbúnaðinn í landinu, — pólitík, sem var alveg rétt í samræmi við pólitík margra annarra landa, og afleiðingarnar af því, að ríkisstj. hefur látið sjóðina reka þessa pólitík, gátu aldrei orðið aðrar en þær hafa orðið, og það var vitanlega í þágu ríkisstj. Þess vegna er það, að gripið hefur verið til þess sjálfsagða ráðs að gefa sjóðunum upp skuldir og ríkissjóður tæki þær á sitt bak.

Það er aukaatriði, að eftir því sem hæstv. ráðh. segir, þá er kostnaður við rekstur sjóðanna óeðlilega hár. Ég get nú upplýst það, að rekstrarkostnaður bankans í heild mun a. m. k. í hlutfalli við umsetningu hans vera sízt hærri, — ég vil ekki fara í neinn meting, — en kostnaðurinn við rekstur annarra banka. Hins vegar er það þannig, að

bankastjórinn skiptir þessu eftir áætlun, — það er ekki hægt að gera það upp, hver starfar við hverja deild, ég held, að hann geri það eftir áætlun, — hvað á að skiptast niður á ræktunarsjóð af þessum kostnaði og hvað á byggingarsjóð, og hvort þessi skipting er þannig, að áætlað er meira fyrir rekstur þessara sjóða en vera ætti, það skal ég ekki fullyrða á þessu stigi. Ég verð að kynna mér það nánar til þess að geta fullyrt það. Rekstrarkostnaðinum er skipt af bankastjóranum eftir áætlun milli þessara fjögurra sjóða: veðdeildar, sparisjóðsdeildar, byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar, nema tilefni gefist til, um þetta mál. Ég tel, að það sé alveg sjálfsagt og í samræmi við þau rök, sem ég hef fært fram, að það nái fram að ganga, af þeirri einföldu ástæðu, að þessi pólitík, sem sjóðirnir hafa verið látnir reka, er sú pólitík, sem ríkisstj. undanfarinna ára og ég vil segja áratuga, á annan áratug, hafa fyrirskipað sjóðunum að reka. Eða talar kannske hæstv. menntmrh. fyrir hönd Sjálfstfl., að hann hafi viljað láta sjóðina reka allt aðra pólitík á undanförnum árum en þeir hafa rekið? Talar hann þar fyrir hönd Sjálfstfl., að ríkisstj., sem hafa setið undanfarið, mörg undanfarin ár, hafi viljað, að bændur tækju á sig hallann af gengisbreytingum, sem hafa orðið í ýmsum formum? Talar hann þar fyrir hönd Sjálfstfl., að það hafi verið vangá af sjóðunum, á móti vilja þeirra ríkisstj., sem hafa setið, að þessi lánapólitík hafi verið rekin? Ég spyr og vil fá svar um það: Talar hann fyrir hönd Sjálfstfl. um það? Talar hann fyrir hönd Sjálfstfl. um það, að hann álíti, að vextirnir til bændanna hafi átt að vera hér, mótsett því, sem er í öðrum löndum, í samræmi við hinn almenna lánamarkað, eða m. ö. o. tvisvar til þrisvar sinnum hærri en vextirnir hafa verið, sem sjóðirnir hafa tekið? Það hefði verið leiðin til þess, að sjóðirnir hefðu borið sig og ekki þurft að hlaupa undir bagga. Ef það er, þá getur hann deilt á Framsfl. fyrir það, og við erum fúsir til að taka þeirri ábyrgð. Ég vildi gjarnan fá að vita, hvort hann talar fyrir hönd Sjálfstfl. í þessu efni. En ef hann gerir það ekki, og hvort sem hann gerir það eða gerir það reyndar ekki, þá komumst við alltaf að sömu niðurstöðunni. Það eru ríkisstjórnirnar, sem hafa rekið þessa lánapólitík, sem sjóðirnir hafa verið látnir reka. Þeir hafa gert það eftir fyrirskipun þeirra ríkisstjórna, sem hafa setið, og þar af leiðandi vitanlega sér hver einasti maður og hver ríkisstjórn sá það, sem kann svo mikið í reikningi að leggja saman tvo og tvo, að sjóðir, sem lána út með lægri vöxtum en þeir verða að borga sjálfir, hljóta að tapa, þannig að það verður að hlaupa undir bagga, þegar gengisbreyting kemur. Þess vegna er það skylda að samþ. þetta frv. eða gera ráðstafanir því samsvarandi, þó að það verði í öðru formi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessar umr. hafa að því leyti orðið mjög gagnlegar, að nú liggur fyrir yfirlýsing — ég má eflaust einnig segja játning — tveggja forustumanna Framsfl. og ég vil einnig segja landbúnaðarins í landinu um það, að ástand aðalstofnlánasjóða landbúnaðarins sé nú orðið svo alvarlegt, að telja megi sjóðina gjaldþrota. **(Gripið fram í:** Finnst ríkisstj., gengisbreytingarstjórninni, ástæða til að gera þá gjaldþrota?) Ég skal koma að því á eftir, hver aðallega ber ábyrgð á þessu. — Þetta er sem sagt mjög athyglisvert, að það skuli hér koma fram og vera ómótmælt af þessum forustumönnum Framsfl., mönnum, sem báðir hafa gegnt og gegna mjög miklum trúnaðarstörfum í þágu landbúnaðarins, að þeirri minni fullyrðingu skuli látið ómótmælt, enda er hún tvímælalaust rétt, að hagur þessara tveggja sjóða er nú þannig orðinn, ef hann er skoðaður í einu lagi, að þá vantar tæpar 3 millj. til þess að eiga fyrir skuldum. Um þetta hefur í sjálfu sér ekki verið ágreiningur. En um hitt var ágreiningur, sem kom fram í ræðum þeirra, ágreiningur við mig og eflaust marga fleiri um, hver beri höfuðábyrgðina á þessu, og í því er í raun og veru fólginn kjarni málflutnings þeirra beggja, og þess vegna er eðlilegast að gera þennan kjarna þessa málflutnings að nokkru umtalsefni.

Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) lagði á það megináherzlu, eftir að hann hafði bæði beint og óbeint játað, hvernig komið væri fyrir þessum sjóðum, að það væri ekki stjórnendum sjóðanna um að kenna, heldur hefðu ríkisstjórnir hátt á annan áratug fyrirskipað stjórnum sjóðanna að reka þá pólitík, sem þeir hafa rekið og nú hefur haft þessar geigvænlegu afleiðingar. Hv. 2. þm. Vestf. vildi sem sagt koma ábyrgðinni af þessu hörmulega ástandi yfir á þær ríkisstjórnir, sem hér hafa setið undanfarna einn til tvo áratugi og að því er hann sagði hafa fyrirskipað stjórnum sjóðanna að reka þá pólitík, sem þeir hafa rekið og leitt hefur til þessa gjaldþrots sjóðanna nú. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Hann veit, ekki jafnvel og ég, heldur hefur á því miklu meiri þekkingu en ég, að um þessa sjóði gilda sérstök lög. Stjórnir sjóðanna eru ekki háðar neinum fyrirskipunum neinnar ríkisstjórnar um, hvernig þeir haga sínum ákvörðunum, sem og greinilega kom m. a. fram, eftir að á það var bent af mér og þáverandi viðskmrh., Lúðvík Jósefssyni, árið 1957 í vinstri stjórninni, að sú stefna væri mjög varhugaverð að taka erlend lán og lána út án gengisklásúlu. Þá var því einfaldlega til svarað, alveg réttilega að vísu, eins ég gat um áðan, að þetta væri alls ekki mál ríkisstj., sjóðirnir störfuðu samkvæmt sérstökum lögum og stjórn sjóðanna sjálf tæki ákvörðun um, með hvaða kjörum hún tæki lán og með hvaða kjörum hún lánaði þetta fé aftur, og það væri vitað, að stjórn þessara sjóða, þ. e. stjórn Búnaðarbankans, vildi með engu móti endurlána erlent fé með gengisklásúlu. Þar með var talað um, að það mál ætti að vera útrætt í ríkisstj., sem það líka var, því að við hæstv. þáverandi viðskmrh., sem í þessu máli reyndumst vera á sömu skoðun, höfðum þá ekkert meira um málið að segja.

Þetta skýtur mjög skökku við það, sem hv. 2. þm. Vestf. nú heldur fram, að stjórnir sjóðanna hafi verið háðar og séu háðar fyrirskipunum ríkisstjórnar um þeirra lánveitingapólitík. **(HermJ:** Má ég taka fram í?) Gerið svo vel. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. hefur sem landbrh. gefið ákveðnar

fyrirskipanir um það, þá er það lögleysa, þá er það slettirekuskapur, ráðh. hefur ekkert leyfi til þess, og brot á lögum. (**HermJ:** Ræður ráðh. engu um útlánapólitík bankanna nú? Ræður hann engu? — **Forseti:** Ekki samtal.) Það gilda ákvæði í lögum um útlánsvexti þessara sjóða beggja, það veit hv. þm. Hann stóð að því eða hans flokkur árið 1953 að hækka ákvæði í lögum beggja sjóðanna um útlánsvextina. Það er í síðasta skipti, sem Alþ. hefur skipt sér af því. Það m. a. minnir á, sem raunar allir þm. vita, að útlánsvextir sjóðanna eru ákveðnir í lögum, en ekki eftir neinni fyrirskipun frá neinum landbrh. (Gripið fram í.) Það er nú svolítið annað að blanda saman Alþ. og ríkisstj., svo að þetta er allt saman á fullkomnum misskilningi byggt, sem hv. þm. sagði. Sjóðirnir starfa samkvæmt lögum, og Alþ. hefur ákveðið útlánsvextina. Hitt er svo skylda forráðamanna sjóðanna, að gera annað tveggja, að sjá um að afla sjóðunum fjár með ekki hærri vöxtum en hinir lögskipuðu útlánsvextir Alþ. eru, eða gera hitt, ef slíkt fé er ekki fáanlegt, þá að tryggja sjóðunum tekjur til þess að greiða vaxtamuninn. Þetta er mergurinn málsins, og ég skal gjarnan endurtaka: Sú skylda hvílir á stjórnum sjóðanna auðvitað að hlýða lögum — ekki ríkisstjórnum, — að hlýða lögum um að hafa útlánsvextina 4½%, eins og þeir eru núna, og svo að afla sjóðunum fjár til þess að endurlána við hinum lögskipuðu vöxtum. Ef ekki er hægt að afla sjóðunum tekna, þ. e. lánsfjár, með jafnlágum vöxtum, á að sjá sjóðunum fyrir öðrum tekjum, t. d. fjárframlögum frá ríkinu, frá Alþ. á fjárlögum, sem jafni vaxtamuninn jafnóðum. Þessi skylda hvílir á stjórnum sjóðanna lögum samkvæmt, og þessari skyldu hafa þeir ekki farið eftir. Þess vegna er nú komið eins og komið er.

Hitt er náttúrlega hrein glæframennska af stjórnum þessara sjóða, að halda áfram ár eftir ár — ég vil segja áratug eftir áratug að taka lán með miklu hærri vöxtum en sjóðunum er fyrirskipað af Alþ. að lána út gegn og gera engar samhliða ráðstafanir til þess að afla sjóðunum tekna til þess að standa undir þessum vaxtamun, heldur láta höfuðstólana smám saman étast upp. Það *má segja, að þetta sé verjandi, meðan einhver* höfuðstóll er til að éta upp, en það er algerlega óverjandi, eftir að fyrirsjáanlegt er, að skuldir sjóðanna eru orðnar meiri en eignirnar. Það hefur verið fyrirsjáanlegt mörg undanfarin ár, að að því mundi koma innan skamms tíma, eins og tekjum þessara sjóða hefur verið hagað.

Það þýðir því ekki fyrir hv. þm. eða þessa formælendur Framsfl. að halda því fram, að Alþ., hvað þá ríkisstj., beri ábyrgð á því, sem hér er um að ræða. Það eru fyrst og fremst stjórnir sjóðanna, sem bera ábyrgð á því, hversu illa er komið. Þær hafa ekki rækt það hlutverk, sem þeim hefur verið falið í lögum um ræktunarsjóð og byggingarsjóð sveitanna. Skylda þeirra hefði verið að gera a. m. k. tilraunir til ráðstafana í þá átt að afla reglulegra árlegra tekna til að standa undir hallanum, í stað þess að horfa upp á það, að höfuðstóllinn ætist upp og sjóðirnir yrðu gjaldþrota, en vilja hafa hina aðferðina — glæfraaðferðina — að koma öðru hverju með nokkurra ára millibili til Alþ. og heimta eða leggja til, að þetta árið fáist 29 millj., annað árið fáist 38, eins og ég nefndi áðan, og núna 160 millj. Það er þessi fjármálastefna, sem ég leyfði mér að segja áðan að ætti ekki annað heiti skilið en að *teljast einhver alvarlegustu mistök í íslenzkum fjármálum*, síðan bankakerfið varð innlent.

Við skulum gera okkur skýra grein fyrir því, hvað það er, sem er í raun og veru að, fyrst málefni þessara sjóða eru komin á dagskrá almennt, og á því var sannarlega ekki vanþörf. Það er fernt, sem að er og snertir málefni sjóðanna.

Í fyrsta lagi er það, að stórkostlegur árlegur vaxtahalli er á sjóðunum. Hann nemur samtals um 6½ millj. kr. Útlánsvextir sjóðanna eru árlega hvorki meira né minna en 6½ millj. kr. lægri en vextirnir, sem sjóðirnir greiða af því fé, sem þeir hafa lánað út. Hv. 2. þm. Vestf. sagði, að þessi útlánastefna væri liður í landbúnaðarstefnu íslenzka ríkisins og hefði verið það um langan tíma undanfarið, og þetta er rétt. Auðvitað má styrkja landbúnaðinn með þeim hætti að sjá honum fyrir ódýrum lánum. En af ýmsum ástæðum má um það deila, hvort það sé bezta aðferðin til að styrkja landbúnaðinn. Ég mun á engan hátt andmæla því, að nauðsynlegt sé að styrkja íslenzkan landbúnað, líkt og gert er í flestum löndum Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Ég er hins vegar ekki viss um, að rétta formið á styrk til landbúnaðarins sé að hafa lánin á öllum stofnlánum hans jafnódýr og þau hafa verið hér um langt skeið undanfarið. En það er annað mál. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Í þessu sambandi þurfum við ekki að deila um, hvaða stefna sé skynsamlegust í landbúnaðarmálum. Við þurfum ekki heldur að deila um það, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. vildi láta liggja að, að ummæli mín áðan bæru vott um sérstakan óvildarhug til landbúnaðarins. Ég hygg, að ég hafi sýnt það í öðrum málum og á öðrum sviðum, að öll svigurmæli um það eru algerlega ástæðulaus. Það þýðir ekki, að ég telji ekki skipta neinu máli, hvernig því fé er varið, sem íslenzka ríkið vill verja til styrktar landbúnaðinum og telur sig hafa efni á að verja til styrktar honum. Það skiptir auðvitað meginmáli. Eins og ég sagði áðan, er ég ekki viss um, að það sé rétta aðferðin að veita fé til landbúnaðarins í því formi að láta hann njóta alveg óeðlilega lágra vaxtakjara, miðað við ástandið á íslenzkum fjármálamarkaði. En þetta þurfum við ekki að deila um í þessu sambandi. Það er ástæðulaust að snúa þessu máli upp í deilur um það, hvaða hátt eigi að hafa á styrkjum til landbúnaðarins, alveg óþarfi, því að það er því máli algerlega óviðkomandi. Það, sem er mergurinn málsins í sambandi við hag sjóðanna og framtíð sjóðanna, er, að það er auðvitað algerlega óverjandi að halda því áfram, ekki aðeins ár eftir ár, heldur áratug eftir áratug, að afla fjár til þessara stofnlánasjóða, sem er miklu dýrara en lögskipaðir útlánsvextir eru, og láta þannig höfuðstól sjóðanna beinlínis étast upp. Það er þessi stefna, sem er algerlega óforsvaranleg. Á henni getur enginn borið ábyrgð annar en stjórn sjóðanna sjálfra. Frá stjórn Búnaðarbankans hefur mér vitanlega aldrei komið nokkur heildartillaga

um það, hvernig tryggja eigi hag ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs um langa framtíð, — engin heildartillaga komið um það. Það hugarfar, sem hefur verið ráðandi hjá forráðamönnum þessara sjóða landbúnaðarins, er að láta þetta ganga allt í sukki, til þess síðan að geta komið með 4—5 ára millibili til Alþingis og heimtað fjárframlög frá því. Það, sem beðið var um, var fyrst 29 millj. kr., þremur árum seinna, vegna þessarar stefnu, var fært upp á skaftið, þá var beðið um 37 millj. kr., og nú er beðið um 160 millj. kr. Það er þetta, sem ég vil leggja megináherzlu á að er óforsvaranlegt og ekki hægt að koma ábyrgð á þessu á neina aðra en þá, sem hljóta að bera ábyrgðina, hina lögskipuðu stjórnendur sjóðanna.

Ég segi, að það fyrsta, sem að er í þessu máli, er, að á sjóðunum er þessi stórkostlegi vaxtahalli, árlegi vaxtahalli, um 6½ millj. kr. á ári.

Hið annað, sem er að, er, að hagur beggja sjóðanna, einkum byggingarsjóðs, versnar árlega vegna hins óhagstæða munar á lengd lánanna, því að það er ekki aðeins að sjóðirnir taki lánin með miklu hærri vöxtum en þeir endurlána féð gegn, heldur lána þeir féð einnig til miklu lengri tíma en lánin eru, sem sjóðirnir taka, einkum byggingarsjóður. Þetta á sinn þátt í því, að greiðslugeta sjóðanna stórrýrnar ár frá ári. Ég veit, að hv. 2. þm. Vestf. kemur ekki til hugar að halda því fram, að þetta hafi verið fyrirskipað af hálfu ríkisstj. Hann veit það vel, eins og allir þm. vita, að það er engin fyrirskipun um þetta í lögum eins og um vextina, og ég vil ekki trúa því á hann, að hann hafi nokkurn tíma sem landbrh. gefið stjórnum sjóðanna nein fyrirmæli um að taka lán til skemmri tíma en lánin eru lánuð út til. Hér á í raun og veru við það sama og ég sagði um vaxtahallann. Ef ekki tekst að fá lán til jafnlangs tíma og sjóðirnir lána fé sitt út til, er það skylda sjóðsstjórnarinnar að gera samtímis ráðstafanir til þess að jafna þann greiðslumun, sem af þessu hlýzt. Það er það, sem hefur ekki verið gert, og hér geta sjóðsstjórnirnar ekki komið ábyrgð á neinn annan.

Það, sem í þriðja lagi er að, er, að þessir sjóðir hafa á síðasta áratug tekið hvert útlenda lánið á fætur öðru. Nú hefur hver einasti maður vitað það, að því fylgir áhætta, gengisáhætta, að taka erlend lán. Samt sem áður hefur stjórn þessara sjóða landbúnaðarins skellt skolleyrum við öllum viðvörunum um þá áhættu, sem af þessu hefur leitt, þegar gengisbreytingar hafa orðið. Gengisbreyting hefur ekki orðið ein á þessum áratug, eins og hv. þm. vildi láta liggja að, þær voru fjórar á áratugnum: 1950, 1956, 1958 og 1960. Það er því auðvitað algerlega úr lausu lofti gripið, þegar hv. þm. vill halda því fram, að það, hvernig hag sjóðanna sé nú komið, sé eingöngu að kenna gengisbreytingunni frá 1960, þeirri síðustu. Reynslan af því, að á þessum áratug hafa verið fjórar gengisbreytingar, hefði vissulega átt að opna augu forráðamanna sjóðanna upp á gátt fyrir því, að því hlýtur að teljast fylgja mikil áhætta að taka lán í erlendum gjaldeyri og endurlána þau án gengisklásúlu.

Það er auðvitað alger misskilningur, að nokkur ríkisstj., hvað þá Alþingi, hafi fyrirskipað stjórnum sjóðanna að skella skolleyrum við þessari áhættu. Gleggsta sönnunin fyrir því er einmitt það, sem ég hef vitnað í um umr. um þetta í vinstri stjórninni á árinu 1958, þar sem þar var einmitt á það bent, að þetta væri mál sjóðsstjórnanna sjálfra og kæmi ríkisstj. í sjálfu sér ekkert við.

Það fjórða og síðasta, sem er að rekstri þessara sjóða, er svo það, hvað kostnaður sjóðanna samkv. skiptingu stjórnar Búnaðarbankans er óhæfilega mikill. Hann er svo mikill, að rekstrarkostnaður þessara tveggja sjóða gerir meira en að gleypa allt það fé, sem Alþ. veitir til sjóðanna á ári hverju og Alþ. hefur auðvitað hugsað að ætti að fara til þess að auka höfuðstól sjóðanna og gera þeim kleift að auka útlán sín árlega. Í staðinn fyrir það, að sjóðirnir hafi getað endurlánað árlega fjárveitingar Alþingis, hafa allar fjárveitingarnar farið í rekstrarkostnað þessara tveggja sjóða og meira að segja ekki dugað til, svo að höfuðstólar sjóðanna hafa einnig rýrnað af þessum sökum.

Þetta eru allt saman svo alvarlegir hlutir varðandi hag og framtíð þessara sjóða, að það er vissulega rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að hér er um stórkostlegt vandamál að ræða. Fram hjá því er ekki hægt að horfa, að þannig skuli vera komið fyrir þessum máttarstólpum landbúnaðarins, ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja, eftir að Framsfl. hefur farið með landbúnaðarmál í ríkisstjórnum nú hátt á annan áratug. Ef það væri rétt, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan, að ríkisstjórnir hafi í raun og veru haft þetta mál allt saman í hendi sinni, útlánapólitíkin hefði í raun og veru verið á valdi ríkisstjórnanna, ríkisstj. hefði gefið fyrirskipanir um hitt og þetta, — ef þetta væri rétt, hversu ægilegur dómur væri þetta ekki um flokk hans sjálfs, þann flokk, sem hann sjálfur er formaður í? Ef ríkisstjórnir s. l. hálfan annan áratug hefðu haft það vald, sem hann var — mér liggur við að segja að gorta af eða að undirstrika að þær hefðu haft, ef þær hefðu ráðið allri pólitík sjóðanna jafngersamlega og hann talaði um, þá get ég ekki hugsað mér öllu þyngri dóm um ráðsmennsku flokks hans í málefnum landbúnaðarins en þetta: að skilja svo við þessa sjóði, eftir að hafa haft landbrh. í hálfan annan áratug.

En þannig háttar ekki málum. Þessi staðhæfing hv. þingmanns var ekki rétt. Ríkisstjórnirnar bera ekki þá ábyrgð, sem hann vildi láta þær bera. Það gilda um sjóðina ákveðin lög, þar sem eru ákveðin fyrirmæli um vaxtakjör og lánstíma. Sú skylda hvíldi svo á stjórnum sjóðanna að halda þannig á málum þeirra, að höfuðstólarnir ætust ekki upp á skömmum tíma, hvað þá að sjóðirnir stofnuðu til skulda umfram eignir.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði, að ef sú stefna hefði verið tekin upp á sínum tíma að endurlána hin erlendu lán með gengisklásúlu, þá hefði það haft þær afleiðingar, að annar hver bóndi væri nú gjaldþrota. Ég hygg, að þetta sé að vísu mjög ofmælt. En það gildir sama um þetta og hitt, að ef þetta væri rétt, bera þeir menn sannarlega þunga ábyrgð, sem efnt hafa til þess, að erlend lán hafa verið tekin til þessara sjóða í jafnrík-

um mæli og gert hefur verið. Þeir bera sannarlega þunga ábyrgð. Ef sá baggi, sem af því hlýzt, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður hafa tekið svo mikil erlend lán, að endurgreiðsla á núverandi gengi mundi þýða gjaldþrot annars hvers bónda í landinu, þá er ábyrgð þeirra manna, sem að þessu hafa staðið, sannarlega þung, því að það megum við vita, að einhver þarf að borga þetta.

Þetta frv. hv. Framsfl. er um það, að bændurnir, sem fengið hafa peningana, skuli ekki borga þetta, heldur þjóðin öll. Það á að jafna ábyrgðinni á stórkostlegum mistökum forráðamanna þessara sjóða á þjóðina alla. Það vil ég undirstrika, — og má öllum raunar vera ljóst, það ætti ekki að þurfa að undirstrika það, — að þetta er reikningur, sem er fallinn í gjalddaga og einhver verður að borga.

Ég vil í viðbót við þær upplýsingar, sem ég gaf í fyrri ræðu minni, gefa nokkrar aðrar upplýsingar, sumpart leiðrétta eina tölu, sem ég hafði þá ekki alveg rétta, og gefa nokkrar aðrar upplýsingar um málefni sjóðanna, fyrst þau almennt hefur borið á góma. Ég mun hafa sagt, reiknaði það lauslega í huganum, að höfuðstóll þessara lána, sem 1. gr. fjallar um, sé 140 millj. Það er ekki rétt, það eru 160.6 millj. króna. Höfuðstóll þeirra tilfærðu lána, sem frv. fjallar um, er 1. nóv. 1960 160.6 millj. kr. Það, sem frv. fjallar um, er m. ö. o. það, að ríkissjóður gefi ræktunarsjóði og byggingarsjóði 160.6 millj. kr. Auk þessa skulda sjóðirnir í erlendum gjaldeyri 26.8 millj. kr., þannig að erlendar skuldir ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs eru samtals 187.4 millj. kr. Heildargreiðslubyrði lánanna, sem frv. fjallar um, er 13.7 millj., og hinna lánanna, sem frv. fjallar ekki um, er 2.1 millj. Heildargreiðslubyrði af erlendum lánum ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs er 15.8 millj. kr. árlega. Þessir sjóðir Búnaðarbankans skulduðu Framkvæmdabankanum og ríkissjóði nú 1. nóv. rúmlega 13 millj. kr. vegna þegar áfallinna vaxta og afborgana. Þessi lán eru í vanskilum.

Þetta frv. fjallar um að létta af ræktunarsjóði um 10—11 millj. kr. Sé gert ráð fyrir, að sjóðurinn fengi 20—25 millj. kr. að láni hjá Framkvæmdabankanum hvert ár af mótvirðisfé, mundi samt vanta 15 millj. kr., til þess að sjóðurinn gæti haldið áfram útlánastarfsemi sinni á sama hátt og hingað til. Þótt byggingarsjóður losnaði við þær byrðar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, mundi þurfa 10—12 millj. kr. árlega í viðbót, til þess að byggingarsjóðurinn gæti haldið starfsemi sinni áfram, eins og hún hefur verið hingað til. Þetta er kannske allra gleggsta sönnunin fyrir því, í hvert hyldýpi málefni þessara stofnlánasjóða landbúnaðarins eru komin, hversu djúpt þessir sjóðir eru sokknir, að jafnvel þessir skeleggu fulltrúar landbúnaðarins í Framsfl., sem hér hafa lagt fram frv. um, að þjóðin gefi þessum sjóðum 160 millj. kr., hafa samt sem áður ekki treyst sér til þess að fara lengra en svo, — og eru þeir ekki hikandi í sínum tillögugerðum yfirleitt, — þeir hafa samt sem áður ekki treyst sér að fara lengra en svo, að eftir eru málefni sjóðanna skilin algerlega óleyst. Ég kalla það, að málefni sjóðanna séu alveg óleyst, þó að þessi ósköp hér yrðu samþykkt, ef ræktunarsjóðinn vantar áfram 15 millj. kr. árlega, til þess að hann geti haldið áfram starfsemi sinni, og byggingarsjóðinn 10—12 millj. kr. árlega til að geta haldið áfram óbreyttri starfsemi.

Þetta er ekki að leysa málefni sjóðanna, sem hér er lagt til, — alls ekki. Þó að þetta yrði gert, er það einungis að leysa málið til bráðabirgða. Grundvallarvandamál sjóðanna yrði algerlega óleyst. Svo illa er hag þeirra raunverulega komið.

Með hliðsjón af þessu lætur það undarlega í eyrum að þurfa að hlusta á, að það eitt að benda á hörmulegt efnahagsástand sjóðanna beri sérstakt vitni um skeytingarleysi, jafnvel beinan illvilja um málefni landbúnaðarins. Slíkan áburð þarf maður sannarlega ekki að taka alvarlega. Það væri þó a. m. k. fljótlegt að svara því þannig eða spyrja: Hvað er það þá að hafa farið með landbúnaðarmál í hálfan annan áratug og láta ástand sjóðanna vera slíkt eftir þennan hálfan annan áratug? Hvers konar hugarfar er það í garð landbúnaðarins? Hvers konar vilji er það? Er það góðvilji eða er það illvilji? Um hvað ber það hugarfar eiginlega vott að láta málefni sjóðanna reka svo gersamlega á reiðanum, að þeir skuli nú vera orðnir gjaldþrota og að ekki sé nóg að gefa þeim 160 millj., heldur sé grundvallarvandamál þeirra þrátt fyrir það í rauninni algerlega óleyst?

Nei, hér þarf sannarlega enn meira átak en það, sem felst í þessu frv., og er ég þó engan veginn að segja, að rétta leiðin sé sú, sem hér er bent á, — alls ekki. Nei, það er tvennt, sem er nauðsynlegt: Það þarf að taka málefni þessara mikilvægu fjárfestingarsjóða til gagngerðrar endurskoðunar og með einhverjum hætti gera hreint borð. En það, sem er þó enn mikilvægara, er að skipa tekjum og gjöldum sjóðanna í framtíðinni þannig, að sá höfuðstóll, sem þeir kunna að eignast við einhvers konar endurskipulagningu, geti vaxið, en þurfi ekki að minnka, eins og hann hefur minnkað undanfarin ár og undanfarna áratugi. Með því móti mundi landbúnaðinum mestur greiði gerður, að málefnum sjóðanna yrði komið á þann grundvöll með einhverjum hætti, að höfuðstóll þeirra þyrfti ekki að minnka framvegis, eins og hann hefur gert undanfarið, heldur gæti vaxið.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að hæstv. menntmrh. svaraði engu um það, hvort hann talaði fyrir hönd Alþfl. eða fyrir hönd ríkisstj. í heild. Það verður að líta svo á, að hann tali hér fyrir hönd ríkisstj. í heild, fyrst hann lýsir ekki öðru yfir, að gefnu tilefni, og það er um það spurt.

Annars var þessi ræða hinn furðulegasti hringsnúningur, ég verð að segja: eins og þegar skóladrengur er að tala. Og það er furðulegt að þurfa að hlusta á annað eins tal og það, að ráðherra stendur hér og gortar af því, hvað sjóðirnir séu illa staddir, — maðurinn, sem í ríkisstj. hefur fyrst og fremst og manna mest beitt sér fyrir þeirri gengisbreytingu, sem hefur komið sjóðunum á vonarvöl. Af þeirri eftirgjöf, sem hér er farið fram á, reiknast mér til, að það séu 90 millj., sem hefur verið bætt ofan á sjóðina með gengisbreytingunni. Hann er svo að gorta hér og hlakka

yfir því, hvað sjóðirnir séu illa stæðir. Ræktunarsjóðurinn mundi án gengisbreytingarinnar hafa átt 60 millj. Það er hæstv. ráðh., sem þefur komið hag sjóðanna í þetta horf fyrst og fremst, og svo stendur hann hér og gortar yfir þessu. Hvers konar innræti er þetta? Hvers konar hugsunarháttur er í þessum manni? Hann segir, að þetta sé sjóðsstjórnunum að kenna.

Og það er fleira, sem er alveg furðulegt í málflutningi þessa ráðh. Hann lemur höfðinu við steininn og segir: Það eru sjóðsstjórnirnar, — ég bið ykkur að taka eftir, — það eru sjóðsstjórnirnar, sem bera ábyrgð á rekstri sjóðanna og bera ábyrgð á því, hvernig komið er. Ég kallaði fram í fyrir honum og sagði: Ég ætti að þekkja þetta, því að ég hef gefið þessa fyrirskipun sem ráðherra. — Hvernig eru fyrirskipanir gefnar af ráðh.? Þær eru a. m. k. aðallega gefnar þannig, að grundvöllurinn bak við fyrirskipanirnar er lög frá Alþ. Aðrar fyrirskipanir gefur ráðh. ekki, nema hann hafi beint eða óbeint lagaheimild til þess frá Alþingi, enda kom það í ljós, þegar hann fór að tala áðan, að vextirnir af þeim lánum, sem sjóðirnir veita, eru ákveðnir af Alþingi. Ráðh. kemur með lög frá Alþ., sem hann leggur fyrir og fær samþykkt, réttir sjóðsstjórninni og segir: Hér eru reglurnar. Þessa vexti er þér skylt að taka og ekki meira. — Hvernig getur nokkur ráðherra síðan talað þannig, að þetta sé úr sinni ábyrgð? Og hver sá, sem hér heyrir mál mitt, tekur slíkt tal alvarlega, af því að síðan segir hann, þegar hann er búinn að sleppa orðinu og segja: Það er fyrirskipað með lögum frá Alþ., hvaða vexti hæsta sjóðirnir mega taka, — þá segir hann: Það er sjóðanna, það er sjóðsstjórnanna að sjá sér fyrir tekjum til þess að geta lánað út með þessum vöxtum. — Hvernig lízt ykkur á þessa málfærslu? Ég satt að segja vil heyra, ef hæstv. ráðh. kann einhver ráð við því að láta fyrirskipa sjálfum sér í stjórn einhvers fyrirtækis að lána með 2½% vöxtum eða 3% vöxtum, þegar lánamarkaðurinn er 6 og 7%. Hvernig ætlar hann að fara að því? Það væri fróðlegt að heyra? Hvernig ætlar hann að fara að því sjálfur í stjórn slíks sjóðs að útvega peninga fyrir lægri vexti en eru á lánamarkaði? Hvernig ætlar hann að fara að því? Vitanlega eru sjóðsstjórnirnar bundnar við þetta tvennt: þá fyrirskipun, sem þær hafa frá Alþ., að veita lán með lágum vöxtum til þess að styrkja landbúnaðinn, og við hitt, hver lánamarkaðurinn er á hverjum tíma. Það er það, sem sjóðirnir verða að búa við og hafa orðið að búa við, eins og allir einstaklingar, sem taka lán, án þess að það sé heimilað í lögum, og eins og allar stofnanir.

Þetta er harla furðulegt tal hjá ráðh., að segja, að sjóðsstjórnirnar eigi að útvega peninga til þess að sjá fyrir því að geta lánað með lágum vöxtum. (**Menntmrh.**: Eða aðrar tekjur.) Ég skal lofa hæstv. ráðh. að taka fram í. Hann vill kannske benda á ráð, hvernig á að ná í þessar tekjur. Ég skal stanza og gefa honum tíma til þess að tala. (**Menntmrh.**: Ég skal tala hér á eftir.) Það er bezt að tala strax. Sjálfsagt eru ráð til, því að annars hefði ráðh. ekki talað svona.

Vitanlega kemur af þessu í ljós það, sem ég sagði áðan og er fullsannað með þessum upplýsingum ráðh., að vextirnir eru bundnir í lögum, að það er Alþingi, það er sú stjórnarstefna, sem ráðið hefur á Alþingi hverju sinni, eins og ég sagði í upphafi máls míns, sem hefur ráðið þeirri pólitík, sem sjóðirnir hafa orðið að reka, af því að hún hefur beinlínis verið skipuð í lögum frá Alþingi. Hvað skyldi hafa verið sagt, ef sjóðsstjórnirnar, þegar komið var til þeirra og sagt: Þið verðið að taka þetta lán, þið getið fengið þetta lán til þess að lána út, — hvað hefði hæstv. menntmrh. sagt um sjóðsstjórnirnar, þegar hann var í ríkisstj., ef það hefði verið tekið lán af ríkisstj. og sagt við sjóðina: Þetta lán fáið þið með þessum kjörum til þess að lána það út með þeim vöxtum, sem Alþ. hefur ákveðið, — hvað haldið þið, að hefði sungið í þessum hæstv. ráðh., ef stjórnin hefði sagt: Við tökum ekki lánin. Við neitum þessu. Við neitum að taka þetta?

Þetta allt sýnir það, sem ég hef verið að sanna, — og þar með er hrakið allt saman, sem ráðh. heldur fram, — að stjórn sjóðanna er í höndum Alþ. og ríkisstjórnanna, í höndum Alþ. að því er snertir vextina, eins og ég margsinnis hef tekið fram, og í höndum ríkisstj. með þeim lánum, sem rétt eru sjóðunum og þeim skipað að lána út með ákveðnum vöxtum og taka með hærri vöxtum. Það er alveg tvímælalaust, að það mundi hver maður, sem höfðaði mál á móti sjóðunum til þess að fá skuldbindingum sínum fullnægt, fá greiðslur sínar úr sjóðunum, og ef sjóðirnir gætu ekki innt af hendi, þá mundi sá maður vinna mál fyrir dómstólum þjóðarinnar af þeirri einföldu ástæðu, að þetta eru ráðstafanir, útlánin eru öll ráðstafanir, sem ríkisstj. og Alþ. gera sameiginlega.

Það er þess vegna hægt að slá því föstu og þarf ekki að slá því föstu fyrir neinum alþm., held ég, það þarf ekki að rökræða frammi fyrir neinum alþm. nema þessum hæstv. ráðh., að það eru vitanlega ríkisstjórnirnar og Alþingi, sem bera ábyrgð á því, hvernig rekstri sjóðanna er háttað. Og það er alveg furðulegt, að nokkur ráðh. skuli koma hér upp og deila um það atriði.

Nú fór hann einu sinni enn í kringum sjálfan sig, þessi hæstv. ráðh., í þessu sama máli. Nú segir hann: Vitanlega er ekki verið að fjandskapast við landbúnaðinn. Það á vitanlega, segir hann, að styrkja landbúnaðinn hér á Íslandi eins og annars staðar. Það er alveg tvímælalaust. Það verður að gera það hér eins og annars staðar. — Og svona fer hann heldur að draga í land af því, sem hann hafði talað áður. En hvað sannar þetta? Hann segir að vísu: Það er mjög vafasamt, að lánapólitíkin og lágir vextir séu rétta leiðin. Það er ein leiðin, en það er vafasamt, að það sé eina leiðin, og kann að vera, að aðrar leiðir séu skynsamlegri. — Athugum nú þetta.

Ég ætla ekki að rökræða út af fyrir sig þá þekkingu á íslenzkum högum og íslenzkum landbúnaði sérstaklega, sem kemur fram í þessu. Hér á Íslandi hefur til skamms tíma allt verið óuppbyggt í landbúnaðinum. Hér á Íslandi hefur gagnstætt því, sem hefur átt sér stað í öðrum löndum, allt verið ógert: ræktun, útihúsabyggingar og íbúðarhúsabyggingar fyrir bændurna í landinu. Þetta hefur verið gert mestallt á seinustu áratugum, nokkrum áratugum. Vegna hvers? Vegna

lána og lágra vaxta. Án þess að fara að rökræða það, þá er ég ekki í neinum vafa um, að það sáu þeir, sem beittu sér fyrir þessum ráðstöfunum, að einmitt hér, þar sem allt er óuppbyggt, þar sem menn bjuggu í moldarkofum, þar sem við byggðum moldarkofa eftir moldarkofa yfir heyin og fénaðinn og þar sem verið var að auka ræktunina til þess að skapa hér nýtízku landbúnað, þá eru það lánin og lágu vextirnir, sem þurftu að koma til, og án þess var þetta útilokað. Við stæðum enn í ekki ólíkum sporum og við stóðum fyrir nokkrum áratugum, ef ekki hefði verið tekin upp þessi landbúnaðarpólitík, að lána fé og lána það með lágum vöxtum til að byggja upp í þessu landi. Það var sú hlið á málinu, sem þurfti að vinna að hér frekar en að öllu öðru. Annars staðar eða þar, sem landbúnaðurinn er kominn í fast horf, koma styrkirnir fram í öðru formi.

Það er viðurkennt, að styrkirnir til landbúnaðarins koma hér á Íslandi fram í því formi að ætla að hafa lága vexti. Hvað lága vexti? Vexti, sem eru raunverulegir styrkir og svo lágir, að þeir eru langt fyrir neðan lánamarkaðinn og þess vegna í raun og veru styrkir til bændanna, sem eru að byggja upp. Hverjir framkvæma þessar styrkveitingar, hafa framkvæmd á hendi fyrir ríkið á þessum styrkveitingum? Sjóðirnir hafa hana á hendi. Sjóðirnir hafa þessa styrkveitingu á hendi með því að taka lán, sem eru á almennum lánamarkaði, og fá svo fyrirskipun frá ríkisstj. um það í lögum frá Alþingi, sem vitanlega ráðh. fylgir eftir, að það skuli lána þetta fyrir helmingi lægri vexti en sjóðirnir þurfa að borga sjálfir. Svo kemur þessi ráðherra og segir: Þetta er aðalstyrkjapólitíkin til landbúnaðarins, en svo eiga bara sjóðsstjórnirnar að sjá fyrir þeim milljónatugum, sem fara í þessa styrki, og sjá fyrir því að útvega peninga til þess að geta staðið undir þessum lágu lánum. — Hvers konar málfærsla er þetta? Sjóðsstjórnirnar eiga að skapa það fé, eiga að skapa vaxtamismun á útlánum og til lánveitenda. Það er ekki leiðinlegt hlutskipti. Ef hann getur bent á einhver úrræði til þess að skapa þessa tugi milljóna, sem er mismunurinn á útlánsvöxtum og þeim vöxtum, sem sjóðirnir þurfa að borga, þá held ég, að ég vildi mæla með því, að hann tæki að sér stjórn þessara sjóða og hætti við ráðherradóminn, ef hann getur bara eins og töframaður búið til alla þá peninga, sem eru í áratugi tugir milljóna í styrkjum til landbúnaðarins á Íslandi. Ég segi bara við hann: Þú færð hér peninga og borgar af þeim 6—7% vexti, en svo lánarðu þá út með 3% vöxtum. Svo verður þú að sjá fyrir mismuninum sjálfur. Sjóðsstjórnin verður að sjá fyrir því og verður að útvega sér peninga til þess að geta lánað svona.

Þetta er málfærsla úr ráðherrastóli, — finnst ykkur það ekki? — að segja: Sjóðirnir eru sjálfstæðir, það er allt þeirra sök, að það er orðinn halli á þeim, — en viðurkenna um leið, að þetta sé pólitík ríkisstj. um lága útlánsvexti, en vitanlega borga sjóðirnir sömu vexti og aðrir vilja lána þeim gegn.

Þetta mál verður áreiðanlega ekki útrætt núna. Það er áreiðanlegt, að það verða að gefnu tilefni mjög langar umr. um þetta mál í þessari hv. d., enda hygg ég, að ég hafi nokkurn veginn sýnt fram á það, að þetta, sem hæstv. ráðh. er að halda fram, eru þær furðulegustu bábiljur og undarlegt, að þeim skuli haldið hér fram. Ég vil ráðleggja hæstv. ráðh. það, af því að hann hlýtur að sjá, að hann hefur hlaupið á sig með sjálfstæði sjóðanna um útlán, að tala ekki meira um þetta mál. Ég vil ráðleggja honum það. Ég álít, að væri honum til bóta að láta ekki heyra það oftar, að hann haldi þessu fram, því að það getur ekki verið, að þessu sé haldið fram nema gegn betri vitund, og sízt á slík málfærsla að eiga sér stað úr ráðherrastóli. Þessi hæstv. ráðh. er ekki það skyni skroppinn, að hann viti það ekki, að þegar sjóðunum er fyrirskipað með lögum frá Alþingi að lána út með helmingi lægri vöxtum en eru á lánamarkaðinum og taka peninga af lánamarkaðinum með helmingi hærri vöxtum en þeir lána út, — hann er ekki sá skynskiptingur, að hann ekki viti, að það er ekki sjóðsstjórnunum að kenna, að slíkir sjóðir hljóta að standa sig illa. Þetta er hvort tveggja fyrirskipað af Alþingi og ríkisstjórn.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Ed., 1. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hélt hér alllanga ræðu í gærdag í þessu máli og lýsti m. a. stefnu hæstv. ríkisstj. í málefnum landbúnaðarins í framtíðinni. Sú stefna var, að því er varðar lánastarfsemi landbúnaðarins, á þá leið, að bændum bæri að taka á sig gengisbreytingu undanfarinna ára og einnig í framtíðinni af þeim erlendu lánum, sem stofnlánasjóðir Búnaðarbankans hafa tekið, enn fremur, að bændum bæri að greiða almenna viðskiptavexti af þeim lánum, er sjóðir þessir veita. Þetta var boðskapur hæstv. ríkisstj., sem viðskmrh. boðaði hér í gær, og hér er því um algera stefnubreytingu að ræða í málefnum landbúnaðarins, þar sem ráðherra lýsti þessum kostakjörum eða hitt þó heldur fyrir hönd þeirrar íhaldsstjórnar, sem búin er að herska hér í landinu í tvö undangengin ár.

Hæstv. viðskmrh. hefur valið sér ömurlegt hlutskipti í þeim ríkisstj., sem hann hefur setið í, en það er að vera ber að því að vilja hefta framfarir og skerða rétt bændastéttarinnar umfram rétt annarra stétta í landinu.

Alþýðuflokksmenn mynduðu minnihlutastjórn á degi heilags Þorláks árið 1958, en sú stjórn naut í öllu stuðnings Sjálfstfl. og naut hans stuðnings í öllum málum og auk þess í einu veigamesta málinu naut sú stjórn fylgis Alþb., þ. e. í kjördæmamálinu. Og þetta var eina von hæstv. ríkisstj. til þess að bjarga Alþfl. frá bráðum dauða. Svo aumur var þessi flokkur þá orðinn, að þeir eygðu ekki neitt annað ráð honum til lífs og bjargar í framtíðinni. En hver var ástæðan fyrir þessum vesaldómi Alþfl.? Hún var sú, að foringjarnir gleymdu, fyrir hverja þeir voru að vinna, og vöknuðu seint og illa við vonda drauma, sem voru á þá leið, að þeir gætu ekki lengur lifað. Allur vinnandi lýður var frá þeim farinn,

aðeins nokkrir embættismenn eftir, menn, sem mátu eigin stöður og embætti meira en hagsmuni fólksins í landinu. Þeir höfðu glatað þeirri stefnu. sem Jón Baldvinsson mótaði, þegar hann réð ríkjum í Alþfl., og það er táknrænt fyrir upphaflega stefnu Alþfl. í landinu, þegar hann vann með Framsfl. að málum á árunum 1934 og þar á eftir, að þá eru lögfest einhver þau beztu lög, sem hafa átt sér stað fyrir bændurna og alþýðustéttirnar í landinu. Svo gersamlega hafa þessir leiðtogar Alþfl. nú snúið við blaðinu. Þá voru lögfest kjötsölulögin og mjólkursölulögin og þau lög færðu neytendum tryggingu fyrir auknum og betri vörugæðum, ásamt því sem þau tryggðu betri sölu á landbúnaðarafurðum fyrir hönd bændanna í landinu. Svo gersamlega hefur þessi flokkur snúið við blaðinu.

En hvað skeði svo á því herrans ári 1959, þegar minnihlutaíhaldsstjórn — stjórn Alþfl. hélt því hiklaust fram, að hún væri eiginlega þegar búin að lækna dýrtíðina í landinu? Þeir Alþýðuflokksmenn héldu því hiklaust fram fyrir kosningarnar, að þeir væru búnir að lækna dýrtíðina í landinu. Hvers vegna þurfti að gera það, sem gert var þá á eftir, úr því að þeir voru búnir að því? Svo óforskammaðir voru þeir og skrökvuðu sig inn á þing í nafni þess, að þeir mundu tryggja sömu lífskjör hjá fólkinu í framtíðinni og voru á því herrans ári 1959. Og það er táknrænt líka fyrir þessa stjórn, að hún gaf út bráðabirgðalög, Alþfl. og Sjálfstfl., um það að banna hækkun á landbúnaðarvöruverði, gegn lagabókstaf framleiðsluráðslaganna um verðlagningu landbúnaðarafurða. Þetta var eina afrek þessarar hæstv. ríkisstj. og undirstrikaði mjög vel það, sem áður var vitað, að hún vildi traðka á rétti hinnar fámennu bændastéttar fremur en öðrum stéttum þessa lands.

Hvert var svo næsta skrefið, eftir að skipt var um höfuð á ríkisstj., eftir að hæstv. Ólafur Thors settist í forsætisráðherraembætti eftir forsrh. Emil Jónsson? Ja, það hefur margt skeð síðan, þótt ekki sé langur tími liðinn, þótt ekki sé liðið nema tæpt ár, því að enn þá hefur ekki þessi hæstv. ríkisstj. haldið upp á eins árs afmæli sitt, enda bera flest hennar verk blæ þess, að hún er enn þá barn í vöggu og veit lítið. Það er hin einkennilega viðreisnarstefna, sem er á þann veg, að hún ógnar öllum þorra þjóðarinnar svo, að þess verður skammt að bíða, að aðrir hafi aðeins til hnífs og skeiðar en hæstv. ríkisstj. og hennar útvalda lið. Minnihlutastjórn Alþfl. hafði nefnilega ekki læknað dýrtíðina, eins og hún hélt fram fyrir kosningarnar. Hún hafði hins vegar komið á óreiðu í landsmálum, sem hún duldi þá fyrir þjóðinni og kom ekki í ljós fyrr en eftir kosningarnar, að ný stjórn hafði verið mynduð. Síðan hefur Alþfl. stutt íhaldsstefnuna, sem grundvallast á því, að fjármagnið renni eftir farvegi, sem íhaldsöflin í landinu hafa myndað. Og eitt af fyrstu verkum þessarar hæstv. stjórnar var það að fella gengi íslenzkrar krónu um 132% og stöðva framkvæmdir í stórum stíl hjá öllum almenningi og hjá ríkinu sjálfu. En nú er svo komið eftir þessa viðreisnarstefnu, að það rekur að því, að atvinnulífið sjálft, rekstur þess, er að stöðvast, og sýna kannske fyrirsagnir í einu stjórnarblaðanna í dag, Alþýðublaðinu, gleggst, hvert stefnir í þeim málum, þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Bátaflotinn boðinn upp. — Útlit er fyrir, að svo til allur bátafloti landsmanna lendi undir hamri uppboðshaldarans innan tíðar vegna vangreiddra tryggingargjalda af bátunum, er nema milljónatugum.“ Enn fremur stendur: „160 milljónir til bænda.“

Þetta segir kannske nokkuð um það, hvernig atvinnuvegum landsmanna er komið undir því viðreisnarstarfi og undir þeim viðreisnaráætlunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur viljað vera láta, því að þessi viðreisn er fólgin í því, að það er enginn atvinnuvegur í landinu, sem getur þrifizt til framtíðar undir því kerfi nema með óteljandi nýjum ráðstöfunum, sem ríkisstj. veigrar sér við að láta koma í ljós, vegna þess að þá er hún um leið búin að opinbera, hvernig ástatt er. En þetta skýzt fram í Alþýðublaðinu annað slagið, af því að Alþfl. vill vera láta, að hann sé hvíti sauðurinn í stjórninni, en Sjálfstfl. sá svarti.

Það er ekki að undra, þótt liggi illa á hæstv. viðskmrh. út af þessum málum, þegar allt, sem hann hefur áður reiknað út með sínum reikningsstaf, fer út um þúfur.

Út af þeim umræðum, sem féllu hér í gær, þykir mér ekki óviðeigandi að lýsa nokkuð, hvernig þær efnahagsráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og áttu að koma atvinnuvegunum á réttan kjöl, sem hún kallaði, — hvernig þær ráðstafanir hafa farið og verka á bændur landsins og landbúnaðarframleiðsluna. Mér finnst, að það geri ekkert til, þótt hæstv. ríkisstj. reyni annað veifið að gera sér einhverja grein fyrir þeim hlutum.

Það má vel vera, að maður hafi ekki búizt við miklu, þegar það var yfirlýst stefna sjálfstæðismanna, að það ætti að fækka bændum um helming, eins og einn foringi þeirra hér í bænum lét í ljós 1. maí fyrir nokkrum árum. Og enginn efast heldur um það, að Alþfl. gerir sitt ýtrasta til þess, að svo megi verða. Hans saga á liðnum árum gefur ekki tilefni til annars en þess. Ofan á 50—90% hækkun á vöruverði var almennum vaxtakjörum breytt þannig, að ef maður tekur bónda, sem skuldaði í viðskiptareikning allt árið 1959 50 þús. kr., þá greiddi hann í vexti af þeirri upphæð 4 þús. kr., — greiddi fjögur þúsund krónur. Ég geri ekki ráð fyrir, að hlutaðeigandi bóndi geti mikið sparað við sig, þó að dýrtíðin hafi hækkað og það vörumagn, sem kostaði 50 þús. 1959, kosti ekki undir 75 þús. kr. á þessu herrans ári 1960. Og til viðbótar 25 þús. kr. hækkun á vöruverðinu verður hlutaðeigandi aðili að greiða 125% hækkun í vexti, því að hann þarf að greiða — ekki 4 þús., heldur 9 þús. í vexti, það er 5 þús. kr. hækkun. Allt bætist þetta á vöruverðið. Þetta eru þau kostakjör, sem Sjálfstfl. hefur boðið þjóðinni upp á eftir leiðinni til bættra lífskjara, sem hann lofaði þjóðinni í fyrra fyrir kosningarnar.

Við getum haldið áfram: Útlánsvextir úr hinum almennu sjóðum, ræktunarsjóði og byggingarsjóði, hækkuðu um 2½% á s. l. vetri, og annað var einnig gert, það var styttur lánstíminn úr ræktunarsjóði úr 25 árum niður í 15 ár, og er það

samkvæmt þeirri stefnu, sem hæstv. viðskmrh. auglýsti hér í gær. En hvernig lítur þá dæmið út hjá bónda, sem er að byggja íbúðarhús á þessu ári og fær hækkun á byggingarefni um 50—70%? Þannig, að ætla má, að 300 fermetra íbúðarhús, sem byggt er í ár, kosti ekki undir 300 þús. kr., og þar af er hækkun vegna gengisbreytingar og söluskatts nálægt 90 þús. En hvað verður lánið, sem þessi bóndi fær út á slíkt íbúðarhús? Enn þá veit enginn um það, því að það er ekkert lán farið að veita, en ef það fer eins með þessi lán eins og lánin úr ræktunarsjóði, að þau megi ekki hækka, þá má ætla, að hann fái 75 þús. kr. út á íbúðarhús. Það vantar þá nokkuð, til þess að það nægi fyrir hækkuninni, sem varð í ár á byggingarefni. Þetta er rausnarskapur hæstv. ríkisstj. til þeirra, sem eru að byggja. Hitt verður hlutaðeigandi bóndi að borga, það sem hann tekur að láni, með 12% vöxtum, ef hann hefur ekki átt neitt fé fyrir til framkvæmdanna sjálfur, sem varla er við að búast. Fasta lánið verður því 25% af heildarkostnaði hússins, á meðan lagaheimildin gerir svo ráð fyrir, að lána megi allt að 75% af kostnaðarverði íbúðarhússins. Þetta eru staðreyndir, sem tala sínu máli og sýna vel vilja og hug þessarar hæstv. ríkisstj. til bændastéttarinnar í landinu.

Það er hægt að halda áfram. Ég get tekið annan bónda, sem er að byggja fjárhús, sem kostar nú í ár 320 þús. kr., en kostuðu í fyrra 240 þús. yfir jafnmargt fé. Hækkun á efni er því um 80 þús. kr. En hvað hækkar lánið, sem þessi bóndi fær nú í Búnaðarbankanum? Mér er sagt, að hæstv. ríkisstj. sé búin að fyrirskipa að reikna út kostnað við framkvæmdir í ár eftir sama stiga og viðgekkst á árinu sem leið. Það gefur því auga leið, hvílíkir erfiðleikar eru á ferðinni hjá þeim, sem standa í framkvæmdum nú, þegar bóndi, sem byggir í ár, verður að taka á sig 80 þús. með 12% vöxtum fram yfir það, sem verið hefði, hefði hann byggt í fyrra. Auk þess á hann að fá lán aðeins til 15 ára með 6½% vöxtum nú, í staðinn fyrir, að hefði hann byggt í fyrra, hefði hann fengið lán til 25 ára með 4% vöxtum. Þetta eru þau kostakjör, sem bændunum er boðið upp á, samhliða því, að þeirra afurðaverð hefur sáralítið hækkað.

Það má líka lengur telja, því að ríkisstj. hefur lækkað afurðalánin til bændanna. Til sjávarútvegsins eru þau 85%, en aðeins 67% út á landbúnaðarafurðir, en hafa lækkað á ull og gærum niður í 50%. Svona er á þessu sviði líka búið að bændunum. Það er ekki ein báran stök, hvar sem maður lítur í húsakynni bændastéttarinnar í landinu, að því er varðar afskipti hæstv. stjórnarvalda af þeirri atvinnustétt.

Það þarf ekki að lýsa, hvert stefnir hjá bændastéttinni. Stefna hæstv. ríkisstj. sér um það, ef hún heldur svona áfram, hvert bændur fara, áður en mörg ár líða.

Hæstv. viðskmrh. talaði mikið um óreiðu hjá stofnlánadeildum Búnaðarbankans, lagði sér það í munn oft og mörgum sinnum. Og hann sagði, að annað eins þekktist hvergi. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvað hann var að segja. Ég efast mjög um það. Það liggur ekkert falið hjá stofnlánasjóðum Búnaðarbankans. Þar er allt á sínum stað og hægt að benda á hverja einustu krónu, hvernig henni hefur verið eytt og hvernig hennar hefur verið aflað. Þar er ekki um neina óreiðu að ræða. En hvaða óreiða skyldi þá eiga sér stað? Getur verið, að nokkur óreiða önnur eigi sér stað? Óreiðan, sem er, ef nokkur óreiða er þá, hún er hjá hæstv. ríkisstj. sjálfri fyrst og fremst og engum öðrum, því að hún liggur í stjórnarfari hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Stjórnin hefur ekki frekar á þessum vettvangi en öðrum varðandi þjóðmálin haft afskipti af málefnunum til bóta. Hæstv. núv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, hafa ráðið ríkjum hér í landinu í tvö ár, en þeir hafa algerlega vanrækt að taka þessi mál til athugunar, þrátt fyrir það að þeir hafa vitað, hvernig ástatt var í þessum málum. Það eina, sem þeir hafa gert og hefur verkað á gagnstæðan veg, er að auka á skuldbindingar þessara sjóða um allt að 90 millj. kr. Það er þeirra eina afrek í þessum málum, sem verkar líkt og annars staðar hjá þessari hæstv. stjórn. En sá er munurinn, að þegar framsóknarmenn voru í ríkisstj., höfðu þeir þessi mál alltaf í huga og börðust fyrir þeim, þótt oft væri við ramman reip að draga, þar sem innan ríkisstj. var kannske einn og einn hagfræðingur, sem hafði reikningsstaf í hendi, og þessi reikningsstafur var látinn ráða. Það er ekki lífið sjálft og þarfir og geta fólksins, sem tillit er tekið til, heldur er reiknað út frá einhverjum óþekktum staðreyndum, sem enginn botnar í, og getur slíkt aldrei leitt til neins góðs.

Það eru líka staðlausir stafir hjá hæstv. viðskmrh., að rekstur stofnlánasjóðanna eigi sér engan líka. Þetta er sagt af illgirni af ráðþrota ráðherra, sem tinir allt til, hvort sem það er rétt eða rangt, enda gerði hann enga viðleitni til að sanna þetta mál. Hann kom ekki með neinn samanburð, svo að þetta mál er því ósannað og verður vafalaust, áður en lýkur, marghrakið, ef hann gerir sér far um að kynna sér hliðstæður annars staðar hjá bönkum og í landinu sjálfu.

Þess er skemmst að minnast, að landbúnaðarframleiðslan var ekki nægjanleg fyrir þörf þjóðarinnar árið 1950. En fyrir framsýni mest ráðandi manna í bændastétt hefur það áunnizt, að við gerum nú heldur betur en að framleiða fyrir þjóðarþörfina og flytjum út nokkuð af landbúnaðarvörum. Og það er eftirtektarvert, og það vil ég að hæstv. ríkisstj. geri sér ljóst, að sá útflutningur, sem hefur verið á undanförnum árum á landbúnaðarframleiðslu, hefur alveg staðið undir þeim rekstrarvörum, sem landbúnaðurinn hefur þurft að fá frá öðrum löndum, þannig að landbúnaðurinn hefur á þann hátt síður en svo verið ómagi við gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Það er öðru nær. Landbúnaðarframleiðslan nemur nú í dag um 800 millj. kr., og það er ekki svo lítið, sem bændur landsins inna af hendi og leggja fram í þjóðarbúið, og eru þeir fyrir það alls góðs maklegir. Fróðir menn hafa reiknað út, að ef það hefði verið stöðnun í landbúnaðarframleiðslunni allt frá 1950, ef ekki hefði átt sér stað sú uppbygging og framleiðsluaukning, sem hefur verið með eindæmum góð, þá mundi þurfa að flytja inn landbúnaðarafurðir nú á þessu ári fyrir um 300 millj. kr. Og ég vil segja, að þetta er mikið

innlegg hjá bændastétt landsins til þeirrar ríkisstj., sem fer vítt og breitt um allan heiminn til þess að snapa alla sjóði til þess að geta fengið nauðsynlegan gjaldeyri og geta séð þjóð sinni fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Þetta er hreint ekki svo lítið, þegar þess er gætt, að mjólkuraukningin frá árinu 1950 til 1958 er á hvern íbúa í landinu 14.52% og kjötaukningin á sama tíma 34.92%, og á sama tíma er aukningin á vinnandi mann í landbúnaði í kjöti 70%, en í mjólkurafurðum um 40%. Þetta er m. a. til komið fyrir hagsýni og dugnað bændastéttarinnar í landinu og þeirra félagasamtaka, ásamt því, að félagsmálabarátta bændanna hefur oftast mátt sín mikils hjá æðri stjórnarvöldum, þannig að það hefur algerlega skipt um tón hjá stjórnarvöldunum til bændastéttarinnar nú, með tilkomu þeirrar hæstv. ríkisstj., sem nú ræður ríkjum í landinu.

Ég vil segja það, að fyrir ríkisstj., sem vill þjóð sinni vel og einnig landbúnaðinum, verður að skipta um stefnu í þessum málum. Það verður að gera það, svo að bændastéttin verði á næstu 10 árum þess megnug að standa jafnvel í stöðu sinni og hún hefur gert á s. l. 10 árum, svo að hægt sé að sjá þjóðinni fyrir þeim hollu vörum, sem framleiddar eru hjá bændastétt landsins. En nú blasir við hins vegar hjá bændum eins og öðrum gífurlegur samdráttur og algerð uppgjöf hjá sumum þeirra, ef ekki kemur til eitt af þrennu, áður en langir tímar líða, og það er, að lánin, sem stofnlánasjóðir landbúnaðarins veita, verði til langs tíma með mjög hagkvæmum kjörum og auknir verði styrkir til landbúnaðarins, og í þriðja lagi, að hækkað verði verðlag á landbúnaðarvörum. Það verður að koma til eitt af þessu þrennu eða allt samverkandi, ef landbúnaðurinn á að geta sinnt sínu hlutverki í framtíðinni eins og hann hefur gert til þessa. Það er ekkert annað, sem þýðir. Það er líka skylda stjórnarvalda að hugsa um velferð sinna þegna og efla þá til drengskapar og dáða, en löðrunga þá ekki við hvert einasta fótmál, sem þeir stíga til framfarabaráttu í þjóðfélaginu.

Það er skylda hæstv. ríkisstj. að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, eða að öðrum kosti gera aðrar ráðstafanir, sem jafngilda þessum eða gera betur. En ég mótmæli þeirri stefnu, sem ríkisstj. boðar bændum nú, því að slík samdráttarstefna samrýmist ekki þjóð, sem telur sig vera á meðal lýðræðisþjóða.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Athugasemdir mínar í gær við þetta frv. virðast hafa farið mjög fyrir brjóstið á forustumönnum hv. Framsfl. hér í þessari deild. Þeir hafa látið þær verða sér tilefni til margs konar stóryrða í minn garð persónulega og í garð míns flokks, Alþfl.

Hv. 1. þm. Vesturl. fór um flokk minn mörgum miður fallegum orðum, sem ég læt eins og vind um eyrun þjóta, skrifa það á reikning þess eins, að rök mín í máli mínu í gær hafi komið illa við hann, og er fús til þess að sjá fram hjá því að sinni a. m. k. Ég sé enga ástæðu til þess að gera umræður um þetta stórkostlega vandamál, sem hér er á ferðinni, að neins konar eldhúsdagsumræðu og allra sízt í þeim stíl, sem hv. þm. notaði, á milli Alþfl. og Framsfl. Þýðir það að sjálfsögðu ekki, að ég sé ekki hvenær sem er reiðubúinn til þátttöku í slíkri umræðu. En ég hygg, að sannleikanum í þessu máli sé ekki þjónað með því að fara út í einhvers konar pólitíska skæting. Ég vil því ekki falla fyrir neins konar freistni í þá átt, heldur halda mér að efni málsins og víkja að ýmsum fullyrðingum, sem fram komu í gær af hálfu þeirra tveggja hv. framsóknarmanna, sem þá töluðu, og fullyrðingum, sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Vesturl. nú áðan.

Ég vil byrja á að vekja athygli á því, sem var kjarni eða öllu heldur niðurstaða umræðnanna hér síðdegis í gær, en niðurstaðan var sú, að allir voru sammála um, að stofnlánasjóðir landbúnaðarins séu nú í raun og veru gjaldþrota. Þeirri frásögn minni var ekki mótmælt af hv. 2. þm. Vestf., sem nær allan starfstíma Búnaðarbankans hefur verið formaður bankaráðs hans. Henni var ekki andmælt af 1. flm. þessa frv., hv. 1. þm. Norðurl. e. Og henni var enn ekki andmælt af hv. 1. þm. Vesturl., sem talaði hér áðan og á sæti í bankaráði Búnaðarbankans (Gripið fram í.) eða átti sæti í bankaráði Búnaðarbankans í mörg ár, — ég bið afsökunar á þessu (ÁB: Hálft annað ár.) — og hlýtur því að vera hnútunum kunnugur. Enginn þessara manna andmælti því. — Þarna kemur kannske að einhverju leyti skýringin á hita þingmannsins núna, að hann fékk ekki að eiga sæti í bankaráði lengur en hálft annað ár. Þetta hafði ég satt að segja ekki munað, en nú skýrast ýmsir hlutir betur fyrir mér. Allir þessir menn, sem þekkja vel til málefna sjóða Búnaðarbankans, játuðu, sumpart beint og sumpart óbeint, að það vantaði núna tæplega 3 millj. kr. á, miðað við síðustu reikningsskil, að þessir stofnlánasjóðir landbúnaðarins ættu fyrir skuldum. Um þetta voru þeir sammála.

Hins vegar var ágreiningur um tvennt, og það var aðalágreiningurinn í umræðunum hér í gær. Það var ágreiningur um, hvort ríkissjóði beri skylda til þess að greiða þann gífurlega halla, sem nú þegar er orðinn á sjóðunum. Ég hélt því fram og held því fram enn, að ríkissjóði beri engin skylda til þess að greiða þennan halla. Þeir héldu því hins vegar allir fram, að slík skylda hvíldi á ríkissjóði. Í öðru lagi greindi okkur á um, hver bæri höfuðábyrgð á því, hve hörmulega er komið fyrir þessum sjóðum Búnaðarbankans. Þeir vildu skella allri ábyrgðinni um þetta á Alþingi, á okkur, sem hér sitjum og í neðri deild. Ég vildi hins vegar halda því fram, að höfuðábyrgðin á því, hvernig komið er, hljóti að teljast hvíla á þeim, sem farið hafa með stjórn þessara sjóða, en það er samkvæmt lögum landsins bankaráð Búnaðarbankans undir yfirstjórn landbrh. á hverjum tíma. Ég skal nú ræða þessi tvö ágreiningsatriði nokkru nánar og skýra þau betur en ég gat gert í gær frá mínu sjónarmiði séð, því að hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, gerði þau að aðalatriði í síðustu ræðu sinni í gær, rétt fyrir fundarslit.

Ég skal þá fyrst fara nokkrum orðum um, hvort ríkissjóði beri skylda til þess að greiða þann hundruð millj. kr. halla, sem í raun og veru er orðinn á þessum stofnlánasjóðum landbúnaðar-

ins. Í raun og veru er nóg að segja um þetta atriði, að sjálfur flutningur þessa frv. tekur af öll tvímæli um, hvort um skyldu af hálfu ríkissjóðs er að ræða eða ekki. Sér ekki hvert barn, að hv. framsóknarmenn væru ekki að flytja frv. um að láta ríkissjóð greiða sjóðum Búnaðarbankans 160 millj., ef honum væri skylt að gera það? Þá væri nóg að bera fram fyrirspurn til ríkisstj., til hæstv. fjmrh., því að hann stæði ekki við skyldu sína, hví hann greiddi ekki þessar 160 millj. kr. Það gera þeir ekki. Nei, þeir þvert á móti flytja frv., sem leggur skyldu á ríkissjóðinn, sem gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði 160 millj. til ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitanna. Þessi staðreynd tekur af öll tvímæli um, hvernig sjálfir flm. líta á efni málsins. Frv. væri óþarft, ef nokkur fótur væri undir þeirri staðhæfingu, að ríkissjóður hefði nokkra skyldu til þess að inna þessa greiðslu af hendi. Það, sem gerzt hefur áður í þessum málum, tekur einnig af öll tvímæli um þetta. Það hefði verið ástæðulaust að ákveða í fjáraukalögum ráðstöfun á tekjuafgangi til handa þessum sjóðum, ef það hefði þá þegar verið skylt. Þannig vitnar bæði fortíð málsins og sjálfur flutningur frv. gegn þeim staðhæfingum, sem haldið er fram í grg. og málflutningi þeirra þriggja þm., sem um málið hafa talað. Ég held því í raun og veru, að óþarft sé að fara fleiri orðum um þetta.

En hitt vil ég þá ræða, hver beri ábyrgð á því, hvernig komið er, því að það var aðaluppistaðan í málflutningi hv. 2. þm. Vestf. í gær, og sömuleiðis lagði hv. flm. frv., Karl Kristjánsson, á það mikla áherzlu í sínum málflutningi í gær.

Öllum hv. þm. er ljóst, að þessir tveir stofnlánasjóðir eru sjálfstæðar stofnanir, sem starfa hvor um sig samkvæmt sérstökum lögum, og í þeim lögum er ákveðið, að þessar stofnanir skuli vera undir stjórn Búnaðarbankans, sem auðvitað þýðir, að þær eru undir stjórn bankaráðs Búnaðarbankans, sem svo að hinu leytinu er undir yfirstjórn landbrh. Þegar talað er um stjórn Búnaðarbankans í þessu sambandi eða stjórn sjóðanna í þessu sambandi, er að sjálfsögðu ekki átt við bankastjóra Búnaðarbankans. Bankastjóri Búnaðarbankans tekur ákvörðun um það eitt, hvaða einstaklingar fá lán úr þessum sjóðum. Bankastjórinn tekur hins vegar ekki ákvörðun um, hvort tekið er erlent lán, eða þær reglur, sem lánað er út eftir til 20, 30 eða 40 ára. Hann tekur ekki heldur ákvörðun um, hvort innlent lán er tekið og þá með hvað háum vöxtum. Allt þetta tekur bankaráð Búnaðarbankans sem yfirstjórn hans ákvörðun um og leitar væntanlega samþykkis landbrh. á vissum ráðstöfunum, ef þær eru taldar óvenjulegar eða bankaráðið telur sig með þeim fara að einhverju leyti út fyrir sitt venjulega verksvið lögum samkvæmt. Alþingi hefur ákveðið í lagasetningunni um sjóðina hámarksvexti, sem útlánin skulu lánuð út gegn, en Alþingi hefur líka ákveðið, sumpart í lögunum sjálfum um sjóðina og sumpart síðar í fjárlögum, að þessir sjóðir skuli fá ákveðinn rekstrarstyrk á ári. Hugmyndin með fjárveitingum til sjóðanna getur að sjálfsögðu engin hafa verið önnur en sú, að Alþingi hefur gert sér ljóst, að þeir vextir, sem fyrirskipaðir eru í löggjöfinni, eru lægri en markaðsvextir, þannig að ætlazt er til, að nokkur halli verði á rekstri sjóðanna. Þetta er auðvitað hverjum einasta alþingismanni, hverjum einasta manni, sem eitthvert skynbragð ber á þessi mál, algerlega ljóst. Fjárveitingunum er ætlað að standa undir vaxtamismuninum fyrst og fremst, kannske að einhverju leyti rekstrarkostnaði sjóðanna líka, sem ég kem að síðar. Þetta er sá rammi, sem sjóðunum er settur í löggjöf og stjórn sjóðanna, þ. e. bankaráði Búnaðarbankans, er falið að starfa eftir, og þessi rammi Alþingis leggur stjórn sjóðanna vissar lífsreglur. Ég mótmæli því algerlega, að það hafi nokkurn tíma vakað fyrir Alþ. eða þeim meiri hl., sem þessi l. hefur sett, að stjórn sjóðanna ætti að vera hagað þannig, að höfuðstóllinn smáeyddist. Ég mótmæli því algerlega, og það er ekki að finna í nokkru frv., sem um ræktunarsjóð eða byggingarsjóð hefur verið flutt, eða grg. eða umr. eða framsögu fyrir þessum frv., að til þess hafi verið ætlazt, að stjórn sjóðanna hegðaði sér þannig, að sjóðirnir smám saman ætust upp, hvað þá að þeir yrðu beinlínis gjaldþrota. Ég hefði gaman af að fá að heyra þá setningu í grg. fyrir einhverju frv. um ræktunarsjóðinn eða einhverju frv. um byggingarsjóðinn eða nokkurt orð frá nokkrum formælanda þessara frv., þar sem það kæmi fram, að Alþingi ætlaðist til, að útlánum sjóðanna yrði hagað á þann veg, að höfuðstólarnir eyddust, hvað þá að þeir yrðu beinlínis gjaldþrota. Þær starfsreglur, sem Alþingi hefur lagt stjórn sjóðsins, eru m. ö. o. að fyrirskipa sjóðnum ákveðna útlánsvexti, gera ráð fyrir því, að hann sé rekinn með árlegum vaxtahalla, og veitir síðan ákveðið fé til greiðslu á þessum vaxtahalla.

Ég hef látið gera athugun á því nú í morgun, undir hversu miklum útlánum fjárveitingar Alþingis gætu staðið, án þess að höfuðstól sjóðanna væri stefnt í beina hættu. Ræktunarsjóðurinn hefur nú í árlega fjárveitingu á fjárlögum 1.6 millj. kr. og byggingarsjóðurinn hefur 2.5 millj. kr. í árlega fjárveitingu. Ef þessi fjárveiting gengur öll til þess að greiða vaxtamismuninn, þýðir það, að ræktunarsjóður getur staðið undir 64 millj. kr. lánum. Hann átti um síðustu áramót útistandandi 229.5 millj. kr., eða nær því fjórfalda þá upphæð, sem vaxtamismunurinn gerir sjóðnum kleift að standa undir án skerðingar á höfuðstól. Byggingarsjóðurinn fær á ári 2.5 millj. kr. í fjárveitingu frá ríkissjóði, sem eins og ég sagði áðan er aðallega ætlað að standa undir vaxtamismun sjóðsins. Þessi fjárveiting gerir byggingarsjóðnum kleift að standa undir 83 millj. kr. heildarútlánum. En útlán byggingarsjóðs námu um s. l. áramót 97.2 millj. kr., þannig að byggingarsjóðurinn hefur líka — að vísu ekki nálægt því eins mikið — farið í útlánum sínum fram úr þeirri upphæð, sem fjárveitingin frá Alþingi gerir sjóðnum kleift að standa undir í vaxtamun.

Það, sem hefur skeð í málefnum þessara sjóða á undanförnum áratugum, en þó einkum á síðari árum, er það, að sjóðsstjórnin, þ. e. bankaráð Búnaðarbankans, hefur tekið um það ákvörðun að lána út að því er snertir úr ræktunarsjóði næstum fjórfalt meira og að því er snertir bygg-

ingarsjóðinn hálfum öðrum milljónatug meira en fjárveitingar Alþingis gera sjóðunum kleift að standa undir í vaxtamun.

Það má spyrja: Hvernig hefur þetta allt tekizt, hvernig hafa sjóðirnir getað gert þetta? Jú, það hefur skeð fyrst og fremst með því móti að eyða höfuðstólnum. En að halda því fram, að sjóðsstjórnin hafi haft fyrirskipun frá Alþingi um að eyða höfuðstólnum þannig, það er fullkomin fjarstæða, og ég endurtek: ég vil fá að heyra þær setningar úr greinargerðum fyrir frv. um þessa sjóði eða þau ummæli forsvarsmanna frumvarpanna, sem gefa nokkurt minnsta tilefni til þess, að Alþ. hafi ætlazt til, að höfuðstólunum yrði eytt upp á þennan hátt.

Það er raunar ekki aðeins þetta, þessi staðreynd, eyðslan á höfuðstólnum, sem hefur gert þessum sjóðum, aðallega ræktunarsjóðnum, kleift að hafa útlánin svona miklu meiri en fjárveitingar Alþingis gáfu beint tilefni til, heldur hafa þessir sjóðir tekið lán erlendis, mjög há lán, sem hafa verið með lægri vöxtum en útlánsvextir þessara sjóða hafa numið. Þannig hafa þessir sjóðir haft af hinum ódýru amerísku lánum verulegan vaxtahagnað, sem hefur bætzt við fjárveitingarnar frá Alþ. og gert þeim kleift að auka útlánin jafngífurlega og átt hefur sér stað. Á móti vaxtahagnaðinum af hinum ódýru amerísku lánum hefur svo komið gengisáhættan af þessum lánum, sem nú er skollin með fullum þunga á sjóðunum og ég mun koma nánar að á eftir. Sýnir það eitt með öðru, hvílíkt gáleysi, hvílíkt ábyrgðarleysi hefur ríkt í stjórn þessara sjóða, að vaxtahagnaðinum af hinum ódýru erlendu lánum hefur tafarlaust verið ráðstafað í aukin útlán hjá sjóðunum eða sem tilefni til aukinna útlána, en aftur á móti hefur verið skellt skollaeyrum við þeirri gífurlegu áhættu, sem hlaut að fylgja hinum erlendu lánum og nú er einn aðalvaldurinn að því, að sjóðirnir eru raunverulega gjaldþrota.

Það, sem er mergurinn málsins í þessu öllu saman, er, að bankaráð Búnaðarbankans, stjórn þessara sjóða, hefur ekki fylgt þeim ramma, sem Alþ. hefur sett í löggjöfinni um þessa sjóði og með fjárveitingum til þeirra á fjárlögum, heldur þvert á móti hafa útlán ræktunarsjóðsins verið nær fjórfölduð umfram það, útlán byggingarsjóðsins aukin um hátt á annan milljónatug umfram þetta, og það er þessi staðreynd ásamt gengisáhættunni, sem er búin að éta upp allan höfuðstól þessara sjóða beggja, ef hann er tekinn saman, og koma sjóðunum á vonarvöl.

Nú vaknar sú spurning, og það er í raun og veru meginatriði málsins gagnvart málflutningi hv. 2. þm. Vestf. hér í gær: Hver hefur tekið ákvörðun um þetta? Hver ber ábyrgð á þessu? Ég sagði í gær og segi enn: Það er bankaráð Búnaðarbankans, sem um þessa stefnu hefur tekið ákvörðun, og hún ber ábyrgð á henni. Hvort það hefur haft um þetta samráð við sinn ráðh., þ. e. landbrh., á sínum tíma, um það skal ég ósagt láta. Það vill svo undarlega til, að það skiptir í sjálfu sér ekki mjög miklu máli, hvort samráð hefur verið haft eða ekki, því að sá maður, sem verið hefur lengst af landbrh. á þessu tímabili eða a. m. k. mjög lengi, hefur einnig verið formaður bankaráðs Búnaðarbankans. Ef hér hefur verið um einhvers konar samráð að ræða, var það í mörg ár eins konar eintal sálarinnar. Formaður bankaráðs Búnaðarbankans, Hermann Jónasson, talaði við landbrh., Hermann Jónasson. Hitt vil ég fullyrða, að þessi mál, þessi mikilvægu *prinsipmál, hafa aldrei verið borin undir* ríkisstj. í heild, a. m. k. ekki þá ríkisstj., sem ég átti sæti í með hv. 2. þm. Vestf. í nærfellt 3 ár. Ég vil a. m. k. algerlega frábiðja ábyrgð vinstri stjórnarinnar svokölluðu sem heildar á þeirri stefnu, sem þarna hefur verið rekin, algerlega frábiðja ábyrgðina á þessum ráðstöfunum, og það veit ég að á einnig við um ráðh. Alþb. í þeirri stjórn. Málið var ekki rætt svo sjaldan, að það væri ekki alveg augljóst, hvaða skoðun þeir hefðu á málinu þá a. m. k.

Niðurstaðan af þessu er því sú, að Alþ. hefur alls ekki fyrirskipað þá stefnu, sem fylgt hefur verið, um það þekki ég a. m. k. engan staf í þingtíðindum og hefði gaman af að sjá hann, ef hann er til. Ríkisstjórnir sem heild hafa heldur aldrei haft nokkur afskipti af þessari stefnu. Það hefur aldrei verið borið undir ríkisstj. í heild, til hve langs tíma ætti að lána þau lán, sem fengjust t. d. í byggingarsjóði, sem er höfuðskyssa, heldur aldrei, hvort ætti að taka útlend lán, né heldur, hvort þau ætti að endurlána með gengisklásúlu eða ekki. Þvert á móti, þegar það mál bar tvívegis á góma í stjórn Hermanns Jónassonar, var því svarað til, — ég sagði þá og segi enn, alveg réttilega: Þetta er ekki mál ríkisstj., þetta er mál stjórnar sjóðanna, þetta er mál bankaráðs Búnaðarbankans. — Það var rétt þá, enda verð ég að játa, að engin andmæli dugðu á þeim vettvangi, meira að segja ástæðulaust að ræða málin rækilega þá. En nú virðist svo sem hæstv. þáv. forsrh. líti allt öðruvísi á málið og vilji telja allar fyrrv. ríkisstjórnir, þ. á m. þessa, ábyrgar fyrir því, sem hann hafði forustu um í bankaráði Búnaðarbankans. Ég endurtek: ég afneita allri ábyrgð á þessum ráðstöfunum.

Það virðist því verða að teljast ómótmælanlegt, að ef á annað borð er játað, sem allir játa, að sjóðirnir séu nú komnir á vonarvöl, þá er við engan annan um að sakast en þá, sem stjórnað hafa þessum sjóðum lögum samkv., síðan þeir voru sameinaðir Búnaðarbankanum, þ. e. bankaráð Búnaðarbankans. Þetta bankaráð hefur með þeirri stefnu, sem það hefur fylgt, með því að fylgja ekki þeim ramma, sem Alþ. hefur lagt í l. sjálfum og í fjárveitingum, brugðizt skyldu sinni hrapallega og komið sjóðunum á þann vonarvöl, sem þeir nú eru á.

Ég aflaði mér enn fremur upplýsinga um það í morgun, hvort bankaráð Búnaðarbankans hefði nokkurn tíma á undanförnum árum gert nokkrar till., annaðhvort til ríkisstjórnar eða til Alþingis, um málefni þessara sjóða, hvort bankaráð Búnaðarbankans hefði yfirleitt nokkurn tíma gert sér grein fyrir því, að sjóðirnir væru að sigla í strand, hvort nokkuð væri að finna í skjölum Búnaðarbankans, í skjölum bankaráðsins, sem bæri vott um, að þetta mál, þetta væntanlega gjaldþrot sjóðanna, hefði orðið tilefni svo alvarlegra umræðna, alvarlegrar rannsóknar, sem gæfi tilefni til þess, að sjóðsstjórnin gerði

till. um annað tveggja: að skera útlánin rækilega niður eða þá biðja Alþ. um nýjar fjárveitingar til að standa undir hinum auknu útlánum. Það finnst í skjölum Búnaðarbankans ekkert bréf, engin grg., enginn stafur, sem beri vott um, að bankaráð Búnaðarbankans hafi nokkurn tíma gert sér grein fyrir, hvílíkur voði hér væri á ferðum, eða gert um það nokkra tillögu til ríkisstj. eða Alþ. Ef þetta er ekki að bregðast skyldu sinni hrapallega, þá veit ég ekki, hvað á að þýða að sitja árum, ef ekki áratugum saman í stjórn þýðingarmikilla lánastofnana, horfa upp á höfuðstólinn étast upp, horfa upp á stofnanirnar, sem þeir eiga að stjórna, verða gjaldþrota, og gera ekki neitt, taka hvorki ákvarðanir inn á við um að lækka útlánin nauðsynlega til að forða sjóðunum frá gjaldþroti né heldur hafa manndóm í sér til að biðja Alþ. um auknar fjárveitingar til að standa undir útlánum sjóðanna, eins og þau voru orðin. Þetta á auðvitað sínar pólitísku skýringar, þær skýringar, að þeir, sem réðu í bankaráði Búnaðarbankans, þar sem sátu tveir framsóknarmenn af þremur mönnum, vildu ekki biðja ríkisstj., sem sat, sem Framsfl. sjálfur átti sæti í, um auknar fjárveitingar, af ótta við, að þær fengjust ekki. Formaður bankaráðsins vildi ekki koma til landbrh., sem annaðhvort var flokksmaður hans eða þá hann sjálfur, og ræða við hann, annaðhvort í tvítali eða eintali sálarinnar, um auknar fjárveitingar til þessara sjóða til að forða þeim frá gjaldþroti. Sem sagt, það finnast engar tillögur í Búnaðarbankahúsinu frá bankaráði Búnaðarbankans, hvorki til ríkisstj. né Alþingis, um að forða sjóðunum frá þeim hörmulegu örlögum, sem þeim nú hafa hlotnazt.

Hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB), sem talaði hér áðan, sagði, að það, sem skeð hefði hjá stofnlánasjóðum Búnaðarbankans eða stofnlánasjóðum landbúnaðarins, væri í raun og veru ekkert annað en hent hefði aðra hliðstæða sjóði í landinu. Hann sagði, að ummæli mín í gær um, að örlög þessara sjóða væru dæmalaus, bæru vott um illgirni ráðþrota ráðherra, — svo fallegt og smekklegt var orðbragðið. Ég verð að leiðrétta hann um þetta efni, og það er mjög mikilvægt.

Það er rétt, sem ég sagði í gær, það finnst engin hliðstæða, ekki hér og áreiðanlega ekki í nálægum löndum, um, að sjóðir hafi orðið eins hrapallega úti, þá hafi kalið svo hrapallega á svelli fjárglæfra eins og hér hefur átt sér stað. Hliðstæður sjóður er t. d. fiskveiðasjóður. Fyrir honum er ekkert líkt komið, þvert á móti. Hagur hans stendur með blóma, og hann á miklar eignir. Af hverju? Af því í fyrsta lagi, að þeir, sem borið hafa hag fiskveiðasjóðs fyrir brjósti, hafa séð honum fyrir sjálfstæðum tekjustofnum, miklum sjálfstæðum tekjustofnum, með því að leggja gjald á útfluttar sjávarafurðir. Þetta gefur fiskveiðasjóðnum 24 millj. kr. tekjur á ári, sem sjávarútvegurinn borgar sjálfur, og það er mergurinn málsins. Hann borgar það sjálfur. Fiskveiðasjóðurinn hefur alltaf í einu og öllu gætt þess að fara í útlánum sínum aldrei umfram þann ramma, sem sjálfstæðar tekjur sjóðsins, aðallega þessar tekjur, hafa sett honum. Auk þess hefur hann einhverja smáfjárveitingu á fjárlögum. Þetta er mergurinn málsins. Fiskveiðasjóðurinn hefur gætt þess vandlega, að skuldir hans yrðu aldrei meiri en svo, að sá vaxtamunur, sem á hann fellur, — því að hann er undir sömu sök seldur, að það er líka vaxtahalli á honum, — hann hefur gætt þess að láta vaxtahallann aldrei verða meiri en svo, að sjálfstæðar tekjur hans gerðu miklu betur en standa undir þessum vaxtahalla, þannig að höfuðstóll hans hefur farið vaxandi. Fiskveiðasjóðurinn var líka mjög tregur á að taka lán með gengisáhættu. Þegar sjóðir landbúnaðarins voru friðlausir um mörg undanfarin ár í að taka lán með gengisáhættu, vitandi, hvaða áhætta því hlaut að fylgja, var fiskveiðasjóðurinn mjög tregur, og í það eina skipti, sem hann tók erlent lán með gengisáhættu, sem skipti sáralitlu máli í heildarveltu, gerði hann það mjög nauðugur, hann gerði það af illri nauðsyn. Nú, þegar fyrir dyrum stendur, að fiskveiðasjóður taki fleiri slík lán eða taki viðbótarlán með gengisáhættu, hvað gerir stjórn fiskveiðasjóðs þá? Hún óskar eftir því við sjútvmrh., að hann beiti sér fyrir flutningi frv., sem gerir fiskveiðasjóðnum kleift að endurlána hið erlenda lán með gengisklásúlu. Í þessu kemur kannske hvað greinilegast í ljós sá gífurlegi munur, sem hefur verið og er á starfsháttum stjórnar fiskveiðasjóðs annars vegar og stjórnar stofnlánasjóða landbúnaðarins hins vegar. Stjórn fiskveiðasjóðsins gerir sér grein fyrir því, að hún hefur skyldu gagnvart þeim sjóði, sem hún á að stjórna, sem hún á að varðveita, taka lán til og endurlána, og hefur gætt þess vel, að höfuðstóllinn verði ekki fyrir áföllum, hvorki af vaxtamun né heldur af gengisáhættu. En stjórn sjóða landbúnaðarins hefur lokað augunum fyrir hvoru tveggja, bæði fyrir hættunni af vaxtamuninum og hættunni af gengisáhættunni, og þess vegna er komið eins og komið er.

Hv. 2. þm. Vestf. hélt því fram í gær, — hafði verið sumpart kallað fram í ræðu mína, en endurtekið í ræðunni, — að það, hvernig komið væri fyrir ræktunarsjóði og byggingarsjóði, væri fyrst og fremst afleiðing gengislækkunarinnar nú í ár og að þessir sjóðir hefðu tapað 90 millj. kr. á þessari gengislækkun. Ég er alveg hissa, að þingmenn skuli leyfa sér að fleipra með tölur, sem einhver og einhver reiknar út frammi á gangi eða fær upp gefnar í síma, án þess að það sé byggt á nokkurri alvarlegri athugun. Menn eiga ekki að láta hafa sig í það. Ég þykist vita, að þessi hv. þm. hafi ekki gert þessa athugun sjálfur, heldur hafi einhver hvíslað þessu í eyra hans. Þingmenn eiga ekki að láta hafa sig til að fleipra með tölur, án þess að geta gert sér nokkra grein fyrir því, hvort þær eru réttar eða rangar. En þannig hefur farið hér, að sú tala, sem fyrst var hrópuð fram í fyrir mér og síðan tvívegis endurtekin af hv. 2. þm. Vestf., Hermanni Jónassyni, er röng, og hún er meira að segja mjög röng. Þýðing gengisbreytingarinnar gagnvart erlendum lánum hjá sjóðunum báðum var sú, að hinar erlendu skuldir hækkuðu í ísl. kr. um 54.2 millj. kr., svo að það lætur nærri, að hér skakki helmingi, og minna hefði stundum þótt gagn gera en skrökva til um allt að því helming.

Gengisbreytingin í febrúar hækkaði erlendar

skuldir sjóðanna beggja um 54.2 millj. kr., en ekki 90. Það kann að vera, að það hafi valdið þessum misskilningi, að skrifuð hafi verið á reikning núv. ríkisstj. sú gengislækkun, sem við hv. 2. þm. Vestf. stóðum sameiginlega að árið 1958, þ. e. 55% yfirfærslugjald, sem auðvitað var ekkert annað en gengislækkun undir nafni yfirfærslugjalds. Sú gengislækkun, yfirfærslugjaldið, þýddi 29.6 millj. kr. hækkun í krónum á hinum erlendu skuldum þessara sjóða. En í flaustrinu vildi heimildarmaður hv. 2. þm. Vestf. kenna núv. ríkisstjórn einnig um 55% yfirfærslugjaldið, sem við Hermann Jónasson innleiddum saman og með beztu samvizku. Ef tekin er samtalan af þessu tvennu, gengislækkun okkar Hermanns Jónassonar og gengislækkun núv. ríkisstj., er gengistap sjóðanna beggja samtals 83.8 millj. kr., svo að enn skakkar talsverðu, þegar tölunni 90 millj. var fleygt fram hér í gær. En nú held ég að telja megi, að allur sannleikurinn um þetta efni sé í ljós leiddur og að óþarfi sé um það að deila frekar.

Það er annað atriði í sambandi við gengistölur, sem ég vil vekja athygli á og skiptir miklu máli. Hv. ræðumenn Framsfl. hafa sagt, að það hefði verið óverjandi að endurlána hin erlendu lán sjóðanna með gengisklásúlu til lántakendanna, til bændanna, og segja, að það mundi hafa þýtt gjaldþrot annars hvers bónda. Þó að þetta sé að vísu mjög orðum aukið, eins og ég mun koma svolítið nánar að, bæri af þessu að draga, ef rétt væri, þá einu ályktun, að lán hefði aldrei átt að taka. Ef það var í raun og veru svo, ef það var skoðun hæstv. forsrh. þá og formanns bankaráðs Búnaðarbankans, að hin erlendu lán hefðu gert annan hvern bónda gjaldþrota, átti að neita sér um þau, átti að neita sér um að stofna til reiknings, sem gera mundi annan hvern bónda í landinu gjaldþrota. Þennan reikning verður auðvitað einhver að greiða. Hann er fallinn á þjóðina í heild. Spurningin er, með hvaða hætti á að greiða hann. Það er rangt, sem hv. 1. þm. Vesturl. setti fram hér í gær, að ég hafi sagt, að þennan reikning ætti að innheimta hjá bændum, — það sagði ég ekki, það sagði ég aldrei. Ég sagði, að málið væri mikið vandamál, væri stórt vandamál, sem þyrfti vandlegrar íhugunar, hvernig leysa ætti. Auðvitað er mér jafnljóst og honum, að það er búið að endurlána þetta fé allt saman án gengisklásúlu, svo að það verður aldrei innheimt hjá bændum, það er ekki hægt lögum samkvæmt. Það er búið að ganga svo frá málinu. Þess vegna er það fjarstæða að bera það upp á mig, að ég hafi haldið því fram, að þetta ætti að innheimta hjá þeim, sem fengið hefðu það að láni. Slíkt hefur mér meira að segja aldrei dottið í hug. Það verður að leita annarra og almennari ráða til þess að komast fram úr þeim vanda, sem forráðamenn sjóðanna hafa skapað. Ég segi: ef þetta var litið svona alvarlegum augum, var eina ráðið að beygja sig undir að hafa útlánin þeim mun minni.

Það er ekki heldur hægt að halda því fram, að forráðamenn Búnaðarbankans eða bankaráðsins hafi ekki vitað, hvað þeir voru að gera, þegar þeir efndu til þessarar erlendu lántöku. Ég held, að það hafi enginn stjórnmálamaður verið til í landinu, enginn hugsandi maður til í landinu, sem gerði sér ekki algerlega ljóst, að árið 1955, — ef ég fer svolítið lengra aftur í tímann, aftur til 1952, — að gengið, sem þá var á krónunni, var algerlega óraunhæft. Ég fullyrði, að það var enginn maður í nokkurri valdastöðu á Íslandi, sem gerði sér ekki ljóst, þegar komið var fram á árið 1951, að hið opinbera skráða gengi var falsgengi, að hver króna, sem tekin var inn í landið á þessu lága, falska gengi, yrði að endurgreiðast síðar á hærra gengi. Þetta fullyrði ég. Sjóðir Búnaðarbankans tóku nokkur lán hjá Alþjóðabankanum á þessum árum. Forráðamenn sjóðanna hefðu reynzt skynskiptingar, sem þeir sannarlega eru ekki, þeir hefðu verið skynskiptingar, ef þeim hefði ekki verið ljóst, að lánin þýddu endurgreiðslu í verðminni krónum, í hærri krónutölu en inn kom á sínum tíma. Spurningin var: Hvernig hugsuðu mennirnir? Hver átti að borga víxilinn? Ég veit, hvernig þeir hugsuðu, og það er einmitt það, sem ég er að átelja. Þeir vildu láta þjóðarheildina borga víxilinn. Almenningur átti að borga hann. Það er sá — mér liggur við að segja ósvífni glæfrahugsunarháttur, sem ég hef verið að átelja, og um hann er ekki hægt að hafa of sterk orð.

Þrátt fyrir 55% yfirfærslugjaldið 1958 var líka augljóst, — það var a. m. k. okkur öllum í vinstri stjórninni augljóst, — að það var ekki lokasporið. Sérstaklega var það ráðherrum Framsfl. og ráðh. Alþfl. alveg vitað og augljóst, að gengið, sem var á krónunni þá, 25 kr. á dollar, var ekki frambúðargengi, var ekki framtíðarjafnvægisgengi. Samt sem áður var haldið áfram að taka erlend lán á 25 kr. dollarann, þó að allir hlytu að vita, að þessi lán yrðu að endurgreiðast, hver dollar, með svo og svo miklu fleiri krónum. En hér er enn sama spurningin: Hver á að borga þennan mismun? Þessir forvígismenn landbúnaðarins hugsuðu sér alltaf, að almenningur í landinu skyldi borga hann, það skyldi með einhverjum hætti vera hægt að koma þessum mismun yfir á ríkissjóð. Gengið er þannig frá því lagalega séð, að málið er mjög vandasamt. En hugsunarhátturinn, sem lá að baki stefnunni, það var hann, sem var varhugaverður: að nota aðstöðu sína í bankaráði Búnaðarbankans til þess að taka erlend lán, sem bankaráðið vissi, að mundu færa sjóðunum halla, í trausti þess, að ríkissjóður hlypi undir bagga, þó að ríkissjóði bæri engin skylda til að gera það. Bankaráð Búnaðarbankans hafði ekki einu sinni hreinskilni til að koma um leið og segja: Þessi erlendu lán koma til með að þýða svo og svo mikinn halla, og ríkisstj. verður að taka hann á sig, ákveða það með fjárframlögum. — Ef það hefði verið gert, má segja, að þeir hefðu staðið betur í stöðu sinni en þeir raunverulega gerðu.

Ég held, að allir þeir hv. framsóknarmenn, sem talað hafa, hafi sagt, að afskipti mín af þessu máli hér í gær byggðust á því, að ég bæri í brjósti einhverja sérstaka óvild til landbúnaðarins. Þessa fjarstæðu sé ég ekki ástæðu til að ræða hér. Það, sem gaf mér tilefni til að blanda mér í þetta mál í gær, voru, eins og ég tók skýrt fram í fyrstu ræðu minni, alrangar fullyrðingar í greinargerð frv. og ræðu frsm. um skyldu ríkissjóðs til þess að gefa þessum sjóðum samtals um 286 millj. kr.,

því að það eru erlendu skuldirnar. Þessi staðhæfing satt að segja ofbauð mér svo mjög, að mér fannst ástæðulaust að láta ómótmælt, sérstaklega þar sem þessi ummæli hefði mátt skilja þannig, að Alþfl. hefði í vinstri stjórninni goldið samþykki sitt við þessari stefnu. En svo var ekki, eins og ég tók fram í gær og er búinn að víkja að aftur núna. Ég ætla ekki að verja mig í þeim efnum, sé ekki ástæðu til þess, en ég ætla að láta önnur dæmi tala um góðvild þessara manna í garð landbúnaðarins, um góðvild bankaráðs Búnaðarbankans undanfarin ár og áratugi í garð landbúnaðarins og umhyggju þeirra fyrir hag þessara sjóða, sem þeir voru settir til að gæta.

Ég vék að því í gær, að rekstrarkostnaður ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs væri óhæfilega hár. Ég hafði þá ekki nákvæmar tölur, mundi ekki tölurnar satt að segja nákvæmlega. Ég hef aflað mér þeirra í morgun og skal því skýra frá þeim. Eins og allir hv. þm. vita, er rekstur ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs falinn Búnaðarbankanum, sem er ríkisstofnun, og Búnaðarbankinn — og þá helzt bankaráðið — skiptir síðan heildarrekstrarkostnaði bankans á milli sparisjóðsdeildarinnar, ræktunarsjóðsins og byggingarsjóðsins, sem eru aðaldeildir Búnaðarbankans. Allir vita, að sparisjóðsdeildin hefur sín aðalviðskipti hér í Reykjavík, aðallega við verzlun og iðnað, en ræktunarsjóður og byggingarsjóður hafa lögum samkv. eingöngu viðskipti við bændur. Er mjög fróðlegt að athuga, hvernig rekstrarkostnaði Búnaðarbankans er skipt á sparisjóðsdeildina, sem aðallega skiptir við iðnað og verzlun hér í Reykjavík, viðskiptaheiminn í Reykjavík, annars vegar og hvernig honum er skipt á ræktunarsjóð og byggingarsjóð, sem skipta við fátæka bændur í landinu, hins vegar.

1959 var rekstrarkostnaður sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans 7.3 millj. kr., og rekstrarhagnaður virðist vera 3.4 millj. kr. Hvað skyldi ræktunarsjóður vera látinn bera mikinn rekstrarkostnað á árinu 1959? Hann er látinn bera 2 millj. 476 þús. kr. í rekstrarkostnað. Heildarútlán ræktunarsjóðs voru 236.1 millj., þannig að rekstrarkostnaður ræktunarsjóðs er 0.95% af öllum útlánum sjóðsins. Þó er þetta barnaleikur hjá því, sem er um byggingarsjóðinn. Byggingarsjóðnum var á s. l. ári reiknaður rekstrarkostnaður 2 millj. 139 þús. kr. Heildarútlán voru 106 millj. kr., þannig að rekstrarkostnaður byggingarsjóðs landbúnaðarins er 2.12% af útlánum. Til þess að hv. þdm. geri sér grein fyrir, um hvers konar tölur hér er að ræða, þá ætla ég að nefna hliðstæðar tölur fyrir 3 stærstu sambærilegu stofnanirnar í landinu: Framkvæmdabankann, veðdeild Landsbankans og fiskveiðasjóð. Rekstrarkostnaður Framkvæmdabankans var 1987000 kr., heildarútlán hans 860.2 millj. og kostnaður Framkvæmdabankans af heildarútlánum 0.23%, í samanburði við 2.12% hjá byggingarsjóði. Kostnaður veðdeildar Landsbankans var 816 þús. kr. af 232.1 millj. kr. heildarútlánum, þannig að rekstrarkostnaður veðdeildarinnar var 0.35% af hennar heildarútlánum. Rekstrarkostnaður fiskveiðasjóðs, sem í rauninni er sambærilegastur af öllu við sjóði landbúnaðarins, var 612 þús. kr. af 215.5 millj. kr., — það er nokkurn veginn sama tala og ræktunarsjóður hafði í útlánum, — en rekstrarkostnaður fiskveiðasjóðsins er 612 þús., en rekstrarkostnaður ræktunarsjóðsins 2.5 millj. kr., næstum fimmföld tala. Rekstrarkostnaður fiskveiðasjóðsins, talinn í prósentum af heildarútlánunum, var 0.29%, í samanburði við 0.95% hjá ræktunarsjóði og 2.12% hjá byggingarsjóði. Hlutfallslega er rekstrarkostnaður ræktunarsjóðs þrisvar sinnum meiri en rekstrarkostnaður fiskveiðasjóðs, og rekstrarkostnaður byggingarsjóðs er um sjö sinnum meiri hlutfallslega en rekstrarkostnaður fiskveiðasjóðs.

Bankaráð Búnaðarbankans getur tekið ákvörðun um það, hvernig heildarkostnaði Búnaðarbankans er skipt milli sparisjóðsdeildarinnar, sem hefur viðskipti hér í Reykjavík, og ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs. Hún hefur tekið þá ákvörðun þannig að láta ræktunarsjóð og byggingarsjóð, þessa sjóði bændanna, bera óhæfilega háan rekstrarkostnað, svo háan, að það er beinlínis ámælisvert og ástæða til þess að grípa inn í og breyta þessum hlutföllum.

Ég kann svo hálfilla við að þurfa að hlusta á það af vörum þeirra manna, sem staðið hafa fyrir því að íþyngja sjóðum bændanna eins hneykslanlega og hér hefur átt sér stað, að þurfa að hlusta á af vörum þeirra brigzlyrði um litla umhyggju fyrir landbúnaðinum af því tilefni einu, að vakin er athygli á því stórkostlega vandamáli, sem sigit hefur í kjölfar óráðsíu þeirra í stjórn sjóðanna.

Að síðustu, herra forseti, vil ég vekja í einföldum orðum athygli á því, hvað raunverulega felst í þessu frv. Þetta frv. er um það, að ríkissjóður taki á sig, að skattborgarar landsins taki á sig greiðslu á 160 millj. kr. skuldum fyrir tvo stofnlánasjóði landbúnaðarins. Ef ríkissjóður tekur þessa skuld að sér, ef hann undirskrifar slíkt skuldabréf, gerir hann það fyrir hönd allra skattborgara í landinu. Samþykkt þessa frv. mundi því í raun og veru þýða, að Alþ. léti hvern fjölskylduföður fimm manna fjölskyldu í landinu undirskrifa skuldabréf að upphæð 4700 kr. Samþykkt frv. þýðir, að Alþ. mundi, ef það næði fram að ganga, rétta hverjum einasta föður fimm manna fjölskyldu á landinu skuldabréf að upphæð 4700 kr. til undirskriftar. Það þarf ekki litla óskammfeilni til að flytja slíkt frv., verð ég að segja. Mér dettur ekki í hug, að hv. Alþ. leyfi sér að rétta slíka skuldabréfahrúgu að skattgreiðendum í landinu. Hins vildi ég aftur á móti vænta, að Alþ. bæri gæfu til þess að greiða á farsælan hátt fram úr þeirri reginflækju, sem búið er að koma þessum gömlu og góðu sjóðum í, þannig að þeir geti staðið undir því hlutverki, sem þeim í upphafi var ætlað, á heilbrigðari hátt en þeim hefur tekizt að gera undanfarin ár.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég var ekki hér í hv. d. í gær, þegar þetta frv. kom til umr., en ég hef heyrt, að það hafi verið allfjörugar umræður og margt af því, sem fram kom hjá hv. ræðumönnum, hafi verið utan við efnið.

Það er alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan, að það er mikill vandi á höndum að leysa úr því fjárhagsöngþveiti, sem sjóðir landbúnaðarins eru í. Ég hygg, að það sé sama, í hvaða flokki menn eru, menn verði að viðurkenna,

að hér er úr vöndu að ráða. Þetta mál verður áreiðanlega ekki leyst með stóryrðum einum, heldur aðeins með raunhæfum aðgerðum. Þetta mál verður ekki heldur leyst, þótt leitað sé að þeim seku eða sekasta, hvers vegna hagur sjóðanna er eins og raun ber vitni. Það er ekki í raun og veru aðalatriðið. Aðalatriðið er að finna lausn til þess að leysa úr vanda þessara sjóða, til þess að þeir geti áfram verið sú lyftistöng fyrir landbúnaðinn, sem þeim hefur ávallt verið ætlað að vera.

Ég býst ekki við, að nokkur hér í hv. d. spyrji að því, hvort þörf sé fyrir þessa sjóði, hvort landbúnaðurinn hafi þörf fyrir öfluga lánasjóði. Og ég býst varla við, að nokkur hv. þm. spyrji að því, hvort þessi þörf sé minnkandi eða vaxandi. Við hljótum að viðurkenna, að um leið og verðlagið hækkar, þá er þörf fyrir meira fé til útlána. Það má vel vera, að menn hafi misjafnlega góðan skilning á högum landbúnaðarins og gildi hans, en sá skilningur er því aðeins eitthvað misjafn, að þekking manna á þessum atvinnuvegi er eðlilega nokkuð misjöfn.

Ég hef oft verið að velta því fyrir mér, hvernig á því stæði, — en sem betur fer, þá fer þeim röddum mjög fækkandi, — hvernig á því stæði, að það heyrist þó einstöku sinnum rödd um það, að landbúnaður á Íslandi sé í rauninni ekki mjög nauðsynlegur fyrir íslenzku þjóðina. Það er þó þannig, að með núverandi verðlagi á landbúnaðarvörum mun landbúnaðarframleiðslan vera um 900 millj. kr. á ári. Örlítið af þessari framleiðslu er flutt út, ekkert af mjólkurafurðum, en aðeins örlítið af kjöti. Framleiðsla mjólkurafurða dróst saman eftir aðgerðirnar 1958 og dróst enn saman 1959 vegna afleiðinga af aðgerðunum 1958, þannig að mjólkurframleiðslan varð ekki nóg. Það hefur orðið að flytja inn smjör. Ég vil minna hv. 1. þm. Vesturl. á þetta, vegna þess að hann var að tala um, að aðgerðir núv. ríkisstj. verkuðu sem samdráttur á landbúnaðarframleiðsluna. Hv. þm. getur ekki ásakað núv. ríkisstj. fyrir þann samdrátt, sem var í framleiðslunni eftir aðgerðirnar 1958 og síðan 1959. Það getur hann ekki. Það tekur enginn trúanlegt. Hitt ber svo að viðurkenna, að það eru ekki líkur til, að það verði neinn skortur á þessari framleiðslu að þessu sinni, ekki líkur til, að það þurfi að flytja inn smjör að þessu sinni, en ég skal viðurkenna, að góðærið, sem hefur verið, á sinn þátt í því, um leið og ég fullyrði þó, að aðgerðir núv. ríkisstj. verka ekki meira til samdráttar nú í bili en aðgerðirnar 1958. Það væri heimskulegt að viðurkenna ekki, að það hefur verið þrengt að bændum eins og öllum stéttum þjóðfélagsins með aðgerðunum, sem gerðar voru. Það hefur verið þrengt að landsfólkinu í bili og nauðsynlegar aðgerðir gerðar til þess að forðast hrun og vandræði, til þess að koma í veg fyrir það, að fólk hér í landi búi við varanlega erfiðleika, og sem betur fer, þá munu bændur ekki síður en aðrar stéttir þjóðfélagsins taka skynsamlega á þessu, enda þótt ýmsir geri allt, sem þeir geta, til þess að draga kjark úr bændum og öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Ég sagði, að ég undrast það, þegar maður, þótt sjaldan sé, heyrir menn efast um, að landbúnaðurinn sé nauðsynlegur og að það sé þörf á að efla lánasjóði landbúnaðarins. Við getum alveg gert okkur grein fyrir því með léttum dæmum, hvernig þessum málum er varið. Við skulum segja, að mjólkurframleiðslan sé nægileg nú, en hún er að minnsta kosti ekki of mikil, við skulum segja, að hún sé nægileg. Nú búa í landinu um 170 þúsund manns. En eftir 30—40 ár búa í landinu 350—370 þúsund manns eða helmingi fleiri eða meira en helmingi fleiri en núna. Af þessu leiðir, að það þarf að tvöfalda mjólkurframleiðsluna í landinu, til þess að þjóðin hafi nægilega mjólk og mjólkurvörur. Engum dettur í hug, að farið verði að flytja inn mjólk og mjólkurvörur og eyða gjaldeyri í það. Þetta gerist ekki nema með því, að ræktunin aukist að sama skapi. Hún verður að aukast að sama skapi. Við flytjum nú út aðeins örlítið af kindakjöti, en eftir örfá ár hverfur sá útflutningur, nema framleiðslan aukist, og til þess að hafa nóg af kjöti handa landsfólkinu þarf kjötframleiðslan að aukast í hlutfalli við fólksfjölgunina. Aðeins þetta ljósa dæmi getur leitt okkur í fullan sannleika um það, að við verðum að halda áfram að rækta, við þurfum að halda áfram að auka landbúnaðarframleiðsluna. Það getur enginn efazt um það, sem skoðar þessi mál í réttu ljósi. Og það getum við ekki gert, nema lánasjóðir landbúnaðarins geti gegnt hlutverki sínu. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég búist við því, að nokkur efist um þennan sannleika, en ég held samt, að það sé hollt að gera sér grein fyrir því, að á 30—40 árum þurfum við að tvöfalda mjólkurframleiðsluna í landinu, og það gerist ekki nema með aukinni ræktun. Þá er spurningin: Hvernig getum við farið að því að koma lánasjóðum landbúnaðarins sem og öðrum stofnlánasjóðum atvinnuveganna á réttan og öruggan grundvöll, þannig að þeir geti verið atvinnuvegunum sú lyftistöng, sem þeim hefur verið ætlað? Ræktunarsjóður skuldar í dag tæpum 23 millj. kr. meira en eignir hans eru, og þetta er ekki gott. Rekstrarhalli byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs fer með sama áframhaldi og verið hefur stöðugt vaxandi, vegna þess að útlánin eru bundin til fleiri ára en þau lán, sem þessir sjóðir hafa tekið, og í sumum tilfellum er lánað út með lægri vöxtum en sjóðirnir þurfa að borga, — og svo kemur það, sem hefur verið talað um: tap þessara sjóða vegna gengislækkunarinnar.

Hæstv. viðskmrh. minntist á það áðan, hvað satt væri í því, að þessir sjóðir hefðu tapað 90 millj. vegna breytinga á gengisskráningunni á s. l. vetri, og skal ég ekkert fara út í það. Út af fyrir sig er það heldur ekkert aðalatriði, hvort þessir sjóðir hafa tapað við gengisbreyt. 1958 eða 1960. Aðalatriðið er, að þeir hafa tapað og að þeir eiga ekki fyrir skuldum. Það er aðalatriðið. Hitt ber svo bara vott um veikleika í málflutningi, þegar verið er að falsa tölur og reyna að koma sök á þann, sem er ekki sekur. Finnst mér, að hv. framsóknarmenn ættu að temja sér hóf í slíku.

Það mætti segja, að það bæri vott um traust til núverandi ríkisstj. að flytja þetta frv., sem hér er um að ræða, vegna þess, að hv. framsóknarmenn hafa verið í stjórn, þeir voru í ríkisstjórn 1958, þegar 55% yfirfærslugjaldið var lagt á, og þá vissu þeir, að það var verið að féfletta

þessa sjóði um 30 millj. kr. með þeirri lagasetningu, en þeir hreyfðu ekki hönd eða fót þá og ekki heldur í ársbyrjun 1957, þegar 16% yfirfærslugjaldið var lagt á, en það gilti líka stórt tap fyrir sjóðina. Af hverju var ekki flutt frv. í sama anda og þetta frv., um leið og yfirfærslugjaldið var lagt á, til þess að tryggja öryggi sjóðanna? Það getur ekki verið af viljaleysi þáverandi hæstv. forsrh., form. bankaráðs Búnaðarbankans. Var það vegna þess, að þáverandi hæstv. forsrh. og formaður bankaráðs Búnaðarbankans vildi vera laus við óþægindin, sem af því leiddi að bera frv. fram, eða var það vegna þess, að hann treysti sér ekki til þess að koma því fram í þeirri ríkisstjórn, sem hann veitti forustu? Vissulega hefði verið hægara að koma frv. í gegn 1958, sem fór þó ekki fram á meira en 30 millj., heldur en frv., sem fer fram á 160 millj. Vissulega hefði verið hægara fyrir þá, sem vildu fá eftirgjöf á þessum skuldum sjóðanna, að taka þetta í áföngum heldur en allt í einu. Þeir, sem telja sig alveg sérstaklega málsvara landbúnaðarins, hefðu ekki átt að veigra sér við að taka á sig óþægindi og reyna að koma slíkum málum fram, á meðan þeir voru við völd, ekki geyma kröfurnar, þangað til þeir voru farnir frá völdum, og setja þannig alla sína von á aðra. Ég hygg, að framsóknarmenn í hjarta sínu séu alveg samþykkir því, að þetta mál sé erfitt og að það sé alls ekki eðlilegt, að það gangi tregðulaust í gegn að fá það samþ.

Ég hygg, að hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) hafi reynt nokkuð á það í vinstri stjórninni og viti alveg um það, hvernig ástatt var þá í þessum málum, og að hann geti þess vegna alveg eins gert sér grein fyrir því í dag, að það sé erfitt að fá svo stóran bita, 160 millj., úr því að hann gat ekki 1958 fengið 30 millj.

Ég vil upplýsa það, að ríkisstj. hefur rætt um lánasjóði landbúnaðarins og það er vilji innan ríkisstj. að koma lánasjóðum landbúnaðarins á réttan kjöl. Dæmið, sem ég nefndi áðan um þörf á hinni miklu framleiðsluaukningu landbúnaðarvara, sannar það og sýnir, að allir ábyrgir stjórnmálamenn og ríkisstjórn á hverjum tíma hljóta að gera sér grein fyrir því, að það er þjóðarnauðsyn, að þessir sjóðir geti haldið áfram að lána. Og ég verð að segja það, að það er gremjulegt, hvað mikið fer af því fé, sem aflað er til þessara sjóða, í vexti og afborganir. Það skiptir tugum milljóna, sem þarf að afla árlega í vexti og afborganir af skuldum þessara sjóða, áður en nokkur peningur er fyrir hendi til þess að lána. Það skapar hverri ríkisstjórn erfiðleika. Sannarlega er mikil þörf á því að koma þessum málum þannig fyrir, að þessir sjóðir hafi fastar og tryggar tekjur árlega, sem fari ekki að mestu leyti í vexti og afborganir af skuldum. Til þess að ræktunin geti aukizt og framleiðsla landbúnaðarvara aukizt, er náttúrlega ekki nóg, að bændurnir geti fengið lán. Til þess að fólk vilji stunda landbúnað og geti stundað landbúnað, þarf það að fá lán, og það þarf að skapa grundvöll, til þess að þessi lán verði greidd, og það má gerast með því, að landbúnaðarvörurnar séu seldar á því verði, sem kostar að framleiða vörurnar.

Hv. 1. þm. Vesturl. var svo smekklegur hér áðan, að hann vildi gefa í skyn, að verðlag landbúnaðarvara hefði hækkað óeðlilega lítið á þessu ári eftir gengisbreyt. og það væri sök núverandi ríkisstj. Ég hélt, að maður í bændastétt og fulltrúi á aðalfundi Stéttarsambands bænda væri betur að sér en kemur fram í svona fullyrðingum. Hefur núverandi ríkisstj. haft afskipti af afurðaverði landbúnaðarins í ár? Hefur núverandi ríkisstjórn eitthvað spillt þeirri lagasetningu, sem á að tryggja bændum það grundvallarverð, sem sex manna nefndin reiknar út? Núverandi ríkisstjórn skipti sér af lagasetningu um afurðaverð landbúnaðarins, en það var fyrir gengisbreytinguna. Það var þegar verið var að leysa þann vanda, sem stafaði af brbl., sem ræðumaður minntist líka á. Þá voru þessi lög bætt það mikið, að það er nú í fyrsta sinn, sem líklegt má telja, að bændur geti fengið grundvallarverðið.

Ég ætlast ekki til, að hv. 1. þm. Vesturl. þakki núv. ríkisstj. fyrir þessa lagfæringu, sem framsóknarmenn gátu ekki komið í gegn, á meðan þeir fóru með þessi mál. En hann hefði átt að vita það, að ríkisstj. verðleggur ekki landbúnaðarvörurnar. Hann hefði átt að vita það, að í 17 ár hefur 6 manna nefnd, 3 fulltrúar frá bændum, 3 fulltrúar frá neytendum, samið um verðlag á landbúnaðarvörunum. Og hann hefði átt að vita það, að 6 manna nefndin kom sér saman um verðlagið á þessu ári og enginn ágreiningur varð. Átti ríkisstj. að grípa inn í og skapa ágreining, þegar fulltrúar bænda og neytenda komu sér saman? Ætlaðist þessi hv. ræðumaður til, að ríkisstj. gripi inn í og segði: Nei, þetta er ekki nógu hátt verð, þið verðið að breyta grundvellinum? — Eða vill hv. þm. hverfa frá þeirri aðferð, sem viðhöfð hefur verið um verðlagningu landbúnaðarvara undanfarin 17 ár, með því samkomulagi, sem um semst í 6 manna nefnd? Fulltrúar bænda hefðu getað gert ágreining og vísað til yfirdóms, ef ekki hefði verið samkomulag um verðgrundvöllinn.

Ég var á aðalfundi Stéttarsambands bænda í haust á Bifröst, og þar var deilt um afurðaverðið. En það var enginn fulltrúi á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem deildi á ríkisstj. fyrir það. Allir fulltrúar á aðalfundi Stéttarsambands bænda voru svo skynsamir, að þeim datt ekki í hug að áfellast ríkisstj. fyrir það, þó að þeim fyndist afurðaverðið vera of lágt. Þeir töluðu um það, að verðgrundvöllur landbúnaðarvara væri ekki réttur. En hvorki núverandi ríkisstj. né aðrar ríkisstjórnir hafa skapað þann grundvöll. Og það, sem núv. ríkisstj. hefur gert, er að tryggja það, að bændur fái grundvallarverðið, sem aðrar ríkisstjórnir hafa ekki gert. Og hún gerir það með því að taka ábyrgð á útflutningsverðinu og borga útfluttu vörurnar á ekki lægra verði en þær, sem seljast innanlands. Áður báru bændur mikið tap af þessum útflutningi og fengu þess vegna ekki það verð, sem um samdist í 6 manna nefndinni.

Ég bjóst alls ekki við því, að hv. 1. þm. Vesturl. leyfði sér að koma með slíka fullyrðingu sem þetta, vægast sagt svo heimskulega, af því að ég hafði ástæðu til þess að ætla, að hann vissi betur, og ekki heyrði ég hann tala í þessum tón á aðalfundi Stéttarsambands bænda frekar en aðra fulltrúa, sem þar voru mættir, því að sú samkoma var þannig skipuð, að ætla má, að þeir, sem þar

voru, hafi vitað með öllu skil á því, hvernig afurðaverð landbúnaðarins er fundið á hverjum tíma, og þess vegna algerlega tilgangslaust að sakast við ríkisstj. um, þótt bændum finnist það of lágt.

Ég get verið samþykkur hv. 1. þm. Vesturl. um, að það væri æskilegt fyrir bændur að fá hærra verð. Það geta þeir aðeins fengið með því að telja fram alla kostnaðarliði við búreksturinn og fá það sett inn í verðgrundvöllinn, þegar afurðaverðið er reiknað út. Bændur á aðalfundi Stéttarsambands bænda ræddu mikið um, að þetta væri að nokkru leyti sök bændanna sjálfra, að þeir fengju ekki fullt verð, það væri vegna þess, að á skattskýrslunum kæmu ekki fram allir kostnaðarliðir við búreksturinn, eins og vera bæri. Þetta verður ekki lagað nema með því móti, að að því verði unnið á hinn rétta og eðlilega hátt, að fram komi allur kostnaður við búrekstur bóndans.

Það kom líka greinilega fram á aðalfundi Stéttarsambandsins, að fulltrúar þar mátu mikils þá breyt., sem gerð hefur verið á afurðasölulögunum. Þeir skildu, að útflutningstryggingin var bændunum mikils virði. Þeir skildu það líka, að það er mikils virði fyrir bændur nú í fyrsta sinn, ef kauphækkanir verða, að þurfa ekki að bíða heilt ár með að mega hækka afurðaverðið, eins og áður hefur verið, en að taka megi tillit til þess litlu eftir að kauphækkanirnar hafa farið fram. Aðalfundur Stéttarsambands bænda skildi það líka, að það var mikils virði fyrir bændur að geta komið inn í verðgrundvöllinn ársfjórðungslega hækkun á rekstrarvörum, ef þær hækka í verði. En það gátu þær ekki áður, nema einu sinni á ári, og urðu þeir stundum að bíða í 9, 10 eða jafnvel 11 mánuði eftir réttmætri hækkun, ef rekstrarvara hækkaði t. d. í október eða nóvember, því að það mátti ekki taka tillit til þess fyrr en næsta haust.

Ég segi þess vegna, að eins og afurðasölulögin eru nú orðin, eiga þau að tryggja bændum uppbót á þeirri dýrtíð, sem verða kann hverju sinni, ef verðgrundvöllurinn er réttur og kostnaðarliðirnir við búreksturinn koma fram í grundvellinum. En ef kostnaðarliðirnir koma ekki allir fram í grundvellinum, þá vitanlega verður bóndinn snuðaður. En bændurnir sjálfir verða að gera þetta. Það verður að heimta það af þeim, eins og kom fram á aðalfundi Stéttarsambandsins, að þeir tryggi það, að allir kostnaðarliðir komi fram, því að því aðeins er hugsanlegt, að landbúnaðurinn geti blómgazt hér í landinu. Það er þetta tvennt, að bændur fái rétt afurðaverð gegnum lagfærð og betri afurðasölulög, sem þeir nú hafa fengið, og að þeir geti í gegnum lánasjóði landbúnaðarins fengið eðlilega fyrirgreiðslu þar.

Hv. 1. þm. Vesturl. talaði um 90 milljónirnar, sem reyndar var búið að ræða um áðan og ég þarf ekki að fara nánar út í. — Hann sagði, að bændur mundu ekki fá hærri lán úr Búnaðarbankanum að þessu sinni þrátt fyrir dýrtíðina heldur en þeir hefðu fengið áður og að ríkisstj. hefði fyrirskipað, að virðing á framkvæmdum væri gerð eftir sama stiga og áður, þrátt fyrir verðhækkun á byggingarefni og byggingarkostnaði. Ég mótmæli þessu. Ríkisstj. hefur ekki gert það. Ríkisstj. hefur ekki gripið þannig inn í stjórn Búnaðarbankans að gera þetta, og það veit ég, að sá hv. bankaráðsmaður, sem hér er staddur, er fús til að viðurkenna. Það var í morgun, sem ég talaði við Þóri Baldvinsson og spurði hann að því, eftir hvaða stiga væri metið nú, — því að ég vissi, að fulltrúi bankans er byrjaður að ferðast um Suðurland og virða byggingar, — og ræddi um það við Þóri Baldvinsson, að það dygði ekki að miða við sama stiga og var fyrir 4 árum, þannig að ég hef vakið athygli bankans á þessu máli, og ætlaði byggingameistari bankans að ræða um þetta við bankastjóra. Þetta gerðist áður en hv. 1. þm. Vesturl. minntist á þetta hér áðan heldur ósmekklega, vegna þess að hann er ekki svo minnislaus, þar sem hann var í bankaráði Búnaðarbankans 1958, að enda þótt byggingarkostnaður þá væri hækkaður stórkostlega, gerði hann sem bankaráðsmaður engar ráðstafanir til þess, að þeim stiga, sem byggingar eru virtar eftir, væri breytt. Eftir ráðstafanirnar 1958 fengu bændur ekkert hærri lán út á byggingarframkvæmdir en áður en 55% yfirfærslugjaldið kom til framkvæmda. En það er ekki í fyrsta sinn, sem það kemur fram hjá þessum hv. þm., að hann gerir meiri kröfur til annarra en sjálfs sín og sinna flokksbræðra. Skyldi það ekki vera í fyrsta sinn núna, sem athugað er í alvöru að hækka stigann á þeirri virðingu, sem fram fer á framkvæmdunum, og þar með þá að gera ráðstafanir til, að það fáist hærra lán í krónutölu, eins og ég tel alveg nauðsynlegt vera, ef bændur eiga að geta haldið framkvæmdunum áfram?

Hv. 1. þm. Vesturl. ræddi mikið um það hér áðan, að efnahagsaðgerðirnar s. l. vetur ógnuðu öllum almenningi í landinu og öllum atvinnustéttum. Þetta er náttúrlega ekkert nýtt úr munni framsóknarmanna, því að maður getur lesið í sama Tímablaðinu fullyrðingar með feitum fyrirsögnum, þar sem sagt er: Bændur geta ekki búið, — útgerðarmenn geta ekki stundað sína atvinnu, — og ekki fá kennarar nóg laun, til þess að þeir geti lifað. — Það er þannig komið, að áliti Tímans, að það geti enginn þjóðfélagsþegn eða þjóðfélagsstétt lifað í þessu landi. Það er svo illa komið að hans dómi. Um þetta kenna framsóknarmenn aðgerðunum s. l. vetur. Væri nú ekki fróðlegt fyrir þessa hv. menn að gera sér grein fyrir því, hvers vegna aðgerðirnar s. l. vetur voru gerðar, voru framkvæmdar? Voru þær gerðar að nauðsynjalausu? Voru þær gerðar af slæmri ríkisstj., sem hafði það helzt á stefnuskrá sinni að skapa erfiðleika? Eða voru þær gerðar af nauðsyn? Og hvers vegna var þetta nauðsynlegt? Hvers vegna var hag okkar þjóðar þannig komið, að það var nauðsynlegt að gera svo stórtækar ráðstafanir sem raun ber vitni? Satt að segja hefði ég haldið, að það væri ekki þörf á að minna hv. 1. þm. Vesturl. á þetta. En það er eins og svo margt annað með þennan mann, að hann virðist vera gleyminn og hann virðist vera ákaflega lítið gagnrýninn á sjálfan sig og sinn flokk. En jafnvel þótt hann sé gleyminn, ætti hann að muna það, að hans flokkur hafði stjórnarforustu á árunum 1956 til ársloka 1958, og þótt hann sé gleyminn, þá ætti hann líka að vita það og muna, að hv. 2. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Austf. fóru ekki úr ríkisstj. 1958 af því, að þeir vildu ekki

áfram vera við völd, heldur vegna þess, að þeir réðu ekki við verkefnin. Það var allt komið í hnút, þjóðarskútan var strönduð. Þessir ágætu flokksbræður hv. 1. þm. Vesturl. björguðu sér í land, það gerðu þeir. En hvað varð um skútuna? Hún var í brimgarðinum, og það voru aðrir, sem skyldu taka við og koma henni aftur á flot. Vera má, að hv. 1. þm. Vesturl. hafi hugsað, að þetta gæti gengið þrautarlaust, það mætti koma skútunni aftur í lygnan og djúpan sjó, án þess að nokkur fyndi til. Það gæti vel verið, að hv. þm. vildi segja hér á eftir: Ja, stukku í land, — jú, þeir fóru í land. En það voru svo slæmir menn, sem þeir unnu með, og þeir vildu hvíla sig og þeir vildu líta til lofts og gá til veðurs, hvort það væri ekki betra að taka sér smávegis frí. — En ef hann hugsar þannig og vill bera það á borð fyrir hv. þd., þá er ekki hægt að komast hjá því að minna hv. 1. þm. Vesturl. á, hvað fyrrv. hæstv. forsrh., flokksbróðir hans, hv. 2. þm. Vestf., sagði. Hann sagði, að það væri skollin yfir verðbólgualda, og hún reis hátt, sú alda. (**HermJ**: Hverjir reistu hana?) Verðbólgualda er skollin yfir, óviðráðanleg. (**HermJ**: Hverjir reistu hana?) Þá stökk hv. 2. þm. Vestf. í land, kannske til þess að verða ekki undir öldunni, þegar hún félli, en undir öldunni varð hann vitanlega eins og allir landsmenn. Við urðum öll undir öldunni, og við súpum seyðið af þessari öldu, og það, sem í þessari öldu var, það var bragðvont, það var súrt. Og það er það, sem við erum að glíma við núna.

Það voru fleiri en hv. 1. þm. Vestf., sem gerðu sér alveg ljóst, hvernig var. Hvernig var með gjábarminn, sem lýst var? Hvernig var með gjábarminn, sem efnahagsmálaráðunauturinn lýsti? Þjóðin var á gjábarmi, og þessi gjá var djúp, og ef ekki væri snúið við strax, þá hlutum við að lenda niðri í gjánni. Sem betur fór, höfum við ekki lent í gjánni, og sem betur fer, erum við ekki á gjábarminum í dag. Ef við viljum vera samtaka menn, sem reynum að bjarga okkur, og þjóðin öll, þá munum við ekki fara ofan í gjána.

Það, sem hefur gerzt síðan, er kunnugt. Og það er kokhreysti hjá hv. framsóknarmönnum, þegar þeir bæði á Alþ. og á mannfundum úti um land koma fram sem einhverjir verndarar þjóðhagslegra hagsmuna hér í landi og bjóðast til þess að taka við völdum aftur til þess að bæta úr því, sem aflaga hefur farið. Það er mikið traust á gleymni almennings í landinu, þegar þessir hv. menn eru að bjóðast til þess að taka völdin aftur. Ég hygg, að allur almenningur hafi gert sér grein fyrir því, að þessir menn hafi verið reyndir til þrautar, og að almenningur óskar ekki eftir því að afhenda þeim aftur lyklana að stjórnarráðinu. Allur almenningur veit, að það verður ekki til bóta. Hitt er svo alveg ljóst, að almenningur hefur fundið það súra bragð, sem var af þeirri dýrtíðaröldu, sem reist var í tíð vinstri stjórnarinnar. (**ÁB**: Af sjálfstæðismönnum.) Almenningur hefur fundið það bragð, og það hefðu engir erfiðleikar verið, ef hún hefði ekki kostað nokkurn sársauka, sú aðgerð, sem nauðsynleg var á s. l. vetri og núv. ríkisstj. með stuðningi sinna stjórnarflokka hefur framkvæmt.

Það var sagt í Tímanum, um það leyti sem þetta var gert, að hrunið mundi koma eftir örfáa mánuði. Það mundi verða samdráttur í öllu atvinnulífi og það mundi verða atvinnuleysi. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að aðgerðirnar stefndu að samdrætti. Nú var hann hættur við þá fullyrðingu, að það kæmi atvinnuleysi, enda vita allir, að allur almenningur í landinu hefur nægilega atvinnu, og sú breyting hefur orðið á, að það eru fleiri Íslendingar nú, sem vinna að arðbærum störfum, heldur en áður var. Í tíð vinstri stjórnarinnar voru hér nærri 2000 Færeyingar á íslenzka fiskiskipaflotanum, en það voru náttúrlega ákaflega margir, sem voru þá við óarðbæra vinnu. Á s. l. vetri, eftir að aðgerðirnar höfðu verið gerðar, voru hér aðeins örfáir Færeyingar, en ýmsir Íslendingar, sem ekki voru við arðbær störf, fóru á sjóinn, því að bátarnir og togararnir gengu á vertíðinni eins og áður. Það getur líka verið alveg ljóst öllum hugsandi mönnum, að það er ekki hægt fyrir okkur að búa í landinu sem sjálfstæð þjóð með því að taka útlendinga til þess að vinna að framleiðslustörfum, en að Íslendingar sjálfir geri eitthvað annað, sem gefur ekki af sér arð.

Aðgerðir ríkisstj. á s. l. vetri miðuðu að því að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan og styrkjalausan grundvöll. Uppbótakerfið var gengið sér til húðar, og útgerðarmenn, sem vissulega eru nú í erfiðleikum, óskuðu ekki eftir uppbótakerfinu. Flestir útgerðarmenn eru þannig hugsandi, að þeir vilja reka sína atvinnu á eigin ábyrgð og styrkjalaust. Ef útgerðin hefði ekki orðið fyrir því áfalli að þessu sinni, að bæði fiskimjöl og lýsi hefur lækkað tilfinnanlega, þá væri útgerðin ekki svo illa stödd sem raun ber vitni í dag. Er ekki eðlilegt, að það valdi erfiðleikum hjá útgerðinni, þegar svo stórar framleiðslugreinar eins og lýsi og fiskimjöl lækka um 50—60%? Það hlýtur að koma við. En þetta mun samt ekki verða til þess, að uppbótakerfið verði tekið upp aftur, og útgerðarmenn munu ekki óska eftir því. Útgerðarmenn munu hins vegar vera fúsir til þess að berjast við þá erfiðleika, sem að þeim steðja nú í bili vegna verðlækkunar á þessum afurðum, og komast yfir þá stundarerfiðleika, sem það hefur skapað.

Ég held, að það sé ástæðulaust að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. að svo stöddu. Ég hef hér aðeins minnzt á nokkur atriði varðandi landbúnaðinn, varðandi nauðsynina á því, að landbúnaðarframleiðslan geti haldið áfram að aukast í hlutfalli við fólksfjölgunina. Ég hef drepið á nauðsynina á því, að lánasjóðum landbúnaðarins, sem nú eru mjög illa staddir fjárhagslega, verði bjargað úr því öngþveiti, sem þeir eru í, og ég hef upplýst það, að ríkisstj. er að athuga þessi mál, þannig að orðið geti til frambúðar, að þessir sjóðir búi við þann hag að hafa fé til útlána og að þeir megi eftirleiðis uppfylla þær vonir, sem bændur hafa jafnan gert til þessara sjóða.

Um frv. sjálft þarf ég ekki meira að segja. Ég hef minnzt á það, að hv. 2. þm. Vestf., þegar hann var forsrh., þegar hann var landbrh. og formaður bankaráðs Búnaðarbankans, þá gat hann ekki komið því í gegn, að þessum sjóðum væru gefnar eftir 30 millj. kr. 1958. Hann gat það ekki. Þess vegna veit ég, að hann undrast ekki, þótt

það gangi ekki erfiðleikalaust í gegn að fá nú eftir gefnar 160 millj. kr. í einu lagi, þegar hann er farinn úr ríkisstj. og ekki lengur formaður bankaráðsins. En eins og ég sagði áðan, er þetta frv. að vissu leyti traustsyfirlýsing á núv. ríkisstj., því að hv. 2. þm. Vestf. hefði ekki verið meðflm. að þessu frv., ef hann hefði ekki búizt við því, að nokkur von væri um að fá þetta mál fram. En þar sem hann gat ekki fengið í gegn 30 millj. kr. 1958, þá er hér um stærri bita að ræða, og þá veit ég, að hann skilur, að þetta er dálítið stór biti að kyngja.

Ef ekki væru neinir aðrir möguleikar en þessi fyrir hendi til þess að bjarga sjóðum Búnaðarbankans frá þeim voða, sem þeir eru í, þá væri náttúrlega, — það er ég alveg viss um, — öruggt fylgi allra þm. með frv., því að ég veit, að hv. alþm. eru sammála um það, að án þessara sjóða í starfhæfu formi getur landbúnaðurinn ekki verið. En það hefur komið fram, að menn eru ekki á einu máli um það, hvernig eigi að leysa þennan hnút, og það þarf ekki að tala um, að það sé endilega af illgirni við landbúnaðinn, þótt menn greini á um þetta. Menn geta bent á ýmsar leiðir og sitt sýnzt hverjum, enda þótt þeir stefni að sama marki og telji nauðsynlegt að koma fótum undir sjóðina. Og ég vil endurtaka það, að þetta mál, þetta vandamál sjóða landbúnaðarins, það er í athugun hjá ríkisstj. til lausnar, og ég vænti farsællar lausnar.

Það mun hafa verið fyrrv. ríkisstj., stjórn Emils Jónssonar, sem skipaði hagfræðinganefnd til þess að gera tillögur um rekstur og úrbætur á fjárfestingarsjóðum, ekki aðeins landbúnaðarins, heldur og öðrum fjárfestingarsjóðum. Þessi nefnd hefur ekki enn skilað áliti. Hún hefur ekki skilað áliti enn og þá væntanlega ekki lokið störfum. Ég skal ekkert segja um, hvaða úrlausnir hún hefur fram að bera. Ég tel gott, ef hún hefur nokkra lausn á takteinunum. En eigi að síður vil ég upplýsa það, að ríkisstj. hefur án þessarar nefndar þetta mál til sérstakrar athugunar, þar sem það þolir ekki langa bið. Og ég vænti þess, að hvort sem tekst eða ekki að koma með raunhæfar tillögur nú í þessum mánuði til lausnar þessum vanda, þá vænti ég þess, að sjóðir bankans geti að þessu sinni nú fyrir jólin eins og að undanförnu lánað út á framkvæmdir þessa árs. Ég vænti þess, hvað sem líður endanlegum úrbótum og lausn á þessum mikla vanda.

Ég endurtek nú það, sem ég sagði hér í upphafi: Það er aðalatriði þessa máls, að það megi takast að leysa úr þessum vanda, að það megi takast að koma þessum nauðsynlegu lánastofnunum á réttan kjöl og gera þeim fært að vera lyftistöng fyrir landbúnaðinn. Það er aðalatriðið. Hitt er miklu minna atriði, hver á eða hverjir eiga sök á því, að svona er komið, enda þótt það sé eðlilegt og það sé hollt að gera sér fulla grein fyrir því. Sérstaklega vakna ýmsar spurningar upp í huga manns, þegar hlustað er á hv. þm., eins og t. d. hv. 1. þm. Vesturl., þegar slíkir þm. leyfa sér að tala í vandlætingartón, eins og hann og hans hv. flokksbræður séu ekkert nema sakleysið eitt, eygi enga sök hjá sér, en það séu bara sjálfstæðismenn og núverandi stjórnarflokkar, sem beri eiginlega sök á öllu, sem aflaga fer. (Gripið fram í.) Þetta er ákaflega leiðinlegur málflutningur, og ég held, að það væri sæmst fyrir þennan hv. þm. sem og aðra hv. framsóknarmenn að viðurkenna, að þeir eiga vitanlega sína sök á því, hvernig komið er, bæði um hag þessara sjóða og hag atvinnuveganna og landsmanna allra. Og það er nauðsynlegt, að sá hópur, sem samanstendur af framsóknarmönnum, taki þannig sinnaskiptum og hætti því fullkomna ábyrgðarleysi, sem þeir hafa sýnt á undanförnum vikum og mánuðum í því að rífa niður það, sem núv. stjórnarflokkar eru að byggja upp. Þetta væri því eðlilegra sem öllum landsmönnum er ljóst, að þessi hv. flokkur, Framsfl., með hv. 2. þm. Vestf. í fararbroddi hefur beðið algert skipbrot, þegar hann veitti vinstri stjórninni forustu, og að þeir erfiðleikar, sem nú er við að stríða, eru afleiðing af þessu skipbroti. Allur almenningur skilur, að þegar þessi stjórn undir forustu hv. 2. þm. Vestf. hafði strandað þjóðarskútunni, siglt alveg í strand, þá kostaði það átök að ná henni út aftur og koma henni á réttan kjöl og kostaði sársauka. Allar stéttir þjóðfélagsins hafa fundið þennan sársauka. Það er undir þjóðinni sjálfri komið, hvort þetta sár grær fljótt eða hvort það grær seint. Ef þessar aðgerðir fá að vera í friði, munu þær gróa tiltölulega fljótt og sársaukinn hverfa, og þá mun okkar atvinnuvegum takast að blómgast og þjóðin ná sér upp úr því foræði, sem hún var komin í. Og það er illt hlutverk, sem framsóknarmenn hafa valið sér, ef þeir ætla sér að reyna að setja fótinn fyrir það, að þessi uppbygging megi takast og nýir og góðir tímar geti komið yfir þjóðina.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Ed., 3. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við umr. þessa máls hafa orð fallið, sem má telja að séu nokkuð á dreif og hafa gefið tilefni til þess, að hugurinn reiki nokkuð víða í sambandi við það. Sérstaklega kemur til umhugsunar, að mér virðist, það, sem er stórt atriði, hvaða stefna er nú á ferð í landbúnaðarmálum og atvinnumálum þjóðfélagsins yfirleitt.

Á mannfundi einum í haust sagði roskinn bóndi: „Það er hart að þurfa að lifa móðuharðindi af manna völdum.“ Hann átti við efnahagsaðgerðir núverandi hæstv. ríkisstj. Þarna voru staddir menn úr báðum stjórnarflokkunum, menn sem hæstv. ríkisstj. telur sig hafa fengið umboð frá í síðustu kosningum til að fara með völd og gera sínar ráðstafanir. Enginn þessara manna hreyfði andmælum, þegar bóndinn sagði þetta um efnahagsaðgerðirnar: „Það er hart að þurfa að lifa móðuharðindi af manna völdum.“

Svo er nú komið, að hæstv. ríkisstj., stefna hennar, á nálega engan forsvarsmann framar úti um land. Þegar ég hef hlustað á hæstvirta ráðh. tala í máli því, sem við erum hér að ræða, hafa mér dottið í hug þessi orð bóndans og í sambandi við þau og út frá þeim hendingar úr hinu mikla kvæði Jóns Helgasonar: Áfangar: „Eldflóðið steypist ofan hlíð, undaðar moldir flaka, — þegar hin rámu regindjúp, ræskja sig upp um

Laka.“ Í Laka voru nefnilega upptök móðuharðindanna.

Ef skoðanir hæstv. menntmrh. á landbúnaðinum, eins og þær hafa komið hér fram í þessum umr., yrðu ráðandi, svo að nokkru næmi, í íslenzkum stjórnmálum, mundu moldirnar flaka, sveitirnar mundu eyðast. Í ræðu hans kemur fram það regindjúp óskilnings, ekki aðeins skilningsleysis, heldur óskilnings á landbúnaði, að líkja má við ræskingar upp um Laka.

En hvað er svo um afstöðu hins ráðherrans, hæstv. landbrh.? Hann er fulltrúi flokksins, sem vill, a. m. k. þegar málflytjendur hans eru staddir í sveitum, telja sig mikinn vin bændanna og atvinnuvegar þeirra. Framkoma þessa hæstv. ráðh. vakti í fljótu bragði a. m. k. furðu. Hann vék frá, þegar málið var tekið fyrir á fyrsta fundi þessarar umr., rýmdi til fyrir hæstv. menntmrh. og lét hann tala upp úr Lakagíg fyrir hönd ríkisstj. og þar með sína hönd sem landbrh. Hvers vegna gerði hann þetta? Ég kem að því síðar. Á næsta fundi lét hæstv. landbrh. líka hæstv. menntmrh. sitja fyrir orðinu og fara á undan sér sem aðalmálflytjanda ríkisstj. og halda áfram að tala upp úr Laka og spúa óskilningi sínum yfir landbúnaðinn, stofnanir hans og þá menn, sem þar vinna. Og það, sem enn þá meira var, þegar hæstv. landbrh. tók sjálfur til máls, lét hann vel yfir því, sem menntmrh., umboðsmaður hans, hafði sagt, og gerði það þar með að sínu máli, eða ekki varð annað skilið. Hann tók þannig afstöðu með því fyrir sitt leyti og síns flokks. Að öðru leyti sló hæstv. ráðh. í ræðu sinni úr og í. Öll þessi framkoma minnir á það, þegar Sjálfstfl. lét Alþfl. fara með ríkisstjórn árið 1959.

Alveg augljóst er, að hér er hið sama á ferðinni og þegar Alþfl.-stjórnin 1959 gaf út bráðabirgðalögin um verðlag landbúnaðarvaranna og fyrirskipaði, að þær skyldu ekki hækka. Sjálfstfl. stóð á bak við, sló úr og í, lézt vera á móti, en studdi þó. Hér er um að ræða sams konar samspil þessara flokka. Alþfl. ríður á vaðleysuna. Máske hugsar Sjálfstfl. á þá leið, sem máltækið segir, að fífli skuli á forað ið etja. Og hvað boðar svo þetta í íslenzkum stjórnmálum? Hér eru á ferðinni stefnubreytingar, sem boða miklu meira öskufall en orðið er, ef þær ná sér fram og verða varanlegar.

Kjördæmabreyt. var gerð með þessa stefnubreyt. fyrir augum. Með henni átti að skapa skilyrði til þess að kreppa að dreifbýlinu, sem þótti of sterkt til áhrifa. Uppbygging þess þótti of mikil. Stefnan dulbjó sig fyrst og neitaði tilveru sinni, en í ræðu hæstv. menntmrh. þrumar nú þessi stefna, og hæstv. landbrh. styður þá stefnu með því að draga sig í hlé fyrir hæstv. menntmrh. Og þessi stefna er viðtækari en svo, að hún sé gegn landbúnaðinum einum. Öskufall hennar nær líka til sjávarsíðunnar og yfirleitt til hins almenna framtaks í landinu.

Alþýðublaðið sagði frá því fyrir tveim dögum hlakkandi, að allur bátafloti landsmanna væri að komast undir uppboðshamarinn. Menn undruðust hlakkið í þessari frásögn, en þar voru hin rámu regindjúp líka að ræskja sig upp um Laka.

Hér er á ferðinni stefnubreyting, sem verður að gera sér grein fyrir og verður að hnekkja. Móðuharðindi af manna völdum mega ekki eyða byggðum Íslands. Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir stefnunni, þess vegna hef ég rætt hana. Einstök atriði í ræðum, sem haldnar hafa verið, skipta minna máli. Þó mun ég nú víkja að þeim nokkrum orðum, enda sanna þau stefnuna og falla inn í hana eins og þræðir í vel upp settum vef.

Hæstv. menntmrh. hafði stór orð um það, að tilkostnaðurinn við rekstur ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs væri óheyrilega mikill, þessar stofnanir væru illa reknar, hallinn sýndi það. Þetta taldi hann koma í ljós, þegar borið væri saman við aðra banka og lánastofnanir. Þetta voru sleggjudómar. Þær tölur, sem hæstv. ráðh. nefndi í þessu sambandi, bæði hjá Búnaðarbankanum og öðrum stofnunum, þurfa nánari samanburð en hann gerði á þeim, til þess að þær sanni nokkuð. Ég hef nú ekki skilyrði til að gera þennan samanburð, því að ég á ekki aðgang að þeim tölum, sem til þess þarf að athuga, en ég vil minnast á nokkuð í þessu sambandi, sem sýnir, að samanburðurinn er mjög lauslegur og hreinn og beinn sleggjudómur.

Ráðherrann sagði, að ræktunarsjóður — hann nefndi prósentur — greiddi miklu meira fyrir rekstur sinn en t. d. Framkvæmdabankinn. Nú veit hæstv. ráðh. það, ef hann hugsar þetta nokkuð, að starfsemi Framkvæmdabankans er ákaflega einföld, hann veitir stór lán og fá, og að bera þannig saman prósentur við útlán þessara stofnana er því út í hött út af fyrir sig. Ég hef leitað mér upplýsinga um það, að tala veittra lána 1959, — en það er það árið, sem um var rætt, — var hjá ræktunarsjóði 854 lán. Mörg þessara lána eru smálán. En það er eins mikil fyrirhöfn að lána 2000 kr. og 200 þús. kr., og með því að bera saman útlánin hjá þessum stofnunum, er ekki nema að parti til nefnt það, sem nefna ber. Ræktunarsjóðurinn þarf að annast innheimtu þeirra lána, sem eru ekki að fullu greidd og standa úti, og þau eru samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið, á þessum tíma 8320 lán. Þetta þarf líka að taka með í reikninginn, þegar meta á tilkostnað hjá þessum stofnunum.

Um byggingarsjóðinn er það að segja 1959, að ný lán hjá honum veitt voru 39, en framhaldslán veitt 141, svo að lánveitingar voru þar samtals 180. Nú vill svo til, að á árinu 1959 voru sérstaklega fá ný lán veitt, vegna þess að byggjendur flestir á því ári, nýbyggjendur, biðu eftir úrlausnum sínum fram á árið 1960, fram í maíbyrjun 1960. Hér er því tekið til samanburðar undantekningaár. Ég er ekki með þessu á nokkurn hátt að segja, að það hafi verið viðráðanlegt, — ég sé, að hæstv. landbrh. lítur á það sem ásökun til sín, — að lánin voru ekki veitt fyrr. Hann um það. En hér er ég ekki að ræða það. Hins vegar er það ár, sem tekið er til samanburðar, ekki normalt að því er byggingarsjóðinn snertir, og um byggingarsjóðinn er það líka að segja, að hann hefur innheimtu að annast á eldri lánum, sem voru samtals 2460.

Vel má nú vera, — og ég skal ekkert um það fullyrða, ég hef ekki kunnugleika til þess, — að eitthvað mætti finna að kostnaðarskiptingunni á milli deilda þeirra, sem eru á vegum Búnaðar-

bankans. Vel má það vera. En þegar ásakað væri fyrir það, þá má geta þess, að hæstv. landbrh. samþykkir bréflega þessa skiptingu árlega, og það gerði hæstv. núverandi ráðh. Í vetur sem leið, fyrir árið 1959, samþ. hann bréflega þessa skiptingu, svo að áðeilan, ef hún er að einhverju leyti réttmæt, lendir þá á honum líka.

Þegar byggingarsjóður og ræktunarsjóður eða Búnaðarbankinn yfirleitt er borinn saman við ríkisbankana, þá er rétt að taka tillit til þess, að hann hefur ekki tekjur af gjaldeyrisviðskiptum upp í rekstur sinn. Á það má líta og er skylt að líta í samanburðinum.

Þá sagði hæstv. menntmrh., að þó að frv. yrði samþ., gagnaði það lítið, ræktunarsjóðinn vantaði samt sem áður 15 millj. árlega, til þess að hann gæti starfað eins og að undanförnu, og byggingarsjóðinn vantaði 10 millj. til þess. Þarna blandaði hæstv. ráðh. málum. Frv. miðast eingöngu við það að eyða rekstrarhalla, og þess vegna er ekki rétt í þessu sambandi að fella verð á því með því að vitna í greiðsluþörf.

Tilgangurinn með frv. er ekki sá að leggja grundvöll að útlánastarfsemi. Tilgangur frv. er sá að afla sjóðnum fjár eða réttara sagt að koma fjárhag sjóðsins á þann grundvöll, að hann geti verið rekinn án halla. Svo er hitt annað mál, að útvega sjóðnum fé til útlána. Annað höfuðatriðið er að fyrirbyggja rekstrarhalla, fyrirbyggja það, að sjóðurinn þurfi að lifa af sjálfum sér, hitt höfuðatriðið er svo að útvega sjóðnum fé til útlána.

Í sambandi við þetta frv. og tilgang þess er fyrst og fremst rétt að ræða rekstrarafkomuna. Ríkið hefur jafnan styrkt sjóðina og styrkurinn hefur verið misjafnlega hár, enda í misjafnlega stórum krónum og miðaður við misjafna veltuþörf. Ræktunarsjóðstillagið var hækkað 1947 í 500 þús. kr. og þannig var það óbreytt þrátt fyrir allar breytingar, sem urðu á verðlagi og gildi peninga, þangað til 1956, að þá var það hækkað upp í 1600 þús. kr., eins og það er nú. Síðan hefur það verið óbreytt. Það getur hver maður séð, að þessi tillög frá ríkinu eru alls ekki sniðin þannig, að þau fullnægi þeirri þörf, sem upphaflega átti að fullnægja, vegna þess að verðgildi peninganna hefur svo stórlega breytzt. Byggingarsjóðurinn fékk í tillag frá ríkinu 1937 200 þús. kr., 1942 var það hækkað upp í 620 þús. og 1946 í 2 millj. og 500 þús., eins og það er nú. Það sjá allir, að 2.5 millj. eru ekki sama upphæð og hún var 1946. En í stað þess að breyta tillaginu eftir því, sem verðgildi peninga breyttist og verðbólga gaf tilefni til, þá var tekin upp önnur aðferð af ríkisstj. og Alþingi. Hún var sú að létta af sjóðunum lánaþunga, létta af sjóðunum þunga af því fé, sem þeir höfðu verið látnir taka að láni til útlána hjá sér, og þetta var gert, eins og vitnað er í grg. frv., sem hér liggur fyrir, 1953 og aftur 1957. Með þessu frv. er lagt til, að þessari reglu sé haldið áfram og þannig réttur sá skakki, sem hefur orðið, með stuðningi af hálfu ríkisins til þessara lánastofnana. Vitað er, hver halli sjóðanna varð 1959, fyrra ár, og um það er enginn ágreiningur. En ef t. d. ræktunarsjóður fengi þá léttun skulda, sem frv. gerir ráð fyrir, og hefði haft hana þegar 1959, þá hefði verið 500 þús. kr. afgangur í hans rekstrarreikningi í staðinn fyrir 3 millj. kr. halla, sem varð. Þess vegna segi ég, að það er rangt hjá hæstv. varalandbrh., menntmrh., að segja, að þó að frv. yrði samþykkt, þá bætti það ekki neitt úr þörf sjóðanna að því er reksturinn snertir.

Hæstv. menntmrh. vék með furðulegum orðum að uppbyggingu umræddra sjóða og taldi hana hina fráleitustu. Ég held, að hæstv. ráðherra misskynist eða hann hafi ekki athugað vel, um hvað er að ræða. Sjóðirnir eru byggðir upp, hugsaðir þannig, að ríkið útvegar þeim fé til þess að geta unnið sitt hlutverk í útlánastarfseminni, og innan stundar var gert ráð fyrir því, að það fé, sem sjóðirnir hefðu þannig yfir að ráða og ættu, gæti orðið nóg til þess að mynda þá hringrás, sem uppbygging þeirra gerir ráð fyrir, að lán, sem kæmu inn í afborgunum, gætu staðið undir útlánaþörfinni og þannig hefðu sjóðirnir yfir að ráða fé, sem gæti „sirkúlerað" til að fullnægja þeim hlutverkum, sem þeir eru stofnaðir fyrir. Og þetta hefði tekizt, þetta er svo rétt hugsað, að það hefði tekizt, ef tímarnir hefðu ekki brjálazt. Þegar verðbólga og byltingar í peningamálum hafa komið til sögunnar, hefur það ekki raskað því, að sjóðirnir eru byggðir upp af rökréttri hugsun. Það hefur aðeins vikið málunum inn á þá braut, að Alþingi hefur meira og lengur þurft að vaka yfir þeim og fullnægja því, sem ég kalla skyldu þess gagnvart þeim.

Hæstv. menntmrh. sagði í því sambandi: Alþingi ber ekki ábyrgð á sjóðum Búnaðarbankans og skylda ríkisstj. er engin gagnvart sjóðunum. — Þetta þótti mér furðulegur málflutningur. Ég vil segja, að þetta sé hjal eitt, því að sjóðirnir eru skilgetin börn Alþingis og hafa verið í fóstri þess, og forsjá ríkisstj. verður á hverjum tíma að ná til þeirra. Þeir eru að vísu auðheyrilega nú í forsjá — að því er a. m. k. hæstv. menntmrh. snertir — vondrar stjúpu.

„Enginn alþm.," sagði hæstv. ráðh., „hefur ætlazt til þess, að sjóðirnir beri sig ekki." Þetta er furðulega talað út í hött: enginn hefur ætlazt til þess, að sjóðirnir beri sig ekki. Hvaða alþm. hefur getað ætlazt til þess undir kringumstæðunum, að sjóðirnir bæru sig? Hér er komið öfugt að máli. Það óskar enginn alþm. eftir því, að það ástand vari, sem gerir það að verkum, að sjóðirnir beri sig ekki, það er rétt, en enginn heilskyggn alþm. getur ætlazt til þess, að þeir beri sig undir kringumstæðunum.

Við skulum athuga, hvort sjóðirnir hafa í raun og veru farið út fyrir sitt hlutverk og lánað meira en þeir upphaflega gerðu til bænda og þannig megi ásaka þá, sem fyrir þeim hafa staðið.

Fyrir 20 árum var byggingarkostnaður ekki meiri en það, að nú telja menn, að hann sé orðinn tvítugfaldaður. Lánin þá, 1940, voru 6 þús., hæstu lán til íbúðarhúss í sveit voru 6 þús. En nú, eftir að byggingarkostnaður hefur tvítugfaldazt beint og farið er að byggja vandaðra en áður og dýrara, sem verður að teljast rétt, þá eru lánin aðeins 75 þús., hámarkslán á íbúðarhús. En þau ættu að vera, miðað við tvítugfaldan tilkostnað, 120 þús., og ef tekið er tillit til þess, hvað hús eru vandaðri nú og meira til þeirra kostað, þá ættu lánin miklu frekar að vera 150

þús. Þau eru þess vegna ekki nema helmingur af því, sem þau voru fyrir 20 árum, ef rétt er á litið. Það er þess vegna ekki hægt að segja, að byggingarsjóður ausi meira út fé en hann áður gerði, — það er síður en svo.

Um ræktunarsjóðinn gildir það, að þar er lánað hlutfallslega út á kostnað eftir tilteknum ákvæðum laga og reglugerða, svo að þar er ekkert um að sakast við þá, sem með málin fara.

Hæstv. menntmrh. talaði mikið um það, að stofnlánadeildirnar væru komnar í þrot, og hann talaði um í því sambandi, hvað skuldir þær, sem þessar stofnlánadeildir eru í, væru orðnar háar, og hins vegar, hvað eignir í útistandandi lánum væru þar á móti. Og hann komst að þeirri niðurstöðu, sem var prentuð með mjög stóru letri í blaði hans á eftir, að sjóðirnir væru gjaldþrota. Þess var ekkert getið í því sambandi, hvað á hefur bjátað og hvers vegna málum væri svona komið. Hann vildi skella skuldinni af þessu á þá, sem með málefni bankans hefðu farið, vildi sýkna Alþingi, og alveg sérstaklega vildi hann telja, að engin ábyrgð á þessu hvíldi á honum eða núv. hæstv. ríkisstj. Hann sagði í þessu sambandi, að þó að gengisfellingin síðasta hefði nokkru valdið, þá væri það nú ekki mikið, því að það væru aðeins 54.2 millj., sem skuldir þessara stofnana hefðu hækkað við gengisfellinguna. Ég hef fengið það útreiknað af þeim, sem þessar tölur hafa í höndum, að gengisfelling hæstv. ríkisstj. nam 58 millj. að því er snertir ræktunarsjóðinn einan og 10.8 millj. að því er snertir byggingarsjóðinn, svo að ég er — (Gripið fram í.) Já, 58 millj. að því er snertir erlendar skuldir ræktunarsjóðs og 10.8 millj. að því er snertir erlendar skuldir byggingarsjóðs. M. ö. o. hækkuðu erlendu skuldirnar, sem hvíldu á þessum sjóðum, lánin, sem þeir höfðu fengið undir öðru gengi, þau hækkuðu um þriðjung. Nú er það svo, að ef skip er fullfermt og svo er bætt ofan á það 50% hleðslu eða þriðjungi meira en fullhleðslan var, þá sekkur það skip vitanlega, og þá er ekki þeim kennt um, að skipið sekkur, sem höfðu hlaðið það upphaflega, heldur hinum, sem bættu þriðjungshleðslunni ofan á. Það er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert. Þess vegna ber hún höfuðsök á þessu máli, og þess vegna er henni skylt að annast úrbæturnar.

Hæstv. menntmrh. fór í ýmsum orðum með ásakanir á hendur bankaráði Búnaðarbankans. Hann kvaðst hafa rannsakað gerðabækur þess eða látið rannsaka og þar fyndist ekkert um það, að bankaráðið hefði óskað eftir aukinni aðstoð frá Alþingi til að rétta hag bankans, gegn t. d. þeirri krónurýrnun, sem átt hefði sér stað á undanförnum árum. Og hann sagði, að það fyrirfyndist í bankanum ekkert bréf í þessa átt. Nú er ég ekki kunnugur í bankanum, hef aldrei séð gerðabók bankaráðsins og ekki lesið bréf bankans. En hinu er ég kunnugur, og það ætti hæstv. ráðh. líka að vera engu síður en ég, að þeir, sem hafa setið í bankaráðinu, hafa beitt sér fyrir því á Alþingi hvað eftir annað, að stofnlánasjóðum landbúnaðarins væri veittur stuðningur. Það var fyrir þeirra atbeina árið 1953, að létt var af skuldum, og það var fyrir þeirra atbeina árið 1957, að það var gert. Og nú er það svo, að nú er það hlutverk hæstv. ríkisstj. og meiri hluta bankaráðsins að koma þannig fram. Bréf eru ágæt, því er ekki að neita, en verk eru betri, — framkvæmdaverk eru betri en bréf ein.

Hæstv. menntmrh. harmaði það, að lán, sem veitt hafa verið bændum, skuli ekki hafa verið lánuð með gengisfyrirvara, svo að efnahagsráðstafanirnar, sem hann og félagar hans gerðu, hefðu slegið bændurna niður strax. Það er gott fyrir bændur að vita, hvað hugur þessa hæstv. ráðherra geymir og hugur þeirra, sem hann talar fyrir. „Þaðan er mér úlfs von, sem ég eyru sé.“ Hann sagði, að starfsreglur ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs væru einhver mestu mistök í fjárhagskerfi íslenzku þjóðarinnar, síðan bankakerfið varð innlent. Og þetta prentaði blað hæstv. ráðh. upp eftir honum. Það mátti heyra á honum, að vextirnir hefðu verið of lágir og lánin of löng. Vitanlega býr það sama bak við till. þá, sem einn flokksmaður hæstv. ráðh. hefur lagt hér fram á Alþingi og útbýtt var í dag, um rannsókn á því, hvort styrkir til bænda væru sambærilegir við það, sem aðrir landsmenn njóta af hálfu hins opinbera. Það er kurteislega talað í þessari till. og grg. hennar, en „þaðan er mér úlfs von, sem ég eyru sé.“

Hæstv. ráðh. nefndi til samanburðar við lánakjörin, sem bændur hafa notið, lánakjör sjávarútvegsins. Því fer mjög fjarri, að ég telji, að sjávarútvegurinn hafi fengið of hagstæð lán. Það er síður en svo. Hins vegar má ekki jafna þessum atvinnuvegum saman þannig að segja: Landbúnaðurinn getur búið við sömu lánakjör og sjávarútvegurinn. — Það væri óréttmætt. Ræktun er uppbygging fyrir komandi kynslóðir. Fiskveiðar eru rányrkja. Fengur úr hafinu er fljótteknari, ef sæmilega gengur, en á landi. Lán til útgerðar eru venjulega lánuð út á eignir, sem fyrnast fljótar en býli landsins. Bóndinn fær ekki á sinni ævi þau verðmæti í hendur, sem hann leggur í umbætur jarðar sinnar. Hann getur ekki gert ráð fyrir að selja jörð sína fullu verði. En komandi kynslóðir, sem taka við jörðinni, njóta eignarinnar, sem aldrei er verðreiknuð við sölur. Þjóðin á það verðmæti, þjóðin sjálf á það verðmæti, þann hluta eignarinnar í jörð bóndans. Og það er sá hluti eignarinnar, sem þjóðfélagið er að leggja fram fé til, þegar það sér bóndanum fyrir lánum með lágum vöxtum og löngum greiðslutíma. Það er ekki gjöf til bóndans, það er þátttaka þjóðfélagsins í að bæta sinn hluta jarðarinnar.

Nú segir máske hæstv. ráðh.: Hvers vegna er verið að nema sveitir landsins og bæta framleiðsluskilyrðin þar? Veit hann ekki eða vill hann, hagfræðingurinn, ekki, að uppbygging landbúnaðarins haldi áfram? Vill hann telja það heppilegt, sem sýnt hefur verið fram á með hagfræðilegum útreikningum, að ef uppbygging landbúnaðarins hefði verið stöðvuð 1950, þá hefði nú orðið þurft að flytja inn landbúnaðarvörur fyrir 300 millj. kr. vegna neyzluþarfarinnar, eins og hún er? Og einnig, að eftir slíkum útreikningum er talið, að neyzluþörfin vegna fjölgunar fólks muni í heild tvöfaldast á 3—4 næstu áratugum. Jú, hann hlýtur að vita þetta, en lítur ekki á það. Vegna hvers? Vegna þess, að það samrýmist ekki

stefnunni. En á þetta ber sannarlega að líta, þegar þessi mál eru rædd í dag. Og af því að svo vill nú til, að hæstv. ráðh. er menntmrh. og ég hef af ásetningi ávarpað hann sem menntmrh., en ekki sem viðskmrh., í þessum umræðum, — af því að svo vill nú til, að hann er menntmrh., þá mætti hann líka gefa því auga, hvert menningarhlutverk sveitanna er. Það er í hans verkahring að gæta þess, að það menningarhlutverk, sem sveitirnar hafa rækt og þurfa að rækja í þjóðfélaginu, verði rækt. Mannauðar sveitirnar leysa ekki það hlutverk.

Hæstv. menntmrh. tók það fram, að hjá sér væri engin illgirni í garð landbúnaðarins eða bændastéttarinnar. Yfirlýsingar í þessu efni gagna ekki neitt. Það gagnar ekkert lengur fyrir stefnu hæstv. ríkisstj. að afneita sjálfri sér, því að grímán hefur fallið.

Hæstv. ráðh. sagði, að í frv. fælist það að gefa bændunum 186 millj. kr. Ég skil ekki, hvers vegna hann nefndi þá tölu, því að í frv. felst ekki meira en rúmar 160 millj. í eftirgjöf til stofnlánadeildanna. Og hæstv. ráðh. reiknaði það út, að gjafirnar til bændanna, gjafirnar, sem flytjendur frv. ætluðust til að bændum væru gefnar, væru 4700 kr. álag á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Auðvitað er það alltaf mjög villandi að segja um útgjöld ríkisins, að þau sé einhver tiltekin upphæð á 5 manna fjölskyldu. En þetta er oft gert, að segja það, og látum það vera. Það er villandi vegna þess, að gjöldin leggjast ekki á sem nefskattar, alls ekki sem nefskattar. Þau falla meira á hin breiðu bök, sem betur fer. Þó að manni virðist nú, að stefna hæstv. ríkisstj. miði í þá átt að upphefja það, þá er nú ekki svo komið, og þess vegna hefur ráðh. ekki leyfi til þess að leggja mikið upp úr þessum sínum útreikningi. En látum útreikninginn vera. Það vill nú svo til, að hæstv. ráðh. hefur upplýst það í öðru sambandi, að Seðlabankinn standi undir vaxtalausri skuld vegna gengisbreytingarinnar fyrir ríkissjóðinn, 181 millj. kr. Hæstv. ráðh. upplýsir þetta í sambandi við fsp. í Sþ., og svar hans var, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. 5. gr. efnahagsmálalaga skyldi stofna sérstakan vaxtalausan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og færa á hann gengistap vegna skulda ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og sömuleiðis gengismun, sem fram kæmi hjá þeim bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Skuld á þessum reikningi er nú 181 millj. kr. Enn er ekki endanlega gengið frá færslum á þennan reikning, þar sem nokkur vafaatriði bíða úrskurðar, en það er ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að upphæðin breytist, svo að teljandi sé."

Ef maður fer nú að með þessa upphæð eins og hæstv. ráðh. gerði með tölur frv., þá kemur á hverja fimm manna fjölskyldu af þessari fúlgu 5200 kr. upphæð. Ekki hefur hæstv. ráðh. heyrzt kvarta fyrir almenning undan þessu álagi. Engin rök standa þó að því, að þessi fúlga hvíli ekki á þjóðinni. Það má segja, að það, sem við erum að biðja að létta af Búnaðarbankanum eða stofnlánadeildum hans, ræktunarsjóði og byggingarsjóði, sé allmikil fúlga. Það er allmikil öskudyngja, sem hæstv. ráðherrar geta að miklu leyti sjálfum sér um kennt og eiga að taka manndómlega afleiðingum af. En hin dyngjan er þó enn þá stærri, sem liggur hjá Seðlabankanum, það er mikill öskuskafl. Eins og ég sagði áðan, hefur hæstv. ráðh. ekkert kvartað yfir því, þó að við þann skafl sé að fást.

Þó að hæstv. menntmrh. hafi hátt um það, að hann beri enga ábyrgð á stofnlánadeildum Búnaðarbankans, þýðir honum ekkert að mælast undan þeirri ábyrgð. Fyrst og fremst ber hann mikla ábyrgð í sambandi við þær aðstæður, sem hafa skapað örðugleika stofnlánadeildanna, og þar að auki hefur hann með því að taka sæti í þessari hæstv. ríkisstj. eftir eðli málanna tekið á sig ábyrgð á því, að sjóðirnir geti starfað áfram. Það gera allir, sem taka að sér stjórn landsins.

Sú ábyrgð er réttmæt, sem kallað er eftir hjá hæstv. ráðh. með þessu frv. og hjá hæstv. stjórn, og hæstv. landbrh. má nú eiga, að hann hefur ekki mælzt fullkomlega undan, þó að meðráðherra hans hafi gert það. Það er ekkert fyrir þessa ráðh. annað að gera en taka manndómlega á málunum. Efnahagsaðgerðirnar í heild hafa skapað hæstv. ríkisstj. mikla ábyrgð gagnvart almenningi og bændum, sem má líkja, eins og þeir hafa gert, við móðuharðindi. Hæstv. ríkisstj. er fyrst og fremst skylt að hverfa frá þessari hallærisstefnu. Hún á að reyna að hreinsa burt öskufall sitt, það er ótvíræð skylda hennar. Við höfum með frv. þessu bent henni á aðferð til að taka kúfinn af einni öskudyngjunni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skal vera sem stuttorðastur, en það voru bornar á mig það margar sakir, að þá má segja, að það sé eðlilegt að ég segi nokkur orð.

Hæstv. landbrh. fór víða í sinni ræðu og sagði m. a., að það væri ekki furða, þótt kenndi nokkurs sársauka vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið, — hæstv. ríkisstjórn kallar þær viðreisnarráðstafanir, — vegna þess, hvernig ástatt hefði verið, þegar hæstv. ríkisstjórn tók við, og hann vitnaði þar til orða, sem ég hefði talað, um, að ný dýrtíðaralda væri risin o. s. frv. Ég skal ekki fara út í viðtækar umræður um þetta atriði. En þegar ríkisstjórn segir af sér, þá er venja, að hún segi í stuttri yfirlýsingu frá staðreyndum án þess að gera grein fyrir, af hverju þær staðreyndir stafa. Þykir ekki viðeigandi að deila á einn eða neinn. Og ég hélt, sannast að segja, að hæstv. landbrh. mundi ekki minnast á þessi atriði, vegna þess að það var vitað mál, að það var hann, sem lýsti því yfir, að það væri auðséð, að ríkisstjórnin ætlaði að fá lán, þó að gert hefði verið það, sem unnt var, til að framkvæma þau skemmdarverk, að hún fengi ekki lán, — hann lýsti því yfir hér á Alþingi, að það væri auðsjáanlega ekki nóg að koma í veg fyrir, að ríkisstjórnin fengi lán, það yrði að beita öðrum ráðum. Og það var vitað mál, að þessi önnur ráð voru verkföll, sem reistu þessa dýrtíðaröldu, sem ollu því, að ríkisstj. varð að fara frá. Það, sem ríkisstj. er í höfuðatriðum að glíma við, eru skemmdarverk, sem þessir flokkar, sem nú sitja í ríkisstj., framkvæmdu sjálfir, það eru afleiðingar þeirra. Þetta er hverju mannsbarni í landinu ljóst, vegna þess að Sjálfstfl. lýsti yfir, að það þyrfti ekki annað en lækka kaupið, sem hann

hafði staðið fyrir að hækka, til þess að koma þjóðarskútunni á réttan kjöl. Og ég hygg, að það sé nokkurn veginn einsdæmi, að ríkisstj. hafi svo augljóslega orðið að glíma við afleiðingar sinna eigin skemmdarverka eins og þessi ríkisstj. verður að fást við. Það liggur svo ljóst fyrir þjóðinni sem verða má. Frekar ætla ég ekki að ræða um þessi mál, þó að ástæða væri til.

Hæstv. landbrh. sagði, að það væri þýðingarlaust að deila um, hverjir eigi aðalsökina á því, hvernig komið er hag sjóðanna. Um hvaða sök er að ræða? Vill hann halda því fram, að það sé sök hjá þeim, sem hafa stjórnað sjóðunum, að þeir *hafa lánað með meira en helmingi lægri vöxtum* en fé fæst á lánamarkaðinum skv. lögum frá Alþingi? Vill hann halda því fram, að það sé sök, að bændunum hefur ekki verið lánað með gengisáhættu? Það er þetta tvennt, að lánað hefur verið með lægri vöxtum en eru á lánamarkaðinum og án gengisáhættu, sem veldur því, hvernig komið er fyrir sjóðunum.

Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, enda gerist þess tæpast þörf. Það var daginn eftir að hæstv. viðskmrh. talaði hér, þá kom svofelld grein í Morgunblaðinu: „Deilt á Alþingi um gjaldþrota sjóði.“ Þar stendur í lok greinarinnar, með leyfi forseta, fyrirsögnin: „Ekki sök bankastjóra. — Landbrh. var ekki viðstaddur þessa umræðu í gær, en er hagur þessara sjóða var ræddur á síðasta þingi, upplýsti hann, að þeir væru mjög illa staðir. Þar væri ekki um bankastjóra Búnaðarbankans að sakast, heldur væri sökin þeirrar ríkisstjórnar, sem hefði fyrirskipað bankanum að lána úr þessum sjóðum með lægri vöxtum og til lengri tíma en lánin til sjóðanna væru tekin.“ Eins og menn heyrðu, vitnaði hæstv. menntmrh. til þess, — hann hefur sennilega verið búinn að lesa þessa grein í Morgunblaðinu, — að þetta væri ekki sök bankastjóra, en það virðist svo sem hann hafi ekki lesið framhald greinarinnar, þar sem þessi yfirlýsing stendur, sem ég hef lesið og ástæðulaust er að lesa að nýju. Hér eru tekin af öll tvímæli, og það er þess vegna ekkert undarlegt, ef það er rétt hjá Morgunblaðinu, sem ég efast ekkert um, að landbrh. hafi talað þessi orð á síðasta þingi, þó að hann segði eftir ræðu hæstv. viðskmrh., að það væri rétt að vera ekkert að deila um það, hverjir ættu sökina, enda er það svo, að hverjum manni er ljóst, að sjóðirnir eru stofnaðir til þess að lána með vöxtum undir vöxtum á almennum lánamarkaði. Ef þetta væri ekki tilgangurinn með sjóðunum, hvaða tilgangur er þá með því að koma upp þessum sjóðum? Ríkið hefur tekið hallann, fyrst með framlögum, sem reyndust skjótt of lítil, og síðan með því að leggja bankanum sérstakt fé með því að ríkissjóður tók að sér lán, sem sjóðirnir höfðu tekið, eins og ég kem síðar að.

Viðskmrh. hæstv. gerði mikið úr því, að ég hefði farið skakkt með tölur, þegar ég ræddi um þau töp, sem sjóðirnir hefðu orðið fyrir vegna gengisbreytinganna. Það getur vel verið, að orð mín hafi fallið óljóst um það, hvort ég ætti við *gengisbreytinguna, sem nú varð, eða átt jafnframt* við yfirfærslugjaldið 1958, enda leiðrétti hann það, það gæti verið, að ég hefði átt við það og að til þess væri ætlazt, að mál mitt væri skilið þannig. En hann sagði jafnframt og breiddi sig yfir það, að þó að hvort tveggja væri tekið, þá væri hér farið rangt með tölur, farið með allt of háar tölur, og vítti það mjög, að slíkt skyldi koma fyrir, að alþm. kæmu með svo ónákvæmar tölur, allt of háar tölur. Ég hef nú fengið upp gefið hjá bókhaldara fyrir þessa sjóði, hver hækkunin er. Hækkunin, sem hæstv. ráðh. taldi að hefði orðið af þessum tveimur ráðstöfunum, yfirfærslugjaldinu og gengisbreytingunni, var, ef ég man rétt, 84.5 eða 84.6 millj. Hann sagði, að ég hefði skrökvað til um rúmar 5 millj. Hækkun skulda vegna 55% yfirfærslugjaldsins í ræktunarsjóði 22.1 millj. kr., hækkun skulda vegna gengisfellingar 58 millj., samtals 80.1 millj.; hjá byggingarsjóði hækkun skulda vegna yfirfærslugjalds 7.7 millj., hækkun skulda vegna gengisfellingar 10.8 millj., samtals 18.5 millj. Samtals er þetta ekki 84 millj. eða hvað það nú var, heldur 98.6 millj. Ef hæstv. ráðh. vill sjá þetta, getur hann fengið þessa útreikninga eða þessar tölur. Allt tal hans um það, að ég hefði farið með of háar tölur, er þess vegna úr lausu lofti gripið, þegar átt er við bæði yfirfærslugjaldið og gengisfellinguna.

Það hefur verið rætt mikið um það, hver beri ábyrgðina á því, hvernig komið er, og því er í sjálfu sér svarað réttilega af Morgunblaðinu með ummælum, sem höfð eru eftir hæstv. landbrh. hér í þingi, en ég ætla að ræða þetta örlítið nánar að gefnu tilefni.

Hvað er um bankaráð Búnaðarbankans? Þar situr jafnaðarmaður í bankaráði, að vísu var hann ekki á þeim tíma, sem þetta mál varð jafnáberandi vandamál og það hefur verið, og það er rétt, en í bankaráðinu hafa setið sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Nú kennir hann Framsfl. um það, hvernig komið er, sérstaklega formanni bankaráðsins, sem var ég um langan tíma. En ég fullyrði, að það hefur aldrei komið fram í bankaráði Búnaðarbankans nokkur tillaga, sem er ekki heldur eðlilegt af ástæðum, sem ég sýni fram á síðar, — nokkur tillaga um að neita því að lána út með þeim vöxtum, sem Alþingi hefur fyrirskipað, eða neita að taka lán með þeim vöxtum, sem ríkisstjórnirnar hafa leyft á hverjum tíma, aldrei komið fram. Þar hefur því ekki verið um beitingu meirihlutavalds að ræða, heldur hefur þetta verið samhljóða álit allan tímann, hvers einasta bankaráðsmanns, að vitanlega væru sjóðirnir stofnaðir til þess að aðstoða landbúnaðinn, og það hefur aldrei komið fram ein einasta tillaga um að óhlýðnast þeim beinu og óbeinu fyrirskipunum, sem komið hafa frá ríkisstjórninni í þessu efni. Og það sýnir náttúrlega eitt meðal annars, ef ég má skjóta því hér inn í, hvað sjóðirnir eru háðir landbrh., sem eðlilegt er, og ríkisstjórnum, að hér upplýsti hæstv. landbrh., að þegar talað var um mat á eignum, sem lánað er út á, sagði hann, að hann hefði gefið fyrirskipun um að fara eftir því verðlagi, sem nú ríkti í ár, en ekki verðlaginu í fyrra, m. ö. o. hækka lánin. Það er vitanlega sjálfsagt, og hann minntist ekki á það nema sem sjálfsagðan hlut, að sjóðirnir hlýddu.

Ég spyr enn fremur: Hvað var sagt, — vilja

menn ekki koma með það, — hvað var sagt hér á Alþingi 1953 og 1957, þegar stórar fjárhæðir eru gefnar eftir til sjóðanna? Hvað sagði hæstv. viðskmrh. þá og hans flokkur? Gerðu ekki þessir menn aths. um það, að þetta væri ófær leið? Þá var algerlega ljóst, að tillögin, sem voru lögð sjóðunum, voru alls ekki fullnægjandi. Hvaða grg. er hér til staðar í alþingistíðindunum um það, að einhver væri á móti því að leggja fram þessar fjárhæðir, vegna þess að þetta væri skökk pólitík? Ég hef ekki fundið það, kannske aðrir finni það. Með þessu var vitanlega sjóðunum sagt: Okkur er ljóst, að tillögin, sem þið hafið fengið, standi ekki undir vaxtamismuninum og gengisfellingu, og við ætlum, segir Alþingi við þá óbeint, við ætlum, eins og við gerðum 1953 og 1957, að leggja sjóðunum fé, þegar þess gerist þörf.

Landbrh. sagði, að það yrði að fara þetta í áföngum og það væri undarlegt, að ég skyldi ekki hafa komið fram með till. um þetta 1958. Um leið og hann segir, að það eigi að gera þetta í áföngum, þá sagði hann náttúrlega um leið, að það væri ekki eðlilegt, að það kæmu fram tillögur um þetta ár eftir ár, heldur annað slagið.

Hvað hefur svo komið fram í ríkisstj. um þessi mál? Hafa ríkisstj. verið sammála eða á öndverðum meið við Alþingi og einhver maður sagt í ríkisstj.: Þessi pólitík gengur ekki. Þessi pólitík með lægri vöxtum en sjóðirnir borga af sínum lánum getur ekki staðizt? — Hér upplýsti hæstv. menntmrh., að hann og hans flokkur hefði hreyft þessu máli í ríkisstj., þegar hann sat í þeirri ríkisstj., sem ég veitti forstöðu. Ég sagði þá, að ég myndi ekki eftir þessum tillögum, ég myndi ekki svo eftir öllum tillögum, sem hefðu komið fram í ríkisstj., að ég þyrði að fullyrða það. Ég hef ekki svo öruggt minni, sagði ég hér við umr. En ég fór svo að spyrja meðráðh. mína, Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósefsson, og þeir segja: Við þorum að fullyrða, að slík till. hefur aldrei komið fram í ríkisstj., — ég má hafa það eftir, — aldrei komið fram í ríkisstj. Það kemur því í ljós, að eftir þessu að dæma er hæstv. viðskmrh. einn af sökudólgunum, sem landbrh. er að tala um. Þá verður að taka hann með á þann lista, þegar leitað er að sökudólgum. Sannleikurinn er sá, að þetta hefur verið pólitík allra ríkisstjórna undanfarin ár, og það er ekkert óeðlilegt, þó að hann hafi ekki komið með neina aths. við það.

Það kemur þess vegna í ljós, að bankastjórar, bankaráð og Alþingi hafa einróma framkvæmt lánapólitík og framkvæmt stefnu, sem einróma hefur verið samþykkt á Alþ. tvisvar sinnum með því að samþykkja tillög sjóðanna og af öllum ríkisstjórnum, sem setið hafa undanfarið, einróma. Hverjum dettur nú í hug, að sjóðsstjórnir, sem stjórna sjóðum, sem eru til þess lögfestir að veita bændum aðstoð í vaxtamismun, rísi upp að gerðu einróma samþykki á Alþingi og einróma stefnu í ríkisstj. og segi: Ég framkvæmi það ekki? — Hvað mundi viðskmrh. hæstv. segja um sjóðsstjórnir, sem gerðu slíkt? Við skulum segja, að sjóðsstjórnir hjá honum segðu: Sjóðirnir eru svo skuldugir, að við teljum það ábyrgðarlaust að lána. Við verðum að borga niður skuldir. — Hvað mundi landbrh. segja? Þess vegna er það, að það þarf ekkert að vera að deila um þetta, sem aðaldeilan hefur staðið um, um skylduna, um ábyrgðina á sjóðunum og láta þá hafa lánsfé. Það leiðir af eign ríkissjóðs á sjóðunum. Það leiðir af tilgangi þeirra og til hvers þeir eru lögfestir. Það leiðir af því, að ríkisstj. og Alþingi hafa ráðið því, hvaða vexti sjóðirnir tóku. Það leiðir af því, að sömu aðilar hafa ráðið því, með hvaða vaxtakjörum sjóðirnir voru látnir taka lán, m. a. með gengisáhættu. Og enn fremur er þýðingarlitið að deila um þetta atriði, sem er svo augljóst, því að ríkið ber beina ábyrgð á lánunum, sem sjóðirnir hafa tekið, og þetta veit hæstv. viðskmrh., hefur með sérstökum gerningi tekið ábyrgð á lánunum. Það þarf því ekki einu sinni að deila um skylduna, sem þó var augljós. — En nú skal ég fara að stytta mál mitt.

Til hvers eru þá þessar ræður viðskmrh. fluttar? Allt þetta, sem ég hef sagt, er svo augljóst, að það hlýtur að vera, eins og ég sagði seinast, þegar ég talaði um þetta mál, hverjum einasta alþingismanni ljóst. Ég held, að þetta sé gert í þeim tilgangi að reyna að gera sig góðan í augum kaupstaðabúa, þar sem þessi ákæra á stjórn sjóðanna og um leið á landbúnaðinn er flutt, eins og ég sagði hér áður, gegn betri vitund. Það sýnir líka, að í sambandi við þetta mál kom fram till. um það að rannsaka, hve mikilla styrkja landbúnaðurinn njóti fram yfir aðra atvinnuvegi, eins og rætt er um í tillögunni.

Ég minntist á það, að flestar landbúnaðarþjóðir, skulum við segja, ég held allar, styrkja sinn landbúnað í stórum stíl. Ég hef ekki enn getað reiknað út eða farið yfir það, hvað Bandaríkin styrkja sinn landbúnað, enda eru tölur þær svo háar, að ég held, að það sé vart í mínu færi að fara með þær. En ég hef athugað framlag Breta á fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár. Framlög til landbúnaðar eru 254 millj. punda, þar af 95 styrkir til búnaðarframkvæmda einna, hitt niðurgreiðslur. Styrkirnir eru ⅓ af kostnaðarverði nýræktar, gripahúsa, véla, þurrkunar o. fl. Það, sem fer til landbúnaðarins með niðurgreiðslunum, er um 27 milljarðar og 178 milljónir kr. hjá Bretanum, og styrkirnir einir eru 10 milljarðar og 165 milljónir. Og það er ekki verið að veita eins og úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði. Úr ræktunarsjóði á að veita um helming af kostnaðarverði. En það er alltaf metið í bankanum, hvað húsið hefði átt að kosta. Og bændur a. m. k. halda því fram, — það veit landbrh., — að þeir fái aldrei helming út á kostnaðarverðið, eins og lögboðið er. Hinar fjárhæðirnar verða íslenzkir bændur að sjá um. Af þessari fjárhæð fá þeir ívilnun í vöxtum, en það er tvímælalaust, að eins og þeir vextir eru núna, eru þeir hærri en bændur annarra þjóða þurfa að búa við af þeim hluta, sem ekki er lagður fram af ríkinu sem styrkur. Þetta er það, sem bændurnir hér fá á útihúsabyggingar. En Bretarnir fá ⅓ framlag óendurkræft. Ríkið leggur það fram til þess að styrkja landbúnaðinn.

Ég skal ekkert segja um þessa tillögu, sem hér liggur fyrir um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins. Það er a. m. k. nauðsynlegt, ef á að samþykkja þá tillögu, að það sé rannsakað jafnframt, hvaða styrkja íslenzkur landbúnaður nýtur sam-

anborið við þá styrki, sem landbúnaður nýtur hjá öðrum þjóðum, þar sem allar aðstæður til landbúnaðar, eru þó miklu betri. — Ég skal ekki misnota þetta leyfi til að gera aths. og lýk máli mínu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég verð að segja það, að málflutningur þeirra tveggja hv. framsóknarmanna, sem töluðu hér áðan, er harla ólíkur, og verður að viðurkenna, að sá síðari var miklu sanngjarnari og rólegri en sá fyrri. Sá síðari efaðist ekkert um hug minn til landbúnaðarins og ég mundi vilja vinna að því, að þeir sjóðir, sem hér eru til umr., geti gegnt hlutverki sínu. Sá fyrri leyfði sér að efast um þetta og taldi, að það væri lítil von um, að það mætti takast með þeirri stjórn, sem nú ríkti í landinu, og þeirri breyttu stefnu, sem hefði verið tekin upp í landbúnaðarmálum.

Þessi hv. þm., hv. 1. þm. Norðurl. e., var svo smekklegur að tala um móðuharðindi af manna völdum, öskufall yfir landsbyggðina, og talaði um, að einhver bóndi úti á landi hafi sagt þetta. Ég efast mikið um, að nokkur bóndi hafi látið sér slíkt um munn fara, því að móðuharðindi og öskufall eru þannig, að flestir Íslendingar þekkja, hvað slíkt gilti í okkar þjóðarsögu. Og það væri mikil heimska og kæruleysi að vera að líkja nú lífnaðarháttum og lífsafkomu Íslendinga við þau vandræði, sem steðjuðu að á þeim tímum. Ég mundi á góðu sveitamannamáli segja: Þetta er ljótt. Það er beinlínis ljótt að hafa svona orðbragð og slíkar samlíkingar.

En hv. þm. viðhafði ýmsar fullyrðingar í sinni ræðu í líkingu við þetta. Málflutningurinn var eins og hann getur verið verstur hjá framsóknarmönnum. Hv. þm. talaði um breytta stefnu í landbúnaðarmálum og sagði, að efnahagslöggjöfin á s. l. vetri væri sú drepsótt, sem mundi leggja landbúnaðinn í auðn, reyndar ekki landbúnaðinn einan, heldur alla atvinnuvegi landsmanna. Það væri ekki lengur líft í landinu og þetta væri allt núverandi ríkisstj. að kenna. Núv. ríkisstj. hefði gert þær efnahagsaðgerðir, sem mátti skilja á máli þessa hv. þm. að hefðu verið óþarfar. Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. ætlast til þess, að þessi ræða verði prentuð orðrétt í Tímanum og hún eigi að verða eitthvert andlegt fóður handa þeim, sem lesa Tímann. Það má vel vera, að svo sé. En ef hún væri ætluð eingöngu hv. þm., þá er það aðeins til þess að misbjóða smekk þeirra, aðeins til þess að misbjóða þeim að bera slíkt á borð, og ég veit, að þeir eru fáir, þótt lesendur Tímans séu, sem taka slíkt gott og gilt.

Það er eðlilegt, þegar hlustað er á slíka ræðu eins og þessa, að menn spyrji: Var það óþarfi að gera efnahagsaðgerðirnar? Eða: Er nokkur hv. þm., sem trúir því, að það, sem framsóknarmenn kalla stefnu í efnahagsmálum, hefði nægt til þess að leysa þann hnút, sem öll okkar efnahagsmál voru komin í? Við vitum, að framsóknarmenn skrifa í Tímann daglega nú og segja: Það, sem gera þurfti, var ekki annað en hækka yfirfærslugjaldið og draga smátt og smátt úr uppbótakerfinu. Það eru náttúrlega fáir, sem skilja, hvernig á að draga úr uppbótakerfinu með því að hækka yfirfærslugjaldið. Þeir fullyrða, að það hefðu nægt 250 millj. kr. á s. l. vetri. Ég efast þó mikið um það. En það má fullyrða, að ef sú leið hefði verið farin á s. l. vetri að hækka yfirfærslugjaldið, þá hefði þurft að gera það enn í haust og koll af kolli, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Og hefði það orðið til hjálpar bændum að nota vinstri stefnuna, stefnuna, sem var lögfest 1958 með 55% yfirfærslugjaldi? Skyldu bændur landsins vera betur staddir í dag, ef sú leið hefði verið farin? Eða var það til þess að styrkja rekstrargrundvöll búanna að hækka yfirfærslugjaldið um 55%, án þess að nokkuð kæmi í staðinn í vasa bændanna? Og er það ekki staðreynd, að með yfirfærslugjaldinu 1958 var grafið undan efnahagslegu sjálfstæði og góðri afkomu íslenzkra bænda? Ég held, að staðreyndirnar tali alveg sínu máli um það, að svo var þetta. Framleiðslan minnkaði og geta bænda dróst saman, eins og alkunnugt er.

Hv. 1. þm. Vesturl. minntist á, að það hafi verið mikið framfaratímabil áratugurinn 1950—60, og þetta er rétt. En hvernig byrjaði sá áratugur? Hann byrjaði með gengislækkun. Hvað sögðu ýmsir þá, um það leyti sem gengislækkunin var gerð 1950, þegar vélarnar hækkuðu um 50% eða hvað það var og allar aðrar rekstrarvörur til landbúnaðarins? Á því fyrsta ári, sem sú gengislækkun var framkvæmd, voru bændur mjög svartsýnir og héldu, að þeir gætu ekki eignazt þessi tæki, og með því að rekstrarvörurnar hækkuðu, þá yrði mjög þungt fyrir fæti. En hver varð reynslan? Verðlagið leitaði jafnvægis og bændur gátu þrátt fyrir gengislækkunina keypt vélar eftir sem áður og rekið búskap með þeim árangri, sem lýst var, að framleiðslan jókst og ræktunin jókst.

Gengisbreytingin, sem gerð var á s. l. vetri, ef hún fær að njóta sín og friður verður um þessi mál, þá mun verðlagið á rekstrarvörum landbúnaðarins og verðlag landbúnaðarvara leita jafnvægis, þannig að aðstaða bænda verði ekki verri en hún var fyrir gengisbreytinguna. Hún ætti að verða betri, vegna þess að yfirfærslugjaldið í því formi, sem þá var, fengu þeir ekki bætt, og því fremur eiga þessir hlutir að leita jafnvægis nú fyrir það, að lögum um verðlagningu landbúnaðarvara hefur verið breytt til batnaðar, sem tryggir bændastéttinni nú betur grundvallarverðið en nokkru sinni fyrr. Þetta mun reynslan sýna, ef skemmdarstarfsemi einstakra hópa eða flokka verður ekki því valdandi, að allt fari úr skorðum á ný.

Það hefur ekki verið tekin upp ný stefna í landbúnaðarmálum að öðru leyti en því að tryggja það, sem áður var ótryggt, að bændur fái fullt grundvallarverð, með því að tekin verði ábyrgð á útflutningi landbúnaðarvara og með því að bændur geti breytt verðlagi landbúnaðarvara í hlutfalli við verð á rekstrarvörum og í hlutfalli við kaup hjá verkamönnum, sjómönnum og iðnaðarmönnum. Þetta geta þeir nú gert svo að segja strax, en áður urðu þeir að bíða heilt ár eftir því, að þetta gæti orðið. Það er þess vegna mikil kokhreysti hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., þegar hann er að tala um sérstaka stefnu í landbúnaðarmálum, sem muni leiða til landauðnar, ef eftir henni verði farið. Hitt vita bændur sjálfir, að

um leið og þrengt er að öðrum atvinnustéttum þessa lands og launþegum öllum, þá þrengir nokkuð að þeim einnig. Og bændur landsins eru þannig sinnaðir, að þeir kæra sig ekki um, að þeir beri ekki að sínu leyti þá bagga, sem nauðsyn ber til að leggja á þegna þjóðfélagsins yfirleitt.

Þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. talar um, að efnahagslöggjöfin færi þungar byrðar á landsmenn alla, og vill samt, að núv. ríkisstj. beri höfuðsökina á þeim byrðum, þá verður ekki hjá því komizt að upplýsa þennan hv. þm. um það, að núv. ríkisstj. felldi ekki krónuna, núv. ríkisstj. felldi ekki gengið. Vinstri stjórnin, þegar hún setti á 55% yfirfærslugjaldið, þá var það ekki nema nokkur hluti af því, sem raunverulega þurfti, til þess að krónan væri í sínu eðlilega og raunverulega gengi. Krónan féll á vinstristjórnarárunum með mánuði hverjum. Þetta er sú raunasaga, þetta er sú staðreynd, sem landsmenn allir þekkja, og þetta er sú staðreynd, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. þekkir ofboð vel sjálfur, enda þótt hann hér reyni að halda öðru fram, vitandi þó, að allir í þessum þingsal þekkja söguna, en sennilega þá í trausti þess, að einhverjir af þeim, sem kynnu að lesa ræðuna í Tímanum, þekktu málið ekki svo vel og tryðu jafnvel einhverju af því, sem þessi hv. þm. sagði hér áðan. Efnahagsaðgerðirnar á s. l. vetri eru afleiðingarnar af því, sem gerðist á vinstristjórnartímanum, og hv. 2. þm. Vestf. sagði hér réttilega áðan, að þegar ein ríkisstj. segir af sér, þá er ástæða til þess. Og þessi hv. þm. lýsti því, á meðan að hann var forsrh., og efnahagsmálaráðunautur ríkisstj., Jónas Haralz, lýsti því líka yfir, og þau orð hafa ekki verið vefengd. Og þar sem vinstri stjórnin réð ekki við þessa dýrtíðaröldu, sem reist var, og þá erfiðleika, sem henni fylgdu, þá varð að ráðast á þetta með róttækum aðgerðum til þess að koma okkar efnahagsmálum í það horf, að atvinnuvegirnir gætu orðið starfhæfir, að við gætum rekið okkar þjóðarbúskap eitthvað í líkingu við það, sem nágrannaþjóðir okkar gera, að við gætum hætt að safna lausaskuldum erlendis, að við gætum reynt að tryggja okkar gjaldmiðil þannig, að hann nyti trausts á erlendum vettvangi, að við gætum komizt út úr uppbótakerfinu og skipað okkur á bekk með öðrum þjóðum, sem eru sjálfstæðar og telja sig þess umkomnar að stjórna sér sjálfar. Til þess að Íslendingar gætu gert þetta, bæði í nútíð og framtíð, varð að komast út úr því öngþveiti, sem þjóðin óneitanlega var komin í, og við, sem erum í þessum þingsal hér, þekkjum þetta öll. Það er tilgangslaust fyrir okkur að vera að reyna að blekkja hverjir aðra í þessu efni. Og það er alveg tilgangslaust fyrir hv. framsóknarmenn að halda því fram, að það hafi verið ástæðulaus sú aðgerð, sem gerð var á s. l. vetri. Þeir vita sjálfir, að það varð að gerast, því að staðreyndirnar eru svo skýrar og ljósar í þessu efni, sbr. ummæli 2. þm. Vestf., á meðan hann var forsrh. og var að kveðja stjórnarráðið.

Hv. 2. þm. Vestf. vitnaði í orð mín hér í fyrradag, þegar ég talaði um, að það væri ekki aðalatriðið að ræða um það, hverjir væru sekir eða sekastir um það, hvernig lánasjóðir landbúnaðarins væru komnir. Þetta er rétt eftir mér haft. Það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið frá mínu sjónarmiði er, að það megi takast að gera sjóðina starfhæfa, þannig að þeir hafi fjármuni til að lána, og að það sé settur sá grundvöllur undir þessa sjóði, að þeir geti starfað á heilbrigðan hátt. En hverjir eru sekir, og hverjir eru sekastir, og hvers vegna eru sjóðirnir komnir eins og komið er? Það er vegna þess, að dýrtíðin hefur grafið undan þeim. Það er gengisfellingin, það er dýrtíðaraldan, sem reis á vinstristjórnartímabilinu, sem hefur grafið undan íslenzku krónunni og gert erlendu lánin allt að því helmingi hærri nú en þau voru, þegar þau voru tekin. Það er verið að borga erlendu lánin með allt að því helmingi fleiri krónum nú en þegar þau voru tekin. Og þá er ekkert undarlegt, þótt þessir sjóðir séu illa staðir. Þeir, sem eru sekastir um þetta, eru þeir, sem með ráðleysi og giftuleysi, — ekki af illvilja, heldur bara giftuleysi, urðu þess valdandi, að dýrtíðaraldan reis.

Nú eru hv. framsóknarmenn svo smekklegir að vilja halda því fram, að sjálfstæðismenn hafi stjórnað þjóðarskútunni, á meðan þeir voru utan stjórnar, á árunum 1956 til ársloka 1958. Þeir halda því fram, að sjálfstæðismenn hafi stjórnað verkföllum og kynt undir dýrtíðinni á þessum tímum. Það var giftuleysi vinstri stjórnarinnar, sem kom öllu af stað. Hverjir voru það, sem byrjuðu á verkfalli í ársbyrjun 1957, þegar vinstri stjórnin hafði setið að völdum í nokkra mánuði? Voru það verkamenn, voru það láglaunamenn? Nei, þeir ætluðu að sýna þegnskap. Þeir ætluðu að gefa vinstri stjórninni tíma. En það var í ársbyrjun 1957, sem hæst launuðu mennirnir gerðu verkfall. Skyldu sjálfstæðismenn hafa átt sök á því verkfalli? Voru það sjálfstæðismenn, sem sömdu við flugmennina í ársbyrjun 1957 um stórfelldar kjarabætur, sumir segja 50% kjarabætur? Ég hef aldrei heyrt því haldið fram, enda væri það fjarstæða, sem gæti ekki staðizt. Það var giftuleysi vinstri stjórnarinnar, sem réð því, að það var byrjað á að stórhækka kaup við þá, sem voru hæst launaðir í landinu. (Gripið fram í.) Ég man ekki, hvað það var, það var geysimikil hækkun. Það var geysimikil hækkun, eins og þessi hv. þm. veit og þarf ekki að spyrja um. Ég hef einu sinni heyrt því slegið fram, hvað það hafi verið, þegar öll hlunnindi væru tekin með, en hitt vita allir, að það var geysimikil hækkun. Og það var byrjað á því að stórhækka laun þeirra, sem voru hæst launaðir. Þess vegna var það, að þeir, sem voru lægst launaðir, þeir, sem höfðu of lítið í buddunni, þeir fóru að hugsa sem svo: Úr því að hægt er að stórauka tekjur þeirra, sem eru hæst launaðir, þá er ekki sanngjarnt, að við sitjum hjá og gerum ekki nokkrar kröfur. Mun ekki þetta vera aðalástæðan fyrir þeirri verkfallaöldu, sem var allan stjórnartíma vinstri stjórnarinnar? Með því að semja við þá hæst launuðu og byrja á því að taka þeirra verkfall þannig til greina gróf vinstri stjórnin undan sér, og það er sannarlega ósmekklegt, en er náttúrlega samboðið ræðumennsku hv. 1. þm. Norðurl. e., sbr. það, sem hann sagði hér áðan, að reyna að koma sökinni yfir á sjálfstæðismenn, sem voru utan stjórnar. Það sýnir líka rökvísi þessara manna, þegar þeir halda því fram, að sjálfstæðismenn

hafi stjórnað verkföllunum og kynt undir dýrtíðinni, þegar þeir á sama tíma, og get ég þar vitnað í ummæli formanns Framsfl. á Hólmavík, — hann var að tala um það, að nú loksins væru sjálfstæðismenn utangarðs og áhrifalausir í íslenzkum stjórnmálum, og meiningin var vitanlega sú að gera Sjálfstæðisfl. áhrifalausan í íslenzkum stjórnmálum hjá hv. framsóknarmönnum, og þeir trúðu því, að hann væri það. En á sama tíma, sem þeir trúðu því, héldu þeir því fram, að raunverulega stjórnaði Sjálfstfl. efnahagsmálunum, þótt hann væri utan stjórnar. Þetta taka vitanlega engir sæmilega skynsamir menn til greina, því að þetta getur ekki á nokkurn hátt staðizt.

Hv. 2. þm. Vestf. minntist hér á eftirgjöfina til landbúnaðarsjóðanna 1953 og 1957. Það er rétt, að þetta var samþ. hér í Alþ., og ég man ekki betur en við sjálfstæðismenn greiddum því atkv. En þetta var skuld við ríkissjóð, þetta voru ekki erlend lán, og um leið og þetta var samþykkt, þurfti ekki að afla fjár eða leggja nýjar álögur á ríkissjóð, þótt þetta væri samþykkt. Þetta var þess vegna miklu auðveldara en það, sem nú er farið fram á að gera, vegna þess að nú er farið fram á að gefa eftir erlend lán og ríkissjóður taki á sig þann kostnað, sem fylgir vöxtum og afborgunum af þessum lánum. Það er þess vegna, sem þetta er erfiðara en þá. Og það er komin skýring á því, hvers vegna formaður Framsfl., fyrrv. forsrh., fyrrv. formaður bankaráðsins, fyrrv. landbrh., gat ekki komið því í gegn í vinstri stjórninni að fá eftir gefnar ca. 30 millj. kr. af erlendum lánum 1958, þegar byrjað var að grafa undan þessum sjóðum. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að Hermann Jónasson, þáv. landbrh., þáv. formaður bankaráðs Búnaðarbankans, hafi ekki gert sér glögga grein fyrir því, að með yfirfærslugjaldinu var raunverulega verið að kippa fótunum undan þessum sjóðum, og mér datt heldur ekki í hug annað en hann hefði reynt í vinstri stjórninni að koma því í gegn að fá þetta lagað. En það var erfiðara vegna þess, að hér var um erlent lán að ræða. Það var ekki hægt að gefa þetta eftir nema taka þá samtímis byrðar á ríkissjóðinn. Þess vegna kom formaður Framsfl. þessu ekki í gegn þrátt fyrir þá valdaaðstöðu, sem hann var í. Þess vegna skilur formaður Framsfl., hv. 2. þm. Vestf., þá erfiðleika, sem því eru samfara að samþykkja þetta frv. og framkvæma það. Þess vegna er málflutningur hv. þm. eins og hann var áðan, fluttur af nokkurri sanngirni.

Ég held, að þarna sé skýring, sem er mjög eðlileg, og hv. framsóknarmenn, þótt þeir sumir séu hér með stóryrði, tali um breytta stefnu, tali um lítinn vilja hjá núv. ríkisstj. til að laga þessi mál, þá viti þeir í hjarta sínu, að úr því að formaður Framsfl., á meðan hann var forsrh., á meðan Framsfl. hafði stjórnarforustuna, gat ekki létt byrðar ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs um 30 millj. árið 1958, þá sé það ekki svo auðvelt að taka í einum bita 160 millj. á árinu 1960, aðeins vegna þess, að það hefur verið skipt um stjórn. Ég veit, að það er fylgzt með þessum málum. Bændur vitanlega fylgjast með því, hvað verður um þeirra lánasjóði. Og framsóknarmenn hv. vita þetta líka. Þeir búast við því, að það sé vinsælt að gera þessar kröfur fyrir hönd þessara sjóða. Þeir búast við því, að ýmsir bændur taki það trúanlegt, að þetta sé auðvelt að gera og það sé aðeins vegna tregðu og lítils skilnings núv. stjórnar, að þetta rennur ekki umræðulítið í gegn. En bændur muna það, að hv. framsóknarmenn voru í stjórn og fóru með þessi mál, og þeir spyrja áreiðanlega þessarar spurningar: Hvernig stendur á því, að framsóknarmenn, á meðan þeir voru í stjórn, um leið og þeir grófu raunverulega grundvöllinn undan sjóðunum með yfirfærslugjaldinu 1958, — hvernig stendur á því, að þeir geymdu allan þennan bita, svo stór sem hann er, þangað til þeir voru komnir frá völdum? Hvernig stendur á því, að þeir notuðu ekki sitt tækifæri, á meðan þeir réðu? Og bændur spyrja: Hvernig stendur á því, að á meðan Sjálfstfl. var ekki í stjórn, þá hallaði stöðugt undan fæti fyrir okkur? Og bændur lesa fleira en Tíminn, sem betur fer, og hafa margir hverjir gert sér fulla grein fyrir þeim erfiðleikum, sem nú er við að etja í okkar þjóðlífi og atvinnuháttum og að það er arfur, sem núv. stjórn hefur tekið við, sem skapar þá erfiðleika, sem nú blasa við öllum.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi um það áðan, hvert hefði verið framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs og hvað það væri nú. Hann minnti á það, að framlag til byggingarsjóðs hefði verið 600 þús. til ársins 1946, en þá hefði það verið hækkað í 2.5 millj. og væri óbreytt síðan. Þetta er alveg rétt. En hverjir hækkuðu þetta framlag? Voru það hv. framsóknarmenn, eða voru það sjálfstæðismenn, sem beittu sér fyrir því? Ég hygg, að það þurfi ekki að gefa svar við þessu. Hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist ekki á það, en það var eingöngu vegna þess, að þetta var gert af sjálfstæðismönnum, þegar framsóknarmenn voru utan stjórnar, og þetta hefur staðið óbreytt síðan, ekki vegna þess, að framsóknarmenn hafi ekki verið í stjórn á þeim árum, sem síðan eru liðin, heldur vegna þess, að þeir hafa látið það ógert og það bar ekki á því, að þeir í vinstri stjórninni impruðu á því að hækka þetta framlag, hvorki til ræktunarsjóðs né byggingarsjóðs, sem vitanlega hefði verið mjög heppilegt að gert hefði verið. Ég er ekki beinlínis að ásaka þessa hv. þm. fyrir það, vegna þess að það hefur verið fyrr en nú takmarkað fé, sem ríkissjóður hefur haft til umráða, bæði í þessu skyni og öðru. En af eðlilegum ástæðum minni ég á þetta, þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. talar um, að sjálfstæðismenn hafi í rauninni alltaf verið dragbítar á landbúnaðinn. Þessi hv. þm. er þó nægilega gamall til þess að muna, þótt ekki nema sé 20 ár aftur í tímann. Hann hefur kannske aldrei verið bóndi sjálfur, ég veit það ekki, en hann hefur þó a. m. k. komizt í snertingu við landbúnaðinn í gegnum kunningsskap sinn við bændur. Og bændur vita, að þegar sjálfstæðismenn fengu tækifæri 1942, þá var það tækifæri notað til þess að skera í sundur þá sultaról, sem hafði lengi hert að bændum. Það var með því að hækka afurðaverðið á því ári, svo að um munaði, og vitna margir bændur til þess enn í dag, að það hafi forðað þeim mörgum hverjum frá því að

flosna upp. Ég sé ekki ástæðu til þess að rifja upp margs konar löggjöf, sem Sjálfstfl. hefur beitt sér fyrir fyrir landbúnaðinn og fyrir strjálbýlið. Það vitum við öll hér í hv. d. En þetta atriði leyfi ég mér þó að minna hér á aðeins að gefnu tilefni og þá líka til þess að punta svolitið upp á kannske lélegt minni hv. 1. þm. Norðurl. e.

Við skulum nú vona um það öskufall og þau móðuharðindi, sem hv. þm. var að tala um áðan, að forsjónin verði nú svo mild við okkar þjóð að forða okkur frá tjóni af slíkum ógnaröflum. Og við skulum því gera okkur alveg grein fyrir því, hvar við stöndum, að við eigum í dag við talsverða erfiðleika að etja í okkar atvinnu- og fjármálum. Og sannleikurinn er sá, að það kvarta allir, bændurnir kvarta, verkamenn kvarta, kaupmenn kvarta, kaupfélagsstjórar kvarta og þeir, sem kallaðir eru launamenn, kvarta, útgerðarmenn kvarta, og meira að segja braskarar kvarta, vegna þess að þeim finnast vextirnir orðnir svo háir, að það borgi sig ekki lengur að braska. En þetta er ekki nema mannlegt, og þetta verður ekki til þess, að Íslendingar gefist upp í baráttunni. Þetta er afleiðing óstjórnar fyrri ára, sem þjóðin verður að taka mannlega og vel á móti, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, ég er farinn að sjá, að skilningur almennings í þessu landi er orðinn talsvert ríkari en var í þessum efnum. Ég segi því, að um leið og bændur kvarta nokkuð undan því, að afkoman sé ekki eins góð og æskilegt er, þá eru þeir reiðubúnir til þess að ganga í gegnum þá stundarerfiðleika, sem þjóðin verður að ganga í gegnum. Ég segi líka, af því að ég hef talað við ýmsa verkamenn, að þeir hafa mikinn skilning á því, að það er nauðsynlegt, að sú aðgerð, sem var gerð á s. l. vetri, megi verða lækning og að aðgerðin fái tíma til þess að gróa og jafna sig. Það er þess vegna, sem verkamenn nú eru ekkert ginnkeyptir fyrir því að fara í verkföll og gera kaupkröfur, sem hafa aðeins í för með sér óraunhæfar kjarabætur. Og þannig mun einnig verða með útgerðarmenn og aðra atvinnurekendur, að þeir munu vilja á sig leggja talsvert erfiði og mikið erfiði til þess að komast í gegnum þessa stundarerfiðleika, sem að steðja. Og við eigum í rauninni ekki nema um tvennt að velja. Við eigum um það að velja að komast í gegnum þá stundarerfiðleika, sem að steðja, og taka mannlega á móti þeim erfiðleikum, sem á sækja, eða gefast upp og leggja árar í bát, eins og Tíminn helzt prédikar nú, og búa síðan við varanlega kjaraskerðingu, við það að geta aldrei rétt úr kútnum, við það að glata sjálfstæði okkar og sjálfstrausti, en til þess má vitanlega aldrei koma. Og því er það, að þótt ýmsir kvarti og kvaki, þá er allur almenningur og hinar ýmsu þjóðfélagsstéttir við því búnar að taka mannlega á og standast þá örðugleika, sem að steðja. Þess vegna er það, sem mikill meiri hluti þjóðarinnar vonar það og treystir því, að núv. ríkisstj. fái frið til þess að starfa og koma þeirri stefnu í gegn, sem hún hefur markað í íslenzkum þjóðmálum, í íslenzku atvinnulífi og í íslenzkum fjármálum.

Ég tel ekki ástæðu til að segja öllu meira í sambandi við það, sem þessir tveir hv. framsóknarmenn hafa rætt hér í dag. Eins og ég tók fram í byrjun ræðu minnar, var annar ræðumaðurinn hóflegur og tiltölulega skýr, hinn var aftur alveg dæmalaus og málflutningur hans eins og hann getur verið verstur hjá framsóknarmönnum, og þá er langt til jafnað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Meginatriði þess máls, sem hér er á dagskrá, eru nú orðin svo ljós, að ég sé ekki ástæðu til að framlengja hinar almennu umr., sem um þau hafa farið fram og staðið hafa nú á þriðja dag.

Sú meginstaðreynd, sem fram hefur komið í þessum umr. og þær hafa að mjög verulegu leyti snúizt um, er nú öllum þm. og raunar þjóðinni allri ljós, að stofnlánasjóðir landbúnaðarins tveir, ræktunarsjóður og byggingarsjóður, eru nú raunverulega gjaldþrota. Og það getur engum blöðum verið um það að fletta, hverjir bera í raun og veru ábyrgð á því, að svo er komið, en það eru stjórnendur þessara sjóða undanfarna áratugi, bankaráð Búnaðarbanka Íslands, en þar hafa um allan þennan tíma setið tveir valdamenn úr Framsfl. auk eins sjálfstæðismanns. Meiri hluti þessa bankaráðs hlýtur að teljast bera meginábyrgðina á þeirri stefnu, sem þar hefur verið rekin, hvað svo sem menn hér kjósa að segja um þetta efni í aðra átt, og fjölyrði ég ekki um þetta.

Það voru örfá atriði úr ræðum hv. 2. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Norðurl. e., sem ég vil víkja að, áður en ég kem að því, sem ég þarf fyrst og fremst að segja við hv. 2. þm. Vestf.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) sagði, að sá samanburður, sem ég hefði gert á rekstrarkostnaði þessara sjóða og annarra hliðstæðra sjóða væri ekki sanngjarn í garð þessara sjóða landbúnaðarins, og ræddi þar sérstaklega um Framkvæmdabankann. Það er alveg rétt, og það skal ég fúslega játa, að starfsemi Framkvæmdabankans er með nokkuð öðrum hætti en starfsemi þessara sjóða landbúnaðarins, vegna þess, eins og hv. þm. gat um, að Framkvæmdabankinn veitir miklu færri og miklu stærri lán, enda gerði ég samanburð við Framkvæmdabankann ekki að neinu aðalatriði í máli mínu. Það, sem ég lagði höfuðáherzlu á, var samanburðurinn við fiskveiðasjóðinn, og það held ég að hollt væri fyrir okkur alla að rifja upp, hvernig sá samanburður lítur út, til þess að komast að raun um, að andmæli hv. þm. gegn máli mínu eru ekki á rökum reist. Það er ekki hægt að gera mínar upplýsingar tortryggilegar, ef bornir eru saman sjóðir landbúnaðarins annars vegar og fiskveiðasjóður hins vegar, því að þeir eru sannarlega mjög svipaðir í öllu tilliti hvað snertir heildarútlán og tölu lána.

Rekstrarkostnaður ræktunarsjóðs var á s. l. ári 2 millj. 476 þús. kr., en fiskveiðasjóðsins 612 þús. kr. Þó voru heildarútlánin mjög svipuð, heildarútlán ræktunarsjóðs um 236 millj. og heildarútlán fiskveiðasjóðs 215 millj. (**Gripið fram í:** Hvað eru lánin mörg?) Því miður hef ég ekki lánatöluna. En hún skiptir ekki svo miklu máli í þessu sambandi, að það geti verið skýring á þessum gífurlega kostnaðarmun. Kostnaður byggingarsjóðsins var á s. l. ári 2 millj. 139 þús. kr., en kostnaður fiskveiðasjóðsins 612 þús. kr., og þó eru útlán byggingarsjóðsins helmingi minni en útlán fiskveiðasjóðsins. Útlán byggingarsjóðsins

eru ekki nema 100.6 millj. kr., en fiskveiðasjóðsins 215 millj. kr. Það er því engum blöðum um það að fletta, að hlaðið er óhæfilega háum kostnaði á ræktunarsjóð og byggingarsjóð, og ég endurtek og undirstrika alveg sérstaklega, að hér er ekki um að ræða raunverulegan rekstrarkostnað ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, þetta er ekki kostnaður við starfsmannahald eða skrifstofuhald þessara sjóða, heldur er þetta reiknuð hlutdeild þessara tveggja sjóða í heildarrekstrarkostnaði Búnaðarbankans. Þetta er ekki raunverulegur kostnaður, heldur byrði, sem skellt er á ræktunarsjóð og byggingarsjóð með einföldum reikningi. Hver framkvæmir þennan reikning? Bankaráð Búnaðarbankans. Ég segi því aftur það, sem ég sagði um daginn, að meðan velvilji þeirra manna, sem þarna halda á málum, í garð þessara óskabarna landbúnaðarins, ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, er ekki meiri en þetta, sé ég enga ástæðu til annars en senda heim til föðurhúsanna aftur ásakanir um, að aðrir menn séu ekki nógu góðviljaðir í garð landbúnaðarins, — og síðan ekki meira um þetta.

Hv. 2. þm. Vestf. (HermJ) sagði, að engin till. hefði komið fram af hálfu okkar Alþfl.-ráðh. í ríkisstj. hans um stefnubreytingu í málefnum sjóða landbúnaðarins, og bar fyrir sig í þessu efni vitnisburð ráðherra Alþb., Lúðvíks Jósefssonar og Hannibals Valdimarssonar. Ég hafði aldrei sagt, að við hefðum lagt fram till. um stefnubreytingu í þessum efnum, enda vitum við báðir jafnvel, að þannig er ekki unnið í ríkisstjórnum. Það, sem ég sagði hins vegar, er rétt, að í hin tvö skipti, þegar lánsútvegun til sjóða landbúnaðarins, ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, var til umr. í ríkisstj., vöktum við Lúðvík Jósefsson báðir athygli á því, að með þessum erlendu lántökum væri málefnum þessara sjóða stefnt í mikið óefni og þeir tækju á sig gífurlega áhættu. Örlitlar umr. urðu um málefni sjóðanna almennt, og í því litla, sem ég sagði, vitnaði ég í skýrslu, sem efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. hafði gert um hag þessara sjóða og hv. 2. þm. Vestf. kannast vel við, þar sem leitt var í ljós með skýrum talnarökum, að hag þeirra stefndi í mikið óefni. Ég vakti athygli á þessu og því, að hér væri nauðsynlegt að gera stefnubreytingu og taka þetta mál föstum og alvarlegum tökum. Svarið var afar einfalt, eins og ég hef getið um: Þetta er ekki mál ríkisstj., þetta er mál stjórnar sjóðanna. Ef stjórnir sjóðanna vilja taka inn erlend lán með gengisáhættunni, hvorki vil ég né heldur get ég, sagði þáv. forsrh., haft nein áhrif á það. Og þó að ég gæti það, mundi ég aldrei nokkurn tíma samþykkja það, að sjóðirnir tækju á sig gengisáhættu. — Þar með var útrætt um málið. Það er rétt, að þessar umr. urðu ekki langar og ég segi ekki heldur sérlega merkilegar, enginn rökstuðningur fram og til baka og auðvitað engin till., en þessar skoðanir komu fram annars vegar af hálfu beggja ráðh. Framsfl. og hins vegar af hálfu okkar Lúðvíks Jósefssonar.

Þá skýrði hv. þm. frá því, að hann hefði fengið bókhaldara sjóðanna til þess að gera upp þá hækkun, sem hefði orðið á hinum erlendu lánum sjóðanna vegna 55% yfirfærslugjaldsins og gengisbreytingarinnar nú í febrúar, og sagði, að niðurstaðan af því hjá honum hefði verið, að mig minnir, 98 millj., ef ég man töluna rétt, en ekki 83, eins og ég hafði haldið fram í minni ræðu, og talan 98 væri hærri en 90, sem hann hefði notað hér fyrsta daginn, sem við deildum um málið. En skýringin á þessu var ofur einfaldlega sú, að fyrsta daginn, sem við vorum að tala um málið, og annan daginn vorum við að tala um þau lán, sem frv. fjallar um að ríkissjóður taki að sér. Það er gengistapið á þeim, sem þeir hrópuðu fram í fyrir mér að væri 90 millj. kr., en er 83 millj. kr. Þetta er ómótmælanlegt. Það, sem hann hefur nú látið gjaldkera eða bókhaldara sjóðanna gera, er að reikna út gengistapið af öllum erlendum skuldum sjóðanna. En eins og ég hef tekið fram, ég held í hvert skipti, sem ég hef talað í málinu, þá eru allar erlendar skuldir sjóðanna talsvert miklu meiri en þær erlendu skuldir, sem þetta frv. fjallar um. Ég efast ekki um, að tölur bókhaldarans séu réttar, en þessi talnamismunur er alveg auðskýranlegur, en það staðfestir mál mitt í þessu efni, en ekki það, sem hann og hans flokksbræður héldu fram fyrst, að gengistapið á lánum þessa frv. væri 90 millj. Hann fjölyrti hins vegar ekkert um það, hvernig þessi heildartala skiptist á 55% gjaldið og gengislækkunina frá því í vetur, og gekk fram hjá því, sem var fyrst og fremst rangt í hans fyrstu staðhæfingu, að gengislækkunin hefði þýtt 90 millj. kr. fyrir sjóðina tvo, sem vitanlega er alrangt.

Ég hefði líklega sleppt að gera þessar smávægilegu athugasemdir við það, sem fram hefur komið, enda var málflutningur hv. þm. Framsfl. að öllu leyti miklu hóflegri og sanngjarnari nú en hann hefur verið tvo undanfarandi daga, að ég hefði vel getað látið þetta allt mál niður falla af minni hálfu. En hv. þm. ræddi um, hvernig Bretar byggju að sínum landbúnaði, og það átti að vera aðaltrompið í hans framlagi til málsins í dag. Til samanburðar við þá vondu menn á Íslandi, mig og ýmsa aðra, sem væru nú farnir að gerast fjendur landbúnaðarins, vildi hann nefna, hvernig Bretar, sú mikla og vísa þjóð, hvernig hún byggi að landbúnaði sínum, og það væri eitthvað annað. Hann nefndi gífurlega tölu í sterlingspundum og krónum, allt talið í milljörðum. Hann sagði, að styrkir til bænda í Bretlandi næmu hvorki meira né minna en 10 milljörðum króna og uppbætur á brezkar landbúnaðarvörur næmu hvorki meira né minna en 17 milljörðum króna, og þetta átti — skilst mér — að slá allt út, sem þekkt væri í veröldinni, og í þessu efni ættum við að taka Breta okkur til fyrirmyndar. Það er enginn vafi á því, að hann hefur snúið sér til Bretlands með þessar upplýsingar vegna þess, að honum hefur boðið í grun, að Bretar gerðu betur við sinn landbúnað, sem er mikið vandamál fyrir efnahagslífið, en nokkur önnur þjóð. Ég hefði vel getað unnt hv. 2. þm. Vestf. þess að athuga málið svolítið betur, áður en hann gerði þessar tölur þingheimi kunnar og þá um leið þjóðinni allri. Ég hefði vel getað unnt honum þess, að hann hefði athugað þetta mál svolítið betur. En fyrst hann gerði þetta að stóratriði í málflutningi sínum til varnar þeirri stefnu, sem hann er hér að verja, ætla ég að gera

það, sem hann hefði átt að gera, áður en hann skýrði frá tölunum, þ. e. að bera þessar tölur saman við tilsvarandi tölur hér á Íslandi. Það er mjög fljótgert. Ég gerði það hér við borðið áðan, meðan hæstv. landbrh. var að tala.

Íbúar Bretlands eru 53 millj., þannig að 10 milljarða útgjöld til styrktar brezkum bændum svara til 190 kr. á mann í Bretlandi. Bretar verja m. ö. o. til styrktar sínum landbúnaði 190 kr. á mann. Hann sagði, að til uppbóta verðu þeir 17 milljörðum. Það svarar til þess, að þeir verji til uppbóta á landbúnaðarvörur í Bretlandi 320 kr. á mann. Til hvers svarar þetta hér? Við erum 170 þús. að tölu hér á Íslandi. Sambærileg tala hér á Íslandi við það, sem Bretar verja til styrkja á landbúnaðarvöru, mundi vera 32.3 millj. kr., miðað við 190 kr. á mann, og það, sem Bretar verja í uppbætur á sínar mjög dýru landbúnaðarvörur, eru 320 kr. á mann, þ. e. 54.4 millj. kr.

Ég ætla að víkja fyrst fáeinum orðum að styrkjunum sjálfum, sem hér á Íslandi, ef við tökum okkur Breta til fyrirmyndar, ættu að nema 32.3 millj. kr. Við skulum fletta upp í fjárl., sem allir þm. hafa á borðinu fyrir framan sig, 16. gr. A, þar sem fé er veitt til landbúnaðarmála. Hver skyldi vera heildartalan á þeirri grein? 77.3 millj. kr. Nú er þess að vísu að geta, að hér er um miklu meira að ræða en styrki og sums staðar er um að ræða óbeina styrki, en ég skal vera mjög sanngjarn í garð hv. ræðumanns og mjög sanngjarn. (**HermJ**: Hve mikill hluti af þjóðarframleiðslunni er landbúnaður í Bretlandi? Það ætti að bera það saman.) Það skiptir ekki máli í þessu sambandi. (**HermJ**: Má ég til þess að þurfa ekki að taka tvisvar sinnum fram í upplýsa það, að ⅔, sem ekki er beinlínis gefið úr ríkissjóði, eru 60 ára óuppsegjanleg lán með 2% lægri vöxtum en það, sem lánað er út á hér?) Við skulum sjá, hvað kemur á móti hér, ef við tökum tölurnar, sem ég var að byrja að rekja. Ég skal taka úr þessum lið, 16 A, einungis þær tölur, sem eru beinir, óafturkræfir styrkir til íslenzkra bænda. Það eru tveir liðir. Það eru gjöld vegna jarðræktarlaganna 27.8 millj. kr. og framlög samkv. lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum um 15.6 millj. kr. Samtalan úr þessum tveimur liðum, sem allt saman eru beinir styrkir, útborgaðir, óafturkræfir styrkir til íslenzkra bænda, er 43.3 millj. kr. Í formi tvenns konar styrkja fá íslenzkir bændur 43.3 millj. kr. eða um það bil þriðjungi hærri tölu en þeir ættu að fá, ef fordæmi Breta gagnvart þeirra landbúnaði væri fylgt.

Ef ég síðan færi út í að taka liði, sem eru stuðningur við landbúnað, — ekki beinn styrkur til bændanna, heldur stuðningur við landbúnaðinn, — þá kemur mjög fljótlega upp í tölu, sem liggur á milli 50 og 60 millj. kr. Ef tekið er til viðbótar enn það, sem íslenzkir bændur fá greitt í peningum í útflutningsuppbætur, sem eru ekki til í Bretlandi, er komið upp í tölu á milli 70 og 80 millj. kr. Á slíkum tölum þarf ég ekki að halda til þess að afsanna, hvílík geysileg mistök hv. þm. gerði til stuðnings sínu máli að bera okkur saman við Breta, sem þó búa betur að sínum landbúnaði, hygg ég, heldur en flestar aðrar þjóðir, a. m. k. í Evrópu.

Hvernig lítur svo málið út, ef við tökum niðurgreiðslurnar? Niðurstaðan af því dæmi er hv. þm. enn óhagstæðari en þetta. Eins og ég sagði áðan, ættu niðurgreiðslur á Íslandi af íslenzkum landbúnaðarvörum að vera 54.4 millj. kr., ef við gerðum eins og Bretar. Hvað skyldu þær vera? Hvað skyldu þær vera áætlaðar í ár? 256 millj. kr. eða réttum fimm sinnum meiri en er í Bretlandi. (Gripið fram í.) Það var ég ekki að segja. Ég er að bera saman við þá tölu, sem hv. þm. vitnaði til um Bretland sem fyrirmynd. Þetta, sem ég hef sagt nú, hefði verið óþarft, ef hv. þm. hefði ekki skýrt frá dæmi Bretlands sem fyrirmynd, sem dæmi um það, hversu vel önnur stórþjóð og góð þjóð, skildist mér, gerði við sinn landbúnað. Niðurstaðan er sú, að hún gerir miklu minna fyrir landbúnað sinn en við gerum hér eða höfum gert undanfarin ár, — miklu minna. Ég vil því segja aftur, að hv. þm. var vægast sagt seinheppinn í þessum málflutningi sínum.

Að síðustu skal ég svo láta þess getið, að þó að búið sé svona miklu betur að íslenzkum landbúnaði en gert er í Bretlandi, þá er eins og hv. þm. framsóknarmanna finnist langt frá því að vera nóg að gert. Ég hef gert mér það til gamans að tína saman þau frumvörp, sem hv. framsóknarmenn hafa flutt á þessu þingi til eflingar íslenzkum landbúnaði og til beins og óbeins stuðnings og styrks við íslenzka bændur, og athugað, hvaða kostnaðarauka þetta mundi leiða af sér á fjárlögum ár hvert næstu ár, a. m. k. á næsta ári. Og um þessi frumvörp skal ég nú lofa þm. að heyra. Þó að þau liggi á borðunum hjá þm. dreifð í bunkunum, sem fyrir framan þá liggja, þá er ekki víst, að menn hafi gefið sér tíma til þess eða látið sér detta í hug að leggja þau öll í einn bunka og taka tölurnar út úr þeim og leggja þær saman, en það er fróðlegt.

Það er frv. til l. um, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á erlendum lánum, sem hvíla á ræktunarsjóði, það frv., sem hér er til umr. og ég nefni fyrst. Samþykkt þess mundi þýða 13.9 millj. árlegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Þá er í öðru lagi frv. til l. um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa, 20 millj. á 4 árum, 5 millj. kr. Í þriðja lagi frv. til l. um vega- og brúasjóð, sem mundi hækka framlög ríkisins til vega og brúa frá fjárlagafrv. nú um 78.5 millj. kr. Í fjórða lagi frv. til l. um auknar framkvæmdir til vegagerða á Vestfjörðum og Austurlandi, 6 millj kr. Í fimmta lagi frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til endurnýjunar á ræktunarvélum, u. þ. b. 3 millj. kr. Í sjötta lagi frv. til l. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, 20 millj. kr. Í sjöunda lagi frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, 2.5 millj. kr. — 7½ millj. á ári í 25 ár og árleg hækkun 2.5 millj. kr.

Ég hefði átt að hafa fyrirsögnina að þessu ofur lítið víðtækari en ég hafði hana, en hér er um að ræða frumvörp til beins og óbeins stuðnings við bændur og til framkvæmda í dreifbýlinu. Þetta vildi ég leiðrétta. Þetta eru samtals 128.9 millj. kr., þ. e. frumvörp framsóknarmanna til

beins eða óbeins stuðnings við bændur og til framkvæmda í dreifbýlinu. Ég vil segja það aftur, ég vil taka af öll tvímæli um þetta, það eru 128.9 millj. kr., og a. m. k. yrði kostnaður sá sami fyrir ríkissjóð, hvort sem þetta er beinlínis stuðningur við bændur eða til framkvæmda í dreifbýlinu. En það er mergurinn málsins, þetta eru 128.9 millj. kr.

Ef þessi frumvörp yrðu samþykkt, þessi 129 millj. kr. útgjaldaaukningafrumvörp framsóknarmanna, mundi þurfa að hækka skatta og tolla á hverri fimm manna fjölskyldu í landinu um 3800 kr. Þetta eru frumvörp, hverra samþykkt mundi þýða 3800 kr. nýja tolla og skatta á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þeir menn, sem hafa komið stofnlánasjóðum landbúnaðarins á vonarvöl, virðast nú hafa sérstakan áhuga á því að koma ríkissjóði á vonarvöl líka.

Þetta dæmi um frumvarpaflutning Framsfl. sýnir, að í raun og veru er Framsfl. að tefla sér úr leik ábyrgra stjórnmálaflokka á Íslandi, og í ljósi þess er eflaust hægt að skoða málflutning hans í sambandi við þetta mál.

Umr. frestað.

Á 16., 17. og 18. fundi í Ed., 4., 7. og 8. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 10. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að flytja mál mitt nema hæstv. viðskmrh. sé í d., þar sem ég þarf aðallega að ræða við hann, og óska ég eftir því, að hann verði sóttur ellegar þessari umr. verði frestað að öðrum kosti. (**Forseti:** Í tilefni þessa vil ég segja frá því, að ég hef ekki neina hugmynd um, hvar hæstv. viðskmrh. er staddur, en hér var hæstv. landbrh., og ég stóð í þeirri meiningu, að það mundi e. t. v. vera nægilegt, en fyrst svona stendur á —) Það er ekki nægilegt, þar sem hæstv. viðskmrh. er aðalforsvarsmaður ríkisstj. í þessu máli. (**Forseti:** Þá þykir mér rétt að verða við óskum hv. þm. og fresta þá umr.)

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Ed., 14. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það kann að vera, að það sé ekki mikil ástæða að ræða þetta mál af minni hálfu, þar sem þeir hafa svarað og hrakið allar staðhæfingar hæstv. viðskmrh., þeir hv. 2. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Norðurl. e., og af þeim ástæðum get ég farið nokkuð fljótt yfir sögu. Ég vil þó ekki láta hjá líða að minna hæstv. viðskmrh. á nokkuð af því, sem hann sagði og ég tel að hann hafi mjög gott af að hugleiða, því að mér fannst þessi hæstv. ráðh. tala þannig, að hann væri mjög ókunnugur landsmálum, og þó er vitað mál, að hann hefur setið alllengi á hinu háa Alþingi og auk þess komið mjög við stjórn landsins.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það ætti að hækka vexti af stofnlánum og að það ætti að lána erlendu lánin frá stofnlánasjóðum landbúnaðarins með gengisklásúlu. Þetta sagði hæstv. ráðh. Hins vegar bar hann á móti því, að það væri nokkur möguleiki á því, þrátt fyrir mikinn vilja ríkisstj., að láta bændur greiða þá gengisbreytingu, sem orðin er á þeim erlendu lánum, sem þegar hafa verið veitt. Hitt lét hann mjög í veðri vaka, að ríkisstj. ætlaði að beita sér fyrir þessu tvennu: að lána stofnlánasjóðunum erlend lán og síðan yrðu þau lánuð til bændanna með gengisklásúlu, og jafnvel að réttast væri að borga almenna viðskiptavexti af þessum lánum. Dæmið lítur því þannig út, að bóndi, sem e. t. v. fær 100 þús. kr. lán á þessu hausti, ef á annað borð verður nokkurt fé veitt í þessa sjóði, út á þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið nú, og sitji þessi stjórn nokkuð áfram og felli hún gengið á ný, við skulum segja um 40%, þá er lánið komið upp í 140 þús., nú vilji hæstv. viðskmrh. hafa almenna vexti af þessum lánum, — við skulum segja 9%, eins og ég hygg, að hann vilji helzt, — þá mundu vextirnir verða af þessu láni upphaflega 9 þús. kr., en eftir gengisbreytingu hæstv. viðskmrh. mundu það verða 12600 kr. Þetta eru þau kostakjör, sem hæstv. viðreisnarríkisstj. er að bjóða bændastétt landsins þrátt fyrir fögur loforð nú fyrir ári.

Hæstv. ráðh. hefur að vísu skipt um skoðun oft hér á Alþingi, og fer það mjög eftir því, hversu mikla ábyrgð hann þarf að bera á stjórnmálum landsins í það og það skipti. Mér er það minnisstætt, að árið 1954, þegar þá voru hækkaðir vextir af stofnlánum landbúnaðarins, greiddi þessi hæstv. ráðh. atkv. gegn því. Þá var engin nauðsyn að gera slíkt. En nú aftur á móti var það mikil nauðsyn, eftir að sex ár eru liðin, og rök hæstv. ráðh. í þessum efnum eru eins og oft áður hver á móti öðrum. Það er líka vitað mál, að flokkur hæstv. viðskmrh. stóð upphaflega að samningu þeirrar löggjafar, sem stofnlán landbúnaðarins eru veitt eftir, þótt viðskmrh. hæstv. fordæmi þessa löggjöf svo mjög nú, og það hafa heldur aldrei — aldrei nokkurn tíma — komið neinar sérskoðanir frá Alþýðuflokksmönnunum í þessum efnum og ekki heldur frá hæstv. viðskmrh. fyrr en nú. Þeir hafa verið hinir ánægðustu að eiga mann í bankaráði, bæði fyrr og nú, án þess að þeir hafi látið í ljós nokkra vankanta á þeirri lánastarfsemi, sem fram hefur farið hjá stofnlánasjóðum Búnaðarbankans.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að það væri glæfrahugsunarháttur að láta almenning greiða gengismuninn, sem orðinn er á þeim erlendu lánum, sem stofnlánasjóðir landbúnaðarins hafa fengið, — það væri glæfrahugsunarháttur að ætla sér annað eins. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er það ekki glæfrahugsunarháttur hjá hæstv. ríkisstj. að ætla almenningi að borga gengisbreytinguna með öllum sköttunum, sem voru lagðir á á s. l. vetri? Er ekki eitthvað glæfralegt við það? Og síðan að bæta 12% vöxtum ofan á alla almenna útlánastarfsemi í landinu? Það er eitthvað glæfralegt við þá ríkisstj.

Það hlýtur að vera eitthvað glæfralegt við þá stjórn, sem ekkert tillit vill taka til getu þegna

sinna í þjóðfélaginu, því að það hefur þessi hæstv. ríkisstj. alls ekki gert, — það væri synd og skömm að segja slíkt um hana.

Það væri líka fróðlegt, ef hæstv. viðskmrh. vildi sýna og sanna það, hvað hann er búinn nú að íþyngja þjóð sinni með sköttum og álögum, síðan hann komst til valda fyrir tveimur árum. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að hver 5 manna fjölskylda í landinu hefur orðið að taka á sig um 30—40 þús. kr. byrði á þessu ári vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið fyrir tilstilli þessa hæstv. viðskmrh., sem er að tala um glæfraaðferðir í fjármálum hjá öðrum aðilum. Það er eitthvað glæfralegt við menn, sem gera þessa hluti.

Það er enginn vafi á því, að ef landbúnaðurinn hefði aldrei átt þess kost að njóta þeirra góðu kjara, sem þessi stofnlán hafa veitt, þá hefði búvöruverð í landinu verið miklu hærra, þá hefðu neytendur orðið að greiða miklu hærra verð fyrir landbúnaðarafurðir en þeir hafa gert, svo að það er ekki hægt að skrifa þessi lán og þennan gengismun á kostnað bændanna einna, vegna þess að á þann hátt hefur allri þjóðinni verið ívilnað. Það er ekki einungis bændastétt landsins, sem þessa hefur notið, heldur og þjóðin öll. Og því ber, þegar á það er litið, þjóðinni í heild fyrst og fremst að taka á sig það, sem þarf að leiðrétta í þessum efnum.

Þá hefur hæstv. ráðherra talað mikið um gjaldþrota sjóði. En væri nú ekki hollara fyrir þennan hæstv. ráðherra — viðskmrh. — að skyggnast vel um í heimagarði sínum, þar sem hann hefur húsbóndavaldið, og vita, hvort þar er allt eins og vera ber á því sviði.

Það er vel kunnugt frá undanförnum árum hér á hv. Alþ., að það er ein stofnun, sem heyrir undir þennan hæstv. ráðh. og endurskoðendur ríkisreikninga hafa gert mjög miklar athugasemdir við, án þess að hafi fengizt bót á því ráðin, og þess vegna held ég, að viðskmrh. og menntmrh. væri nær að reyna til þess að leiðrétta það, sem misferst innan þess verkahrings, sem hann á að sjá um, áður en hann talar um gjaldþrota sjóði og fjárglæframennsku á öðrum sviðum og hjá öðrum aðilum. Ég held, að þessi hæstv. ráðh. geti neytt krafta sinna betur og á viðeigandi hátt annars staðar, frekar en þegar hann er að ræða um landbúnað, því að þar hefur hann sáralitla vitneskju um.

Þá minntist ráðh. á það, að hann skildi það mjög vel, að mér hefði þótt vont að fara úr bankaráði. Það skildi ráðh. Og ég held helzt, að það hafi verið það eina, sem hæstv. ráðh. skildi. Um það skal ég ekkert segja, hvort mér hefur þótt það vont eða ekki, en þarna var ég aldrei nema um stundarsakir og aðeins sem varamaður. Og ef hæstv. ráðh. veit það ekki, þá hef ég byggt mitt lífsstarf upp á allt öðru en bitlingastarfsemi, — en það skilur ráðherrann e. t. v. ekki. Og það er eins með mig og aðra bændur landsins, að ég á mína afkomu undir sól og regni. En ég ætlast ekki til þess, að hæstv. viðskmrh. skilji slíkt, vegna þess að hann hefur aldrei þurft að eiga sína afkomu undir sól og regni. En úr því að ráðh. minntist á þetta, finnst mér ekki óviðeigandi að minna þennan hæstv. ráðh. á atburð, sem gerðist fyrir tveimur árum. Það var ráðh., sem einnig var prófessor, og þessi prófessor og ráðh. sótti um forstjórastarf hér í höfuðborginni, vegna þess að hann treysti sér ekki til að lifa sem ráðherra og sem prófessor, heldur þurfti hann að fá forstjórastarf líka. Nú urðu atvikin þau, að þessi hæstv. ráðh. hlaut ekki þetta forstjórastarf vegna ýmissa atvika, sem þar komu inn í. En þann 12. des. 1958 ritar hæstv. ráðh., sem sótti um forstjórastarfið, ýtarlega grein í Alþýðublaðið, þar sem hann er að rita um umsókn sína, vegna þess að honum fannst hann þurfa að skýra framferði sitt gagnvart íslenzku þjóðinni. Og ráðherra, sem sækist svona mikið eftir völdum, er varla trúandi til þess að geta litið í alla þá kima, sem til eru í þjóðfélaginu, og séð, hvernig þegnunum þar vegnar. Maður, sem þarf svona mikið til að lifa af og tárfellir, þegar hann fær ekki þriðja stóra embættið, getur varla skilið ástæðurnar fyrir því, hvers vegna fátæklingarnir í landinu hafa ekki nóg til að lifa af. Hann hugsar vafalaust eins og danska drottningin forðum: „Hvers vegna borðar fólkið ekki heldur brauð og smjör en að deyja úr hungri?“

Ég held, að hæstv. ráðh. hefði sannarlega gott af því að ráða sig um stundarsakir á sjó eða sem verkamann í sveit, svo að hann skilji eitthvað, hvað þeir eiga við að búa, sem eiga sitt undir sól og regni og búa kannske við lökust lífsskilyrði hér á landi. En á þetta minnist ég nú vegna þess, að mér fannst, að grunntónninn í ræðu hæstv. ráðh. væri á þann veg, að hann væri að storka bændastétt landsins af því, að hún gæti ekki lifað af því, sem hún hefði. En þau mál held ég að ráðh. hefði gott af að kynna sér, því að það hefur hann sannarlega ekki gert, og hans meðráðherrum hefur ekki heldur tekizt að koma honum í skilning um það, hafi þeir þá einhverjir einhvern tíma reynt það.

Þá minntist hæstv. viðskmrh. á nokkrar till. okkar framsóknarmanna, og virtust þær fara mjög í taugarnar á honum. Það undrar mig ekki, því að hugur þessa hæstv. ráðh. og hans flokksbræðra nær í raun og veru ekki út fyrir Reykjavík, — kannske til Keflavíkur, Hafnarfjarðar og einstöku sinnum upp á Akranes, — lengra nær ekki hugur og starf þessa hæstv. ráðh. og hans flokksbræðra, vegna þess að ráðh. sagði, að vegir og brýr væru því nær eingöngu í þágu bændanna í landinu. Ráðh. þarf ekkert á vegum að halda, þegar hann þarf að skreppa út á land eða hans flokksbræður. Það er ekki í þeirra þágu, það er í bændanna þágu og þeirra, sem dreifbýlið byggja, sem vegirnir eru gerðir, en ekki annarra, eftir þeim ummælum, sem hæstv. ráðh. lét í veðri vaka.

Hæstv. ráðh. og hans flokksbræður varðar ekki um græðslu lands, skógrækt og sandgræðslu og framræslu og annað það, sem kann að bæta lífskjör þeirra, sem dreifbýlið byggja, og almennings alls í landinu og komandi kynslóða. Þetta eru allt aukaatriði hjá hæstv. viðskmrh., og það er eingöngu framsóknarbull að vera að reyna til þess að auka þessa starfsemi og tryggja þjóðinni góðar búvörur í framtíðinni með því að rækta landið. Nei, ráðh. telur, að það megi eins sækja út fyrir landsteinana kjöt og mjólk, eins og vera

að kaupa það innanlands á miklu lægra verði en ég hygg að þekkist a. m. k. í okkar nágrannalöndum, því að ég efast mjög um, samanborið við laun og annað, að þar séu landbúnaðarafurðir jafnódýrar og hér er, og því ekki að gera allt, sem unnt er, til þess að geta í framtíðinni útvegað fólki jafnhollar og góðar og ódýrar vörur og landbúnaðarvörurnar eru nú í dag? Þetta getur ráðh. allt saman reiknað á kostnað okkar bændanna einna og annarra ekki. En ég hygg, að sá hópur verði fámennur, sem fylgir þessum hæstv. viðskmrh. að málum í þessum efnum, jafnvel ekki allir Alþýðuflokksmenn.

Ég held, að ráðh. hefði gott af að hugleiða, hvernig verkamannastjórnin í Noregi býr að landbúnaðinum þar og hvernig Verkamannaflokkurinn beitir sínu áhrifavaldi til þess að tryggja og efla norska landbúnaðinn. Þar ríkir nákvæmlega sami hugsunarháttur og ríkti hér áður fyrr, meðan segja má að Alþfl. væri í blóma undir forustu Jóns Baldvinssonar. En sem vitað er, þá hefur þessum flokki — Alþfl. — hrakað mjög síðan og skilur ekki orðið þýðingu atvinnulífsins fyrir þjóðina lengur. En ég vil benda hæstv. viðskmrh. á, hvað Verkamannaflokkurinn norski gerir fyrir norsku bændastéttina og þá, sem vilja leggja út í að yrkja jörðina, sem kallað er. Það er vitað mál, að Norges Småbruk- og Bustadbank veitir styrki og lán til byrjenda í búskap, og nema þeir styrkir eða óafturkræf framlög allt að því 12200 norskum kr. á býli, og þar fyrir utan eru veitt vaxtalaus lán í allt að 7 ár og mega nema að upphæð 40 þús. norskra króna, — þetta er til peningshúsabygginga, — og þar fyrir utan allt að 10 þús. norskar krónur til íbúðarhúsabygginga. Fyrir utan þetta til bygginganna eru veittir jarðræktarstyrkir, bæði til framræslu, grjótnáms og túnræktar og einnig til að rækta beitilönd, til vegagerðar, vatnsleiðslu og til skolpleiðslu, fyrir utan svo það, að margs konar styrkir eru veittir til búfjárræktar þar í landi. Þetta telja Norðmenn mjög þýðingarmikið, til þess að þeir geti í framtíðinni tryggt það, að þeir verði sjálfum sér nógir með þær nauðsynlegu fæðutegundir, sem landbúnaðurinn veitir hverri þjóð, sem kann að meta gildi hans.

Það er líka vitað mál, að Bretar hafa stóraukið alla styrktarstarfsemi til eflingar landbúnaðinum, síðan þeir voru innilokaðir á stríðsárunum síðast. Þá skildu þeir fyrst, hvers virði landbúnaðurinn var fyrir brezku þjóðina. En vera má, að Ísland þurfi að vera einangrað og innilokað, til þess að hæstv. viðskmrh. skilji þýðingu landbúnaðarins fyrir íslenzku þjóðina.

Það er hart að þurfa að hlusta á það hér í sölum Alþingis af vörum talsmanna hæstv. ríkisstj., að þeir, sem lengstan hafa vinnudag í landinu, skuli vera óverðugir launa sinna, eins og greinilega hefur komið í ljós hjá hæstv. viðskmrh.

Ég mótmæli þeirri samdráttaríhaldsstefnu, sem hæstv. ríkisstj. boðar nú í landbúnaðinum. Hins vegar vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sóma sinn í því, að nú þegar geti hafizt lánveitingar úr stofnlánadeildum Búnaðarbankans, svo að bændur þurfi ekki lengur að bíða á milli vonar og óttа um það, hvort þeir fái nokkurn eyri að láni út á þær framkvæmdir, sem þeir hafa gert á þessu ári og framkvæmt undir þeirri mestu dýrtíð, sem skollið hefur nokkru sinni yfir land og þjóð, og að þau lán verði með þeim hætti, að bændastétt landsins stafi engin hætta af í framtíðinni.

Hæstv. viðskmrh. segist vera á móti frv. þessu. En á hvern hátt ætlar þá hæstv. ráðh. að leysa þetta vandamál? Eða ætlar hæstv. ráðh. enn einu sinni að ýta málinu til hliðar og gera ekki neitt, því að fyrir aðgerðaleysi hæstv. núv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. er málið komið á þann veg, sem þegar hefur verið lýst, og mundi ekki neinum vandkvæðum hafa valdið, ef þessar tvær ríkisstj. á s. l. tveimur árum hefðu tekið skynsamlega á málunum, eins og jafnan hefur verið gert áður. Þetta mál verður að leysa, og það verður ekki leyst á annan skynsamlegri og betri hátt en þann, sem fram kemur í frv. þessu. Þess vegna vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sóma sinn í því að samþykkja þetta frv., og mun hennar vegur og vegsauki verða að meiri hjá bændastétt landsins heldur en nú blasir við og hefur blasað við síðan hún kom til valda.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessi ræða var hv. 1. þm. Vesturl. því miður til minnkunar. Ég skal segja það aftur, að þessi ræða var hv. 1. þm. Vesturl. því miður til minnkunar. Ég ber engan óvildarhug til hans og hlakka því ekkert yfir því, en staðreynd er það engu að síður, og það þykir mér undarlegt, að sú algerlega málefnalega gagnrýni, sem ég setti fram á sínum tíma á stjórn landbúnaðarsjóðanna, skuli hafa orðið til þess, að fyrst og fremst hann hefur ekki leitazt við að svara þeim ádeilum málefnalega, heldur kýs þann kostinn að beina, að því er ég vildi segja, algerlega ósæmilegum skeytum að mér persónulega. Það skiptir mig engu máli. Ég mun að vísu andmæla því, sem hann sagði, í örfáum orðum á eftir, en hins vegar halda mér við málefnið.

Ég endurtek það, að hann hafði ekkert að segja um raunverulegt vandamál stofnlánasjóða landbúnaðarins. Hann veit þó, í hverju það vandamál er fólgið. Hann veit, að vandamálið er fólgið í því, að árlegur rekstrarhalli sjóðanna er nú miklu meiri en þær fjárveitingar, sem sjóðirnir fá á Alþ. og hafa fengið undanfarin ár með samhljóða atkv. alþm. Þannig hefur verið á málum haldið, að þessar fjárveitingar duga ekki í ár til þess að halda uppi þeim lánum, sem sjóðirnir hafa innt af hendi undanfarin ár, og enn alvarlegra er þó ástandið, ef lengra er horft fram í tímann, því að það er alveg augljóst mál, að á næsta ári mundu útlán sjóðanna verða að minnka niður í brot af því, sem þau eru núna, ef ekki yrði gripið til alveg sérstakra ráðstafana.

Hv. deildarmönnum er áreiðanlega algerlega ljóst, að við samþykkt þessa frv., þó að við létum að vilja flm. og samþ. það, gerist það eitt, að kvittað er fyrir verulegan hluta af syndum fortíðarinnar og gengisáhættunni, sem verið hefur að veltast á sjóðina undanfarin ár, er velt yfir á allan almenning í landinu, með því að hver einasti fjölskyldufaðir í landinu yrði látinn skrifa undir um 4000 kr. skuldabréf. En vandi framtíðarinnar er algerlega óleystur. Á hann er ekki

minnzt í grg. frv. Á hann hefur ekki verið minnzt í einni einustu af ræðum formælenda frv. Hér heldur hv. 1. þm. Vesturl. skapmikla ræðu, sem kemur upp um það, að honum er mjög heitt í hamsi, og hafði ekki eitt einasta orð að segja um það, hvernig eigi að leysa vandamál sjóðanna á næsta ári og á næstu árum. Þetta vil ég kalla ámælisvert á hæsta stigi.

Það er ósköp auðvelt verk að fleygja inn á Alþ. frumvörpum um að gefa kvittun fyrir gamlar syndir, og það gera þessir hv. þm. Hitt gera þeir ekki, sem þó ætti að vera höfuðskylda þeirra, ef þeir bera þann góða hug til landbúnaðarins, sem þeir láta í veðri vaka, að koma fram með raunhæfar till. um lausn framtíðarvandans. Eftir þeim hef ég lýst áður, og þær sjá ekki dagsins ljós. Meðan þær eru ekki lagðar fram, fæ ég ekki varizt þeirri hugsun, að það sé kannske eitthvað annað, sem fyrir þeim vakir með þessum tillöguflutningi, en það eitt a. m. k. að rétta hag bágstaddra íslenzkra bænda. Það skyldi ekki vera, að tilgangurinn að öðrum þræði a. m. k. væri að hafa í frammi áróður, að gera sig góða í augum þeirrar stéttar, sem þeir telja kjörfylgi sitt fyrst og fremst komið undir.

Hv. þm. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að hækka ætti vexti af landbúnaðarlánum og láta bændur bera gengisáhættuna. Það, sem ég sagði um þetta efni fyrst og fremst, var, að við yrðum að gera okkur ljóst, að erlend lán verða ekki tekin án nokkurrar gengisáhættu, og spurningin er, hver eigi að bera hana. Einhver hlýtur að bera hana. Ég sagði, að það væri eðlilegast, að þeir bæru hana, sem nytu lánanna, en ef það væri ekki talið eðlilegt af einhverjum ástæðum, yrði að benda á þá aðila, sem sanngjarnara væri að láta bera hana heldur en þá, sem lánin fá. Hitt er of ódýr afstaða til málsins að segja: Þjóðin í heild skal bera hana. Þeir aðrir, sem þannig verða að bera áhættu fyrir eina stétt, hafa vissulega líka rétt til þess að segja: Nei, það skal hver bera þá byrði, sem hann nýtur góðs af.

Um það, hvort hækka ætti vexti af landbúnaðarlánunum, hef ég aldrei sagt, að það væri nauðsynlegt eða sjálfsagt að fara inn á þá braut, allra sízt að láta landbúnaðinn bera markaðsvexti. Þm. getur lesið þær ræður, sem ég hef haldið um þetta, og það mun hvergi finnast þar. Hitt sagði ég, að ég væri ekki sannfærður um, að það væri hin rétta landbúnaðarpólitík að halda vöxtum niðri í algerlega óeðlilegu lágmarki, og það stend ég við og það skal ég segja aftur, því að það er sannfæring mín, að um það má mjög deila, hvort heppilegt er fyrir landbúnaðinn sjálfan að fara með vexti af stofnlánum hans niður fyrir eðlilegt mark. Hitt getur vel komið til mála, að ívilna landbúnaðinum eitthvað, jafnvel talsvert, með vöxtum, sem eru lægri en almennir markaðsvextir, en í þessum efnum eins og fleiri verður að hafa nokkurt hóf á. Ef bilið á milli þeirra vaxta, sem landbúnaðinum og öðrum atvinnuvegum kynni að vera gert að greiða, og markaðsvaxtanna er orðið óeðlilega hátt, er ekki aðeins heildinni gerður ógreiði með slíkri pólitík, heldur jafnvel þeim atvinnugreinum, sem slíkra algerlega óeðlilegra forréttindavaxta njóta, því að þá er efnt þar til fjárfestingar, sem til frambúðar reynist ekki heppileg. Þetta eru skoðanir, sem ekki aðeins ég hef einn, heldur fjölmargir fleiri, sem um langt skeið hafa fjallað um þessi mál og önnur þeim skyld.

Hv. þm. vitnaði til þess, að ég hefði greitt atkv. á móti frv. um vaxtahækkun ræktunarsjóðs árið 1954. Það er rétt. Ég átti þá sæti í fjhn. Nd., en einmitt þar kom fram í ræðu, sem ég flutti sem frsm. minni hl., þessi hugsun, sem ég nú er að lýsa, svo að ég vísa algerlega heim til föðurhúsanna ásökunum um, að ég hafi skipt um skoðun í þessu máli. Þó var ég þá í stjórnarandstöðu, en er nú í stjórn. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að leyfa mér að lesa nokkrar setningar úr ræðu minni þá, sem taka af öll tvímæli um, hvernig ég þá leit á málið, og það er í öllum aðalatriðum eins og ég lít á málið nú:

„Ég gat ekki stutt framgang þessa máls, þegar það var til umr. í hv. fjhn., og hef gefið út sérstakt nál., þar sem ég legg til, að frv. verði fellt. Ég tók það fram við meðferð málsins í n., að í sjálfu sér væri hækkun á hinum mjög svo lágu vöxtum, sem ræktunarsjóður hefði lánað við undanfarið, engin frágangssök, ef þessi vaxtahækkun væri liður í almennri viðleitni hæstv. ríkisstj. til þess að bæta hag ræktunarsjóðsins og gera honum kleifara en ella að gegna því hlutverki sínu að stuðla að aukinni ræktun í sveitum landsins.

Það má auðvitað um það deila, hversu æskilegt sé að haga stuðningi við landbúnaðinn að mjög verulegu leyti á þann hátt að veita honum lán með vöxtum, sem eru miklu lægri en almennir markaðsvextir. Það má með nokkrum rökum halda því fram, að aðrar leiðir væru fullt eins vel til þess fallnar að efla landbúnaðinn og stuðla að ræktun í sveitum og að veita honum lán með vöxtum, sem séu langt undir markaðsvöxtum. En meðan engar slíkar ráðstafanir eru gerðar, meðan ekki bólar af hálfu hæstv. ríkisstj. á neinni viðleitni í þá átt, hvorki að gera aðrar almennar ráðstafanir til þess að efla ræktunina í sveitum landsins né heldur að auka lánsfé sjóðsins, þá tel ég, að þessi ráðstöfun ein út af fyrir sig, að hækka vextina, geti ekki verið til góðs.“

Ég les ekki meira, en í þessu nál. og þessari ræðu kemur það greinilega fram, sem ég fyrir sex árum lagði höfuðáherzlu á, nauðsyn sjóðsins, að honum yrði aflað nýs fjár, meira fjár, með heilbrigðum hætti, og það væri sjóðunum og landbúnaðinum miklu meira virði en að halda lánsfjárvöxtunum óeðlilega lágt undir markaðsvöxtum. Jafnvel þarna kemur því fram greinilega sama grundvallarskoðunin og ég hef verið að halda fram í þeim ræðum, sem ég hef flutt um þetta mál nú hér í hv. d. Af þeim fáu setningum, sem ég las þarna, má líka marka, við hvaða rök sú fullyrðing á að styðjast, sem hv. þm. hefur margendurtekið, að mig skorti algerlega allan skilning á högum landbúnaðarins, ég sé að storka bændastétt landsins, ég vilji leggja á bændur sem þyngstar byrðar, jafnvel að ég vilji láta sækja kjöt og mjólk til útlanda, eins og hv. þm. sagði. Þetta eru allt saman fjarstæður, sem alveg ástæðulaust er að elta ólar við, og of miklar til þess, að ástæða sé til að orðlengja og svara þeim.

Að síðustu vil ég aðeins segja örfá orð um þá vægast sagt mjög lítið smekklegu árás, sem hv. þm. gerði á mig persónulega fyrir að sækjast sérstaklega mikið eftir völdum og embættum. Hann sagði, að ég hefði fyrir nokkrum árum ekki látið mér nægja að vera ráðh. og prófessor, heldur sótt um þriðja stórembættið. Nú veit hv. þm., að það fer ekki saman að vera ráðh. og prófessor og ég er aðeins annað í einu. Ég hef aldrei haft neitt annað embætti, síðan ég lauk embættisprófi, en að vera prófessor við háskólann, fyrr en ég gerðist ráðh., og gegndi auðvitað ekki prófessorsembættinu á meðan. Svo segir hann, að ég hafi framið þá reginsynd að sækja um þriðja embættið, forstjóraembætti, eins og ég hafi ætlað mér að vera allt í senn, ráðh., prófessor og forstjóri. Slíkur málflutningur er vægast sagt til mikillar minnkunar fyrir þann, sem hann hefur í frammi. Ég sé ekki, hvaða goðgá gat í því falizt, að ég sækti um starf opinbers starfsmanns, sem auglýst hafði verið laust til umsóknar, eftir að sú stjórn, sem ég hafði tekið sæti í á miðju ári 1956, var farin frá, og ég átti sæti í bráðabirgðastjórn, sem vitað var að aðeins gat setið í nokkra mánuði. Þá gerði ég það — og þarf engan að biðja afsökunar á því — að sækja um forstjórastarf við opinbera stofnun, sem auglýst var laust til umsóknar, ekki til að gegna því ásamt ráðherraembætti og prófessorsembætti, heldur til þess að gegna því einu, ef mér yrði veitt það. Nú fór að vísu svo, að það kom aldrei til þess, að mér yrði veitt það eða veitt það ekki, vegna þess að ég tók umsókn mína til baka, áður en til veitingar kom, svo að öll stóryrði eða dylgjur, sem hv. þm. kaus að leggja inn í orð sín um þetta efni, voru algerlega út í bláinn. Ég heyrði aldrei, hvorki opinberlega né í einkaviðræðum, neinn mann draga í efa, — og er ánægður með það og þakklátur fyrir það, — að ég hefði í sjálfu sér verið hæfur til að gegna þessu embætti. Önnur atriði ollu því hins vegar, að ég kaus að draga umsókn mína um það til baka. Svo fór og nokkru seinna, að ný ríkisstj. var mynduð, sem ég var valinn til þess að taka sæti í. Það er því algerlega rangt, að ég hafi ekki fengið það embætti, eins og hann lét liggja að, og það á þá væntanlega að skiljast þannig, að það hafi orðið þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni. Nú veit hv. þm. vel, að það var starfsbróðir minn í ríkisstj. og flokksbróðir minn, sem átti að veita embættið, svo að eftir þeirri reynslu, sem er af slíkum embættisveitingum hér á landi, getur hver sagt sér það sjálfur, hvort ég hefði ekki haft sæmilega aðstöðu til þess að hljóta það, ef ég hefði sótt það mjög fast, sem ég ekki gerði og opinberlega kom fram í því, að ég tók þá umsókn til baka. Þetta veit hv. þm. áreiðanlega allt saman, og þeim mun ósmekklegra er af honum að gera mál eins og þetta að umtalsefni hér í þessum umr. og ber aðeins vott um, að honum hlýtur að finnast málstaður sinn og sinna félaga í þessum efnum vera sérstaklega lélegur og að hann hafi staðið alveg sérstaklega höllum fæti, fyrst til jafnlítilmótlegra röksemda er gripið og hér hefur verið beitt, og orðlengi ég ekki frekar um þetta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að tala meira í þessu máli. Ég hef sagt það, sem ég tel máli skipta í sambandi við efni málsins. Þegar ég fyrst hóf umr. um það, sem miður hefði farið í stjórn þessara sjóða, var það til þess fyrst og fremst að vekja athygli hv. þdm. á því, að málefni þessara sjóða væru komin í fullkomið óefni og að það hlyti að teljast eitt meginviðfangsefni ríkisstj. og Alþingis, einmitt nú á þessu ári, að gera frambúðarlausn, að ráða til frambúðar fram úr þeim vanda, sem hér steðjaði að. Ég vildi undirstrika að með þessu frv. væri aðeins leystur meginvandi fortíðarinnar, en ekkert sagt um vanda framtíðarinnar. Það þótti mér hafa á sér því miður mikinn áróðursblæ, að þannig skyldi á málum sjóðanna tekið, þar sem það var lagt til með þessu frv., flm. þess kusu sér sem mestan heiður af kvittuninni fyrir gamlar syndir, en vildu með ánægju horfa á núv. ríkisstj. glíma við þann gífurlega vanda, sem fram undan er. Þetta er e. t. v. mannlegt, en stórmannlegt er það ekki, og mér fannst engin ástæða til að láta málið fara til n., án þess að vakin yrði athygli á þessu atriði og þeim vanda, sem hér væri um að ræða.

Að allra síðustu vil ég svo aðeins segja, að það mun koma í ljós við þá tillögugerð, sem ríkisstj. mun hafa uppi og á að hafa uppi varðandi vandamál þessara sjóða, hvern hug ég og mínir samflokksmenn bera til landbúnaðarins. Það mun koma í ljós á sínum tíma. Þá mun það koma í ljós, hvort mig eða samflokksmenn mína vantar í raun og veru þann skilning á högum og þörfum landbúnaðarins, sem hv. þm. var að bera mér á brýn í sinni ræðu.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., var rætt hér nokkuð fyrir meira en viku, og hafa talað tveir framsóknarmenn m. a., hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Vesturl., og ég vil segja það strax, að málflutningur þeirra bar miklu meiri vott um storkun í garð hæstv. ríkisstj. en vilja að leysa vandasamt mál. Þetta mál, fjármálaástand Búnaðarbankasjóðanna, er að áliti a. m. k. allra bænda mjög stórt mál og nauðsynlegt, að hægt sé að leysa það á viðunandi hátt. En að halda hér ræður eins og t. d. hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti hér á dögunum um móðuharðindin miklu 1960, það er ekki til að greiða fyrir málum, að þau vinnist eða að hægt sé að leiða þau farsællega í höfn.

Hæstv. viðskmrh. gerði hér mjög glögga grein fyrir því, hvernig högum þessara sjóða er nú komið, sjóða Búnaðarbankans, ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, og ég taldi mjög nauðsynlegt að gera einmitt glögga grein fyrir, hvernig þetta stæði, því að það kom ekki nógu glögglega fram í grg. né heldur ræðum flm. þessa frv., sem hér er um að ræða, og þessi skýrsla hæstv. viðskmrh. var, eins og ég sagði, greinargóð og að mestu leyti án áreitni í garð þeirra manna, sem með stjórn þessara sjóða hafa farið á undangengnum allt að tíu árum, og við vitum nú, hvernig niðurstaðan er af því, hvernig þessum sjóðum hefur verið stjórnað. Ég ætla ekki að fara hér að kasta neinum steinum að þeim mönnum, sem með stjórn sjóðanna hafa farið, sem er bankaráð Búnaðarbankans og sá ráðh., sem farið hefur

með búnaðarmálin á þessu tímabili lengst af. En við vitum, að það er mjög illa komið fyrir sjóðunum og að það er að áliti okkar bænda a. m. k. óumflýjanlegt, að ríkið gefi stórfé með þessum stofnunum, eins og lagt er til í þessu frv., sem hér um ræðir. En málið er ekki að heldur leyst á fullkominn hátt, því að þá er eftir framtíðin.

Eftir því sem ég tók eftir í ræðu hæstv. viðskmrh., gekk hann út frá því sem gefnu, að það yrði að koma sjóðunum á réttan kjöl. Hins vegar vék hann að því með almennum orðum, hvernig þessu mundi verða bezt fyrir komið í framtíðinni. Það voru aðeins bollaleggingar, hugmyndir, sem rétt væri að tala um, á meðan verið væri að finna framtíðarlausn á vandamálum sjóðanna. Það kom einnig fram í ræðu hjá hæstv. landbrh. síðar, að þetta mál er einmitt á umræðustigi hjá stjórninni, og ég held, að hæstv. d. eða hv. þm., sem telja sig vera fyrst og fremst fulltrúa bænda, bæti ekki fyrir málinu með því að flytja ræður eins og þeir hafa flutt hér, hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 1. þm. Norðurl. e.

Eins og ég sagði áðan, vil ég ekki kasta neinum steinum að stjórn Búnaðarbankans né heldur ráðh. í þessu efni, þó að það verði að viðurkennast, að mjög illa er komið fyrir þessari stofnun, eins og ætíð fer, þegar mál eru látin dankast ár frá ári í stað þess að leysa þau í áföngum jafnóðum, og eðlilegast hefði verið að afla þessum sjóðum tekna á undangengnum árum í áföngum. En þessari stofnun er nokkur vorkunn, þó að fyrir henni hafi farið eins og öðrum stofnunum í þessu landi á sama tímabili. Það mun vera leitun á þeirri stofnun í landinu, sem hefur ekki látið fjármál meira og minna dankast til óheilla á þessu tímabili, og ég vil aðeins til samanburðar taka æðstu stofnun ríkisins, ríkið sjálft. Ég hef verið að blaða í ríkisreikningum 1957, 1958 og 1959 og rekið mig þar á glöggt dæmi um, hvernig stjórnmálaástandið hefur verið og hvernig á málum hefur verið haldið. Það eru ríkisábyrgðirnar. Þær eru í dag hátt í 1600 millj. kr., og það hefur verið bætt á þennan lið ríkisábyrgðanna árlega á þessu tímabili alveg furðulegum upphæðum. Þetta er komið í slíkt óefni, að það verður í tauma að taka. Á árinu 1957 greiddi ríkissjóður upp í ábyrgðarskuldir 22 millj., 1958 24 millj., 1959 29 millj., og nú er talað um, að í ár verði ríkið að greiða 40 millj., og mér kæmi ekki á óvart, þó að það þyrfti að greiða 50 millj. á árinu 1961. Ég tek þetta aðeins sem dæmi um það, hvernig fjármálunum hefur verið stjórnað á þessu undangengna tímabili. Og virðist stjórn Búnaðarbankans hafa verið ákaflega svipuð og á mörgum öðrum sviðum. Ég get ekki farið nánar út í það, hvernig fjármálastjórn bankanna er, því að mig brestur þar kunnugleika til.

Ég endurtek það, að þetta ástand Búnaðarbankasjóðanna er mjög alvarlegt og mjög nauðsynlegt, að hægt sé að leysa þar úr á farsælan hátt, og held ég, að það verði bezt gert með rólegu umtali og rólegri yfirvegun, en ekki með storkunaryrðum í garð hæstv. ríkisstj., sem ég veit að er að reyna að leysa málið.

Svo kemst ég ekki hjá, úr því að ég minntist á hina furðulegu ræðu, sem 1. þm. Norðurl. e. flutti hér á dögunum, að taka þá ræðu svolítið betur til athugunar, áður en ég lýk máli mínu, ekki sízt þar sem blað hans, Tíminn, hefur gert honum þann óleik að útvatna ræðu hans í þremur eða fjórum blöðum og blaðið Dagur á Akureyri hefur einnig tekið undir það.

Þm. tilfærði orð eftir bónda einum einhvers staðar í einhverjum dal, líklega þröngum dal án víðsýnis: „Það er hart að þurfa að lifa móðuharðindi af manna völdum.“ Þessi orð áttu að hafa verið töluð á mannfundi í kjördæmi hans. Þau gerði ræðumaður að sínum orðum eins og hver önnur aðfengin snilliyrði. Enn fremur kryddaði hann ræðu sína með skáldlegu erindi eftir Jón Helgason um óþverrann upp úr Laka. Þessir voru textarnir og niðurstaða útleggingarinnar á þessa leið: Ástandið í Þingeyjarþingi og annars staðar í kjördæmi þessa hv. þm. haustið 1960 er eins og móðuharðindin 1783 og 1784. Vorið 1784 hefur fengið nafnið „dauðavorið“. Nafnið eitt segir svo ömurlega sögu, að um hana ætti að tala á annan veg en þessi hv. þm. gerir. Hvernig var ástandið í þessum landshluta þá og veturinn og sumarið á undan? Eitrað gras, öskudyngjur, ólyfjan í lofti, ónýt hey nema fyrningar, fénaður féll unnvörpum í haga og húsi og landslýðurinn hópum saman á eftir af bjargarskorti.

Vel má vera, að orð bóndans og samlíking sé rétt eftir höfð. Þó þarf það ekki að vera. Líklegra er, að þm. hafi verið haldinn misskilningi og tekið tvíræð orð bóndans öðruvísi en vera átti. En látum það liggja á milli hluta. Engan bónda þekki ég, sem dytti í hug að jafna saman því dýrðarsumri 1960 og dauðavorinu 1784, nema máske einn, sem bjó við útsker á Tjörnesi eins og Þórarinn Nefjólfsson, en er nú hættur. Þessi hv. þm. er oft beinskeyttur, þegar hann beinir geiri sínum eða leggur ör á streng, en nú geigar ör hans miklu meir en örin góða hjá Hemingi Áslákssyni, þegar hann skaut epli á kollinum á barninu án þess að skadda höfuð þess né heldur börkinn á eplinu. Það var fallegt skot.

Allar sveitir eru líka að fara í eyði, segir þessi hv. þm., og þorpin líka, skilst manni. Tíminn segir: já, já, já — og hjálparkokkar í ýmsum áttum segja líka: já, já, já, já, — og allt af völdum illra verka Íslandsstjórnar 1960. Það var einu sinni maður, sem hét Axlar-Björn. Hann varð fyrir þeim ósköpum að geta ekki séð sólina í heiðskíru veðri og var þó alsjáandi á allt annað. Hannes Hafstein segir, að hjartans ís sé miklu verri en landsins forni fjandi, sem Matthías kvað um, hafísinn.

Á fjölmennum slægjufundi um veturnæturnar síðustu í einni mikilli sveit í kjördæmi þessa hv. þm. sagði einn framámaður framsóknarmanna í aðalræðu, að framkvæmdir á árinu 1960 og umbætur í þeirri sveit hefðu verið viðlíka og á árinu á undan eða engu minni. Hið sama get ég sagt úr minni eigin sveit, sem líka er stór og fjölmenn. Ekki nefndi þessi maður móðuharðindin. Á þennan hátt er landeyðingin, sem um er talað.

Ég þykist vera nokkuð kunnugur í sveitum og veit vel, að þar skein sól með allra mesta móti í sumar. Þó vil ég ekki gera lítið úr örðugleik-

um margra bænda, sem stafa mjög, þegar rétt er rakið, af margs konar mistökum í stjórnarfari undangengin ár.

Axlar-Björn tapaði sjón á sólinni vegna eigin misgerða. 1. hv. þm. Norðurl. e. virðist ekki sjá framar neina sól yfir sveitum, aðeins bláa móðu og eitraða. Ekki er það þó fyrir eigin misgerðir, því að þar er enginn misgerðamaður á ferð. En hvers vegna? Okkar maður, bóndinn, sem vitnaði í móðuharðindin, hefur, að ég hygg, átt við allt annað en þm. hélt. Hann hefur átt við móðu blekkinganna, sem sumum finnst að fyllt hafi loftin blá lævi nú um 11 mánaða skeið — og lengur þó. Sú móða hefur ollið upp úr bræðrum tveim: Tímanum og Þjóðviljanum, í 600—700 tölublöðum hina síðustu mánuði, þó að ekki komist hún samt í neinn samjöfnuð við móðuharðindin 1783—84. Máske hefur bóndinn okkar líka kynnzt einhverju þess konar í einhverju samkomuhúsi, þar sem ollið hafa vondar gufur upp úr einhverjum Laka og fyllt samkomusalinn. Móðan mikla eitraði allt Ísland 1783 og 1784. Hún eitraði klaufir kinda og kúa, svo að þær duttu af, fæturna, granirnar, tennurnar, skepnuna alla, unz hún lá dauð í haga eða við jötu. Það, sem á eftir kom, er of hörmulegt til að gera það að fíflskaparmálum og jafna við dýrðarhaustið 1960. Að fara með slíkt er aðeins að draga burst úr eigin nefi og stappar nærri sagnfræði Vellygna-Bjarna. En Bjarni var fyndinn maður í sínum sögum, en hvað eigum við að kalla svona sagnfræði og málafylgju?

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Ed., 15. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefir aðallega komið fram fyrir hönd ríkisstj. í þessu máli fram að þessu, og þess vegna þykir mér mjög leitt, að hann skuli ekki vera hér viðstaddur. Vill hæstv. forseti athuga, hvort hann er í húsinu, því að það verður varla hjá því komizt að minnast á afstöðu hans í málinu. (**Forseti:** Já, ég er búinn að gera ráðstafanir til þess að athuga, hvort hann er við, hæstv. ráðh.)

Hæstv. landbrh. var um daginn sár út af líkingu, sem ég hafði eftir norðlenzkum bónda um ástand það, sem hæstv. ríkisstj. hefur skapað með efnahagsráðstöfunum sínum. Líkingar eru notaðar til að stytta mál og skýra efni. Þær eru oft og einatt myndir. Raunar gerði ég ekki ráð fyrir því, að hæstv. landbrh. væri mikill myndskoðari, enda kom það á daginn. Þess vegna sneri ég myndinni öllu meira að hæstv. menntmrh., sem tók henni líka eins og vænta mátti af manni í hans stöðu og manni, sem skilur myndir í máli og stíl.

Bændur hafa orðið fyrir hörðum búsifjum af völdum efnahagsráðstafana hæstv. ríkisstj. Enginn þarf að furða sig á orðum bóndans, sem ég vitnaði í, þegar á þetta er litið. Sá maður, sem er hrundið í hrap, mælir ekki blíðyrði til þess, sem hrindir honum. Bændastéttin lítur svo á — og er ekki ein um það, að hæstv. ríkisstj. hafi með efnahagsráðstöfunum sínum unnið óhappaverk, að vísu ekki vísvitandi, — og það hefur aldrei legið í orðum mínum, — en óviljandi, eins og þegar gefið er inn skakkt meðal. „Þetta hefur leitt af sér lömun þjóðarlíkamans," sagði formaður Landssambands ísl. útvegsmanna. Hann skóf ekki utan af því og er þó Sjálfstæðisflokksmaður.

Þá hefur annar Sjálfstæðisflokksmaður, eftir því sem blöð herma, kveðið ærið sterkt að orði, Jóhann Pálsson úr Vestmannaeyjum. Hann kvað hafa sagt á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna: „Enn þá hefur ekkert eitur verið framleitt í heiminum, sem verkar fljótar á meindýr en efnahagsmálapólitík ríkisstjórnarinnar verkar á sjávarútveginn." Hann líkir aðgerðunum við bráðdrepandi eitur. Það er vitanlega óviljandi, sem hæstv. ríkisstj. hefur með efnahagsaðgerðum sínum byrlað atvinnuvegunum eitur í staðinn fyrir heilsulyf, en óviljandi óhappaverkum þarf ekki síður að bæta úr en hinum.

Hér liggur fyrir í frumvarpsformi till. um úrbætur á einum stað, bændanna megin, og till. er um að bæta úr eftir sömu reglu og áður hefur tíðkazt, þegar á hefur hallazt hjá stofnlánasjóðum landbúnaðarins, bæði 1953 og 1957, þótt í smærri stíl væri, af því að minna þurfti með. Ekki er nú meiri flokksmennskan í þessu frv. eða auglýsingastarfsemi með því, þó að stjórnarliðsmenn virðist vera hræddir um það og hræddir við frv. þess vegna. Hæstv. landbrh. ber ekki á móti því, að þessa þurfi með, sem frv. gerir ráð fyrir, en hann deilir á hv. 2. þm. Vestf., fyrrv. landbrh., Hermann Jónasson, sem fór með þessi mál 1958, þegar yfirfærslugjaldið var upp tekið, fyrir að hafa ekki þá látið létta skuldum af þessum sjóðum. Því er til að svara, frá mínu sjónarmiði, að á því lá ekki þá eins brýnt og nú. Árið áður, 1957, hafði rúmum 36 millj. verið létt af sjóðunum. Það virðist því ekki aðkallandi að gera þetta strax aftur 1958, þó að á þá bættist. Út frá því var vitanlega gengið, að nægur velvilji mundi verða eftirleiðis hjá ríkisstjórn og Alþ. til landbúnaðarins, þess vegna þyrfti ekki að hafa á þessu neinn ofsahraða. Nú lítur út fyrir, að sú ályktun um velviljann hafi verið yfirsjón. Velvilji fyrirfinnst a. m. k. ekki í umr. þeim, sem hafa farið fram um þetta frv. af hálfu hæstv. ríkisstj. Að vísu segir hæstv. landbrh., að engin stefnubreyting hafi orðið gagnvart landbúnaðinum. En hvað gagnar slík yfirlýsing gegn orðræðunum að öðru leyti og gegn athöfnum hæstv. ríkisstj.? Helzt er að heyra, að líkur séu til, að ríkisstj. láti taka upp gengisbreytingarfyrirvara í lánveitingum til bænda. Vill hæstv. landbrh. lýsa yfir, að það verði ekki gert? Ég spyr.

Hæstv. stjórnarflokkar gengu inn á þá skoðun 1953 og 1957 að létta skuldum af ræktunarsjóði og byggingarsjóði. Nú er enn meiri þörf en þá til að gera þetta. Ef þeir fallast ekki á að gera þetta nú, þá er annaðhvort um stefnubreytingu að ræða, a. m. k. hjá Sjálfstfl., eða hann hefur ekki áður þótzt hafa nógu sterka aðstöðu til að beita raunverulegri stefnu sinni, — ekki þótzt hafa aðstöðu til þess, þegar Framsfl. hefur verið í stjórn með honum.

Hv. 10. landsk. þm., Bjartmar Guðmundsson, var síðasti ræðumaður á undan mér. Ég hafði

gaman af ræðu þessa granna míns, þó að ég hefði getað unnt honum vegna okkar fyrri kynna að halda rökréttari ræðu og viðhorfasannari. Ræðan sýndi, að nokkuð hafði komið við hann það, sem ég hafði eftir bóndanum, sem var Þingeyingur, — ég get sagt það nú, — eins og við hv. 10. landsk., og ekki úr þröngum dal, eins og hann taldi að vera mundi, heldur úr Mývatnssveit. Við hv. 10. landsk. höfum báðir alizt upp í sveit og báðir verið bændur. Eigum við þar af leiðandi að hafa svipuð skilyrði til að finna og sjá, hvað að bændum snýr. Um alllangt skeið var það líka svo, að okkur greindi ekki mér vitanlega á í skoðunum í höfuðmálum héraðs og lands. Nú greinir okkur á svo, að mér veldur mikilli furðu. Og ég er ekki einn um að furða mig á afstöðu hv. 10. landsk., heldur veit ég ekki betur en sama furða hafi lostið granna okkar og samferðamenn á heimaslóðunum yfirleitt. Hv. 10. landsk. virðist telja mjög viðunandi fyrir bændur þær efnahagsaðgerðir, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið fram fara, og hann sagði til sönnunar því, að ekki syrfi að bændum fyrir norðan eða að þar væri um að ræða nokkur öskufallsáhrif frá efnahagsráðstöfunum stjórnarinnar, að í tveim stórum hreppum, er hann nánar tilgreindi, hefðu fjárfestingarframkvæmdir verið svipaðar í ár og árið áður. Nú hefur þessi hv. þm. skilyrði til þess að vita og skilja, að menn höfðu ákveðið sig til framkvæmda, áður en efnahagsráðstafanirnar skullu yfir. Ekki voru þær boðaðar í kosningunum, ekki boðaði hv. þingmaður þær, það var síður en svo. Ráðstafanirnar komu að mönnum óvörum eins og gos. En svo kemur annað til, sem hv. þm. veit ákaflega vel, alveg eins vel og ég, að menn hafa lifað að meira og minna leyti á verðlagi vinstri stjórnarinnar þetta ár, sem er að líða, og verðlag hæstv. núverandi ríkisstj. er fyrst fyrir alvöru að leggjast með fullum þunga á landsmenn nú. Bændur í Suður-Þingeyjarsýslu, á verzlunarsvæði Kaupfélags Þingeyinga, fengu miklar efnisvörur, meira að segja sumir mestan hluta efnisvara, sem þeir þurftu á að halda til framkvæmda sinna, hjá Kaupfélaginu með gamla verðinu. Það gerði þeim mögulegt að halda áfram með það, sem þeir höfðu tekið fyrir. Þó hættu margir, sem áttu erfitt með að hætta. Það veit hv. þm. Hann veit um það í sinni sveit. Ég þarf varla að minna hann á Jarlsstaði, Grímshús, Hafralæk og Mýlaugsstaði. Ég nefni þetta fyrir aðra þá, sem hér eru, til sönnunar því, að ég er ekki að tala hér af ókunnugleika.

Bjartsýni manna, sem undanfarin ár höfðu glætt, hún hvarf mönnum með efnahagsaðgerðunum. Ef það hefði verið svipað árferði í efnahagslífinu og áður, þá hefðu verið meiri framkvæmdir en voru árið áður, og ef hv. þm. hefði sagt, að hann hefði sannanir fyrir því, að næsta ár, árið 1961, yrðu framkvæmdir ekki minni en að undanförnu, þá hefði það verið innlegg til sönnunar því, að ekkert væri skylt með ástandi því, sem verið er að leiða yfir landið, og móðuharðindunum. En hann veit það ákaflega vel, að fáir láta sér detta í hug nýjar framkvæmdir á næsta ári að óbreyttu. Svo lamaður er þjóðarlíkaminn af efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstj., eins og Sverrir Júlíusson, flokksbróðir hv. 10. landsk., sagði á landsþingi útvegsmanna, svo sterkt og drepandi er eitrið, sem hinn sjálfstæðismaðurinn á landsþinginu talaði um, og svo dimmt er fyrir augum að vonum.

Hv. 10. landsk. steig í stólinn sem vandlætari yfir því, að ég hefði notað of sterka líkingu. Ég skal játa, að líking bóndans um móðuharðindin er sterk. En hún er rökrétt og verðskulduð af því, hve illa var í það mál tekið, sem hér er til umræðu. Ég hefði aldrei hreyft henni, ef málinu hefði verið vel tekið. Það erum ekki við framsóknarmenn, sem höfum hafið ertingar í þessu máli, eins og hv. 10. landsk. gaf í skyn. Það eru þeir, sem hafa talað af hálfu ríkisstj., sem hafa kallað fram sterk orð. En hvað segir svo hv. 10. landsk. um líkingar sjálfstæðismannanna á landsþingi útvegsmanna? Þær eru, þegar vel er að gáð, öllu grófari, — engu fallegri, svo að ég taki upp að minnast þess, sem hæstv. landbrh. sagði, — engu fallegri en líking bóndans, sem ég hafði eftir. Og svo kom það nú fyrir, að hv. vandlætaranum varð það sjálfum á að nota eina sóðalegustu líkingu, sem íslenzk saga á í fórum sínum, líkinguna við Axlar-Björn. Af því mátti heyra, að vandlætingin var uppgerð og ekkert annað, enda er ástæðulaust að vera með tæpitungu í þessu máli.

Samlíkingar eru notaðar til að gera það, sem um er rætt, skiljanlegra og auðsærra með samanburði. Ég hafði gaman af sumum samlíkingum hv. 10. landsk. Hann vildi sýna með þeim bæði, að hann hafi lesið sitt af hverju og komizt í snertingu við skáldgáfuna. En allt verður að vera í hófi, ef vel á að takast. Honum varð það á, sem slíkum mönnum verður stundum á, að ofhlaða með tilvitnunum. Honum fór eins og eldabusku, sem lætur allt, sem hún nær hendi til, í pottinn í einu, hversu fráleitt sem er, að það eigi suðu saman. Vellygni-Bjarni, Hemingur Áslákssson, Axlar-Björn, Þórarinn Nefjólfsson, allir voru þeir í einum graut. En hann um það. Hitt er samt enn verra, að hann virðist ekki skilja líkinguna um móðuharðindin. Hann virðist ekki átta sig á því, að hún er óbein og um efnahagsráðstafanir ríkisstj. og afleiðingar þeirra aðeins. Hann tekur hana bókstaflega og telur hana alls ekki standast, af því, eins og hann orðaði það, „sól skein með mesta móti í sumar og haustið 1960 var dýrðarveðráttu haust“. Svo haldinn er þessi hv. þm. af trú á hæstv. ríkisstj., að hann gerir ekki greinarmun á því, sem kemur frá drottni sjálfum og frá henni.

Líkingar eru, eins og ég sagði, sjónaukar til þess að gera það, sem horft er á, stærra og skýrara. En það er um þær eins og sjónauka, séu höfð á honum endaskipti, smækkar hann það, sem horft er á, og óskýrir það. Hv. 10. landsk. virðist hafa orðið fyrir því, að sjónaukar hans hafi snúizt við. Núv. félagar hans hafa haft á þeim endaskipti í þessu máli og fleirum. Það verðum við sjálfsagt, gömlu grannarnir hans, að sætta okkur við. Við getum ekki að því gert.

Hæstv. menntmrh. hefur margt sagt í þessum umr., sem ber þess vott, að hann hefur enn ekki áttað sig á gildi landbúnaðar fyrir þjóðina og hlutverki bóndans. Orð hans hafa borið með sér, að hann telur, að þetta frv. feli í sér ofrausn

við bændur og yfirleitt sé þeim of mikill stuðningur veittur í þjóðfélaginu. Hv. 10. landsk., bóndinn sjálfur, lét vel yfir afstöðu hæstv. menntmrh. og taldi, að hann hefði talað málefnalega. Þegar trúin og kærleikurinn fara saman, er allt umborið á þeim bæ.

Á það hefur verið bent í þessum umr., að önnur ríki geri meira fyrir landbúnað sinn en íslenzka ríkið gerir. Hv. 2. þm. Vestf. benti t. d. á það, að brezka ríkið legði meira til landbúnaðar en íslenzka ríkið, og vitnar í fjárlög um það. Þá tók hæstv. menntmrh. tölur úr fjárlögum beggja ríkjanna um framlög til landbúnaðar og hóf að reikna í skyndi, hvað mikið kæmi á þjóðfélagsþegn í hvoru ríkjanna, og komst að þeirri niðurstöðu, að á Íslandi væri framlagið meira á hvern þjóðfélagsþegn en í Bretlandi. Það er ágætt að nota tölur. Það er sjálfsagt að láta tölur tala, þar sem þær geta talað. En ekki er sama, hvernig tölunum er beitt. Þær tala ekki, án þess að komi til skilningur þess, sem með þær fer. Þessar tölur, sem hæstv. menntmrh. kom með, sönnuðu ekkert. Ef ætti að reikna út hlutfallslegu framlögin hjá þessum þjóðum, þarf að taka með í reikninginn miklu fleira og annað en hann gerði, t. d. hvað margir stunda landbúnað í hvoru landi og hve nærri framleiðsla landbúnaðarins er því að fullnægja neyzluþörf þjóðarinnar. En einfalt og afgerandi er að bera saman, þegar við erum að tala um fjárfestingarsjóði landbúnaðarins hjá okkur, hvað hér er gert fyrir bændur í fjárfestingarframkvæmdum og hvað Bretar gera fyrir sína bændur. Öllum hv. þm. eru kunn þau takmörkuðu framlög hér, sem hæstv. menntmrh. þykja þó of rífleg, og um þau hefur verið einmitt rætt áður í þessum umr. En brezka ríkið lætur hvern bónda hafa ⅓ kostnaðarverðs í óafturkræfu framlagi og ⅔ kostnaðarverðs að láni til 60 ára með vöxtum, sem eru ekki yfir 5½%. Þannig er búið að hverjum einstökum bónda í fjárfestingarmálum í Bretlandi, og það þarf ekkert talnaraus í þessu sambandi til þess að glöggva sig á, hver munurinn er.

Þá hóf hæstv. menntmrh. að reikna, — að því er virtist af því að hann á annað borð hafði tekið reikningsvélina, — hvað mikil framlög til landbúnaðar lægju í tillögum, sem við framsóknarmenn höfðum lagt fram á þessu þingi, og komst að þeirri niðurstöðu, að það væru, ef ég man rétt, 129 millj., eða 3800 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Hv. 1. þm. Vesturl. benti á í gær, hvílík reginfjarstæða svona málflutningur væri, t. d. að telja vegi og brýr aðeins til vegna bændanna, eins og ráðh. gerði í þessu dæmi. Annað var þó enn fráleitara: að telja atvinnuaukningarfé, sem nálega eingöngu er veitt til bæja og þorpa, styrk til bænda. Eftir því er atvinnuaukningarframlag t. d. til skipakaupa styrkur til bænda. Lengra er varla hægt að komast í fráleitum málflutningi og vanhugsuðum og vitlausri talnameðferð. Í minum augum er þetta mjög furðulegt, af því að hæstv. menntmrh. er vel lærður hagfræðingur og auk þess gáfaður maður.

Hæstv. menntmrh. sagði í gær, að frv. það, sem til umr. er hér, væri aðeins til að kvitta fyrir verulegan hluta af syndum liðins tíma. Þetta er rétt. En sú kvittun mundi þó duga til að eyða rekstrarhalla sjóðanna um hríð. En hvernig á að leysa framtíðarvandann, þann, að afla sjóðunum fjár til áframhaldandi útlána? spurði hæstv. ráðh., eða eitthvað á þá leið fórust honum orð. Þetta er annar þáttur málsins, sem ekki er fjallað um í frv. Sá þáttur hefur jafnan verið í höndum ríkisstjórnanna. Hæstv. núv. ríkisstj. á að hafa þennan þátt með höndum. Mér finnst, að hæstv. landbrh. hafi látið í það skína, að sá vandi muni eins og venjulega verða leystur á þessu ári, — ég held ég fari rétt með það. Ég vona, að það sé rétt, eða er það ekki, hæstv. landbrh.? Má ekki treysta því, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður sveitabæja fái fyrir atbeina hæstv. ríkisstj. fé til útlána í þessum mánuði eða byrjun næsta mánaðar? Ég vil vona, að svo sé og þurfi ekki um það neinar sérstakar tillögur að flytja.

Ég skal svo ekki reyna meira á góðvilja hæstv. forseta með því að tala lengur, því að ég er að tala í fjórða sinn við þessa umr., aðeins vil ég taka fram á ný, að það, sem ég sagði í fyrstu ræðu minni, er, að hafi hæstv. ríkisstj. betri till. um lausnir á því vandamáli, sem frv. þetta miðast við, þá er ég fús að fallast á þær. En meðan þeim er ekki hreyft, þá legg ég áherzlu á, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, og enn hafa engar aðrar tillögur heyrzt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Norðurl. e. (KK), lýsti því hér yfir, að hann hefði verið að tala í fjórða sinn. Það hefur sennilega átt að vera afsökun fyrir því, hversu innihaldslítið það var, sem hann flutti hér nú. Ég verð að segja það, að þessar umr. hér um landbúnaðarsjóðina hafa verið ákaflega lítið uppbyggilegar frá hendi stjórnarandstöðunnar, og ég er dálítið undrandi yfir þessum málflutningi, þessum stóryrðum, þessu kjaftæði, neikvæða kjaftæði — (**HermJ**; Ég held, að forseti ætti nú að hringja á ráðh.) um eitt mesta vandamál, sem um er að ræða í okkar atvinnumálum. Ég held satt að segja, að það sé ekkert ljótt við að nota það lýsingarorð yfir málflutninginn, sem rétt er. Þetta er einmitt rétta lýsingarorðið. Þetta eru stóryrði, sem hér er um að ræða, og það er ekki annað en kjaftæði, — það er rétt lýsing á því.

Hv. 1. þm. Vesturl. talaði hér í gær, og ég hlustaði á þá ræðu alla frá byrjun til enda. Þar voru sömu neikvæðu upphrópanirnar, innihaldslausar, engar till. til lausnar á þeim vanda, sem um var að ræða, ekkert nema tilraunin til að rífa niður. Og við, sem vorum hér í d., þegar hv. síðasti ræðumaður talaði, urðum fyrir sömu áhrifum, — tilgangslaust röfl.

Það var í fjórða sinn, sem þessi hv. þm. talaði, og hann endaði ræðu sína með því að spyrja um, hvort ekki yrði lánað úr lánasjóðum landbúnaðarins að þessu sinni eins og vant væri, — hann vonaði það og hann hefði skilið mín orð svo, að það mætti vænta þess. Því síður er ástæða til stóryrða, ef hv. framsóknarmenn eru vongóðir um, að vandinn verði leystur að þessu sinni hvað útlán sjóðanna snertir. Ég hefði haldið, að það væri aðalatriðið. Ég hefði haldið, að það væri

aðalatriði að leysa úr þeim vanda, sem um er að ræða, en ekki að flytja hér mál og tala þannig um málið eins og er helzt notað til áróðurs.

Við vitum, að lánasjóðir landbúnaðarins, eins og þeir eru nú staddir, eru með þeim hætti, að það verður að gera stórt átak. En ég er í vafa um, að landbúnaðinum sé greiði gerður með því að sýna andlit sjóðanna í einu lagi, eins og gert er með þessu frv., að fara fram á í einu lagi 160 millj. kr. eftirgjöf, um leið og aðrir atvinnuvegir eða aðrir fjárfestingarsjóðir eru ekki heldur vel stæðir. Það gæti skeð, að málsvarar annarra atvinnuvega teldu eðlilegt, að eitthvað væri gert fyrir aðra fjárfestingarsjóði, sem væri þá skylt við það, sem hér er um að ræða.

Ég minntist á það hér í ræðu fyrir nokkrum dögum, að hv. 2. þm. Vestf., sem er einn af flm. þessa máls, hefði ekki getað haldið stoðunum undir fjárfestingarsjóðum landbúnaðarins 1958, þegar 55% yfirfærslugjaldið kippti rekstrargrundvelli undan sjóðunum. Ég hef haldið því fram, að þessi hv. þm. hafi reynt þá að fá eftir gefnar 30—40 millj. kr. til þess að grafa ekki algerlega undan sjóðunum. Og raunverulega hefði þurft miklu meira, því að 1958 var krónan fallin miklu meira en sem nam þessum 55%. En hv. 2. þm. Vestf. réð ekki við málið. Hann fékk ekki samkomulag í vinstri stjórninni um það að fá 30—40 millj. kr. eftir gefnar þessum sjóðum til handa, enda þótt hann nú telji sjálfsagt, að 160 millj. kr. verði gefnar eftir í einu lagi. Og það er ekkert sambærilegt að tala um eftirgjöf á erlendum lánum, sem eru ógreidd, og eftirgjöf á lánum, sem ríkissjóður hefur lánað þessum sjóðum. En þær eftirgjafir, sem sjóðirnir fengu 1953 og 1957, voru innlend lán, sem ríkissjóður hafði látið sjóðina hafa. Það er allt annað mál, vegna þess að um leið og það var samþykkt, að ríkissjóður gæfi þessar upphæðir eftir, þurfti engar ráðstafanir að gera til að afla fjár í því skyni að endurgreiða þetta fé. Það var þess vegna tiltölulega auðvelt. En um leið og samþ. er að gefa eftir erlendu lánin, sem einhver verður að greiða, þá verður að afla fjár eða láta ríkissjóð taka á sig árlegan bagga til að standa undir vöxtum og afborgunum af þessum lánum. Og ef ríkissjóður tæki á sig öll erlendu lánin, sem hvíla á ræktunarsjóði og byggingarsjóði, þá mundi það kosta ríkissjóð á ári 24 millj. kr., sem þyrfti þá að setja á fjárlög. Þetta er vitanlega miklu erfiðara en að gefa eftir innlend lán, sem ríkissjóður hefur einu sinni látið af hendi, og engum er þetta kunnara en hv. 2. þm. Vestf.

Satt að segja undrast ég, þegar hv. framsóknarmenn, eins og hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 1. þm. Norðurl. e., tala hér af miklum fjálgleik um efnahagsaðgerðir ríkisstj., rétt eins og þær hafi verið með öllu óþarfar. Það er ekki langt síðan hv. 1. þm. Norðurl. e. var staddur á flokksfundi í Hveragerði, — það var reyndar ekki flokksfundur, því að þangað komu nokkuð margir kommúnistar líka, — og hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði á þessum fundi ákaflega illa um ríkisstj. og allt, sem hún hafði gert. Eftir ræðu hv. þm. kom upp í pontuna bóndi úr Ölfusinu og gerði fyrirspurn um það, hvernig á því stæði, að framsóknarmenn og kommúnistar hefðu farið úr ríkisstj. og látið þessum vondu mönnum völdin í hendur, úr því að vandinn var í raun og veru sáralítill, sem við var að etja, því að þm. hafði lýst því, að það hefði ekki þurft að gera nema einhverjar smávegis lagfæringar, til þess að allt væri í lagi. Bóndinn vildi ekki trúa því, að framsóknarmenn hefðu farið úr stjórninni af því, að þeir vildu ekki lengur vera við völd. En bóndinn fékk engin svör við þessari spurningu, hvers vegna vinstri stjórnin fór frá völdum. Bóndinn fékk engin svör, sem hann tók til greina, og af þessu varð hálfgert grín, sem kom sérstaklega fram í fundarlokin, þegar menn fóru út úr fundarsalnum, því að þá var þar einn maður, sem lýsti því, þegar hann talaði um einn áberandi framsóknarmann: „Ja, þér ferst, Flekkur, að vera að gjamma á þann hátt, sem þú hefur gert hér á fundinum.“ En ég skal taka það fram, að hann mun ekki hafa átt við hv. 1. þm. Norðurl. e.

Þannig er það, að þegar hv. framsóknarmenn, bæði hér á þingi og á fundum úti á landi, eru að tala um, að ekki hefði þurft að gera nema smávegis breytingar á okkar efnahagsmálum, til þess að atvinnuvegirnir gætu gengið snurðulaust, erfiðleikalaust, þá tekur almenningur í landinu ekki mark á þessu, vegna þess að almenningur í landinu minnist þess, að þessir menn höfðu stjórnarforustu og gáfust upp, og þeir gáfust upp vegna þess, að þeir réðu ekki við erfiðleikana. Það er þetta, sem allur almenningur man. Það er þetta, sem allur almenningur veit og skilur. Og almenningur í landinu veit það í dag, að þjóðarbúskapur okkar var á því stigi, þegar vinstri stjórnin skildi við, að það var ekki unnt að rétta okkar mál við öðruvísi en þjóðfélagsþegnarnir allir fyndu nokkuð til. Þess vegna er það ekkert undarlegt, þótt það komi fram á fundi útvegsmanna, að það hafi eitthvað að þeim kreppt eins og öðrum landsmönnum. Og það er vissulega alveg rétt, að útvegurinn á við margs konar erfiðleika að stríða í dag, ekki þó aðallega vegna efnahagsráðstafananna, heldur einnig og ekki síður vegna aflaleysis og verðfalls á afurðunum.

En við Íslendingar eigum ekki nema um tvo kosti að velja, annaðhvort að sætta okkur við það, þótt nokkuð sé erfiðara í bili, og sigrast á erfiðleikunum, eða þá að láta undan síga og verða undir skriðunni, svo að við getum aldrei bjargað okkur.

Það er augljóst, hvernig hv. framsóknarmenn skipta algerlega um skoðun eftir því, hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, þegar þeir nú tala sérstaklega um bændastéttina og hvað illa sé komið fyrir henni og hversu mikil nauðsyn sé á því að bæta kosti bændastéttarinnar með alls konar fyrirgreiðslum. Út af fyrir sig finnst mér ánægjulegt, að framsóknarmenn skuli nú muna eftir landbúnaðinum. Þeir munu fá að reyna það seinna, þegar tækifæri gefst til, að standa við sín loforð og fyrirheit landbúnaðinum til handa. Og ég mun, þegar tækifæri er til, hugsa mér gott til þess að fá þá til að rétta upp höndina með ýmsum þeim hagsmunamálum bændastéttarinnar, sem þeir nú bera fram, því að vissulega er margt, sem þarf að gera til úrbóta og lausnar á vandamálum landbúnaðarins. En það er æskilegt, að þessir hv. menn muni eftir þessu, ekki aðeins

þegar þeir reka ábyrgðarlausa stjórnarandstöðu, heldur einnig þegar eða ef þeir eiga að finna til ábyrgðar.

Það kemur oft fyrir, að hv. framsóknarmenn gera sig beinlínis hlægilega, þegar þeir ræða um ýmis mál, sem snerta strjálbýlið. Það er ekki langt síðan hv. 2. þm. Vestf. var að tala um vegamál á Vestfjörðum og viðs vegar um land og lýsti því mjög átakanlega, hvernig þessum málum væri komið. Hann lýsti því, hvernig vegamálin voru á Vestfjörðum, en hann gat þess ekki, að sjálfur hefur hann um margra ára skeið verið vegamálaráðherra, um fjöldamörg ár verið í ríkisstjórn, og í 26 ár hefur hann verið þm. nokkurs hluta af Vestfjörðum. En svo er það, að á árinu 1960, þegar hann er kominn í stjórnarandstöðu, þá er eins og hann fyrst komi auga á, hvernig vegamálum þessa landshluta er komið og það sé nú sérstaklega þörf á að bæta úr því. Auðvitað er þörf á að bæta úr vegamálunum, en það hefur alltaf verið þörf á því, einnig þegar hv. framsóknarmenn eru í stjórn. — Þetta eru aðeins dæmi um málflutninginn og þau sinnaskipti, sem þessir hv. þm. taka eftir því, hvernig vindurinn blæs.

Hv. framsóknarmenn hafa prédikað það, síðan þeir fóru úr stjórninni, að landbúnaðarframleiðslan drægist saman, að það þyrfti að flytja inn smjör og fleiri landbúnaðarafurðir. Þessa þurfti í ársbyrjun 1960. Þessa þurfti, áður en efnahagsaðgerðirnar komu til. Þessa þurfti vegna *aðgerðanna 1958, sem vinstri stjórnin stóð að.*

Hv. 1. þm. Vesturl. hefur sagt í haust, að það þyrfti að flytja inn smjör og osta í vetur og það væri dæmi um það, hvernig samdrátturinn væri í íslenzkum landbúnaði. Á laugardagskvöldið hlustaði ég á það í útvarpinu, að lesið var upp úr Árbók landbúnaðarins 1960, og þar var lýst, hvernig ástandið er í þessum málum, og beinlínis fram tekið þar, að ekki þurfi að búast við, að skortur verði á mjólkurvörum næstu missirin. Það var tekið fram þar, að mjólkin hefði aukizt allmikið á þessu ári, sem betur fer, og það er gleðilegur vottur. Það sannar ekki, að efnahagsaðgerðirnar komi ekki við bændur, mér dettur ekki í hug að neita því. Bændur taka á sig byrðar eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. En þetta sannar það, að það er ekki rétt, sem hv. framsóknarmenn hér á þingi halda fram, að það sé uppgjafatónn í bændum. Þetta sannar einmitt það, að bændur eru tilbúnir að taka á sig sams konar byrðar og aðrir landsmenn. Þetta sannar það, að bændastéttin ætlar ekki að bregðast nú frekar en áður, enda var hún alltaf ólíklegust til þess. Þess vegna segi ég, að sá uppgjafartónn, sem hv. framsóknarmenn prédika, bæði hér á hv. Alþingi og í Tímanum, túlkar ekki skoðanir bænda. Bændur munu ekki una því að verða fyrir misrétti. Þeir munu ekki una því, að starf þeirra verði ekki viðurkennt og að þeir verði ekki látnir njóta jafnréttis við aðrar stéttir. En þeir munu ekki gefast upp, þótt þeim sé ætlað að taka á sig sams konar byrðar og aðrir landsmenn bera.

Það hefur svo oft verið rætt um efnahagsaðgerðirnar og ástæðurnar fyrir því, hvers vegna þær voru gerðar, að það er ekki ástæða til að orðlengja það að þessu sinni, því að það mundi vera endurtekning. Það er líka talað fyrir daufum eyrum, þegar talað er við hv. framsóknarmenn um þessi mál hér í deildinni, ekki af því, að þeir skilji þetta ekki, heldur af því, að þeir hafa kosið að berja höfðinu við steininn hvað þetta snertir og halda öðru fram en staðreyndunum. Ég mun þess vegna stytta mál mitt og endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að ég tel aðalatriðið, að úr því vandamáli verði leyst, sem hér er um að ræða. Ríkisstj. er að því. Hún er að leita að ráðum til þess að leysa þennan vanda til frambúðar. Hún er að vinna að því, að bændur fái lán að þessu sinni með sama hætti og áður.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. spurði að því áðan, hvort ég vildi lýsa því yfir, að ekki væri gengisfyrirvari á skuldabréfum þeim, sem nú verða útbúin vegna lána úr sjóðum landbúnaðarins. Ég vil aðeins segja það við þennan hv. þm., að það verður ekki langt þangað til hann á þess kost að sjá þessi skuldabréf, og þá kemst hann að raun um, hvort þar verður þessi fyrirvari. Og ég vil segja það, að það væri eðlilegra, um leið og hv. framsóknarmenn eru vongóðir um, að núv. ríkisstj. leysi vandann, að þeir spöruðu sér þau stóryrði, sem hafa verið viðhöfð um þetta mál undanfarið, vegna þess að þau greiða ekki fyrir á neinn hátt.

Ég tel ekki ástæðu til að þessu sinni að ræða meira um þetta frv. Framsóknarmenn hv. vita, að frv. eins og þetta, með 160 millj. kr. eftirgjöf í einu lagi til handa þessum sjóðum, það verður erfitt að fá slíkt fram. Það hefði verið eðlilegra *að taka slíkt í áföngum og kippa fótunum ekki* undan sjóðunum. En þegar þessi hv. flokkur fer úr ríkisstj., þá er viðskilnaðurinn á þennan veg. Till. til úrbóta hafa þessir hv. þm. ekki fram að færa. Þeir hafa ekki annað fram að færa en að gera kröfur til núv. ríkisstj. um, að allt verði lagfært á tiltölulega stuttum tíma, sem úr skorðum gekk í þeirra stjórnartíð. Ríkisstjórnin mun ekki skorast undan því að leysa þann vanda, sem við blasir. Verkefnið er erfitt, en það verður að leysa það. Og ég tel, að hv. stjórnarandstaða ætti að velja sér það hlutskipti frekar að veita þá aðstoð, sem hún gæti látið í té með hóflegum málflutningi og tillögum, ef þær væru fyrir hendi, heldur en að vera hér dag eftir dag með stóryrði um þessi mál án þess að koma með nokkra tillögu til úrbóta. Hafi þessir hv. þm. engar tillögur til úrbóta fram að færa, ættu þeir ekki að undrast, þótt ríkisstj. þurfi nokkurn tíma til þess að vinna að þessum málum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. var fjölorður um stóryrðin hér í þessari hv. deild, en hann á nú sínn hlut í þeim, heyrðist mér áðan, þar sem hann var að tala margsinnis um kjaftæði. Það stendur ekkert upp á hann í þeim. En svo að ég nefni önnur stóryrði, þá vil ég aðeins minna á það, sem hæstv. viðskmrh. byrjaði á við upphaf þessara umræðna. Honum fórust orð á þá leið m. a., að fjárstjórn ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs Búnaðarbankans yrði að teljast til einhverra mestu mistaka í fjárhagsmálum íslenzku þjóðarinnar, frá því að innlendu bankakerfi var komið á laggirnar, svo að ég noti orðalag hans. Það var ekkert minna. Hann talaði um algert stjórnleysi hjá bankaráðinu, það hefði viðhaft fjárglæfra, það hefði ekkert gert til að

bjarga sjóðunum og allt væri þetta hneyksli. Öll þessi ummæli eru í ræðu hæstv. ráðh. Til hvers er þá hæstv. landbrh. nú að koma hér upp og kvarta um, að menn hafi tekið of mikið upp í sig? Getur hann ekki snúið geiri sínum til félaga síns í ríkisstjórninni, sem byrjaði þessar umr. á þessum orðum? Og hver voru hneykslin, hverjir voru fjárglæfrarnir, sem bankaráðið hafði viðhaft? Þetta sundurgreindi hæstv. viðskmrh. alveg sómasamlega. Það voru of lágir vextir á lánum til bændanna, lánin voru til of langs tíma, í þriðja lagi, að meira væri lánað en nettótekjur sjóðanna segðu til á hverju ári, og í fjórða lagi, og það var kjarninn, að ekki voru sett gengisákvæði í skuldabréf bændanna. Þetta var það, sem hann lýsti og varði löngu máli í, tveimur eða þremur ræðum.

Nú ætla ég ekki að fara út í þessa sálma frekar, því að það hafa aðrir svarað hæstv. ráðh. þessum aðalatriðum. Ég vildi aðeins spyrja hæstv. viðskmrh. Nú hafa stjórnarflokkarnir meiri hluta í bankaráði Búnaðarbankans og ráða þar af leiðandi þessum sjóðum. Þeir eru búnir að gera það frá því snemma á þessu ári. Eru þeir ekki farnir að afnema hneykslin? Eru þeir ekki farnir að þurrka út fjárglæfrana þarna í Búnaðarbankanum? Hvað eru þeir búnir að gera til þess að bjarga sjóðunum, eins og þeir kalla það? Hefur ekki fulltrúi Alþfl. í bankaráðinu tekið í taumana? Maður skyldi halda það, ef nokkurn skapaðan hlut er að marka þessar ræður hæstv. ráðh.

En þá er að líta á það, hvers vegna sjóðirnir eru orðnir gjaldþrota, eins og hæstv. ráðh. segir að þeir séu. Hvert var mesta áfallið fyrir þessa sjóði nú í seinni tíð? Það er gengislækkun hæstv. ríkisstjórnar, sem kostaði þessa sjóði 68.8 millj. M. ö. o.: hefði gengislækkunin ekki komið til, ættu þessir sjóðir um 50 millj. fram yfir skuldir. Þarna er ástæðan fyrir því, að þeir eru gjaldþrota, eins og hæstv. ráðh. segir. Og hverjir eiga sökina? Nei, ég býst við því, að það standi eitthvað á því, að hæstv. viðskmrh. skýri frá neinni stefnubreytingu eða nýjum tillögum í stjórn þessara sjóða, þó að hans fulltrúi og fulltrúar Sjálfstfl. séu þar í meiri hluta. Ég held, að honum væri miklu nær að skýra hreinskilnislega frá því, að þeir hafa engar tillögur gert til neinna breytinga þarna, — engar. Ef þarna hafa verið framdir fjárglæfrar, þá er svo enn. Ef þarna hefur átt sér stað hneykslí, þá er sama hneykslið að gerast núna. Það hefur engin breyting orðið þarna á, svo að menn viti til.

Eitt atriði tók hæstv. viðskmrh. sérstaklega til meðferðar í þessum löngu ræðum sínum. Það var hinn gífurlegi rekstrarkostnaður á þessum sjóðum samanborið við aðrar lánastofnanir, og nefndi hann tvær til samanburðar, Framvæmdabankann og fiskveiðasjóð. Það er búið að sýna þessum hæstv. ráðh. fram á það, að hann geti ekki borið Framkvæmdabankann saman við ræktunarsjóð og byggingarsjóð, því að Framkvæmdabankinn láni aðeins stór lán, jafnvel gífurlega stór lán og fá, en þessir sjóðir aftur á móti lána mörg lán og smá. En það hlýtur að vera eitthvað álíka fyrirhafnarmikið fyrir lánastofnun að afgreiða lán, hvort sem það er 60 þús. eða 5 millj., það getur ekki munað miklu. En hæstv. ráðh. hafði þann mælikvarða á þennan rekstrarkostnað að reikna hann út eftir hæð lánanna, — ekki eftir tölu lánanna, nei, eftir hæð lánanna. Í næstu ræðu þar á eftir viðurkenndi hæstv. ráðh., að þetta væri rangt hjá sér, að bera sjóðina saman við Framkvæmdabankann. Hann viðurkenndi það, en hitt væri þó a. m. k. rétt, að bera sjóðina saman við fiskveiðasjóð. Nú skal ég gera það, taka bara eitt dæmi. Ég ætla að taka dæmi af tveimur mönnum. Annar er bóndi og hinn er útgerðarmaður. Bóndinn kemur í ræktunarsjóð og sækir um lán út á fjós, og hann sækir um 50 þús. kr. lán, því að hann hefur ekki skilyrði til að fá meira lán. En útgerðarmaðurinn sækir um lán út á bát, sem hann hefur keypt erlendis og flutt inn, 90—100 tonna bát, og hann sækir um 3 millj. kr. lán, því að bátur af slíkri stærð kostar nú frá 4½ til 5 millj. og fiskveiðasjóður lánar ⅔. Nú segir hæstv. ráðh.: Rekstrarkostnaðurinn á ræktunarsjóði er 0.95% af lánunum, en hjá fiskveiðasjóði er hann ekki nema 0.29%, hann er meira en þrisvar sinnum minni. En hvað er þetta í krónum, ef það væri reiknað af þessum lánum, sem ég nefndi? Hvað yrðu 0.95% af 50 þús. kr. láni? (**Menntmrh.**: Þetta er ekki rétt. Þetta er ekki rétt reiknað.) Hver er misskilningurinn? (**Menntmrh.**: Misskilningurinn er sá, að þetta er ekki lánprósenta, sem tekin er í heild.) Er ekki alveg eins hægt að taka af einu láni til að sýna, hvaða gildi mælikvarðinn hefur? (**Menntmrh.**: Hvað er lántökugjaldið í fiskveiðasjóði og ræktunarsjóði?) Ég man nú ekki lántökugjaldið þar. (**Menntmrh.**: Það er það, sem á að bera saman.) Það var það, sem hæstv. ráðh. var að gera, hann var að reikna út rekstrarkostnaðinn og deila honum niður á lánaupphæðirnar — var það ekki rétt? — í báðum tilfellum. Og ég ætla að gera það sama með því að taka dæmi af tveimur lánum, öðru í ræktunarsjóði, hinu í fiskveiðasjóði, og vita, hvað kemur út í krónum. (**Menntmrh.**: Þeir borga það ekki, þessir menn, það veit þm. vel.) Ég er að tala um, hver rekstrarkostnaður sjóðanna er. (Gripið fram í.) En hvað þýðir þá fyrir hæstv. ráðh. að skýra frá þessum prósentum, ef ekkert má marka þær? (**Menntmrh.**: Það gildir í heild, en ekki fyrir einstaka lántakendur.) Nú, gildir í heild, en ekki fyrir einstakan lántakanda. En áttu ekki þessar prósentur að gilda sem mælikvarði á það, hvað það væri ósvífinn rekstrarkostnaður hjá ræktunarsjóði miðað við fiskveiðasjóð, og það er það, sem ég er að reikna út, ekki í prósentum, heldur í krónum? En þetta gjald, sem hæstv. ráðh. nefndi, 0.95% af litla láninu, 50 þús. kr., gerir ekki nema 475 kr., en hin prósentan, 0.29 í fiskveiðasjóði af 3 millj., gerir 8700 kr. Ég var ekkert að segja um það, hverjir ættu að borga þetta, heldur notaði hæstv. ráðh. þetta sem mælikvarða á hneykslanlegan rekstrarkostnað ræktunarsjóðs miðað við fiskveiðasjóð. Ég held, að ég hafi bent hér á veiluna hjá hæstv. ráðh.

Hæstv. landbrh. drap á launahækkanir hjá flugmönnum 1957, sem hann taldi hafa verið orsök launahækkana á sumrinu 1958, en þær launahækkanir 1958, þar sem sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn koma við sögu, taldi hann ekki saknæmar, heldur væri höfuðástæðan fyrir þeim hækkun á launum flugmanna í febrúar 1957, og af því að hann er um leið flugmálaráðherra, sýnist mér

alveg sérstök ástæða til þess að drepa á þetta mál. Það má minna á það, að hæstv. ráðh. er búinn að gleyma gömlu kenningunni hjá Sjálfstfl., af hverju erfiðleikar höfðu átt sér stað í efnahagsmálunum. Þeir voru ekki þá að tala um flugmannalaun. Mér skildist, að það hefðu verið verkföllin miklu 1955. Nú er hæstv. ráðh. að söðla um og kominn yfir á flugmannakaupgjald 1957. Látum það vera. Það er einmitt það, sem ég ætla aðeins að drepa á. Þessi hæstv. ráðh. sagði í þessari ræðu sinni, að kaupgjald flugmanna 1957 hefði hækkað um 50%. Ég greip fram í fyrir honum og spurði: „Var það virkilega 50%?“ „Já,“ sagði ráðh., „það var mjög nálægt því, það varð gífurleg hækkun.“

Nú hef ég kynnt mér þetta mál, hversu gífurleg þessi kauphækkun flugmanna var 12. febr. 1957, en því aðeins geri ég þetta, að það er búið að halda uppi þeim áróðri hér um bil í fjögur ár, að þessi stétt manna hafi sýnt óviðeigandi óbilgirni og kröfur um laun. Breytingarnar, sem verða á kjörum flugmanna með samningum 12. febr. 1957, eru í aðalatriðum þessar: Í fyrsta lagi: Flugmennirnir höfðu áður greitt 10% af launum sínum í lífeyrissjóð, en flugfélögin 5%. Breytingin, sem varð með samningunum, er sú, að flugfélögin hækka sitt framlag upp í 10%, en framlag flugmannanna sjálfra helzt óbreytt eftir þessa launahækkun. En þetta eru hlunnindi. Það eru bætt skilyrði lífeyrissjóðsins. Annað atriði, sem gerist í þessum samningum flugmannanna 12. febr. 1957, er það, að allir flugmenn höfðu haft 18 daga sumarleyfi, en með þessum samningum fá þeir flugmenn 24 daga sumarleyfi, sem búnir eru að vinna lengur en 10 ár hjá sama flugfélagi, allir aðrir standa í stað. Ekki er þetta kauphækkun, en þetta eru fríðindi. (Gripið fram í.) Ég hef þetta skrifað. Þriðja breytingin, sem gerð er með þessum samningum, er sú, að flugfélögin áttu að greiða skv. eldri samningum 150 kr. á dag í dagpeninga, ef flugmaður varð óvinnufær vegna slysa. Þetta ákvæði er hækkað upp í 200 kr. á dag og tíminn lengdur úr 180 dögum upp í 200 daga. Þetta eru líka fríðindi handa þeim — eða réttara sagt ofur lítið meiri sárabætur fyrir þá, sem verða fyrir slysum, en ekki bein kauphækkun. Og í fjórða og síðasta lagi kemur sjálf kauphækkunin, sjálf launahækkunin, sem hæstv. ráðh. sagði að hefði verið 50%. Hún er þessi: Hjá flugstjóra í millilandaflugi hjá Loftleiðum 7 þús. kr. yfir árið án verðlagsuppbótar, en þá var verðlagsuppbót 78%. Hjá flugstjórum í millilandaflugi hjá Flugfélagi Íslands 5 þús. kr. á ári. Hjá flugstjóra í innanlandsflugi 5 þús. kr. á ári. Hjá aðstoðarflugmanni hjá Loftleiðum 2 þús. kr. á ári. Hjá fyrsta flugmanni í innanlandsflugi 4 þús. kr. á ári. Og hjá aðstoðarflugmanni 3 þús. kr. á ári. Allt er þetta án verðlagsuppbótar. Mér hefur reiknazt til, að þetta mundi nema í kringum 5—6% hækkun á launum flugmanna, og þetta er eina beina launahækkunin, sem flugmenn fengu í febr. 1957. Hitt eru hagsbætur í öðru formi, sem ég hef þó nefnt allar. En þó að allt sé lagt saman, getur enginn maður fengið nein 50% og ekki neitt nálægt því út úr þessu dæmi. (Gripið fram í: Var það ekkert meira en þetta?) Ekki veit ég til þess. (Gripið fram í: Ekki hlunnindi?) Ég var að telja þrenn hlunnindi. (Gripið fram í: Jæja, þá bara gleymirðu.) Ég hef skoðað þessa samninga. (Gripið fram í: Jæja, við skulum hætta að tala um þetta.) Er það þá ekki eitthvað, sem hefur komið seinna? (Forseti: Ég bið hv. þm. að hafa ekki samtal.) Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. nefni þá, hvað er í þessum samningum, því að hann nefndi samningana. Það þýðir ekkert fyrir hann að nefna eitthvað annað, sem kann að hafa komið síðar. Hann nefndi launahækkun í febrúar 1957. 12. febr. er þessi samningur gerður. Mér er alveg ljóst, að það er búið að halda uppi óhæfilegum áróðri gegn flugmönnum í landinu allan þennan tíma, og svo gerist hinn stóri atburður í sumar, þegar hæstv. flugmrh. gefur út brbl. til þess að koma í veg fyrir samninga og bannar verkföll hjá þessari stétt. Vafalaust — ég segi vafalaust — hlýtur þessi hæstv. ráðh. að hafa þar til hliðsjónar launin, sem hann taldi að flugmennirnir hefðu fengið hækkuð um 50% 1957. (Landbrh.: Launin og öll hlunnindi.) Ég er búinn að telja fram þrjá flokka af hlunnindum, og ef hæstv. ráðh. getur talið fleiri, þá skal ég taka þau sannarlega til greina, ef ég finn þau í samningnum. (Landbrh.: Hvernig var með gjaldeyrinn?) Það er gjaldeyririnn, — ja, það er gott, að hæstv. ráðh. minnist á það. Það var ekki samið um nein gjaldeyrisfríðindi í þessum samningi, ekki nein, ekki einn einasti stafur. Ég vona, að hæstv. ráðh. hljóti að viðurkenna það. (Landbrh.: En þeir fengu það eigi að síður.) Ekki þarna, ekki í þetta skipti. (Forseti: Ég bið hv. þm. að hafa ekki samtal.)

Það er hart til þess að vita, þegar ein stétt manna, sem leggur jafnmikið á sig og flugmennirnir, hefur orðið fyrir slíkum árásum eins og hefur átt sér stað fyrst og fremst í blaðakosti hæstv. flugmrh. Þetta er búið að standa hér um bil í 4 ár. Og þeir hafa sannarlega ekki nein ráðherralaun, þessir menn, jafnvel þó að þeir séu flugstjórar. (Gripið fram í.) Hvað hafa þeir mikið? Vill hæstv. ráðh. nefna árslaun einhverra, sem hæst eru launaðir meðal flugmanna? Mig langar til að heyra það. Þó að hann telji með alla flugpeningana nákvæmlega, sem á auðvitað að telja með, því að það er kaup, þá ætla ég, að mikið skorti á, að flugmenn hafi ráðherralaun, a. m. k. almennt, ef nokkur einn einasti þeirra nær ráðherralaunum. Hitt er svo ekki rætt um, að þetta eru menn, sem gegna ábyrgðarmeiri stöðum en sennilega nokkrir aðrir í þjóðfélaginu, áhættusamari og ábyrgðarmeiri störfum, og í öðru lagi, þetta eru menn, sem geta ekki sinnt þessum störfum lengur en til 45—50 ára aldurs, þá verða þeir að hætta.

Ég skal ekki hafa þetta lengra að sinni. Ef hæstv. flugmrh. getur sannfært mig um, að ég fari rangt með samninga, sem gerðir voru 12. febr. 1957 við flugmennina, þá skal ég viðurkenna það. En ég ræddi um þá samninga af því, að hann ræddi um þá í sinni ræðu og nefndi þar 50% launahækkun.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þessar umræður eru nú orðnar alllangar, og það, sem kannske er eftirtektarverðast við þetta frv. og málflutning þeirra, sem talað hafa af hálfu hæstv. ríkisstj., er, að þeir vilja ekki, að þetta frv. verði

samþykkt, eins og það liggur nú fyrir, og þeir benda ekki heldur á neinar leiðir til þess að bæta um í þessu efni, þrátt fyrir það að þeir viðurkenni nauðsyn á því.

Ég þarf, sem betur fer, ekki að svara hæstv. viðskmrh. neinu, vegna þess að hvert einasta orð, sem hann sagði í ræðu sinni í gær, var staðfesting á því, sem ég áður hafði sagt. Get ég af þeim ástæðum sleppt þeim hæstv. ráðh. í dag.

En ég kunni illa við tóninn hjá hv. 10. landsk. þm. (BGuðm), því að tónninn var sá: Hafðu, bóndi, hægt um þig. Hvað eruð þið að gera, bændur. Hvað varðar ykkur eiginlega um þjóðmál, bændur. — Þetta var undirtónninn í ræðu þessa hv. þm., og ég kann illa við að heyra slíkan tón af vörum bænda, eins og nú er búið að bændastétt landsins.

Hæstv. landbrh. talaði hér áðan alllangt mál, og hefur það stundum hvarflað að mér áður, en það kemur æ betur í ljós og einnig eftir að þessi hæstv. ráðh. varð ráðh., að honum fer bezt að tala yfir dauðum, en þó held ég samt, að hann hefði orðið ómögulegur prestur. Hann segir mest við þá aðila, sem fallnir eru út, vegna þess að þeir eiga ekki rétt til að tala meira.

Það er undirstöðuatriði í þessu máli, sem og mörgum öðrum málum, sem fyrir Alþ. hafa legið: Hverju lofuðu stjórnarflokkarnir fyrir kosningarnar, og hvað hafa þeir gert til þess að efna það? Hver voru aðalloforð þessara tveggja stjórnarflokka fyrir kosningarnar? Það var: bætt lífskjör og engar nýjar álögur. En hverjar eru efndirnar í þessum efnum? Eftir eins árs stjórn hjá þessum aðilum hafa verið lagðir á þjóðina um 1200 millj. kr. skattar, þrátt fyrir það að loforðið var: engar nýjar álögur og bætt lífskjör. Þetta er undirstöðuatriðið í þessu máli og fjölmörgum öðrum málum, sem liggja fyrir Alþingi. Og það er hart að þurfa að hlusta á það af vörum þessara manna, að þeir einir hafi staðið við það, sem þeir hafi lofað, en aðrir svikið allt. Og ég hef bent á það áður í þessum umr., að þessi hæstv. stjórn hefur lagt sem svarar 30—40 þús. kr. skatt á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þetta eru efndirnar í öllu, sem hæstv. stjórn hefur lofað. Þjóðin veitti henni brautargengi í trausti þess, að hún stæði við eitthvað af því, sem hún hefði lofað, en efndirnar hafa orðið allt aðrar.

Það má vafalaust benda á margt hjá hæstv. landbrh., sem hann hefur lofað bændastétt landsins, bæði hér í þingsölunum og annars staðar. Vorið 1958 munu hafa legið fyrir um 500 dráttarvélapantanir hér á landi, og svo að segja hver einasti bóndi, sem pantað hafði dráttarvél, keypti hana þrátt fyrir hækkunina. En þó var það svo, að einn góður skjólstæðingur þessa hæstv. ráðh. leitaði til hans um það, hvort rétt væri að panta dráttarvél nú eða síðar. (**Landbrh.**: Hvað heitir hann?) Að sjálfsögðu ráðlagði þessi hæstv. ráðh. bóndanum, að hann skyldi bíða, þar til Sjálfstfl. kæmi til valda, því að þá mundu þær lækka í verði (**Landbrh.**: Þetta er hreinn tilbúningur.) Hver var staðreyndin? (**Landbrh.**: Hreinn tilbúningur.) Að dráttarvélin hækkaði um 40 þús. Þetta er táknrænt fyrir loforð þessa hæstv. ráðh. á þessu sviði sem öðrum.

Það er kaldhæðni örlaganna, að þessi hæstv. ráðh. skyldi verða til þess, þrátt fyrir öll sín gefnu fyrirheit, að svíkja á þennan hátt bændastétt landsins. Og vegna þess að þessi hæstv. ráðh. virðist vera mjög minnissljór, vil ég minna hann á nokkur ummæli, sem hann hefur viðhaft hér í þingsölunum, og væri gott fyrir hann að hugleiða þau einmitt um þær mundir, sem hann fer með völd í þessum efnum í landinu.

Mér er minnisstætt, að vorið 1957, þegar verið var að ræða frv. um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, tók þessi hæstv. ráðh. nokkrum sinnum til máls og lét álit sitt í ljós á málinu. Og með leyfi hæstv. forseta, vil ég rifja upp nokkur atriði úr ræðu þessa hv. þm., og svo geta þm. og aðrir, sem til heyra, borið það, sem hann sagði þá, saman við það, sem ráðh. hefur gert, síðan hann kom til valda. Ég vil taka það fram, að þetta sagði hann, áður en hann lagði til, að hans eigið kjördæmi yrði lagt niður, eins og önnur kjördæmi landsins, og þá var hann hv. þm. Rang.:

„Ég vil ekki gera lítið úr því eða segja, að það sé lítils virði fyrir nýbýlinga að fá nú 25 þús. kr. í styrk fram yfir það, sem þeir hafa áður fengið. En ég fullyrði, að þeir þurfa þess með, því að nýbýlingar eigi í miklum erfiðleikum. Það, sem þeir hafa að undanförnu fengið fram yfir aðra, er aðeins 20 þús. kr. aukastyrkur til ræktunar, og það er þess vegna, sem nýbýlingar eru margir hverjir mjög illa staddir fjárhagslega."

En hvað hefur þessi hæstv. ráðh., sem þótti 25 þús. kr. litlar, gert, síðan hann varð ráðh., til þess að rétta hlut þessara manna? Hvað er það? Hvað er það, Ingólfur Jónsson, hæstv. ráðh.? Vill hæstv. ráðh. svara því? Ég hef ekki komið auga á það, en gott væri að vita það.

Þá sagði hæstv. ráðh. enn fremur:

„Það er ekki unnt að hefja búskap nú í sveit nema hafa í hendinni eða ráð á nokkrum hundruðum þúsunda króna, og það er það, sem gerir æsku þessa lands erfitt fyrir með að verða kyrr í sveitunum. Æskan hefur ekki farið úr sveitum þessa lands af því, að hún hafi ekki viljað vera í átthögunum og helga þeim sína starfskrafta, heldur eingöngu vegna þess, að hana skortir fé til þess að stofna bú í sveit, til þess að byggja hús, til þess að kaupa jörð, til þess að kaupa vélar og öll tæki, sem búskapurinn þarfnast. Það hefur verið hægara fyrir æskufólkið að gifta sig og taka á leigu íbúð í Reykjavík. Til þess hefur þurft minna stofnfé. Það er þess vegna, sem margt af okkar efnilega æskufólki hefur farið gegn vilja sínum úr sveitinni að sjávarströndinni. Þetta er hin raunverulega staðreynd, og þessu fáum við aldrei breytt, nema við viðurkennum þessa staðreynd, nema við hættum að blekkja okkur sjálf."

Enn fremur sagði hæstv. ráðh.:

„Það er verkefni næstu tíma að finna lausn á því, hvernig við eigum að sporna við hinum stöðuga fólksflutningi æskufólks úr sveitum landsins og gera þessu efnilega æskufólki, sem vill vera kyrrt í sveitunum, mögulegt að vera þar. En það er útilokað, eins og nú er komið," sagði hæstv. ráðh. þá.

Þetta sagði hæstv. ráðh. 1957. Nú er þessi hæstv. ráðh. búinn að fara með völd í landinu um

tveggja ára skeið, og maður skyldi ætla, að eitthvað örlaði á því, að æskufólkið þyrfti ekki að yfirgefa sveitir þessa lands, að það væri komin stefnubreyting í þessum hlutum og að nú eygði maður græna akra víðs vegar í sveitum landsins í staðinn fyrir fólksflótta úr sveitunum. En staðreyndin er bara allt önnur á þessu sviðinu sem öðrum hjá þessum hæstv. ráðh., það, sem hann áður lofaði, hefur farið á þveröfugan veg. Það er til samræmis við það fyrsta, sem ég sagði áðan, að stjórnin lofaði bættum lífskjörum og engum álögum, en lagði 1200 millj. kr. skatta á þjóðina, og önnur loforð, hverju nafni sem nefnast, eru í samræmi við það.

Þá gat hæstv. ráðh. þess í ræðu sinni hér áðan, að aðrir atvinnuvegir væru ekki vel á vegi staddir og landbúnaðurinn yrði tekinn til athugunar til samræmis við það, sem gert yrði fyrir aðra atvinnuvegi. Og enn þá einu sinni, þótt ég hafi að vísu lítla ástæðu til þess, vil ég ekki ætla hæstv. ráðh. það, að hann standi ekki við fyrirheit sín. Ef eitthvað verður gert til þess að leysa þann hnút, sem sjávarútgerðin er í nú, þar sem vitað er, að bátarnir hafa ekki getað greitt tryggingagjöld og að margir útgerðarmenn hafa ekki getað greitt vexti og afborganir af sínum lánum, þá treysti ég því, að hæstv. ríkisstj. taki einnig sömu hliðar málanna til athugunar innan landbúnaðarins, því að við vitum allir, að þar er sama kreppan yfirvofandi og hjá öðrum atvinnuvegum, að menn eiga erfitt með að standa í skilum.

Þá gat hæstv. landbrh. þess, að ég hefði sagt, að það þyrfti að flytja inn osta og smjör á þessum vetri. Ég hef aldrei sagt það, en ég gat þess í fyrstu ræðu minni, að ef sama stjórnarstefna hefði ríkt í landinu frá 1950 og nú ríkir, þá hefðum við orðið að flytja inn landbúnaðarafurðir fyrir 300 millj. kr., — ef sama samdráttar- og íhaldsstefnan hefði ríkt, þá hefðum við orðið að flytja inn landbúnaðarafurðir fyrir 300 millj. kr. á þessu ári. Það var það, sem ég sagði, en ég nefndi ekki smjör og ég nefndi ekki ost.

Hæstv. landbrh. svaraði ekki spurningu hv. 1. þm. Norðurl. e. um það, hvort þau lán, sem stofnlánasjóðir landbúnaðarins veita á þessu ári, yrðu lánuð út með gengisklásúlu eða ekki. Hann svaraði því engu, en sagði, að hv. þm. sæi það á lánsskjölunum innan fárra daga. Líklega á þetta að þýða það, að þau lán, sem verða veitt, verði lánuð með gengisklásúlu.

Þá varð hæstv. landbrh. tíðrætt um það, að hann skyldi síðar láta framsóknarmenn standa við það, sem þeir hefðu lofað. En hafi nokkur flokkur staðið við gefin fyrirheit, þá er það Framsfl., og þetta sýnir kannske einna bezt vonleysi hæstv. ráðh., hversu vonlaus hann er í baráttunni í þeirri ríkisstj., sem nú situr. Hann er algerlega vonlaus sjálfur um að geta komið nokkru máli fram af því, sem hann hefur áður lofað. Svo illa er komið fyrir þessum hæstv. ráðh., að hans meðstjórnendur í hæstv. ríkisstj. taka ekki lengur neitt tillit til þess, er hann segir, og þess vegna ætlar hann í framtíðinni að treysta á það, að framsóknarmenn verði þeir einu, sem geti leyst þau mál, sem hann ber fyrir brjósti. Og ég efast ekki um heldur, að ef hæstv. ráðh. hefur einhvern tíma meint eitthvað af því, sem hann hefur sagt varðandi landbúnaðinn, þá fær hann ekki aðra til að leysa það frekar með sér en einmitt framsóknarmenn — og því fyrr, því betra.

Ég hef áður getið þess í þessum umr., að þetta frv. er stórt spor í áttina til þess að gera stofnlánasjóðum landbúnaðarins kleift að starfa í framtíðinni, og það verður ekki á annan réttari hátt komizt frá þeim málum en að samþykkja þetta frv. Það sýnir kannske einna bezt, hversu mikinn rétt þetta frv. á á sér, að stjórnarsinnar eru sárgramir yfir því, að þeir skyldu ekki verða fyrri til að koma með þessa lausn á málinu, og þeir hafa ekki komið með eina einustu lausn á þessu máli í þessum umr. Það eru sjálfsagt ýmsar leiðir til, sem geta leyst þetta mál. Það er líka hugsanlegt að láta Seðlabankann taka á sig gengismun þeirra erlendu lána, sem sjóðirnir taka nú og í framtíðinni, bæði stofnlánasjóðir landbúnaðarins og stofnlánasjóðir sjávarútvegsins. Þetta er hugsanlegur möguleiki og verður sjálfsagt tekinn til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. Og það er einmitt hæstv. ríkisstj., sem hefur skapað fordæmi í þessum efnum á s. l. vetri. Þegar efnahagsmálalöggjöfin var samþykkt, var Seðlabankanum falið að taka á sig gengismun á nokkrum erlendum lánum. En hitt vil ég undirstrika enn einu sinni, að það er útilokað að ætla sér að lána fátækum bændum í landinu lán með háum vöxtum til stutts tíma, því að þessi stjórn er búin að stórstytta lánstímann, fyrir utan það, að hún hefur hækkað vextina, og síðan þriðja atriðið, sem kórónar allt, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að gera, það er að lána út með gengisklásúlu. Þetta eiga hinir fátæku bændur að fá, vegna þess að þeir hafa hingað til ekki haft aðstöðu til þess að framkvæma hjá sér það, sem margir af bændum hafa sem betur fer getað gert.

Þetta frv. er líka þess eðlis, að það segir til um það, hvort Alþingi vill stuðla að aukinni framleiðslu í landinu eða ekki, og það veltur á því, hvernig á þessum málum verður haldið, hvort bændastéttinni vegnar vel í framtíðinni eða ekki. Án stuðnings frá hinu opinbera er óhugsandi, að framleiðsluaukning geti átt sér stað, svo að þarna er því um mikið alvörumál að ræða, og ég treysti því, að hv. andstæðingar okkar, sem höfum borið þetta frv. fram, skoði hug sinn vel, áður en þeir fella þetta frv., án þess að koma með neitt, sem hliðstætt getur talizt, til úrbóta fyrir bændastétt landsins í þessum málum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., enda hygg ég, að báðir málsaðilar séu búnir að færa fram þau efnisrök, sem þeir telja ástæðu til þess að koma á framfæri, svo að ég mun hér ekki gefa tilefni til áframhaldandi almennra rökræðna um þetta mál, hygg, að það sé upplýst fyrir alla, sem með málflutningnum hafa fylgzt.

En það var eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Vestf., sem ég tel óhjákvæmilegt annað en leiðrétta, því að hann fór þar með, — svo að ég orði það

mildilega, gaf tilefni til þess, að áheyrendur misskildu algerlega það, sem er efni þessa máls, sem hér er um að ræða. Hann vildi andmæla því, sem ég hafði haldið fram um, að sá hluti heildarkostnaðar Búnaðarbankans, sem reiknaður er á ræktunarsjóð og byggingarsjóð, sé óeðlilega hár. Til þess að sanna það mál mitt hafði ég tekið raunverulegan rekstrarkostnað fiskveiðasjóðs, veðdeildar Landsbankans og Framkvæmdabankans. Hv. þm. talaði þannig eins og lántakendurnir borguðu þennan kostnað. Það var ómögulegt að skilja orð hv. þm. öðruvísi, enda væri þá ekkert vit í hans reikningsdæmi, þar sem hann reiknar þá meðalkostnaðartölu, sem ég hafði gefið upp og er ómótmælanlega rétt hjá ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði, og miðar við ákveðin lán, 50 þús. kr. lán hjá bónda og 3 millj. kr. lán hjá útgerðarmanni. Af því er ómögulegt að draga aðra ályktun en að hér sé hann að gera samanburð á þeirri byrði, sem þessir tveir aðilar bera. En ég þarf ekki að útlista það nákvæmlega, að í slíkum samanburði er ekki minnsta vit.

Nú vill svo undarlega til, að ef athugaður er hlutur tveggja lántakenda við lántöku, annars í ræktunarsjóði og hins hjá fiskveiðasjóði, þá er það svo, að lántakandi úr ræktunarsjóði greiðir 1% lántökugjald þegar við lántökuna og sama gerir lántakandi í byggingarsjóði, en lántakandi í fiskveiðasjóði greiðir ekkert lántökugjald, eins og hv. 4. þm. Vestf. veit jafnvel og ég, því að hann er þar öllum hnútum mjög kunnugur. Það er meira að segja þannig, að fyrir utan vextina, sem báðir aðilarnir greiða og hafa verið hagstæðari hjá ræktunarsjóði og byggingarsjóði en hjá fiskveiðasjóði s. l. áratug, þá leggja sjóðir landbúnaðarins sérstakt lántökugjald á sína lántakendur, en fiskveiðasjóður ekki.

Þetta er þó í raun og veru aukaatriði eða a. m. k. ekkert aðalatriði í málinu. Hitt er auðvitað aðalatriði í málinu, hver heildarkostnaðurinn við rekstur þessara opinberu fjárfestingarsjóða er, og þeir eru fimm: ræktunarsjóður, byggingarsjóður, Framkvæmdabankinn, veðdeild Landsbankans og fiskveiðasjóður. Það er ómótmælanlegt, að á sama tíma sem sá kostnaður, sem ræktunarsjóði er reiknaður af heildarkostnaði Búnaðarbankans, er 2.5 millj. kr. og sá kostnaður, sem byggingarsjóði er reiknaður af heildarkostnaði Búnaðarbankans, er 2.1 millj. kr., þá er raunverulegur kostnaður Framkvæmdabankans 2 millj. kr. og reiknaður kostnaður veðdeildar Landsbankans 816 þús. kr., en raunverulegur kostnaður fiskveiðasjóðs aðeins 612 þús. kr. Ef þessar tölur eru bornar saman við heildarútlán, er þessi reiknaði kostnaður sjóða Búnaðarbankans frá þrem og upp í fimm sinnum hærri en hann er hjá hinum stofnununum samtals. Nú hefur verið sagt, að þetta sé ósanngjarn samanburður, vegna þess að tala lánanna hjá t. d. ræktunarsjóði og byggingarsjóði sé mun meiri en hjá Framkvæmdabanka og fiskveiðasjóði, og þetta er rétt. Tala lána fiskveiðasjóðs er mun lægri en tala lána hjá ræktunarsjóði og byggingarsjóði. En að vísu segir það ekki alla söguna, því að það er kostnaðarmeira, því fylgir meira umstang, því fylgir meiri kostnaður að veita eitt stórt lán en eitt lítið. Kostnaðurinn er ekki í réttu hlutfalli við tölu lánanna, heldur hefur upphæð lánsins líka mikið að segja og það, sem nauðsynlegt er að gera í því sambandi, frágangur á veðum og því um líku. Ég lýsi því ekki.

Til að taka af öll tvímæli um staðhæfingar minar um algerlega óeðlilegan kostnað ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs er nægilegt og bezt að bera kostnaðinn saman við veðdeild Landsbankans. Þar eru mál að öllu leyti sambærileg. Kostnaðurinn er þar að verulegu leyti reiknaður hjá báðum aðilunum, — að vísu hefur veðdeildin nokkra sérstaka starfsmenn, — en að verulegu leyti er það reiknað sem hlutdeild í kostnaði hjá Landsbankanum yfirleitt. Ef við athugum þessar tölur, kemur í ljós, að meðan kostnaður ræktunarsjóðs er 2.5 millj. og kostnaður byggingarsjóðs 2.1, þá er kostnaður veðdeildar Landsbankans 0.8 — aðeins 800 þús. kr. Svo að ég beiti nú mælikvarða hv. 4. þm. Vestf. og taki tölur lánanna, þá er sannleikurinn sá, að tala lánanna hjá veðdeild Landsbankans er hærri en hjá ræktunarsjóði. Ég hef hér upplýsingar um tölu veittra lána 1959 hjá veðdeildinni. Tala veittra lána var 1656. Tala veittra lána hjá ræktunarsjóði, nýrra lána, var 1052. Það eru meira en helmingi fleiri ný lán, sem veðdeildin hefur veitt á s. l. ári, heldur en ræktunarsjóður, og samt sem áður er hinn reiknaði kostnaður ræktunarsjóðs þrisvar sinnum hærri en kostnaður veðdeildarinnar.

Dæmið verður enn þá óhugnanlegra, ef byggingarsjóður er skoðaður, því að tala nýrra lána hjá honum 1959 var ekki nema 122 lán, en reiknaður kostnaður 2.1 millj. kr. Til að gera myndina fullkomna væri rétt að taka tillit til tölu útistandandi lána, sem auðvitað þarf að taka við afborgunum af og taka við endurgreiðslu á og þar fram eftir götum. Þær tölur hef ég því miður ekki nákvæmlega. Það er hægt að fá þær með nokkurra daga fyrirvara, og það gæti ég vel gert, en ég veit, að þær breyta þessari mynd ekki. Tala nýrra lána í veðdeild og tala gamalla lána í veðdeild er mun hærri en tala nýrra lána og gamalla lána í byggingarsjóði, og samt sem áður eru kostnaðartölurnar svona.

Það er því algjörlega óhagganlegt, sem ég hef sagt um þetta mál, og skýringin á því er ofur augljós. Sannleikurinn er sá, eins og ég hef áður sagt og undirstrikað, að hér er ekki um að ræða raunverulegan kostnað ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs. Raunverulegur kostnaður þessara sjóða, væru þeir sjálfstæðir, gæti aldrei komizt upp í 2.5 millj. hjá ræktunarsjóði og 2.1 millj. hjá byggingarsjóði. Það væri útilokað. Tölurnar eru svona háar af því, að þetta er sú byrði, sem á þessa sjóði er lögð af stjórnendum Búnaðarbankans, þetta er reiknuð hlutdeild þeirra í heildarkostnaði Búnaðarbankans. Mergur gagnrýni minnar hefur verið sá að segja, að þessi ákvörðun stjórnar Búnaðarbankans, yfirstjórnenda bankans, sé óforsvaranleg og henni þurfi sem fyrst að breyta. Það hefur því engu orði verið haggað af því, sem ég sagði um þetta efni, og raunar ekki neinum kjarna í minum málflutningi. Annað læt ég alveg hjá líða að tala frekar um, en ég gat ekki látið hjá líða að leiðrétta þann misskilning, sem um þetta efni kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður um þetta. — Hæstv. ráðh. kemur með þá skýringu núna, að hér sé ekki um rekstrarkostnað að ræða, heldur reiknaðan rekstrarkostnað. Þetta breytir nokkru. En má ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvað var hann þá að sýna með prósentureikningi sínum á lánsupphæð þessara sjóða, ef ekki átti að sýna það, hve raunverulega væri stjórnleysið mikið í þessum sjóðum? Nú kemst hann að þeirri niðurstöðu, að það sé skipting á kostnaðinum, en alls ekki um raunverulegan kostnað að ræða, þarna sé slengt yfir á sjóðina kostnaði, sem þeir eigi ekki að bera. Er það ekki meiningin? Það er ómögulegt að skilja það öðruvísi. Þetta er ekki raunverulegur kostnaður, segir hæstv. ráðh., heldur er þetta reiknaður kostnaður, þ. e. sjóðirnir eru látnir bera meiri kostnað reikningslega en þeir eiga að bera. En hver hefur samþykkt þetta? Það er ráðh., sem hefur samþ. þetta. Ég er reyndar ekki alveg viss um, hvort það er bankamrh. eða landbrh., en það er samþykkt af ráðh., þessi skipting á rekstrarkostnaði sjóðanna. (**Gripið fram í:** Landbrh.) Já, það er sennilega landbrh.

Þá vildi hann halda því enn fram, að útreikningarnir séu réttir, og það hefur komið fyrir áður, að menn hafa haldið fram, að útreikningar væru réttir, þó að þeir hafi ekki reynzt það í raun, en látum það vera. En ef ekki var hægt að skilja þennan útreikning á þann veg, sem ég skildi hann, þá verð ég að segja það hreinlega, að ég veit ekkert, hvað hann hefur meint með útreikningnum.

Hitt atriðið, að há lán séu dýrari eða fyrirhafnarmeiri fyrir banka, miklu dýrari fyrir bankana, heldur en lág lán, það þekki ég ekki. Ég veit ekki betur en lántakendur verði að greiða allan kostnað af þinglýsingu hvers einasta plaggs, sem þarf að þinglýsa í sambandi við lántökur, svo að ekki lendir það á bönkunum eða sjóðunum. Og hvort upphæðirnar eru 3 millj. eða 300 þús. eða hvað það er, þá hélt ég, að það skipti ekki miklu fyrir vinnubrögðin hjá viðkomandi banka eða sjóði.

Að lokum lagði hann áherzlu á að bera saman veðdeild Landsbankans og ræktunarsjóð. Ég hef ekki minnzt einu einasta orði á veðdeild Landsbankans. Ég hef talað um fiskveiðasjóð. Og ég hélt því fram, að það væri ekki hægt að bera svona saman, fiskveiðasjóð og ræktunarsjóð. Það var það, sem ég tók. Þá fer hann að bera saman veðdeild Landsbankans og ræktunarsjóð og segir, að það sé hvert orð satt, sem hann segi. Hvernig er hægt að skilja þetta? Mér dettur í hug skrýtla héðan úr bænum, sem er orðin ákaflega gömul. Maður spurði kunningja sinn: „Hvor heldurðu, að sé gáfaðri, Guðmundur Finnbogason eða Árni Pálsson?“ „Sigurður Nordal,“ svaraði maðurinn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kem ekki til þess að segja skrýtlu, heldur aðeins til þess að ganga úr skugga um, að hv. þm. geri sér alveg ljóst, um hvað er að ræða, þegar ég ræddi um reiknaðan kostnað sjóða Búnaðarbankans. Hann vildi leggja þann skilning í þau orð mín, að ég sagði að þetta væri ekki raunverulegur kostnaður þeirra, að málið væri þá ekki svo alvarlegt, fyrst þetta væri ekki raunverulegur kostnaður þeirra, heldur aðeins reiknaður kostnaður þeirra. En sannleikurinn er sá, að þó að kostnaðurinn sé fundinn þannig út, að hann sé talinn ákveðinn hluti af heildarkostnaði Búnaðarbankans, þá er hann raunverulegur fyrir sjóðina, því að þeir verða að bera hann, og það er auðvitað mergur málsins. Þess vegna skiptir ekki máli fyrir afkomu sjóðanna, hvort þessar háu tölur eru til komnar á þann hátt, að stjórn Búnaðarbankans, bankaráð og landbrh., ákveða kostnaðarhlutdeildina svona, eða hvort þetta er kostnaður, sem greiddur er starfsmönnum, í húsaleigu og því um líkt. Fyrir sjóðina skiptir engu máli, hvernig það er til komið, því að það kemur sem gjöld á sjóðina, sem frádráttur á það ríkisframlag, sem sjóðirnir fá, og það er það, sem skaðar sjóðina, því að þessi reiknaði kostnaður sjóðanna, sem er raunverulegur fyrir þá, hefur því miður orðið meiri en öll framlög Alþingis til þessara sjóða. Það er þetta, sem ég hef leyft mér að átelja mjög, að stjórn Búnaðarbankans, bankaráð og landbrh., skuli hafa látið það viðgangast um langt skeið undanfarið, — ég þori ekki að segja, hvað langt aftur í tímann, — að sjóðunum skuli hafa verið reiknaður svo hár raunverulegur kostnaður, að hann skuli hafa gert meira en gleypa allt framlag Alþingis til sjóðanna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Ed., 17. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 678, var útbýtt 28. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Vegalög (frv. SE o. fl.).

Á 10. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [71. mál] (þmfrv., A. 78).

Á 12. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 78, um breyt. á vegalögum, flytjum við þm. Vestf., sem sæti eigum í þessari hv. d. Í hv. Nd. eru einnig fram komnar till. um nýja þjóðvegi frá þeim hv. þm. Vestf., sem þar eiga sæti, þessar till. hvorar tveggja, þær, sem felast í þessu frv., og brtt. þær, sem fluttar eru í hv. Nd., eru efnislega þær sömu og fluttar voru í báðum þd. á síðasta þingi. Hér er lagt til, að nokkrir vegakaflar í Vestfjarðakjördæmi verði teknir í þjóðvegatölu.

Eins og hv. þm. er kunnugt, eru liðin 5 ár, frá því að vegalögunum var síðast breytt. Það var

1955. Ég hef ekki rakið það, hve langur tími hefur liðið milli breyt. á vegalögum langt aftur í tímann, en hitt er víst, að þm. hafa óskir um nýja þjóðvegi, þó að skammt sé liðið frá opnun vegalaga. Á Alþ. 1956, árið eftir að vegalögum var síðast breytt, voru flutt tvö frumvörp um nýja þjóðvegi. Annað þessara frv., sem var flutt í hv. Nd., var flutt af þáv. þm. Skagf., Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni. Hitt frv., sem var flutt í þessari hv. d., var flutt af þáv. hv. þm. N-Ísf., Sigurði Bjarnasyni. Árið eftir, 1957, voru enn flutt tvö frv. um nýja þjóðvegi, og þau eru flutt af sömu hv. þm. í báðum deildum. 1958 eru enn flutt tvö frv. um nýja þjóðvegi, í hv. Nd. af þáv. hv. þm. V-Ísf., Eiríki Þorsteinssyni, og í hv. Ed. af þáv. hv. þm. N-Ísf., Sigurði Bjarnasyni. Loks á árinu 1959, síðasta þingi, eru enn flutt tvö frv. um nýja þjóðvegi, í hv. Nd. ef þremur þm. Norðurl. v., þeim Gunnari Gíslasyni, Einari Ingimundarsyni og Birni Pálssyni, og í þessari hv. d. af 2 þm. Norðurl. e., þeim Bjartmar Guðmundssyni og Friðjóni Skarphéðinssyni.

Af þessu er ljóst, að þarfirnar fyrir nýja þjóðvegi hverfa ekki alveg úr sögunni, þó að breytt sé vegalögum. Undireins á næsta þingi á eftir eru þessar óskir uppi frá þm. og síðan á hverju einasta þingi eftir það, fram á þetta þing. Og nú á þessu þingi eru enn komin fram tvö frv. um þetta sama efni: annað þetta, sem hér er til umr. í dag í þessari hv. d., og hitt er flutt í hv. Nd.

Þessar óskir þm. um nýja þjóðvegi eru auðvitað í samræmi við þarfirnar og kröfur héraðanna, sem búa við skarðan hlut í þessum efnum. Þetta er ekkert undarlegt. Vegakerfið er lífæð þessara héraða og því eðlilegur hlutur, að óskir komi um nýja þjóðvegi, þar sem þá vantar. Ekki sízt á þetta við um Vestfjarðakjördæmi, því að hvergi á landinu er í raun og veru verr ástatt um vegakerfi og samgöngur á landi en einmitt þar.

Ég gerði ýtarlega grein fyrir því á síðasta þingi í sambandi við annað frv., sem ég var þá meðflm. að, og skal ekki rekja það hér, hvernig ástandið er í þessum efnum. En hitt vita hv. þm. sjálfsagt, að sýsluvegasjóðirnir hafa ekki fjármagn til þess að byggja þá vegi, sem eru í sýsluvegatölu, og ef þeir gera það ekki, þá er engin önnur leið en ríkið geri það og vegirnir verði teknir upp í þjóðvegatölu.

Þar sem svo almennar óskir hv. þm. hafa fram komið á hverju einasta þingi síðan 1955 um nýja þjóðvegi, þá vænti ég þess, að þetta frv. mæti skilningi þessarar hv. d. og nái fram að ganga. Aðstæður í byggðum landsins breytast ár frá ári, og það getur verið aðkallandi nauðsyn að taka upp þjóðvegi í héraði einhverju og það mörgum jafnvel, sem var ekki nein aðkallandi nauðsyn fyrir 5 árum, þegar vegalögum var síðast breytt. Þessar aðstæður hafa líka breytzt á hinn veginn, þann veg, að sveitabæir eru jafnvel komnir í eyði, sem átti að tengja við þjóðvegakerfið með þjóðvegi, sem upp var tekinn 1955, en að sjálfsögðu verður slík vegalagning ekki framkvæmd, þegar svo er komið. Það má því segja, að það sé árleg nauðsyn á því að endurskoða vegakerfið, og því fyllilega eðlilegt, að fram komi frumvörp um nýja þjóðvegi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að þessu sinni. Ég endurtek það, að ég vænti þess, að því verði vel tekið hér í hv. d. og að flutningur þeirra frumvarpa, sem flutt hafa verið á undanförnum þingum, sýni, að þarfirnar eru fyrir hendi, og menn úr öllum flokkum og flestum kjördæmum, ef ekki öllum, hafa flutt slíkar óskir árlega nú undanfarið. Þetta sýnir, að það er ekki að ófyrirsynju, að frv. er flutt.

Ég vil svo leggja til, að málinu sé vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það bárust á þskj. 83 og 379.

---

54. Bústofnsaukning og vélakaup.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa [74. mál] (þmfrv., A. 80).

Á 13., 14., 15., 16., 17. og 18. fundi í Ed., 31. okt., 1., 3., 4., 7. og 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr., fjallar um stuðning við þá bændur, sem lakasta aðstöðu hafa, frumbýlinga og fátæka bændur, þá bændur, sem hafa orðið fyrir einna þyngstum búsifjum af völdum núv. ríkisstj. Sá stuðningur er fólginn í hagkvæmum lánum eða jafnvel í undantekningartilfellum beinum styrk til þessara bænda til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu þungbærra lausaskulda. Gert er ráð fyrir, að sett sé á fót föst stofnun, sjóður, til þess að annast þann stuðning og fyrirgreiðslu, sem fjallað er um í frv.

Ég hygg, að því verði tæplega mótmælt, að efnahagsaðgerðirnar s. l. vetur, efnahagsmálalögin og þeirra fylgifiskar, hafi komið sérstaklega harkalega niður á ungum bændum og frumbýlingum. Kostnaður við bústofnun, hvort heldur er við bústofnskaup, byggingar, jarðræktarframkvæmdir eða véla- og áhaldakaup, hefur af þeirra völdum stórhækkað. Kemur það náttúrlega fyrst og fremst niður á frumbýlingum, en bitnar einnig mjög tilfinnanlega á hinum, sem að vísu voru byrjaðir búskap, en þó nýlega, og áttu að verulegu leyti eftir að koma fótum undir sig, áttu eftir að stækka bústofn sinn, áttu eftir að kaupa nauðsynlegar búvélar og voru rétt að byrja á ræktunarframkvæmdum. Getur það einnig átt við um bændur, sem hafa ekki haft aðstöðu til verulegra jarðræktarframkvæmda fyrr en nú, t. d. vegna samgönguvandræða eða skorts á vinnuvélum, og hafa þá ekki heldur fyrr en nú haft aðstöðu til þess að fá sér búvinnuvélar.

Bændur hafa almennt staðið í stórfelldum framkvæmdum undanfarin ár, svo sem hver og einn

getur séð, sem ferðast um sveitir landsins. Þeir hafa ræktað, byggt, keypt vélar og áhöld og fengið rafmagn á bæina, þar sem þess hefur verið nokkur kostur. Þessar framkvæmdir hafa kostað mikið fé. Vegna þessara framkvæmda, sem sumar hverjar eru til gagns um fjöldamörg ókomin ár, hafa margir bændur — og þó sérstaklega ungir bændur og hinir efnaminni — safnað miklum lausaskuldum. Sjálfsagt hefðu flestir þessara bænda og allir hinna dugmeiri þeirra komizt klakklaust frá þessum lausaskuldum að óbreyttum aðstæðum, þ. e. a. s. að óbreyttum aðstæðum frá því, er til lausaskuldanna var stofnað. En með hinni gífurlegu vaxtahækkun s. l. vetur var aðstöðu og afkomumöguleikum þessara manna gerbreytt. Eftir hina gífurlegu vaxtahækkun eru lausaskuldirnar orðnar þeim óbærilegar. Um ýmsa þeirra er þess vegna svo komið, að þeir eygja alls engar útgöngudyr frá skuldabaslinu, nema þá helzt þær að gefast upp, selja jörð og bú eða afhenda það upp í skuldirnar og hverfa að annarri atvinnu. Þá hafa þessir menn beðið ósigur. Þá fer margra ára erfiði þeirra fyrir lítið. Þeirra tjón, bæði sálrænt og fjárhagslegt, er því mikið og óumdeilanlegt. Í slíkum tilfellum mundu og óefað lánardrottnar bíða eitthvert tjón, því að þeir mundu ekki fá skuldir sínar að fullu greiddar, ef grípa þyrfti til nauðungarsölu á eignum manna. Það er alkunna, að þegar þannig stendur á, seljast eignir oftast nær undir sannvirði. Og slík öfugþróun, að bændur flosnuðu upp og hættu búskap, samtímis því að frumbýlingum fækkaði, mundi leiða til tjóns fyrir þjóðfélagið. Þá fækkaði sjálfstæðum atvinnurekendum í landinu, og þá fækkaði sennilega byggðum býlum í landinu. Afleiðingin yrði sú, að framleiðsla landbúnaðarafurða drægist saman. Má þjóðfélagið við því? Þörfin fyrir landbúnaðarafurðir hér innanlands fer vaxandi í náinni framtíð vegna fjölgunar fólksins.

Það er vert að gefa því gaum, að landbúnaðarframleiðslan má ekki dragast saman, ef við eigum að vera sjálfbjarga í þeim efnum. Hún þarf að vaxa, því að hvernig væri komið okkar þjóðarhag, ef við þyrftum að fara að flytja inn kjötvörur og mjólkurvörur að staðaldri? Slíkt má auðvitað alls ekki koma fyrir. En í þeim efnum er einmitt hættumerki á veginum. Sé ekki að því gaumur gefinn, er hætt við slysi. Þess vegna verður að búa þannig að landbúnaðinum, að hann dragist ekki saman, heldur færist í aukana. Það má ekki hefta framfarasóknina í landbúnaðinum. Það er alveg ómótmælanleg staðreynd, að efnahagsaðgerðirnar hafa valdið því, að aðstöðumunur þeirra bænda, sem búnir voru að koma sér sæmilega fyrir, og hinna, sem voru skemmra á veg komnir, hefur stórlega vaxið.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 80, um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa, er leitazt við að ráða nokkra bót á þeim aðstöðumun og stefnt að því að létta undir með þeim bændum og bændaefnum, sem erfiðasta aðstöðu hafa og sérstaklega hafa orðið fyrir barðinu af völdum efnahagsaðgerðanna s. l. vetur. Það er stefnt að því að greiða fyrir bústofnsaukningu hjá frumbýlingum og ungum bændum og öðrum þeim bændum, sem of lítinn bústofn hafa. Það er stefnt að því að greiða fyrir búvélakaupum þeirra bænda, sem enn vantar nauðsynlegar vélar. Og það er stefnt að því að greiða fyrir því, að bændur með óbærilegar lausaskuldir geti fengið hagstæð lán eða stuðning til þess að geta haldið búrekstri áfram. Ég skal ekki fjölyrða frekar um það á þessu stigi hver nauðsyn er á þvílíkri fyrirgreiðslu, en leyfi mér til viðbótar því, sem ég hef þegar um það efni sagt, að vísa til grg.

Um efni frv. skal þetta tekið fram: Samkvæmt 1. gr. frv. skal stofna sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Hlutverk hans er að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögunum. Um stofnfé sjóðsins eru fyrirmæli í 2. gr. Á það að vera 50 millj. kr., þar af 20 millj. kr. í óafturkræfu framlagi ríkissjóðs, sem greiðist á næstu fjórum árum með 5 millj. kr. framlagi á ári. En síðan er gert ráð fyrir, að 30 millj. kr. séu fengnar að láni gegn ríkisábyrgð.

Flm. er að sjálfsögðu ljóst, að vel getur svo reynzt, að fé það, sem sjóðnum er hér ætlað, reynist ekki nægilegt til að fullnægja því hlutverki, sem honum er falið. Verður þá að sjálfsögðu að bæta við fé sjóðsins síðar, eftir því sem ástæður leyfa og þörf krefur.

Í 3. gr. eru nánari fyrirmæli um, hverjum bústofnslánasjóður veitir lán. Sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það nánar.

Í 4. gr. frv. eru rakin skilyrði fyrir lánveitingu, og ég sé ekki heldur ástæðu til þess að rekja þau hér, heldur vísa til frv. þar um.

Í 5. gr. er kveðið á um það, gegn hvaða tryggingum lán megi veita. Eru þau ákvæði nokkuð frjálslegri en títt er um lánastofnanir, m. a. er gert ráð fyrir því, að lána megi út á vélar, verkfæri og bústofn. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að ábyrgð ábyrgðarmanna eða sveitarsjóðs geti verið nægileg trygging. Er einmitt í þessu fólgið mikið hagræði fyrir lántaka. Er sjóðsstjórninni falið að meta, hverja tryggingu skuli taka gilda í hverju einstöku falli.

Fjárhæð láns fer hverju sinni eftir ákvörðun sjóðsstjórnar samkvæmt 7. gr.

Um vexti og lánstíma eru fyrirmæli í 8. gr. frv., en skv. því ákvæði mega vextir aldrei vera hærri en 5% og lánstími aldrei lengri en 12 ár.

Samkvæmt 6. gr. er stjórn bústofnslánasjóðs heimilt að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum allt að 30 þús. kr., ef búrekstri hans verður ekki að öðrum kosti komið á heilbrigðan grundvöll að mati sjóðsstjórnar.

Bústofnslánasjóður skal vera í umsjá Búnaðarbankans, en lýtur sérstakri stjórn. Eru um stjórn sjóðsins fyrirmæli í 10. gr. frv. Skal hún skipuð fimm mönnum. Skulu fjórir skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum, en sá fimmti, sem á að vera formaðurinn, skal skipaður skv. tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Ég mun svo ekki ræða frekar einstakar frumvarpsgreinar, en vil að lokum segja þetta:

Þrátt fyrir þá miklu árgæzku, sem verið hefur hér þetta ár og bændur hafa auðvitað haft ómet-

anlegt gagn af, er mörgum bændum áreiðanlega, eins og nú er ástatt, brýn þörf á stuðningi þeim, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eða einhverri annarri sambærilegri aðstoð. Þeir bændur eru t. d. allt of margir, sem hafa ekki vísitölubússtærð. Þeir bændur geta naumast haft sambærileg kjör við aðrar stéttir. Það verður að greiða fyrir því, að þeir geti stækkað búin, svo að þau svari til vísitölubús. Það er lágmark. Og það verður að stuðla að því, að frumbýlingar og bændur, sem dregizt hafa aftur úr, geti keypt nauðsynlegar vélar. Aðstöðumunur þeirra, sem vélar hafa, og hinna, sem engar hafa, er svo mikill, eins og allir vita, að búskaparaðstaða þeirra er alls ekki sambærileg. Og sannleikurinn er sá, að þeir, sem engar vélar hafa, eru úr leik, þeir geta ekki búið, eins og nú er komið. En efnalítill bóndi hefur enga möguleika til að kaupa t. d. dráttarvél nú með því verðlagi, sem á þeim er. Og síðast, en ekki síst, verður að stuðla að því, að getulitlir bændur geti fengið sæmilega hagstæð lán í stað lausaskuldanna, sem eru að sliga þá. Ég er alveg sannfærður um, að hið opinbera kemst ekki hjá því til lengdar að sinna þessu máli á einn eða annan hátt.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 679, var útbýtt 28. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Jarðgöng á þjóðvegum.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um jarðgöng á þjóðvegum [74. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 13., 14., 15., 16. og 17. fundi í Ed., 31. okt., 1., 3., 4. og 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 81 er um svipað efni og frv., sem við 6. þm. Norðurl. e. fluttum á síðasta þingi, en varð ekki útrætt.

Þegar þau lög, sem nú gilda um vega- og brúagerðir, voru sett, var gerð jarðganga óþekkt hér á landi og því ekki von, að ákvæði væri sett um það í lögin. Annars staðar í heiminum þykir jafneðlilegt að gera jarðgöng og vegi og brýr. Þar er jafnvel algengt og þykir oft heppilegra að gera jarðgöng undir ár og fljót en byggja brýr. Tækni okkar á sviði mannvirkjagerðar er nú komin á það stig, að við hljótum að fara eins að og velja það, sem bezt hentar hverju sinni. Reynslan hefur sýnt, að það er miklu ódýrara að gera jarðgöng hér, þar sem vel hagar til, heldur en búizt var við að óreyndu. Þetta hefur sannazt bæði á jarðgöngunum við Sog og annars staðar. Auðvelt er nú talið að bora og sprengja göng í blágrýti, og reynslan sýnir, að óþarft er að fóðra þau, og gerir það verkið mun ódýrara en ella.

Fyrir nokkrum árum var gerð áætlun um jarðgöng á Breiðadalsheiði, á veginum milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Þá var talið, að þau mundu kosta 5—6 millj. kr. En með því að beita nýjustu tækni við borun og sprengingar er nú talið, að göngin, þrátt fyrir þær verðlagsbreytingar, sem síðan hafa orðið, mundu kosta, ekki — eins og búast hefði mátt við — miklu meira en þá, heldur verulega minna eða um 4 millj. kr.

Hingað til hafa aðeins verið gerð ein jarðgöng hér á þjóðvegi, gegnum Hamarinn á Súðavíkurvegi. Þau hafa reynzt mjög vel, og er ekki vafi á, að vegurinn er lengur fær en ef hann hefði verið lagður yfir hálsinn. Vafalaust er og, að þessi jarðgöng hafa auk þess sparað mikinn snjómokstur og viðhaldskostnað. Ég held því, að tímabært sé að setja reglur um, hvernig greiða skuli kostnaðinn, þegar bezt hentar að gera jarðgöng á þjóðvegi, og að eðlilegast sé að gera það á þann hátt, sem lagt er til með þessu frv. okkar hv. 6. þm. Norðurl. e.

Ég hef heyrt hv. þingmenn tala um, að það ætti að leggja sérstakt fé á fjárlögum til jarðgangagerðar. En á meðan ekki er fyrirhugað að gera jarðgöng nema á 2—3 stöðum á landinu, virðist ekki ástæða til þess að hafa fastan lið á fjárlögum og allt of þunglamalegt að setja lög um hvert einstakt mannvirki. Hitt er eðlilegt, að taka fé af því fé, sem árlega er veitt til vega- og brúagerða, til jarðgangagerðar. Það er hróplegt misrétti milli héraða, ef samgöngubót fæst jafnvel ár eftir ár í einu héraði, bara af því að hún heitir brú, en jafnmikil samgöngubót í öðru héraði fæst ekki, þó að hún sé ekki dýrari en hin, af því einu saman, að hún heitir jarðgöng.

Vegna þess að þetta frv. var til umr. hér í fyrra og flutti ég þá grg. fyrir því, þá tel ég ekki ástæðu til að hafa þetta lengra nú, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þegar frv. samhljóða þessu var til umr. hér í fyrra, gat ég þess, að það væri í raun og veru þýðingarlaust að ætla brúasjóði meira hlutverk en hann þegar gegnir. Enn fremur er víst nú svo komið, að brúasjóður hefur verið látinn taka á sig eitt skaðabótamál hjá ríkinu, sem kunnugt er, og skal ég ekkert segja um það, hvort sú greiðsla úr brúasjóði er samkv. þeim l., sem þar um gilda. En hitt er vitað mál, að hlutverk brúasjóðs er mikið og við eigum enn þá mikið eftir af stórvatnsföllum, sem eru óbrúuð og við eygjum ekki að hægt sé að brúa í náinni framtíð. Það virðist því ekki vera til staðar nú að ætla brúasjóði meira hlutverk en það, eins og sakir standa. Þess vegna finnst mér, að höfuðviðfangsefni þeirrar nefndar, sem fær þetta frv., sé að koma sér niður á fjáröflunarleiðir, til þess að hægt sé að kljúfa fjöllin og koma á göngum í gegnum

þau og bæta á þann hátt vegakerfið. Ég viðurkenni það fullkomlega, eins og fram kom í ræðu hv. fyrra flm., að það er mikil þörf á því að geta gert jarðgöng sums staðar hér á landi. En ég tel, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, bætum við á engan hátt úr því, nema jafnhliða sé hægt að finna öruggar fjáröflunarleiðir, sem bæta úr í þeim efnum. Þess vegna vil ég á þessu stigi, áður en málið fer til nefndar, benda nefndinni á það, að hún verði fyrst og fremst að koma sér niður á þær fjáröflunarleiðir, sem bæta úr í þessum efnum, en ekki að ætla brúasjóði meira hlutverk en hann hefur nú þegar, því að þau verkefni eru ærið mikil, sem hann á enn þá óleyst.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Er frv. samhljóða þessu var til 1. umr. hér á Alþ. í fyrra, lýsti ég fylgi mínu við þá hugmynd, sem fram kemur í þessu frv. óbeint, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að greiða fyrir jarðgangagerð, þar sem svo hagar til, að samgöngumál fjölbyggðra staða verða ekki leyst á viðunandi hátt nema með jarðgöngum. Og ég vil aðeins, þegar málið nú kemur fyrir á nýjan leik á þessu þingi, undirstrika þá þörf, sem ég tel vera fyrir hendi í þessu efni. Í því sambandi eru mér að sjálfsögðu efst í hug samgöngumál Siglufjarðar, en Siglufjörður á við mjög erfiðar samgöngur að búa, eins og flestum hv. dm. er kunnugt, og þar hafa einmitt verið gerðar áætlanir um að leysa samgöngumálin með þeim hætti að gera jarðgöng í gegnum fjall, sem heitir Strákar. Sú jarðgangagerð, sem þar er fyrirhuguð, er hins vegar mjög kostnaðarsöm, og það er fyrirsjáanlegt, að þau jarðgöng komast seint á eða verða seint gerð, ef ekki er um aðrar fjárveitingar eða aðra fjáröflun til þeirra að ræða en þá, sem fæst á hverju ári veitt á fjárlögum til Siglufjarðarvegar.

Ég er þess vegna alveg sammála því, að það verður að leita að sérstökum ráðum til þess að leysa samgöngumál þessara staða, sem geta ekki fengið viðunandi samgöngur, nema jarðgöng séu gerð. Og ég álít það út af fyrir sig réttmætt að setja jarðgöng á bekk með brúm og vegum. En ég verð hins vegar að segja það, að ég tel á þessu stigi hæpið að leggja jarðgöngin á brúasjóð, vegna þess, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að hann mun vera nokkuð févana, og ég býst við því, að ef honum væri ætlað einnig að standa undir kostnaði við jarðgangagerð, kæmu jarðgöngin heldur seint. Ég álít þess vegna, að það verði að leysa þetta mál með því að sjá jarðgöngum eða jarðgangagerð fyrir sérstökum tekjustofni, — að fara alveg sérstaka leið til þess að afla fjár í jarðgangasjóðinn, eins og gert hefur verið með brúasjóðinn. Ég held, að það verði að leita að leiðum í þessu efni. Ég dreg í efa, að þarna sé bent á réttu leiðina, en vil hins vegar lýsa fylgi mínu við þá hugmynd, sem frv. byggist á, sem sé þá hugmynd, að það þurfi að leita að sérstökum leiðum og gera sérstakar ráðstafanir til þess, að hægt sé að gera jarðgöng, þar sem það er beinasti og jafnvel eini vegurinn til þess að leysa samgöngumál þéttbyggðra staða á viðunandi hátt, eins og t. d. Siglufjarðar. Ég geri því ráð fyrir og vænti þess, að n., sem fær frv. til meðferðar, taki þetta til velviljaðrar athugunar, en leiti jafnframt að öðrum leiðum í þessu sambandi en þeirri, sem hér er bent á, að því er snertir fjáröflunina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 81, n. 389).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Samgmn. hefur haft til athugunar frv. það um jarðgöng á þjóðvegum, sem hér liggur fyrir. Í þessu frv. segir svo, að þar sem torfæra eða hætta er á þjóðvegi, sem ekki er auðveldara að ryðja úr vegi eða brúa á annan hátt, skuli að undangenginni rannsókn og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng. Og í öðru lagi segir í þessu frv., að séu jarðgöng ekki yfir 35 m að lengd, þá skuli kostnaðurinn við þau greiðast af fé, sem veitt sé á fjárlögum til vegarins, en ef jarðgöng eru lengri en 35 m, skuli kostnaðurinn greiðast úr brúasjóði.

Það liggur í hlutarins eðli, að jarðgöng eru um margt sérstæð vegaframkvæmd, sem verður ekki jafnað til almennrar vegagerðar. Þegar verið er að leggja veg, er venjulga hægt að gera það í áföngum, eftir því sem framlög fást til vegarins á fjárlögum. Þetta er ekki hægt að gera með jarðgöng. Að vísu er sjálfsagt tæknilega hægt að gera jarðgöngin í áföngum, en það yrði alveg óheyrilegur kostnaður við að hafa slíkan hátt á framkvæmd þeirra, þar sem þarna þarf mjög dýr og afkastamikil tæki að hafa við höndina, þannig að það er yfirleitt ekki lagt í það af fjárhagslegum ástæðum að gera jarðgöng, nema þau séu gerð samfellt, í einni striklotu, en engin hlé höfð þar á milli, og það jafnvel þannig, að það sé unnið nótt sem dag. Að þessu leyti er því jarðgangagerð miklu svipaðri brúargerð en almennri vegarlagningu. Það er þess vegna augljóst mál, að það yrði nokkuð erfitt um vik að gera jarðgöng með almennum árlegum framlögum á fjárlögum hverju sinni. Fé til jarðgangagerðar þarf að liggja fyrir, þegar hafizt er handa um verkið, og með því að hafa sama hátt og með vegi, þá mundi þetta ekki vera framkvæmanlegt, nema þá í því tilfelli að taka stórlán fyrir fram, sem oft yrði þó erfitt að tryggja. Það er því í sjálfu sér eðlilegt, sem kemur fram í þessu frv., að setja jarðgöngin á bekk með brúargerð, en eins og kunnugt er, eru allar stærri brýr greiddar úr svokölluðum brúasjóði.

Þetta frv. var að sjálfsögðu sent til umsagnar vegamálastjóra, og hann gerði um það allýtarlega umsögn, en þar kemur skýrt fram, að hann telur brúasjóð vera bundinn svo langt fram í tímann við ýmis stórverk, sem þegar er búið að gera áætlanir um og leggja drög að, þannig að það geta liðið fjöldamörg ár, þangað til nokkurt fé kynni að vera þar aflögu að óbreyttum tekjum til þess að gera jarðgöng, og vissulega er það

ósanngjarnt að þau byggðarlög, sem þannig kynnu að vera sett að þurfa að tryggja samgöngur sínar með jarðgöngum, séu í reynd sett skör lægra en þau byggðarlög, sem þurfa að gera það með því að brúa fljót. N. kom því saman um, að það væri ekki nægjanlegt að skylda brúasjóð til að greiða þennan kostnað, heldur yrði jafnframt að tryggja brúasjóði einhverjar tekjur til þess að inna þessa skyldu sína af höndum, og því var það, að samgmn. varð sammála um að flytja brtt. við frv. Sú brtt. kemur hér fram á þskj. 389, fylgir með nál., en hún er á þá leið, að frá 1. jan. 1962 skuli 3 aurar af hverjum benzínlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 m, skal greiddur af þessum tekjum brúasjóðs, og má eigi verja þeim á annan hátt. Að sjálfsögðu var tíminn valinn þarna frá 1. jan. 1962 vegna þess, að búið var að afgr. fjárlög fyrir yfirstandandi ár, og þótti því ekki rétt að fara að auka skyldur ríkissjóðs að þessu leyti á þessu ári. Þessir 3 aurar af hverjum benzínlítra eru taldir munu nema um 1½ millj. kr. á ári, þ. e. a. s. einn eyrir gefur um það bil hálfa millj. kr. Þegar litið er lengra fram í tímann, þá er hér ekki um neina kvöð á ríkissjóði að ræða, vegna þess að vitanlega verður ríkissjóður að kosta jarðgangagerð eins og aðra vegagerð. Munurinn er eingöngu sá, að nú yrði safnað í nokkurn sjóð fyrir fram, í staðinn fyrir að ella yrði að hafa þetta ákveðin framlög á hverju ári, sem væru með öðrum vegaframlögum á fjárlögum.

Benzínskatturinn eða innflutningsgjaldið af benzíninu skiptist niður samkvæmt því, sem gerð hefur verið grein fyrir í grg. með frv. til laga um efnahagsmál, sem samþ. var hér á Alþingi í fyrra, 17. gr. Í aths. um 17. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nemur þá allt gjaldið," þ. e. innflutningsgjaldið af benzíni, „kr. 1.47 á lítra, þar af 19 aurar í brúasjóð, 14 aurar í sjóð til vegalagninga milli byggðarlaga, afgangurinn, kr. 1.14, rennur í ríkissjóð." Þarna kemur í raun og veru skýrt fram, hversu mikill hluti af þessum benzínskatti raunverulega rennur til annarra hluta en vegaframkvæmda og við, sem sitjum í samgmn., teljum það á engan hátt ósanngjarnt, þó að 3 aurar af þessari kr. 1.14 séu teknir af ríkissjóði og bætt við þá 19 aura, sem brúasjóður hefur fyrir, þannig að 3 aurum af hverjum 22, sem í brúasjóð renna framvegis, sé varið til jarðgangagerðar.

Með þessari brtt., sem ég hef lýst, er samgmn. sammála um að mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 389 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgmn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 512, n. 621 og 641).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

56. Söluskattur (frv. KK og ÓlJ).

Á 22. fundi í Ed., 15. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [105. mál] (þmfrv., A. 117).

Á 24. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Á fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþ., er hinn almenni 3% söluskattur áætlaður 185 millj. kr. Þetta er svo væn fúlga, að fullkomin ástæða er til þess að gefa henni gaum og reglum þeim, sem um þessa tekjuöflun ríkissjóðs gilda. 2. gr. l. um söluskatt hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 3% söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af höndum vinnu og þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í lögum þessum, innheimta söluskatt samkvæmt 1. málsgr. og standa skil á honum í ríkissjóð."

Þeir, sem þannig innheimta hjá almenningi söluskattinn, eru nefndir skattgreiðendur, þótt þeir séu ekki gjaldendur og heimti bara skattinn fyrir ríkissjóð. Talið er, að þessir svokölluðu skattgreiðendur séu talsins svo að tugum þúsunda skiptir. Gjaldendurnir eru aftur á móti allir þeir, sem gera kaup, sem heyra undir skattinn, og greiðslurnar eru þess vegna vitanlega óteljandi. Allt eftirlit með framkvæmd þessara laga er því geysilega örðugt, enda skattgreiðendur ekki allir bókhaldsskyldir aðilar. Mest er undir heiðarleika skattgreiðenda komið. Skattlagningin byggist fyrst og fremst á skýrslum, sem skattgreiðandinn gefur sjálfur. Þær skýrslur má að vísu vefengja og rannsaka, hvað á bak við þær er, en slíkar rannsóknir munu vera í ýmsum tilfellum mjög torveldar, og Íslendingar eru, eins

og kunnugt er, lofsverðari fyrir margt annað en skyldurækni gagnvart skattalögum eða hlýðni við þau.

12. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar þeir, sem skattskyldir eru samkv. 5. gr., skulu senda skattstjóra eða skattanefnd þar, sem þeir eru heimilisfastir, skýrslur um heildarveltu sína á hverjum ársfjórðungi, þar með talin úttekt til eigin nota, ásamt upplýsingum um skattfrjálsa sölu á þar til gerðum eyðublöðum.

Skattskyldur aðili skal til viðbótar því, sem skýrslueyðublöðin gefa tilefni til, skýra frá öðrum atriðum, sem kunna að skipta máli um skattlagninguna. Einnig skal skattskyldum aðila skylt að láta skattyfirvöldum í té í því formi, sem óskað er, sundurliðun á skattfrjálsri sölu.

Skýrsla skal hafa borizt skattyfirvöldum í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Skattskyldir aðilar skulu innan sama tíma greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem hin skattskyldu viðskipti eru talin fram eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skal síðan rannsaka skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt fram talinn.

Einnig skulu skattstjórar eða skattanefnd áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila, sem ekki senda skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef framtali er ábótavant.

Skattálagningu skal lokið innan mánaðar eftir lok hvers ársfjórðungs og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi skilað honum innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1½% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli."

Þessi grein, 12. gr., er að vísu skilmerkileg um skyldur skattgreiðenda til skýrslugerðar á ákveðnum tímum, álagningu skatts á skattgreiðendurna og viðurlög, ef út af ber með skil á skattinum. En tryggingin fyrir, að öll kurl komi til grafar hjá öllum skattgreiðendum, er samt mjög veik. Ýmsir telja miklar líkur til, að ríkið missi þarna verulegar tekjur í vasa undanbragðasamra skattgreiðenda, skattgreiðendurnir láti gjaldendur borga sér, en skili hins vegar ekki að fullu því, sem þeir taka á móti, til ríkissjóðsins eða umboðsmanna hans. Er það hald manna, að þarna geti verið um stóra fúlgu að ræða, sem ríkissjóðurinn missir, þegar saman kemur. Nefndar hafa verið 40—50 millj. kr. í því sambandi, en vitanlega eru slíkar ágizkanir í lausu lofti gerðar, og ég geri þær ekki að mínum. Hins vegar eru þarna áreiðanlega vanhaldapyttir, sem þarf að byrgja, svo sem við verður komið.

Að sjálfsögðu er skylt að herða eftirlit, eins og hægt er, og verður að ætlast til þess, að ríkisvaldið geri það. En rétt er auk þess að gera ráðstafanir til, að skattgreiðendur eigi yfir höfði sér það eftirlit, sem almenningur getur veitt og veitir jafnan, ef skattlagningin er birt opinberlega. Allir vita, að birting á skrám um tekju- og eignarskatt og útsvarsskrám hefur mikla þýðingu í þá átt að tryggja vandvirkni við framtöl til beinna skatta og álagningu útsvara. Kunnugleiki almennings og athugasemdir eru hrís á undanbrögð og óvandvirkni. Nú er þessi álagning ekki birt opinberlega til sýnis, og það þarf að taka upp, að mínu áliti, birtingu á skilum skattgreiðenda söluskattsins. Kaupfélögin hafa fyrir sitt leyti riðið þar á vaðið og birt í tímariti sínu skrá um söluskattgreiðslur sínar. Jafnframt hafa þau spurt: Hvernig eru skil kaupmanna og annarra þjónustufyrirtækja? Þetta er réttmæt spurning. En það er engin von, að hver svari fyrir sig, — og sama þótt þeir hafi heiðarleg svör að gefa. En spurningin minnir á, að birta þarf opinberlega sundurliðaða skilagrein um það, hverju skattgreiðandi skilar af hinum almenna söluskatti. Finna þarf eðlilegt og ódýrt fyrirkomulag slíkrar birtingar. Í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, tel ég, að slíkt fyrirkomulag felist. Þar er gert ráð fyrir, að aftan við 12. gr., sem ég las áðan, komi ný málsgrein, er mæli fyrir um það, að ársfjórðungslega skuli birta í hverju lögsagnarumdæmi sundurliðaðar skýrslur yfir skattaálagningu hjá hverjum hinna svonefndu skattgreiðenda og þær skýrslur liggi frammi almenningi til sýnis tiltekinn tíma. Þetta fyrirkomulag er ákaflega einfalt og ekki fyrirhafnarsamt fyrir hið opinbera. Það er ekki hægt að segja, að það stofni til neinnar skriffinnsku, því að skýrslurnar hljóta að vera gerðar og kostar lítið að hafa afrit af þeim, sem leggja má fram. Og þó að skýrslurnar liggi ekki víðar frammi en í hverju lögsagnarumdæmi, þá ætti að vera vel tiltækilegt fyrir þá, sem vilja athuga skattgreiðslurnar, að kynna sér þær, bæði almenning og einnig fyrir skattgreiðendur, sem vilja líta eftir því, hvort aðrir greiði réttilega eins og þeir. Með þessu fyrirkomulagi mundi slíkt aðhald fást, sem er reynsla fyrir að er til staðar, þegar um tekju- og eignarskatt er að ræða og útsvör.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á þetta frv. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr., eftir að þessi umr. hefur fram farið, og til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjhn., á þskj. 693, var útbýtt 28. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Meðferð drykkjumanna.

Á 26. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um meðferð drykkjumanna [111. mál] (þmfrv., A. 145).

Á 27. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég fer ekki mörgum orðum um þetta frv. að þessu sinni. Ég flutti á síðasta Alþingi frv. til l. um meðferð drykkjumanna, og þetta frv. er algerlega samhljóða því frv. Auk þess fylgir allýtarleg grg. þessu frv., þar sem tildrög og efni eru nokkuð rakin, og því tel ég óþarft að hafa um þetta mörg orð, og það því síður sem ég flutti langa framsöguræðu fyrir frv. í fyrra.

Við athugun þessa frv. í fyrra upplýstist það fyrir hv. n., sem hafði það til meðferðar, að stjórnskipuð nefnd hafði endurskoðað lög um drykkjusjúka menn og ölvaða, og þessi nefnd hafði skilað áliti og lagt fram tillögur í ráðuneytinu. Landlæknir átti sæti í þessari stjórnskipuðu nefnd, og hann gaf þessar upplýsingar í álitsgerð um frv., sem send var til hv. félmn. Þessi stjórnskipaða nefnd mun hafa skilað till. sínum til rn. í byrjun ársins, að ég hygg í janúar 1960, og nefndin vænti þess þá, að frv., byggt á tillögum hennar, yrði lagt fyrir Alþingi, annaðhvort þingið í fyrra eða þá í síðasta lagi nú á þessu þingi. Nýlega hefur landlæknir tjáð mér, að hann hafi í haust reynt að ýta á málið í rn., en mér skildist á honum, að hann hefði fengið þar heldur litla áheyrn eða daufar undirtektir. Síðan spurðist ég einnig fyrir um þetta á hæstu stöðum og fékk það svar, að efasamt væri, að nokkurt stjórnarfrv. um þetta efni yrði lagt fram nú á þessu þingi.

Hv. Ed. afgreiddi málið í fyrra einróma á þann veg, að frv. til l. um meðferð drykkjumanna yrði lagt fyrir það þing, sem nú situr. Þetta virðist ekki ætla að verða eða a. m. k. heldur daufar horfur á því, og þess vegna er það, að ég hef leyft mér að leggja þetta frv. nú fram.

Gildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra eru mjög gölluð og það í veigamiklum atriðum. Þetta er dómur 12 ára reynslu, sem nú er fengin fyrir þessum lögum. Vegna þessara ágalla nýtist engan veginn það fé og sú fyrirhöfn, sem þegar er í té látin til þessara mála. Það nýtist hvorki fé né fyrirhöfn eins og verða mætti, ef verstu ágallar laganna væru sniðnir af.

Þær breytingar, sem felast í þessu frv., eru þær helztar, að gert er ráð fyrir, að ráðh. skipi sérstakan yfirlækni áfengisvarna ríkisins og hafi hann með höndum framkvæmdastjórn allra þeirra mála, sem um ræðir í frv. Þetta er gert fyrst og fremst í því skyni að samræma þær aðgerðir, sem þegar fara fram á vegum hins opinbera, og gera nýtingu fjár og starfskrafta sem bezta. Aðrar breytingar eru þær, að kaflanum um meðferð ölvaðra manna er alveg sleppt í þessu frv., en ákvæði þess kafla hafa aldrei verið framkvæmd á þessu 12 ára tímabili, enda alveg óvíst, að framkvæmd hans mundi svara kostnaði. Aðgreining ölvaðra manna og drykkjusjúkra hefur enga hagnýta þýðingu, þegar um meðferð eða læknishjálp þessara manna er að ræða. Þá er í frv. lögð sérstök áherzla á, að heilsuverndarstöðvar annist meðferð drykkjumanna, að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa, en meðferð drykkjumanna fer nú fram um allan heim á faraldsfæti fyrst og fremst. Hver einasti maður er þannig tekinn til meðferðar, síðar er gripið til annarra úrræða, ef það dugir ekki. Þá eru í þessu frv. öll tengsl við geðveikrahæli rofin og starfsemin í þess stað falin yfirumsjón sérfróðs læknis, yfirlæknis áfengisvarna ríkisins. Tengsl drykkjumannahjálpar við geðveikrahæli hafa hvergi gefizt vel og ekki hér frekar en annars staðar, og þess vegna er lagt til, að þau tengsl verði rofin. Loks er lögð á það rík áherzla í þessu frv., að ekki verði ráðizt í byggingu stofnana handa drykkjumönnum með tilstyrk hins opinbera, nema þörf þeirra hafi verið athuguð og viðurkennd af heilbrigðisstjórninni og ráðunautum hennar. Þetta er sérstaklega undirstrikað í frv. til þess að koma í veg fyrir það, sem þegar er hætta á að hafi orðið, að lagt sé út í dýrar framkvæmdir við að koma upp hælum, án þess að þörfin sé athuguð og án þess að þarfirnar séu sannaðar.

Þetta mál er að mínum dómi og sennilega allra þeirra, sem til þekkja, mjög brýnt. Meðferð drykkjumanna, læknismeðferð þeirra, er alltaf erfitt verk að vísu, en aldrei vonlaust. Drykkjumenn skipta hér á landi hundruðum og sennilega fáeinum þúsundum. Þeirra óhamingja er mikil og þó enn meiri óhamingja þess fjölda fólks, sem þeim er venzlað og háð að meira eða minna leyti. Hér er því um stórfellt félagslegt vandamál að ræða, sem ábyrgðarleysi er að sýna tómlæti. Þetta vildi ég aðeins undirstrika, og þetta er skýring á því, að ég kem með þetta mál aftur nú á þessu þingi, og ég vænti þess, að hv. deild skilji þessa þörf.

Ég lýk máli mínu og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Listlaunasjóður Íslands.

Á 25. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um Listlaunasjóð Íslands [142. mál] (þmfrv., A. 222).

Á 45. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram frv. á þskj. 222 um Listlaunasjóð Íslands. Vil ég nú fylgja því frv. úr hlaði með nokkrum orðum.

Hingað til hafa engin lög eða samfelldar reglur gilt um skiptingu þess fjár, sem íslenzka ríkið hefur veitt til þess að launa listamönnum. Ég tel fulla nauðsyn bera til þess, að sett verði lög um skiptingu þessa fjár. Sú löggjöf á að mínu áliti að fela í sér höfuðreglur, sem tryggi sem heilbrigðast skipulag á úthlutun fjárins til listamanna.

Þegar ég tala um heilbrigt skipulag, á ég fyrst og fremst við, að þar eigi ekki að grípa inn í sjónarmið, sem eru óviðkomandi listum. Hingað

til hefur úthlutunin verið mjög í lausu lofti, og er þá ekki sterkt til orða tekið. Ýmsir hættir hafa verið viðhafðir. Alþingi úthlutaði sjálft lengi vel, en eins og auðvitað var, þá fór aldrei vel á því — og því verr sem lengra leið. Menntamálaráði var fengin úthlutunin í hendur, og þótti ekki gefast vel, þegar stundir liðu. Listamönnunum sjálfum var falin skipting fjárins sín á milli, en svo sem við mátti búast, gat það ekki blessazt. Um alllangt skeið hefur Alþingi kosið árlega með hlutfallskosningu nefnd til að deila fénu til listamanna. Engar öfgar eru að segja, að það fyrirkomulag hafi nú gengið sér til húðar. Má fullyrða, að það hefur, eins og nú er komið, hvorki tiltrú hjá þeim, sem leggja til féð, né hinum, sem eiga að njóta þess.

Hér er bæði um viðkvæmt mál og þýðingarmikið að ræða, vandasamt mál, sem enginn skyldi láta sér detta í hug að alfullkomin lausn geti fundizt á. Um það getur því aðeins verið að ræða að finna sem bezta lausn og þá fyrst og fremst betri en þær, sem reyndar hafa verið og ég hef drepið á.

Hvað eftir annað hafa komið fram frv. til laga um úthlutun listamannalauna, en ekki náð samþykki. Þessi frumvörp hafa hvert í sínu lagi haft sitthvað til síns ágætis, en eitthvað skort á, að þau þættu geta borgið málinu á viðunandi hátt, þegar á allt var litið.

Árið 1956 skipaði hæstv. menntmrh. nefnd til þess, eins og hann komst að orði í skipunarbréfinu, að „gera tillögur um, hvernig veiting listamannalauna yrði felld í fastara form og betur að skapi þeim, sem launanna njóta, en verið hefur um skeið.“ Í n. voru níu úrvalsmenn og augsýnilega valdir með tilliti til þess, að sem flest sjónarmið yrðu þar athuguð, svo sem vera ber. Nefndin samdi frv. til laga um úthlutun listamannalauna og lét fylgja því mjög ýtarlega grg. og athugasemdir.

Frv. n., dálítið breytt, var lagt fram á Alþ. 1959 sem stjfrv., en varð ekki útrætt. Snemma í vetur var það á ný lagt fyrir hv. Nd. og mun hafa verið vísað til n. Sögu þess kann ég ekki meir. Grg. sú, er þessu stjórnarfrv. fylgir, er mjög fróðleg. Þar eru samansöfnuð rök fyrir nauðsyn lagasetningar og bent á mörg þýðingarmikil atriði, er hafa verður í huga við skipan þessara mála. Hins vegar finnst mér frv. sjálft ekki ná tilgangi þeim, sem það er flutt í. Mér virðist skipan sú, er það gerir ráð fyrir, of þunglamaleg og ekki heldur ná nægilega fyrir rætur þeirra meina, sem komið hafa fram í þeim aðferðum, sem reyndar hafa verið að undanförnu við úthlutun listamannalauna.

Bygging stjfrv. er þannig, að varla er hægt að endursmíða það með brtt., að ég hygg, til þess að gera það aðgengilegt. Ég réðst þess vegna í það að semja þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það brýtur alls ekki í bág við þann anda og þá stefnu, sem er í stjórnarfrv., þótt útfærslan sé á annan hátt og fleiri atriðum séu gerðir skórnir í þessu frv. mínu. En það tel ég áríðandi og raunar óhjákvæmilegt, að lögin geri fleiri atriðum skil en stjfrv. felur í sér.

Ég legg til með þessu frv. mínu, að stofnaður verði sjóður, sem beri nafnið Listlaunasjóður Íslands. Þessi sjóður taki á móti fé því, sem á fjárlögum er veitt til að launa listamönnum. Enn fremur taki hann á móti frjálsum framlögum, sem er ekki ólíklegt að fram komi, ef slík stofnun er fyrir hendi, svo sem gjafir eða erfðafé. Fjöldi fólks á Íslandi ann listum. Trúlegt er að mínu áliti, að einhverjir fyrirfinnist, sem eftir leið þessari vilji ráðstafa fjármunum sínum listum til eflingar, þótt ekki verði af því undir því fyrirkomulagi, sem ríkir nú og ríkt hefur að undanförnu. Reynslan um örlæti ríkra manna erlendis með stofnun sjóða til eflingar listum styður þessa skoðun. Með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. stofnun Listlaunasjóðs Íslands, er listelskum Íslendingum gefið auðvelt tækifæri til að láta eftir efnum sínum og ástæðum fé af mörkum í þessu skyni. Þetta tel ég nokkurn kost við hugmyndina um sjóðinn.

Annar aðalkosturinn er, að ekki þarf að ríghinda úthlutunina, eins og að undanförnu, til listamanna árlega við það, sem til fellst á hverju ári, heldur má geyma fé milli ára.

Aðalfjárveitingin til sjóðsins verður, eins og frv. gerir ráð fyrir, í fernu lagi: 1) Fjárveiting til skálda og rithöfunda. 2) Fjárveiting til myndlistarmanna. 3) Fjárveiting til tónlistarmanna. 4) Fjárveiting til leiklistarmanna. Sjóðurinn verður því samkv. frv. í fjórum deildum, sem hafa ekki sameiginlegan fjárhag, og gera má ráð fyrir því og telja eðlilegt, að einhverjar þeirra vilji stundum geyma eitthvað af fé sínu milli ára, ekki sízt þegar úthlutunarnefndirnar, sem frv. gerir ráð fyrir, hafa þriggja ára starfstíma.

En hvers vegna er þá í frv. gert ráð fyrir þessum fjórum deildum? Það er vegna þess, að tiltækilegt virðist að greina listirnar, sem launaðar eru, í fernt og óheppilegt að fela sömu aðilum úthlutun samkv. öllum þeim greinum sameiginlega. Greinarnar eru: orðsins list, myndlist, tónlist og leiklist, og það er áreiðanlega heppilegra, að hver þessara listgreina sé út af fyrir sig í úthlutun launanna, fyrir hverja þeirra starfi sérstök úthlutunarnefnd, valin með tilliti til sérþekkingar og glöggs skilnings á henni sérstaklega. Annað fyrirkomulag en slíkt sérval listdómenda fyrir hverja grein er allt of mikil hroðvirkni, sem getur leitt til þess, að litblindur ráði úrslitum um laun málara og bögubósi um laun ljóðskálda, svo að dæmi séu nefnd. Þetta sjónarmið um sérþekkingu er lagt til grundvallar við nefndaskipanirnar í frv. Vera má, að einhver geti bent á einhvern heppilegri kjöraðila en þar er nefndur, og skal till. um breyt. til bóta um það þakksamlega þegin af mér, ef fram kemur.

Ég hef fyrir hverja listgrein reynt að velja sem kjöraðila þá, sem mér sýndust líklegastir til að velja hæfa menn á því sviði og ábyrga. Tekið er fram til frekari áherzlu þess, að hlutdrægni eigi að loka úti, að ekki skuli kjósa eða skipa í nefnd mann, sem líklegt er að kunni að hafa sjálfur hagsmuna að gæta við úthlutun listlauna í þeirri listgrein, er nefndin á að úthluta fyrir. Skiptinguna milli listgreinanna fjögurra á Alþ. að gera í fjárl. Er Alþ. að mínu áliti sjálfsagður og hæfur aðili til þess. Flokkapólitík Alþingis hefur þar ekkert hald til truflunar. Skipt-

ing fjár milli listgreina hlýtur eftir eðli sínu að verða utan og ofan við alla flokkapólitík. Skýrslur eiga samkv. frv. hverju sinni að liggja fyrir Alþ. frá úthlutunarnefndunum, hverri fyrir sig, um síðustu úthlutun og þörf fyrir fé til launa í listgreininni. Þessar skýrslur eiga að veita upplýsingar á Alþ. um þróun listgreinanna.

Í frv. er gert ráð fyrir heildarárstillagi frá ríkinu í listlaunasjóð, sem sé ekki minna en 2 millj. Sjálfsagt er og nauðsynlegt að tiltaka lágmarksupphæð í lögunum, en hver upphæðin skuli vera, það er auðvitað umdeilanlegt. Mér virðist upphæð þessi, 2 millj., ekki há, þegar litið er á gildi peninga okkar og fyrri ára fjárveitingar til listlauna. Sama má segja, ef borið er saman við hækkanir, sem orðið hafa til annarra menntamála hjá þjóðinni.

Frv. gerir ráð fyrir þrem launaflokkum listamanna, jöfn laun innbyrðis í tveim fyrri flokkunum og tilteknar fjárhæðir, en ójöfn laun í hinum þriðja og óbundnar fjárhæðir, og ráða þá úthlutunarnefndirnar hverju sinni fjárhæðunum í þeim flokki. Flokkarnir voru fjórir síðast hjá úthlutunarnefndinni og jafnar upphæðir innbyrðis í hverjum flokki.

Í fyrsta flokki skulu vera menn, sem Listlaunasjóður Íslands greiðir árlega laun jöfn hálfum hámarkslaunum í 7. launaflokki starfsmanna ríkisins. Ég taldi rétt að miða við launalög ríkisins, af því að með því hreyfast laun listamannanna af sjálfu sér, ef laun starfsmanna ríkisins breytast. Enn fremur geta þá listamennirnir séð um leið, að þeim er goldið án þess að skuldbinda þá samanborið við starfsmenn, sem láta í staðinn fyrir launin ársvinnu sína. Listamannalaun í fyrsta flokki yrðu samkv. þessu ákvæði í frv., eins og sakir standa, um 36400 kr., eða 3400 kr. hærri en þau voru í fyrsta flokki hjá úthlutunarnefndinni, sem starfaði árið, sem leið.

Í öðrum flokki skulu vera menn, er fá árlega laun, nema þeir hætti um fimm ára skeið eða lengur að stunda list sína, þá falla þeir úr flokknum, og fer það að sjálfsögðu eftir ákvörðun hlutaðeigandi nefndar. Laun í þessum flokki skulu vera eins og þriðjungur hámarkslauna í 7. launaflokki starfsmanna ríkisins. Eins og sakir standa, yrði þetta sem næst 24500 kr. núna, eða 4500 kr. meira en úthlutunarupphæð annars flokks var hjá úthlutunarnefndinni á s. l. ári.

Í þriðja flokki skulu laun vera greidd mönnum í viðurkenningarskyni fyrir einstök unnin verk eða vegna viðfangsefna, sem þeir hafa með höndum og ástæða þykir til að veita þeim fjárhagslegan stuðning til að fást við M. ö. o.: að því er þennan flokk snertir hafa n. óbundnar hendur um fjárhæðir. Í þessum flokki á að hlúa að nýgræðingi í listum, einnig launa mönnum, sem vinna ekki samfellt að listum, einstök afrek á því sviði, sem þeir kunna að vinna í þágu listanna. Þessi flokkur á að geta verið jafnvel hinn þýðingarmesti flokkurinn í góðra, nærgætinna og framsýnna nefnda höndum.

Hvernig á svo að skipa mönnum í launaflokkana, án þess t. d. að ofhlaða hærri flokkana? Þetta er auðvitað vandi, og fellur á nefndirnar að gæta þar hófs og sanngirni hverju sinni. Í frv. eru ákvæði til að styðjast við. Þar segir: Við fyrstu úthlutun listlauna, eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu þeir listamenn, sem við síðustu úthlutun listamannalauna voru í hæsta flokki, vera settir í fyrsta launaflokk, m. ö. o.: þeir menn, sem við síðustu úthlutun fengu 33 þús. kr. hver, teljast hafa verið í fyrsta flokki og eru 7 talsins. Þeir kæmu af sjálfu sér inn í fyrsta launaflokk samkv. lögunum. Auk þess segir í frv.: „Að öðru leyti er ekki heimilt að færa á ári fleiri en tvo í hópi skálda og rithöfunda upp í fyrsta launaflokk og einn í hópi mynd-, tón- og leiklistarmanna.“ Heimilt væri því á fyrsta ári samkv. þessum ákvæðum að hafa 12 menn í fyrsta launaflokki, en skylda er það ekki, nema að því er 7 mennina snertir. Hins vegar eru líka ákvæði í frv. til takmörkunar, þar sem tekið er fram, að aldrei megi stofna til meiri launagreiðslu í fyrsta flokki en nemi ¼ af umráðafé úthlutunarnefndar og í öðrum flokki ekki meira en nemur helmingi af umráðafé nefndar. Samkv. þessu á aldrei minna fé en ¼ af heildarfénu að notast í þriðja flokki. Þessi ákvæði eru aðhaldsreglur og að mínu áliti óhjákvæmilegar eða þá aðrar í sama skyni.

Ég hef nú farið yfir meginefni frv. og reynt að rekja í aðalatriðum hinn rauða þráð, sem í því á að vera. Segja má, að þráður þessi sé: Stofnaskal Listlaunasjóð Íslands. Í hann gangi ríkisframlög til listlauna og aðrar tekjur, sem honum kunna að hlotnast. Sjóðurinn sé í fjórum deildum listgreina. Ársframlag til sjóðsins sé eigi minna en 2 millj. í heild frá ríkinu, og ákveður Alþingi hverju sinni, hvernig það skiptist milli deilda sjóðsins. Laununum úr sjóðnum úthluta nefndir, ein fyrir hverja deild, og skulu þær skipaðar og kjörnar af tilteknum opinberum aðilum, sem valdir eru með tilliti til þess, að hver nefnd geti orðið þannig skipuð, að hún hafi sem bezta sérþekkingu og skilning á viðfangsefnum sínum, þ. e. þeirri listgrein, sem hún á að úthluta fyrir. Listlaunaflokkar séu þrír: Fyrsti flokkur fastlaunaflokkur. Annar flokkur fastlaunaflokkur, ef þeir, sem hann skipa, stunda list sína samfellt. Þriðji flokkur byrjendaflokkur og flokkur manna, sem vinna einstök afrek í listum, þó að þeir stundi þær ekki að staðaldri.

Tilgangurinn af minni hálfu með tillögugerð um þessa skipan er að fá festu, meiri en verið hefur, í þessar fjárveitingar og leysa þær úr ánauð óviðkomandi sjónarmiða, svo sem unnt er. Ég veit vel, eins og ég sagði í upphafi, að hér er um vandasamt mál að ræða, og enginn þarf að ætla sér í því að finna reglur, sem öllum líki. Ég mun fúslega hlusta á það, sem aðrir kunna að hafa til málsins að leggja, og taka þakksamlega góðum brtt.

Mér er vel ljóst, að þar sem búið er nú að afgreiða fjárlög 1961, er heildarupphæðin til listlauna í frv. í ósamræmi við fjárlagaupphæðina fyrir þetta ár. En úr því og fleira, er þetta ár varðar, má bæta með bráðabirgðaákvæðum.

Íslendingar unna listum, þótt þeir geri sér þess misjafnlega ljósa grein. Talið er, að orðsins list hafi bjargað lífi þjóðarinnar eða a. m. k. átt ómetanlegan þátt í því á mestu hörmungaröldum hennar. Á síðustu tímum hafa aðrar listgreinar, myndlistin, tónlistin og leiklistin, tekið

örum vexti. Þeir, sem listir iðka og listaverk skapa, eru sannarlega launa verðir. Þjóðfélögin eiga, ef þau geta, að launa þeim vel og á virðulegan hátt. Við Íslendingar ættum a. m. k. að geta launað þeim virðulega. Tilvera okkar manna væri fátækleg, ef hún nyti ekki skarts þess, sem listirnar skrýða hana í. Sjónhringur okkar væri þröngur, ef listirnar víkkuðu hann ekki. Ísland, ættland okkar, væri meira að segja annað land og minna virði fyrir okkur, ef snillingar hefðu ekki glætt skilning okkar á því með listaverkum ljóða, söngs og lita. Komandi tímum mun ekki veita af lífi listanna. Löggjöf um listamannalaun er þess vegna stórmál. Það skyldi hver maður, sem um hana fjallar, gera sér ljóst.

Að lokinni þessari 1. umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Kirkjugarðar.

Á 49. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um kirkjugarða [168. mál] (þmfrv., A. 322).

Á 50. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af menntmn. þessarar hv. þd. að beiðni kirkjumrh. Þetta frv. var samþ. á kirkjuþingi 1960 með ósk um, að það yrði lagt fyrir yfirstandandi Alþ.

Fyrir Alþingi, er sat 1958—59, var lagt frv. um kirkjugarða. Frv. þetta er í meginatriðum samhljóða því. Nokkrar breyt. hafa þó á orðið síðan.

Eins og fram kemur í aths., eru nm. í menntmn. óbundnir um afstöðu til þessa frv. Það er ekki till. um, að því verði vísað til n., þar sem frv. er flutt af nefnd. N. mun að sjálfsögðu hafa það til athugunar, eftir því sem tilefni gefst til, milli umr. — Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Eins og hv. frsm. menntmn. tók fram, var þetta frv. eða áþekkt frv. lagt fram hér á þingi fyrir 2 árum. Síðan hafa verið gerðar nokkrar breyt. á frv., eins og það kemur nú fram, og þær breyt. munu allar vera til bóta. Það var áberandi við frv., sem lagt var fram fyrir 2 árum, að í því voru ýmis atriði, sem mjög gátu orkað tvímælis. Enn finnast í frv. fáein atriði, sem vert væri fyrir hv. þdm. og sérstaklega hv. menntmn. að athuga nokkru betur, en inn á hin einstöku atriði skal ég þó ekki fara nú.

Það eru hnökrar í nokkrum greinum frv. og auk þess fáein atriði, sem efamál er að þar ættu að standa. Ég vil aðeins minnast á 16. gr. Þar segir, að grafhýsi megi gera í kirkjugarði. Við höfum nokkra reynslu fyrir grafhýsum hér í kirkjugarðinum í Reykjavík, og sú reynsla er ekki góð, og vil ég eindregið beina því til hv. menntmn., að hún athugi þetta atriði sérstaklega. Orða ætti greinina þveröfugt við það, sem nú er, á þá leið, að grafhýsi megi ekki gera í kirkjugörðum.

Önnur hliðstæð breyt. var gerð á frv. frá í hittiðfyrra. Það var á þá leið þá, að heimagrafreiti mætti gera. Síðan hefur þetta verið leiðrétt, og nú er ákveðið í þessu frv., að heimagrafreiti megi ekki gera. Þetta tel ég mjög til bóta.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta nú. En verið getur, ef ekki koma fram brtt. frá menntmn., að ég beri fram nokkrar brtt. við 2. umr. þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Tollskrá o. fl.

Á 62. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl. [196. mál] (þmfrv., A. 378).

Á 63. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 21. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 378 um breyt. á l. nr. 90 frá 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl. Frumvarpið er um það, að í 77. kafla tollskrárinnar komi sú athugasemd, að fjmrn. sé heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af sýningarvélum fyrir kvikmyndir, sem fluttar eru inn af félagsheimilum í sveitum eða kauptúnum með 500 íbúa eða færri, þó ekki nema af einni vél á hvern stað.

Bygging félagsheimila síðustu 14 árin hefur markað merkilegt framfaraskeið hér í landi, eins og öllum er kunnugt um, en með lagasetningu er svo ákveðið, að félagsheimilasjóður skuli greiða 40% af byggingarkostnaði þeirra eftir nánari reglum, sem settar eru. Það má fullyrða, að lög þessi hafa markað í þessum efnum mjög merkileg tímamót, enda bera þess vitni víðs vegar um landið hin glæsilegu samkomuhús, sem hafa risið upp á þessu 14 ára skeiði.

En það er ekki nóg að hafa glæsileg samkomuhús víðs vegar um landið. Þar þarf einnig margvísleg starfsemi að eiga sér stað, svo að húsin nái tilgangi sínum. Heima í hverri byggð er vitanlega um margt að ræða og margvísleg starfsemi, en hún nægir þó ekki þörf fólksins í þeim efnum. Úr þessu hefur verið bætt með ýmsu

öðru, svo sem umferðarleikflokkum, bæði á vegum þjóðleikhússins og ýmsir aðrir héðan frá höfuðstaðnum, ferðakvikmyndasýningum á svonefndum 16 mm filmum, sem að vísu eru nokkuð einhæfar, því að þar er einkum um fræðslumyndir að ræða eða þá áróðursmyndir frá erlendum sendiráðum og annað þess háttar. Þó að þær geti verið góðar og blessaðar, þá fullnægja þær ekki þeirri þörf, sem fólkið hefur fyrir kvikmyndasýningar almennt. Fólkið sér yfirleitt ekki í heimabyggð sinni 35 mm kvikmyndir, sem eru hinar algengustu kvikmyndir, sem framleiddar eru, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að vélar af þeirri gerð eru yfirleitt hvergi til í dreifbýlinu. Þær eru dýrar, fólkið er fátt, og það getur ekki staðið undir þeim mikla kostnaði, sem samfara er kaupum á slíkum vélum. Þar er ekki heldur og getur aldrei orðið hagnaður af kvikmyndarekstri, eins og þar sem margt fólk býr, enda hefur það komið skýrt í ljós, að 35 mm kvikmyndavélar eru eingöngu til í hinum þéttbýlustu hlutum landsins. Í öllum kaupstöðum landsins eru starfandi kvikmyndahús, eitt eða fleiri. Í kauptúnum landsins, sem teljast alls um 62, eru 18 kauptún og þau fjölmennustu vitanlega, þar sem staðsettar eru 35 mm kvikmyndasýningarvélar, en 44 kauptún njóta þeirra ekki. Í 152 sveitarfélögum, þar sem eigi eru nein kauptún, eru hvergi til 35 mm sýningarvélar, að einu undanteknu, þar sem komizt var yfir gamlar vélar af sérstökum ástæðum.

Þetta stutta yfirlit segir sína sögu. Tæki þessi eru hvergi keypt nema þar, sem mannfjöldi er svo mikill, að reksturinn verði arðvænlegur. Í flestum sveitum og hinum stærri þorpum með 500 íbúa eða færri getur ekki verið um venjulegan kvikmyndahúsarekstur að ræða. Spurningin í málinu er þá nánast þessi: Er nauðsynlegt að binda venjulegar kvikmyndasýningar við þéttbýli landsins eða á að gefa allri þjóðinni kost á að njóta fullkominna kvikmynda?

Það er rúmlega ¼ hluti þjóðarinnar, sem býr í þeim byggðarlögum, sem hafa ekki eignazt 35 mm sýningarvélar og engar líkur eru til að eignist þær, að óbreyttum aðstæðum. Þessir 45 þús. Íslendingar fara því að mestu á mis við þá skemmtun og fræðslu, sem góðar kvikmyndir veita. Samgöngur eru víðast hvar orðnar svo góðar og ökutæki almenn, að nokkrar fjarlægðir ættu ekki að hindra aðsókn. Kaupverð vélanna er hér þrándur í götu. Sýningarvél fyrir 35 mm myndir kostar nú með sýningartjaldi og öðrum nauðsynlegum útbúnaði rúmlega 1000 sterlingspund eða 107423 ísl. kr. í innkaupi. Samkvæmt útreikningum tollstjóraskrifstofunnar í Reykjavík eru aðflutningsgjöldin, sem hér er farið fram á að ráðuneytið hafi heimild til að fella niður, 174991 kr. og sundurliðast þannig:

1.	Verðtollur 90%	96681 kr.
2.	Tollstöðvagjald o. fl.	1934 —
3.	Söluskattur 16.5%	33677 —
4.	Innflutningsgjald 16.5%	33677 —
5.	Söluskattur 3.3%	9022 —

Þetta verður samtals 174991 kr. Kaupverð vélanna, eftir að þær hafa komizt í gegnum tollinn, verður þá 282414 kr. Fámenn byggðarlög leggja ekki út í kaup á jafndýrum sýningarvélum.

Það er ekkert nýtt fordæmi, sem skapað er með frv. þessu, ef að lögum verður. Í lögum um tollskrá er að finna heimild fyrir fjmrn. til að veita undanþágu fyrir hljóðfæri í skóla, kirkjuhljóðfæri, hljómplötur með verkum eftir íslenzka höfunda og sitthvað fleira. Tel ég vafalaust, að undanþáguákvæði þessi hafi mjög stuðlað að því, að fátækir skólar og fámennir söfnuðir hafa eignazt hljóðfæri til mikillar ánægju og menningarauka, sem annars hefðu aldrei verið keypt. Það er því mjög sanngjarnt og eðlilegt, að þessum þætti sé bætt við undanþáguákvæðin, ef það gæti orðið til þess, að kvikmyndir næðu til allrar þjóðarinnar.

Fyrir ríkissjóð verður þetta ekki tekjurýrnun, því að engar líkur eru til þess, að byggðarlög þau, sem gert er ráð fyrir að njóti undanþágunnar, hafi minnstu möguleika til að eignast sýningarvélar þessar við því verði, sem á þeim er, eftir að aðflutningsgjöldin hafa bætzt við. Tekjur af rekstri þeirra yrðu alltaf sáralitlar í fámennum byggðarlögum. Með samþykkt þessa frv. er notagildi hinna mörgu myndarlegu félagsheimila víðs vegar um landið stóraukið og rúmlega fjórðungi þjóðarinnar sköpuð aðstaða til að njóta kvikmynda á borð við aðra þegna þjóðfélagsins.

Að lokum legg ég til, þegar að umr. þessari lokinni, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Söluskattur (frv. DÁ).

Á 64. fundi í Ed., 21. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [200. mál] (þmfrv., A. 398).

Á 65. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 398 til laga um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Í sambandi við efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar á síðasta Alþ. voru gerðar stórfelldar breyt. á innheimtukerfi ríkissjóðs. Horfið var að verulegu leyti frá beinum sköttum á háar tekjur, en þess í stað var tekinn upp mjög víðtækur söluskattur á flestöll viðskipti, margvíslega starfsemi og þjónustu. Um þetta urðu mikil átök hér á Alþ., svo sem mönnum enn er í fersku minni, en þar kemur til það grundvallarsjónarmið, hvort afla beri teknanna eftir efnum og ástæðum eða heimta jafnt af öllum í sambandi við neyzlu þeirra og keypta þjónustu. Enda þótt ég telji fyrri leiðina miklu eðlilegri, ætla ég ekki í sambandi við þetta frv. að innleiða stórdeilur um þau grundvallaratriði, sem hér voru rædd á Alþ.

á síðasta ári. Það, sem fyrir mér vakir, er að benda á nokkra galla, sem almenna athygli hafa vakið, sem á lögunum eru og mjög einfalt er að sníða af þeim. Af þessum sökum hef ég ekki hreyft við þeim þætti laganna, sem fjallar um viðskipti, heldur einungis um nokkur atriði, sem varða starfsemi og þjónustu. Ég hef gert það í þeirri von, að um þessi fáu atriði næðist samkomulag, og það ætti ekki síður að vera áhugamál stjórnarsinna en stjórnarandstæðinga að gera framkvæmd laganna ekki óvinsælli en nauðsyn ber til.

Reynslan hefur leitt í ljós þetta fyrsta ár laganna, að viðbótarundanþáguákvæði í 7. gr. þeirra, sem hér er lagt til að tekin verði upp, voru eðlileg og sjálfsögð, og mér er nær að halda, að stuðningsmenn söluskattsins á þingi í fyrra hafi ætlazt til og gert ráð fyrir, að sum þeirra atriða, sem hér eru talin upp, hafi þá átt að lenda í undanþáguákvæði samkv. ákvörðun ráðherra. En í niðurlagi 7. gr. um söluskatt segir: „Ráðherrann ákveður nánar um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greina hér á undan.“ Er þar enn fremur átt við undanþáguákvæði 6. gr., sem fjallar um viðskipti eða sölu á vörum og verðmætum. Með leiðbeiningum þeim, sem ráðh. hefur gefið út handa skattheimtumönnum sínum, er í ýmsum atriðum seilzt lengra en lögin ætlast til, eins og ég vík að síðar. Er slíkt vitanlega alveg óviðunandi.

Skal ég næst víkja að breyt., sem skipta má niður í fjögur aðalatriði:

1) Lagt er til, að vinna með skurðgröfum og jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum sé undanþegin söluskatti. Samkv. 6. gr. laganna er vinna við húsbyggingar og mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja undanþegin söluskatti. Það virðist því mjög eðlilegt, að ræktunarframkvæmdir bænda, hvort sem um er að ræða skurðgröft eða jarðvinnslu, séu ekki síður undanþegnar söluskatti. Það á hvergi að heyrast, að bændur séu skattlagðir fyrir það að rækta jörðina, enda hefur Alþ. áður með setningu jarðræktarlaganna viðurkennt, að starfsemi þessa ber að styrkja með ríflegum greiðslum úr ríkissjóði, þar sem hér er um dýrar framkvæmdir að ræða og flestar þeirra unnar fyrir framtíðina. Í leiðbeiningum skattheimtumanna ráðherrans stendur hins vegar: „Búnaðarfélög og ræktunarsambönd eru söluskattsskyld af allri seldri vinnu og hliðstæðri starfsemi.“ Þetta er svo skýrt enn nánar í nefndum leiðbeiningum. Það fer því ekkert á milli mála, að nefnd starfsemi er úrskurðuð undir söluskatt.

Ég tel þetta alveg fráleitt og trúi ekki öðru en hv. alþm. séu mér yfirleitt sammála um það, að slík skattheimta sé með öllu óviðunandi. Búnaðarfélög og ræktunarsambönd eru ekkert annað en form fyrir samhjálp bænda og samstarf til að ná meiri og betri árangri en hver einstakur gæti gert. Sama máli gegnir um vegagerðarvélar. Skattlagning á þær er ekkert annað en skerðing á fjárveitingum til vegamála, og er það þeim mun fráleitara, þegar hér er um aðalframkvæmdir að ræða, sem kostaðar eru af ríkisfé, og alltaf er brýn nauðsyn á enn meiri framkvæmdum og enn meira fé.

Það er því alveg óskiljanlegt, hvernig það er til komið að gera vegagerð ríkisins að jafnmiklum tekjustofni og lögin gera ráð fyrir.

2) Samkvæmt 7. gr. laga um söluskatt er vinna við skipaviðgerðir og flugvélaviðgerðir undanþegin söluskatti. Það er eðlilegt, að sama gildi um landbúnaðarvélar, hverrar tegundar sem er, og vegagerðarvélar, svo að aðalatvinnuvegum þjóðarinnar sé ekki mismunað, eins og gert er með þessu.

Með frv. er lagt til, að úr misræmi þessu verði bætt.

Með auknum vélakosti landbúnaðarins hefur þróunin orðið sú hin síðari ár, að búnaðarfélög og jarðræktarsambönd hafa stofnsett viðgerðarverkstæði eða gerzt aðilar að þeim. Vinnan, sem á verkstæðum þessum er unnin fyrir bændurna, er framkvæmd á raunverulegu kostnaðarverði. Það er því með öllu óeðlilegt að skattleggja þetta samhjálparstarf íslenzkra bænda frekar en verkstæði, sem einstakir bændur settu upp til viðhalds vélakosti sínum.

3) Rekstur sjúkrahúsa er undanþeginn söluskatti samkv. 7. gr. laganna. Hins vegar fá skattheimtumenn ríkissjóðs þau fyrirmæli, að þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, séu söluskattsskyld af allri starfsemi sinni. Með leiðbeiningum þessum verður ekki betur séð en gengið sé lengra í framkvæmdinni en lögin mæla fyrir um. Þvottur hlýtur jafnan að vera snar þáttur í rekstri allra sjúkrahúsa og jafnnauðsynlegur mat, meðulum og skurðaðgerðum. Það þarf því talsverða hugkvæmni til þess að taka hann einan út úr starfsemi sjúkrahúsanna og leggja til, að hann verði tekjustofn fyrir ríkissjóð. Þetta er ef til vill sett inn í lögin til þess að þóknast einstaklingum, sem þvottahús reka, en það er jafnfráleitt fyrir það. Eða hver skyldi tilgangurinn vera með þessu ákvæði?

Þessi innheimtuaðferð er því fráleitari, þegar þess er gætt, að flest eða öll sjúkrahús landsins eru rekin með miklum halla og njóta þar að auki daggjalda frá ríkissjóði. Það er því ákaflega fráleitt, að slíkur rekstur geti verið tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Sama máli gegnir og um þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús. Það eru engin rök, sem mæla með því, að þessi starfsemi sé skattlögð til ríkissjóðs, frekar en farið yrði út á þá braut að leggja gjald á allar þvottavélar, sem væru í notkun víðs vegar um landið. Það mundi vissulega engum koma til hugar. Sameiginleg þvottahús margra heimila með öflugum og fjölbreyttum vélakosti við heita staði, þar sem því verður við komið, eru bæði fyrir einstaklinga og þjóðarheildina skynsamleg og heppileg ráðstöfun, sem hefur margvíslegan sparnað í för með sér. Þessi samhjálp um rekstur heimilanna má aldrei verða tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Í sambandi við rekstur sjúkrahúsanna hef ég leyft mér að vekja athygli á öðru furðulegu atriði í sambandi við framkvæmd laganna um söluskatt, þar sem gengið er lengra en lögin mæla fyrir um.

Í 7. gr. laganna er útfararþjónusta undanþegin söluskatti. Hins vegar segir í leiðbeiningum ráðh. til skattheimtumannanna: „Sala á líkkistum og líkklæðum er söluskattsskyld.“ Virðist því nokkuð á reiki, hvað er undanþegið söluskatti við útfararþjónustuna. Einhvern tíma hefði sjálfstæðismönnum þótt skattheimta þessi ganga í lengra lagi, einkum ef hún á ekki stoð í lögum. Væntanlega verður þetta atriði tekið til athugunar ásamt öðrum breyt. við meðferð málsins nú.

4) Fjórða atriðið í frv. því, sem ég hef leyft mér að flytja hér, er um það, að samkomuhald, sem að meira og minna leyti er söluskattsskylt, verði undanþegið því í allmörgum atriðum. Ég hef í frv. þessu leyft mér að leggja til, að þessi undanþáguákvæði verði veitt þannig: „Samkomur ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga, skátafélaga, bindindisfélaga og annarra menningarfélaga. Enn fremur allar samkomur annarra aðila, sem haldnar eru til ágóða fyrir líknar- eða menningarstarfsemi.“ Framangreind félög eiga það sameiginlegt að vanta fé til starfsemi sinnar og berjast í bökkum fjárhagslega, enda njóta mörg þeirra fjárhagslegrar aðstoðar hins opinbera, ríkis og bæjarfélaga. Það er því alveg ástæðulaust fyrir ríkissjóð að vera að seilast eftir tekjum af slíku starfi eða samkomuhaldi þessara félaga, sem oft er unnið af miklum þegnskap og fórnfýsi, en tiltölulega lítið oftast upp úr því að hafa og stundum alls ekki neitt, og kemur þá vitanlega fyrir, að það er lagður söluskattur á þennan rekstur, enda þótt hann sé stundum rekinn með halla, þar sem fyrirmæli eru um það að leggja jafnan á selda aðgöngumiða án tillits til þess, hvernig reksturinn hefur gengið að öðru leyti.

Í sambandi við skemmtisamkomur er svo margt annað, sem fellur undir söluskatt, t. d. veitingasala, akstur o. fl., svo að öll skynsamleg rök mæla með því, að sleppt sé söluskatti af seldum aðgöngumiðum hjá þeim félögum eða félagasamböndum, sem ég hef hér minnzt á að framan.

Að lokum vil ég draga saman það, sem er meginatriði þessa frv., sem hér liggur fyrir:

1) Að vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum verði undanþegin söluskatti.

2) Að viðgerðir á þessum tækjum séu ekki söluskattsskyldar frekar en viðgerðir á skipum og flugvélum.

3) Að þvottahús sjúkrahúsa, bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús verði undanþegin söluskatti, enda er rekstur sjúkrahúsa það nú í lögum.

4) Að samkomur tiltekinna félaga og samkomur haldnar til ágóða fyrir líknar- og menningarstarfsemi verði ekki söluskattsskyldar.

Ég tel, að hér sé um fá og einföld atriði að ræða og það mundi mjög draga úr óvinsældum söluskattsins, ef þau næðu að ganga fram nú þegar, og vænti ég þess, að hv. stjórnarsinnar kunni að meta það.

Hér er ekki um að ræða tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð, sem skiptir verulegu máli, og innheimta á þeim atriðum flestum, sem hér er lagt til að njóti undanþágunnar, er seinvirk og erfið. Ég vænti því, að Alþ. telji breyt. þær, sem í frv. felast, sanngjarnar og eðlilegar eftir þá reynslu, sem fengin er, og það væri í rauninni eðlilegra að geta gengið frá þessu strax en að láta mál eins og þetta kosta harðvítuga baráttu um langan tíma, þar sem þetta skiptir ekki fyrir ríkissjóð verulega fjármuni. En ég er sannfærður um það, að nái þessi fáu, sanngjörnu og einföldu atriði ekki nú fram að ganga, þá mun baráttan fyrir þeim áreiðanlega halda áfram og það af mjög mörgum aðilum.

Að lokinni þessari umr. legg ég svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

62. Fjáröflun til íþróttasjóðs.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um fjáröflun til íþróttasjóðs [210. mál] (þmfrv., A. 481).

Á 72. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að frv. yrði tekið til meðferðar.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Með íþróttalögunum frá 1940 var stofnaður sérstakur íþróttasjóður og íþróttanefnd ríkisins falið að úthluta fé úr honum. Hlutverk þessa sjóðs er að efla íþróttalífið í landinu, og skal Alþingi veita sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar eða — eins og það er orðað í lögunum — „sjá honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt“.

Þessi sjóður, íþróttasjóðurinn, hefur vafalaust á umliðnum árum orðið til mikils gagns íþróttalífinu í landinu, enda þótt hann hafi að staðaldri vantað tilfinnanlega fé til starfsemi sinnar. Hann hefur fengið árlega fjárveitingu úr ríkissjóði, sem á síðustu árum hefur numið frá 1½—2 millj. kr. á ári.

Íþróttanefnd hefur úthlutað styrkjum úr þessum sjóði, og hefur sú styrkupphæð að jafnaði numið frá 20—40% af stofnkostnaði viðkomandi mannvirkja.

Eins og frá er sagt í grg. þessa frv., hefur íþróttasjóðurinn styrkt mörg og margs konar mannvirki á sviði íþróttanna. M. a. hafa með tilstyrk hans verið byggðar samtals 35 sundlaugar í landinu, 80 íþróttavellir og 20 íþróttahús og skíðaskálar. En þrátt fyrir þennan stuðning hefur samt reynzt mjög ófullkominn sá styrkur, sem íþróttasjóður hefur getað veitt til þessara íþróttamannvirkja, þannig að hann er stöðugt á eftir með sín framlög til íþróttamannvirkjanna, og

eykst árlega sú upphæð, sem hann er á eftir með. 1960 var þannig talið, að hann ætti ógreitt til íþróttamannvirkja, sem hann er þó skuldbundinn til að styrkja, um 15 millj. kr.

Íþróttanefnd ríkisins hefur fundið mikið til þess, hve lítið fé sjóðurinn hefur til umráða samanborið við þarfirnar, og það er í samræmi við óskir og vilja íþróttanefndar, að það frv., sem hér liggur fyrir, kemur fram, en með því er ætlunin að auka tekjur sjóðsins umfram það, sem veitt er úr ríkissjóði árlega til þessara þarfa. Með frv. er gert ráð fyrir, að næstu fimm ár verði greitt sérstakt gjald af ýmsum sælgætistegundum, sem framleiddar eru og seldar í landinu, og að þetta gjald, 2 kr. af hverju kg sælgætis, verði látið renna í íþróttasjóðinn. Með þessu, ef að lögum yrði, er gert ráð fyrir, að 1 millj. kr. mundi fást árlega til viðbótar sjóðnum. Þótt gert sé ráð fyrir, að sælgætið hækki sem þessu svarar, þ. e. a. s. um 2 kr. á hvert kg, er það í raun og veru ekki nein tilfinnanleg hækkun á þessari vörutegund, því að í heildsölu kosta þessar sælgætistegundir frá 75 kr. upp í 125 kr. hvert kg.

Að þessi leið er valin til fjáröflunar íþróttasjóðnum, er ekki nein tilviljun, heldur styðst sú hugmynd við fordæmi. Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru þau fordæmi a. m. k. þrjú. Þannig fær landgræðslusjóður sérstakan skatt af vindlingum nú í mörg ár, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra fær skatt af eldspýtum, sem seldar eru, og Styrktarfélag vangefinna fær nú síðustu árin sérstakt gjald af öli og gosdrykkjum, sem framleitt er hér á landi og selt. Voru lög um það gjald samþ. hér á hinu háa Alþingi fyrir aðeins fáum árum.

Þetta frv. er sniðið að verulegu leyti eftir l. um flöskugjaldið, sem Styrktarfélag vangefinna fær nú, og eins og ég tók fram, er aðeins gert ráð fyrir, að þetta aukagjald standi um næstu fimm ár og að það verði 2 kr. af hverju kg, sem framleitt er og selt hér á landi.

Um innheimtu þessa gjalds fer eins og um innheimtu gjaldsins af gosdrykkjaflöskunum. Eins og við minnumst, vakti það nokkra óánægju í bili meðal framleiðenda gosdrykkja að eiga að innheimta þetta aukagjald, en ég held, að mér sé óhætt að segja, að nú telji þeir það ekki eftir sér, enda lítil aukavinna, og ég hef sannspurt það, að gosdrykkjaframleiðendur eru nú mjög hlynntir þessu gjaldi vegna þess félags, sem þess nýtur, og þeirra illa settu borgara, sem njóta góðs af.

Um gildi íþrótta fyrir þjóðina þarf ég ekki að ræða hér og um fjárþörfina ekki heldur fram yfir það, sem ég hef þegar gert.

Ég vænti þess, að sú hv. n., sem frv. fær til athugunar og afgreiðslu, sýni því verðskuldaðan velvilja, og æskilegast væri, ef unnt er, að frv. fengi jákvæða afgreiðslu þegar á þessu þingi.

Ég legg svo til, að frv. verið vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni, og til hv. allshn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég dreg ekki í efa, að þetta frv. sé flutt með góðri meiningu um að leysa gott mál, og ég vil ekki heldur draga í efa, að mikil nauðsyn er á þessu máli, sem sagt því að auka tekjur íþróttasjóðs. En ég mun þó strax á þessu stigi málsins ræða ofur lítið aðra hlið á því, sem ég hygg að flm. hafi ekki gert sér grein fyrir. En þannig er mál með vexti, að á s. l. ári var starfandi mþn. í öryrkjamálum. Hún hefur m. a. haft til meðferðar það vandamál, hvernig komið yrði fyrir tekjustofnum öryrkjafélaganna, og gert ákveðnar till. í því efni.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru sum öryrkjafélögin í landinu, sem hafa ákveðna tekjustofna til sinnar starfsemi, SÍBS t. d. sitt stóra og mikla happdrætti, Styrktarfélag vangefinna hefur sinn ákveðna tekjustofn, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur einnig nokkurn tekjustofn, þótt hann hafi verið ónógur, og e. t. v. eru fleiri, sem koma þarna til greina. En þannig er aftur með önnur öryrkjafélög, að þau hafa enga sérstaka tekjustofna til að standa undir sinni starfsemi, og á það ekki sízt við um þau samtök, sem nú hafa mjög verið í vexti að undanförnu, Sjálfsbjörg, félag lamaðs og fatlaðs fólks.

Það var einróma álit í þessari mþn., sem ég gat um, að það væri eitt af hlutverkum n. að gera till. um tekjustofna handa þeim öryrkjasamtökum, sem höfðu þá ekki nægjanlega fyrir, og jafnframt að stuðla að því, að öryrkjafélögin kæmu sér saman um hvert sitt starfssvið, þannig að það væri um greinilegan aðskilnað og greinilega skiptingu að ræða milli öryrkjafélaganna. En ég ætla ekki að orðlengja um þessa sögu. Það varð niðurstaða nefndarinnar að leggja til, að Sjálfsbjörg, félag lamaðs og fatlaðs fólks, fengi einmitt þann tekjustofn, sem í þessu frv. er gert ráð fyrir að renni til íþróttasjóðsins. Það var mikil von talin til þess og jafnvel vil ég segja, að vilyrði hafi verið fyrir því frá hendi hæstv. ríkisstj., að frv. um þetta efni gengi fram nú á þessu þingi. Það hefur því miður ekki orðið. En ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það liggi fyrir skýlaust loforð hæstv. ríkisstj., bæði gagnvart þessari mþn. og eins gagnvart Sjálfsbjargarfélögunum, að frá þessu verði gengið á næsta þingi.

Ég held, að það hljóti því að vera, að hv. flm. hafi ekki kynnt sér till. milliþn. og ekki verið þessu kunnugir, því að mér þykir það mjög með ólíkindum, að þeirra hugmyndaflug varðandi fjáröflun til íþróttasjóðs hafi ekki verið meira en svo, að þeir gætu ekki fundið aðrar till. um það að gera en að auka tekjur hans á kostnað þessa félagsskapar, sem þarna er annars vegar um að ræða.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið, því eins og ég sagði áðan, þá rengi ég ekkert af því, sem sagt er um þörf íþróttasjóðs, og veit reyndar, að hún er mikil. En ég held, að það væri ekki sæmandi hv. Alþingi að leysa það mál á kostnað öryrkjafélaganna í landinu.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál, áður en það fer til nefndar, einkum vegna þess, að mér þykir ekki sennilegt, að það verði aðstaða til þess að afgreiða það endanlega á þessu þingi, hvorki jákvætt né neikvætt, hvað sem yrði ofan á í þessu efni.

Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að af hálfu íþróttasamtakanna og íþróttanefndar ríkisins hefur verið mikill áhugi á því að fá þetta mál

tekið upp og fá raunverulega víðtækari samtök um það en frv. ber með sér, eins og það nú er flutt, og einmitt af þeim ástæðum tel ég rétt að komi þegar fram, hvernig á því stendur, að ekki hafa menn úr öllum flokkum talið sér fært á þessu stigi að gerast aðilar að frv.

Það er alveg rétt hjá hv. flm., að hér er um mjög mikið nauðsynjamál að ræða. Skuldir íþróttasjóðs hafa stóraukizt á liðnum árum, og enda þótt fjárveiting til hans hafi verið smáhækkuð og sé nú 2 millj. kr. á ári, hrekkur hún engan veginn til þess einu sinni að halda jöfnuði, þannig að ekki verði um aukningar að ræða á skuldum sjóðsins, heldur er beinlínis um skuldaaukningu að ræða frá ári til árs. Af hálfu fjvn. Alþingis hefur hvað eftir annað verið á það bent í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, að hér væri orðið um svo þungar byrðar að ræða á þessum sjóði, að það yrði að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að leysa úr vandræðum hans, því að sannleikurinn er sá, að eins og málinu er háttað, er þetta auðvitað ekki orðinn nokkur starfsgrundvöllur undir sjóðnum. Það má vafalaust um það deila, hvort vinnubrögð hafa verið rétt, sem sjóðsstjórnin hefur fylgt, þ. e. a. s. að viðurkenna mannvirki í svo stórum stíl eins og gert hefur verið, með þeim afleiðingum, að skuldir hafa safnazt fyrir, þannig að nú nema þær hálfum öðrum milljónatug. Hins er þó að gæta nefndinni til afsökunar, að ásóknin er að sjálfsögðu geysimikil og þessum mannvirkjum hefur þó verið komið þetta áleiðis með sérstökum og oft og tíðum mjög miklum fórnum þeirra aðila, sem að þeim hafa staðið, og skal ég síður en svo saka íþróttanefnd, þó að svo hafi farið, eins og raun hefur borið vitni um, varðandi þær kvaðir, sem hún raunverulega hefur samþykkt á sjóðinn. Og það er augljóst, að það verður að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til að létta á sjóðnum og leysa þennan mikla vanda.

Um það er því enginn ágreiningur, og ég hygg ekki, að það sé neinn ágreiningur um það milli neinna alþingismanna, að þetta sé bæði æskilegt og nauðsynlegt. En þá kemur að hinni hlið málsins, hvernig þetta verði bezt gert. Hér er lagt til, að það verði gert á þann hátt að leggja sérstakt gjald á sælgæti, sem nemur 2 kr. á hvert kg, og er gert ráð fyrir, að þessi tekjustofn gefi 1 millj. kr. á ári. Ekki skal ég á neinn hátt lasta þessa hugmynd út af fyrir sig. Þetta er ekki annað en það, sem gert hefur verið í svo mörgum tilfellum, þar sem fjárskortur hefur verið, enda þótt hins vegar verði almennt að segja, að þetta er dálítið hæpin braut, sem út á er farið í sambandi við þær fjáraflanir, sem þegar hafa verið samþykktar varðandi skattlagningu á ýmsa almenna þjónustu eða vörur, sem almenningi eru seldar, sem ætlunin er þannig að gangi til sérstakra þarfa, umfram þá skattlagningu, sem ríki og sveitarfélög hafa með höndum hverju sinni.

Ég hygg, að það verði mjög að íhuga það mál í alvöru, hvað auðið sé að ganga langt í því efni og hvort ekki sé þegar gengið lengra en hæfilegt er. En jafnvel þó að við gætum fallizt á, að það væri ekki óeðlilegt að taka upp slíka skattlagningu, þá kemur þó fleira til, sem verður að íhuga, og það, sem fyrst og fremst ber þar að gæta og er þess valdandi, að mönnum finnst hæpið að leggja út í að taka ákvörðun um þetta efni, a. m. k. nú á þessu þingi, er m. a. það, að uppi eru allháværar raddir um það hjá öðrum aðilum, sem hafa þegar sérstaka tekjustofna til sinna þarfa, **að fá annaðhvort hækkun á þeim gjöldum**, sem þar eru á lögð, eða þá jafnvel nýja tekjustofna. Og það kom einmitt fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., og ég hygg það byggist á till. nefndar, sem um þau mál hefur fjallað, að það er gert ráð fyrir, að til hliðstæðra þarfa verði teknir fleiri tekjustofnar og þá fyrst og fremst sá, sem hér er um að ræða. Þannig er nú þegar af þeirri ástæðu um beina árekstra að ræða. Þegar fjárlög voru afgreidd nú, lá fyrir ósk um að hækka eldspýtnagjaldið, sem er tekjustofn sá, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur. Jafnan hefur legið fyrir ákveðin ósk um það af hálfu Styrktarfélags vangefinna, að hið svokallaða tappagjald eða flöskugjald yrði hækkað vegna mikillar fjárþarfar til þess, sem þau samtök vinna að. Ekki hefur enn þótt fært að verða við þessum óskum, hvorki frá Styrktarfélagi vangefinna né Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, m. a. og kannske fyrst og fremst vegna þess, að það hefur ekki þótt heppilegt að leggja nú á sérstaka nýja skatta eða hækka þá. Og þar sem hér bætist svo enn við skattlagning, alveg ný skattlagning, þá er ekki að undra, þótt menn vilji nokkuð stinga við fótum og íhuga málið, án þess að með því sé nokkuð um það sagt, hvort það komi til greina að láta íþróttasjóð hafa þennan skattstofn eða ekki.

Það, sem er sem sagt kjarni málsins, er, að það er talið, að það sé ekki gerlegt að fara út í að samþykkja skattstofn sem þennan fyrir íþróttasjóð, án þess að það yrði um leið að verða að einhverju eða öllu leyti við þeim óskum, sem fram hafa komið, bæði frá Styrktarfélagi vangefinna og Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, en báðir þessir aðilar gegna, eins og við öll vitum, hinu þýðingarmesta starfi, sem er mjög brýn þörf að fá aukið fé til. Ég hygg því, að það verði ekki á neinn hátt hægt að túlka það — enda er það ekki hugsun neinna — sem andstöðu við málefni íþróttasjóðs eða nokkra andúð á þeirri hugmynd út af fyrir sig, sem hér kemur fram um tekjuöflun til hans, þó að ýmsir kunni á þessu stigi málsins ekki að vera reiðubúnir til að taka formlega afstöðu til þessa máls, og ég get tekið undir orð þau, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þessi mál séu þess eðlis, að það sé nauðsynlegt að taka þau til athugunar sameiginlega. Það er þegar sýnilegt, að það eru þarna á ferðinni beinir árekstrar út af þessum tekjustofnum. Ég álít, að það þurfi að taka bæði til athugunar, að hve miklu leyti auðið er að fara inn á þá braut að heimila sérstaka skattlagningu, eins og hér er um að ræða, ekki aðeins til íþróttasjóðs, heldur einnig til annarra aðila, og í annan stað verði, þar sem nú liggja fyrir margar óskir úr ýmsum áttum um annaðhvort hækkun á slíkum gjöldum eða ný gjöld og beinir árekstrar á milli þessara aðila, þá verði að taka málin til heildarathugunar og því ekki auðið að gera nú á þessu þingi sérstaka ráðstöfun varðandi neinn einstakan aðila þessa máls. Ég tel hins vegar ekkert á móti

því, að þessi hugmynd hafi komið fram, sem felst í þessu frv., og það því ekki á nokkurn hátt hafa spillt málinu, allra sízt fyrir íþróttasjóð, þó að vakið sé máls á þessu áhugamáli sjóðsins. Kann vel að vera, að það sé hægt að benda á einhvern annan tekjustofn, og ég skal játa það fyrir mitt leyti, að mér sýnist, miðað við þær miklu þarfir, sem þarna eru hjá íþróttasjóði, sem skuldar nú þegar um 16 millj. kr., að þá verði þetta ekki ýkjamikil lausn á fjárhagsvandræðum sjóðsins, þó að hann fái þarna ef til vill eina milljón til viðbótar á ári næstu 5 ár, þótt ekki beri hins vegar að lasta þann tekjuauka, sem þar er um að ræða.

Í sambandi við þessa skattlagningu, sem hér er lagt til að farið sé inn á, er auk þess rétt að gera sér grein fyrir því, að hér er um að ræða einn mjög veigamikinn tekjustofn ríkissjóðs, og þegar gjaldið var síðast hækkað af innlendum tollvörutegundum, var um að ræða samdrátt í sölunni. Menn verða því alvarlega að gera sér grein fyrir því, að það er mikil hætta á því, ef boginn er hér hærra spenntur, því að hér er ekki um lögverndaða framleiðslu að ræða, að það geti verið um að ræða innflutning á vissum vörum, sem hér koma til greina. Þá getur orðið hér mikill samdráttur, sem leiðir af sér minnkandi tekjur fyrir ríkissjóð og einnig þann, sem á að njóta góðs af tekjuaukanum, sem hér er lagt til að verði lögleiddur, og kynni þá svo að fara, að það yrði jafnvel hagkvæmara fyrir ríkissjóð, og óneitanlega væri það eðlilegri lausn, ef hægt væri að fá um það samkomulag að hækka sem þessu næmi beina fjárveitingu til íþróttasjóðs, heldur en fara út á þá braut að leggja á nýtt gjald, sem ef til vill kynni að valda samdrætti fyrir báða aðila og verða þar af leiðandi báðum að nokkru leyti til tjóns.

Þessi orð mín ber þó ekki að skilja á nokkurn hátt sem andmæli gegn þessu frv. Ég tel einmitt, miðað við þær raddir, sem fram hafa komið úr ýmsum áttum um tekjustofna til mismunandi þarfa, — þarfa, sem allar eru brýnar og nauðsynlegar, — að þá sé ekkert á móti því, að málið hafi komið fram og vakið sé máls á þessu vandamáli íþróttasjóðs, sem vissulega er mikið, og engum efa bundið, að það verður ekki lengur fram hjá því komizt að gera einhverjar ráðstafanir til þess að rétta hag sjóðsins.

Alfreð Gíslason læknir: Hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) talaði hér áðan og taldi, að sú leið, sem farin er með þessu frv. til fjáröflunar handa íþróttasjóði, ætti að falla í skaut Sjálfsbjargar, félagasambands öryrkja. Þetta er atriði, sem auðvitað má um deila. En í sambandi við það mál vil ég benda á, að eins og sakir standa eru a. m. k. þrjú félagasambönd, sem vinna að sama marki. Það er SÍBS, það er Sjálfsbjörg og það er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Öll þessi félagasambönd, sem hver um sig eru stór og sterk, vinna að því sama, að hjálpa öryrkjum. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi félagasambönd eigi á komandi tímum að vinna saman, í nánari og nánari tengslum, og jafnvel renna saman í eina heild. Ég er líka þeirrar skoðunar, að sú fjáröflun sem fer fram á vegum þessara samtaka, eigi að vera sameiginleg fyrir þau öll. SÍBS hefur stórt og mikið happdrætti. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur gjald, sem nemur verulegri upphæð árlega, af eldspýtnasölu. Nú ætlast Sjálfsbjörg til þess að fá það gjald, sem farið er fram á í þessu frv. að renni til íþróttasjóðs. Hvor aðilinn eigi að fá þetta, má auðvitað um deila, en mér finnst langtum eðlilegra, að Sjálfsbjörg, félag lamaðra og fatlaðra og SÍBS slái sér saman um sameiginlega fjáröflun, þannig að þeir tekjustofnar, sem nú renna til hjálpar öryrkjum í landinu, verði öllum þessum félögum til afnota. Ég vil um leið benda á eitt atriði í sambandi við fjáröflun til styrktar öryrkjum, að eins og sakir standa hefur elliheimili sjómanna stórt og viðamikið happdrætti. Það er óhugsandi að mínum dómi, að DAS haldi leyfi til þessa happdrættis um ófyrirsjáanlegan tíma. Það væri að mínu áliti hrein fjarstæða. Eitt einasta elliheimii af meðalstærð getur ekki þurft á því að halda til langframa að styðjast við svo öfluga fjáröflun sem slíkt happdrætti er, og þá teldi ég mjög eðlilegt, að það happdrætti einmitt yrði úthlutað öðrum aðila og þá sérstaklega einhverjum aðila, sem ynni að heilbrigðismálum, eins og þessi félög, sem ég gat um, og er Sjálfsbjörg þeirra á meðal.

Ég heyrði það á hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), að hann telur ekki líkur á, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. En allt um það er ég eins og hann þeirrar skoðunar, að það hafi í öllu falli verið gott að benda á þarfir íþróttasjóðs með þessu frv. Ef til vill finnur sú nefnd, sem á um málið að fjalla nú, einhverja aðra úrlausn handa íþróttasjóði, og væri það ágætt. Að öðrum kosti treysti ég því, að áhugamenn um íþróttamál hér á þingi láti ekki staðar numið, unz íþróttasjóði er séð fyrir auknum tekjum.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örlítil athugasemd út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. Mér virðist á hans síðari ræðu, að það staðfestist, sem ég sagði hér í upphafi, að þetta mál hafi aðeins frá hendi flm. verið skoðað frá einni hlið.

Hv. þm. sagði, að það væri miklu eðlilegra og betra, að öll þessi félög, SÍBS, Sjálfsbjörg og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, væru sameinuð í eitt félag, virtist mér hans skoðun, og ynnu saman, a. m. k. í nánum tengslum, og hefðu fjáraflanir sínar allar sameiginega. Ég held, að í þessu sé nokkuð mikill misskilningur hjá hv. þm. Það er kunnugt, að t. d. SÍBS er stofnað upphaflega í ákveðnum tilgangi, með takmörkuðu verkefni, sem öllum er kunnugt um, og hið sama gildir raunverulega um Sjálfsbjörg og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Hitt er svo aftur á móti alveg rétt, að öryrkjasamtökin hafa ekki verið nægilega skipulögð hér á landi og miklu verr en í okkar nágrannalöndum. En það hefur verið nokkuð unnið að því að samræma nú störf þessara félaga, m. a. af milliþn., sem ég gat um í ræðu minni áðan, þar sem nú liggur fyrir samkomulag milli þessara félaga um að taka hvert fyrir sig að sér ákveðin og sérstök verkefni, þannig að starfsemi þeirra rekist síður en svo á á nokkurn hátt, og enn fremur hefur verið að því unnið, og vænti ég, að þess verði ekki langt

að bíða, að öryrkjafélögin myndi með sér landssamband, sem auðvitað hefur í för með sér, að þau vinni í nánari tengslum en áður hefur verið. En hins er svo líka að gæta, að auðvitað hafa hverjir áhugamannahópar í landinu sem er rétt til þess að stofna félög um sín sérstöku málefni, og ég ætla, að það væri ekki hyggilegt af löggjafarvaldinu, ef sú leið yrði valin að gera það að skilyrði fyrir nauðsynlegum fjárstyrk til þeirra, að þau væru sameinuð öll skipulagslega, og það mundi geta orðið til þess, að mikilsverðar framkvæmdir þessara félaga drægjust mjög mikið, auk þess sem það væri vitanlega bein skerðing á félagafrelsinu. Að öðru leyti er rétt að athuga það, að t. d. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra er félag allt annarrar tegundar en SÍBS og Sjálfsbjörg, félag lamaðra. Það eru ekki samtök öryrkjanna sjálfra, heldur mannúðarfélag, sem hefur verið myndað af áhugamönnum til þess að vinna að ákveðnum mannúðarmálum, og það er fjarri öllu lagi um slík félög og félög, sem byggð eru upp sem hrein öryrkjafélög, félagsskapur öryrkjanna sjálfra, að þar geti verið um algera sameiningu að ræða. En ég held, að það hafi verið unnið að þessum málum á mjög skynsamlegan hátt að undanförnu með því, að félögin afmörkuðu hvert fyrir sig sitt starfssvið, tækju á sig sína skyldu hvert fyrir sig og ynnu síðan saman í landssambandi, sem unnið er að því að mynda. Ég held, að þetta hafi allt farið fram með mjög eðlilegum hætti og þróazt á æskilegan hátt og það geti ekki verið um neitt að ræða í sambandi við þetta, sem geri það að verkum, að tafir séu gerðar á aðstoð við þessi félög.

Ég vil segja það að síðustu, að ég álít ekki vænlegt fyrir áhugamenn um íþróttamálefni, eins og hv. 9. þm. Reykv. og aðra, sem sérstakan áhuga hafa fyrir þeim efnum, — ég held, að það sé ekki vænlegt fyrir þeirra mál að vinna að því á þennan hátt, sem hér er gert, með því að setja fram tillögur, sem hljóta, ef taldar verða líkur á, að þær næðu fram að ganga, að vekja sár vonbrigði annarra, sem eru ekki í minni þörf en þeir, sem þarna er um að ræða, og hlytu auk þess að vekja ýmsar deilur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.